Fyrsti fundur, miðvikudag 1. ágúst, kl. 12 á hád. Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum samkvæmt fyrirmælum þingskapanna 1., 2. og 3. gr., settist neðri deild að í þingsal neðri deildar og tók til starfa.

Af þeim alþingismönnum, er áttu sæti í deildinni, voru viðstaddir:

1. Benedikt Sveinsson, þm. Norður-Þingeyinga.
2. Björn Sigfússon, 2. þm. Húnvetninga.
3. Einar Jónsson, 1. þm. Norður-Múlasýslu.
4. Eiríkur Gíslason, þm. Snæfellinga.
5. Guðjón Guðlaugsson, þm. Strandamanna.
6. Guðlaugur Guðmundsson, þingm. Vestur-Skaptfellinga.
7. Jens Pálsson, þm. Dalamanna.
8. Jón Jensson, þm. Reykvíkinga.
9. Jón Jónsson, þm. Austur-Skaptfellinga.
10. Jón Jónsson, 2. þm. Eyfirðinga.
11. Jón Þórarinsson, 2. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu.
12. Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga.
13. Pjetur Jónsson, þm. Suður-Þingeyinga.
14. Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangvellinga.
15. Sigurður Gunnarsson, 1. þm. Suður-Múlasýslu.
16. Skúli Thoroddsen, 2. þm. Ísfirðinga.
17. Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Árnesinga.
18. Valtýr Guðmundsson, þm. Vestmanneyinga.
19. Þórarinn Böðvarsson, 1. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu.
20. Þórður Guðmundsson, 2. þm. Rangvellinga.
21. Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgfirðinga.
22. Þorlákur Guðmundsson, 2. þm. Árnesinga.

Klemens Jónsson, 1. þm. Eyfirðinga, mætti ekki á þinginu sakir forfalla, en Halldór Daníelsson, þm. Mýramanna, gat eigi tekið sæti, fyrir þá sök, að sameinað alþingi hafði frestað úrskurði um kosning hans.

Samkvæmt áskorun stjórnarfulltrúans gekk þá elzti þingmaður deildarinnar, Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangvellinga, til forsetasætis, og stýrði hann kosning forseta. Kosningin fjell þannig, að *Þórarinn Böðvarsson*, 1. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu, var kosinn forseti með 15 atkvæðum; Benedikt Sveinsson, þm. Norður-Þingeyinga, hlaut 3 atkv., Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga, 2 atkv., og Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Árnesinga, 1 atkv.

Því næst var kosinn varaforseti *Ólafur Briem*, 1. þm. Skagfirðinga, með 14 atkv. Benedikt Sveinsson, þingm. Norður-Þingeyinga, hlaut 3 atkv., Sigurður Gunnarsson, 1. þm. Suður-Múlasýslu, hlaut 2 atkv., Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangvellinga, hlaut 1 atkv.

Þá voru kosnir skrifarar og hlaut

Einar Jónsson, 1. þm. Norður-Múlasýslu, 20 atkv., og Guðlaugur Guðmundsson, þm. Vestur-Skaptfellinga, 17 atkv.

Forseti ákvað fund næsta dag kl. 12 á hád. Með því að eigi lágu fyrir nein þau mál, er tekin yrðu á dagskrá, tilkynnti forseti deildinni, að hann mundi síðar ákveða dagskrá, og þá láta útbýta henni meðal þingmanna deildarinnar.

Annar fundur, fimmtudag 2. ág. kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti tilkynnti, að skrifstofustjóri væri skipaður dr. phil. Jón Þorkelsson og á skrifstofuna væru teknir söngkennari Steingrímur Johnsen og skrifari Brynjólfur Þorláksson. Til þingskrifara í neðri deild væru teknir cand. theol. Jóhannes Sigfússon og skólastjóri Morten Hansen.

Benedikt Sveinsson spurðist fyrir um, hvort forseta væri kunnugt, hvort stjórnin ætlaði að leggja fyrir þingið hina endurskoðuðu stjórnarskrá eins og hún var samþykkt 1893.

Forseti kvað sjer þetta ókunnugt, en kvaðst mundi skrifa landshöfðingja um það að afloknum þingfundi.

Þriðji fundur, föstudag 3. ágúst, kl. 4 e. hád. Allir á fundi.

Forseti tilkynnti brjef landshöfðingja, dagsett í gær, um, að hann hefði eigi umboð frá hans hátign konunginum til að leggja fyrir alþingi frumvarp til endurskoðaðrar stjórnarskrár eins og það, er samþykkt var 1893.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði meðtekið til framlagningar á lestrarsalinn:

1. Þingmálafundargjörðir úr Borgarfjarðarsýslu.
2. Skjöl viðvíkjandi botnvörpuveiðum (trawling) Englendinga við Ísland.
3. Skjöl snertandi löggilding verzlunarstaðar við Hrafneyri við Hvalfjörð.

Frumv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. 2.); 1. umr.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Það er að nokkru leyti fyrir hendingu, að jeg hef gjörzt flutningsmaður frv. þessa. Mjer varð það kunnugt, er jeg hafði samið frumv., að fleiri h. deildarmenn mundu hafa haft í huga að bera fram sams konar frv.

Stefna frv. er sú, að skerpa ákvæði um sektir og herða á hegningu fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi. Jeg samdi frumv. á þann veg, að jeg setti hegningarákvæðin svo hörð, sem jeg áleit að gjörlegt væri fram að fylgja. En fari þó svo, að einhverjum þyki ákvæði frumv. of væg, þá má vel vera, að jeg hafi ekki á móti, að hert sje á þeim.

Jeg þarf ekki að taka það fram, að bráð nauðsyn sje að skerpa hegningarákvæðin, þar sem það mun alkunnugt, að botnvörpuveiði í landhelgi er svo meinskaðleg fyrir annan aðalatvinnuveg vorn, fiskiveiðarnar, að eigi er annað sýnna, en að hann muni eyðileggjast á næsta áratug, ef svo fer fram sem nú horfir við. Menn þykjast þegar vera farnir að kenna á því, að botnvörpuveiðarnar hafi eigi lítið spillt fiskiveiðum á sumum stöðum, og er það — ef ekki full sönnun — þá þó sterkar líkur fyrir því, að jeg hafi eigi tekið of djúpt í árinni um skaðsemi botnvörpuveiðanna. Jeg mun mega fullyrða, að hvergi muni kveða meira að veiði þessari en á svæðinu frá Eystra-Horni vestur að Jökulsárósi; jeg hefi með eigin augum sjeð heila flota þar á veiðum. Þetta knúði mig sjerstaklega til þess að bera fram frumv., og eptir öllum atvikum að dæma vænti jeg þess, að

góður rómur verði gjörður að því, og að það muni fá gott fylgi h. deild.

Jeg gat þess áðan, að frumv. færi fram á að herða sekt og hegningarákvæði fyrir ólöglegar botnvörpuveiðar, en það er ekki nóg með að lagaákvæðin sjeu skerpt, hitt er eigi síður áríðandi, að hægt sje sleitulaust að fram fylgja ákvæðum laganna. En eins og nú stendur, er strandgæzla Dana harla ófullkomin. Bæði er strandgæzluskip þeirra nú of ganglítið til þess að geta elt uppi hraðskreið gufuskip, og eigi er til þess að hugsa, að eitt einasta skip geti verið á varðbergi alls staðar við strendur Íslands eins og þörf krefur. Jeg minnist á þetta, til þess að vekja athygli á því, hve æskilegt það væri, að hraðskreiðara skip fengist til strandgæzlu, eða þó öllu heldur fleiri en eitt hraðskreitt smáskip. Jeg sje af skjölum, sem fram hafa verið lögð, að áhugi manna á máli þessu er allmikill og sannfæringin fyrir skaðsemi botnvörpuveiðanna sterk.

Benedikt Sveinsson: Jeg þarf ekki að bæta mörgu við ræðu h. flutningsm. (Guðl. G.). Jeg er honum samdóma um, að hjer sje bæði um áhugamál að ræða og eitt hið allra bráðasta velferðarmál þjóðarinnar. Það gladdi mig, að þegar jeg ætlaði að fara að láta prenta sams konar frumv. eins og hjer liggur fyrir, þá var h. þm. (Guðl. G.) þegar kominn í prentsmiðjuna með frumv. sitt, því jeg sá, að þetta bar vitni um lofsverðan áhuga á málinu. Jeg get enn fremur tekið undir með h. flutningsm. (Guðl. G.), að bæði sje alveg nauðsynlegt að skerpt sjeu hegningarákvæðin gegn botnvörpuveiðendum í landhelgi, þar á meðal með því að gera upptæk veiðarfæri, og eigi síður hitt, að leitað sje alvarlegs fulltingis stjórnarinnar til að framfylgja lögunum, sem verða þýðingarlaus að öðrum kosti. Jafnframt þessu skal jeg geta þess, að mjer finnst ástæða til að smábreytingar sjeu gerðar á frumv. Sjerstaklega skal jeg nefna til tvö atriði; hið fyrra er það, að jeg tel neðra sektatakmarkið mikils til of lágt sett, því hjer ætti að velta á þúsundum en ekki hundrum; en hitt er það, að mjer sýnist rjettast, að eigi sjeu að eins veiðarfærin gjörð upptæk, heldur og aflinn með.

Eins og h. flutningsm. (Guðl G.) tók fram, er mál þetta, sem sagt, hið þýðingarmesta fyrir landið, og af því að nauðsynlegt er, að sannfæra stjórnina um þetta með sem ríkustum ástæðum og sem glöggustum rökum, þá legg jeg til, að 5 manna nefnd sje skipuð í málið. —

Með því að 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) hafði beðið sjer hljóðs áður, var honum veitt það, þótt till. um nefndarkosning væri komin fram.

Sighvatur Árnason: Jeg efast ekki um, að frumv. þessu verði vel tekið af h. deild. Jeg vildi að eins geta þess, að jeg hafði meðferðis áskorun úr mínu kjördæmi í þá átt, að þingið vildi taka mál þetta til ítarlegrar og alvarlegrar íhugunar. Til grundvallar fyrir áskorun þessari lá það, að nú ár eptir ár eru útlendingar, helzt Englendingar, farnir að stunda botnvörpuveiðar fyrir öllum Rangársandi og við Vestmannaeyjar, og eru Vestmannaeyingar farnir að óttast, að veiði þessi muni vera búin að eyðileggja fiskiveiðarnar fyrir þeim. Að undanförnu hefir þessari veiði verið lítill gaumur gefinn, sjálfsagt mest af því, að lögin hafa ekki verið fullnægjandi og vantað allt eptirlit. Það er auðsjeð, að þetta frumv. er til bóta frá því sem nú er, en þó hygg jeg, að það sje eigi fullnægjandi og að það muni þurfa lagfæringar við og sjer í lagi í þá átt, að eitthvað verði gjört til þess, að lögunum verði stranglega fram

fylgt, og því finnst mjer vel eiga við, að nefnd sje skipuð í málið.

ATKVÆÐAGR.: Fimm manna nefnd var samþ. og í hana kosnir:
Guðlaugur Guðmundsson með 19 atkv.
Benedikt Sveinsson — 16 —
Sighvatur Árnason — 8 —
Fleiri hlutu eigi nægan atkvæðafjölda, var þá kosið að nýju og urðu þá fyrir kosningu:
Einar Jónsson með 13 atkv.
Jón Jensson — 12 —
Fyrstu umr. síðan frestað.

Frumv. til laga um bann gegn eitrun rjúpna (C. 2.); 1. umr.

Flutningsm. (*Tryggvi Gunnarsson*): Orsökin til þess, að frumv. þetta er komið fram, er sú, að nokkur hjeruð hjer sunnanlands tóku upp á því, að eitra rjúpur og bera þær út sem agn fyrir tóur. Þetta vakti svo mikla hræðslu hjer í Reykjavík, að menn hættu að mestu að kaupa rjúpur, þótt á boðstólum væru; þeir óttuðust, að óhlutvandir menn kynnu að tína upp eitraðar rjúpur, er þeir fyndu út á víðavangi, og selja þær sem óeitraðar væru. En ver fór þó, þegar fregnin um þetta barst til útlanda; þar hafði hún þau áhrif, að nú sem stendur má telja lokað þar markaði fyrir íslenzkar rjúpur. Þetta er ekki lítill hnekkir fyrir þá menn, sem rjúpur hafa haft að undanförnu og drjúgt aukið innlegg sitt með þeim.

Það mundi að vísu vera nægilegt gagnvart innlendum mönnum, að sýslunefndir bönnuðu að bera út aðrar eitraðar rjúpur en þær, er merktar væru glöggu marki, er hún ákvæði sjálf, en gagnvart útlendingum mundu slík ákvæði ónóg; þau mundu ekki eyða tortryggninni við íslenzkar rjúpur eða opna þeim markað af nýju.

Frumv. þetta er því fram komið til þess að gefa útlendingum trygging fyrir, að eigi sjeu eitraðar rjúpur fluttar hjeðan af landi burt og innlendum verði mögulegt að selja þær sem verzlunarvöru. Mál þetta er svo einfalt, að óþarfi mun vera að skipa nefnd í það, og þess eðlis, að líklegt er, að það mæti ekki mikilli mótspyrnu; álít jeg því eigi þörf á að fara fleiri orðum um það að sinni.

Björn Sigfússon: Þótt frumv. þetta sje stutt, þá getur það að minni hyggju haft allmikilvægar afleiðingar.

H. flutningsm. (Tr. G.) tók það fram, að aðalástæðan fyrir frumv. þessu væri sú, að menn væru hræddir um, að þeir kynnu að neyta einhverra af rjúpum þeim, sem eitraðar hefðu verið fyrir refi. Jeg hygg, að hætta þessi sje miklu minni en orð hefir verið á gert, og að óttinn sje með fram sprottinn af misskilningi og í raun og veru ástæðulaus.

Það mun vera fyrst fyrir skömmu farið að eitra fyrir refi með hinu sterka eitri »strychnin«; en nú er það jafnvel tekið fram í sumum fjallskilareglugjörðum, að eitur þetta skuli notað til þeirra hluta og að helzt skuli nota rjúpur til agns; en eigi hef jeg haft tíma til síðan frumvarp þetta kom fram að kynna mjer, hve víða það er gjört. Að eins veit jeg það með vissu, að í reglugjörð Húnavatnssýslu er mælt fyrir að nota það. En jafnframt er þar sleginn varnagli við því, að tjón hljótist af því, ef rjúpur eru eitraðar með eitri þessu; þar er nefnilega skipað að stýfa af hægra vængnum á rjúpum þeim, sem eitraðar eru. Jeg játa það fyllilega, að ef svo óvarlega væri að farið, að eitruðum rjúpum væri stráð óauðkenndum út um víðavang, þá gæti slíkt haft nokkra hættu í för með sjer. En jeg hygg, að alstaðar muni vera haft glögt mark á rjúpum þessum, enda mætti og

gjöra mönnum að skyldu, að merkja þær jafnan.

Aðra ástæðu bar h. þm. (Tr. G.) og fram fyrir því, að vert væri að banna eitrun rjúpna, þá ástæðu, að fregnin um eitrunina hefði vakið svo mikla hræðslu í útlöndum, að útsjeð mundi um rjúpuverzlun hjeðan frá landi þangað á meðan eitruninni væri haldið hjer áfram. Þetta getur satt verið, og í fljótu bragði getur það sýnzt töluvert þýðingarmikið, að sala stöðvist á einni af vorum fáu vörutegundum. En þegar betur er að gætt, þá er hjer ekki nema um smámuni að ræða. Arðurinn af útfluttri rjúpu hjá oss er og hefir verið lítill, og ekki líkindi til að hann geti stórum vaxið. En það er líka önnur hlið þessa máls, sem h. þingm. (Tr. G.) ljet ósnerta, sú hlið, að með því að banna eitrun rjúpna hygg jeg, að landsmenn sjeu sviptir hinu bezta meðali til að eyða refum, því að hinn stutta tíma, sem eitraðar rjúpur hafa verið hafðar sem agn fyrir tóur, hefir reynslan sýnt, að þeim gezt betur að þessu agni en hverju öðru agni, sem beitt hefir verið. Auðvitað nægir í harðindum að eitra kindaskrokka, hrosslimi og þess háttar, en þegar vetur er mildur, er tóa svo vandætin, að hún gleypir ekki við hvaða agni sem vera skal, en rjúpum ganga þær ekki fram hjá, þar sem þær finna þær. Þetta er ekki sagt út í loptið; jeg hef þar bæði fyrir mjer eigin reynslu og reynslu annara, og fellur hún saman við reynslu mína í þessu.

Ef nú yrði bannað að eitra rjúpur, þá yrðu landsmenn — eins og jeg hef tekið fram — með því sviptir hinu langbezta meðali, sem enn er þekkt, til að eyða refum, og að því leyti er frumv. varúðarvert, því að þótt jeg játi, að nokkur hagur sje að því, að selja rjúpur úr landi, þá er sá hagur smáræði í samanburði við það, ef tóum yrði gjöreytt.

Jeg tek það aptur upp, að jeg tel frumv. þetta nokkuð varúðarvert, og ef h. deild vill eigi þegar fella það frá 2. umr., þá tel jeg rjettast, að 3 manna nefnd sje skipuð í málið. Sú nefnd mundi betur geta rannsakað en mjer hefir enn gefizt kostur á, hver hagur muni að útflutningi rjúpna, borið saman við það, hvílíkt gagn er að þeim eitruðum til þess að eyða refum.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg hefi gerzt annar flutningsmaður frumv. þessa eptir ósk kjósenda minna, Borgfirðinga. Jeg get bezt svarað h. 1. þm. Húnv. (B. Sigf.) með því, að segja nokkuð frá undirbúningi málsins heima í hjeraði. Á Akranesi var málið borið upp á allfjölmennum fundi, en þar voru að sjálfsögðu flestir fundarmenn sjávarbændur. Þegar málið kom þar til umræðu, hreifði jeg einmitt efasemdum mínum í svipaða átt og h. 1. þm. Húnv. (B. Sigf.) og lýsti því yfir, að svo framarlega sem fjáreignarbændur kjördæmisins álitu, að eitraðar rjúpur væru beztar til þess að eyða refum, þá yrði jeg því eigi meðmæltur, að banna rjúpnaeitrunina. Á öðrum fundi, einnig all-fjölmennum, uppi í sveit, þar sem tómir sveitabændur voru á fundi, hreifði jeg hinum sömu efasemdum gegn eitruninni, þegar málið kom til umræðu, en þá báru einir 3—4 reyndir og skynsamir bændur, sem lengi hafa setið í sveitarstjórn, það fram, að önnur jafngóð tæki væru til að eyða refum; það kváðu þeir vera sína reynslu. Hvort á nú að gera hærra undir höfði reynslu bændanna í Borgarfirði eða reynslu h. 1. þingm. Húnv. (B. Sigf.)? Þegar jeg svo á þessum fundi bar það fram, að

hægt væri að auðkenna hinar eitruðu rjúpur, þá sögðu hinir sömu, eins og líklega mun reynast satt, að hræðslan við þær mundi ekki fyrir það hverfa í útlöndum.

Í síðustu útflutningsskýrslum er talið, að um 70,000 rjúpur hafi árlega verið fluttar úr landi. Eflaust er tala þessi of lág og mun óhætt að telja 100,000, sem jeg gizka á að nemi 20,000 kr. Jeg viðurkenni auðvitað, að hjer sje eiginlega ekki um verulega stóra fjárupphæð að ræða, þegar miðað er við alla umsetning landsins, en þó getur eyðing rjúpnasölunnar komið mjög óþægilega niður á sumum sveitum og einstökum mönnum. Fyrir mjer horfir málið svo við, að um tvennt sje að gera, annaðhvort að gera frumv. þetta að lögum, eða taki fyrir rjúpnasölu hjeðan úr landi.

Í trausti þess, að merkisbændur þeir, sem jeg vitnaði til, hafi rjett að mæla, og í von um, að frumv. þetta verði á engan hátt til að spilla sauðfjáreign hjer á landi, hefi jeg borið það fram, og treysti jeg h. deild til þess, að hún hugsi sig vel um áður en hún hafnar því.

Þórður Guðmundsson: Það hefir verið tekið fram, að frumv. þetta væri ekki umfangsmikið, og er það rjett, að svo er. Það virðist og í fljótu bragði ekki hættumikið, en þegar betur er skoðað, er það þó töluvert íhugunarvert, þar sem það snertir atvinnuvegi einstakra manna.

Það hefir verið sýnt fram á, að rjúpnasala muni takast af, ef eitruninni er haldið áfram, og þótt fyrirskipað væri, að merkja allar eitraðar rjúpur, þá mundu menn í útlöndum verða jafnhræddir fyrir því að kaupa ísenzkar rjúpur. Jeg get því gjört ráð fyrir, að ef eitruninni er haldið áfram, þá muni rjúpnasala til útlanda takast af, hverjum ráðum sem beitt er, en af því að enn hefir ekki verið sýnt fram á með rökum, hve mikið gagn sje að rjúpnaeitrun til að eyða refum eða hve miklu betra agn eitraðar rjúpur sjeu en annað eitrað kjöt, þá finnst mjer málið þurfa betri íhugunar við áður en það er til lykta leitt.

Björn Sigfússon: Það eru sjerstaklega tvö atriði í ræðu h. annars flutningsmanns (Þórh. B.), sem jeg finn ástæðu til að svara. Hann hafði það eptir 3 góðum bændum í hans kjördæmi, að rjúpur væru ekki betri en hvað annað til að eitra fyrir refi. En með allri virðingu fyrir þessum góðu bændum hans, verð jeg þó að taka meira tillit til eigin reynslu og annara manna, sem jeg hef talað við, og þess, sem jeg hefi sjálfur sjeð í þessu efni. Jeg gæti tilfært mörg dæmi, mínu máli til sönnunar, en jeg skal að eins segja það síðasta. Jeg hefi í mög ár haft þann starfa á hendi, að eitra fyrir refi, og hefi jeg haft til þess marga hluti og margs konar eitur. Eptir nokkur ár komst jeg loks að þeirri niðurstöðu, að bezt væri að skera kind, hræra eitrinu saman við blóðið og hella því svo inn í skrokkinn. Þessi aðferð reyndist mjer bezt; en þó fóru refirnir því að eins í þessar eitruðu kindur, að hart væri í ári. Nú eru 3—4 ár síðan jeg frjetti, að Árni sýslumaður í Krísuvík eitraði með »strychnin« og hefði rjúpur til agns. Maður sem jeg talaði við skrifaðist síðan á við hann um aðferð hans og hefur hann skýrt svo frá þessari aðferð, að hún væri sú eina, er borið hefði verulega góðan árangur hjá sjer. Hefur þessi aðferð síðan verið almennt viðhöfð í Húnavatnssýslu. Síðan hafa bæði jeg og aðrir tekið eptir því, að ekkert er betra að eitra en rjúpur. Það er áreiðanlegt, að refunum þykja þær lostætari en annað, sem reynt hefur verið, svo sem hross

og kindur. Sem dæmi þessu til sönnunar skal jeg geta þess, að næstliðinn vetur tók jeg ný-skorna kind og nokkrar rjúpur og fór með þær fram á heiði. Eptir ½ mánuð fór jeg þangað aptur, og voru þá allar rjúpurnar horfnar, en kindarskrokkurinn var alveg ósnertur, og hann lá þar lengi ósnertur. Loks, þegar fór að harðna og lítið orðið um æti, gjörðu þeir sjer gott af honum. Alveg hið sama hefi jeg heyrt marga segja, og eru þessi dæmi á móti áliti hinna góðu bænda í Borgarfjarðarsýslu.

Hitt atriðið í ræðu h. þm., sem jeg vildi minnast á, er um útflutning rjúpna og hag af honum. Hann sagði, að eptir síðustu útflutningsskýrslum mundu hafa verið fluttar út um 70,000 rjúpur. Það er rjett. Það er talið útflutt 72,199 rjúpur. Þetta sýnist ekki vera svo lítið í fljótu bragði. Úr Suðuramtinu var flutt út um 27,000, úr Vesturamtinu um 4,000 og úr Norður- og Austuramtinu um 40,000. En þegar menn fara að aðgæta, hve miklu þetta nemur í peningum, þá verður upphæðin ekki mikil eða hagurinn glæsilegur. Verðið hefur verið lægst á þessu ári 10 aurar fyrir rjúpuna, en hæst 25 a., eða að meðaltali 18 a. á öllu landinu, og hafa þá komið inn á öllu landinu fyrir það, sem út var flutt af rjúpu, 12,960 kr. En það vitum vjer, að þetta er brúttóinntekt. Frá þessari upphæð verður að draga það, sem ætla má, að rjúpan sje verð, ef hún væri notuð heima, eða lögð í búið, og svo dálítinn flutningskostnað. Áætlunin verður sjálfsagt ekki nákvæm. Jeg gjöri ráð fyrir, að rjúpan sje hjer um bil 10 a. virði til heimilisnotkunar, og að leggja megi 2—3 aur. á hverja rjúpu í flutningskostnað. Frádrátturinn verður þannig 9,360 kr. Gróðinn við söluna út úr landinu hefur þá að eins orðið 3,600 kr., og er sá gróði ekki svo mikils virði fyrir allt landið, að offrandi sje miklu af sauðfjáreigninni fyrir hann.

Ef nú rjúpan er betra agn fyrir refi en annað, — sem jeg ekki efast um —, þá er þessi gróði hverfandi í samanburði við það gagn, sem af því getur orðið, að nota rjúpuna til að eyða refum. Á hinum stutta tíma, síðan frumvarp þetta kom fram, hefi jeg ekki getað gjört neina áætlun um, hvað mikið tjón má ætla að landsbúar bíði árlega af dýrbít. Vanhaldaskýrslurnar eru ekki svo úr garði gerðar, að hægt sje að fræðast um, af hverju vanhöldin stafi sjerstaklega, en það vita allir, að ákaflega mikið af þeim er dýrbít að kenna, einkum þar sem fje gengur hirðingarlítið á vetrum, eins og á sjer stað við sjávarsíðuna, t. d. hjer á Suðurlandi. Það er fljótsjeð, að ekki þarf nema 2 kindur, sem eru 10 kr. virði, í hverjum hrepp á landinu til þess að jafngilda útflutningsgróðanum á rjúpum 1891. Fyrir mjer er það ekkert vafamál, að miklu meira gagn en það má hafa af góðri eitrunaraðferð.

Ef vjer nú förum lengra fram í tímann, til áranna 1881 til 1885, þá verður gróðinn enn þá minni; því brúttóinntektin var þá eptir útflutningsskýrslunum að meðaltali 1477 kr. af öllu landinu.

Jeg skal svo ekki minnast frekar á ræðu h. þm.

H. 1. þm. Rangv. (Þór. G.) gat þess, að sumir notuðu alls ekki rjúpur til að eitra fyrir refi. En þó svo sje, þá er það alls ekki sönnun fyrir því, að rjúpan sje ekki gott agn, heldur því, að þeir þekkja ekki, hvað gagn má af því hafa.

Mjer er það ekkert kappsmál, að frv. þetta verði tekið nú þegar. Það væri ef til vill heppilegt, að fá lagaákvæði um, að eitraðar rjúpur skyldu vera með vissum, glöggum einkennum. En jeg

get alls ekki fallizt á, að banna eitrun rjúpna.

Einar Jónsson: Tilgangurinn með þessu frumv. er sjálfsagt sá, að styðja að því, að verzlun með rjúpu geti haldið áfram. En það getur verið athugavert, hvort rjett sje að halda þessari verzlun áfram, hvort hún muni ekki leiða til þess, að eyðileggja rjúpuna alveg. Jeg hygg helzt, að rjúpum hafi til muna fækkað á síðustu árum, og tel víst, að það eigi þar í mikinn þátt, að rjúpur eru veiddar til að selja þær út úr landinu. Mjer hefur þótt það merkilegt, að jeg hefi í allan vetur og vor að eins sjeð eina einustu rjúpu, og þó mikið ferðast á þessum tíma; hefi jeg þó áður sjeð meira og minna af þeim, en allt af færri og færri.

Mjer virðist þetta benda á, að rjúpunum muni vera að fækka, og vil biðja menn að taka þetta til greina, þegar þeir greiða atkvæði um málið.

Þorlákur Guðmundsson: Það hefur verið tekið fram, að þetta væri lítið frumv. Það er satt, en það getur haft sína þýðingu fyrir því. Það eru eiginlega tvær hliðar þessa máls. Önnur hliðin er eyðilegging rjúpnaverzlunarinnar, ef eitruninni verður haldið áfram, en hin hliðin er sú, hverja þýðingu það hefur að nota rjúpu til að eitra fyrir refi.

Það er ekki nýtt, að eitrað hefir verið fyrir refi. Árni sýslumaður í Krísuvík tók upp á því fyrir hjer um bil 10 árum síðan, og er engin samjöfnuður á dýrbiti nú og áður en hann kom hingað vestur í Gullbringusýslu. Hans dugnaði má þakka eyðing refanna hjer á Reykjanesskaga, þar sem dýragangurinn var mestur áður.

Það er nokkuð gamalt, að rjúpa hafi verið notuð til að eitra með fyrir refi. Það hefur maður sagt mjer fyrir hjer um bil 30 árum, að með því að eitra rjúpu, hafi hann unnið bitdýr, sem að ekki varð unnið á annan hátt.

En það var fyrst í vetur, að blöðin gjörðu all-mikinn storm út af þessu. Svo komst það í útlend blöð og hefur allt þetta vakið ótta í útlöndum fyrir vöru þessari. Þessar tvær hliðar málsins hljóta að koma hjer til athugunar. Úr hinu gjöri jeg minna, sem h. þm. N.-Múl. (E. J.) minntist á, því að síðan jeg man fyrst til, hafa rjúpur verið snaraðar og skotnar, en þó aldrei eyðzt; en það er auðvitað, að þeim fækkar í hörðum árum; annars er það mitt álit, að ef að lögbannað verður að eitra rjúpur, að farið verði kringum þau lög; eptirlitið er ómögulegt.

Af því það er ýmislegt, sem getur komið til skoðunar í þessu máli, hallast jeg fremur að því, að nefnd verði sett í það.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): H. þm. Húnv. (B. Sigf.) er hinn helzti mótmælandi þessa frumv.; á reikning hans ætla jeg ekki að minnast, því að ekki er nóg að reikna að eins aðra hliðina. Þess hefði líka þurft að geta, hve mörgum »prósent« betra er að hafa rjúpur til agns en hross- og kindarskrokka, en sá reikningur kom ekki.

Jeg vil geta þess, að upphaflega kom mjer í hug að hafa ákvæði frumvarpsins fyllra, en það er nú, og orða frumv. þannig: að bannið næði ekki að eins til eitrunar rjúpna, heldur einnig til allra annara fugla, sem hafðir væru til manneldis. Þetta gjörði jeg þó ekki, og sje nú af umræðunum, að það var heppilegt.

Dæmi h. þingm. Húnv. (B. Sigf.) um rjúpuna og kindina sannar ekki mikið. Því er eins varið um menn, að ef ýmislegt kryddmeti er borið á borð fyrir þá, þá tekur hver helzt þann matinn, er honum finnst gómsætastur. En ef ekki er borinn fram nema einn matur,

þá verða menn að gjöra sjer hann að góðu. En ef nú refir eru svo matvandir, að þeir vilja ekki nema fuglafæðu, þá vill svo vel til, að hjer er um fleiri fugla að velja en rjúpur. Hjer á landi er nóg af fuglum á vetrum við sjóinn og nokkuð af grasöndum til sveita. Ef það er nú satt, að fuglakjöt sje lostætara refum en annað kjöt, þá ímynda jeg mjer að bjargast megi við kjöt af þeim fuglum, sem ekki er verzlunarvara.

ATKV.GR.: Málið fellt frá 2. umr. með 12 : 9 atkv. Vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu var viðhaft nafnakall og sögðu

já:	*nei*:
Guðl. Guðmundss.,	Einar Jónsson,
Jens Pálsson,	Benedikt Sveinsson,
Jón Jensson,	Björn Sigfússon,
Jón Þórarinsson,	Eiríkur Gíslason,
Tryggvi Gunnarss.,	Guðjón Guðlaugss.,
Valtýr Guðmundss.,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Þórður Guðmundss.,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Þórh. Bjarnarson,	Ólafur Briem,
Þorl. Guðmundss.	Pjetur Jónsson,
	Sighv. Árnason,
	Sigurður Gunnarss.,
	Skúli Thoroddsen.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Hrafneyri við Hvalfjörð (C. 2); 1. umr.

Flutningsmaður (Þórhallur Bjarnarson): Þetta er stutt og óbrotið mál, sem jeg vona að geti gengið umræðulítið og greiðlega gegn um þingið.

Málið er hjer fram komið eptir ósk kjósenda minna, er búa næst staðnum. Hrafneyri, sem hjer ræðir um að löggilda til verzlunar, liggur í Hrafnabjargalandi á Hvalfjarðarströnd, 4—5 mílur frá Akranesi, nálægt þjóðveginum yfir Ferstikluháls. Aðalkosturinn við þennan stað er sá, að þaðan er einkarhægt með útflutninga á fjenaði, hvort sem útlendingar vilja sækja hann þangað til bænda eða innlend pöntunarfjelög vilja flytja hann út. Með löggildingu gætu menn og fremur vænzt þess, að timburkaupmenn og fleiri lausakaupmenn kæmu þangað. Lögð hafa verið fram skjöl, er sýna, að höfn er hjer ágæt og brimlaust í öllum áttum. Aðdýpi er mikið og góður botn. Þar er heldur ekki hætt við kastvindum, eins og inni í botni á Hvalfirði. Það má líka taka fram, að land það, er liggur að þessum fyrirhugaða verzlunarstað, er vel lagað til að geyma sauðfje, sjerstaklega Þyrilsnes, þar sem verzlan yrði mjög kostnaðarlítil.

Jeg vona að jeg þurfi ekki að mæla frekar með þessu frumv., þar sem slík mál sem þetta hafa ekki mætt neinni mótstöðu á síðustu þingum.

ATKV.GR : Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv. samhlj.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Seleyri við Borgarfjörð (C. 2); 1. umr.

Flutningsmaður (Þórhallur Bjarnarson): Það er svipað um Seleyri og hinn staðinn. Það er líka eptir ósk og áskorun Borgfirðinga, að hjer er farið fram á, að fá hana löggilta til verzlunar. En það má segja, að enn fleirum sje það áhugamál, að fá Seleyrina löggilta, enda er það hið hentugasta verzlunarstæði fyrir allan efri hluta Borgarfjarðarsýslu. Það hefur verið svo að undanförnu og er svo eflaust enn þá, að bændur úr efri hluta Borgarfjarðar sunnan Hvítár, sem verzla í Borgarnesi, sækja nauðsynjar sínar yfir fjörðinn og flytja þær upp á Seleyri. Þar geyma þeir hesta sína og farangur meðan þeir eru að verzla. Seleyri er í Hafnarlandi, ekki meira en 1/2 mílu frá Borgarnesi, og eru þessir staðir sinn í hvorri sýslu. En þó ekki sje lengra á milli þessara

staða, munar þó miklu fyrir Borgfirðinga, að sækja á Seleyri, ekki einungis að vegalengd, heldur og að vegagæðum, og það enda enn, þótt brúin sje komin á Hvítá og hafi bætt talsvert úr. En því miður er ekki hægt að segja hið sama um höfnina við Seleyri eins og við Hrafneyri, enda er ekki hafnarsælt í Borgarfirði.

Menn vita það bezt um innsiglingu að Seleyri, að gufubáturinn »Elín« fór þangað í sumar. Hún hafði góðan ál þangað inn og ristir þó 10 fet. En hvort hún flaut þar inni eða stóð um fjöru, veit jeg ekki með vissu. Jeg leitaði mjer upplýsinga um það hjá útgjörðarmanni skipsins, en hann gat ekki sagt mjer það með vissu. Hafnsögumaðurinn, sem var með bátnum og beztar upplýsingar getur gefið í þessu efni, er því miður ekki heima nú, en hans er von aptur innan skamms, og mun jeg þá upplýsa þetta betur síðar. Eitt má þó segja þessari höfn til gildis. Þar er ágætur botn, fastur og steinlaus. Höfuðkosturinn við Seleyri er sem sagt sá, að þeir, sem búa í efra hluta Borgarfjarðarsýslu, eiga svo hægt með að sækja þangað. Staðurinn liggur svo ágætlega við til allra vöruflutninga.

Jeg vona, að frumv. þetta gangi fram, þó að jeg tali ekki fleira fyrir því. Það er aldrei nema rjett, að láta samkeppnina sýna, hver staður er bezt lagaður til verzlunar.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 atkv. samhlj.

Fjórði fundur, laugardag 4. ágúst kl. 1 e. hád. Allir á fundi.

Forseti lýsti yfir, að þingm. Mýram. (Halldór Daníelsson) ætti sæti í deildinni samkvæmt atkvæðagreiðslu, er fram hefði farið í sameinuðu þingi í dag og tæki sæti sitt, þegar hann hefði skrifað undir hinn lögboðna eið. Þingm. (H. D.) undirskrifaði því næst eiðinn og tók sæti í deildinni.

Forseti lýsti yfir því, að fram lagt yrði á lestrarsalinn:

1. Tvær áskoranir viðvikjandi botnvörpuveiðum.
2. Þingmálafundargjörðir úr Austur-Skaptafellssýslu.
3. Þingmálafundargjörðir úr Snæfellsnessýslu.
4. Um uppmælingu undir Stakkhamarsnesi.
5. Þingmálafundargjörðir úr Mýrasýslu.
6. Þingmálafundargjörðir úr Eyjafjarðarsýslu.

Frv. til viðaukalaga við lög um prentsmiðjur 4. des. 1886 (C. 5); 1. umr.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Eins og sjá má af frumv., fer það ekki fram á annað en að láta bókasafn austuramtsins njóta jafnrjettis við hin amtsbókasöfnin í því tilliti, að gjöra prentsmiðjunum að skyldu að láta því í tje 1 eintak af öllu því, sem prentað er í þeim á hverju ári. Þar sem þingið hefur samið þau lög, er skylda prentsmiðjurnar til að láta hinum öðrum amtsbókasöfnum í tje það, sem þær prenta, þá treysti jeg því, að þingið samþykki einnig þennan viðauka við lögin.

Valtýr Guðmundsson: Þetta sýnist vera einfalt mál, en það eykur töluvert hina þungu kvöð, sem þegar liggur á útgefendum bóka hjer á landi. Eptir núgildandi lögum og þessu frumv. eru það 8 eintök af öllu því, sem gefið er út hjer á landi, sem útgefendur eiga að láta af hendi án alls endurgjalds, en að þessum 8 eintökum ættu bókaútgefendurnir vísa kaupendur, því bókasöfnin hlytu að kaupa þau, ef þau fengju þau ekki gefins. Mjer virðist því ástæða til að athuga þessi lög, sjer-

staklega þegar litið er til þess, að þegar þau voru samin á þinginu, var aldrei meiningin, að taka með háskólabókasafnið og konungsbókasafnið í Kaupmannahöfn, sem til samans fá 3 eintök af hverri bók. Ákvæði þessu var bætt inn í frumv. við 3. umr., mest vegna þess, að hinn þáverandi landshöfðingi mæltist til þess, að söfnin í Kaupmannahöfn fengi þessi eintök, og lofaði um leið, að hlutast til um, að prentsmiðjum í Danmörku væri gjört að skyldu, að senda hingað eitt eintak af bókum, sem í þeim væru prentaðar. Með tilliti til þessa var ákvæðið um bókagjöfina til safnanna í Kaupmannahöfn samþykkt. Mjer finnst nú ástæða til að leita upplýsinga um, hvað gjört hafi verið til að útvega landsbókasafninu þetta eina eintak frá prentsmiðjum í Danmörku. Mjer finnst því nauðsynlegt að setja nefnd í málið og það því fremur, sem ýmislegt fleira er að athuga við þetta mál. Þannig mætti t. d. hugsa sjer, að kippa mætti burtu einhverri af hinum gömlu álögum á bókaútgefendum. Þá er það miður heppilegt í lögunum, að gjöra það að skyldu að senda ritin tvisvar á ári, því þá verður stundum að klippa eða skera eitt rit í sundur, en það er óheppilegt fyrir útlendu söfnin, sem getur veitt erfitt að koma hinum einstöku pörtum saman aptur. Það væri heppilegra að senda ritin einu sinni á ári. Sömuleiðis hefir orðið ágreiningur um það, hverjir koma ættu röð og reglu á það, sem sent er, prentsmiðjueigandinn eða landshöfðingjaskrifstofan. Jeg leyfi mjer nú að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVGR.: Samþ. að kjósa 3 manna nefnd, og í hana kosnir:

Einar Jónsson með 20 atkv.
Valtýr Guðmundsson — 20 —

og við ítrekaða kosningu:

Þórhallur Bjarnarson með 16 atkv.

Var umr. síðan frestað.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Stakkhamri í Miklaholtshreppi (C. 5.); 1. umr.

Flutningsmaður (Eiríkur Gíslason): Frv. þetta er fram komið eptir áskorun frá nokkrum af kjósendum mínum. Jeg er sjálfur nokkuð kunnugur þessum stað, en auk þess hefir nákunnugur maður, sem býr á Stakkhamri, skýrt mjer frá honum. Hann hefir mælt nákvæmlega dýpið á höfninni og innsiglinguna. Jeg býst við, að fæstir þingdm. sjeu kunnugir þessum stað, og skal því lýsa honum með fáum orðum. Hann er vestast í Miklaholtshreppi, þar sem Straumfjarðará rennur í sjó. Höfnin er pollur fram undan ósnum. Botninn er harður og sljettur og dýpi á pollinum 15—18 fet. Pollurinn er talsvert stór og ekki mikill sjógangur þar inni og brim, því 3 sker taka af sjóganginn fyrir framan hann. Innsiglingin á höfnina er breið og gott dýpi.

Það er mjög áríðandi fyrir þá, sem búa í suðurhluta Snæfellsnessýslu, að fá þennan stað löggiltan til verzlunar. Aðflutningar úr kaupstað og í eru mjög erfiðir fyrir þá, sem búa í suðurhluta sýslunnar; sjer í lagi eru viðarflutningar mjög erfiðir. Það er yfir tvo örðuga fjallvegi að fara, hvort heldur úr Stykkishólmi eða Ólafsvík. Það er því mikið áhugamál fyrir hlutaðeigendur, að fá þennan stað löggiltan; þó ekki komist þar á strax föst verzlun, þá geta lausakaupmenn siglt þar upp á sumrin, t. d. norskir timbursalar, og jeg er viss um, að þeir muni gera það, þegar lögin eru fengin.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Frumv. til laga um nýbýli (C. 5); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Þetta frumv. hefir ekki komið fyrir þessa deild í þessum búningi. Að vísu var málið borið upp á síðasta þingi, en var þá fremur að skoða sem bót á tilskipun 15. apríl 1776. Nefnd var sett í málið og komst hún að þeirri niðurstöðu, að semja nýtt frumv. Það, sem vakti fyrir nefndinni þá og nú fyrir oss flutningsmönnum, var það, að ákvæði hinnar gömlu tilskipunar væru úrelt og jafnvel skaðleg. Það er erfitt að komast undan því, eins og nú stendur, að veita mönnum nýbýlisrjett, þar sem tilskipunin veitir svo víðtækan rjett til nýbýla. Það vakti fyrir okkur við samning frumvarpsins, að nauðsynlegt væri, að veita sveitarstjórnunum meiri rjett til afskifta af þessu máli. Við álítum nýbýlin yfir höfuð skaðleg, því afrjettarlöndin eru helzt til lítil, en heimalöndin aptur ekki svo yrkt sem skyldi og mætti. Það gætu víða verið tveir búendur, sem nú er ekki nema einn.

Af því mál þetta er að nokkru leyti nýtt, getur verið að h. þingd. vilji setja nefnd til að íhuga það. Við flutningsmenn tökum fúslega öllum bendingum, sem miða til að breyta frumv. til bóta.

Sighvatur Árnason: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd, því þó málið sje að sumu leyti vel úr garði gert, þá er það svo vaxið, að ekki veitir af að íhuga það nákvæmlega.

ATKVGR.: Samþykkt að kjósa 3 manna nefnd og í hana kosnir:
Þorlákur Guðmundsson með 19 atkv.
og eptir ítrekaða kosningu:
Guðlaugur Guðmundsson með 15 atkv.
Jón Jensson — 12 —

Umræðunni því næst frestað.

Frumv. til laga um fjárforræði ómyndugra (C. 2.); 1. umr.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Eins og sjá má, er frumvarp þetta samhljóða frumv., er lá fyrir síðasta þingi. Það gekk þá alveg í gegn um efri deild og í þessari deild var sett nefnd í málið, en tíminn var þá orðinn of stuttur til þess að það gæti komizt í gegn.

Jeg vil því ekki staðhæfa, að þessari deild hafi verið orðið málið vel kunnugt og býst því við, að h. þingdm. vilji nú skipa nefnd í því á ný; má þá athuga það nákvæmar. Jeg skal ekki fara fleiri orðum um frumv. að sinni, en jeg skal heldur ekki stinga upp á nefnd nú þegar, ef ske kynni, að einhver vildi taka til máls.

ATKVGR. Fleiri tóku ekki til máls, en stungið var upp á 5 manna nefnd og í hana kosnir:
Guðjón Guðlaugsson með 19 atkv.
Ólafur Briem — 14 —
Jón Jensson — 12 —
Jón Jónsson, þm. Eyf. — 11 —
Skúli Thoroddsen — 10 —

Var 1. umr. síðan frestað.

Fimmti fundur, mánudag 6. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að til sín væri komið og yrði lagt fram á lestrarsalinn:

1. Þingmálafundargjörðir frá Espihóli í Eyjafjarðarsýslu.
2. Þingmálafundargjörðir frá Ljósavatni í Suður-Þingeyjarsýslu.
3. Áskorun til alþingis um að semja lög til varnar því, að skepnur drepist af hvaláti.
4. Þingmálafundargjörðir úr Rangárvallasýslu.
5. Vottorð hafnsögumanns á gufubátnum »Elín« um innsiglingu og skipalegu við Seleyri.

Frumv. til laga um löggilding fjelags með takmarkaðri hluthafa ábyrgð til að halda uppi siglingum milli Íslands og útlanda og í kringum strendur Íslands og leggja járnbrautir á Íslandi m. fl. (C. 17); 1. umr.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Hæstvirti landshöfðingi, háttvirti forseti og háttvirta neðri deild alþingis! Jeg tel mjer það heiður og hamingju, eins og það líka fær mjer mikillar ánægju, að geta flutt inn í h. þingd. frumv. það, sem hjer liggur fyrir.

Jeg skal strax taka það fram, að það er vegna þess, að þær framkvæmdir, sem ráðgjörðar eru í þessu frumv., eru að minni sannfæringu svo ákaflega þýðingarmiklar og heillavænlegar fyrir framtíð Íslands, ef þeim getur orðið framgengt, að jeg viðhef þessi orð. Jeg skal geta þess, að við flutningsmenn erum ekki frumhöfundar að þessu frv. Frv. hefir að mestu leyti, þannig sem það er, verið lagt upp í okkar hendur, en við höfum íhugað það og með ráði frumhöfundarins breytt því í einstökum atriðum og gjört það að okkar frumv. Það er því orðið okkar frumv. En sá eiginlegi frumhöfundur frumv. er sá sami maður, sem er aðalfrömuður þessa máls. Maðurinn er Íslendingurinn Sigtryggur Jónasson frá Winnipeg, sem dvalið hefir í mörg ár í Vesturheimi og er orðinn nafnkunnur fyrir dáðríkar framkvæmdir og drenglyndi meðal landa þar vestra. Vegna 20 ára viðkynningar í hinum enska heimi mun hann kunnugri slíkum fyrirtækjum, sem hjer ræðir um, en, ef til vill, nokkur h. þingdm. Jeg má fullvissa h. þingdm. um, að þessi maður ann ættjörðu sinni, og að hann, þótt hann hafi verið fjarverandi henni nálægt 20 ár, hafi þó rækilega hugsað um framtíð hennar og verið það áhugamál, að efla hana. En einmitt vegna þessarar fjærstöðu og aukinnar þekkingar á framkvæmdum og framfaraskilyrðum þeirra þjóða, er hann hefir haft kynni af, hefir skapazt hjá þessum manni föst sannfæring um, hvað þurfi að gjöra til þess, að hrinda voru kæra landi og vorri kæru þjóð á framfarabrautir hins menntaða heims. Jeg skal strax taka það fram, að þessi maður hefir ekki verið mjer persónulega kunnugur fyr en fyrir ári síðan og ekki verulega fyr en nú í sumar; en hann er mjer vel kunnugur, að svo miklu leyti sem maður getur orðið kunnugur manni í fjarlægð. Hann er mjer kunnugur af vitnisburði vina minna, hinna merkustu Íslendinga vestan hafs, sem fyr og síðar hafa borið honum þann vitnisburð, að hann hafi jafnan komið fram sem drengskaparmaður, er hafi viljað efla hag landa sinna og verið góður stuðningsmaður þeirra beztu og helztu mála, og aldrei brugðizt góðu máli. Þess má líka minnast, að hann hefir verið þeirrar skoðunar, að hóflega takmarkaðar Vesturheimsferðir væru þjóð vorri til gagns, og vona jeg að það verði ekki til að spilla fyrir málinu. Af því svo stendur á með þennan mann, að jeg er ekki viss um, að h. þingdm. yfir höfuð, sjeu honum kunnugir eða þekki hann, hefi jeg leyft mjer að hafa þessi inngangsorð; en sný mjer nú að efni og formi frumv.

Frumv. þetta er í aðalstefnu sinni hvorki bjóðandi nje bannandi, heldur leyfandi; það er komið fram til að skapa mögulegleika til þess, að fjelag geti myndazt, er vill koma til leiðar þeim framkvæmdum, sem getið er um í þessu frumv. En þessar framkvæmdir eru í því fólgnar, að láta stórt gufuskip ganga milli Íslands og Englands 12 sinnum á sumrum og 6 sinnum að vetrinum til eða 18 sinnum á ári. Í öðru lagi að láta gufuskip ganga með ströndum fram mestan tíma árs, og í þriðja lagi, að

leggja járnbrautir og koma á gufuvagnaferðum um landið. Þetta á að ganga út frá höfuðstaðnum Reykjavík, hjarta landsins, í þær stefnur og til þeirra staða, sem líklegastir eru til þess að fyrirtækið geti borið sig. Fjelag það, sem vill kom þessu til framkvæmda, þarf að hafa mögulegleika til að geta myndazt, en vegurinn til þess að það geti myndazt er sá, að það geti fengið löggilding og rjettindaskrá. Frv. þetta er í eðli sínu rjettindaskrá fyrir slíkt fjelag.

Jeg ætla mjer ekki að leitast við í þessari ræðu að gjöra grein fyrir allri þeirri væntanlegu þýðingu, öllum þeim óendanlegu framförum í verzlun og atvinnuvegum landsins, sem þessar framkvæmdir gætu haft, ef þær kæmust á. Þegar um það er að ræða, kemur mjer ekki til hugar, að vitna til minnar eigin sannfæringar eða álits. Það eru til betri vitni: reynsla allra landa fyrir því, að bættar samgöngur efla verzlun og atvinnuvegi. Það er bersýnilegt, að hjer er gjört ráð fyrir miklu greiðari samgöngum fyrir landið en áður við löndin úti í hinum menntaða heimi, og ef svo hinu öðru atriði yrði framgengt, að samgöngur kæmust á í kring um landið sjálft með skipi, er gengi stöðugt kring um það, þá væri það fengið, sem þingið óskaði eptir síðast, en að því leyti meira fengið, að hjer í frumv. er gert ráð fyrir stærra skipi. Að því er hið þriðja atriði, járnbrautirnar, snertir, er það bert, að jáfnóðum og þær færast út, hefst alveg nýtt tímabil í þeim hjeruðum, er þær verða lagðar um, og mjer blandast ekki hugur um, að það muni verða betri tímar, eins og það verða nýir tímar. Í þessu frumv., sem þannig hefir inni að halda rjettindaskrá fjelagsins, er tekið nokkurn veginn ljóst fram, hver rjettindi fjelagið áskilur sjer, en jafnframt, hverjar þær skyldur eru, sem fjelagið ætlar að takast á hendur til þess að geta orðið aðnjótandi þessara rjettinda. Það má mikið um þessi rjettindi segja, hvort þau eru of stór, hæfileg eða of lítil. Það má líta á þau á ýmsan veg. Þau eru vitanlega allmikil í sjálfu sjer, en þegar þau eru borin saman við það, sem fyrir þau á að vinna, þá eru þau ekki hlutfallslega mikil, — þá vil jeg segja, að þau sjeu furðulítil. Og beri maður það, sem hjer á að gjöra, saman við það, sem áður hefir verið gjört til samgöngubóta og hugsi maður eptir því tje, sem búið er að eyða til þeirra samgöngubóta, sem vjer höfum fengið, þá ætla jeg að telja megi þessar framkvæmdir, sem hjer er gjört ráð fyrir, ódýrar landssjóði, þótt hin tilskildu rjettindi verði samkvæmt frumv. veitt.

Jeg ætla mjer ekki að fara út í einstök atriði þessa máls, þar sem það er nú til 1. umr.; en jeg býst við, að þau atriði, sem einkum þykja varhugaverð, muni verða gjörð að umtalsefni við þessa umræðu, og gefst mjer þá kostur á að láta síðar í ljósi skoðun mína á á þeim. Jeg skal þegar játa, að við flutningsmenn höfum sjeð ýmislegt smávegis athugavert við frumv. síðan það var prentað og sem þarf að lagfæra; en þar eð jeg tel víst, að nefnd verði skipuð í málinu og hún fjölskipuð, þá efast jeg ekki um, að takast muni áður lýkur að laga gallana. Þetta verður ætlunarverk nefndarinnar, samhliða því aðalætlunarverki, að meta, hvort þær framkvæmdir, sem fjelagið ætlar sjer að koma fram, samsvari þeim kostnaði og þeim rjettindum, sem fjelagið áskilur sjer.

Formið á frumv. mun þykja nokkuð einkennilegt, þar sem t. d. ýmislegt er tekið fram í því, sem leyft er í lögum; en þetta er bein afleiðing af því, að í frumv. þetta varð að taka rjettindaskrá

fjelagsins vegna þeirra útlendu manna, sem væntanlega munu taka þátt í þessu fyrirtæki. En samkvæmt óraskanlegri venju í enskri löggjöf, er allt þetta og fleira tekið fram í rjettindaskrám fyrir slík fjelög sem þetta. Jeg skal taka það fram, að frumv. er samið með hliðsjón af lagabálki, sem skrásettur er um hlutafjelög, og sem inniheldur þau lagaákvæði, er bezt hafa gefizt í enskum löndum. Að þessu leyti er formið á frumv. af eðlilegum ástæðum orðið nokkuð einkennilegt og óvanalegt; en jeg vona, að það út af fyrir sig verði ekki málinu til hnekkis.

Jeg býst við að flestum h. þingd.m. þyki ekki vafasamt, að stór framför verði að slíkum skipaferðum milli landa og slíkum strandferðum, sem fjelagið vill koma á, enda stöndum vjer betur að vígi nú en áður, að gjöra oss hugmynd um þýðingu slíkra ferða, sem vjer um tíma höfum notið nokkurra slíkra ferða, þó þær hafi verið ófullkomnar. Aptur býst jeg við, að hitt atriðið, járnbrautalagning hjer á landi, þyki mörgum óárennilegt, og að marga muni bresta trú á, að líkindi sjeu til, að þetta fyrirtæki út af fyrir sig muni borga sig um lengri tíma. En fyrst og fremst er hjer að eins að ræða um leyfi handa mönnum, sem hafa trú á, að slíkt fyrirtæki muni borga sig, og í öðru lagi er að athuga, að vjer Íslendingar vegna þekkingarskorts og reynsluskorts getum ekki gjört oss neina glögga hugmynd um, hvað útheimtist til þess, að slíkar brautir geti borið sig.

Jeg skal svo ekki lengja þessa fyrstu umræðu meira, en fel h. þingd. þetta nýja og mjög mikilvæga mál, jeg leyfi mjer að segja þýðingarmesta mál fyrir fyrir viðskipti vor innbyrðis og við önnur lönd, fyrir verzlun vora og atvinnuvegi.

Jeg bið h. þingd. að taka vingjarnlega á móti frumv. og meðhöndla það með hlýjum huga, um leið og hún athugar það með grandvarri athygli.

Landshöfðingi: H. flutningsm. (J. P.) tók það fram, að frumv. þetta væri einkennilegt. Í því er jeg samþykkur h. flutningsm., því frumv. þetta er eitt hið einkennilegasta, sem fram hefur komið á alþingi og jeg hef sjeð. H. flutningsmenn kalla það: Frumvarp til laga, og það er að vísu frumv. til laga, en það er ekki nema að því er mjög fá atriði í því snertir, þau ein atriði, sem ber undir löggjafarvaldið að fjalla um. En frumv. hefir margt annað inni að halda. Þannig er það stofnskrá fjelags eins, sem ekki er til. Fjelag þetta er eins og h. flutningsm. (J. P.) játaði ófætt enn, en samt sem áður er það skírt. Það heitir »Íslands siglinga- og járnbrautafjelag«, og er höfuðstóll þess þegar ákveðinn 6,000,000 kr. Enn fremur er í frumv. þessu nokkurs konar samningur milli landssjóðs og þessa ófædda fjelags. Og loks hefir það inni að halda ýmsa óþarfa sannleika, eða ýmisleg leyfi til að gjöra það, sem engum, er hjer er inni, dytti í hug að mótmæla eða mundi leyfa sjer að vefengja að leyfilegt væri eptir vorri löggjöf. Jeg sagði áður, að fjelagið væri ekki til; en stofnendurnir eru til og nefndir í fyrstu gr. frumv. Í raun og veru er fjelagið alls ekki stofnað enn þá, en menn þeir, sem nefndir eru í 1. gr. frumv., kalla sig þó stofnendur, þ. e. væntanlega stofnendur.

Stofnendurnir eru 5 að tölu, einum færri en miljónirnar, sem eiga að vera höfuðstóll þess. Mjer hefir dottið í hug, að sá sem er efstur á blaði muni eiga að leggja til eða útvega 2,000,000 kr., en svo hver hinna fjögra sína miljónina hver. Hvort þetta tekst, verður framtíðin að sýna.

Það sem frumv. þetta vill skuldbinda fjelagið til að framkvæma, er sumpart að láta gufuskip fara 18 ferðir á ári milli staða við Faxaflóa á Íslandi og Bretlands hins mikla og í annan stað umhverfis land um 9 mánaða tíma af ári hverju. En hjer eru engar frekari skuldbindingar teknar fram viðvíkjandi þessum gufuskipsferðum. Engar skuldbindingar um það, hvernig þessum ferðum skuli haga. Engin ferðaáætlun. Í öðru lagi er ekkert sagt, hve stórt farþegarúm eða lestarúm skipin skuli hafa; því síður er minnzt á það, sem þingið lagði þó eitt sinn svo mikla áherzlu á, hver tilhögun skyldi vera á kostinum handa farþegum á þessu strandferðaskipi, hvort þeir megi hafa fæði með sjer eða ekki. Jeg fyrir mitt leyti legg nú ekki neina áherzlu á þetta síðasta atriði, en af því að þingið hefur áður gjört slíkt lítilræði að kappsmáli gagnvart sameinaða gufuskipafjelaginu, þá furðar mig, að þingið skuli gefa hinu óstofnaða fjelagi svona frjálsar hendur með alla tilhögun strandferðanna. Loks ætlar fjelag þetta að leggja járnbraut austur á bóginn, eitthvað austur í Árnessýslu, 50 enskar mílur vegar.

Fyrir að uppfylla þessar skuldbindingar á fjelagið að hafa ýms hlunnindi. Fyrst og fremst einkarjett um næstu 15 ár til að leggja járnbrautir austur í gegn um Kjósar- Árness- og Rangárvallasýslur. Í öðru lagi af Akranesi norður á bóginn, allar götur norður í Eyjafjarðarsýslu, og loks ýmsar greinar út frá aðal-brautunum. Auk þessa eru og ýms önnur mikil hlunnindi, er frumv. vill veita fjelaginu. Jeg skal þannig nefna það, að fjelagið á að hafa fullt leyfi og vald til þess að taka hvaða land og hús sem er, hvort sem það er opinber eign eða eign einstakra manna, og nota fyrir járnbrautir sínar og það sem heyrir þeim til, sjálfsagt þó móti endurgjaldi, en þó því endurgjaldi, sem tveir vilhallir og einn óvilhallur maður telja hæfilegt. Enn fremur má það stífla og nota allt vatn úr ám, lækjum og uppsprettum, til hvers svo sem nú kann að vera notað. Í þriðja lagi hefir það leyfi til að nota fyrir járnbrautir sínar alla vegi og brýr, er landssjóður, amtsráðin og sýslu- og sveitarfjelög hafa látið gjöra. Enn fremur er fjelagið undanþegið öllum sköttum og skyldum um næstu 30 ár. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði, og hver þingmaður getur lagt það niður fyrir sjer, hversu mikið fje er veitt eða gefið eptir á þenna hátt. Jeg skal taka það fram sem dæmi, að ef skip það, sem eptir frumv. ætti að ganga milli Skotlands og Íslands, væri undanþegið frá því að borga gjöld fyrir rannsókn og áritun skipaskjala og vitagjald, þá mundi sú undanþága eingöngu nema hjer um bil 6,500 kr. á ári. Það er ekki svo lítil aukageta. Enn fremur hefur fjelagið leyfi til að hafa veitingar og sölu áfengra drykkja, án þess að þurfa að fara eptir ákvæðum laga 10. febr. 1890, og án þess að þurfa að borga nokkurn toll af vínföngum þeim og öðrum tollskyldum vörum, sem það notar til veitinganna. Loks er eptir stærsti og mesti bitinn, sem fjelagið á að fá, 100 þús. kr. á ári um næstu 30 ár eptir að lög þessi öðlast gildi, o: 3,000,000 á 30 árum í þóknun fyrir gufaskipaferðir og járnbrautargöngur sínar. Öll þessi hlunnindi eru svo mikil, að búast mætti við, að þingið vildi sjá einhverja tryggingu fyrir því, að skuldbindingum fjelagsins yrði fullnægt, áður en það fer að veita þetta allt. Hefur þetta frumv. nokkra tryggingu að bjóða fyrir því, að skuldbindingunum verði fullnægt?

Það er auðsjeð af frumv., enda játað af h. flutningsmanni, að fjelagið er ekki til. Það á engan sjóð. Og í annan

stað er það kunnugt, að fjelag þetta hefur ekkert gjört til að undirbúa framkvæmdirnar. Ekkert rannsakað, hvar járnbrautin eigi að leggja, hve langt hún eigi að ná eða hvert hana eigi að leggja; engin áætlun um hvað hún kosti, allt saman byggt í lausu lopti, og líklegast er, að stofnendurnir viti ekki meira um þetta efni en aðrir út í frá. Hvar er þá tryggingarnar að finna? Jeg skal nefna sjerstaklega eitt, sem þingið verður að heimta tryggingu fyrir. Það er þegar taka á land eða hús eða stífla ár eða læki og nota vatn o. s. frv., þá hefur löggjafarvaldið enga heimild til að leggja slíka kvöð á eignarrjett manna, nema full trygging sje fyrir, að viðkomandi fái sanngjarna borgun fyrir og það fyrirhafnarlaust. En eptir frumv. er engin trygging fyrir, að þeir, sem verða að láta af hendi eignir sínar til járnbrautanna, fái nokkuð fyrir það. Það er eingöngu undir því komið, hvort fje er fyrir hendi hjá fjelaginu í það og það skipti; annars verða hlutaðeigendur að sætta sig við að fá hlutabrjef sem borgun. Til þess að löggjafarvaldið geti leyft slíkt, þyrfti fjelagið að setja fulla tryggingu, t. a. m. deponera í einhvern banka nægilega fjárupphæð, sem stjórnin hefði til umráða til þess, að borga af það, sem til land- eða húsakaupa þyrfti, ef fjelagið stæði ekki í skilum; annars er tryggingin engin. Því það er engin trygging til fyrir því, að skuldbindingunum verði fullnægt, nema í nöfnum þeim, sem standa í 1. gr. Vjer þekkjum 4 þeirra, og án þess að jeg vilji segja nema hið bezta um alla þá menn, þá er ekki mikill silfur- eða gullhljómur í nöfnum þeirra. Efsta nafnið munu fáir af háttv. þingdeildarmönnum þekkja, nema sjálfsagt hinir h. flutningsm. frumv. Þess vegna vildi jeg beina þeirri spurningu að h. flutningsmönnum, hvort þeir hafi í höndum eða geti sýnt skriflegt umboð af hans hendi til setja nafn hans hjer, og hvernig það umboð er orðað.

Jeg get því alls eigi skilið, hvernig alþingi getur rætt frumv. svona óundirbúið, en þingið leggur með því mjög þungar kvaðir á landssjóð. Jeg skal taka til dæmis, að landssjóður á að borga 10000 kr. á ári í næstu 30 ár fyrir hverjar 10 enskar mílur sem lagðar kunna að verða; þ. e. 10000 kr. fyrir fyrstu 10 mílurnar, sem vagnar ganga eptir, og svo áfram 10000 kr. fyrir hverjar 10 mílur, sem við bætast. En nú veit enginn, eins og jeg tók áður fram, hvert eigi að leggja þessar 50 mílur af járnbraut eða hve langt þær muni ná, og stofnendurnir ekki heldur.

Það eina, sem gæti komið þinginu til að leggja þetta fje fram, væri það, að með því væri bætt úr mikilli flutningaþörf, en til þess þarf að vita nákvæmlega, hvaða leið þessi fyrirhugaða járnbraut á að liggja og hve langt hún muni ná, en það er víst, að 10 mílur af járnbraut ná ekki langt austur á bóginn frá Reykjavík, varla einu sinni upp að Lækjarbotnum, en þó ætti nú landssjóður að borga 10000 kr. á ári fyrir þær. Það er engin ástæða fyrir landssjóð til að borga 20 þús. kr. fyrir járnbraut, sem ekki nær lengra en upp á Kolviðarhól eða eitthvað upp á Mosfellsheiði, því lengra nær hún ekki, þó hún væri t. d. 20 enskar mílur að lengd. Flutningaþörfin er ekki svo mikil á þessu svæði, að ástæða væri að borga háa upphæð fyrir járnbraut, sem ekki næði lengra en upp á Kolviðarhól.

Jeg er samdóma h. flutningsmanni um það, að það er mikil framför að því, ef járnbraut kæmist á hjer á landi, en frumv. þetta er svo úr garði gjört, að mjer finnst ekkert stig með því stigið til framkvæmdar þeirri hugmynd.

Undir eins og lög þessi öðlast gildi,

á eptir frumv. að borga 50 þús. kr. fyrir gufuskipaferðir. Það væri hugsanlegt, að frumv. yrði samþykkt af þinginu sem lög nú í sumar og staðfest síðan af konungi og gengi í gildi t. d. um næstu áramót. Hvar á þá að taka þessar 50 þús. kr., á meðan hin núverandi fjárlög eru í gildi? Yfir höfuð er frumv. svo litið undirbúið og svo illa frá því gengið í alla staði, að það getur ekki komið til mála að samþykkja það á þessu þingi.

H. flutningsm. (J. P.) gat um að formið á frumv. stafaði af því, að það væri haft fyrir augum, að gjöra það aðgengilegt fyrir Englendinga, eða til þess, að þeir gætu lagt fje til fyrirtækisins; en það væri mjög skrítið, ef alþingi Íslendinga færi að laga lög sín eptir enskum kreddum. Jeg álít sjálfsagt, að haga lagasmíðinni eptir því, sem á við hjer, en ekki eptir öðrum löndum.

En vegna hvers þarf að smíða þetta frumv. eptir enskum hugmyndum? H. flutningsmaður tók það fram, að svo yrði að vera, til þess að fá enska menn til að leggja fje sitt í fyrirtæki þetta, en nú finnst mjer, að hver sem vill fá menn til að leggja fram fje til þess, að koma slíku til leiðar, hafi siðferðislega ábyrgð á því, að full líkindi sjeu til, að fyrirtæki það, sem boðið er upp á að leggja fram fje til, muni borga sig. Samþykki alþingi nú frumv. þetta, þá tekur það um leið siðferðislega ábyrgð á sig fyrir því, að aðgengilegt sje að leggja fje í þetta fyrirtæki og að það sje gott í sjálfu sjer. En nú játaði h. flutningsmaður sjálfur, að járnbrautin gæti alls ekki borgað sig fyr en eptir marga tugi ára.

Ef þingið samþykkir frumv. þetta, þá gerir það sig að nokkru leyti að sjötta stofnandanum og tekur upp á sig þær skuldbindingar, sem hvíla á þeim, sem í frumv. koma fram sem stofnendur fjelagsins.

Það virðist skína í gegn hjá h. flutningsmanni (J. P.), að frumv. þetta sje agn fyrir Englendinga til þess að tá þá til þess að hætta fje í fjelag þetta. Menn hugsa sem sje svo, þegar alþingi Íslendinga, sem er stillt og gætið og mjög fjárspart, ræðst í að leggja fram sjötta hluta af öllum árstekjum landsins til slíks fyrirtækis, þá má ganga að því vísu, að fyrirtækið er gróðavænlegt og ekki horfandi í að leggja fje í það. Alþingi tekur upp á sig skuldbindingu um, að það borgi sig að láta fje sitt í það fjelag, sem enn er ekki einu sinni til, auk heldur að nokkur geti gjört sjer áreiðanlega hugmynd um, hvort fyrirtæki það, sem fjelagið ætlar að framkvæma, nokkurn tíma kemst lengra en á pappírinn, auk heldur, hvort það á nokkra varanlega framtíð fyrir höndum.

Jeg get því ekki einu sinni ráðið til þess, að nefnd sje sett í málið, en álít heppilegast, að bíða betri tíma, og að málið verði betur undirbúið áður en þingið fer að sinna því.

Tryggvi Gunnarsson: Hæstv. landsh. hefur tekið ýmislegt fram af því, sem jeg ætlaði að segja, og get jeg því hlaupið yfir það. Jeg er honum samdóma í öllum höfuðatriðum. Hugsunin í frumv. þessu er góð að því leyti, sem hún fer fram á, að fjölga gufuskipaferðum og gjöra samgöngur á landi greiðari og hagkvæmari en hingað til, með því að leggja járnbrautir, en eins og málið nú liggur fyrir, má þingið hvorki nje getur samþykkt frumvarpið. Undirbúningur þessa máls er allsendis ónógur til þess, að það sje framkvæmanlegt á þessu þingi; máleínið er svo þýðingarmikið og leiðir til svo mikilla fjárveitinga, að hjer þarf rækilegrar

íhugunar við áður en slíkt er fullráðið. Áður hefir verið talað um það í ýmsum málum hjer á þinginu og í dagblöðum, einkum þó í stjórnarskrármálinu, að þingmenn þyrftu að vita vilja kjósendanna, og ættu að fara eptir honum. Jeg get ekki skilið annað, en að það sje eigi minna áríðandi, að fá álit kjósendanna og landsmanna yfir höfuð, áður en lagt er út í slíkt stórmál og mikla fjárveitingu, sem hjer liggur fyrir. Mjer virðist það nærri ofdirfska af þingmönnum, að samþykkja slík fjárframlög fyrir landssjóð, gjaldendum alveg að fornspurðu. Afleiðing málsins verður vafalaust sú, að nýja skatta þarf að leggja á landsbúa.

Frumv. þetta fer fram á að leggja á landsmenn 100 þúsund krónur á ári um 30 ár, sem er 3 miljónir króna. Í annan stað er útilokuð öll samkeppni með styrknum úr landssjóði til gufuskipaferða, þegar búið er að samþykkja þetta frumv. og gjöra það að lögum. Með því að veita þessu fyrirhugaða fjelagi þau rjettindi og það fjártillag, sem hjer er farið fram á, þá eru útilokuð öll tilboð frá öðrum, þó þau væru bæði hentugri og kostnaðarminni en boð það sem hjer liggur fyrir. Með því að taka fyrsta tilboði fyrir langan tíma, er farið í gagnstæða átt því, sem við gengst annarsstaðar í heiminum; þar eru öll stór fyrirtæki boðin upp til undirboðs, og fær þá sá, sem býðst til að leysa verkið af hendi ódýrast og á sem haganlegastan hátt. Hjer á landi hefir líka opt verið fylgt þeirri reglu, svo sem með brúarlagningu og gufuskipaferðir kring um land. En með þessu ir slíkt útilokað. Öll samkeppni í þessum efnum hverfur, ef þetta frv., sem hjer liggur fyrir, verður að lögum. Jeg sje ekki, að svo mikil nauðsyn sje, að þetta mál komist fram á þessu þingi, að endilega þurfi að hroða því af nú þegar. Það er miklu betra, að málið sje vandlega skoðað og undir búið, þó til þess þyrftu 3 ár, heldur en að flaustra því af lítt hugsuðu á fyrsta ári.

Eptir frumv. á þetta fyrirhugað fjelag að fá 50 þúsund krónur á ári eða $1^1/_2$ miljón á næstu 30 áram fyrir gufuskipaferðir kringum og til landsins. Ef rjett er álitið, ætti fjelagið ekki að þurfa eins mikinn styrk síðari hluta tímans eins og hin fyrstu ár, því eptir þessum miklu framförum, sem frumv. á að hafa í för með sjer, ættu ferðirnar, þegar frá líður, að borga sig betur en fyrst. Mjer þykir því ekkert kostaboð, að landið greiði 50,000 krónur árlega í 30 ár. Þessu frumv. til málbóta er sagt, að þingið hafi veitt í fyrra 43,000 króna til gufuskipaferða, svo að munurinn sje 7,000 króna, en hjer er aðgætandi, að það er allt annað að ákveða fast gjald fyrir 2 ár eða 30 ár. Þessari $1^1/_2$ miljón króna í 30 ár til gufuskipaferða væri betur skipt þannig: 10 fyrstu árin 70,000 króna árlega, næstu 5 ár 60,000 króna, næstu 5 ár 50,000 króna, og svo seinustu 10 árin 25,000 króna. Jeg álít, að hægt væri að fá mikið hentugar gufuskipsferðir hjá öðrum fjelögum fyrir 70 þúsund árlega, þó ekki væri bundið til lengri tíma en 10 ára.

Í frumv. er engin trygging sett, fyrir landsins hönd, um gæði skipanna, ferðirnar, viðkomustaði, farþegapláss o. fl.; fjelagið hefir allt þetta á sínu valdi. Hjer til og með eiga skipin að vera undanþegin öllum gjöldum til landssjóðs og allra stjetta; en hvernig mundi það líta út, þegar skip það, er Danir kosta til 42,000 króna árlega til að flytja póstinn til okkar, þarf að svara vitagjaldi, hafnargjaldi og öðrum skipagjöldum, en þessi fjelagsskip, eign utanríkisauðmanna, þurfa ekkert að greiða?

Það væri mjög ánægjulegt og gagnlegt, að járnbraut kæmist á hjer á landi,

og jeg vildi lifa þá stund; en hjer er eins ástatt og með gufuskipin, að allt er undirbúningslaust og tryggingarlaust fyrir landið, og er jeg í því efni samdóma því, er hæstv. landsh. tók fram. Enginn veit, hve langt þessar 50 mílur ná, eða hvert þessi 50 mílna járnbraut á að liggja, nje hve miklar torfærur eru á leiðinni, eða um brúarstæði. Þetta og margt fleira er mjög ónákvæmlega úr garði gjört. Hjer er beðið um leyfi til, að brautin megi liggja gegn um Kjósar-, Gullbringu- og Árnessýslu, en hvar í gegn um þær er hvergi nefnt. Jeg get ekki sjeð betur, en að það væri mögulegt, eptir frumv., fyrir Krísuvíkurbrennisteinsfjelagið gamla að kaupa fjölda margar aktíur í þessu fjelagi til að fá yfirráðin í stjórn þess og leggja svo brautina upp í Krísuvík til að flytja þaðan brennistein sinn til sjávar með þessum 50,000 króna styrk af almannafje, eða að það notaði brautina á annan hátt í sínar þarfir. Jeg segi ekki, að þetta verði gert, en bendi á þetta til að sýna, hve ófullkomið og ónákvæmt þetta frv. er, svo að hægt er að teygja það eins og hrátt skinn. Engin trygging er fyrir því heldur, að þeir fái fulla borgun, sem tekið er af hús eða land undir járnbrautina.

Í frumv. er talað um ýmislegt, sem eigi að ákveða með aukalögum, þegar fram líða stundir, en í þau er líka hægt að setja margt, sem ekki væri sem heppilegast fyrir landið, án þess að það stríði móti þessu frumv., þar sem það er svo ónákvæmt og teygjanlegt.

Jeg hafði áður hugsað um það, sem hæstv. landshöfðingi tók fram og er því samdóma, að alþingi sje siðferðislega skyldugt til þess, að gefa eigi tilefni til, að ókunnugir útlendir menn, af trausti til alþingis, leiðist inn í að voga og tapa peningum sínum hjer á landi. Enginn útlendur maður hefir næga þekkingu á því, hvort þetta fyrirtæki mundi geta borgað sig eða ekki, eða hvort það sje ráð að leggja fje sitt í slíkt fyrirtæki, sem þetta er. En þegar þingið væri búið að samþykkja slík lög, sem þetta frumv. er, þá mundi margur útlendingur álíta, að fyrirtækið væri hættulaust og þess vegna leggja fje sitt í fyrirtæki þetta.

Eins og jeg tók fram áðan, er engin þörf á, að hrapa að þessu nú að þessu sinni. Það kemur málinu sjálfu eigi að neinu haldi, því þó þingið samþykki þetta nú, þá mundi engin fjelagsstjórn vera svo fyrirhyggjulaus, að taka að sjer framkvæmdina á verkinu, án þess að senda áður »ingeniör« til að rannsaka og gera nauðsynlegar mælingar til þess að vita, hvar járnbrautin ætti að liggja, hve margar brýr þyrfti og hve dýr hún mundi verða; yfir höfuð gjöra sem allra glöggast yfirlit yfir kostnaðinn; fyrr en þetta er fengið, verður ekki byrjað á verkinu eða svar væntanlegt frá fjelaginu.

Jeg álít heppilegast að biðja stjórnina að undirbúa þetta mál betur, með því að senda hingað »ingeniör« til þess með kunnugum manni að rannsaka, hvar heppilegast væri að leggja brautina og gera áætlun um kostnaðinn.

Í blaðinu »Ísafold« stóð í gær, að hver míla af járnbraut kostaði vanalega minnst ½ miljón króna, en hjer er gjört ráð fyrir, að þessar kosti ekki nema 100 þúsund króna hver míla. Annaðhvort verður nú að vera, að hjer sje minni erfiðleikum bundið, að leggja braut en annarsstaðar, eða þessi járnbraut á að vera óvandaðri en vanalegt er. Ætli það væri ekki hyggilegra, að setja ákvæði um það í frumv., að landið hefði umsjónarmann við járnbrautarlagninguna, sem liti eptir, að brautin væri vandlega lögð, einkum þar sem ákvæði er í frumv. um

það, að landið geti keypt brautina eptir 15 ár? Jeg tek það upp aptur, að svo framarlega sem menn vilja greiða götu þessa máls, þá verður það nauðsynlegt, að fá »ingeniör« til þess að skoða, hvar brautin eigi að liggja, og hvort þetta verk verður ekki svo dýrt, að landinu verði ofvaxið að ráðast í fyrirtækið.

Ýms ákvæði eru í frumv., sem nauðsynlegt er að breyta. Til dæmis ætti fjelagið ekki að fá leyfi til þess, að fara með vegi og brýr landsins eptir sinni eigin vild, stífla upp ár og læki og taka hús af mönnum. Hið praktiskasta er, að láta málið bíða til næsta þings og útvega þangað til nauðsynlegar upplýsingar um járnbrautina. En að því er gufuskipaferðirnar snertir, þá skal jeg taka það fram, að hættulaust er, þó ákvæðin í frumv. um þær dragist. Það er vel mögulegt, að fá eins heppilegar gufuskipaferðir bæði milli landa og umhverfis landið eins og þessar eru fyrir 70 þús.

Ef h. þingd. vill ekki fara til stjórnarinnar til þess að fá hinar nauðsynlegu upplýsingar um þetta efni, sem jeg get búizt við, þá skal jeg leyfa mjer að benda h. þingd. á það, að hingað kemur að ári maður sá, er stendur fyrir Þjórsárbrúarsmíðinu. Þessi maður er Mr. Vaughan. Hann er »ingeniör« og veitir forstöðu tveimur stórum fjelögum, járnbrautarfjelagi og gufuskipasmíðafjelagi. Hann hefir marga menn í sinni þjónustu bæði verkfróða og aðra. Hann gæti ef til vill gert eða látið sína menn gera nauðsynlegustu mælingar til undirbúnings málinu áður en þingið kemur saman næsta ár. Hann ætlar að dvelja hjer 1—3 mánuði og væri reynandi að fá hann til þess að koma hingað lítið eitt fyr en hann byrjar á brúnni, til þess að vinna að þessu. Þetta væri hið ódýrasta og hentugasta, ef menn vilja síðar fara stjórnarveginn.

Jeg get ímyndað mjer, að margir vilji setja málið í nefnd, enda get jeg búizt við, að mikið mætti þar laga frumv. Jeg vil þó ekki stinga upp á nefnd strax, því jeg vil eigi hindra umræður um málið, svo að ýmsar upplýsingar í málinu geti komið fram.

Skúli Thoroddsen: Jeg skal geta þess, að þegar jeg sá frumv. þetta, þótti mjer mikils um það vert. Jeg áleit, að hjer væri um mál að ræða, sem væri allrar íhugunar vert, og að það væri sannur ábyrgðarhluti fyrir hvern h. þm., að verða þess valdandi, að frumv. þetta fjelli, og kollvarpa með því mögulegleikanum til framfaratilrauna þeirra, er í því felast.

Frumv. stefnir að tvennu. Fyrst og fremst vill það koma gufuskipaferðunum í annað og betra horf en verið hefir, og í öðru lagi stuðla til þess, að járnbraut verði lögð hjer á landi. En frumv. felur meira í sjer; það fer fram á að breyta viðskiptastraumnum hjeðan frá landi og hingað til lands, skapa þeim aðra braut en verið hefir, þannig, að aðalstraumurinn liggi ekki til Danmerkur, eins og hingað til hefir verið, heldur til Englands; og að því er innanlands viðskiptin snertir, gefur frv. von um, að loks verði byrjað hjer á sams konar framkvæmdum, sem fleygt hafa öðrum menntuðum þjóðum svo mjög áfram.

Það hefir verið tekið fram, að frumv. þetta feli í sjer litla tryggingu fyrir því, að nokkuð komi til framkvæmda af því, sem það gjörir ráð fyrir, eða að það verði viðunanlega af hendi leyst; en hjer er ekki heldur mikið lagt í hættu fyrir landið, þar sem að eins er um það að ræða, að veita heimild til

þess að koma þessum framfaratilraunum á fót, og sje jeg eigi betur en að alþingi sje innan handar, að búa svo vel um hnútana, að fjelagið fái því að eins nokkurn styrk úr landssjóði, að það í raun og veru inni þau störf af hendi, sem því er heimilað að vinna landinu til framfara; vjer eigum að hafa allt að græða, en engu að tapa, því árgjöldin, sem farið er fram á, eru sannarlega lítil, þegar litið er til þess, hvað það mundi kosta oss sjálfa, að leggja hjer járnbraut og koma gufuskipaferðunum í það horf, sem frumv. fer fram á.

Mjer þykir það því mjög íhugunarvert, að greiða atkvæði móti frv. þessu, því að þeir, sem það gera, hafa það á samvizkunni að hafa gjört sitt til að kæfa niður hina stórkostlegustu framfaratilraun, sem ráðgert hefir verið að framkvæma á Íslandi.

Hæstv. landsh. tann frumv. margt til foráttu, og jeg játa, að margt sje athugavert við einstakar greinar þess. En jeg tel sjálfsagt, að nefnd verði skipuð í málið, og að sú nefnd muni laga það, sem breytingar þarf.

Hæstv. landsh. tók það fram, að hjer væru lögð þung gjöld á landssjóð, og það er satt, að gjört er ráð fyrir, að 50,000 króna gangi árlega til gufskipaferða, og að aðrar 50,000 króna verði að greiða fyrir járnbrautir, hvorttveggja um 30 ára tímabil; en í mínum augum er þessi upphæð ekki svo ægileg eða fráfælandi. Það hefir áður verið vakið máls á því, og jeg hefi verið einn af hinum fáu formælendum þess hjer á landi, að tími væri til þess kominn, að fara að reyna að nota hjer á landi hin sömu samgöngufæri sem erlendis. En viðkvæðið hefir jafnan verið, að hjer vantaði fje til slíkra hluta, og að það væri landsins vísi voði og eyðilegging, að hugsa svo hátt; og það er ekki trútt um, að sumir hafi brosað að mjer og öðrum, sem eitthvað hafa innt í þessa áttina, kallað oss loptkastalasmiði, og öðrum slíkum nöfnum. En nú er þeirri mótbáru hrundið. Hjer er ekki um það að ræða, að kaupa gufuskip og leggja járnbrautir fyrir íslenzkt fje, heldur að eins um það, að gefa útlendingum leyfi að nota fje sitt til framfarafyrirtækja hjer á landi með nokkurn veginn aðgengilegum kostum, leyfa útlendu »kapítali« að starfa hjer á landi að þeim fyrirtækjum, sem Íslendingar hafa öldum saman eigi verið megnugir að framkvæma eða eigi hafa vogað að ráðast í. Áhættan fyrrir Ísland er ekki mikil, því að ef fjelagið kemst ekki á fót eða starfar ekkert, þá þarf landssjóður ekki heldur að greiða því einn eyri. En jeg hef nú reyndar einmitt heyrt suma h. þingdm. hafa það á móti frumv., að engin trygging væri fyrir, því að fjelagið kæmist á fót. En jeg bið hina sömu h. þingdm. að íhuga vel, hvort þeir þykist geta forsvarað það, að fella frumv. og með því útilykja mögulegleikann fyrir því, að fjelagið geti myndazt. Verði frumv. samþykkt, þá er með því að minnsta kosti skapaður mögulegleikinn fyrir því, að fjelagið komist á fót, og geti starfað samkvæmt tilgangi sínum, en verði það fellt, þá má segja, að þeir þingmenn, sem þess eru valdandi, hafi með atkvæði sínu veitt málefninu banasár, eða að minnsta kosti svæft það um langan aldur.

Jeg get ekki neitað því, að mjer þótti það hálf-undarlegt, að hæstv. landsh. skyldi nú þegar við 1. umr. málsins tala eins eindregið á móti frv., eins og hann gerði. Mjer þykir það undarlegt, segi jeg, í aðra röndina, en í aðra röndina er það þó kannske ekki svo undarlegt, þegar þess er gætt, að hann er hjer á þingi einmitt sem erindreki útlendrar stjórnar og talsmaður danskra »interessa«; og þegar jeg

hefi þetta fyrir augum, að staða hans er slík, og að verzlunar- og viðskiptahagsmunir Íslendinga hljóti opt og einatt að vera allt aðrir en hagsmunir Danmerkur, þá finnast mjer viðtökur þær, sem hann veitti frumv., ofur eðlilegar í sjálfu sjer, því að af stöðu hans getur það leitt, að hann á stundum tali hjer á þinginu ekki af sínu eigin, heldur sem erindreki útlendrar stjórnar. Jeg vona því, að h. þingdm. — þegar þeir hafa þetta fyrir augum — láti ekki ræðu hæstv. landsh. hafa mikil áhrif á sig eða ráða atkvæði sínu í þessu máli.

Frá mínu sjónarmiði hefir þetta mál ekki einungis ökonomiska þýðingu; það hefur eigi síður pólitiska þýðingu. Vjer vitum, að afskipti Danastjórnar af málum vorum eru opt og tíðum allt önnur en vjer mundum óska, og engum mun það dyljast, að þessi afskipti þeirra hljóti eðlilega að stafa einmitt af þeim verzlunar- og viðskiptafjötrum, sem vjer öldum saman höfum verið reyrðir í við Danmörku. Tækist að losa um þessa fjötra, mundu og afskipti stjórnarinnar dönsku af málum vorum þverra og íslenzka þjóðin á ný geta andað nokkru frjálsar.

En það er einmitt aðal-afleiðingin af frumv. þessu, og þýðingarmesta sporið, sem þjóðin getur stigið, að beina verzluninni frá Danmörku og til þeirrar þjóðar, sem bæði er nær oss, og oss eðlilegra og hagfeldara að skipta við. Hæstv. landsh. spurði, hver ástæða væri til þess, að greiða allt þetta fje fyrir svo lagaðar gufuskipaferðir og járnbrautir, sem frumv. talar um, og þótti honum það viðurhlutamikið að gjöra það, að fornspurðri alþýðu á Íslandi. En jeg hygg óhætt að fullyrða, að alþýða mundi verða þinginu þakklát fyrir, ef því tækist að finna til þess heillavænleg ráð, að viðskiptasambandinu yrði beint í þá átt, sem frumv. ætlast til, og að afskiptum Dana af högum vorum yrði með því ofurlítið hnekkt, og það mun óhætt að segja, að hún mundi með fúsu geði greiða ekki 100000 krónur, heldur þótt 200000 krónur væru til þess, að fá þetta í aðra hönd.

Jeg hef bent á þetta, af því að jeg er maður með því upplagi — þótt það komi sjer stundum miður vel í þessum heimi — að jeg segi afdráttarlaust það sem mjer býr í brjósti. Jeg hef bent á það, segi jeg, að hjer sje ekki einungis um ökonomiskt spursmál að ræða, ekki að eins um það, að beina verzlunar- og viðskipta-straumnum til Liverpool, aðal-verzlunar-miðdepils heimsins, er oss mundi mikil arðsvon að, heldur iafnframt um þýðingarmikið pólitiskt spursmál. Hæstv. landsh. tók það fram, að engin trygging væri fyrir því, að fjelagið fullnægði skuldbindingum sínum, og það er satt, að frumv. er ófullkomið í þessu tilliti, en í nefnd mundi hægt að ráða bót á þessum galla. En þess utan er þess að gæta, að vjer Íslendingar erum þeir vesalingar, að oss er það hollast, að fara eigi of freklega í slíkar tryggingakröfur, svo að vjer eigi setjum enskum auðmönnum stólinn fyrir dyrnar, og fælum þá þannig frá því, að gera enskt »kapital« arðberandi og starfandi á meðal vor. Englendingar eiga sjálfsagt kost á, að verja fje sínu víðar en á Íslandi, og annarstaðar mun þeim ekki minni arðsvon af því en hjer; það er því varúðarvert fyrir oss, að gjöra oss mjög stóra gagnvart þeim, ef vjer viljum hæna þá að oss. Vjer Íslendingar höfum um mörg herrans ár staðið í sambandi við Dani, og auðmenn þeirra hafa átt bezta kost á, að leggja fram fje til framfarafyrirtækja hjer. En hvað hafa þeir gjört? Ekki neitt. Þaðan er því varla fjár að vænta. Herra Sigtryggur Jónasson, landi vor,

maður sem ann ættjörðu sinni, og hefir hugsað um framfarir hennar, þótt hann hafi um hríð búið fjarri henni, hefur nú í heilt ár unnið að því erlendis, að fá enska auðmenn til að »interessera« sig fyrir því, að verja nokkru fje til stór-fyrirtækja hjer á landi; England er peninganna og framfaranna land, og enskt »kapital« er starfandi víðsvegar um heim allan. En ekki er við því að búast, að honum hafi getað orðið mjög mikið ágengt með ekkert í höndunum. Það má fyrst búast við, að hann fái nokkru verulegu um þokað, er hann hefur það í höndunum, og getur sýnt það svart á hvítu, að alþingi Íslendinga vilji veita leyfi til þess, að þau stór-fyrirtæki, sem frumv. fer fram á, megi þeir vinna, og að alþingi í landsins þágu vilji leggja fram nokkuð fje fyrirtækjunum til styrktar.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók það fram, að málið mætti gjarnan bíða næsta þings, svo að hægt yrði að leita álits kjósendanna um það. Jeg óska að vísu, að frumv. hefði komið svo snemma fram, að mjer og öðrum h. þm. hefði gefizt kostur á, að leita álits kjósenda vorra um það, áður en á þing var farið. En jeg efast ekki um, að hefðum vjer getað leitað þessa álits, þá hefðu fáar raddir risið á móti því, að þingið legði fram þessar krónur, sem farið er fram á; nei, jeg er þvert á móti sannfærður um það, að þjóðin mundi taka því með fögnuði, enda minnist jeg ekki eins einasta dæmis upp á það, að fjárframlögur þingsins til gagnlegra fyrirtækja hafi *mætt mótspyrnu* kjósenda, en mjer er það aptur á móti full-kunnugt, að landsmenn vilja einmitt sjá einhvern sýnilegan árangur af fje því, sem þeir leggja í landssjóð; þeir eru ekki ánægðir með, að það hverfi að mestu allt til að launa embættismönnum.

Vjer getum og skoðað þetta mál í sambandi við vesturfarirnar. Vjer vitum, að árlega streymir fjöldi manna vestur um haf, og er það vitanlega af því, að þeir eru óánægðir með ástandið, eins og það er hjer á landi. Vera má að vísu, að þeir sjeu þó ekki svo margir, sem líklegt væri, er hjeðan leita af pólitiskum ástæðum, því að almenningur hefir yfir höfuð litla þekkingu á því, hvernig það ástandið í raun rjettri er; þeir vita það ekki, sem skyldi, að þeir lifa undir þeim stjórnarlögum, sem hafa skapað, eða geta skapað oss, innlenda einvaldsherra, landshöfðingja, sem í raun og veru gera hjer hvað þeim gott þykir. Hjeðan munu fleiri fara, af því að þeir sjá, að hjer er fæst það gjört, er til verulegra framfara horfir; en vestan hafsins eiga þeir auðveldara með það, að verða hluttakandi í ýmsum »civilisationarinnar «gæðum. Vjer megum því ekki í pólitik vorri stöðugt halda oss við hið gamla búskaparlagið, heldur reyna að breyta búskapar-aðferðinni í þá átt, sem meir nálgast háttu menntunarþjóðanna; vjer megum ekki gleyma því, að Íslendingum, ekki síður en öðrum, er meðfædd þörfin og löngunin til þess, að verða aðnjótandi hinna sömu þæginda lífsins, sem kostur er á í öðrum menntuðum löndum. Vjer megum því ekki allt af höggva í sama farið, heldur verðum vjer að gjöra eitthvað stórt, eitthvað verulegt, til þess að alþýða manna geti sannfærzt um það, að hjer á landi sje þó í raun veru verið að sýna alvarlega viðleitni til þess, að umskapa svo landið vort, að þjóðinni geti liðið sem bezt, og einmitt í þá átt stefnir nú, að mínu áliti, frumv. það, sem hjer liggur fyrir.

Hæstv. landsh. taldi það einn gallann á frumv., að það gefur fjelaginu vald til að »expropriera« eða taka eignir manna, án þess að í því felist trygging fyrir, að fullt gjald komi fyrir. Það

er satt, að þetta er agnúi, en hann má nema braut við meðferð málsins með því, að binda þennan rjett því skilyrði, að fjelagið hafi ekki heimild til að »expropriera«, nema það greiði endurgjaldið fyrir fram, eða setji nægilega tryggingu fyrir greiðslu þess í hverju einstöku tilfelli.

Hæstv. landsh. vildi og, að mjer skildist, vefengja það, að þeir, sem í frumv. eru taldir stofnendur fjelagsins, hefðu haft umboð til að setja nafn Wilsons þess, sem frumv. nefnir, meðal stofnendanna, og skal jeg ekki svara þessu mörgu, því að jeg býst við, að h. flutningsm. (J. P.) muni gjöra það; en ekki get jeg varizt þess, að mjer komu orð hæstv. landsh. mjög á óvart, og finnst mjer slík vefenging, sem í orðum hans virtist liggja, ganga ósvífni næst gagnvart flutningsmönnum og öðrum aðstandendum frumv. þessa, þar sem gert er ráð fyrir, að þeir hafi tekið nafn hans í heimildarleysi.

Jeg skal svo ekki að þessu sinni fara fleiri orðum um málið, en jeg vona, að nefnd verði skipuð í það, því það er þess vert, að það sje sem rækilegast íhugað; og jeg óska þess af heilum hug, að frumv. verði samþykkt hjer á þinginu, en jeg skal taka það fram, að ef það á annað borð ætti fyrir frumv. þessu að liggja, að verða eigi að lögum, þá kynni jeg betur við, að þau forlög væru eigi þinginu að kenna; látum stjórnina hafa ábyrgðina og heiðurinn af því, að fella þetta frumv., ef henni svo sýnist; jeg trúi því naumast, að hún hugsi sig eigi vel um, áður en hún gerir það, þar sem mál þetta svo mjög horfir landi voru til framfara.

Forseti: Jeg óska, að jeg þurfi eigi framvegis að heyra í ræðum frá þingmannabekkjunum slík orð sem *ósvífni*, eða að sá og sá tali ekki af sínu eigin.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Jeg vil áður en umræðunum heldur lengra áfram, athuga ýmislegt af því, sem fram hefur verið tekið móti málinu, bæði frá stóli hæstv. landsh. og af h. 1. þm. Árn. (Tr. G.). Hæstv. landsh. gat þess, að hlutafjelag það, sem ætlað væri til að framkvæma það, sem frumv. gjörir ráð fyrir, væri ekki til. Jeg vil einungis upplýsa um, að það er miklu eðlilegra, að það er ekki til, en að það væri til, vegna þess, að slík rjettindaskrá, sem frumv. þetta geymir, verður að vera til, áður en fjelagið myndast. Þetta leiðir af hlutarins eðli. Það er víst mjög óvenjulegt, þegar um slíkt stór-fyrirtæki er að ræða, að nokkur maður vilji skuldbinda sig til að framkvæma nokkuð, áður en vissa er fengin fyrir, að hann muni verða aðnjótandi þeirra rjettinda, sem nauðsynleg eru til að koma stórvirkinu fram. Hæstv. landsh. hafði það að athuga við frumv., að engin ákveðin ferðaáætlun væri í því. Þetta er ekki fyllilega rjett; í frumv. er ákveðið, að skip fjelagsins skuli fara tvisvar á mánuði milli Englands og Íslands og einu sinni á mánuði á vetrum. Það er því engum vafa undir orpið, hve tíðum ferðum heitið er. Það er næsta eðlilegt, að engin ákveðin ferðaáætlun sje sett í frumv. fyrir strandferðaskipið, því að þegar um svo stórt skip er að ræða, þá er torvelt að slá henni fastri fyrir fram; hitt er hentugra, að skipið sjálft leiti uppi flutningaþörfina og afli sjer annarar nauðsynlegrar reynslu áður en ferðaáætlun þess sje fastákveðin.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. tók fram, að það væri óaðgengilegt, að engin trygging væri hjer fyrir nokkrum framkvæmdum, þá vil jeg geta þess, að það er að minnsta kosti meiningin og svo til ætlazt, að fjelagið verði fært um og reiðubúið til að gefa nægar

tryggingar í tíma, áður en til framkvæmda kemur. Þetta er sjálfsagt til þess, að þingið reiði sig ekki á þær ferðir, sem svo ekkert yrði af. Svo er til ætlazt, að vissa sje komin fyrir því, að ferðirnar byrji með nýjári 1896, áður en næsta þing fer að fjalla um fjárlög vor.

Atriðinu um »expropriationina« hefir h. þm. Ísf. (Sk. Th.) svarað á sama hátt og jeg hafði hugsað mjer; enda er svo, að fyrst frumv. gjörir ekki ráð fyrir öðru, þá liggur það í hlutarins eðli, að rjettur hins einstaka sje þannig tryggður, að eigi sje ætlazt til, að hann verði af með eign sína nema full borgun komi fyrir.

Hæstv. landsh. vildi fá vissu fyrir, að vjer hefðum umboð frá Wilson til að setja nafn hans á frumv. Því er svo að svara, að það er vitanlega á vorri ábyrgð, að nafn hans stendur hjer, en á þeim tíma, sem nauðsyn ber til — nú sýnist mjer hún ekki vera — þá mun hægt að leggja fram nægar sannanir.

Hæstv. landsh. þótti það athugavert, að þegar skyldi veita styrk fyrir hinar fyrstu tíu mílur af járnbrautinni. Jeg skal játa, að þeim ákvæðum kynni að mega koma heppilegar fyrir, og mun jeg íhuga það nákvæmlega.

Hæstv. landsh. spurði, hví lög þessi skyldu samin eptir enskri venju. Því er fljótt svarað; það er af því, að þeir sem lofað hafa hluttöku í fjelaginu með 50000 pd. sterling eða 900,000 kr., þeir hafa áskilið sjer slíka rjettindaskrá að enskum sið. Það segir sig sjálft, að þeir muni ekki vera eignalausir, en eigi hef jeg heimild til að gefa nákvæma skýrslu um þá. En til þess að enskir auðmenn vilji sinna máli þessu, þarf þessi lög; það er ekki til neins að ætla sjer að láta þá eiga eptirgangsmunina. Stæðu ekki öflugir menn á bak við, þá mundi mjer ekki hafa dottið í hug, að gjörast flutningsmaður málsins. En það skal jeg játa, að frumv. stefnir að því, að gjöra Englendingum aðgengilegt, að taka þátt í fyrirtækinu, en það stefnir líka að því, að gjöra öllum heiminum og þar með Íslendingum sjálfum aðgengilegt að taka þátt í fyrirtækinu. Það er eigi að eins venja í Englandi, að áskilja að fá slíka rjettindaskrá fyrir fram áður en fjelög eru stofnuð; jeg veit að það má færa dæmi til hins sama eigi einungis utanríkis, heldur og í sjálfu hinu danska ríki. Mig furðar því, að menn, sem kunnugir ættu að vera viðskiptalífinu, skuli setja þetta út á frumv.

Hæstv. landsh. talaði um mína trú á máli þessu, og hina siðferðislegu ábyrgð, er vjer tækjum oss á herðar með því að styðja það. Hæstv. landsh. lagði þann skilning í orð mín, að jeg hefði ekki trú á málefni þessu. En sá skilningur hans er misskilningur. Jeg sagði að eins, að vera mætti að sumir h. þm. hefðu ekki trú á, að járnbrautir mundu þrífast hjer á landi, en jeg byggist við að öllum þættu skipaferðirnar æskilegar. En fyrst jeg á að fara að gefa trúarjátning mína, þá er hún sú, að jeg hef trú á framtíð Íslands, trú á því, að það geti tekið stórkostlegum framförum, og að það geymi feiknamiklar ónotaðar auðsuppsprettur. Vitanlega hef jeg ekki trú á framtíð Íslands, ef vjer kútveltumst áfram í aumingjaskap og aðburðaleysi, en jeg hef trú á henni, ef oss tekst að reka á braut tortryggnina og framtaksleysið, ef oss tekst að eyða vantrúnni á, að hjer sje nokkuð hægt að gjöra, og að vjer sjálfir getum nokkuð gjört. Jeg hef trú á því, að auðsuppsprettur Íslands geti borið uppi civilisationina, jeg hef trú á því, að gufuafl og rafurmagn geti orðið hjer að góðu liði, ef skynsamlega er að farið;

og jeg hef hjer ekki einungis mína trú við að styðjast. Meðan jeg var prestur á Þingvöllum, átti jeg mörgum Íslendingum fremur kost á, að kynnast útlendingum og skoðunum þeirra, og þessir menn — og meðal þeirra hafa verið stórir »forretningsmenn« — hafa eigi að eins látið í ljósi þá skoðun, heldur fullyrt það sem víst, að það mundi borga sig, að leggja járnbraut frá Reykjavík til Geysis, eigi einungis vegna ferðamannastraums þess, sem þá mundi berast inn í landið, heldur og vegna þess að atvinnuvegirnir mundu umskapast. Jeg var þá svo vantrúaður á þetta, að jeg færði allar þær ástæður gegn því, sem jeg fann. En þessi samtöl hafa þó haft þau áhrif á mig, að jeg hef fengið trú á því, að eigi að eins járnbrautin til Geysis mundi borga sig, heldur og aðrar fleiri járnbrautir um ákveðin svæði þessa lands, — og jeg er glaður í þessari trú, hún er mjer mikils virði. —

»Trúin flytur fjöll«. Það mundi þykja djarft að taka þessi ævarandi heilögu sannindi sjer í munn til þess, að fullyrða, að með trú mætti byggja járnbrautir og umskapa land vort — jeg ætla ekki að segja það beint, en hitt segi jeg, að ef vjer hefðum nógu sterka framfaratrú, þá skyldum vjer sjá, hvort framfarirnar yrðu ekki aðrar og meiri en nú eru þær, og hvort vjer kæmumst ekki betur áfram en með því að halda fast við gömlu vantrausts-kredduna og vantrúna. Jeg vona, að hver sem hefur trú á þessu máli, muni ekki hika við að styðja það og framfylgja því. Verið getur, að sumir hafi góða trú á gufuskipaferðunum, en litla trú á járnbrautunum; þessir menn geta að mínu áliti með góðri samvizku stutt málið, vegna þess, að þeir megi vænta þess, að gufuskipin beri svo mikinn arð, að hvorttveggja geti borið sig.

Hæstv. landsh. fór meðal annara þungra orða þeim harðyrðum um frv., að sjer sýndist það vera agn, beitt fyrir Englendinga. Jeg get frá mínu sjónarmiði skýrt frá, að langt sje frá að tilgangurinn sje að bera út nokkurt agn. Einmitt með því að áskilja fjelaginu styrk af landsfje og ýms rjettindi, sýnist mjer liggja í augum uppi, að vjer auglýsum, að vjer álítum, að hjer sje um þarflegt fyrirtæki að ræða, en ekki um neitt eindregið gróðafyrirtæki; væri svo, þá þyrfti það ekki styrks við.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) kvaðst samdóma hæstv. landsh. í öllum atriðum og þá þessu líka. En þótt ummæli þessi kæmu frá þeim háa stað, sem þau komu, þau ummæli, að skoða frv. sem agn, þá verð jeg með allri kurteisi en mikilli alvöru að biðja mig undanþeginn þeim, og vísa því frá oss stofnendum fjelagsins, að vjer höfum viljað ginna nokkurn til að taka þátt í fyrirtæki, sem vjer sjálfir hefðum ekki trú á.

Ef h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hefir þótt ýmislegt bygt í lausu lopti í frumv., þá mun ekki síður mega segja um áætlun hans, að hún sje í lausu lopti bygð og gagnstæð reynslu liðins tíma, Jeg vil spyrja h. 1. þm. Árn. Tr. G.), hver er munur á gjaldi fyrir vöruflutninga, hver munur er á fargjaldi manna nú, frá því sem var, er gufuskipafjelag það, sem nú heldur uppi ferðum hjer, byrjaði á þeim? Það þarf þó ekki að berja því við, að það standi ver að vígi en hið fyrirhugaða fjelag, þar sem það fær 58000 kr. árlegan styrk, en eigi er gjört ráð fyrir, að hitt fjelagið fái meir en 50000 kr. á ári.

Þótt nú enginn viðurkeppni hafi átt sjer stað öll þessi ár, sem ferðir gufuskipafjelagsins hafa staðið, þrátt fyrir það þótt ferðalög með þeim skipum hafi verið afar-dýr, og flutningsgjald á vörum óviðunanlega hátt, þá er líklegt, að

þetta fyrirtæki verði einmitt til að innleiða viðurkeppni, en ekki til að útiloka hana, eins og h. þm. (Tr. G.) var hræddur um. Jeg tel það nefnilega víst, að skip muni halda áfram eins og verið hefir að ganga á milli Íslands og Danmerkur eptir ákveðinni ferðaáætlun, og þegar svo hitt skipið milli Liverpool og Íslands kemur til sögunnar, þá má telja víst, að viðurkeppni hefjist milli hvorutveggja. Jeg kemst því að alveg öfugri niðurstöðu við h. þm. (Tr. G.). Það er líklegt, að vjer getum fengið gott milliferðatilboð fyrir 70,000 krónur, en hitt er óvíst, að það gjald muni fara bráðlega lækkandi og að lokum orðið ekkert. Að minnsta kosti efast jeg um, að h. þm. (Tr. G.) geti lofað oss nokkru um það.

H. þm. (Tr. G.) talaði um, að hann vissi ekkert um, hvert þessar 50 mílur af járnbrautinni mundu verða lagðar. Mjer skildist svo sem hann gerði ráð fyrir, að verið gæti, að brennisteinsfjelagið tæki að sjer að leggja einar 10 mílur til Krísivíkur, til þess að geta flutt þaðan brennistein sinn, og fyrir þetta ætti það svo að fá 10,000 krónur á ári. Mjer þótti vænt um, að h. þm. (Tr. G.) minntist á fjelag þetta, því að það hefir gert Íslandi mikið gott, gefið mörgum manni atvinnu, en víst ekki á neinn hátt fjeflett landið; það er því varla hægt fyrir oss að minnast á það öðru vísi en með hlýjum hug, og það skyldi gleðja mig, ef það gæti haldið áfram að reka námurnar í Krisuvík með arði. Hjer kemur annars fram vottur þess, hve langt afleiðis menn geta komizt, þegar menn brestur gild rök, en vilja þó rífa niður. Það er þó sannarlega að grípa í lausu lopti allólíklega getgátu, að fara að bendla brennisteinsfjelagið við þetta frumvarp og hlaupa út frá því og hinni fyrirhuguðu járnbraut allar götur suður í Krísuvík, þar sem þó öllum h. þingdm. mun kunnugt orðið, að brautin er meðfram stíluð upp á útlenda ferðamenn (túrista), og á að leggjast um Suðurlandsundirlendið, það svæði, sem einna framfaravænlegast er á landi voru, og líklegast til að geta haldið uppi arðberandi járnbrautaferðum. Nú er tilætlunin, að brautin liggi austur hjá Þingvallavatni. Það þarf því ekki annað en taka uppdrátt Íslands og mæla út á honum, hve langt hún muni ná þar austur eptir. (*Tr. G.*: Hvar stendur Þingvallavatn í frumv.?) Það stendur að vísu hvergi í frumv., en jeg hjelt, að það hefði verið auglýst svo rækilega fyrir h. neðri deild á prívatfundi, hvar áformað væri að leggja brautina, að h. þm. (Tr. G.) gæti ekki verið ókunnugt um það, úr því hann var á þeim fundi.

H. þm. (Tr. G.) kom enn fremur með það, að af venjulegum járnbrautum kostaði hver míla hjer um bil 500,000 krónur, en hjer væri gert ráð fyrir, að hver dönsk míla kostaði að eins 100,000 krónur, og vildi fá vitneskju um, hvort slík braut mundi geta orðið að gagni. Jeg get upplýst h. þm. (T. G.) um, að jeg hef sjeð áætlun og framboð um að leggja slíkar brautir, og einnig vitnisburð um, hvernig þær hafi dugað bæði á Indlandi og í Ameríku, og gæti jeg þegar gefið all-ítarlegar skýrslur um það, en jeg álít rjettara að gefa þær skýrslur nefnd þeirri, sem jeg álít ótvírædilega, að skipuð verði í málið, þrátt fyrir hin eindregnu mótmæli, sem fram hafa komið gegn því.

Hæstv. landsh. tók það fram, að svo liti út eptir frumv., að þegar í stað ætti að fara að borga út þessar 50,000 króna, er lögin hefðu náð staðfestingu, og

mundi það ríða í bága við fjárlögin; en þess er að gæta, að það stendur beint í frumv., að útborganir skul fara fram með því skilyrði, að fjelagið láti gufuskip þau sem nefnd eru í 41. gr. ganga á þann hátt, sem þar eru ákveðið, og að útborgun til brautar fari því að eins fram, að brautin sje lögð og vagnar teknir að ganga á henni. Ennfremur er ákveðið, að styrkurinn allur skuli veitast á fjárlögum, en þar af leiðir, að hann getur ekki orðið til, og þess vegna heldur ekki krafa til hans fram komið, fyrri en hann stendur veittur á staðfestum fjárlögum. Þess vegna ríður frumv. þetta alls ekki í bága við gildandi fjárlög, og fellur sú mótbára því burt. Tilætlunin er, að byrja ekki ferðirnar fyr en um nýár 1896, en hafa að eins undirbúið málið svo, að vissa sje orðin fyrir því fyrir þing 1895, hvort af þeim verði eða ekki. Eptir frumv. þarf og fyrst að setja þessar 50,000 króna útgjaldamegin í fjárlögin, áður en til greina getur komið að greiða þær. Hjer er því í rauninni alls engin hætta fyrir hendi. En vilji hæstv. landsh. láta orða ákvæði þetta öðru vísi, þá vona jeg, að nefnd sú, sem jeg geri ráð fyrir að verði skipuð í málið, muni verða fús á það, og yfir höfuð fús á að laga sig eptir bendingum hæstv. landsh. í því, sem betur má fara.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) leit á mál þetta frá pólitisku sjónarmiði; jeg skoða það frá praktisku sjónarmiði og álít að frá því sjónarmiði hafi það svo mikla þýðingu, að sá styrkur, sem farið er fram á að veita fjelaginu, sje minni en við mætti búast. Það er að vísu erfitt að spá, en þó vil jeg spá því, að þjóðinni muni þykja styrkurinn ótrúlega lágur í samanburði við það verð, sem hún hefir að undanförnu orðið að kaupa hvert framfaraspor í þá átt.

Þessar eru hinar helztu athugasemdir, sem jeg hef að gjöra að sinni um mótbárur þær, sem komið hafa fram gegn frumv.

Valtýr Guðmundsson: Jeg skal eigi tala um hin einstöku atriði frumv. að þessu sinni, eða telja upp agnúa á því; þeir eru margir, sem mætti laga í nefnd; á ýmsa af þeim hafa menn bent, en suma ekki.

En jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um málið í heild sinni.

Aðaltilgangur frumv. er að bæta samgöngur hjer á landi og til útlanda. Ef þingið nú hafnaði þessu máli og neitaði jafnvel að setja nefnd í það, þá ætla jeg, að það mundi lengi vera í minnum haft, hve alþingi 1894 hafi verið mislagðar hendur. Það væri óskandi, að áður en þessi öld rynni til viðar, fengi Ísland líka einhver not af þeim tveim miklu náttúruöflum, sem á 19. öldinni hafa gjört þjóðirnar svo voldugar: gufuaflið og rafmagnið. Hið fyrra, gufuaflið, er töluvert notað hjer við land, en enn sem komið ekki í landinu, enda er það dýrt; aptur hefir hið síðara alls eigi verið notað hjer, og þó mundi það vera ódýrt einmitt hjer; þar sem til dæmis fjelagið vill fá rjett til að hita og lýsa upp bæi, þá mundu menn óvíða neita slíku boði, einkum þar sem eins vel á stendur og hjer í Reykjavík, að aflið er rjett við hendina, en ónotað. Eða gæti eigi Reykjavík notað vatnsaflið í Elliðaánum til að lýsa upp hús og götur, eins og bændur í Svíþjóð geta notað bæjarlækinn hjá sjer til að lýsa upp bæi sína? Reyndar er ekki fjelaginu með frumv. gert þetta að skyldu, en það fær leyfi til þess. Hitt aflið, gufuaflið, vill fjelagið nota til að auka samgöngur vorar; en það er augljóst, að samgöngurnar eru hyrningarsteinar undir velmegun og bæði líkamlegum og andlegum þroska þjóðarinnar. Auðmagnið er grundvöllur

hins andlega þroska; skilyrði fyrir því, að hinn andlegi þroski aukist, er, að auðmagnið aukist, að þeir sem í landinu búa hafi eitthvað handa á milli, þess vegna ættu þeir menn, er fylgja háskólanum hjer á þingi, að taka þessu frumv. tveim höndum, því leiðin til háskóla er, að auðmagnið aukist í sjálfu landinu.

Jeg ímynda mjer, að enginn h. þingdm. efist um, að gufuskipaferðirnar borgi sig. Það er jafnvel langt of mikið fje til þeirra, $1^1/_2$ miljón í 30 ár, en meiningin er, að afgangurinn gangi til hins fyrirtækisins, járnbrautarinnar. Margir h. þingdm. eru þeirrar skoðunar, að slíkt o: járnbrautir, muni aldrei borga sig hjer; aðrir halda að það muni seint borga sig; jeg hef þá trú, að það muni borga sig. Landið er hrjóstrugt, en það mætti nota það betur, ef hyggilega væri að farið. Frá Íslandi hefir verið sent gras til útlanda og verið rannsakað (analyserað) á verkstofum efnafræðinga (laboratorium) — það var sent frá Hólum í Hjaltadal —, og menn hafa fundið, að það er korngæft; svo kostgott er grasið hjer á landi. Landkostir hjer eru svo góðir, að ef landið væri notað sem skyldi, og það af landinu ræktað, sem hægt er, þá hlyti velmegun að aukast hjer að stórum mun. Nú hagar svo til, að þar sem til ætlazt er, að járnbrautina skuli leggja, er á svo stóru svæði, að það tekur yfir tvær dagleiðir frá austri til vesturs og norðri til suðurs, tómt gras; væri þetta svæði vel ræktað, gæti eins margt fólk og nú er á öllu Íslandi lifað þar. En til þess að landið verði svo ræktað, eru fyrst og fremst nauðsynlegar góðar og greiðar samgöngur, að mönnum veiti hægt að fá markaði fyrir afurðir sínar; — þetta fæst með gufuskipaferðunum. Þá má hafa stór kúabú, 100—200 kýr á búi, og mikla smjörgerð; þá verður auðvelt að senda bæði kjöt og osta og smjör til annara landa.

Sumir kunna að efast um, að slík bú geti komizt á hjer á landi; þá vil jeg leiða athygli þeirra að því, að fyrr á öldum hafa svo stór bú verið hjer á landi; frá landnámstíð og allt fram á 15. öld má finna eigi allfá stórbú; dæmi eru til, að menn hafa haft hjer fleiri hundruð nautgripi á búi. Jeg skal gefa þeim h. þingdm., er æskja þess, upplýsingar, er sýna þetta. Það má finna ýmsa staði í fornum skjölum, er sýna það ljóslega. Þegar ferðirnar væru komnar á, mundi koma upp ýmislegt annað að starfa; hvers vegna mætti ekki koma upp mikilli svínarækt hjer, eins og fyrri daga? Víða finnst þess getið í gömlum skjölum, að menn hafi haft 30, 60, 70 og jafnvel 100 svín á búi; þetta var frá landnámstíð og allt niður á 13. öld, og á einum bæ í Skaptafellssýslum voru 1251 50 svín. Þó eru Íslendingar nú svo á eptir í svínarækt, að þeir ekki einu sinni þekkja nöfnin á karldýri og kvendýri.

(*Forseti*: Jeg vil biðja h. þm. þess, að fylgja betur efninu).

Jeg hef viljað benda á, að járnbraut mundi geta fengið margt að starfa hjer á landi; þarfirnar mundu aukast og vörumagn landsins.

Af því eigi hafa komið fram nein sjerstök mótmæli gegn því, að járnbraut gæti komizt hjer á, þá skal jeg nú snúa mjer að því sem hæstv. landsh. sagði. Hæstv. landsh. kvað vanta tryggingu gagnvart þeim rjettindum, sem fjelagið áskilur sjer. Jeg hef kynnt mjer, einmitt í þessu skyni, járnbrautarfrv. í Danmörku. Þar er engin trygging heimtuð fyrir fram. Í ríkisdeginum 1893 voru ýtarleg lög um járnbrautir, og voru þau samþykkt nú í vetur, sem sjá má af Ríkisdagstíðindum frá þessu

ári (Tillæg A. bls. 3179). Þar er engin trygging heimtuð fyrir fram og þó er stjórninni veitt heimild til að veita leyfið og út borga helming kostnaðarins, þótt fyrst væri að eins farið fram á 80 þúsund fyrir hverja brautarmílu. Aðalstefna brautanna var að vísu ákveðin, en að öðru leyti var til ætlazt, að stjórnin kæmi sjer saman um það við þá, er fyrir verkinu stæðu, hvar brautin lægi.

Þess háttar »concessionir« eru mjög almennar; mjer er í fersku minni, að bæjarstjórn Kaupmannahafnar — í henni eru 36 menn, jafnmargir og á þinginu hjer, en bæjarbúar 300 þúsund — veitti manni leyfi (concession) til að hafa gufubátaferðir á Vötnunum, án þess að hafa nokkuð í höndum. Maðurinn var fjelaus, en þekktur að dugnaði, og á einni viku fjekk hann, með »subscription«, svo mikið fje sem þurfti til fyrirtækisins.

Sje það ábyrgðarhluti fyrir alþingi, að leggja fje í fyrirtæki, sem ekki borga sig, þá hefir þingið allopt orðið að sætta sig við það; ekki hafa fjallvegirnir borgað sig. En þeir hafa orðið til hagnaðar fyrir landsmenn, og á þann hátt óbeinlínis borgað sig. Fari svo, að fjelagið tapi á fyrirtækinu, þá snertir það eigi alþingi; fjelagið verður að ábyrgjast sig sjálft.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók það fram, að öll samkeppni yrði útlokuð, ef fjelaginu yrðu veitt þessi einkarjettindi um svo mörg ár; þessu hefir að nokkru leyti verið svarað. En jeg vil halda því fram, að líkindi eru til, að samkeppnin mundi einmitt aukast; án efa mundu gufuskipafjelögin dönsku keppa um ferðirnar.

Jeg skal játa það, að undirbúningur málsins er ónógur, eins og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) benti á; en ástæðan er sú, að málið mátti eigi bíða og varð að koma fram á þessu þingi; aðalforgöngumaður málsins, herra Sigtryggur Jónasson hefir lýst yfir því, að yrði málinu eigi sinnt að þessu sinni, mundi það falla niður. Þetta má ekki ske, því ekki er líklegt að menn bjóði sig fram hópum saman til slíkra fyrirtækja.

Þar sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) vildi fá mann sendan af stjórninni til að undirbúa fyrirtækið, þá vil jeg spyrja: Er það æskilegra eða heppilegra, að við tökum þann kostnað upp á okkur, heldur en að fjelagið geri það?

Jeg sje yfir höfuð ekki, að hjer sje nokkuð í hættu. Auðvitað er ómögulegt að samþykkja frumv. í því formi, sem það er nú, en væri það sett í nefnd, hygg jeg, að það gæti orðið nokkurn veginn aðgengilegt. Jeg skal taka það fram aptur, að í Danmörku tíðkast sú tilhögun, að stjórninni veitist heimild til að veita leyfi hjer að lútandi með vissum ákvæðum.

Jeg get að endingu eigi stillt mig um að mótmæla nokkrum orðum í ræðu h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.). Hann hjelt því fram, að frumv. hefði pólitiska þýðingu og gæti orðið til þess, að fjarlægja Ísland frá Danmörku, og að hæstv. landsh. af þessum ástæðum væri því mótsnúinn. Þessum skilningi mótmæli jeg algjörlega. Í frumv. leynist enginn pólitiskur tilgangur, og hæstv. landsh. er hjer heldur ekki sem fulltrúi hinnar »dönsku« stjórnar; hún kemur okkur ekkert við í okkar sjerstöku málum; hann er hjer sem fulltrúi stjórnar Íslands; það eina sem vakir fyrir mjer er, að frv. mundi hafa mikil áhrif í þá stefnuna, að koma upp atvinnuvegum landsins með því, að bæta samgöngurnar.

Málið varðar Ísland og þá íslenzku stjórn bæði hjer og í Danmörku, og jeg er viss um, að stjórnin muni eigi taka tillit til annars í þessu máli en hvað heppilegast sje fyrir hag Íslands; að hinu mun hún eigi spyrja, hvort öðr-

um þegnum í Danaríki sje þetta geðfellt eða eigi.

Jeg skal eigi fara fleiri orðum um þetta mál að svo búnu. Jeg er því meðmæltur, að skipuð sje nefnd í það.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg tek til máls af því, að mjer hefir virzt h. þingdm. hafi misskilið mig, í þá átt, að jeg álíti málið lítils virði og vilji fella það. Jeg er engan veginn á móti málinu í heild sinni, en mjer þykir hörmulegt, hve undirbúningurinn er ófullkominn í svo mikils um varðandi máli, og hef því viljað benda á það, sem mjer finnst mest athugavert við málið, eins og það liggur hjer fyrir.

Enginn veit, hve langt þessar 50 mílur ná, og engin bending gefin í frumv., hvar taka á þann kostnað, sem leiðir af því, að bæta þarf við brautina til að ná til ákveðins staðar. Ef það kæmi fram, þegar búið er að meta, hvað brautin kostar, að helmingi meira fje þyrfti til fyrirtækisins en í frumv. er tiltekið, þá færi svo, að þingið gæti eigi ráðizt í fyrirtækið, af því það væri landinu ofvaxið; þá yrðu þessi lög og öll fyrirhöfnin til ónýtis. Vegna undirbúningsleysis og óvissu er ómögulegt fyrir þetta þing að fullráða nokkuð um jafnstórt fyrirtæki. Þingið þarf fyrst að vita nokkurn veginn, hve mikill kostnaðurinn mundi verða, svo sjeð verði, hvort mögulegt er fyrir landið að byrja á slíku verki.

Þá er enn eitt atriði, sem jeg vil benda á, og nefndin, er líklega verður sett í málið, þarf að laga. Í frv. stendur, að 1 aktia sje 100 kr. og gefi 1 (eitt) atkv.; þá gefa 50,000 kr. (= 5,000 akt.) 5,000 atkv.; þetta er hættulegt fyrirkomulag. Í þeim hlutafjelögum, sem ná yfir stórt svæði, er ávallt reynt til þess, að sem flestir hluthafendur gætu notað atkvæði og rjettindi sín; en hjer getur einn maður, sem hefir margar aktíur, ráðið öllu. Eins er það óviðkunnanlegt, að fjelagið heitir: «Íslenzkt fjelag«, en þó skulu aktíur ráða atkvæðum. Hjer á landi er eigi svo mikið fje, að mikið af aktíum og atkvæðum verði í höndum innlendra manna, en þar af leiðir, að innlendir menn fá litlu ráðið um stjórn og störf fjelagsins. Af þessu leiðir enn fremur, að megnið af aktíunum verður útlent, og útlendingar verða ráðandi í stjórn og öllum fyrirtækjum fjelagsins. Jeg vona, að h. þingdm. sjái, að hafi einn maður 5,000 atkv., þá þarf marga menn með fáum aktíum til að ráða við atkvæði þessa eina manns.

H. þm. Dal. (J. P.) hefir misskilið hjá mjer orðið »konkurrence«; hann hafði eptir mjer, að þetta fyrirkomulag útilokaði samkeppni. Mín meining var þessi, að ef alþingi lofaði einu fjelagi styrk og einkarjettindum í 30 ár til gufuskipaferða til landsins og kring um það, þá væri ekki hægt að styrkja neitt annað fjelag á landssjóðs kostnað á meðan, þó einhver heppileg tilboð kæmi fram frá öðrum á þessum 30 ára tíma; en að þetta fyrirtæki gæti fyrirbyggt eðlilegan »konkurrence« milli vöru- og flutningaskipa yfir höfuð, hefir mjer ekki komið til hugar.

Mig furðar á, að heyra menn segja, að óhjásneiðanlegt sje að taka þessu tilboði, því annars hætti þessir menn, sem nú hafa tekið að sjer forgöngu þessa máls, og málið sje þá fallið; en mjer er þó óhætt að fullyrða, að til eru fleiri auðmenn á Englandi, sem væru megnugir að leggja í þetta fyrirtæki, ef það annars hefir lífsskilyrði í sjer. Það er því ekkert hættulegt, þó þessir hugsuðu auðmenn á Englandi hætti, og miklu varlegra farið, að hrapa ekki að málinu á þessu þingi.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Jeg skal að eins gera stutta athugasemd

viðvíkjandi orðum h. 1. þm. Arn. (Tr. G.) um »konkurrence«.

H. þm. hjelt því fram, að konkurrence væri útilokaður, ef þingið veitti þessu fjelagi rjett til gufuskipaferða nú um 30 ára tíma, og að þá gæti laadssjóður eigi sinnt öðrum fyrirtækjum á meðan. Þetta er í mótsögn við það, sem komið hefir fram í umræðunum. Það hefir verið tekið fram af sumum þingdm., að 50 mílna járnbraut mundi eigi borga sig beinlínis fyrstu 10 árin, og að til þeirra yrði að leggjast að einhverju leyti styrkurinn, sem skipunum væri ætlaður; ef þetta væri rjett, þá ætti ekki að vera frágangssök, að konkúrrera við þessi skip. En þó að brautirnar væru alveg aðskildar frá skipunum og nytu einkis af þeirra styrk, — þá mundi millilandaskipið mega teljast styrklaust allt um það, því strandferðaskipið, sem aldrei færi utan meðan það væri í ferðum ár hvert, mundi gleypa fyrst um sinn þenna skipastyrk. Milli-landaskipið yrði því í raun rjettri styrklaust; en þá mundi skip með 40 þúsund króna styrk (sem póstskipin nú fá af dönsku stjórninni) geta keppt við þetta skip og standa talsvert betur að vígi en það. Jeg fæ því eigi sjeð, að þetta geti bolað önnur skip frá siglingum hingað til lands.

Jeg get sagt það, að þeir h. þingdm., sem eigi trúa því, að þessi fyrirtæki borgi sig beinlínis, verða að trúa því, að þau borgi sig óbeinlínis. Jeg vil bera fyrir mig hin merkilegu orð hæstv. landsh. (M. St.) við vígslu Ölvesárbrúarinnar; hann ljet þá skoðun í ljósi — hvort hann bar hana fram sem eigin kenning, eða sem rökstudda og viðurkennda kenning annars merks og áreiðanlegs manns, það man jeg ekki —, að allir þeir, er á Íslandi byggju, gætu komizt fyrir á Suður-undirlendinu, ef jörðin væri nægilega ræktuð. Mig minnir, að hæstv. landsh. talaði við það tækifæri á þessa leið, en það eru merkileg orð, og jeg vil taka þau upp aptur og trúa þeim.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) fann það að, að eptir frumv. gæfi sjerhver aktía eitt atkv. Jeg skal játa, að í fyrstu sýndist mjer þetta óaðgengilegt, en eptir nákvæmari umhugsun fannst mjer þessu ekki mega breyta; peningaábyrgðin hlýtur eðlilega að ráða atkv.; í annan stað eru útlendingar meiri »forretningsmenn« en Íslendingar og verða því að ráða meiru. Þeir sem þekkinguna hafa meiri og meiri peninga leggja til, þeir verða að ráða meiru í fyrirtækjum en hinir, sem lítið leggja fram; það sýnist mjer vera sanngjarnt, og þess vegna fjell jeg frá að breyta þessu atriði í frumv. Allt um það er fjelagið íslenzkt, því það hefir varnarþing á Íslandi; óhugsanlegt var að fara lengra, einkum vegna þess, eins og h. 1. þm. Arn. (Tr. G.) tók fram, að hjer eru engir auðmenn.

Jeg skal eigi gera fleiri athugasemdir við ræður þeirra h. þingdm., er talað hafa; jeg vil að endingu stinga upp á því, að sett sje 7 manna nefnd í þetta mál.

ATKVGR.: Samþ. með 19 atkv. að setja 7 manna nefnd í málið; hlutu þessir nefndarkosningu:

Jens Pálson	með	21 atkv.
Sk. Thoroddsen	—	16 —
Tr. Gunnarsson	—	15 —
J. Jónss., þm. Eyf.	—	15 —
Jón Jensson	—	14 —
Sig. Gunnarsson	—	13 —
V. Guðmundsson	—	13 —

Fyrstu umræðu frestað.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hrafneyri við Hvalfjörð (C. 2); 2. umr.

ATKVGR.: Frv. samþ. umræðulaust

með öllum þorra atkv., og fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með öllum þorra atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Seleyri við Borgarfjörð (C. 2); 2. umr.

Flutningsmaður (*Þórhallur Bjarnarson*): Eins og h. þingdm. munu hafa heyrt frá forsetastólnum, eru upplýsingar þær, sem jeg, við 1. umr. í máli þessu, lofaði, nú komnar.

Upplýsingarnar sýna, að inn að Seleyri reyndist fullgóð innsigling, þegar »Elín« var þar á ferðinni í sumar, og skipalægi viðunanlegt.

ATKVGR.: Frv.greinin samþ. með öllum þorra atkv.; fyrirsögnin samþ. án atkv.greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn (C. 24); 1. umr.

Málið var tekið út af dagskrá.

Tillaga til þingsályktunar um kennslu í íslenzkri tungu (C. 16); *hvernig ræða skuli.*

Forseti stakk upp á 2 umr. og var það samþ. í e. hlj.

Sjötti fundur, þriðjudag 7. ágúst, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands (C. 7); 1. umr.

Flutningsmaður (*Benedikt Sveinsson*): Það skulu vera mín fyrstu orð, að lýsa yfir því, að það er ekki af fordild frá minni hálfu, að jeg ber þetta mál fram fyrir h. þingdeild. Eptir minni sannfæringu hefði það bæði verið rjett, eðlilegt og heppilegt, að stjórnin sjálf hefði lagt þetta frumv. til stjórnarskipunarlaga fyrir alþingi, og það atriði virðist mjer í raun og veru svo þýðingarmikið, að maður naumast geti komizt hjá, að velta fyrir sjer ýmsum spurningum út af því, að stjórnin hefir látið þetta ógjört, sem henni þó bar að gjöra. Sem svar upp á þetta, eða skýringu á þessu, getur manni þá fyrst dottið í hug, að stjórnin hafi ekki viljað leggja frumv. fyrir þingið af því, að hún hafi ekki viljað láta það vera neinum vafa undirorpið, að hún vildi ekki hlynna hið minnsta að málinu, eða vera því sinnandi á nokkurn hátt; en auglýsingin af 15. des.ber f. á. girðir svo ótvíræðilega fyrir þann ótta, sem stjórninni gat staðið af því, að uppfylla skyldur sínar, hvað framlagning frumvarpsins snertir, að slík skýring verður ósamboðin stjórninni. Önnur útlegging á aðgjörðarleysi stjórnarinnar, sem jeg fyrir mitt leyti engan veginn vil halda fast fram, er sú, að í þessu sje fólgin blátt áfram lítilsvirðing frá stjórnarinnar hálfu gagnvart alþingi og hinni íslenzku þjóð! Þessari skoðun, þó hún liggi ærið nærri, dettur mjer sem sagt ekki í hug, að halda fram. En svo mikið verð jeg að segja, að jeg get ekki dulizt þess, að mjer virðist það koma hjer allt of mjög fram, og liggja í augum uppi, að stjórnina skorti samvinnuhug í þessu máli við alþingi miklu meira en góðu hófi gegnir, og fellur mjer það mjög illa, því þó að jeg geti manna minnst lagt til samkomulags í þessu máli, þá er jeg ekki viss um, að nokkur maður hafi meiri áhuga á því en jeg. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta atriði, en að eins benda á það, að ábyrgðin liggur hjer stjórnarinnar megin.

Þá skal jeg því næst taka það fram,

að jeg vil sannarlega ekki vekja umræður og vífilengjur um þetta mál, þetta mál, sem er búið að hugsa svo lengi, ræða svo lengi, álykta svo lengi, og á hinn bóginn svo lengi búinn að vera ágreiningur um, hvað einstök atriði snertir. Það liggur í hlutarins eðli, að þingið hefur fyrir sjer sögu þessa máls, aðgjörðir hinna fyrri þinga í því, og hlýtur að haga aðgjörðum sínum eptir því. Það er svo um hvert mál, að það hefur sína sögu og hver þingmaður hefur ábyrgð á því, gagnvart þjóðinni í heild sinni, að hann leggi það til þessa máls, sem er sögu þess samboðið. Þetta mál hefur í rauninni verið á dagskrá þings og þjóðar í næstum hálfa öld, án þess enn þá að vera útkljáð samkvæmt rjetti og vilja þjóðarinnar. Þingmenn þeir, sem hjer sitja, mega því vita bezt sjálfir, hvað þeir eiga að gjöra í þessu máli. Þeir fulltrúar þjóðarinnar, sem hjer sátu í fyrra, voru þá orðnir svo þroskaðir, að þeir eyddu ekki óþarfaorðum um málið, og eins vona jeg og óska, að verði enn, enda má svo að orði kveða, að með hverju óþarfaorði, töluðu í þessu máli, falli einn af svitadropum hinna fátæku Íslendinga í sjóinn! Þegar jeg nú renni augunum yfir þennan sal, þá sje jeg, að flest þingmannasætin eru enn skipuð hinum sömu fulltrúum, sem hjer áttu sæti í fyrra, og þeir vita þannig að minnsta kosti, hvað þeir eiga að gjöra í þessu máli. En svo eru hjer að vísu nokkrir nýir þingmenn; en sízt ætti jeg að óttast það, að frá hinu unga blóði eður hinni yngri kynslóð Íslendinga muni koma vífilengjur, ruglingur og staðfestuleysi inn í þetta mál. Jeg vona, að þeir hinir yngri verði ekki eptirgöngumenn, heldur einmitt forgöngumenn þessa máls í framtíðinni, eður svo lengi, sem með þarf. Sem sagt, hjer er ekki um umræður að gjöra, heldur liggur hjer fyrir að álykta, sýna staðfastan vilja þjóðarinnar, þörf þjóðarinnar, rjett þjóðarinnar. Það er þetta, sem h. þingdeildarm. eiga að leggja alla áherzluna á.

En þó mjer þannig síður en ekki virðist þörf á að ræða um málið sjálft, get jeg því miður samt ekki leitt alveg hjá mjer, að minnast á það, sem gjörzt hefur í málinu frá stjórnarinnar hálfu, eptir að frumv. var samþykkt á þinginu 1893. Það er þá opið brjef frá 15. desember 1893 og sjerstaklega konungleg auglýsing til Íslendinga frá sama degi út af ávarpi neðri deildar til konungs í fyrra, sem jeg ekki get leitt þegjandi hjá mjer.

Hvað nú viðvíkur þessari konunglegu auglýsingu, skal jeg fyrir fram geta þess, að jeg held nafni konungsins alveg fyrir utan orð mín og hugsun í þessu máli. Það er vitanlegt, að þó auglýsingin sje kölluð konungleg, þá er hún gefin út af stjórn Íslands, og því á hennar ábyrgð, ef um nokkra ábyrgð gæti annars verið að ræða á Íslandsmálum eða gagnvart alþingi, og bið jeg menn að gæta þess, að þau orð, sem jeg ætla að tala, miða eingöngu til stjórnarinnar, en ekki til H. H. konungsins, og í öðru lagi vil jeg taka það fram, að það skal verða óviljandi, ef jeg viðhef nokkurt orð gagnvart hinni virðulegu stjórn, er sýni, að jeg beri ekki þá virðingu fyrir henni, sem hún á skilið; en tala mun jeg satt og afdráttarlaust um málið til þess, að gjöra það svo ljóst, sem jeg á kost á.

Það er þá, sem sagt, sjer í lagi auglýsingin frá 15. desember 1893, sem jeg vildi fara nokkrum orðum um, og bið jeg h. þingmenn því, að hafa dálitla þolinmæði á meðan. Það er reyndar óþarfi, að fjölyrða um þessa auglýsingu, því hún er í raun og veru ekki annað en bláber ítrekun hinnar alkunnu kon-

unglegu auglýsingar af 2. nóv. 1885, en eigi að síður virðist mjer ómögulegt, að komast hjá, að minnast lítið eitt á hana og taka fram nokkur þau atriði í henni, sem helzt hljóta að vekja eptirtekt. Jeg skal þá fyrst leyfa mjer að gjöra eina almenna athugasemd. — Margir hinna háttv. þingmanna muna sjálfsagt, að þegar hin endurskoðaða stjórnarskrá frá 1885 kom fyrst til umræðu á aukaþinginu 1886, þá stóð upp h. þm. Borgf. (Gr. Th.) og mælti meðal annars: »Það er óheppilegt hjá oss, »að stofna til nýrra kosninga jafnframt »og lýst er yfir, að hvorki frumvarpið til »stjórnarskipunarlaga sjálft, nje stefna »þess, verði samþykkt«. Þessu mótmælti enginn þá, enda var það satt. En jeg segi: það var óheppilegt þá. Það er enn þá óheppilegra nú, og mun þó reynast óheppilegast, ef það kemur fyrir í þriðja sinn. Það er virkilega það mildasta orð, að kalla þetta óheppilegt, vegna þess, að það stríðir augljóslega gegn andanum í 61. gr. hinnar gildandi stjórnarskrár; eða mundi með þessari grein, eða rjettara ákvæðum hennar, ætlazt til, að stjórnin útvegi þannig lagaða yfirlýsingu, eins og hin konunglega auglýsing er, gagnvart því frumv., sem getur ekki orðið lagt fram til staðfestingar fyrir H. H. konunginn fyr en eptir að þetta þing hefur lagt endurnýjað samþykki á það? Nei! enginn skynberandi maður getur látið sjer detta í hug, að það sje samkvæmt orðum eða anda 61. gr. stjórnarskrárinnar, að stjórnin, um leið og þingið er leyst upp og stofnað er til nýrra kosninga, til þess að álykta um málið á ný, þá lýsi yfir því jafnharðan fyrir fram, að þessi samþykkt og vilji þings og þjóðar sje alveg þýðingarlaus. Það sjer hver maður, að þetta nær engri átt. Það sjer hver maður, að þetta er í mesta máta »ókonstitutionelt« frá stjórnarinnar hálfu, og bendir sterklega og augljóslega í þá átt, að hana vanti allan lögskipaðan samvinnuhug við alþingi! Þetta er sá galli og stórlýti frá stjórnarinnar hálfu, sem ómögulegt er að ganga þegjandi fram hjá, hvað feginn sem maður vildi.

Að jeg gangi dálítið nær auglýsingunni sjálfri, þá er þar enn fremur sagt um þetta frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, að það gangi í þá átt, að skilja Ísland frá ríkisheildinni. Jeg fer ekki út í þá smámuni, að rannsaka, hvort þetta frumv. fari lengra í þá átt en frumv. frá 1885, því munurinn á þessum frumv. er svo óverulegur, að þess gjörist ekki þörf. En að frumv. yfir höfuð gangi í þessa átt hefi jeg ekki getað skilið, og skil jeg ekki enn þá og mun aldrei geta skilið. Jeg hefi lengi verið að hugsa um og velta fyrir mjer, í hverju þessi hin kynlega danska ríkisheild gæti verið fólgin, og eptir því, sem jeg hugsa lengur um það, verður mjer æ óskiljanlegra, að þetta frumv. geti gengið í þá átt, að skilja Ísland frá ríkisheildinni, það er að segja, þeirri ríkisheild, sem er lögum samkvæm, samkvæm þeim lögum, sem stjórnin er skyldug að þekkja, og þekkir sjálfsagt betur en jeg.

Getur nú nokkur maður t. a. m. sjeð betur, en að 1. gr. stöðulaganna borin saman við 3. gr. þeirra, dragi af öll tvímæli um það, að öll þau mál, sem nefnd eru í hinni endurskoðuðu stjórnarskrá, sjeu alveg óviðkomandi hinu almenna löggjafarvaldi ríkisins, og þá um leið og jafnframt ríkisráði Dana, sem óaðgreinanlegum lið þess? Mjer virðist það vera að misbjóða rakleiðis heilbrigðri skynsemi, að neita þessu, og að þrátta um það æ ofan í æ, að þetta frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands virkilega fari

lengra en heimilað er í 1. gr. stöðulaganna samanborinni við 3. gr.

Nú skulum vjer þá taka stjórnarskrána sjálfa, sem vjer höfum í höndum. Þar stendur í 1. gr. með tilvitnun til þessara sömu stöðulaga: »Í öllum þeim málum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig«. Að hafa löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig, skyldi það vera sama sem að hafa löggjöf sína og stjórn ekki út af fyrir sig? Annaðhvort verða þessi orð í stjórnarskránni og stöðulögunum þýðingarlaus, eða þessi lög sýna, að það er hvorki rjett nje satt, að þetta frumv. gangi of nærri ríkisheildinni, með því, að skilja Ísland frá henni. Að jeg er fastur á þessum skilningi þarf víst enginn að lá mjer, því það er ekki einungis minn skilningur, heldur alls alþingis 1891, þar á meðal margra hinna konungkjörnu þingmanna. Þann heiður vil jeg ekki draga af hinum konungkjörnu þingmönnum; þeir hafa meira segja gjörzt frumkvöðlar að því árið 1891, að skora á stjórnina um, að ráðgjafi Íslands sæti ekki í ríkisráði Dana, að því er hin sjerstöku mál Íslands snertir. Og fyrir utan allt það þrennt, sem jeg nú þegar hefi tekið fram, stöðulögin, stjórnarskrána og áskorun alþingis 1891, sem stjórnin ekki hefur svarað og því ekki mótmælt, get jeg ekki betur sjeð en að rjett og óhætt sje að ályktа sem svo: þegar stjórnin leysir upp alþingi samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar og stofnar til nýrra kosninga til að ræða á ný frumv. það til breytingar á stjórnarskipun landsins, sem samþykkt var á síðasta þingi, þá hefur hún þar með játað, að þetta frumv. ekki komi í bága við þá ríkisheild, sem hún hefir nokkra lagaheimild til að bera fyrir sig, því ekkert það mál, sem heyrir undir þá ríkisheild, á nje má alþingi fjalla um. Því eins víst og stöðulögin 2. jan. 1871 útiloka öll hin sjerstaklegu málefni Íslands frá hinu almenna löggjafarvaldi ríkisins, eins víst er og hitt, að þau útiloka öll hin almennu ríkismál frá alþingi, löggjafarvaldi Íslands. Jeg bið þeirrar stundar, að nokkur dauðlegur geti sannað mjer með rökum, sem eru aðgengileg fyrir mannlega skynsemi, að það geti verið tiltökumál eða hugsanlegt, að leysa upp alþingi til að ræða og ályktа um mál, er heyri undir hið almenna löggjafarvald ríkisins eður komi í bága við hina lögskipuðu ríkisheild. Skyldi hið almenna löggjafarvald ríkisins ekki t. a. m. verða því til fyrirstöðu, að alþingi yrði leyst upp eptir 61. gr., ef það færi að samþykkja lög um breytingu á ríkiserfðalögunum, ríkismyntinni eða öðru því líku? Nei! Vjer sjáum nú, að það getur ekki verið »ríkisheild« í þessum skilningi, sem stjórnin ber fyrir sig í þessari auglýsingu, eður þá hinni fyrri 2. nóv. 1885, heldur hlýtur hún að vera að tala um einhverja aðra ríkisheild, sem hún svo kallar. Það sje langt frá mjer, að vilja með þessari röksemdaleiðslu gjöra stjórnina hlægilega, heldur að eins sýna, að hin virðulega stjórn hefur alveg rangt fyrir sjer. Hnúturinn í þessu máli er þá sem sagt sá, að stjórnin tekur »ríkisheild« í allt öðrum skilningi en vjer og þetta stjórnarskipunarlagafrumvarp. Vjer tökum hana í þeim skilningi, sem lögin heimila, en stjórnin í þeim skilningi, sem þau ekki heimila, sem hún hefur búið sjer til sjálf, án lagaheimildar; hún kallar það ríkisheild, með öðrum orðum, sem hún hefir sem sjálf myndað með því, að öll hin sjerstöku mál Íslands eru faktiskt lögð undir ríkisráð Dana, þvert ofan í stöðulögin, stjórnarskrána og mótmæli alþingis!

Að öðru leyti gæti jeg sýnt það og sannað, hve nær sem vill, til frekari

sönnunar voru máli, að þegar stöðulögin voru til umræðu fyrir ríkisþinginu, þá tók Berg foringi vinstrimanna það hiklaust fram, að það gæti ekki komið til nokkurra mála, að leggja hin sjerstöku mál Íslands undir meðferð og úrskurð ríkisráðs Dana, enda væru »sjerstök landsrjettindi Íslands« fyrir hverjum heilvita manni blóðlaus hugmynd, eins og einu sinni var sagt um annað mál, ef því væri í raun og veru svo varið, að þau heyrðu undir ríkisráð Dana. Nei, það sem vjer erum að berjast við, er þá loks *tómur misskilningur*, ekki hjá oss, heldur hjá hinni háttvirtu stjórn í Kaupmannahöfn, enda er það gleðilegt, ef það er ekki annað verra frá hennar hálfu.

Það er þá misskilningur, sem stjórnin byggir yfir höfuð á. Það er misskilningur af stjórninni, að leggja ekki frv. fram fyrir þingið. Það er misskilningur af stjórninni, að segja við þingið, að sje árangurslaust að fjalla um málið, og það er misskilningur, að vera eins og að hóta þjóð og þingi fyrir fram. Það er misskilningur, að hjer geti komið til mála nokkur bági við þá ríkisheild, sem stjórnin hefur heimild til að ota fram. En sá mesti misskilningur er þó það, sem auglýsingin minnist á, að þetta stjórnarskipunarlag, er hún svo kallar, og eigi að síður otar einlægt fram, hafi reynzt viðunandi til að efla heill og framfarir landsíns. Orðið »stjórnarskipunarlag«, sem hjer stendur í íslenzka textanum, er skrítið orð og eptirtektavert, en þó alveg rjett orð, því það lag, sem nú er á stjórnarskipuninni, er sjálfskapað lag stjórnarinnar, en byggist ekki á neinum stjórnskipunarlögum, eins og jeg hef sýnt og sannað. En ef nú þetta »stjórnskipunarlag«, að þessu slepptu, hefði haft þann árangur fyrir landið, sem auglýsingin gefur í skyn, þá hefði verið og væri miklu minna um að tala; en jeg get ekki verið því samdóma, að það sje rjett sagt, að það hafi borið þá ávexti, sem stjórnin segir og lætur svo mikið af, að það hafi borið. Það hefir nefnilega engin veruleg breyting orðið til hins betra, á þessu landi, frá því hið fyrsta löggefandi alþingi fyrst kom saman. Jú, *það hafa orðið nokkrar framfarir*, en mest fyrir dugnað einstakra manna. Það hafa verið gerðar tilraunir til endurbóta, jafnvel allmiklar frá alþingis hálfu, en svo að segja alls engar frá stjórnarinnar hálfu. En þessar umbætur hafa ekki verið annað en tilraunir til að leggja bætur á gamalt fat, og þessar bætur hafa flestar orðið að sáralitlu liði, og af hverju? Af því að fatið, sem er stjórnarfyrirkomulagið, er ónýtt frá rótum, en allir vita, að svo má mörgum misjöfnum og mislitum bótum bæta á gamalt fat, að enginn vilji sjá það. Þetta eru ekki neinar ýkjur. Landbúnaðurinn er vissulega í sama gamla horfinu og sjávarútvegurinn eins; verzlunin, þessi slagæð í framförum hvers lands, er enn í hinum gamla ranga farveg. Um nokkurn iðnað í landinu er nú ekki fremur en áður að ræða. Nei, það sanna er, að hvorki þing nje stjórn og því síður þingi og stjórn í sameiningu hefir tekizt að ganga inn á neina verulega framfarastefnu. Það er sorglegt, já, grátlegt, að sjá og tala við fólk, sem er að streyma út úr landinu, vitandi ekki fótum sínum forráð, eins og það væri að ganga ofan í gröfina, og þó vill það heldur ganga svona eins og út í opinn dauðann, heldur en að vera hjer kyrrt, af því það »stjórnarskipunarlag«, sem stjórnin hefir haldið fram, ekki hefir skapað landsins börnum neina vissu eða jafnvel von um betri framtíð. Ávextir þess eru því mikils til of ýktir í auglýsingunni.

En látum þetta samt gott heita hjá hinu, að stjórnin skuli segja, að tilraunir vorar að breyta þessu stjórnarskipunarlagi sjeu ekki til annars en »að eyða til einkis kröptum landsins«. Þetta eru sannarlega orð, sem ómögulegt er að ganga þegjandi fram hjá. Látum sjá, skoði maður nú þessi orð frá stjórnarinnar sjónarmiði, hvað meinar h. stjórn, að sje til einkis? Hún getur þó ekki meint, að ómögulegt sje að stjórnarskipunarlag það, sem nú er, geti breyzt í löglegt stjórnarskipunarfyrirkomulag. Hver skyldi efast um, að stjórnin geti þó sannfærzt um, að þetta stjórnarskipunarlag eigi að eins geti breyzt, heldur hljóti að breytast? Ef við á hinn bóginn lítum á vora hlið, þá er svo fjarri því, að þessi viðleitni vor, að fá hinu ólögmæta stjórnarskipunarlagi breytt, sje til einkis. Þessi viðleitni er andardráttur hins íslenzka þjóðernis, viðleitni íslenzku þjóðarinnar til að fá að anda frjálst, viðleitni hennar að gjöra það mögulegt, að íslenzkir kraptar andlegir og líkamlegir geti þroskazt frjálslega. Þessi viðleitni, þessar tilraunir eru frá vorri hálfu svo nauðsynlegar, að þær eru fortakslaust tilveruskilyrði fyrir hina íslenzku þjóð. Því sú hugsun og meðvitund hennar, að hún beiti kröptum sínum innan sinna takmarka frjáls og óháð af annarlegu valdi, gefur ekki að eins þessu máli, heldur öllum öðrum málum hennar yfir höfuð allt aðra og æðri þýðingu. Hvert eitt einasta og eitt mál kemur í allt annað ljós, ef miðað er við þá hugsun og meðvitund þjóðarinnar, að hún sje frjáls og óháð, en ef miðað er við eins konar náðarmiðlun stjórnar, sem býr í 300 mílna fjarlægð og þekkir hvorki landsins nje þjóðarinnar háttu eður hagsmuni. Íslendingar eru fámenn og fátæk þjóð, það er satt, en þó geta þeir orðið viðurkenndir og hljóta að verða viðurkenndir sem þjóð, ef þeir sýna þá dáð og dug, sem tiltölulega geti orðið borin saman við dáð og dug hinna stærri þjóða. Upp á þá má þá heimfæra vísuna:

»Óðinshana í fugla flokk
»Fylgir lítill vansi,
»Eins og báti á öldurokk
»Í öðrum skipafansi«.

Jeg vil og segja meira. Þó allar þjóðir heimsins væru komnar saman á einum stað með allan sinn mannfjölda og alla sína framfaradýrð, öll sín auðæfi, þá þyrfti hin fámenna íslenzka þjóð þó ekki að fyrirverða sig, því hún hefur eigi að síður þann þjóðardýrgrip eða þjóðernisdýrgrip með höndum, sem aðrar hinar stóru þjóðir ekki hafa. Hún hefir og hún ein hefir hina heimsfrægu norrænu tungu lifandi á vörunum, og er sannur einn eigandi og handhafi hinna norrænu bókmennta, sögufræði og skáldskapar. Mjer dettur ekki í hug að efast um, að h. þingd.menn sjeu mjer samdóma um, að það, sem jeg nú sagði, sje ekki gripið úr lausu lopti, en þá verða þeir líka að viðurkenna, að það sje ekki gripið úr lausu lopti, að það sje vor helgasta skylda, að halda fram sjálfstjórnarkröfum vorum án afláts þangað til þær verða viðurkenndar í fullum mæli. Látum oss ekki verða kjarklausa í baráttunni, þó vjer höfum ekki valdið, því vjer höfum hinn sigursælasta grundvöll að byggja á og styðjast við: rjettlæti og sannleika. Stjórnin hefur valdið eintómt, meðan það er, en vjer höfum rjettlætið og sannleikann að sama skapi, til að styðja oss gegn valdinu.

Jeg er sannfærður um, að stjórnin sjer því fyr og því betur, að vjer höfum gott mál að verja, ef vjer stöndum fastir og sýnum það ekki að eins með vörunum, heldur og í verki. Krefjumst þess fortakslaust, að vera frjáls þjóð,

undir frjálsri stjórn. Gætið þess, að vjer megum ekki ætlast til, að stjórnin í Danmörku, eins og hún er, gjöri neitt fyrir oss, nema því að eins að vjer sjálfir viljum efla vorn innri krapt og mátt eins og oss er framast unnt. Guð getur ekki hjálpað þeim, sem ekki vill hjálpa sjer sjálfur, hvað þá heldur Danastjórn. Þess vegna skal jeg enda orð mín með því, að lýsa því yfir, að jeg er fullkomlega sannfærður um, að h. þingd. muni nú greiða atkv. með þessu frumv. og sýna, að hún hefur traust og trú á rjettlæti og sannleika. Jeg treysti því, að hin h. deild fylgi fast fram merki sannleikans og láti aldrei villa sig, hvorki af kala til stjórnarinnar eða vantrausti á því, að hún ekki hljóti að verða knúð til að viðurkenna rjettlæti og sannleika í viðureign sinni við hina íslenzku þjóð. Lengur ætla jeg svo ekki að tala, að þessu sinni. Jeg vil biðja hina háttv. þingd.menn að virða mjer til vorkunnar, hafi jeg máske ekki verið svo ljós sem skyldi í einu eður öðru atriði, sem rjett hefði verið að minnast, því jeg er illa fyrirkallaður á þessari stundu.

Að svo mæltu óska jeg að h. þingd. láti frumv. ganga til 2. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg sje, að mörg mál eru á dagskránni og að menn búast eigi við miklum umr. um þetta mál nú. En jeg vona að menn virði mjer til vorkunnar, þó jeg líti til baka í tímann, því langt er nú síðan jeg var síðast á þingi, 1885. Nú er komið 1894 og mjer verður ósjálfrátt að skoða hvernig máli þessu hefir gengið á þeim árum er jeg var eigi á þingi. Hvernig hefir þá málinu vegnað? Jeg sje ekki betur en að því hafi alls eigi þokað áfram, heldur aptur á bak.

Ef sannleikur þessa máls er svo augljós, sem h. flutningsm. (B. Sv.) segir, þá má undarlegt virðast, að það skuli eigi vera komið á betri rekspöl enn. Orsökin hlýtur þá að vera sú, að aðferð sú, sem hefir verið brúkuð til að koma málinu fram, hefir eigi verið heppileg, og eigi nógu liðlega farið að greiða úr þeim mikla misskilningi, sem h. flutningsm. talar um.

Nú er svo komið, að margir hafa minni trú og minni áhuga en áður á þessu máli; miklum tíma og miklu fje hefir verið eytt til þess.

Það er sorglegt, að þrátt fyrir tvö aukaþing, ærna peninga til umræðu og prentunar og mikinn tíma, er árangurinn að minni ætlun enginn. Í fyrra gekk málið þegjandi gegnum þingið; þá var litlum tíma eytt til þess. Þessari aðferð hefir verið hælt; nú sje jeg aptur á dagskránni og hefi heyrt menn álíta það rjett, að málið verði eigi rætt á þessu þingi, en mjer finnst beinlínis eptir orðum h. flutningsm. vera öll nauðsyn á að ræða það nú.

Fyrst málið er sprottið af misskilningi, þá er þörf á að ræða það, svo það verði í ljós leitt, í hverju misskilningurinn liggur; með þögn er ekki hægt að eyða honum. Mjer fyrir mitt leyti sýnist miklu rjettara, að ræða þetta mál vel og vandlega á þessu þingi, því það hefir verið kallað saman gagngert til að ræða stjórnarskrárfrumv., en eigi önnur mál.

Jeg hefi fengið mjer heyrnarpípu, líka og þá er læknar brúka við sjúka, og hefi heyrt hjartaslagið og andardrátt þessa máls, og andardrátt þjóðarinnar í þessu máli, og jeg hefi fundið, að þetta mál þjáist af banvænni sýki, tæringu. Ef h. þm. eigi sjálfir trúa þessu, þá skal jeg lána þeim þessa pípu mína, og þá munu þeir finna sjúkdóminn bæði hjer í salnum og víða út um landið. Jeg hefi ferðast víða hjer um land, og jeg veit það með vissu, að áhugi manna hefir minnkað og mörgum

er farið að leiðast þófið. Það er brýn þörf á að skipta einhvernveginn um, því annars mun fara svo um þetta mál, ef forgöngumenn málsins ráða, að það verður samþ. orðalaust á þessu þingi og næsta, og þar næst á næsta aukaþingi; fari svo, að málið hafi þá enn eigi þokazt áfram, munu menn verða orðnir svo sárleiðir, og sjúkdómurinn svo magnaður, að þá verði að grípa til annara ráða og meðala. Þegar jeg lít fram í tímann, virðist mjer þetta liggja fyrir málinu; en þá álít jeg heppilegra sje, að taka nú þegar upp annað ráð og ræða málið rólega á því þingi, sem beinlínis er kallað saman til að tala um þetta mál. Þó er eigi mín meining, að gjörðar skuli breytingar við frumv. á þessu þingi, af þeim gildu ástæðum, að engin vissa er fyrir því, að stjórninni þætti sú breyting aðgengilegri en frumv. það, sem fyrir liggur. Mjer mundi þykja æskilegast að ræða málið þannig, að vjer gæfum bendingar um, hvernig það stjórnarfyrirkomulag væri, sem vjer allra minnst gætum gengið að eða gengið lengst til samkomulags við stjórnina. Jeg fyrir mitt leyti hefi þá trú, að svo framarlega sem málið á að ganga áfram, þá verður að fá liðsinni hæstv. landsh. til þess að fá ákvæði stjórnarinnar um það, hvað hún vill langt ganga til móts við oss í þessu máli. Ef til vill yrði tilboð stjórnarinnar til næsta þings eigi aðgengilegt fyrir þetta, en þá má þó ræða málið og gera þær breytingar á því, sem ef til vill yrðu samþ. Á þennan hátt, sem nú hefir verið tekinn upp, að láta málið ganga þegjandi gegnum þingið, vinnst það aldrei. Fari svo, að stjórnin vilji engar breytingar á stjórnarskránni leggja fyrir næsta þing, þá treysti jeg því, að hún muni veita þjóðinni kost á að brúka hina núgildandi stjórnarskrá út í yztu æsar, með því að þjóðin fengi aukið innlenda veitingarvaldið, sjerstakan ráðgjafa og ábyrgðarlög fyrir hann.

Jeg get getið mjer þess til, að h. þm. muni eigi fallast á þessa uppástungu; þeir um það, en þótt svo sje, þá er jeg sannfærður um, að ef vjer viljum hafa eitthvað upp úr þessu máli, þá verður eina úrræðið að leita samkomulags við stjórnina fyrr eða síðar; annars eyðist málið og allt þófið verður til ónýtis.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að þar sem h. þm. (Tr. G.) alls eigi mótmælti því, því síður hrakti það, sem jeg í ræðu minni hjelt fram í þessu máli, þá læt jeg mjer nægja að svo stöddu, að halda fast við mína ósk, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR:. Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn (C. 24); 1. umr.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Eins og h. þingdm. er kunnugt, þá er þetta litla frumv. eigi nýr gestur á þingi; jeg kom fram með það á þingi 1891; var það þá nokkru víðtækara en nú, að því leyti að þá voru í því ákvæði í þá átt, að utanþjóðkirkjumenn skyldu vera lausir við að greiða fasteignartíund; málið komst þá greiðlega í gegnum þessa deild, en strandaði í Ed., og mun það einkum hafa verið af því, að frumv. þótti of víðtækt. Árið 1893 flutti jeg svo mál þetta af nýju inn á þingið, og hjelt jeg það þá heppilegra, að fara eigi eins langt, eins og gert var í frumv. 1891, því jeg bjóst við, að frumv. þannig lagað mundi fá betri byr; en því miður var málið þá fellt hjer í Nd. við 2. umr., með litlum atkv. mun — það munaði einu atkv. —

Í umræðunum, sem þá urðu um málið, ljetu ýmsir í ljósi, að frumv. gengi í rjetta stefnu, og að þeim fyndist það ósanngjarnt, að þeir menn sem eigi væri í þjóðkirkjunni skyldu að lögum vera skyldir til þess að gjalda prests- og kirkjugjöld til þjóðkirkjunnar.

Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, fer nú í þá átt, að losa þá við prests- og kirkjugjöld, sem eru utan þjóðkirkju, bæði þá sem í engu kirkjufjelagi eru, og eins hina, sem að vísu eru í því kirkjufjelagi, er eigi hafa fengið konunglega staðfestingu handa presti sínum.

Frumv. fer fram á að veita mönnum hjer á landi sams konar rjettindi, sem menn í Danmörku lengi hafa notið: að menn í stað þess að gjalda þessi gjöld til prests og kirkju skuli greiða þau til uppfræðslu unglinga; frá mínu sjónarmiði þætti mjer reyndar rjettast, að utankirkjumenn gyldu engin prests- eða kirkjugjöld; en 1891 báru menn fram þá mótbáru, að þá myndi fjöldi manna fara úr þjóðkirkjunni, til þess að losast undan gjöldunum; en eins og frumv. er nú úr garði gert, þá þarf eigi að óttast, að það myndi ýta undir aðra að fara úr þjóðkirkjunni en þá, sem samkvæmt trúarskoðun sinni ekki eiga þar heima, því að þeir hafa ekki eins eyris hagnað af því, þar sem utankirkjumenn verða að gjalda hin sömu gjöld eins og þjóðkirkjumenn, og munurinn er að eins sá, að þau renna í annan sjóð; þess vegna er sú mótbára þar með felld; en þó að mál þetta máske, eins og nú stendur, nái að eins til fárra, þá er rjettlætiskrafan söm, að gera þeim eigi rangt til. Á síðasta þingi var því einnig hreift, að eigi væri sanngjarnt að láta gjöldin renna í sveitarsjóð, af því að kristindómsfræðslan væri aðal-kjarninn í barna-uppeldinu, og peningarnir gengju þá til fræðslu unglinga í þeirri trú, sem utanþjóðkirkjumenn sjálfir eigi aðhylltust: en til þess er að svara, að uppfræðsla unglinga nær lengra en til trúarefna, og auk þess eru það gildandi lög, að prestar og sveitastjórnir hafa eigi rjett á að hlutast til um uppfræðslu barna utanþjóðkirkjumanna í trúarefnum, og er því sú mótbára bygð á misskilningi. Frá mínu sjónarmiði er það annars hálf-undarlegt, hve illa þjóðkirkjuprestar hafa tekið þessu litla máli að undanförnu; menn skyldu ætla, að þeir álitu það eigi sanngjarnt eða heppilegt, að taka gjöld til kirkjuþarfa frá þeim, er greiða þau með óljúfu geði.

Að svo búnu skal jeg ekki fara fleirum orðum um málið, en leyfi mjer að vona, að það fái góðar undirtektir. Þyki mönnum þess við þurfa, er jeg og eigi á móti því, að setja málið í nefnd; þó vil jeg eigi stinga upp á henni strax, því að jeg tel það æskilegt, að nokkrar umr. verði um málið.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Með því að jeg greiddi atkv. á móti þessu máli í fyrra á þingi, en gerði þá eigi grein fyrir skoðun minni, skal jeg nú stuttlega skýra frá henni. Í fyrra sagði einn þm., sem málinu var fylgjandi, að þeir mundu verða mjög fáir, ef til vill eigi fleiri en 10 á öllu landinu, sem notuðu þann rjett, er frumv. veitir, því að mönnum yrði miklu erfiðara að borga gjöld sín til sýslumanna á manntalsþingum en til presta í ýmsum aurum. Jeg held það sje rjett skoðun, að fáir muni af trúarnauðsyn nota þetta frumv., og þá finnst mjer ekki næg ástæða til þess, að þetta alþingi, sem hefir svo mörg áríðandi mál til meðferðar, taki svo lítið mál fyrir og fari að reyna að útvega fáeinum mönnum þessa rjettarbót, ef rjettarbót skyldi kalla; því að þess ber vel að gæta, að prestar hafa víðast hvar umsjón með

barnakennslu og er óvíst að þessir menn hefðu þá samvizku til að leggja fje til hennar heldur. Enn er hjer að líta á fleira; það er líklegt, að margir kynni að nota þessi lög af veraldlegum ástæðum, og segi sig úr þjóðkirkjunni, ef þá greindi eitthvað á við prest sinn, ekki sízt ef þeim þætti hann harður að heimta tekjur, og stæði því á sama, þótt þeir ættu við sýslumanninn. Mig grunar, að þetta frumv. verði til þess að opna landssjóð fyrir óþörfum dutlungum manna, og efla sundurlyndi í söfnuðunum, og held að það muni helzt verða rjettarbót fyrir þá presta, sem ágengastir eru og óvinsælastir. Fyrir tekju-uppbót handa kirkjum er ekki gjört ráð í frumv., og þurfa þær þó síns með, ekki síður en tekjuharðir prestar.

Jeg geri mjer ekki vonir um, að frv. verði bætt svo á þessu þingi, að við það megi una; þess vegna get jeg eigi gefið því mitt atkv.

Þórhallur Bjarnarson: Þetta frumv., sem nú er hjer fyrir þinginu í þriðja sinn, fer bæði of skammt og of langt. Jeg er samþ. þeirri grundvallarhugsun frumv., að hver og einn skuli að eins gjalda til þess trúarfjelags, sem hann er í samkvæmt sinni trú. Jeg skil það svo, að á bak við þetta frumv. sje fríkirkjuhugmyndin, sem jeg er og verð fylgjandi. Að þessu leyti er jeg samþ. h. flutningsm. (Sk. Th.), þó jeg á hinn bóginn efist um, að við berum gæfu til, að fylgjast sömu leiðina til marksins. Frá mínu sjónarmiði er þessi leið, sem hjer er farin, krókaleið, sem verður til þess að grafa um rætur hinnar íslenzku þjóðkirkju, án þess að hún fái þá sameiningar- og samhaldshvöt, sem hún hefði, ef hún væri óháð og sjálfri sjer ráðandi, því að þá mundu safnaðarlimirnir engu síður en prestarnir gera sjer far um, að halda sem flestum í sínum hóp, þó eigi væri nema til þess að bera byrðirnar með sjer. Að þessu leyti gengur frumv. of skammt. Aptur gengur frumv. annars vegar of langt; jeg skoða lögboðnar tekjur í ríkiskirkjunni sem þegnskyldu á mönnum, er þeim beri að greiða, rjett eins og menn greiða svo mörg gjöld til landssjóðs, þó þeir sjeu andstæðir meðferð fjárins í ýmsum greinum. Þar sem ríkið, samkvæmt lögum, á að vernda þjóðkirkjuna, getur stjórnin ekki svipt kirkjuna þessum tekjupósti, nema einhverjar bætur komi á móti í framtíðinni; en, eins og tekið hefir verið fram, getur það orðið útdráttarsamt fyrir landssjóð. Eins er með bændakirkjurnar; þær eru bænda eign, og sje þeirra eignarrjettur skertur — sem verður, er kirkjurnar missa tekjur sínar —, þá er það brot gegn eignarrjettinum, sem vart gæti staðið fyrir dómstólunum. Það mætti setja nefnd í málið, þætti h. flutningsm. það nokkuð ánægjulegra; en á þessu þingi fær það vart framgang. Sú hugmynd, sem felst á bak við frv., verður væntanlega seinna tekin upp í stærri stíl.

Einar Jónsson: Jeg var móti þessu frumv. í fyrra og er það enn, af sömu ástæðum sem þá, og get jeg gjarnan tekið þær upp aptur. Verði frv. þetta að lögum, hlýtur það fyrst og fremst að valda landssjóði talsverðum gjöldum, einkum þegar svo stendur á, að talsverður hluti safnaðar gengur úr þjóðkirkjunni án þess, að fá sig þó löggiltan sem sjerstakan utanþjóðkirkjusöfnuð. Skal jeg í því tilliti benda á Vallanessöfnuð; þar kom sú sundrung upp við síðustu prestaskipti, sem kunnugt er, að mikill hluti safnaðarins gekk úr þjóðkirkjunni, án þess að stofna sjerstakan söfnuð. Hefðu þessi lög þá verið komin í gildi, mundu þeir menn vissulega hafa notað þau og hefði það orðið eigi

svo lítill útgjaldaauki fyrir landssjóð. Og lík tilfelli geta gjarnan komin fyrir optar en menn varir. Auk þess geta einstakir menn notað þessi lög til að ganga úr kirkjunni; og gengi þannig úr einn eða fleiri menn í hverju prestakalli eða öðru hvoru prestakalli, eins og vel gæti að borið, mundi það draga sig saman í talsverða útgjaldaupphæð fyrir landssjóð, sem jafnframt væri mjög vafningasamur gjaldliður.

Það mun nú reyndar vera ætlazt til, að þessi upphæð verði ekki svo mikil, þar eð menn muni hika við að ganga úr kirkjunni, sökum þess, að þeir hafi sömu gjöld að gjalda eptir sem áður. En það er þó engan veginn víst.

En hvernig á svo að verja þessum gjöldum? Til barnakennslu í viðkomandi sókn, segir frumv. Mjer þykir það nú mjög undarlegt, að nokkur skuli vilj sleppa við að gjalda gjöld til prests síns — sje það af trúarlegum ástæðum —, en gjalda þau heldur til barnakennslunnar, sem þó fer fram einmitt í sama anda eins og kenning prestsins og undir hans stjórn. En auk þess hagar víðast svo til enn með þá kennslu, að þessi gjöld eru ekki beinlínis nauðsynleg, þó að auðvitað megi allt af eitthvað gjöra við það fje. Víðast hagar svo til, að kennslan er heimakennsla; presturinn eða sóknarnefndin útvegar barnakennarann og hefir eptirlit með uppfræðslu barnanna; útgjöld til kennslunnar eru lítil, opt fá kennarar ekki annað en fæði; og hafa þó sæmilegir kennarar hingað til fengizt.

Þá vil jeg sjerstaklega athuga innheimtuna; í frumv. er ætlazt til, að sýslumaður innheimti gjöld utanþjóðkirkjumanna til barnakennslunnar á manntalsþingum. Það hljóta að vera sömu gjöldin, sem nú eru goldin til prests og kirkju, en þessi gjöld virðast menn eptir frumv. eiga að hafa rjett til að gjalda á sama hátt sem verið hefir, til dæmis í lambsfóðrum og dagsverkum, það er, með því að fóðra lamb eða vinna dagsverk um túnaslátt, eins og hin eldri lög ákveða. En hvernig á nú sýslumaður að innheimta slík gjöld á manntalsþingum? Þó er í frv. hvergi nefnt, að utanþjóðkirkjumenn skuli inna gjöldin af hendi á annan hátt en tíðkazt hefir. Það hefði verið sök sjer, ef til hefði verið tekið, að greiða skyldi gjöldin eptir meðalverði verðlagsskrár. Þetta er stór galli á frumv., og jeg fyrir mitt leyti vildi helzt, að þetta mál biði, þangað til spursmálið um aðskilnað ríkis og kirkju yrði tekið fyrir, því að það heyrir víst til þeirrar hugsunar. Að vísu hefir verið farið fram á, að sá tekjuhalli, sem landssjóður (eptir frumv.) yrði fyrir, skyldi lagfærast smátt og smátt, á þann hátt, að brauðin yrðu veitt með því skilyrði, að prestarnir sættu sig við tekjuhallann; með löngum tíma kynni þetta að lagast, en það mundi þó standa lengi á því, og ný og ný tilfelli koma fyrir.

Sjerstaklega óttast jeg, að menn mundu nota sjer þessi lög af privatástæðum, af því menn vildu koma sjer undan gjöldum til prestsins af óánægju með hann, sem gæti verið misjafnlega grundvölluð, eða þá af því, að menn yrðu óánægðir með prestakosningar, eins og komið hefir fyrir. En það hefir hingað til ekki verið af trúarlegum ástæðum, heldur af einhverjum öðrum orsökum. Þessi lög mundu því verða miklu fremur til að vekja ósamþykki og sundurlyndi í söfnuðunum en gjöra nokkurt sannarlegt gagn. En það ætti þó eigi að verða afleiðingin af löggjöf þeirri, sem hjer er sett.

Jón Jónsson, 1. þm. Eyf.: Þó þetta frumv. sje lítið, hefir það mætt allmiklum mótmælum í þinginu; mjer hefir

ekki komið þetta á óvart. Jeg er annar af flutningsmönnum þessa máls og jeg skal byrja með því, að skýra frá, hvernig á því stendur.

Það liggur í sögu málsins frá 1891; það er einkar-fróðlegt að sjá, hvernig málinu hefir reitt af þing eptir þing og saga þess getur í þessu tilfelli skoðazt sem eins konar pólitisk statistik. Árið 1891 var þetta mál borið fram hjer í deildinni, þá var það samþ. við allar umr. með 15 atkv., svo var það fellt í efri deild; árið 1893 kom málið aptur fram í neðri deild, en þá náði það eigi lengra en til 2. umr., og var fellt með 1 atkv. mun, með 11 atkv. móti 10. Þó þetta mál sje lítið, er það eiginlega principmál; meðmælendum þess hefir fækkað, eins og sjá má, um þriðjung frá 91 til 93; nú má vel vera, að þeim hafi fækkað enn meira, þá verður auðvelt að reikna út, hvenær sá tími muni koma, að enginn er eptir, sem vill gera svo lítið til að auka hugsunarfrelsi manna hjer á landi, og til að losa þau bönd, er binda sannfæringu manna (hjer á landi). Þetta gerði, að jeg varð til að flytja þetta mál hjer í deildinni, þó jeg væri vondaufur um árangurinn.

Í raun rjettri er þetta ekkert smámál; það dugar ekki að mæla á móti því. Það er frelsismál, og þó það ekki yrði að öðrum notum en að auka frelsi nokkurra manna á öllu landinu, þá hefir það mikið að segja. H. þm. Borgf. (Þórh. B.) hefir höggvið næst því.

H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) byrjaði ræðu sína á þá leið, að meðmælendur frv. á þingi í fyrra hefðu haldið fram þeirri skoðun, að fáir mundu nota þessi lög af trúarsannfæringu; seinna í ræðu sinni taldi hann það aðalatriðið, að frv. ylli nýjum kostnaði fyrir landssjóð; h. 1. þm. N.-múl. (E. J.) gat þess einnig, að frumv. legði nýja gjaldabyrði á landssjóð; enn fremur var hann þeirrar skoðunar, að lítið fje væri notað til barnakennslu, og skildist mjer, að hann áliti því óþarft það fje, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að þangað leggist. Veit h. þm. (E. J.) þá ekki, að ár frá ári er heimtað og eytt meiru fje til barnauppfræðslu? Þó þetta sje smávegis gjald, sem utanþjóðkirkjumenn borguðu til barnakennslu, þá er mjer ómögulegt að sjá, hvers vegna það eigi gæti komið að notum. En sje fjeð notað, þá er það ómótmælanlegur sparnaður fyrir landssjóð; þá þarf landssjóður minna að borga til barnakennslu, svo sú ástæða, að lögin gerðu landssjóði einberan kostnað, er ómöguleg.

H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) hjelt, að ýmsir mundu nota lögin af privat-ástæðum, sumir af óvild við prestinn sinn, og ásælnir prestar til þess að útvega sjer launaviðbót úr landssjóði. Sje svo, að prestar kynnu að spekúlera í þessu, þá sje jeg eigi betur en að sóknarmenn slíkra presta hefðu fullkomlega rjett í, að vilja ekkert við þá eiga. Finnist þeir prestar, sem eru svona gerðir — reyndar dettur mjer eigi í hug að drótta því að þeim —, þá er full nauðsyn á lögum, sem vernduðu menn fyrir þeim.

H. þm. Borgf. (Þórh. B.) talaði með velvild um frv.; hann lýsti því yfir, að hann væri meðmæltur fríkirkju, en aptur á móti þótti honum frumv. að sumu leyti ganga of langt og að öðru leyti of stutt. Jeg fæ eigi sjeð, hvernig þetta getur verið rjett. Skyldi það vera betra, að láta allar umbætur bíða, og mundi með því móti vera auðveldara að koma á fríkirkju? Þess ber að gæta, að það er með kirkjuna eins og með ýmsar

fornbyggingar, að hún er traustlega bygð. Mjer mundi þykja heppilegra að breyta eigi öllu í einu, heldur smátt og smátt. Grundvallarskoðun h. þm. Borgf. (Þórh. B.) gladdi mig; jeg vona að honum endist aldur til að fylgja henni fram hjer á þingi, og jeg vona, að við berum gæfu til að vinna saman að því marki, þó h. þm. efist um það.

Jeg er að nokkru leyti búinn að svara h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.). Jeg get eigi sjeð, að landssjóðskostnaðurinn sje viðsjárlegur.

H. þm. (E. J.) lagði áherzlu á, að litlu fje yrði varið til sveitakennslu. Getur það verið meining h. þm. (E. J.), að nógu fje sje varið til sveitakennslu, og þó verða menn sumstaðar að taka hvern og einn sem býðst, einmitt af því, að fje skortir til að launa sæmilega hæfum mönnum, til kennara? Það er svo fjarri því, að við þurfum eigi meira fje til barnakennslu, að ekki veitir af tífalt meiru. Hvað loksins þeirri mótbáru viðvíkur, að utanþjóðkirkjumenn gætu ekki, af trúarástæðum, notað barnakennsluna, þá er eigi ástæða til að halda, að þeir muni vilja svipta börn sín þessum gæðum, er kennslan hefir í för með sjer, eða skjóta sjer undan skyldu þeirri, sem hvílir á sjerhverjum manni, með því líka allmikið af hinni lögskipuðu barnakennslu er að engu trúarlegt eða kirkjulegt.

Jeg vil eigi fjölyrða meira um þetta mál; jeg býst við 10 atkv. með því eða jafnvel færri, og frá því sjónarmiði er rjettast að eyða sem minnstum tíma til þess.

ATKVGR.: Eptir uppástungu flutningsmanns var samþ. í einu hljóði að setja 3 manna nefnd í málið. Hlutu kosningu:

Þórhallur Bjarnarson	með 14 atkv.
Skúli Thoroddsen	— 12 —
Jón Jónsson, 1. þm. Eyf.,	með 9 atkv.

Fyrstu umr. frestað.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Stakkhamri í Miklaholtshreppi (C. 5); 2. umr.

Málinu vísað umræðulaust til 3. umr. með 20 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um kennslu í íslenzkri tungu (C. 16); fyrri umr.

Flutningsmaður (*Valtýr Guðmundsson*): Það sem mjer hefir gengið til að koma með tillögu þessa er, að jeg hef tekið eptir því, að einkum í seinni tíð er mikill ruglingur að komast á íslenzka rjettritun, og að tunga vor er að spillast, og mun það að nokkru leyti eiga rót sína að rekja til þess, hvernig hún er kennd í skólunum.

Ef það er nokkuð, sem vjer Íslendingar eigum að hlynna að, þá er það tunga vor. Oss ætti að vera það áhugamál, að hún hjeldist sem hreinust og að hún kæmi fram í sem heppilegustum búningi. Það er tunga vor, sem heldur nafni þjóðar vorrar á lopti meðal erlendra þjóða, og það eru fjársjóðir þeir, sem hún hefir að geyma, hinar frægu fornbókmenntir vorar, sem mestan orðstír afla oss út um heiminn.

Fjórir fyrstu liðir tillögunnar fara fram á, að nefnd sje skipuð til að gera tillögur um, hverri rjettritun skuli fylgja við kennslu í íslenzkri tungu, og að öllum kennslustofnunum, sem styrktar eru af almannafje, sje gert að skyldu að fylgja þeirri rjettritun, sem ofan á verður að heppilegast þyki að fylgja, og loks, að rjettritunarorðabók sje samin til leiðbeiningar fyrir kennara og aðra, sem á þurfa að halda, og að sjeð sje fyrir útgáfu bókar þessarar. Nú sem stendur fylgir hver kennari sinni rjettritun, enda hefir hann fullt leyfi til þess. Af þessu leiðir, að svo getur farið, að

sami nemandinn sje látinn læra eina rjettritun í barnaskóla, aðra á gagnfræðaskóla og hina þriðju í latínuskólanum, og svo taki hann loks upp fjórðu rjettritunina, þegar hann er laus við alla þessa skóla. Þetta veldur ærnum ruglingi og erfiðleikum. Það eru ekki litlir erfiðleikar fyrir nemanda, að verða hvað eptir annað að leggja niður rjettritun þá, sem hann hefir numið og byrja að læra aðra nýja. Auk þess er það næsta erfitt fyrir alþýðu manna að finna, hver muni vera hin rjetta rjettritun, þar sem þeir sjá sína bókina, sitt blaðið og jafnvel sína blaðagreinina með sjerstakri rjettritun. Nú eru svo margar stafsetningar komnar upp og eru að koma upp, að full þörf er að stemma stigu fyrir, að þeim fjölgi; það er meira að segja þörf á að fækka þeim. Vjer stefnum nú í rjettritunarmálum vorum í sömu stefnu, sem Danir stefndu. Það fór svo á endanum fyrir þeim, að almenningur komst í mestu vandræði og vissi ekki, hvernig skrifa skyldi svo rjett væri. Þetta rak svo langt, að það ráð var tekið, að valdbjóða eina og sömu rjettritun í öllum skólum. Frakkar hafa um langan tíma haft valdboðna rjettritun, ákveðna af akademíinu franska; sama er að segja um Svía, þeir hafa valdboðna rjettritun, svo að hjer er ekki farið fram á neitt einsdæmi. Þessari lögboðnu rjettritun fylgir svo allur þorri manna; auðvitað bregða nokkrir út af henni, t. d. þeir menn, sem vilja rita sem næst framburði, en lítil líkindi eru til, að þeirra stefna muni ryðja sjer til rúms í bráð.

Að sjálfsögðu hlýtur nefndin og útgáfa orðabókarinnar að hafa nokkurn kostnað í för með sjer. En í slíkt er ekki að horfa, þegar um það er að gera, að halda við tungu vorri og vernda hana frá spilling. Þegar útlendingar sjá bækur frá Bókmenntafjelaginu sjálfu, því fjelagi, sem ætti að vera leiðarstjarna á bókmenntahimni vorum og vörður íslenzkrar tungu, þegar bækur frá því fjelagi, segi jeg, eru sín með hverri rjettrituninni, og meira að segja sama bókin ekki jafnan með sömu rjettritun, — þegar þeir sjá þetta, þá er ekki að vænta, að þeir fái gott álit á bókmenntum vorum.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en snúa mjer að sjálfri íslenzkukennslunni. Það er mjög farið að tíðkast nú, að setningaskipun í ritum sje dönsk, þótt orðin sjeu íslenzk. Eptir þessu hef jeg tekið bæði hjá mjer og öðrum. Sjálfum mjer gæti jeg að vísu fært það til afsökunar, að jeg hef nú um all-langan tíma dvalið í Danmörku, en mjer dylst eigi, hve skaðlegt þetta er fyrir tunguna. Það spillir henni miklu minna, þótt útlend orð sjeu við og við notuð; en orðin eru ekki líf og sál tungunnar, heldur er setningaskipunin það. Orsökin til þessarar hnignunar tungu vorrar liggur að miklu leyti í því, hvernig íslenzkan er kennd í skólunum. Í æðri skólunum, latínuskólanum og Möðruvallaskólanum, eru mestmegnis lesin fornritin. Þau rit, hversu ágæt sem þau í sjálfu sjer eru, ættu þó ekki að vera leiðarstjarna vor við íslenzku-kennslu nú á dögum, því að reynslan sýnir, að nútíðarmenn þeir, sem leitast við að rita fornaldarmál, rita mál, sem er óþýtt í vorum eyrum. Það er því full þörf á, að láta nemendur lesa rit hinna beztu höfunda nýrri tímanna, svo sem rit þeirra Sveinbjarnar Egilssonar, Jónasar Hallgrímssonar og Páls Melsteð, að jeg ekki tali um Þjóðsögurnar, sem ef til vill er hinn allra bezti leiðarvísir til að læra fagurt mál af. Í bókum eptir þessa höfunda ætti að láta nemendurna lesa valda kafla, sjerstaklega þó í neðri bekkjunum; í efri bekkjunum mætti

láta þá lesa fornaldarrit vor. Það er skrítið að sjá, að í latínuskólanum og á Möðruvallaskólanum skuli vera látið lesa í lesbók Wimmers, bók, sem ætluð er dönskum skólum og þar af leiðandi með löngu orðasafni, og fyrir þá sök miklu dýrari en hún þyrfti að vera fyrir nemendur hjer á landi, og þótt hún sje góð kennslubók fyrir danska skóla, þá er hún miður heppileg handa íslenzkum skólum. En það liggur þó í augum uppi, að það sem lesið er í skólum á Íslandi, verður að vera valið handa þeim, en ekki handa dönskum skólum. Nýlega hefir komið út, eins og kunnugt er, úrval úr íslenzkum ritum þessarar aldar, en ekki er borið við að lesa það í skólunum. Þessu þarf að breyta.

Jeg skal geta þess, að þar sem jeg þekki bezt til í skólum hjer, það er að segja í latínuskólanum, þar gekk málfræðiskennslan á mínum dögum aðallega út á að hneigja orð og segja, til hvaða orðflokka þau heyrðu í einhverri ákveðinni málfræði. Þessi kennsla er ófær; það hefir ekki þýðingu fyrir oss, að vera æfa oss í að beygja orðin í tungu vorri; oss er það svo að segja meðfætt að gera það rjett. Það sem aðaláherzluna þarf að leggja á og það sem oss ríður á að læra, það er rjett orðskipun, hljóðfræðin og saga tungunnar. Að vísu vantar nú sem stendur bók til að kenna þannig eptir, en ef þessar kennslureglur yrðu samþykktar, þá mundi og bókin koma. Jeg hef farið fram á að sleppa alveg beygingarfræðinni; það þykir, ef til vill, nokkuð freklega farið, og mundi jeg tilleiðanlegur til að haga þar orðum nokkuð á annan veg.

Þá er að minnast á íslenzku stílagjörðina og útlendar kennslubækur. Þetta tvennt, stílagerðin, eins og hún nú er, og útlendu kennslubækurnar mun eiga aðalþáttinn í því, að hafa fært danskar hugsanir og danska orðaskipun inn í tungu vora. Það má geta nærri, hvílík áhrif það hefir á unglinga í neðstu bekkjunum, að fá þeim til að læra danskar bækur, sem þeir eiga opt næsta torvelt með að skilja. Það liggur í augum uppi, í hverjum íslenzkum búningi þeir muni skila þessum dönsku lexíum sínum; það er alls ekki við öðru að búast, en að búningnum hætti við að bera keim af dönskunni, og þegar þetta ítrekast dag eptir dag og ár eptir ár, þá er sízt að furða, þótt tilfinningin fyrir rjettri og fagurri íslenzkri tungu sljóvgist. Eins fer, þegar óþroskuðum unglingum er sett fyrir að snúa á íslenzku dönsku eða þýzku; orðin verða íslenzk hjá þeim, en setningaskipunin útlend. Það þykir ærinn vandi fyrir þroskaða menn, að snúa af einni tungu á aðra, svo vel fari, og þá má nærri geta, hve auðvelt það muni vera fyrir óþroskaða unglinga. Þessi aðferð er líka hvergi viðhöfð nema hjer. Jeg þekki vel til við æðri skólana í Danmörku, því að jeg hef verið þar prófdómari nú í síðustu 6 ár, og á hverjum þrem árum eiga prófdómendurnir að hafa heimsótt þar alla skóla; mjer er því fullkunnugt um, að þessi aðferð er þar hvergi viðhöfð, enda er hjer í raun rjettri ekki um íslenzkan stíl að ræða, heldur explicandum úr dönsku. Þar er sú aðferð höfð, að yngstu nemendunum er sögð saga, og þeir síðan látnir skrifa hana eptir minni; eldri nemendur eru til dæmis látnir segja frá einhverju, sem fyrir þá hefir borið, hvernig þeir hafi skemmt sjer í jólaleyfinu eða þess háttar; og enn þroskaðri nemendur eru látnir útlista eitthvert þyngra efni; en allt af er svo til hagað, að nemandinn geti komið að sínum eigin orðum og sinni eigin hugsun,

en þurfi ekki að vera bundinn við annara hugsanir. Til þess að fyrirbyggja slíkt hjer, vil jeg láta banna kennurunum að haga íslenzkri stílagerð þannig, að lærisveinarnir sjeu látnir snúa köflum úr útlendum ritum á íslenzku. Jeg játa að vísu, að það er ekki svo hættulegt, að viðhafa þessa aðferð í efri bekkjum latínuskólans; en jeg er hræddur um, að ef það er leyft, þá muni leyfið verða vanbrúkað.

Viðvíkjandi því, hvaða bækur notaðar eru við kennslu, þá skal jeg, taka það fram, að það er miður heppilegt, að láta kennarana vera alveg einráða í kennslubókavali sínu. Það getur komið fyrir, að kennari gangi fram hjá vel hæfilegri íslenzkri kennslubók, af því honum persónulega líki betur útlend kennslubók. En eins og jeg tók að nokkru leyti áður fram, er að mörgu leyti óheppilegt að hafa útlendar kennslubækur. Það virðist því full nauðsyn á, að stuðla sem bezt að því, að kennslubækur geti sem flestar verið á íslenzkri tungu; og til að gefa kennurum leiðbeiningar um, hvaða bækur þeir skuli nota, er líka nauðsynlegt, að yfirstjórn kennslumálanna löggildi þær kennslubækur, er hún álítur hæfilegar. Þetta er venja annarsstaðar. Í Danmörku er það venjulegt, að rithöfundurinn fari til kennslumálastjórnarinnar og biðji um meðmæli hennar með því, að bók hans megi hafa við skólakennslu, og fáist þessi meðmæli, þá eru þau optast prentuð framan á bókina. Þessa aðferð finnst mjer vel megi nota hjer. Jeg játa það að vísu, að erfitt er fyrir oss að eiga jafnan góðar kennslubækur á íslenzku í öllum greinum; breytingar á þeim eru svo tíðar nú á dögum bæði eptir, því sem vísindunum fer fram og kennsluaðferðir breytast, en eigi að síður ættum vjer að leggja kapp á að eignast sem flestar kennslubækur á tungu vorri og nota þær.

Jón Þórarinsson: Eins og h. flutningsm. (V. G.) tók fram skiptist tillaga þessi í tvo aðalkafla. Jeg fyrir mitt leyti get aðhyllzt annan kaflann, en hinn alls eigi. Það sem jeg get fallizt á eru 4 fyrstu greinar tillögunnar, og að 9. gr. tel jeg einnig nokkra rjettarbót. Jeg játa það, að rjettritun vor er á töluverðri ringulreið, og hefir optar en einu sinni orðið tilrætt um í hinu íslenzka kennarafjelagi, hvernig rjettritunarmálinu yrði komið í heppilegt horf. Niðurstaðan hefur orðið sú, að æskilegt væri, að ein rjettritun gengi um land allt, eða að minnsta kosti að sama rjettritun væri kennd í öllum skólum landsins, og þar finnst mjer þingið hafa rjett til að taka í taumana. Annarstaðar mundi að vísu kennslumálastjórnin fyrst og fremst hafa látið þetta mál koma til sinna kasta, en hjer getur ekki verið við slíku að búast. Nú sem stendur mun mega telja, að til sjeu og notaðar fjórar töluvert mismunandi rjettritanir, einkum þó hin yngsta þeirra, rjettritun sú, er dr. Björn Ólsen fylgir. Það yrði að sjálfsögðu ætlunarverk hinnar fyrirhuguðu nefndar, að taka allar þessar rjettritanir til skoðanar, og yrði heppilega valið í nefndina, má búast við, að sú ein rjettritun yrði lögleidd, sem vel væri viðunandi. Jeg get því hingað til orðið samferða h. flutnigsm. (V. G.) En er kemur að 5.—8. gr., þá get jeg ekki fylgzt með honum, því að auk þess sem jeg er honum ekki alveg samdóma um kennsluaðferð þá, sem hann vill láta valdbjóða, þótt skoðun okkar falli að vísu að miklu leyti saman, þá held jeg að hjer sje ekki valinn hinn heppilegasti vegur. Jeg held rjettara sje, að reyna að búa svo um hnútana, að hver

kennari geti af sjálfu sjer tekið upp hinar nýjustu og beztu kennsluaðferðir, og að það liggi fyrir utan verksvið þingsins að fara beint að hlutast til um það og gefa fyrirskipanir um, hvaða kennsluaðferð hver kennari skuli fylgja. Það er hætt við að þær skipanir yrðu æði-breytilegar, þótt ekki sje tekið tillit til annars en, hve opt þingmannaskipti verða, og þar af leiðandi, hve opt nýir menn með meira og minna ólíkum skoðunum eiga að fjalla um málið. Auk þess er varla að búast við því, að þorrinn af þm. geti haft ljósa hugmynd um, hver kennsluaðferð muni vera heppilegust. Ef þingið ætti að fara að skipa fyrir um þetta atriði, þá er svo margt annað í kennslumálum vorum, sem það ætti einnig að skipa fyrir um, að jeg held flestir bæði þm. og aðrir þökkuðu fyrir þá afskiptasemi.

Ef h. forseti álítur að nú eigi að greiða atkvæði um hverja einstaka grein tillögunnar, þá mun jeg greiða atkv. með 1.—4. gr., eins og jeg sagði í upphafi ræðu minnar, og sömuleiðis með 9. gr., því jeg tel það hafa töluverða þýðingu, að kennslubækur sjeu löggiltar; hitt getur leitt til þess, að miður hæfar bækur sjeu orðalaust hafðar við kennslu, en jeg veit að mönnum er það full-ljóst, hvílíka þýðingu það hefir að hafa sem beztar kennslubækur. Jeg vona h. flutningsm. (V. G.) verði mjer samdóma um, að mikið sje fengið ef fjórar fyrstu greinarnar eru samþykktar, og jeg vona líka, að hann geti við nánari íhugun fundið aðra betri aðferð til að laga íslenzkukennsluna í skólum vorum en tillagan fer fram á. Jeg játa, að gallar eigi sjer stað við íslenzkukennslu hjer, en eigi að síður er varúðarvert að setja fastar kennslureglur, því að einum kennaranum getur látið betur að kenna með þessari aðferð, öðrum með hinni; slíkt er svo mjög komið undir kennaranum sjálfum.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg skal leyfa mjer að gjöra ofurstutta athugasemd við orð h. flutningsm. (V. G.) um íslenzkukennsluna í latínuskólanum. Sú aðferð hefir þegar verið tekin upp í neðri bekkjum latínuskólans og við inntökupróf, að fyrir námssveinunum er lesin upp einhver saga, t. d. úr Þjóðsögunum, og þeir síðan látnir skrifa hana með eigin orðum.

Jeg er samdóma h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), að seinni greinar tillögunnar sjeu fremur góðar bendingar frá góðum skólamanni en þingsályktunarefni; jeg vil t. d. skjóta því undir h. þingdm., hvort þeir telji sig færa um að dæma um það, hvort kenna eigi íslenzka beygingarfæði eða ekki. Jeg fyrir mitt leyti treysti mjer eigi til þess. Ákvæði um slík atriði ættu miklu fremur að koma frá yfirstjórn kennslumála en frá þingi. Aðalkjarni tillögunnar er, að því mjer virðist, skipun einnar gildandi rjettritunar. Jeg kannast við, að það væri þægilegt, sjerstaklega fyrir bóka- og blaðaútgetundur, sem ekki telja sig í flokki málfræðinga, að geta haft fyrir sjer rjettritunar-orðabók til að líta í, þar sem þeir eru í vafa staddir. Reyndar er jeg vondaufur um mikinn árangur af störfum þessarar nefndar, sem þingsályktunartill. fer fram á, því að jeg er sárhræddur um, að engir tveir lærðir málfræðingar íslenzkir sjeu nú uppi, sem geti komið sjer saman um nokkra eina rjettritun. En þingsályktunartill. fer líka fram á kostnað fyrir landssjóðinn; þannig mundi starfi nefndarinnar sennilega hafa kostnað í för með sjer; en þetta þing hefir enga fjárveiting. En mesta kostnaðinn hygg jeg að mætti spara, og það er að gefa út sjálfa rjettritunar-orðabókina af almannafje, sem 4. liður þingsályktunar-

till. fer fram á. Jeg tel sjálfsagt, að Bókmenntafjelagið mundi fúslega gefa slíka bók út styrklaust, og jafnvel greiða nokkur ritlaun fyrir hana. Móti þeim lið greiði jeg því hiklaust atkv. Jeg kysi helzt og áliti rjettast, að málið biði til næsta þings, og þá gæfist h. flutningsm. (V. G.) kostur á, að reyna að koma þessu að í fjárlögunum.

Flutningsmaður (Valtýr Guðmundsson): Jeg er þakklátur h. ræðumönnum fyrir undirtektir þeirra undir fyrri hluta tillögu minnar. En að því er snertir síðari liðina, þá skal jeg játa, að eigi sje brýn þörf á að ákveða sumt af því, sem þar er tekið fram. Þó get jeg ekki verið með því, að sleppa algjörlega burt 6. liðnum, heldur að eins seinni hluta hans, og skýt jeg því til h. forseta, hvort eigi mætti skipta atkv.gr. um hann í tvo hluti, og láta fyrst greiða atkvæði að eins um fyrri hluta hans aptur að orðunum: »en aptur sje beygingarfræðinni« o. s. frv. Að því er snertir 7. liðinn, þá er jeg persónulega sannfærður um, að þar sje um þýðingarmikið atriði að ræða, en læt á dómi h. deildar, hvað hún vill gjöra við hann. Jeg held að vísu að heppilegt væri að samþykkja 8. lið, en held honum þó ekki fast fram, því að ef 9. liður verður samþykktur, þá er gengið í sömu átt, sem 8. liður gengur. Því að líklegt er, að ef kennslumálastjórnin mælir með einhverri kennslubók, þá verði og haft eptirlit með, að hún sje notuð.

Fimmta liðinn, um að lesið sje meira af nýrri aldar ritum í skólum en nú gjörist, hann tel jeg nauðsynlegan og þýðingarmikinn, og verð jeg að halda honum fast fram. Jeg játa, að ekki er ólíklegt, að hægt yrði að fá Bókmenntafjelagið til að gefa út rjettritunarorðabók, en þó naumast með þeim kostum, að höfundur bókarinnar fengi frá því fulla borgun fyrir starfa sinn; þó má vera að öðruvísi mætti haga orðum um útgáfu bókarinnar en gjört er í till.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Jeg sje ekki til mikils að gjöra ráð fyrir nefnd þeirri, sem till. nefnir, fyr en hægt er að vísa henni á fje fyrir starfa sinn, og sje jeg því ekki betur en að málið sje í raun rjettri of snemma borið upp. Þó skal jeg fara örfáum orðið um málið sjálft. Mjer þótti það hálf undarlegt, er h. flutningsm. (V. G.) talaði um það, að það gjörði ekki svo mjög til, þótt útlendum orðum brygði fyrir, ef setningaskipunin væri að eins íslenzkuleg. Jeg veit þó ekki betur en að málið saman standi af orðum, og jeg hygg að hætt sje við að útlend orð dragi eptir sjer útlenda setníngaskipan. Mjer skilst, að h. flutningsm. (V. G.) hafi ímugust á, að tunga vor sje lærð af fornritunum; hann ætti þó manna bezt að vita, að á þeim er talið fagurt mál, og varla er þar að óttast danska setningaskipun; við slíku má miklu fremur búast í nýrri aldar ritunum, því að á þau hafa danskar bókmenntir haft meiri og minni áhrif. Annars hefi jeg ekkert á móti því, að kaflar eptir beztu rithöfunda þessarar aldar sje lesnir í skólunum; en hitt er annað mál, hvort slíkt eigi að vera ákveðið af alþingi.

Flutningsmaður (Valtýr Guðmundsson): Jeg ætla að eins að svara fáum orðum aths. þeim, sem gjörðar hafa verið. Jeg lít svo á, að samþykki alþingi þetta, sem þessi þingsál.till. fer fram á, þá sje það vilyrði fyrir því, að fje verði veitt til þess að nefndin geti starfað. Hjer er að eins farið fram á, að stjórnin hlutist til um, að nefnd verði skipuð, og að henni verði veitt fje á næsta þingi til þess að geta unnið ætlunar-

verk sitt, og þá kemur fyrst til umræðu, hvort þingið veitir það fje, sem til þess þarf.

Viðvíkjandi því, sem h. þm. A.-Sk. (J. J.) tók fram, að útlend orð spilltu málinu, þá skal jeg svara því, að forfeður vorir skrifuðu allhreint mál, en samt sem áður hikuðu þeir sjer ekki við að brúka útlend orð. H. þm. er prestur og mun því ekki hafa mikið á móti því orði í málinu, en orðið prestur er útlent og þó hafa fornmenn vorir innleitt það í sitt mál. Með nýjum hugmyndum tóku þeir upp ný orð. Á þann hátt eru orðin biskup, prestur og djákni og mörg fleiri komin inn í vora tungu. Það er ekkert athugavert við það, að nota ný orð yfir nýjar hugmyndir, en það er sjálfsagt að nota þau orð, sem vjer höfum. Þó viku forfeður vorir frá því; því þeir brúkuðu orðið ketill, sem er útlent orð í, stað orðsins hverr, sem er innlent, og upphaflega þýðir hið sama. Jeg gæti tilfært fleiri dæmi þessu til sönnunar.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um þetta.

ATKV.GR.: Hinir sjerstöku liðir voru því næst bornir undir atkv. og fór atkv.gr. þannig fram: 1.—2. liður samþ. með 17 samhljóða atkv. hvor; 3. liður samþ. með 16 atkv.; 4. liður felldur með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Eiríkur Gíslason,	Benedikt Sveinsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Björn Sigfússon,
Halldór Daníelsson,	Jens Pálsson,
Ólafur Briem,	Jón Jensson,
Pjetur Jónsson,	J. Jónsson A.-Sk.,
Sig. Gunnarsson,	J. Jónsson Eyf.,
V. Guðmundsson.	Jón Þórarinsson,
	Sighv. Árnason,
	Skúli Thoroddsen,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þórh. Bjarnarson,
	Þorl. Guðmundss.

Þá var 5. liður samþ. með 13 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmunds.,
Eiríkur Gíslason,	Benedikt Sveinsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Björn Sigfússon,
Halld. Daníelsson,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	Jón Þórarinsson,
J. Jónsson A.-Sk.,	Pjetur Jónsson,
J. Jónsson Eyf.,	Tryggvi Gunnarss.,
Ólafur Briem,	Þórh. Bjarnarson,
Sighv. Árnason,	Þorl. Guðmundss.
Sig. Gunnarss.,	
Skúli Thoroddsen,	
V. Guðmundsson,	
Þ. Guðmundsson.	

Þá var 6. liður út að »sögu tungunnar« felldur með 13 : 9 atkv., en síðari hlutinn þar með fallinn. Því næst var 7. liður felldur með 12 : 5 atkv. og 8 liður felldur með 12 : 10 atkv., en 9. liður samþ. með 18 samhljóða atkv.

Málinu vísað til síðari umr. með 20 atkv.

Frumv. til laga um auðkenni á eitruðum rjúpum (C. 28); 1. umr.

Flutningsmaður (Björn Sigfússon): Þegar annað frumv., sem var skylt þessu, lá fyrir h. deild fyrir nokkrum dögum, þá gat jeg þess, að æskilegt væri, að fyrirskipað væri með lögum glöggt einkenni á rjúpum þeim, sem eitraðar væru. Jeg og h. þm. Borgf. (Þ. B.) höfum komið okkur saman um, að flytja þetta frumv. Tilgangurinn með því er fyrst og fremst sá, að koma í veg fyrir hugsanlega hættu innanlands, sem búin væri at eitruðum rjúpum, og í öðru lagi til þess að gjöra tilraun til að eyða þeim ótta, sem hefir sýnt sig að á heima erlendis, svo að rjúpur

gætu haldið áfram að vera verzlunarvara. Jeg get ekki skilið að h. þingþm. hafi nokkuð á móti frumv. þessu, þar sem það getur alls ekkert skaðað, en jeg vona að það miklu fremur geti orðið að gagni.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið, en vona að það fái að ganga slysalaust gegnum þingið.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla að eins að gjöra litla athugasemd. Frá mínu sjónarmiði álít jeg það betra, að allur vængurinn sje stýfður af. Með því er miklu meiri trygging fyrir því, að rjúpan væri ekki eitruð. Þetta mark, að stýfa af hálfan vænginn, er óglöggt, því það getur orðin ágreiningur um, hvort vængurinn er skotinn eða stýfður af, ef ekki er tekinn nema hálfur vængurinn. Jeg álít, að það væri miklu tryggara að tekinn væri allur vængurinn af, og einmitt það, að hafa merkið glöggt, er trygging fyrir því, að markaður haldist.

ATKV.GR:. Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um breytingu á 1. gr. laga 9. janúar 1880 um breytingu á tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 30); 1. umr.

Flutningsmaður (*Þórður Guðmundsson*): Í kjördæmi mínu kom fram ósk um það, að breytt væri þeim ákvæðum í sveitarstjórnarlögunum, sem minnzt er á hjer í þessu frumv., þannig, að sýslunefndum veitist heimild til að leyfa þeim hreppum, sem óskuðu þess, að jafna niður sveitargjöldum sínum á vorin, en þeir gætu haldið sama niðurjöfnunartíma, sem ákveðinn er í lögum, er þess æsktu heldur. Ástæðan fyrir því, að þetta frumv. hefur komið fram, er sú, að þar sem hagar ekki alstaðar eins til, þá er á einum staðnum heppilegra, að niðurjöfnunin fari fram að haustinu til, en á öðrum að vorlagi. Hjer á landi eru sem sje stundaðir tveir aðalatvinnuvegir, landbúnaður og sjáfarútvegur. Það liggur í augum uppi, að það er heppilegra fyrir þá hreppa, sem einkum stunda sjáfarútveg, að niðurjöfnunin fari fram á vorum, en aptur er haganlegra fyrir þá, er leggja stund á landbúnað, að niðurjöfnunin fram að haustinu til.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um breytingar þessar; þær eru ekki mikilvægar og snerta að eins 1. gr. laga 9. janúar 1880 um breytingu á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi. Jeg vona, að þetta litla frumv. mæti ekki mikilli mótspyrnu, en fái að ganga gegnum þingið. Það væri frjálslegt og í sumum tilfellum mikilvægt, að sýslunefndunum veittist heimild til að leyfa þeim hreppum, sem þess óska, að haga niðurjöfnun sinni eptir því, sem þeir álíta heppilegast. Því það má ganga að því vísu, að hreppsnefndir fara ekki fram á slíka breytingu nema því að eins, að það sje þeim hagkvæmara.

Jeg ætla svo ekki að fara fleirum orðum um þetta, en vona, að málið fái að ganga til 2. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla að eins að gjöra litla athugasemd við þetta frumv. Eins og kunnugt er, þá var upprunalega ákveðið í tilsk. 4. maí 1872, að niðurjöfnun hreppsgjalda skyldi fara fram á vorum. En þessu var breytt með lögum 9. jan. 1880, og þar ákveðið, að niðurjöfnunin skyldi fara fram að haustinu til, af þeirri ástæðu, að það væri hagkvæmara fyrir gjaldendur. Jeg skal játa, að það er heppilegra fyrir þá, sem við sjó búa, að jafnað sje niður sveitargjöldunum á vorum, en jeg skal taka það fram, að jeg álít, að borgunareindaginn sje settur hjer of snemma. Jeg get ímyndað mjer, að

heppilegra væri, að setja eindagann 30. sept., eptir því sem hagar til við sjó. Þeir gjaldendur, sem hafa atvinnu sína af sjávarútveg, borga hin lögákveðnu gjöld sín vanalega út úr reikning sínum, en það er ekki víst, að þeir geti það ætíð í ágústlok, því þá er máske ekki allur þeirra fiskur kominn inn, en skuldir fyrir hjá flestum, og því þykir mjer borgunarfresturinn of stuttur, nema að hann sje færður til 30. september.

En að því er snertir þá hreppa, sem liggja til sveita, þá skal jeg taka það fram, að jeg álít þessa breytingu mjög óheppilega fyrir þá, en það má ætla, að sýslunefndir og hreppsnefndir fari í þessu tilliti að eins eptir því, sem þeir álíta, að sjer sje fyrir beztu.

Jeg er því ekki á móti frumv. þessu, af því jeg vona, að hreppsnefndirnar fari ekki að hlaupa til að nota þennan rjett sinn, nema það sje heppilegt fyrir sveitarfjelagið.

Jeg vildi að eins gefa þessar bendingar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal játa það, að jeg hef heyrt þá ósk frá sjávarhreppum, að jafna mætti hreppsgjöldum niður á vorum; þær eru mjög óheppilegar, þessar haustniðurjafnanir, fyrir þær sveitir, sökum þess, að það sem jafnað er niður á þeim tíma, borgast opt og tíðum ekki fyr en að ári liðnu eða nærfelt það; því þegar þeir eiga að fara greiða þessi gjöld, þá hafa þeir opt verið búnir að taka allt út úr reikning sínum, sem nærfelt er það eina, er sjávarmenn hafa til þess, að hlaupa í, til að fá borgun frá bæði í þessu sem fleiru. En jeg álít bezt, að hreppsnefndirnar sjálfar fengju þetta leyfi, að þær mættu jafna niður hvort sem þær vildu heldur að haustinu eða vorinu til. Jeg kann ekki við, að hreppsnefndirnar þurfi að vera að knjekrjúpa fyrir sýslunefndunum um að fá þetta leyfi, úr því það á að veita þeim á annað borð þetta litla frelsi.

Jeg er alveg viss um, að þó hreppsnefndirnar fengju þetta frelsi takmarkalaust, að þá er engin hætta fyrir því, að þær vanbrúki það; það fer engin nefnd að breyta niðurjöfnunartíma í trássi við hreppsbúa, eða ef þeir álíta þann tímann mjög óheppilegan. Jeg sje ekki, að nein hætta sje búin af því.

Jeg vildi benda h. flutningsmanni (Þ. G.) á þetta, og jeg mun koma með breytingartill. í þessa átt við 2. umr.

Í öðru lagi vildi jeg benda h. flutningsmanni á það, að jeg álít borgunareindagann, ef jafnað er niður að vorinu til, mikils til of nærri niðurjöfnunartímanum og gjaldfrestinn þrengdan um of.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg skal geta þess, að þetta er áhugamál við sjávarsíðuna í kjördæmi mínu, og kom það fram með sjerstakri áherzlu á þingmálafundi á Akranesi. Við flutningsmenn höfðum einmitt lagt niður með okkur, hver gjalddagi mundi vera heppilegastur, og komumst að þeirri niðurstöðu, að einmitt 31. ágúst mundi vera haganlegastur. Það mætti ef til vill færa eindagann enn lengra, t. d. til 15. sept., en ef gjaldfresturinn er settur langt fram á haustið, verður innheimtan örðugri. Í Reykjavík var gjaldheimtan færð frá haustinu til miðsumars, og hefir gefizt vel, enda liggur það í augum uppi, að þá eiga sjávarbændur hægast með að greiða sín sveitargjöld, um leið og þeir leggja inn fiskinn sinn.

Annars munum við flutningsmenn fúslega samlaga okkur við h. þingd.m. um þær bendingar, sem geta miðað til bóta.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er mitt álit á frumv. þessu, að það geti

orðið til baga fyrir sveitamenn. ef það verður að lögum, og yfir höfuð fyrir alla, sem borga sín gjöld til sveita í landaurum. Þessi gjalddagi er þeim mjög óhentugur, því með því að hafa hann, eru menn útilokaðir frá að geta greitt gjöld sín með því, sem þeim að öðru leyti er handhægra að láta af hendi upp í þau, t. d. mönnum er gjört ómögulegt, að borga þau með sláturfje.

Jeg vil leggja það til, að sett verði þriggja manna nefnd í málið. Hún gæti ef til vill lagfært það svo, að það yrði aðgengilegra, t. d. með því, að sýslunefndum veittist heimild til þess, að ákveða gjalddaga, hver í sinni sýslu, án þess að þær sjeu bundnar við einhvern vissan tíma.

Flutningsmaður (Þórður Guðmundsson): Það var út af orðum h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), að jeg finn ástæðu til þess, að tala nokkur orð. Jeg ímynda mjer, að þau hafi verið sprottin af misskilningi á frumvarpi þessu hjá honum. Það var alls eigi meiningin með frumv., að breyta eindaga þeirra sveitargjalda, sem jafnað er niður á haustin, heldur var meiningin sú, að í því tilfelli hjeldist hinn gamli eindagi, nefnilega 31. desember. Það er ólíklegt, að margir sveitamenn fari að breyta niðurjöfnunartímanum nje gjalddaganum, því fyrir þá er haustniðurjöfnunin heppilegri.

En að því er snertir það atriði, sem h. 4. þm. Rangv. (Sighv. Á.) tók fram, að borgunarfresturinn væri of naumur, þá skal jeg taka það fram, að jeg get ekki skilið, að það hafi við nokkur rök að styðjast, því sú vara, sem sjávarbændur einkum hafa, sem er fiskur, er vanalegast komin inn til kaupmanna fyrir ágústmánaðarlok, og þá eiga þeir hægast með að fá innskript hjá kaupmönnum upp í gjöld sín.

Jeg og h. samflutningsmaður minn, h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.), höfðum lagt það niður fyrir okkur, að það munaði 10 dögum, sem gjaldfresturinn eptir þessu frumv. er styttri en eptir núgildandi lögum, en komumst að þeirri niðurstöðu, að slíkt gæti ekki haft neinar skaðlegar afleiðingar fyrir gjaldendur.

En jeg skal taka það fram, að jeg er fús á að taka þeim bendingum í þá átt, er til bóta horfa þessu frumv. viðvíkjandi.

Jens Pálsson: Jeg ætlaði að eins að láta það í ljósi, að mjer er kunnugt um, að það er beinlínis nauðsynlegt í sjávarsveitum, að fá þannig löguð lög, sem þessi, vegna þess, hve erfitt er að fá sveitargjöldin borguð á þeim tíma, sem tiltekinn er í núgildandi lögum, hjá þeim mönnum, sem eingöngu hafa sjávarafla að atvinnuveg sínum, og lítið hafa handa á milli.

Jeg er því mjög meðmæltur frumv. þessu, því það getur alls ekki orðið nokkrum hrepp að baga, því það er ekki hugsandi, að sú niðurjöfnun, er hjer er farið fram á og þessi gjalddagi 31. ágúst verði tekinn upp, nema þar sem það er álitið heppilegra.

Jeg get að minnsta kosti ekki hugsað, að nokkur hreppsnefnd vilji innleiða þessi ákvæði hjá sjer, ef hún álítur þau óhentug. (*Guðl. Guðmundss.*: Getur hagað misjafnlega til í sömu sýslu). Þessi breyting á ekki að komast annarsstaðar á en þar, sem það er ósk viðkomandi hreppsnefndar, og hún mun tæpast fara fram á hana, nema hún sje hagur fyrir sveitarfjelag hennar.

Jeg leyfi mjer svo að mæla sem innilegast með frumv., og vona að það fái að ganga óhindrað áfram sína leið.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Frumv. til laga um stofnun brunabótasjóðs (C. 25); 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Samkvæmt bendingu forseta skal jeg vera fáorður að þessu sinni. Mál þetta hefir áður verið íhugað og rætt all-ýtarlega, þar sem það hefir verið til meðferðar á 2 undanförnum þingum og í hvorttveggja skiptið var frumvarp líkt þessu, sem hjer liggur fyrir, samþykkt í neðri deild þingsins með miklum atkvæðafjölda. Einkum var það rækilega undirbúið af nefnd, er sett var á þinginu 1891. Röksemdirnar fyrir nytsemi innlends brunabótasjóðs hafa ekki verið hraktar, og því finn jeg ekki ástæðu til, að endurtaka þær.

Jeg vildi að eins vekja athygli h. þingm. á því, að þetta mál er skylt frumv., sem komið er fram og útbýtt var í h. deild í dag, sem sje frumv. til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkurkaupstað. Frumvarp það, er hjer liggur fyrir, stendur þannig í sambandi við frumv. það, sem jeg nú minntist á, að það verður ekki samþykkt jafnhliða þessu. En með því það er erfitt mjög að meðhöndla hvort frumv. út af fyrir sig, þá væri nauðsynlegt að kjósa nefnd, til að íhuga bæði þessi frumvörp í sameiningu.

En jeg vil ekki stinga strax upp á nefnd, til þess, að taka ekki fyrir umræðurnar. En síðar, þegar nefndin verður sett í málið, væri æskilegt, að hún væri valin með það fyrir augum, að til hennar yrði vísað hinu frumv., þegar það kemur til umræðu.

ATKV.GR: Samþykkt 5 manna nefnd og í hana kosnir:

Ólafur Briem	með 20	atkv.
Jón Jensson	— 15	—
Þórhallur Bjarnarson	— 13	—
Jón Jónsson, 1. þm. Eyf.	— 12	—
Skúli Thoroddsen	— 11	—

Tillaga til þingsályktunar (frá Skúla Thoroddsen og fimm þingmönnum öðrum, C. 28); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og var það samþykkt.

Sjöundi fundur, miðvikudag 8. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að til sín væri komið og yrði lagt fram á lestrarsalinn:

1. Þingmálafundargjörðir úr Hafnarfirði.
2. Fimm áskoranir til alþingis um, að skerpa lögin um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Hrafneyri við Hvalfjörð (C. 2); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 18 atkv. samhlj. og sent til Ed.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Seleyri við Borgarfjörð (C 2); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 18 atkv. samhlj. og sent til Ed.

Frumv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. 32); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg vona að nefndarálit það, sem liggur á borðunum fyrir framan h. þingdeildarm. (C. 32), sje svo glögglega og skilmerkilega samið, að jeg þurfi ekki að fjölyrða um málið á þessu stigi þess, hvorki frá almennu sjónarmiði nje um þær fáu breytingar, sem nefndin hefir stungið upp á að gjöra á frumv. Jeg skal að eins geta þess, að nefndinni hafa enn borizt 6 fjölmennar áskoranir um að þingið taki þetta mál fyrir, og það

er því enginn vafi á, að það er ekki að eins almenn ósk, heldur almenn krafa þjóðarinnar, að þingið ráði gagngjört fram úr þeim vandræðum og eyðileggingu, sem vofa yfir fiskiveiðum vorum af yfirgangi botnvörpuveiðara. Áskoranir hafa þannig komið úr Suður og Norður-Múlasýslum, úr Skaptafellssýslu, úr Rangárvallasýslu, úr Kjósar- og Gullbringusýslu, margar úr sumum, með fjölda undirskriptum, og eigi færri en 5 áskoranir úr Suður- og Norður-Þingeyjarsýslum.

Að engar áskoranir hafa komið frá Vestfjörðum, er engin sönnun fyrir því, að sama yfirgangi sje ekki beitt þar, heldur getur það verið af því, að staðhættir sjeu þar aðrir, svo botnvörpuveiðar saki þar minna, og eins hitt, að hjer var um nauman tíma að tefla.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið að þessu sinni, en óska þess, að því verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað o. fl. (C. 31); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jón Jensson*): Árið 1874 var, eins og h. þingd.m. er kunnugt, sú skylda lögð á Reykjavíkurbúa, að tryggja hús sín fyrir eldsvoða, og var brunaábyrgðinni svo fyrir komið, að ábyrgð var fengin í brunabótafjelagi hinna dönsku kaupstaða fyrir $^2/_3$ verðs húseignanna, en $^1/_3$ verðsins átti bærinn sjálfur að ábyrgjast, en það varð í framkvæmdinni á þann hátt, að Reykjavík útvegaði sjer annarsstaðar ábyrgð á þessum $^1/_3$ verðsins. Ábyrgð þessi varð töluvert dýrari en á þeim $^2/_3$, sem brunabótafjelag hinna dönsku kaupstaða tók að sjer.

Ábyrgðargjaldið varð 5‰ af þessum $^1/_3$ virðingarverðsins, en hjer um bil 2‰ af þeim $^2/_3$, sem dönsku kaupstaðirnir tóku að sjer. Menn fóru því að hugsa um það hjer í Reykjavík, að fá breytingu á þessu, og varð það úr, eptir ályktun borgarafundar, þar sem húseigendur einir höfðu atkvæðisrjett, að leita til dönsku kaupstaðanna og biðja þá að taka einnig að sjer ábyrgðina á þessum $^1/_3$ Þetta var síðan gjört, og árangurinn varð sá, að dönsku kaupstaðirnir gengu að því, að taka að sjer ábyrgð á öllum húsum bæjarins með sömu kjörum og þeir áður höfðu gjört fyrir $^2/_3$ verðsins. Þetta var töluverð niðurfærsla á þeim kostnaði, sem bæjarbúar höfðu áður orðið að leggja fram fyrir eldsvoðatryggingu, þar sem niðurfærslan nemur 2600 kr. á ári. Það, sem þetta frumv. fer fram á, er, að aðalefninu það, að biðja alþingi um leyfi til, að mega sæta þessum betri kjörum, þessari vægari tryggingu, sem jeg hefi talað um.

Það er von mín, að h. þingd. taki vel þessari beiðni, sem sýnist vera nokkurn veginn sjálfsagt að uppfylla. Í gær kom að vísu fram frumv. um brunabótafjelag fyrir allt landið og Reykjavík með, og hjelt flutningsmaður þess máls (Ól. Br.), að þetta frumv., sem nú liggur hjer fyrir, mundi ekki geta staðizt við hliðina á frumv. um hinn almenna brunabótasjóð, og stakk því upp á, að þessu frumv. yrði vísað til hinnar sömu nefndar, er tæki til meðferðar málið um hinn almenna brunabótasjóð.

Jeg get nú að vísu ekki álitið, að þetta frumv. þurfi að koma í bága við þá ósk, sem felst í frumv. því, sem rætt var í gær, ef skynsamlega og liðlega er að farið, en vil þó, til þess að rannsakað verði sem ýtarlegast, hvort þetta atriði er á rökum bygt, að endingu leggja það til, að þessu frumv. verði vísað til nefndarinnar, sem skipuð

var í gær til að íhuga margnefnt frv. um almennt brunabótafjelag fyrir landið.

ATKVGR.: Samþ. í einu hljóði að vísa frumv. til þeirrar nefndar.

Frumv. til laga um viðauka og breyting á lögum 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (C. 30); 1. umr.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Eins og h. deild er kunnugt, hefir nokkrum sinnum verið gjörð tilraun til að koma á breytingu á útflutningslögunum frá 14. janúar 1876, og á þingi 1889 var samþykkt frumv. í þá átt, en því var synjað staðfestingar, eins og sjá má af ráðgjafabrjefi frá 30. maí 1891.

Á þingi 1893 var að nýju gjörð tilraun til að breyta útflutningalögunum. Þetta frumv. vort fer ekki nærri eins langt og frumv. 1893, og auk þess stefnir það í nokkuð aðra átt. Það vill sjerstaklega bæta úr nokkrum helztu agnúunum á útflutningslögum vorum, og skal jeg leyfa mjer að benda stuttlega á þau atriði, er það vill fá breytt í gildandi lögum. Það er þá fyrst og fremst farið fram á, að engir aðrir en löggiltir útflutningsstjórar og umboðsmenn þeirra megi starfa að útflutningum. Kann vera, að þetta þyki nokkuð freklega orðað, en fúslega mun verða gengið inn á, að orðum sje þar hagað nokkuð á annan veg. Þá fer frumv. fram á, að sú ábyrgð, sem nú hvílir á útflutningsstjórum og umboðsmönnum þeirra, ef þeir með ósönnum fortölum tæla menn eða leitast við að tæla þá til útflutninga, færist líka yfir á aðra menn, sem þessu beita. Þetta eru eðlileg ákvæði, því að ef það er saknæmt fyrir útflutningsstjórana að beita slíkum fortölum, hví skyldi það þá ekki vera það jafnt fyrir aðra menn, sem gjöra sjer það að atvinnu, að fá menn til að flytja af landi burt. Hjer er sjerstaklega átt við ferða-agentana, sendimenn Canadastjórnar. Enn fremur er farið fram á, að numin sje úr gildi undanþága sú, sem lögin veita hinu konunglega danska póstgufuskipi, og sem líka hefir verið látin ná til strandferðaskipa hins sameinaða gufuskipafjelags. Að vísu virðist eptir bókstaf laganna þessi heimild vera fallin burt, eptir að póstskipin hættu að vera ríkiseign; en enginn skaði getur þó verið að því, að þetta sje beint tekið fram í lögunum. Í ráðgjafabrjefinu er að vísu tekið fram, að sjeu póstskipin svipt undanþágunni, þá muni útflutningar hafa svo mikil vandkvæði í för með sjer fyrir þau, að þeir muni verða því nær ómögulegir. En þó telur ráðgjafinn þau ekki svo mikil, að sje þingið eindregið á því, að fá undanþáguna afnumda, þá muni eigi full ástæða til að synja því áfram um þá ósk. Mjer finnst það nú allsendis nauðsynlegt, að þessi skip sjeu sömu lögum háð, sem önnur skip; það er engu betra, að útflytjendur hafi illt og ónógt rúm í þeim en öðrum skipum. Þá förum vjer og fram á breytingu á núgildandi lögum á skipa-afgreiðslunni sjálfri. Eptir gildandi lögum eru skipin eigi mæld og eigi ákveðið, hve marga farþega þau megi flytja, fyr en á síðustu höfn, sem þau koma á, áður en þau leggja frá landi. Af þessu getur auðveldlega leitt, að búið sje að taka fleiri í skipið en uppmælingin sýnir, að þar megi vera, og þá liggur ekki annað fyrir, en að vísa einhverjum af skipi, svo óþægilegt sem það kann að vera. Til að gjöra ólíklegt að þetta þurfi að vera, þá fer frumv. fram á, að skipið sje mælt á fyrstu höfn, sem það tekur útfara á, og að lögreglustjóri gefi þar skriflegt leyfi þess, hve marga útfara skipið megi taka. Þegar þannig

er ákveðið, þá getur útflutningsstjóri enga afsökun haft, ef hann tekur of marga menn á skip. Þá er eitt ákvæði síðast í frumv., sem jeg álít í sjálfu sjer praktiskt og eiginlega ekki viðsjárvert að hafa, en get búizt við, að yerði talinn vottur um apturhaldsanda hjá oss flutningsmönnum. Jeg á þar við þá skyldu, sem farið er fram á að leggja á herðar hverjum útfara, að afhenda lögreglustjóranum á hinni síðustu höfn, sem skipið fer frá, skriflegt skírteini frá lögreglustjóra í því umdæmi, eða hreppstjóra í þeim hreppi, er hann síðast var heimilisfastur í, fyrir því, að hann sje að lögum til frjáls til útfarar. Þetta ákvæði er sett til þess, að hepta það, að strokumenn geti leynzt úr landi burt, eða að menn geti hlaupið burt án þess að skilja ómögum sínum hjer eptir lögboðna fúlgu. Þetta ákvæði getur varla orðið til að hefta för frjálsra manna, en það getur, sem sagt, orðið til þess, að gjöra glæpamönnum óhægra fyrir með að strjúka, og öðrum óhægra að losast við forsorgunarfúlgu þá, sem sveitarstjórn hefir rjett til að leggja á þá. Eins og þeir hljóta að sjá, sem óskökkum augum líta á frumv. þetta, miðar það engan veginn til að hefta útflutninga, enda álít jeg þá ekki svo mjög skaðlega; en það á að eins að stemma stigu fyrir ólöglegri »trafik«, það á að stemma stigu fyrir, að ólöglegum meðulum sje beitt til að koma á útflutningunum og við þá, meðulum, sem, þótt þau sjeu ekki beint á móti bókstaf laganna, auðsjáanlega stríða á móti anda þeirra.

Jeg ætla, að mál þetta sje ekki svo margbrotið, að nauðsyn beri til að skipa nefnd í því; þótt jeg að vísu hafi ekki á móti nefnd í því, ef h. deild sýnist þess þörf. En það vona jeg, að h. deild lofi þó máli þessu að ganga greiðlega fram, þar sem svo opt að undanförnu hefir komið fram í þinginu vilji á að bæta útflutningalög vor.

Jón Jónsson, 1. þm. Eyf.: Jeg ætlaði ekki að taka til máls að þessu sinni, því jeg bjóst við, að h. flutningsmönnum mundi þykja æskilegt, að nefnd væri skipuð í málið.

H. flutningsm. (Guðl. G.) sagði, að það væri auðsjeð, að tilgangur frumv. væri ekki að hepta útflutninga. En hver er tilgangurinn? Er hann þó ekki sá, að hefta það, að notað verði skálkaskjól og óvönd ráð til að koma mönnum af landi burt og til að komast af landi burt? En jeg fæ ekki betur sjeð, en að lítil trygging sje fyrir, að þessum tilgangi verði náð með þessu frv., eins og það er nú úr garði gjört, og að eigi muni vanþörf á, að leita annara öruggari ráða; vil jeg því leyfa mjer að leggja til, að 3 manna nefnd sje kosin til að íhuga málið.

ATKVGR.: Nefndarkosning samþ. með 18 samhlj. atkv. Kosningu hlutu:
Guðlaugur Guðmundsson með 15 atkv.
Jón Jónsson, 1. þm. Eyf. — 9 —
og við endurkosningu:
Einar Jónsson — 9 —

Fyrstu umr. frestað.

Frv. til viðaukalaga við lög 13. apríl 1894 um samþykktir til að friða skóg og mel (C. 35); 1. umr.

Flutningsm. (*Sighvatur Árnason*): Jeg vona, að þetta litla og einfalda frumv. fái góðan byr hjá h. deild. Eins og h. deild er kunnugt, eru komin út lög um friðun á skógi og mel, staðfest af konungi 13. apríl 1894. Þegar lög þessi voru samin, þá lá til grundvallar fyrir friðun á mel, að hindra sandfok; hin sama hugsun liggur og til grundvallar fyrir þessu frumv. Það er þegar fengin reynsla fyrir því, að með góðum samtökum má töluvert hindra sandfok á ýmsum stöðum. En reynslan hefir líka

sýnt, að þau samtök, sem almenna þýðingu hafa, eru vandfengin nema með samþykktarlögum, sem gefa samtökunum lagalegan krapt. Það er, eins og jeg þegar sagði, fengin nokkur reynsla fyrir því, að hindra má sandfok, bæði með fyrirhleðslu á ýmsum stöðum, með vatnsveitingu á sandana, þar sem því verður við komið, og með sáningu. Það hefir þegar sýnt sig, að sáning í sanda getur heppnazt og komið að góðu liði, einkum ef nokkur fjárstyrkur væri fyrir hendi til að framfylgja henni verulega. Það er þessi nýfengna reynsla, sem liggur til grundvallar fyrir frumv. voru, og vona jeg, að h. deild verði því hlynnt og lofi því að ganga sinn reglulega gang hindrunarlaust. Skal jeg svo ekki í bráð fara fleiri orðum um málið.

Jón Þórarinsson: Það var mjög óheppilegt, að h. flutningsmönnum skyldi ekki í fyrra detta í hug að setja inn í frumv. um friðun á skógi og mel ákvæði þau, sem þetta frumv. geymir; það var mjög óheppilegt, segi jeg, því að lög þau sem farið er fram á að breyta eru eigi nema 4 mánaða gömul, og jeg er hræddur um, að það mælist miður vel fyrir, ef aukaþingið er notað til þess háttar lagabreytingar, auk þess sem svo skjót lagabreyting ber vott um nokkuð mikla fljótfærni við lagasmíðina og jafnvel gefur stjórninni undir fótinn, að hrapa ekki svo mjög að því að staðfesta lög frá alþingi, og gefur henni tilefni til að hugsa sem svo, að jafngott sje, þótt beðið sje með staðfestinguna, beðið eptir því, að sjeð verði fyrir endann á, hvort næsta þing hafi ekki sjeð sig um hönd og vilji fá lögunum í einhverju breytt. Mjer sýndist eigi heldur færðar neinar glöggar ástæður fyrir nauðsyn lagabreytingarinnar og sjálft frumv. finnst mjer ekki svo glöggt orðað sem skyldi. En hvað sem því líður, þá finnst mjer það eitt næg ástæða til þess, að hrapa ekki að því, að samþykkja frumv. þetta, að það fer fram á breytingu á alveg nýjum lögum.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg verð að segja, að mig furðar á því, að mótmælum skuli vera hreift móti slíku máli, eins og h. þm. K.-G. (J. Þ.) gjörði, móti jafn miklu nauðsynjamáli fyrir ýmsar sveitir, er liggja undir eyðileggingu.

Þó þetta væri eigi tekið fram í fyrra í lögum þeim, sem þá voru afgreidd frá þinginu um þetta efni, þá skal jeg taka það fram, að áframhaldandi reynsla hefir síðan sýnt, að tilraunir þær, sem gerðar hafa verið til að hindra sandfok, hafa haft góðan árangur. Hjer ekki heldur farið fram á breytingu á lögum, heldur að eins viðauka við lög. Jeg álít það mjög varúðarvert fyrir þingið, að neita því, sem frv. þetta fer fram á, þar sem um jafnmikinn voða er að ræða fyrir sumar sveitir. Þetta frumv. skaðar eigi heldur kjördæmi h. þingm. (J. Þ.) nje heldur aðra út í frá, svo honum er þess vegna óhætt að gefa frumv. atkv. sitt.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. í með 17 : 3 atkv.

Tillaga til þingsályktunar frá Skúla Thoroddsen og fimm þm. öðrum (C. 28); ein umr.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Jeg hef leyft mjer ásamt 5 þm. öðrum að bera fram fyrir h. þingd. tillögu þá til þingsályktunar, sem hjer liggur fyrir, og vona jeg, að ekki verði mikill ágreiningur um hana.

Tillaga þessi fer fram á, að skora á ráðgjafann, að hlutast til um, að í hvert sinn, er einhverju lagfrumvarpi frá alþingi er synjað konunglegrar staðfestingar eða neitað er að sinna einhverri

þingsál. frá annari eða báðum deildum þingsins, að hann þá láti birta tillögur landsh. í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eins og kunnugt er, kann þjóðin illa öllum lagasynjunum, einkum ef þær koma opt fyrir, og þykir því ekki litlu skipta, að þekkja tillögur landsh. og eins röksemdaleiðslu ráðgjafans fyrir synjuninni út í æsar. Þegar litið er í Stjórnartíðindin, þá sjest það nú að vísu, að þar er opt drepið á tillögur þær, sem landshöfðingi hefir gert um málin. En þetta er þó eigi ávallt gjört, og afleiðingin af því er sú, að í sumum tilfellum sjest alls eigi, hvað landsh. hefir lagt til málanna, og verður því ekki sagt, að skapazt hafi nein föst venja hjá ráðaneytinu í þessu efni, heldur virðist það meira vera komið undir tilviljun, hvort almenningi gefist kostur á að sjá till. landsh. eða eigi.

Jeg get því ekki álitið, að neinir muni telja tillöguna þýðingarlausa, því þjóðina skiftir það ekki litlu, að vita á því sem glöggust deili, hvernig landshöfðingi, sem er æðsti innlendi valdsmaður landsins, fer með vald sitt, og það því fremur, sem stjórnarlögum vorum er þannig háttað, að hvorki hjá ráðgjafanum nje landsh. getur í raun og veru verið um neina lagalega ábyrgð að tala, þar sem ráðgjafinn hefir að eins ábyrgð á stjórnarskrárbroti, en ábyrgð landsh. er mun takmarkaðri; þegar svo er, skiptir það eigi litlu, að stjórnarathafnirnar fari sem mest fram fyrir augum þjóðarinnar, svo að hin siðferðislega ábyrgð lendi á rjettum stað.

Stundum hefir það komið fyrir, þegar ráðgjafinn hefir lagt það til við konunginn, að synja einhverju lagafrumv. staðfestingar, að í Stjórnartíðindunum hefir að eins stuttlega verið drepið á, að hann sje samdóma landshöfðingja um það, að frumv. eigi sje svo lagað, að ráðið verði til að staðfesta það; en þetta er ekki nóg, heldur þurfa menn að vita allar tillögur eða synjunar-ástæður landsh., svo að engin tortryggni geti á neinn hátt komizt að. Till. þessi miðar því að eins til þess að útrýma öllu mistrausti, og jeg get því ekki sjeð, að neitt sje á móti till. þessari, hvorki frá sjónarmiði landsh. nje frá sjónarmiði ráðaneytisins; því það er mjög leiðinlegt, ef ráðgjafanum er kennt um þær lagasynjanir, sem gjörðar eru eptir eindregnum tillögum landsh. Það er náttúrlegt, að stjórnin fari eptir tillögum landsh., sem hlýtur að vera kunnugri landsháttum hjer en hún, sem situr í Kaupmannahöfn; og í sama máta er það einnig fyrirbyggt með till. þessari, að landsh. verði kennt um þær lagasynjanir, sem hann hefur ekki ráðið til, og á því ekki sök á, þó fram komi.

Jeg hefi svo ekki að svo stöddu ástæðu til að fara fleirum orðum um þetta mál. Jeg vona, að h. þm. taki till. vel.

Landshöfðingi: H. flutningsm. (Sk. Th.) gat þess alveg rjett til, að það gæti aldrei verið neitt óþægilegt fyrir landsh., þó tillögur hans um lagafrumv. frá alþingi, sem ekki öðlast samþykki hans hátignar konungsins, væru birtar á prenti í Stjórnartíðindunum. En jeg veit ekki betur en að það hafi verið föst regla, að minnsta kosti síðan jeg tók við landsh.embættinu, að birta tillögur landshöfðingja í B.-deild Stjórnartíðindanna, nema í þeim tilfellum, að frumv. sje synjað staðfestingar, en nýtt frumv. lagt fyrir þingið. Eru þá ávallt teknar fram ástæðurnar fyrir lagasynjuninni í forsendum frumv., og þá um leið skírskotað til þess, sem landsh. hefir lagt til málanna.

Þar sem nú þessari reglu hefir ávallt verið fylgt, þá álít jeg tillögu þessa ó-

þarfa. En það er svo langt frá því, að jeg fyrir mitt leyti hafi nokkuð á móti því, að tillögur mínar til stjórnarinnar um alþingismál verði almenningi kunnar, að jeg þvert á móti óska, að sömu reglu verði fylgt framvegis í því efni, sem hingað til.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Það er gleðilegt fyrir okkur flutningsm. þessa máls, hve hæstv. landsh. hefir tekið vel í það. En jeg skal þó leyfa mjer að taka það fram aptur, að ekki verður sagt, að föst regla sje komin á í þessu efni, svo að till. fyrir þá sök sje óþörf, og skal jeg t. d., hvað lagafrumv. snertir, leyfa mjer að benda á ráðherrabrjef 18. apríl 1887 um synjun staðfestingar á frumv. um fiskiveiðar í landhelgi, og á annað ráðherrabrjef frá sama ári um synjun staðfestingar á frumv. um fjárforræði þurfamanna, því að í brjefum þessum var ekki einu orði minnzt á það, hvað landsh. hafði lagt til þeirra mála; og að því er snertir þingsál.till., sem neitað er að sinna, þá er það sjaldnar, að getið sje tillaga landsh. um þær. Mörgum myndi og hafa þótt það fróðlegt, að heyra tillögur landsh. til stjórnarinnar um stjórnarskipunarlagafrumv., sem samþykkt var á þingunum 1885 og 1886; en í ráðherrabrjefinu 15. okt. 1886 er þeirra eigi getið með einu orði; og þó að drepið sje víða á tillögur landsh., þá er það, eins og jeg tók fram áðan, gjört svo stuttlega og ógreinilega, að það er ástæða til að halda, að drepið sje á sumt af þeim, en öðrum aptur sleppt, allt eptir því sem ráðaneytinu þykir við eiga frá sínu sjónarmiði. Aptur á móti man jeg eptir einu tilfelli, þar sem þjóðinni gafst kostur á að heyra greinilega tillögur landsh., og á jeg þar við ráðherrabrjef 24. maí 1893, sem birtir in extenso tillögur landsh. um stofnun lagaskóla.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um þetta, þar sem undirtektir landsh. undir þetta mál hafa verið svo liprar og góðar.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins geta þess, að þau 2 dæmi, upp á lagasynjanir frá 1887, er h. flutningsm. (Sk. Th.) tilfærði, koma ekki í bága við orð mín. Jeg sagði, að jeg vissi ekki til, að tillögur landsh. hefðu eigi verið birtar, síðan jeg kom í embættið. En þessi 2 lög, er h. flutningsm. (Sk. Th.) nefndi, voru samþ. á alþingi 1885, sem er fyrir mína tíð. Sje það meiningin með þessari þingsál.till., að fá fyllri skýrslu um tillögur landsh. til ráðaneytisins en verið hefir, þá er hún eigi nógu greinilega orðuð; þar stendur: tillögur landsh. til ráðaneytisins skulu birtar í B.-deild Stjórnartíðindanna; sjeu menn hræddir um, að einhverju sje stungið undir stól, þegar skýrt er frá tillögum landsh., væri rjettara að taka það fram í þingsál.till., að brjef landsh. með tillögum til ráðaneytisins skuli prenta »in extenso« í Stjórnartíðindunum; þá fyrst getur þingið gengið úr skugga um, að það fari ekki á mis við neitt af því, sem landsh. leggur til málanna; en eins og tillagan er nú, fer hún ekki fram á neitt annað en það, sem nú á sjer stað.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Jeg ætla að eins að segja fáein orð út af hinni síðustu athugasemd hæstv. landsh., að tillagan þyrfti að vera greinilegar orðuð. Jeg fæ eigi betur sjeð en að orðin »tillögur landsh.« sjeu víðtæk, og að sá skilningur verði lagður í þau, sem áður hefur verið tekinn fram, að það sje meining þingsins, að fá að vita allar synjunar-ástæður landsh. Hins vegar mundi eigi ávallt vera nauðsynlegt að prenta brjef hæstv. landsh. »in extenso«, heldur mundi yfir höfuð nægja að skýra frá ástæðum

þeim, er þau færði fram; en að öðru leyti gæti það verið á valdi ráðaneytisins, hvort brjefin yrðu birt »in extenso«.

Þórhallur Bjarnarson: Eptir upplýsingum frá hæstv. landsh. er það ljóst, að engin sjerleg þörf er á þessari þingsál.; það sem þingsál. fer fram á er gert í flestöllum eða sem næst í öllum tilfellum. Að fella tillöguna er þó, ef til vill, eigi heppilegt, þar sem allir munu vera henni að efninu til samþykkir, og líka hæstv. landsh., en í annan stað finnst mjer það óviðkunnanlegt, og jeg fyrir mitt leyti get eigi verið með í því að samþ. kröfu um það, sem eitthvað nýtt, sem undanfarið hefir verið gert. Heppilegast þætti mjer að samþykkja rökstudda dagskrá þess efnis, að alþingi treysti því, að stjórnin framvegis fylgi sömu reglu og áður í þessu efni.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Jeg get eigi fyrir hönd mína og meðflutningsm. minna verið því samþ., að h. þingd. endi þetta mál svo, sem h. þm. Borgf. (Þórh. B.) rjeð til, með rökstuddri dagskrá. Jeg sýndi fram á það í ræðu minni, og hæstv. landsh. hefir eigi mótmælt því, að stjórnin hefir ekki fylgt þeirri reglu — að birta tillögur hæstv. landsh. — nema að nokkru leyti, þótt hún nú um nokkur ár hafi gert það optar en áður.

Með því að samþ. þessa þingsál.till., lætur deildin þann vilja sinn í ljósi, að stjórnin framvegis hafi það fyrir fasta reglu, að gefa þingi og þjóð í Stj.tíð. sem greinilegasta og fyllsta skýrslu um tillögur hæstv. landsh., en verði hin rökstudda dagskrá samþ., þá er þar með samþ., að stjórnin hagi þessu eins og verið hefir, þ. e. eptir tilviljun og atvikum, eða svo sem henni sýnist við eiga í hverju einstöku tilfelli; og það get jeg fyrir mitt leyti eigi talið heppilega aðferð.

Þess vegna ræð jeg fastlega til að hafna uppást. h. þm. Borgf. (Þórh. B.).

Þórhallur Bjarnarson: Jeg get eigi annað en álitið, að hjer sje kominn á regla, sem hægt sje að miða við, þar sem hinn núverandi landsh. hefir setið í embætti í 8 ár, og það er ómótmælanlegt, að alla þá tíð hefir reglunni verið fylgt. Að samþ. rökstudda dagskrá sýnir eins vel vilja deildarinnar og till. Þá kannast deildin við, að þessari reglu hafi undanfarin ár verið fylgt, en með því að samþ. till. gerir hún það ekki, sem væri rangt. Jeg vil því leyfa mjer að bera upp svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

»Í því trausti, að stjórnin eptirleiðis fylgi sömu reglu sem hingað til, í því efni, sem þingsál.till. hljóðar um, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

ATKV.GR.: Hin rökstudda dagskrá felld með 13 : 5 atkv., en þingsál.till. samþ. með 13 samhlj. atkv. og afgreidd til Ed.

Áttundi fundur, fimmtudag 9. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands (C. 7); 2. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Samkvæmt því sem jeg tók fram við 1. umr., finn jeg enga ástæðu til að fjölyrða um málið, enda hafa engar breyt.till. komið fram við frumv.

ATKV.GR.: I. kafli 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.; 2. gr. samþ. m. 21 atkv.; 3. gr. samþ. með 20 atkv.; 4.—5. gr. samþ. með 21 atkv. hvor; 6.—7. gr. samþ. m. 20 atkv. hvor; 8. gr. samþ. m. 19 atkv.; 9.—12. gr. samþ. m. 20

atkv. hvor; 13. gr. samþ. m. 18 atkv.; 14.—18. gr. samþ. með 20 atkv. hver; 19. gr. samþ. með 21 atkv.

II. kafli borinn upp í einu lagi.

20.—23. gr. samþ. með 21 samhljóða atkv. grein fyrir grein.

III. kafli borinn upp í einu lagi.

24.—47. gr. samþ. með 21 samhljóða atkv. grein fyrir grein.

IV. kafli borinn upp í einu lagi.

48.—53. gr. samþ. með 21 samhljóða atkv. grein fyrir grein.

V. kafli.

54. gr. frv. samþ. með 18 samhlj. atkv.
55. — — — — 21 — —
56. — — — — 20 — —
57. — — — — 21 — —

VI. kafli.

58.—70. gr. bornar upp í einu lagi og samþykktar með 21 samhlj. atkv. grein fyrir grein.

VII. kafli.

71.—72. gr. bornar upp í einu og samþ. með 21 samhlj. atkv. grein fyrir grein.

Akvæði um stundarsakir samþ. með 21 samhlj. atkvæði.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um ráðgjafa-ábyrgð (C. 44); 1. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Eins og h. þingd.menn hafa veitt eptirtekt, er frumv. þetta samhljóða frumv. því, sem borið var fram um sama efni á aukaþinginu 1886, og finn jeg því ekki ástæðu til að fara neinum orðum um málsins almennu hlið nú. Öllum mun það ljóst, að frumv. þetta er nauðsynlegur fylgifiskur stjórnarskrárinnar, og að hún mundi missa kjarnann og merginn úr sinni stjórnskipulegu þýðingu, ef það vantaði eða hyrfi úr sögunni. Það segir sig sjálft, að eins og jeg finn ekki þannig ástæðu til að tala um málið í heild sinni, þá er því síður ástæða til að tala um einstakar greinir frumv. við þessa umræðu. Jeg get þessa að eins til að benda á, að ef einhverjum af h. þingdeildarmönnum finnst ástæða til gjöra breytingar við einstakar greinir, þá getst honum að sjálfsögðu kostur á, að koma með þær breytingar til 2. umr., og er jeg fús á að taka þær til íhugunar, og yfir höfuð taka öllum skynsamlegum bendingum, er fram kunna að koma. Jeg skal alls ekki neita því, að sum atriði kunni að vera nokkuð íhugunarverð; jeg tek til dæmis staflið f. í 2. gr.

Jeg skal svo ekki eyða tíma með því, að fara fleiri orðum um frumvarpið; en að eins óska þess, að það fái að ganga til 2. umræðu með fullu fylgi háttv. deild.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Stakkhamri í Miklaholtshreppi (C. 5); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 18 samhljóða atkv. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um auðkenni á eitruðum rjúpum (C. 28, 50); 2. umr.

Flutningsmaður (Björn Sigfússon): Það er komin fram dálítil breyt.till. (C. 50) við frumv. þetta, og skal jeg leyfa mjer að fara fáeinum orðum um hana. H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) gat þess við 1. umr., að það kynni að vera gleggra, að einkenna rjúpur á þann hátt, sem breyt.till. fer fram á, það er að segja með því, að stýfa af þeim annan vænginn. Við flutningsmennirnir höfðum íhugað þetta, og kom oss saman um, að það mundi ekki vera heppilegra. Jeg sje ekki að það sje gleggra að stýfa af allan vænginn, en að hann sje klipptur af til hálfs. Jeg ætla, að það sje svo glöggt einkenni, að enginn geti á því villzt, en verið getur að

vængur fari af rjúpu, þótt hann sje ekki tekinn af af ásettu ráði. Jeg skal taka til dæmis, að sje rjúpa skotin á flugi, getur svo farið, að annar vængurinn sje skotinn af henni. Svo hef jeg og annað á móti breytingunni; mjer er nefnilega ekki grunlaust um, að agnið kunni að verða heldur óaðgengilegra fyrir tóuna, ef svo mikil mannaverk sjást á því, sem þá vængurinn er alveg stýfður af; en þótt klippt sje af vængnum, þá má leggja rjúpuna þannig niður, að ekki sje hægt að sjá nein missmíði á henni.

Jeg verð því að vera heldur á móti breyt.till., þótt jeg að vísu leggi ekki mikla áherzlu á hana eða afdrif hennar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get sagt hið sama, að mjer er ekki mjög mikið kappsmál með breyt.till., en þó held jeg að frumv. fái meiri þýðingu, ef hún kæmist að. Að minnsta kosti eru líkindi fyrir, að þá mundi hinn innlendi markaður fremur varðveitast, og svo gæti fremur verið líkindi fyrir, að hinn útlendi markaður ynnist fyrir rjúpur vorar, ef hinar eitruðu rjúpur eru glögglega merktar.

H. 1. þingm. Húnv. (Bj. S.) tók það fram, að það væri fullglöggt merki og vafalaust, ef hálfur vængurinn væri stýfður af. Það er satt, ef það er vel gjört; en ekki er víst og ekki má ganga út frá því sem gefnu, að allir sjeu eins vandvirkir og h. 1. þm. Húnv. (Bj. S.); það er hætt við, að líkt muni fara með þetta eins og með fjármörkin; sumir marka fje sitt vel og greinilega; aptur marka aðrir svo illa og ógreinilega, að ekki verður ráðið í markið, og kindurnar tapast fyrir þá skuld. Aptur getur það engum vafa verið undirorpið, ef allur vængurinn er tekinn af. Þá er eptir að athuga það, hvort það muni vekja grun hjá dýrinu, ef allur vængurinn er tekinn af. Jeg skal ekki fortaka að svo kynni að fara, því að jeg játa það með h. 1. þm. Húnv. (Bj. S.), að refurinn er næsta nasvís og eptirtökusamur fremur flestum eða öllum öðrum dýrum hjá oss. En ráð mun mega finna til að eyða tortryggni refsins. Jeg sje ekki að annað þurfi til þess en að taka vænginn þegar búið er að stýfa hann af og leggja hann aptur við skrokkinn; það hlýtur að vera hættulaust, því að ekki þarf að óttast, að hann muni gróa við af sjálfu sjer. Þó svo kunni að fara, að skotmaður skjóti væng af rjúpu, þá er ekki mikið í hættu nje mikill skaði skeður; það er allt og sumt, að hann getur ekki selt þá rjúpu, en verður að snæða hana sjálfur.

En jeg verð að halda því fram, að því gleggra, sem markið á hinum eitruðu rjúpum er, því meiri trygging er fyrir, að vjer getum haldið markaði fyrir rjúpur, bæði innanlands og erlendis.

Þórður Guðmundsson: Þetta frumv. er borið fram í staðinn fyrir frv. það, um bann gegn eitrun rjúpna, sem fellt var hjer í deild fyrir skömmu, og er það auðsjáanlega borið fram í þeim tilgangi, að fyrirbyggja, að markaði verði lokað fyrir rjúpunum. En þrátt fyrir þessa tilraun til að fyrirbyggja, að skaði hlotnist af eitrun rjúpna, get jeg ekki að því gjört, að mjer stendur hálfgjörður stuggur af henni, og jeg er hræddur um, að margir bæði innlendir og útlendir verði deigir að kaupa rjúpur hjer á landi á meðan þeir vita, að eitrunin fer fram, og jeg er einn af þeim, sem ekki er alls óhræddur um, að eitraðar rjúpur geti slæðzt innan um óeitraðar, þrátt fyrir það, þótt lögskipað sje að merkja þær.

Jeg vil og vekja athygli á því, hve mikið er í húfi, ef svo skyldi fara, að eitruð rjúpa yrði höfð til matar; varla

er þá við öðru að búast en að sá sem hennar neytti, mundi bíða bana af, og jafnvel má búast við því, að þegar frá dregur, mundi minna eptirlit haft með því, að þessu merki á hinum eitruðu rjúpum yrði framfylgt. Vil jeg því leyfa mjer að vekja athygli hinnar háttvirtu deildar á þessu efni.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskj. 43 (C. 50) felld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Guðl. Guðmundss.,	Einar Jónsson,
Benidikt Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Eiríkur Gíslason,	Jens Pálsson,
Guðjón Guðlaugss.,	J. J., þm. A.-Sk.
Halldór Daníelsson,	J. J., þm. Eyf.
Jón Jensson,	Jón Þórarinsson,
Sighv. Árnason,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Pjetur Jónsson,
Tryggvi Gunnarss.,	Sigurður Gunnarss.,
Þórður Guðmundss.,	Valtýr Guðmundss.,
Þorl. Guðmundss.	Þórh. Bjarnarson.

Frumv.greinarnar samþ. allar 3, hin 1. með 17 og hinar tvær með 19 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breytingu á 1. gr. laga 9. janúar 1880 um breytingu á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 3. maí 1872 (C. 30, 46, 54); 2. umr.

Flutningsmaður (Þórður Guðmundsson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um frumv. þetta, því það mætti litlum mótmælum við 1. umræðu. Að vísu er hjer komin breyt.till. frá tveim h. þm., en við flutningsmenn frumv. munum ekki gjöra það að kappsmáli, að fella hana. H. flutningsmönnum breyt.till. hefur þótt gjaldfresturinn of stuttur, að hafa hann ekki lengri en til 31. ágúst, og fara því fram á, að hann sje framlengdur til 15. september. Jeg er á sama máli sem fyr, að miklu betur komi sjer, að setja gjalddagann tímanlega í sjávarsveitum, helzt eigi seinna en frumv. tekur til; en ef landbúnaðarsveitir notuðu sjer heimildina, þá játa jeg, að það gæti komið sjer vel fyrir þær, að gjalddaginn væri eigi fyr en 15. september, þótt jeg að öðru leyti álíti, að það hafi ekki svo mjög mikla þýðingu fyrir þær, að fá hann færðan aptur um þessa 15 daga, því jeg ímynda mjer, að tiltölulega verði fáir sveitahreppar, sem nota þessa heimild.

Jón Þórarinsson: H. 1. þm. Rangv. (Þórð. G.) vildi ekki gjöra breyt.till. að kappsmáli, en jeg vil gera það. Í mínu kjördæmi var hafið máls á, að æskilegt væri að fá komið á þeirri breytingu, sem frumv. fer fram á, og kom þá jafnframt fram sterk ósk þess, að gjalddagi væri ekki settur seinna en í ágústmánaðarlok; enda er jeg viss um, að frumv. yrði þýðingarlaust, ef gjalddaginn væri færður aptur, þótt ekki væri nema til miðs septembermánaðar; svo mundi það að minnsta kosti verða í þeim hrepp, sem jeg er kunnugastur í, og jeg tel sjálfsagt, að líkt muni ástatt með fleiri sjávarhreppa, að hagkvæmast sje að setja gjalddagann fyrir lok ágústmánaðar; þá eru hjer um bil kauptíðarlok, og því einna hægast fyrir gjaldendur að fá hjá kaupmönnum útsvarsupphæðina út í reikning sinn, og þá vita þeir sjálfir bezt, hvernig hagur sinn stendur, og hvernig þeir muni eiga hægast með að greiða útsvarið.

Af þessum ástæðum er það einkaráríðandi fyrir sjávarsveitirnar, að gjalddagi útsvara sje ekki settur seinna en í ágústmánaðarlok. Þetta vona jeg, að þeir, sem kunnugir eru í sjávarsveitun-

um, sjeu mjer samdóma um, en að hinir, sem þar eru miður kunnugir, taki orð okkar trúanleg.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get ekki fundið neina verulega ástæðu til, að hafin sjeu sterk mótmæli gegn breyt.-till. okkar. Það gefur þó öllum að skilja, að það gerir ekki allt til, hvort gjalddaginn er settur hálfum mánuði fyr eða seinna. Langur gjaldfrestur verður þó fyrir flesta gjaldendur hagkvæmari en stuttur. Jeg veit að vísu, að það mun vera ósk ýmsra, að fá niðurjöfnunartíma og gjalddaga breytt, og að sú ósk hefur við töluverð rök að styðjast, því að í sjávarsveitunum má búast við því, að þegar útsvörum er jafnað niður í október, þá greiðist þau ekki fyr en löngu eptir gjalddaga, ef til vill ekki fyr en einhvern tíma á næsta sumri. En í þeim hreppum, sem aldrei er vani að taka útsvör lögtaki, hve lengi sem dregst að greiða þau, eins og hingað til mun kafa verið í sveitarfjelagi h. 2. þm. Gullbr.- og Kj. (J. Þ.), þá hefur það varla stóra þýðingu, hvort gjalddaginn er ákveðinn 31. ágúst eða 15. september. Ef landbúnaðarsveitir aptur á móti vildu færa til niðurjöfnunartímann, þá er þægilegra fyrir þær, að gjalddaginn sje ákveðinn 15. sept. en 31. ágúst. Það gæti verið haganlegra fyrir sveitahreppa, að jafna niður peningagjaldi á vorum, því með því eina móti geta hreppsnefndir greitt sýslu- og þjóðvegagjald á rjettum tíma, en þar af leiðir, að áríðandi er, að gjalddagi sje ákveðinn eigi síðar en 31. ágúst, og með tilliti til þessa, helzt of snemma, að hann sje 15. september.

Jón Jensson: Það hefir verið skýrt greinilega frá tilgangi þessa frumv. Frumv. er eptir mínum skilningi helzt myndað fyrir sjávarsveitir, sökum þess, að sú vara, sem þær greiða einkum gjöld sín með, fellur einmitt til á þeim tíma, sem frumv. þetta tilnefnir, og að sá gjalddagi, sem nú er í lögum, fellur of seint fyrir þá, sem við sjó búa. Mjer finnst full ástæða til þess að taka það sem frumv. þetta fer fram á, til yfirvegunar, og að menn fengju að breyta til með gjalddagann og niðurjöfnunina, þar sem hinn lögákveðni tími, sem nú er, þætti óheppilegur. Þeir menn, sem búa í hverjum hreppi, vita bezt, hvað heppilegast er í því tilliti, og þeim stendur þar af leiðandi næst til að ráða fyrir því. Á hinn bóginn finnst mjer, að ekki ætti að skera svo við nögl sjer þann tíma, sem menn eiga að greiða gjöld sín á, að með því sje þrengt of mikið að gjaldendunum. Tíminn, sem nú er tiltekinn í lögum milli gjalddaga (31. des.) og niðurjöfnunartíma (1.—20. okt.), er mjög tæpur. Menn verða að gera ráð fyrir því, að það er opt og tíðum ekki búið að ákveða gjöldin til fullnaðar fyr en í ótíma, eða fyrst eptir að sá tími er þegar kominn, sem taka má lögtaki á að lögum, og þau ákvæði eru því til í núgildandi lögum, að menn eru skyldir að greiða útsvar sitt, þó úrskurður sýslunefndar sje enn ekki fenginn um upphæð þess. Jeg finn því ekki ástæðu til, að stytta ætti gjaldtímann að óþörfu. Raunar munu flestir menn vera búnir að koma fiski sínum inn til kaupmanna 31. ágúst — því sú vara er víst aðallega höfð hjer fyrir augum; en sá gjalddagi, sem breyt.till. vill hafa fram, er, eptir þeim niðurjöfnunartíma, sem í frumv. þessu er tiltekinn, ekki svo seint settur, að það þurfi að fæla menn frá að samþykkja tillöguna; í öllu falli er sá gjalddagi svo nálægt þeim tíma, sem varan tilfellur á, að gjaldið vofir yfir höfði gjaldandans og það ætti að vera honum nóg hvöt til þess að muna eptir því og ætla eitthvað upp í gjaldið. Jeg fyrir mitt leyti álít ekki ráðlegt, að stytta tímann

milli niðurjöfnunar og gjalddaga, en hann styttist þó nokkuð, ef ákvæði frv. verða samþykkt. En sje breyt.till. þar á móti samþykkt, verður gjaldfresturinn jafnlangur og hann er eptir núgildandi lögum eða lítið eitt lengri.

Það er annað atriði, sem jeg álít varhugavert.

Í 1. gr. frumv. stendur, að sýslunefndum veitist heimild til að leyfa hreppsnefndum, er óska þess, að niðurjöfnun hreppsgjalda eptir efnum og ástæðum fari fram á tímabilinu 10.—30. júní. Það sjest ekki greinilega af orðum greinarinnar, hvort sýslunefndirnar geta leyft hreppsnefndum þetta í hverju einstöku tilfelli, þannig, að hreppsnefndin fái eitt árið leyfi til þess að jafna gjöldum sínum niður á tímabilinu frá 10.—30. júní, en hitt árið fái hún aptur leyfi til þess að haga sjer með það eptir því, sem núgildandi lög skipa fyrir um það efni. Eptir þessu frumv. mættu sýslunefndirnar leyfa hreppsnefndum að fara til dæmis í ár eptir lagafyrirmælum þessum og jafna niður frá 10.—30. júní, en næsta ár kemur svo hreppsnefndin aptur og segir, að reynsla síðasta árs hafi sýnt það, að þessi aðferð sje óheppileg, og biður því um leyfi til þess, að mega nú hafa hinn fyrri niðurjöfnunartíma, og 3. árið kemur hún enn og breytir enn á ný. Þetta hefir mjög mikla þýðingu að því leyti, að sje ekki fastur gjalddagi á hverju ári, og það ár eptir ár, þá getur hæglega svo farið, að gjaldendur viti ekki af, þegar niðurjöfnun fer fram, og geti því ekki gætt rjettar síns þá, sem þeim er svo áríðandi, enda verið síður viðbúnir, þegar borgunartíminn kemur. Mjer finnst því áríðandi, að sýslunefndirnar yrðu að ákveða tímann ekki fyrir eitt ár, heldur fyrir mörg ár í senn, þannig, að sami gjalddagur yrði þá fyrir mörg ár, en helzt ættu þær að ákveða fastan gjalddag og niðurjöfnunartíma einu sinni fyrir allt, sem ekki mætti breyta eptir það. Jeg er viss um það, að þar sem á annað borð eru ástæður fyrir hendi til að breyta tímanum, þar munu þær ástæður haldast framvegis, sem leiddu til breytingarinnar, en það er engin ástæða til þess, að mönnum sje leyft að hringla með gjalddagann eptir vild sinni. Jeg skal meira að segja játa það, að rjettast væri og óhultast, að ganga lengra og segja, að þetta ákvæði sje rangt, að það eigi alls ekki að leyfa sýslunefndum að veita slík leyfi, heldur eigi þingið eptir beiðni viðkomandi hrepps og áskorun frá sýslunefnd að veita hreppsnefndinni leyfið til að víkja frá hinum núgildandi lögum um niðurjöfnun og innheimtu hreppsgjalda.

Þórhallur Bjarnarson: Mjer finnst þessi færsla gjalddagans um 15 daga harla smávægilegt atriði. Tilgangur frumv. næst hvort sem er. Niðurjöfnunin fer fram að vorinu, og í kauptíð vita sjávarbændur, hvað þeir eiga að greiða til sveitar, og innheimtumaðurinn getur þá borið sig eptir því samsumars.

Mjer skildist á h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), að hann áliti þennan gjalddaga, sem frumv. tiltekur, óheppilegan í þeim hreppum, þar sem bæði eru sveitar- og sjávarbændur, en hinir síðari í þeim meiri hluta, að ætla mætti, að breytingin kæmist á. Þetta nýmæli gæti þá komið sjer illa fyrir þessa sveitarbændur. En jeg hygg, að úr þessu mætti bæta með því, að setja inn í frv. samskonar ákvæði og er í lögum 9. janúar 1880 um breytingu á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi, sem sje það, að hreppsnefndinni leyfðist að veita einstökum mönnum lengri gjaldfrest en lögin ákveða. Þar stendur svo, að gjalddagi sje 31. desember, »nema hrepps-

nefndin gefi lengri frest«. Með því ákvæði í frumv., sem hjer liggur fyrir, gætu sveitabændur fengið gjaldfrest til haustsins, er þeim kemur betur.

Gagnvart h. þm. Rvk. (J. Jenss.) skal jeg taka það fram, að jeg álít sennilegast, að þar sem slík breyting, sem frumv. þetta heimilar, er einu sinni komin á, þá muni því sjaldnast verða haggað aptur, að minnsta kosti ekki í bráðina. Ef breytt er um, þá verður það að eins gert eptir almennri ósk meiri hluta hreppsbúa, og þær kringumstæður, sem verða þess valdandi, að færslan á niðurjöfnuninni er álitin heppileg, munu ekki breytast svo fljótt, að nokkur hætta sje á því, að hringlað verði með gjalddagann fram og aptur ár eptir ár.

Jeg álít óbrotnast, að halda gjalddaganum, sem nú er settur í frumv., en hefi jafnframt í hyggju að fá bætt inn í frumv. þessu ákvæði úr lögum 9. janúar 1880, ef h. þingdm. kynnu að verða ánægðari með frumv. eptir en áður.

Guðjón Guðlaugsson: Mjer er ekkert kappsmál, hvað verður um frv. þetta, því jeg er sveitamaður, sem líklega þarf aldrei að halda á þessu leyfi, sem frumv. þetta fer fram á að gefa megi. Þrátt fyrir það er jeg svo langt frá að vera á móti því, að jeg miklu fremur álít það mjög nauðsynlegt, hvort sem málið er skoðað frá sjónarmiði sjávarbænda eða sveitamanna. En jeg skal um leið lýsa því yfir, að jeg álít, að breyt.till. spilli frumv., ef hún yrði samþykkt, því frumv. missir gildi sitt, ef breyt.till. kemst að, eins og h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) tók rjettilega fram.

Ef einhverjir menn væru í þeim hreppi, sem þessi breyting væri gjörð í, er ættu eigi gott með að borga gjöld sín 31. ágúst, þá sje jeg ekki annað en fara mætti eins að og h. þm. Borgf. (Þórh. B.) benti á, setja þau ákvæði inn í frumv., að hreppsnefndum leyfðist að gefa frest þeim mönnum, sem, sökum atvinnu þeirrar, er þeir stunda, ættu óhægt með að greiða gjöld sín á gjalddaga 31. ágúst. Enn fremur skal jeg leyfa mjer að taka það fram þessu til stuðnings, að þeir sem gjöldin eiga að innheimta fara sjaldan að krefja þau inn með krapti fyr en gjalddagi er kominn. Þess vegna er það æfinlega betra, að hafa gjalddagann heldur fyr en síðar. Það munu flestir, sem eiga að innheimta mikið af gjöldum, hliðra sjer hjá að kalla mikið eptir þeim, fyr en gjalddagi er kominn; þess vegna munu þau gjöld, sem falla í gjalddaga 31. ágúst, eigi verða krafin inn fyr en kring um miðjan september.

Viðvíkjandi því, sem h. þm. Rvk. (J. Jenss.) sagði, að 1. gr. frv. væri óljóst orðuð, þannig, að af því gæti stafað, að hreppsnefndirnar kynnu að hringla með gjalddagann, einn hreppur sækti um leyfi til þess að hafa þennan gjalddaga í ár, en næsta ár bæði hann um hinn daginn, og svo þriðja árið færi hann fram á að skipta enn um, þá get jeg ekki búizt við slíkum hringlandaskap hjá nokkurri hreppsnefnd. Þess vegna get jeg ekki fallizt á það, að hreppsnefndir ættu að fara lengra en til sýslunefndar til þess að fá þetta leyfi. Þó að nú einhver hreppur sækti um að breyta aptur um gjalddaga eptir stuttan tíma, ef reynslan hefir sýnt, að það er heppilegra, þá get jeg ekki sjeð, að neitt sje á móti því — því reynslan er þó og verður ávallt merkasti lærimeistari hvers og eins. — Menn ættu einnig að búast við því, að hreppsnefndirnar sjeu skipaðar skynsemi gæddum verum, sem ekki muni leika

sjer að því, að hringla með gjalddagann fram og aptur, rjett að gamni sínu, og sama má búast við af sýslunefndum.

Jeg álít sem sagt heppilegast, að fella breyt.till.

Þorlákur Guðmundsson: H. þm. Rvk. (J. Jens.) leiddi svo ljós rök að því, að þessi breyt.till. væri eigi óþörf; þarf jeg því mjög fáu við að bæta. Verði frumv. samþ. eins og það er, verður gjaldfresturinn þrengri en áður, það er 10 dögum styttri, sem er mjög viðsjárvert. Breyt.till. hefir mætt mestum mótmælum frá h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.); jeg vil benda h. þm. á, að víða í sjóhreppum fara menn á sumrin burt til að leita sjer atvinnu, jafnvel húsfeður, ekki allfáir austur til Seyðisfjarðar, eða annara austfjarða í kaupavinnu, víðsvegar um land. Þessir menn koma vanalega eigi heim fyr en eptir 15. sept., og þá er auðsætt, að þeir geta eigi goldið gjöld sín 31. ág., enda hafa þeir eigi fje til þess fyr en þeir koma úr sumarvinnunni og hafa fengið sitt kaup; því ekki er víst að þeir hafi nokkurn fisk til að leggja inn, t. d. í fiskileysisárum. Yfir höfuð er frumv., eins og það er óbreytt, viðsjárvert. Það hlýtur að hafa meira að þýða, að vel sje gengið eptir gjöldunum, þegar gjalddagi er kominn, en að gjaldfresturinn sje stuttur, og svo ekki eptir gjöldunum gengið.

Jón Þórarinsson: Jeg vil einungis gera stutta athugasemd; það er svo lítilfjörlegt atriði, sem hjer er um að ræða. H. 2. þm. Árn. (Þ. G.) tók það dæmi, til varnar breyt.till., að þeir, sem fengjust við vegabætur, (*Þorl. Guðm.*: Jeg nefndi ekki vegabætur) — einhver h. þm. tók þetta dæmi —, kæmu ekki heim til sín fyrir 15. septbr., og gætu eigi greitt gjöld sín 31. ág., af því að þá væru þeir ekki búnir að fá kaup sitt. Þetta er tómur misskilningur. Þeir, sem fást við vegavinnu á sumrin, byrja á henni snemma sumars, og fyrir 31. ág. eru þeir búnir að vinna fyrir mestu af því kaupi, sem þeir fá um sumarið, og geta fengið það borgað út, hvenær sem er. Önnur ástæða h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) var sú, að margir færi á burt til Seyðisfjarðar til að leita sjer atvinnu, og gætu þess vegna ekki goldið á gjalddaga 31. ág.; þessi ástæða er jafn ljettvæg og hin fyrri; jeg fæ eigi sjeð, að nokkur vandræði geti risið út af því, þó sumir verði eigi komnir heim til sín á gjalddaga; það liggur í augum uppi, að þeir sem eru í burtu, verða eigi krafðir fyr en þeir koma heim, og þurfa ekki að borga fyr. Það er jafnvel sennilegt, að þó breyt.till. verði samþ. og gjalddagi settur 15. septbr., verði margir ekki komnir heim fyrir þann tíma; og hvaða gagn er þá að breyta gjalddaganum? H. 2. þm. Árn. (Þ. G.) er vorkunn, þó hann leitist við að finna einhverjar ástæður, fyrir breyt.till., en þær hafa allar verið ljettvægar. Aptur á móti er gjalddagi 31. ág. heppilegur fyrir sjávarbændur; jeg veit til þess, að í þeim hreppum, sem jeg þekki til, hafa menn óskað gjalddaga á þessum tíma. Hverjir, skyldu menn halda, kynnu betur að velja heppilegan gjalddaga fyrir gjaldgreiðslu í sjávarsveitum, en sjávarbændurnir sjálfir?

Mjer þykir það galli á frumv., að sýslunefnd eigi að veita samþykki sitt til þess, að hreppsnefndir megi leggja á að vorinu; hefði helzt kosið, að þeim væri frjálst að velja haust eða vor til þess, eptir því sem hentast er á hverjum stað, líkt og þingið ákvað í fyrra um hjeraðsfundina.

Sighvatur Árnason: Það, sem mjer gekk til að gerast flutningsm. þessarar breyt.till. — ásamt h. 2. þm. Árn. (Þorl.

G.) — er, eins og jeg ljet í ljósi við hina fyrri umr. þessa máls, að jeg vildi fá gjaldfrestinn lengdan til 30. septbr. En út af orðum þeim, sem fjellu hjer í deildinni út af þessu máli, komum við okkur saman um að setja gjalddagann 15. septbr. Þar með er þó eiginlega grundvallarskoðun mín í fyrstu fallin.

Jeg er hræddur um, þar sem svo er háttað, að landbændur eru í og með í einum hreppi, sem hefði gjalddaga 31. ág., þá mundi það geta bakað þeim mönnum að minnsta kosti óþægindi; mjer og fleirum er kunnugt, hve áríðandi haustverzlun er, til að geta borgað skyldur þær, sem hvíla á mönnum; þá selja menn skepnur sínar, og þá fá menn sumarkaup sitt o. s. frv. Sem sagt, grundvallarskoðun mín var sú, að heppilegast væri, að hafa gjalddaga eigi fyr en 30. septbr., og þá væri gjaldfresturinn eigi heldur þrengdur frá því sem er.

ATKV.GR:. 1. gr. frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 2. gr. felld með 13 : 6 atkv.

2. gr. óbreytt samþ. með 13 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um kennslu í íslenzkri tungu (C. 44. 48.); síðari umr.

Flutningsmaður (*Valtýr Guðmundsson*): Jeg og nokkrir h. þm. höfum leyft oss að koma fram með þessa breyt·till. (C. 48), af þeirri ástæðu, að við hina fyrri umr. þessa máls voru felld nokkur atriði úr frumv., sem við vildum fá tekin upp með breytingum. Við hina fyrri umr. var sagt, að þessi atriði ættu eigi vel við í þingsál.till., heldur ættu þau heima í reglugjörð; jeg fæ eigi betur sjeð, en að það sje fullkomlega formlegt af þinginu, að láta í ljósi skoðun sína, þar sem það vill fá einhverju breytt; hjer er ekki að tala um lagafrumv., heldur um bendingar frá þinginu til stjórnarinnar, sem stjórnin getur tekið til greina, eða látið vera, eptir eigin geðþótta. Hvað formið á breyt.till. snertir, vona jeg, að það mæti lítilli fyrirstöðu frá þeim h. þm., er samþykktu 4. gr. við hina fyrri umr., því breyt.till. fer alveg fram á það sama og 4. gr., að geta leiðbeiningar fyrir kennara. Jeg ímynda mjer, að þeir h. þm., sem voru á móti hinum síðari atriðum frumv. við hina fyrri umr., muni nú einnig verða á móti breyt.till., en jeg vona þó að fleiri verði með en móti, og að flestir sjeu breyt.till. samþ. að efninu til. Jeg vil aptur leggja áherzlu á, að það er mjög áríðandi, að setja skorður við þeirri venju, að snúa á íslenzku úr útlendum málum; það hefir ill áhrif á tilfinningu skólapilta fyrir hreinu máli, og sviptir þá æfing í að hugsa skipulega. Væru í stað þess ritgerðir brúkaðar, vendust piltarnir langt um betur á að hugsa sjálfir.

Við hina fyrri umr. var bent á, að einn yngri kennari við latínuskólann hefði tekið þetta upp; af þessu má sjá, að fleiri eru þeirrar skoðunar, að þýðingar sjeu óheppilegar.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Jafnvel þótt jeg hafi greitt atkv. móti flestum liðum þessarar þgsál.till. við hina fyrri umr., vil jeg samt ekki skilja svo við þetta mál, að jeg fari ekki um það nokkrum orðum.

Skal jeg þá fyrst þakka h. flutningsm. (V. G.) fyrir þau hlýju orð, er hann talaði um hina fögru og merkilegu tungu vora. Mjer fannst hann tala eitthvað líkt þessu, sem einu sinni var kveðið:

> Fögur ertu, forfeðranna tunga,
> fræði þína lofar heimurinn;
> hörmung er það, hvernig öldin unga

eyðileggur þennan dýrgrip sinn.
Sagnamálið Sæmundar og Ara
saurgast nú af mörgum Urguþrjót,
en að sjá það svo í hunda fara,
særir mig í hjartans rót.

Mjer fannst hann taka það mjög rjett fram, að tunga vor er sá dýrgripur, sem vjer ættum að vernda með öllu móti. En þegar kom til þess, hvernig vjer ættum að vernda hana, þá nefndi hann tvö ráð: annað það, að setja nýja rjettritun; hitt það, að gjöra ýmsar fyrirskipanir um kennslu í málinu. Jeg ætla, að það heyri eiginlega ekki undir alþingi, að gjöra fyrirskipanir um, hvernig kenna skuli. Fæstir af oss eru svo kennslufróðir, að til þess verði ætlazt af oss, að vjer getum sett kennurum reglur í þessu efni. En ef hinar aðrar tillögur verða samþykktar, þá álít jeg rjett, að samþykkja einnig viðaukatill., sem nú eru fram komnar. Mjer finnst þær standa í því sambandi við hinar fyrri tillögur, að ekki sje gott að aðskilja þær. Jeg er mjög samþykkur því, að það hafi spillandi áhrif á málið, að láta lærisveinana nema það eingöngu með stílagjörð, eða með því að láta þá snúa greinum úr útlendum tungum á vora tungu. Jeg er sannfærður um, að það er miklu rjettara, að láta lærisveinana gjöra ritgerðir frá eigin brjósti. En þegar til þess kemur, að innleiða nýja rjettritun, þá munu vera mjög mismunandi skoðanir á því, hvernig sú rjettritun eigi að vera. Sumir vilja rjettritun, er sje sem næst fornmálinu, en aðrir vilja að hún sje sem næst framburðinum. Það er hætt við því, að samkomulagið yrði ekki sem bezt hjá þeim, sem skipaðir yrðu í þessa væntanlegu nefnd. Frændþjóðir vorar, Danir og Svíar, hafa lengi verið að reyna að koma sjer saman um eina stafsetningu, en það hefir enn ekki tekizt. Jeg er því hræddur um, að það bæri engan árangur, þó nefnd yrði sett til þessa að kom á einni stafsetning hjá oss. En ef á að halda þeim liðum, sem samþykktir voru við fyrri umr., þá álít jeg rjett að samþykkja aptur þá liðina, sem felldir voru úr tillögunni, og þá líka það, að geta út orðabókina á kostnað landssjóðs, því að öðrum kosti nær tillagan um rjettritunina ekki tilgangi sínum. En úr því á að setja þessa nefnd, þá dettur mjer í hug tillaga, sem kom út í »Sunnanfara«, og seinna var tekin upp í »Fjallkonuna«, um að setja nefnd til að búa til ný orð yfir nýjar hugmyndir. Mjer finnst það væri eins áríðandi, að fela nefnd þetta, eins og hitt, þó h. flutningsm. (V. G.) segi, að það gjöri ekkert til, þó útlend orð komist inn í málið. Hann vildi rjettlæta skoðun sína á þessu með því, að fornmenn hefðu tekið upp í málið útlend orð; en þó þeir hafi gjört það, þá hafa þeir ekki bætt málið með því. Nú koma inn svo margir nýir siðir, nýjar hugmyndir og hlutir, að með þeim hlyti að streyma inn í málið fjöldi útlendra orða, ef eigi mætti taka upp ný orð af íslenzkum stofni. Gjörum ráð fyrir, að í vanalegu máli sjeu viðhöfð um 5000 orð, en ef nú koma inn 1000 útlend orð með nýjum siðum, hugmyndum og hlutum, þá er 1/6 tungunnar orðinn útlendur. Málið samanstendur þó af orðum, og ef orðin verða mörg útlend, þá hlýtur málið að spillast. Jeg býst ekki við, að það fengi góðan byr, þó þingið væri beðið um að setja nefnd til að mynda »nýyrði«; en það finnst mjer þó rjettara, að taka upp íslenzk orð, ef þau finnast heppileg, yfir nýjar eða útlendar hugmyndir, heldur en að taka hin útlendu orð inn í málið.

Aðalatriðið í því, sem hjer er um að ræða, er það, hvort rjett sje að setja þessa nefnd, sem tillagan ræðir um. Jeg verð að álíta, að það sje ekki á-

stæða til þess, sízt nú á þessu þingi, sem ekki hefir nein fjármál með höndum, og getur því ekki vísað á fje til að kosta þessa nefnd. En ef það verður ofan á, að setja nefndina, þá er líka eðlilegt, að þingið leggi það til, að rjettritunarorðabókin verði gefin út á landssjóðs kostnað.

Flutningsmaður (*Valtýr Guðmundsson*): Jeg er þakklátur h. þm. A.-Sk. (J. J.) fyrir þau hlýju orð, er hann talaði um tungu vora, og sömuleiðis fyrir það, að hann vill samþykkja hina nýju liði, sem breyt.till. vor (þingskjal 41) leggur til, að bætt verði við þær till., sem samþykktar voru við hina fyrri umræðu þessa máls.

Þar sem hann sagði, að eigi hefði enn tekizt að koma á einni vissri rjettritun hjá frændþjóðum vorum, þá er það satt, að hún er ekki komin alveg á enn. Það eru enn margir blaðamenn og fræðimenn t. d. í Danmörku, sem fylgja þeirri rjettritun, er þeir hafa ávallt fylgt, og hafa af vana ekki viljað beygja sig fyrir hinum, er halda fram hinni nýju rjettritun. En hún er kennd í öllum skólum, og þegar sú nýja kynslóð, sem nú er í skólunum, vex upp og hinir gömlu eru úr sögunni, þá kemst ein rjettritun á um alla Danmörku. Hjer í tillögunum er ekkert talað um það, að rjettritunin skuli vera ný. Hjer er að eins talað um, að nefndin skuli koma sjer saman um, hvaða rjettritun skuli fylgt við kennslu í íslenzkri tungu. Nefndin ræður því, hvernig sú rjettritun skuli vera, og það er eins víst, að hún leggi það til, að einhver af hinum eldri stafsetningum verði tekin. Jeg vildi meira að segja persónulega óska þess, að sú rjettritun, sem nefndin kæmi sjer saman um, fjarlægðist ekki of mjög hina fornu rjettritun, og það vegna útlendinga, sem læra tungu vora. Forntungan er lesin við marga háskóla erlendis, t. d. við alla háskóla á Þýzkalandi, og margir útlendingar mundu því geta haft gagn af nýrri tíma bókum, ef stafsetning í þeim væri ekki of fjarlæg fornri stafsetning. Hvað það snertir, að alþingi eigi ekki að fjalla um það, hverjar kennslu-aðferðir skuli við hafa, get jeg ekki verið alveg samþykkur. Það er þó ekki óvanalegt í öðrum löndum. Danski ríkisdagurinn hefur t. d. samið reglur um, hvernig kenna skuli norrænu í dönskum skólum. Mjer er það kunnugt, því jeg hefi orðið að kenna eptir þeim um nokkur ár.

Að því er snertir inntöku útlendra orða í málið, held jeg enn fram þeirri skoðun minni, að þau spilli ekki málinu. Vjer skulum taka til dæmis enskuna; hún tekur upp ný orð úr öllum málum; fullur þriðjungur hennar mun vera orð, tekin úr rómönsku málunum, en hún heldur sínu lífi og sinni sál eptir sem áður. Inn í öll mál koma ný orð með nýjum hugmyndum. Í öllum málum eru t. d. höfð orð eins og telegraph, telefón, lokomotiv, og haldast tungurnar óskemmdar fyrir því, og hver tunga fyrir sig helzt óbreytt eptir sem áður. Þó skal jeg játa, að það getur verið gott fyrir almenning, ef hægt er að finna heppileg íslenzk orð yfir útlend orð; en ef 5—6 orð myndast yfir sömu hugmyndina, þá getur það valdið ruglingi; menn geta þá opt ekki botnað í, við hvað átt er, nema hin útlendu orð sjeu þá sett milli sviga í ritunum. Útlend orð geta ekki skemmt málið. Þvert á móti auðga þau málið. En raskist beyging orðanna og skipun þeirra, þá er málinu hætta búin.

Jón Jónsson (þm. A.-Skapt.): Jeg vildi að eins leyfa mjer að segja örfá orð út af því, sem h. flutningsm. (V. G.) talaði nú. Mig furðar stórlega á því, að nokkur lærður maður skuli geta haldið því fram, að enskan hafi haldizt

alveg óbreytt, þrátt fyrir allt, sem tekið hafi verið upp í hana. Getur nokkrum manni dottið í hug að segja, að enska nútímans sje hin sama sem fornenskan eða engil-saxneskan? Nei; þær eru mjög ólíkar. Það er eins mikill munur á þeim eins og á dönsku og íslenzku, ef ekki meiri. Enskan er nú litlu fremur germönsk en rómönsk tunga. Jeg verð enn að halda því fram, að útlend orð sjeu skaðleg fyrir málið; þau geta haft ruglandi áhrif á orðaskipun og beyging málsins. Ef á að fara að taka útlend orð hiklaust inn í málið, þá er hætt við, að grundvöllur þess raskist, einkenni þess hverfi og öll beygingarfræði komist á ringulreið, en það er einmitt kennsla í henni, sem h. flutn.m. vill útrýma. Menn verða þó að koma sjer saman um beyging og kynferði hinna útlendu orða, ef þau skal taka upp í málið.

Jón Þórarinsson: Mjer finnst þetta mál óskilt spurningunni um, hvort rjettara sje að taka inn í málið útlend orð yfir nýjar hugmyndir eða reyna að snúa þeim á íslenzku eða mynda ný orð. Jeg mun þess vegna ekki fara út í þá sálma með hinum h. ræðumönnum, sem síðast töluðu. En jeg vil með fáum orðum gjöra grein fyrir, hvers vegna jeg get ekki verið samþykkur þessum breyt.till.

Jeg tók það fram við hina fyrri umræðu málsins, að jeg áliti ekki rjett, að taka fyrirskipanir um kennsluaðferð upp í lagafrumvörp. Hitt skal jeg játa, að það væri æskilegt, að ein og hin sama rjettritun gæti komizt á, en jeg er hræddur um, að lítið á ynnist í þá átt, þó farið yrði að setja nefnd. Því það er mjög svo líklegt, að í nefndina yrðu skipaðir þeir menn, sem ekki gætu komið sjer saman um neina ákveðna rjettritun. Það mun enginn geta bannað stjórninni, að kjósa í nefndina menn eins og Dr. Björn M. Ólsen, yfirkennara H. Kr. Friðriksson og rektor Jón Þorkelsson; en það er ekki líklegt, að þessum 3 mönnum, eða jafnvel 2 þeirra, kæmi saman um neina rjettritun, og mun enginn neita því, að þeir sjeu allir mikilhæfir menn og sjálfkjörnir mörgum öðrum fremur til að dæma um rjettritunarspursmálið.

Jeg skal játa, að jeg get verið h. flutningsmanni (V. G.) þakklátur fyrir bendingar hans um aðferðina við kennslu í íslenzku. Jeg er honum samdóma um, að sú aðferð, sem hann hefur bent á, sje mjög heppileg; en allt fyrir það sje jeg ekki ástæðu til að samþykkja 4. till. nje heldur viðaukatillögurnar á þingskjali 41., því þessi kennslu-aðferð er nú þegar viðhöfð ekki að eins í latínuskólanum, heldur í þeim gagnfræðaskóla, sem jeg þekki bezt til, og jafnvel í barnaskólum. Annað, sem gjörir, að jeg get ekki gefið þessum tillögum atkvæði mitt, er það, að mjer finnst það ekki heppilegt, að vera að samþykkja þessa nefnd nú á þessu þingi, þar sem hún þó hlýtur að hafa töluverðan kostnað í för með sjer, en þingið, sem nú hefur engin fjármál með höndum, getur ekki bent á, hvaðan taka skuli fje til þess. Auk þessa hafði jeg hugsað mjer, að úr því kjósa ætti nefnd til að íhuga kennslumál, þá ætti hún að hafa miklu viðtækara verksvið en þessi nefnd, sem hjer ræðir um. Það veitti ekki af að kjósa nefnd til að íhuga allt fyrirkomulag skólanna og kennslumál landsins yfir höfuð að tala. Jeg held þess vegna, að það væri enginn skaði skeður, þó mál þetta væri látið bíða, að minnsta kosti til næsta þings. En þó jeg ráði helzt til þess, að fella allt málið, þá get jeg vel samþykkt 1., 2., 3. og 5. tillöguna. Þar á móti get jeg ekki samþykkt 4. till. nje heldur viðaukatill.

Flutningsmaður (Valtýr Guðmundsson): Jeg get þó ekki gjört mig ánægðan með, að viðaukatillögurnar verði feldar, og er það eðlilegt, þar sem jeg legg svo mikla áherzlu á, að því geti orðið framgengt, sem þær fara fram á, þó jeg játi, að nokkuð sje fengið, ef hinar till. verða samþykktar.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) tók það fram, að þessi aðferð við stílagjörð, sem jeg hefi bent á, væri þegar komin á, og gleður það mig mjög að heyra, að svo er, en jeg sje ekki, að það geti verið neitt óþægilegt fyrir kennarana, þó fyrirskipað sje, að þeirri aðferð, sem þeir fylgja, skuli alstaðar fylgt og af öllum.

Að því er kostnaðinn snertir og það, að fresta málinu til næsta þings, skal jeg taka það fram, að jeg sje ekki að neitt geti verið því til fyrirstöðu, að þingið samþykki nefndina. Stjórnin getur allt fyrir það látið bíða að skipa nefndina til næsta árs, ef hún vill.

En viðvíkjandi því, að nefndin muni ekki geta komið sjer saman um neina rjettritun, þá getur það vel verið; en ef 5 menn verða skipaðir í nefndina, þá er þó ekki ólíklegt, að 3 af þeim geti orðið sammála, og svo sker stjórnin úr með atkvæði sínu.

Þórhallur Bjarnarson: H. flutningsmaður (V. G.) kannast við það, að þó að þingið samþykkti nefndina nú, þá myndi stjórnin ekki fara að skipa nefndina fyr en næsta ár, þar sem engin fjárveiting liggur fyrir, og óvíst, hvort hún fæst. Hvers vegna má þá ekki bíða með málið til næsta þings?

Jón Jensson: Jeg skal að eins bæta því við það, sem h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) tók fram, að mjer finnst jafnþýðingarlítið að samþykkja 5. lið tillögunnar eins og hina, því þar þarf fjárveitingarvaldið líka að koma til. Það er ekki nóg að löggilda kennslubækur. Mjer finnst, að aðal-mergurinn málsins ætti að vera sá, að fá samdar kennslubækur á íslenzku. Þær eru nú svo fáar til, að svo sem ekkert er um að velja. Það þarf því að fjölga kennslubókum, en það verður varla gjört án styrks úr landssjóði. Mjer finnst því málið einnig að þessu leyti ætti að bíða næsta þings.

Sigurður Gunnarsson: Eins og við var að búast af slíkum íslenzkumanni og fræðimanni eins og h. þm. A.-Skapt. (J. J.) er, talaði hann mörg hlý orð um tungu vora. Jeg held, að hann hafi kannast við, að nú sem stendur væri ýmislegt því til fyrirstöðu, að íslenzk tunga gæti viðhaldizt óbrjáluð, með því fyrirkomulagi, sem nú er á kennslunni í þessari tungu. Jeg held að hann hafi viðurkennt, að hún mundi ekki varðveitast með hinum mörgu rjettritunum, sem nú eru viðhafðar, og að kennslunni mundi ekki hagað sem heppilegast. Þess vegna hefði jeg búizt við, að hann yrði meðmæltur þessum tillögum, því jeg lít svo á, að þær fari í þá átt, að koma samræmi á rjettritun og kennslu í íslenzkri tungu.

Ein höfuðástæða mótmælenda tillaganna er sú, að það eigi ekki við, að þingið gefi út fyrirskipanir um, hvernig kennslunni skuli haga. Það hygg jeg þó ekki fjarri lagi, eins og hjer stendur á, að þingið gefi bendingar í þessu efni, því í raun og veru er engin kennslumálayfirstjórn til. Þessar till. eru líka komnar frá manni, sem er fróður í íslenzkri tungu og bókmenntum og hefir vel vit á, hvernig heppilegast er að haga kennslunni svo, að hún gefi sem mesta tryggingu fyrir viðhaldi tungunnar. En auk hans eru líka fleiri hjer í h. þingd., sem hafa vit á slíkum hlutum, og meðal þeirra tel jeg fremstan h. þm. A.-Skaptf. (J. J.).

Þá hafa menn látið í ljósi, að þeir

væru hræddir um, að þó nefnd væri kosin, mundi hún aldrei koma sjer saman um neina rjettritun. En eins og h. flutningsm. (V. G.) tók fram, er ekki víst, að allir nefndarmenn verði svo ófúsir til samkomulags. Það er heldur ekki víst, að nefndarmenn verði að eins 3, eins og h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) gerði ráð fyrir. Það er eins líklegt, eða jafnvel líklegra, að þeir yrðu 5, og er þá ekki ólíklegt, að í nefndinni gæti skapazt meiri hlut, til dæmis 3 á móti 2, er gæti komið með skynsamlegar tillögur viðvíkjandi einni stafsetningu í íslenzkri tungu. Hjer er ekki um það að ræða, að þingið setji neinar reglur í þessu efni, heldur að eins það, að fela stjórninni að setja nefnd. Þingið skorar að eins á stjórnina, að koma þessu máli á rekspöl.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) kunni ekki við að samþykkja 4. till. og viðaukatill. af því, að það sem þær færu fram á væri þegar komið á. Jeg er nú ekki svo sannfærður um, að þessi kennsluaðferð sje orðin að fastri reglu við latínuskólann, og þykir mjer mikið, ef h. þm. getur staðhæft það.

Yfir höfuð verð jeg að mæla með því, íslenzkunnar vegna, að þessar till. ásamt viðaukatill. verði samþykktar, hvað sem kostnaðinum við víkur. Jeg sje ekkert á móti því, að samþykkja nefndarsetninguna á þessu þingi, því málið þarf undirbúnings við til að geta komizt á laggirnar, og þó nefndin verði samþykkt nú, þá kemur ekki til fjárútlátanna fyr en á næsta fjárhagstímabili.

ATKV.GR.: 1. liður breyt.till. á þskj. 41 (C. 48) samþ. með 14 samhlj. atkv.; 2. liður breyt.till. á þskj. 41 (C. 48) samþ. með 14 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkv.greiðslu, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Ben. Sveinsson,	Jón Jensson,
Bj. Sigfússon,	Jón Jónsson, Eyf.,
Eiríkur Gíslason,	Jón Þórarinsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Pjetur Jónsson,
Halld. Daníelsson,	Tr. Gunnarsson,
Jens Pálsson,	Þórður Guðmundss.
Jón Jónsson, A.-Sk.,	
Ólafur Briem,	
Sighv. Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Valtýr Guðmundsson,	
Þorl. Guðmundsson.	

Þórh. Bjarnarson greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

Till. sjálf með áorðinni breyt. samþ. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Björn Sigfússon,	Ben. Sveinsson,
Eiríkur Gíslason,	Halld. Daníelsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Jens Pálsson,
Jón Jónsson, Eyf.,	Jón Jensson,
Ólafur Briem,	Jón Jónsson, A.-Sk.,
Pjetur Jónsson,	Jón Þórarinsson,
Sighv. Árnason,	Þórður Guðmundss.,
Sig. Gunnarsson,	Þórh. Bjarnarson.,
Skúli Thoroddsen,	Þorl. Guðmundsson.
Tr. Gunnarsson,	
Valtýr Guðmundsson.	

Málið síðan afgr. til efri deildar.

Níundi fundur, föstudag 10. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um breyt. á lögum 13. júlí 1878 um gjafsóknir (C. 50); 1. umr.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Þó þetta frumv. sje eigi langt á pappírnum, ímynda jeg mjer, að flestir muni játa, að málið er þess vert, að um það sje rætt. Í fyrsta lagi er þetta mál á-

hugamál almennings; mönnum þykir áríðandi, að þingið taki það til íhugunar og fái breytt þeim núgildandi lögum um þetta efni. Í öðru lagi hefir þetta mál áhrif á útgjöld landsins og frá því sjónarmiði virðist það einnig íhugunarvert, og eigi að óþörfu að taka það til umræðu. Í þriðja lagi hlýtur þetta mál að hafa áhrif á breytni embættismanna og skyldurækni, og þar af leiðandi á hreinskilni, einurð og sannleiksást allra landsmanna.

Að almenningi þyki þetta áhugamál, sjest bezt á fundargjörðunum, þar sem skorað er á alþingi, að fá hinum núgildandi lögum breytt. Í öðru lagi hefir því verið hreift í allflestum blöðum á þessu ári. Í þriðja lagi vona jeg, að allir sjeu á einu máli um það, að mikið hefir verið talað um þetta mál í sveitum, og að hin núgildandi lög vekja almenna óánægju. Þetta er óbreyttur þjóðarvilji; en jeg álít, að þjóðarviljinn eigi að hafa áhrif á gjörðir þingsins í þessu máli; eins og það er eðlilegt, að gera lítið úr því máli, sem hefir haft þjóðviljann með sjer, en þar sem hann er kominn á sundrungu og dofnaður fyrir, — eins er eðlilegt að taka tillit til hans, þar sem hann eindreginn fylgir einhverju máli.

Hvað fjárhag landssjóðs snertir, mun flestum það kunnugt, að gjafsóknir hafa að undanförnu haft talsverðan kostnað í för með sjer, og nú lítur svo út á þessu yfirstandandi ári, að farið verði í sömu áttina og jafnvel lengra en nokkru sinni áður. Að núgildandi lög í þessu efni geti haft áhrif á skyldurækni embættismanna, getur mjer eigi blandazt hugur um; et embættismenn hafa einkarjett til, á móti hverjum og einum, að höfða mál sjer að kostnaðarlausu, í hvert skipti, sem eitthvað er fundið að við þá, þá fæ jeg eigi betur sjeð, en að það sje eðlileg afleiðing, að enginn þorir að hreifa neinu eða segja það sem honum dettur í hug, þó hann viti, að það sje satt. Því opt stendur svo á, að þó almenningur viti, að það sem sagt er, sje satt, þá getur kærði eigi fyllilega sannað það, en þar sem sönnunarskyldan hvílir á þeim kærða, þá hlýtur málið að falla á hann, jafnvel þó hlutaðeigandi embættismaður ekki geti sannað hið gagnstæða. Það er ekki heppilegt, að halda almenningi svo múlbundnum, að hann þori eigi að segja sannleikann, heldur geymi hann í skugga. — Sjerstaklega hefir þetta komið niður á blaðstjórunum; ætlunarverk blaðanna er, að hafa vakandi auga á gjörðum embættismannanna, eins og annara, og eigi þegja, heldur segja sannleikann, þegar þess er þörf. En þegar blaðstjórarnir þora hvorki sjálfir að segja sannleikann, nje herma sögusögn annara, þá missa blöðin sitt gildi, og þegar þeir hvorki hafa einurð nje þrek til að finna að því sem miður fer, þá er allri þjóðinni hætta búin; því hún fær sína andlegu fæðu mestmegnis úr blöðunum, og þá má búast við, að hún komist á sama stig. Þetta er hvorki heppilegt nje heillavænlegt.

Jeg skal ekki fara fleiri orðum um frumv. að þessu sinni. Jeg veit, að h. þingdm. viðurkenna, að málið er íhugunarvert; og þau atriði, sem jeg hef tekið fram, gera það nauðsynlegt, að málið sje vandlega rætt; þess vegna vona jeg, að því verði leyft að ganga til 2. umr.

Landshöfðingi: Út af orðum h. þm. Strand. (Guðj. G.) skal jeg geta þess, að það er að nokkru leyti sjerstaklega ástatt fyrir embættismönnum, sem höfða mál út af meiðyrðum; því eptir gildandi lögum eru þeir embættismenn, sem verða fyrir meiðandi áburði, skyldir að hreinsa sig af honum með dómi, vilji þeir halda embættum sínum. En

úr því svo er, sýnist það vera nokkuð hart, að embættismenn fái ekki gjafsókn til að reka rjettar síns, eins og núgildandi lög heimila; opt getur staðið svo á, að málið verði embættismanninum kostnaðarsamt, ef til dæmis meiðyrðin eru í blaði í fjarlægu hjeraði, eða ef embættismaður verður að fá setudómara; en þá getur opt svo farið, að það verði embættismanninum um megn að leggja út í þann kostnað, sem málsóknin hefir í för með sjer. Í annan stað skal jeg geta þess, að þar sem almenningur ímyndar sjer, að kostnaðurinn af gjafsóknum, sem embættismönnum eru veittar samkvæmt lögum 12. júlí 1878, sje landssjóði mjög þungbær, þá er þetta eigi rjett álitið, því það er undantekning, að landssjóður beri til fullnustu þann kostnað; að vísu er það venja, að landssjóður leggi út kostnaðinn í bráð, en þegar sá, sem málið er höfðað á móti, tapar því, þá er hann ávallt dæmdur til að borga málskostnað, og þá fær landssjóður borgað aptur það, sem hann hefir lagt út. Ef gengið er í gegn um landsreikningana eða öllu heldur jarðabókarreikningana, þá sjest bezt, að ekki er mikið fje greitt til fullnustu úr landssjóði fyrir gjafsóknir til embættismanna. Helzt hefir landssjóður orðið fyrir nokkrum kostnaði, þegar málum hefir verið vísað frá dómi vegna formgalla, en annars hefir reyndin orðið sú, að í þeim, sem fallið hefir fullnaðardómur í, hefir — með örfáum undantekningum — málskostnaður fallið á þann, sem málið var höfðað á móti, og þá hefir landssjóður engan kostnað af því haft.

Jeg á bágt með að skilja, að hin gildandi lög um gjafsóknir hafi skaðleg áhrif á skyldurækni embættismanna. Mjer finnst, að það muni miklu heldur uppörfa þá til skyldurækni, að þeir vita sig skylduga til, að bera af sjer með dómi meiðyrði, sem á þá eru borin. Og að erfitt geti verið, eins og h. flutningsm. (Guðj. G.) hjelt fram, að sanna ákærur, ef þær annars eru á rökum bygðar, get jeg ekki sjeð, sjer í lagi þegar heilum hjeruðum er kunnugt, að þær eru sannar. Jeg verð að gjöra ráð fyrir, að menn, sem leiddir eru sem vitni fyrir dómi, beri yfir höfuð það sem þeir vita.

Hins vegar er sjálfsagt ekki rjett, að skipa embættismönnum að höfða mál, nema hafi þeir orðið fyrir þungum áburði, svo sem um óráðvendni eða rangsleitni. En út af smávegis álít jeg algjörlega rangt að skipa embættismanni að höfða mál.

Af þessum ástæðum, sem jeg nú hef tekið fram, álít jeg alveg rangt að taka frá embættismönnum rjettinn til gjafsóknar; því yrði að vera samfara að afnema þá skyldu, sem embættismenn hafa til að hreinsa sig með dómi frá meiðandi áburði; en það finnst mjer vera viðsjárvert.

Þess vegna get jeg ekki fallizt á þetta frumv. Jeg álít það mjög svo ísjárvert.

Flutningsmaður (*Guðjón Guðlaugsson*): Út af þessum orðum hæstv. landsh. — að af því embættismenn væru skyldir til með dómi að hreinsa sig af meiðandi áburði, þá ættu þeir að hafa rjett til gjafsóknar —, skal jeg gera þá athugasemd, að embættismenn fara opt í mál, ekki af því, að yfirboðarar þeirra hafi skyldað þá til þess, heldur hafa þeir beðið að láta skipa sjer það; jeg gæti, ef jeg vildi, tilnefnt dæmi upp á, að embættismaður hefir beðið amtmann sinn um, að lofa sjer að höfða mál; þetta finnst mjer vera að nota sjer gjaf-

sóknarrjettinn um of. Jeg get ekki sjeð, að þó yfirboðarinn álíti nauðsynlegt að skipa embættismanni að fara í mál, þá þurfi embættismaðurinn endilega gjafsóknarrjett. Geti embættismaðurinn hreinsað sig, þarf hann ekki að borga málskostnað og það er honum nóg. Það er vonandi, að yfirboðarar láti vera að skipa embættismönnum að fara í mál að nauðsynjalausu; og hins vegar, hvers vegna á ekki embættismaðurinn, eins og hver annar maður, að leita rjettar síns fyrir sína eigin peninga? Vel veit jeg það, að kostnaðurinn til gjafsókna er opt ekki mikill. Jeg þekki dæmi um eitt meiðyrðamál í Reykjavík 1887. Málið var svo lagað, að brjefkafli nafnlaus var prentaður í einu blaði hjer; í brjefinu var sagt alveg satt og rjett, og án þess það væri nokkrum orðum aukið, frá einu lítilfjörlegu atriði, sem mátti skilja svo, að hjá einum vissum embættismanni væri skortur á skyldurækni, að hann hefði eigi farið ferð, sem hann var skyldur til. Um embættismanninn sjálfan voru engin meiðandi orð höfð. Út af þessu brjefi var höfðað mál gegn ritstjóra blaðsins og hann dæmdur í 80 króna sekt, auk 40 króna málskostnaðar. Af því málið var tekið fyrir í Reykjavík, var ekki hægt fyrir mótpartinn að leita uppi og færa fram nægar sannanir, sökum fjarlægðar; embættismaðurinn átti heima vestur á landi. Þó þessi 40 króna málskostnaður hefði fallið á embættismanninn, virðist honum ekki hafa verið þörf á gjafsókn, þar sem um svo lítinn kostnað var að gera, því hjer þurfti ekki setudómara; það skal jeg játa, að þegar hlutaðeigandi embættismaður sjálfur er dómari, þá þarf að taka setudómara, sem stundum ber við; þá verður kostnaðurinn nokkur, einkum ef setudómarinn á heima langt í burtu; en þetta á sjer ekki opt stað; þess verða menn að gæta. Að gjafsóknir auki skyldurækni embættismanna, fæ jeg eigi sjeð; jeg get eigi skilið, að skyldurækni embættismannsins vaxi við það, að hann getur bælt hvern og einn niður, sem þorir að tala honum á móti, eða finna að við hann. Skylduræknin hlýtur að aukast við sanngjarnar aðfinningar og bendingar. Að sá umkvartandi eigi geti allt af sannað sitt mál, vita menn ofboð vel; til dæmis í dæminu, sem jeg tilfærði áðan, var eigi hægt að færa fullgildar sannanir undir þeim kringumstæðum, sem þar voru. Dómstólarnir byggja á líkum, þegar sannanir vanta, og þá hlýtur málið að falla á hinn kærða. Þó þessi kostnaður til gjafsóknanna — svo jeg snúi að því aptur — sje eigi mikill, sem jeg skal sjálfur fúslega játa, þá nemur hann svo mikilli upphæð, að eigi virðist ástæða til að kasta henni út að óþörfu, sem gert er með gjafsóknarpeninga, eptir áliti alls almennings.

Landshöfðingi: Mjer fannst röksemdaleiðsla h. flutningsm. (Guðj. G.) fremur ganga í þá átt, að bera sig upp undan því, að þeim, sem leyfa sjer að finna að einhverju í dagfari eða embættisrekstri einhvers embættismanns, veiti ávallt mjög erfitt að sanna áburð sinn, og verði því ávallt fyrir sektum, heldum en hinu, að engin þörf sje á gjafsóknum. Hvað því dæmi viðvíkur, sem h. flutningsm. (Guðj. G.) tilfærði, skal jeg geta þess, að þó embættismaðurinn ekki hefði haft gjafsókn, mundi blaðstjórinn hafa orðið fyrir sömu sektum, og að áburðurinn hafi eigi verið meiðandi fæ jeg eigi skilið, fyrst yfirrjetturinn og undirrjetturinn komust að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að sekta blaðstjórann um 80 kr. Með dóminum verðum við að álíta, að sje fengin full sönnun fyrir, að ummælin hafi verið meiðandi.

Aptur á móti er jeg samdóma h.

flutningsm. (Guðj. G.) um það, að ekki sje rjett að veita gjafsókn þegar um lítilfjörleg atriði er að gera, og ekki nema embættismaðurinn verði fyrir einhverjum þeim meiðandi áburði, sem gerir hann óhæfan til að halda sínu embætti, nema hann hreinsi sig af illmælinu. Að skipa embættismanni að höfða mál í öðrum tilfellum, álít jeg ekki rjett. Það stendur í því efni á sama, hvort yfirboðarinn skipar embættismanni að fyrra bragði að höfða mál, eða embættismaðurinn biður um að fá skipun til þess; því það er vitaskuld, að yfirboðarinn á eigi að taka tillit til beiðni embættismannsins um skipun til málshöfðunar, nema því að eins að hann álíti sjer skylt að gefa út skipunina, þó engin beiðni hefði komið.

Jeg get þess vegna ekki sjeð neitt á móti því, að þeim embættismanni, sem er skipað að hreinsa sig af þungum áburði með því að höfða mál, sje veitt gjafsókn.

Að gjafsóknir til embættismanna sjeu þung byrði fyrir landssjóð, er misskilningur af almenningi. Jeg játa það, að gjafsóknir baka landssjóði opt mikinn kostnað; en það eru ekki gjafsóknir til embættismanna í meiðyrðamálum, heldur sjer í lagi gjafsóknir til kirkna í landaþrætumálum, sem eru heimilaðar í gjafsóknarlögunum, og sem hafa verið mjög tíðar á seinni árum.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Viðvíkjandi því sem jeg sagði áðan, að opt gæti eigi sá sem kvartar, sannað sitt mál, skal jeg taka nokkuð fleira fram. Jeg skal skýra betur það dæmi, sem jeg tók fram áðan. Undirrjetturinn í Rvík komst að þeirri niðurstöðu, að ef áburðurinn væri sannur, mundi það varða við lög fyrir embættismanninn; jafnframt var það fullkomlega sannað, eins og sagt var í brjefinu, að hann hafði ekki farið þá ferð, sem honum bar að fara. En þá bar embættismaðurinn fyrir sig forföll, sem enginn vissi af, og ekki heldur brjefritarinn, því sannanir þurfti að sækja vestur á land, en því varð eigi við komið. Á þessum ástæðum bygði undirrjetturinn sinn dóm, að embættismaðurinn hefði haft lögleg forföll, og svo fjell málið á hinn málspartinn.

Skúli Thoroddsen: Af því að jeg er annar flutningsm. þessa frumv., vil jeg leyfa mjer að fara um það nokkrum orðum. Jeg er samdóma hæstv. landsh. um, að ef lög eiga að vera til um gjafsóknarrjett embættismanna, þá sje öll ástæða fyrir administratíonina að fara varlega í að skipa embættismönnum að höfða mál til að hreinsa sig af áburði. En jeg er líka sannfærður um, að ef almenningsálitið væri ekki svo, að farið hefði verið of langt að undanförnu í að veita embættismönnum gjafsóknir, þá hefði þetta frumv. ekki komið fram. Það er einmitt það, að gjafsóknarrjetturinn gjörir embættismönnum mögulegt að fara í mál út af hverju lítilræði sem er, sem gjörir, að almenningsálitið er á móti þessum rjetti eða þeim lögum, sem veita hann. Sem dæmi þess, að gjafsókn hefir verið veitt í óverulegu máli, er hið svo nefnda dómarabókarmál á Seyðisfirði, sem margir hafa hneykslazt á. Þar er sýslumanni skipað að hreinsa sig af einhverjum óverulegum áburði, sem stóð í blaðagrein, þar sem menn þóttust skilja, að nafn sýslumannsins væri skrifað aptur á bak. Menn vita, hvernig þetta mál fór. Því var fyrst vísað frá í hjeraði vegna formgalla, og sá dómur síðan staðfestur í yfirrjetti. Landssjóður hafði allmikinn kostnað af þessu máli, um 1000 kr., að mig minnir. Sem annað dæmi má nefna mál, sem bæjarfógetanum í Reykjavík var skipað að höfða út af grein í »Þjóðólfi» með yfirskriptinni, »óaldarbragur«. Hafði ritstjórinn fundið mjög vægilega að aðgjörðarleysi bæj-

arfógetans og lögreglunnar út af þjófnaði, sem hjer var framinn. Almenningur áleit, að yfirvaldið hefði ekki sýnt nógu mikla rögg af sjer við þetta tækifæri, til að komast fyrir þjófnaðinn, og ritstjórinn hafði skrifað um þetta auðsjáanlega með gjafsóknarlögin í huganum, því svo er að sjá á greininni, sem höfundurinn hafi ætlað að sigla fyrir öll sker. En af því ákvæði hegningarlaganna um meiðyrði eru svo víðtæk, þá var höfðað mál út af þessari grein, sem þó var svo saklaus, og ritstjórinn dæmdur í töluverða sekt. Það getur verið álitamál, hvenær ástæða sje til að skipa embættismanni að höfða mál, en þegar skipað er að höfða mál út af jafn-lítilvægu og því, sem jeg nú nefndi, þá hneykslar það almenning, og það hneykslar almenning, að ritstjóri blaðs skuli vera dæmdur í sektir fyrir allsendis meinlausar aðfinningar við yfirvald, sem ekki þykir hafa sýnt nógu mikla rögg af sjer. En dómurinn getur verið alveg rjettur fyrir það, og ekki hægt að hlífa ritstjóranum við sektum, úr því mál var á annað borð höfðað móti honum.

Hæstv. landsh. tók það fram, að þeim, sem væri saklaus, ætti ekki að vera erfitt að sanna sakleysi sitt. En þess ber að gæta, að eptir ákvæðum þeim, sem gilda um gjafsóknarmál, á að hraða þeim sem allra mest. Þetta kann embættismaðurinn að nota sjer, ekki síst ef málstaður hans er veikur, til þess að gjöra mótparti sínum sem örðugast fyrir um alla fresti í málinu, og tapast því opt mörg vitni, sem mótparturinn annars mundi hafa getað leitt fram til sönnunar sínum málstað.

Það dylst engum, að í þessum gjafsóknarrjetti er fólgið misrjetti milli borgaranna. Embættismaðurinn þarf engan kostnað að hafa við að vernda æru sína, en aðrir borgarar geta ekki verndað æru sína nema með miklum kostnaði opt og tíðum. Í öðru lagi leiðir það af lögunum um gjafsóknarrjett embættismanna, að sá, sem segir eitthvað meiðandi um embættismann, er miklu ver settur en sá sem talar jafn-meiðandi um annan borgara. Þannig getur sá sem talað hefir meiðandi orð um embættismann, orðið dæmdur í 400—500 kr. málskostnaðar-útlát, þar sem hann fyrir jafnmeiðandi ummæli um einhvern annan borgara hefði sloppið með að greiða 20—30 kr. í málskostnað.

Það er satt, sem hæstv. landsh. sagði, að það er hart fyrir embættismann, sem skipað er að höfða mál, að þurfa að gjöra það á eigin kostnað; en hvað á að gjöra? Misrjetti á ekki að eiga sjer stað milli borgaranna; væri embættismanninum eigi heimiluð gjafsókn, þá veit hann það, þegar hann tekur við embættinu, að hverju hann gengur, að hann verður að sætta sig við það, að verða að hreinsa sig af þeim áburði, er á hann kann að verða borinn og yfirmaður hans heimtar að hann hreinsi sig af. Auk þess er og fjöldi embættismanna svo vel settur í efnalegu tilliti, að þeir eru eins vel eða betur færir um það en aðrir, að verja æru sína, ef á hana er ráðið.

Jeg skal að lokum geta þess, að þegar jeg varð til þess að flytja þetta frumv. inn á þingið með h. meðflutningsm. mínum, þá vakti það ekki beinlínis fyrir mjer, og víst ekki fyrir honum heldur, að miklar líkur væru til þess, að mál þetta gengi fram nú á þessu þingi og yrði að lögum; en við vildum láta hreifa málinu, og álitum, að eins mætti gjöra það í frumvarpsformi eins og ályktunarformi. Aðalatriðið fyrir okkur flutningsm. var sem sagt það, að málinu yrði hreift, því almenningur um allt land er orð-

inn mjög óánægður út af þessum gjafsóknarveitingum og gjafsóknarmálum embættismanna, sem sjerstaklega hafa »flórerað« á þessum síðustu tímum. En jeg fyrir mitt leyti sje samt ekki neitt hættulegt við að nema þennan gjafsóknarrjett úr gildi, og ímynda mjer, að þeir, sem eru á móti því, festi of mjög hugann við það, að hann er orðinn svo gamall; en væri embættismönnum eigi heimilaður þessi rjettur eptir núgildandi lögum, þá er jeg viss um, að enginn myndi vera sá, er legði það til, að lögleiða slík forrjettindi handa embættisstjett vorri.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess út af ræðu h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), að mjer er ekki kunnugt um, að lög sjeu fyrir því, að þegar embættismaður höfðar mál með gjafsókn, þá eigi að dæma mótpartinn, ef málið fellur á hann, til að borga málskostnað skaðlaust; það á að dæma hann til að borga málskosnað í slíku máli eins og þó málið hefði ekki verið gjafsóknarmál, en það er allt annað. Jeg vona, að h. þingdm. hafi tekið eptir því, að svo er venjulega að orði komizt í dómum í gjafsóknarmálum, þegar málið fellur á þann, sem það er höfðað á móti, að hann eigi að borga málskostnað eins og málið hefði ekki verið gjafsóknarmál. Annars veit jeg ekki, hvað það er, sem sá, er málið fellur á, sleppur við að greiða, ef málið ekki er gjafsóknarmál, en sem hann verður að greiða, ef það er gjafsóknarmál.

Skúli Thoroddsen: Jeg held, að hæstv. landsh. hafi ekki farið svo nákvæmlega út í þetta atriði sem skyldi. Hann sagði, að það væri enginn munur á, hvort málið væri gjafsóknarmál eða ekki, að því er málskostnað snerti, fyrir þann, sem málið fjelli á. Menn vita þó, að það er föst venja hjá dómstólum, að minnsta kosti í danska ríkinu, að ákveða málskostnað í öðrum málum en gjafsóknarmálum með »rund sum«, eins og komizt er að orði, og er kostnaðurinn við málið opt margfalt meiri. En setjum svo, að um gjafsóknarmál sje að ræða, þar sem skipaður er setudómari, þá verður afleiðingin af því, að málið er gjafsóknarmál, sú, að hinn stefndi, ef málið fellur á hann, verður að borga allan þann kostnað, sem leiðir af skipun setudómarans, ferðum hans og dvöl á þeim stað, þar sem málið er rekið. Þegar aptur er að ræða um önnur mál en gjafsóknarmál, þá þekki jeg ekki þá dóma, er hafi skyldað þann, sem málið fjell á, til að borga setudómara eða annan slíkan sjerstakan kostnað. Jeg efast þess vegna um, að það sje rjett hjá hæstv. landsh., að málskostnaður sje hinn sami, hvort sem málið er gjafsóknarmál eða ekki.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins leyfa mjer benda h. þingd. á, að í dómum í öllum gjafsóknarmálum, hvort sem það eru meiðyrðamál eða önnur mál, stendur æfinlega, þegar málskostnaður fellur á mótpartinn, að honum beri að greiða málskostnað eins og málið hefði ekki verið gjafsóknarmál. Þetta geta menn t. d. sjeð í þeim gjafsóknarmálum, sem eru tíðust, málum, sem höfðuð eru fyrir hönd kirkna. Í þeim er málskostnaður ákveðinn á sama hátt og í meiðyrðamálum. Sama er um það, að sá sem dæmdur er í málskostnað í hverju máli sem er, sjálfsagt verður að borga kostnaðinn af skipun setudómara í hjeraði.

Jón Jensson: Jeg hlýt að vera hæstv. landsh. samdóma um, að þetta frumv. eigi ekki að fá framgang. Að samþ. það væri sama sem að nema burtu þann hlutann af lögum, er snerta embættismenn, sem er bein afleiðing af hinum hlutanum, skyldu embættismanna að hreinsa sig af því, sem á þá er borið og þykir mannorðsspillandi. Það er skylda yfirboðarans, að skipa embættis-

manni, sem er borið á eitthvað það, er kastar skugga á æru hans, að hreinsa sig af því með dómi, og því er það og sanngjart og eðlilegt, að embættismanninum sje hjálpað eitthvað til að höfða málið, og til þess eru gjafsóknirnar. Aðaltilgangurinn, sem h. flutningsm. geta hafa haft með frumv., er tillitið til landssjóðs. Þeir hafa litið svo á og þótt reynslan sýna, að þessi rjettur yfirboðaranna, að skipa embættismönnum að höfða mál og hreinsa sig með dómi af áburði annara, hafi verið misbrúkaður, að embættismenn hafi fengið skipanir til þess án þarfa, og að landssjóður hafi með þessu orðið fyrir töluverðum óþarfa-útgjöldum. En nú hefir hæstv. landsh. upplýst það, sem er alveg rjett, að þess eru fá dæmi, að gjafsóknarmál þau, sem hjer er um að ræða, hafi bakað landssjóði nokkurn kostnað, og þar með er aðaltilgangur frumv. fallinn.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) talaði um misrjetti borgaranna, sem leiddi af þessum lögum, en jeg álít að það sje hreinn misskilningur af honum, að tala hjer um misrjetti, því borgararnir standa hjer ekki jafnt að vígi. Embættismenn geta fengið skipun frá yfirboðara sínum, að höfða mál og hreinsa sig af einhverjum áburði, þó þeim finnist sjálfum engin ástæða til þess, og sýnist þá engin sanngirni í því, að þeir eigi að borga sjálfir þann kostnað, sem málið hefir í för með sjer eða málshöfðunin.

Það, sem mjer finnst að flutningsm. þurfi að gjöra, ef þeir vilja fá eitthvað fram í þessa átt, er það, að benda á, að rjettur yfirboðaranna til að skipa málshöfðun hafi verið misbrúkaður, svo að landssjóður hafi beðið halla af, og lægi þá næst að draga úr ákvæðum þeim, sem gilda um það, að embættismenn skuli hreinsa sig undan áburði með málshöfðun, en ekki hitt, að svipta þá hjálpinni til að höfða mál, þegar þeim er skipað það.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): H. meðflutningsm. minn (Sk. Th.) hefir tekið það fram, sem víst ekki verður hrakið, að í meiðyrðamálum er öðruvísi ástatt en í öðrum gjafsóknarmálum.

H. þm. Rvk. (J. Jensson) staðfesti þau orð hæstv. landsh., að gjafsóknarmál hefðu hingað til ekki bakað landssjóði mikil útgjöld, en h. meðflutningsm. minn hefir þó bent á eitt mál fyrir austan, sem landssjóður hafði töluverðan kostnað af. Jeg get líka minnt á eitt dæmi þess, að landssjóður hafi haft töluverðan kostnað af gjafsóknarmáli. Það var þegar sýslumanninum í Þingeyjarsýslu var skipað að hreinsa sig undan áburði í »Norðurljósinu«. Þá grunar marga, að málin í Ísafjarðarsýslu, sem enn eru óútkljáð, muni hafa kostnað í för með sjer fyrir landssjóð.

H. þm. Rvk. (J. Jensson) gat þess til, að aðaltilgangur okkar flutningsm. með frumv. hefði verið sá, að koma framvegis í veg fyrir, að yfirboðararnir misbeittu valdi sínu til að skipa embættismönnum málshöfðun, en þessi tilgáta er ekki rjett, að minnsta kosti ekki að því er mig snertir. Því í fyrsta lagi hefi jeg ekki þá þekkingu á slíkum málum, að jeg treysti mjer til að gefa slíka fullyrðingu, og í öðru lagi erum við svo skynsamir, flutningsm., að við viljum ekki ráða til að breyta lögum, ef þau á annað borð eru góð, þótt þeim sje misbeitt.

Pjetur Jónsson: H. þm. Rvík. (J. Jensson) benti á, að það mundi eiginlega vera fjárspursmálið, er væri aðalástæðan fyrir framkomu þessa frumv.; en mjer skildist helzt á h. flutningsm. (Guðj. Guðl.), að það væru raddir almennings, sem hefðu knúið þá til að bera fram frumv. þetta, og þykir mjer

sennilegt, að svo hafi verið, því þær raddir hafa heyrzt úr ýmsum hjeruðum landsins, að gjafsóknarlögin væru að mörgu leyti óheppileg.

Það eru sjer í lagi 3 atriði, sem jeg hefi orðið var við, að menn hafa tekið fram móti þessum lögum. Fyrsta atriðið er fjárspursmálið, sem h. flutningsmenn og fleiri hafa gjört að umtalsefni í dag. Annað atriðið er það, að gjafsóknarmál komi fram af prætugirni manna og orsaki á hinn bóginn prætugirni ekki að eins hjá embættismönnum, heldur hjá umráðendum opinberra stofnana. En þriðja atriðið er málfrelsið. Menn sjá, að með gjafsóknar-rjettinum stendur almenningur lakar að vígi til þess, að láta í ljósi sínar skoðanir á þeim stjettum, sem gjafsóknarrjett hafa. Því miður er í frumvarpi því, sem fyrir liggur, ekki að ræða nema um gjafsóknir embættismanna. Hjer er ekkert talað um, að afnema gjafsóknarrjett kirkna og annara opinberra stofnana, en mjer finnst talsvert athugavert við gjafsóknarrjettinn einnig að því er snertir þessar stofnanir. En jeg er ekki svo lögfróður, að jeg geti bent á góðan veg til að draga úr ákvæðum laganna um rjett þessara stofnana til gjafsókna. Mjer finnst það ættu að eins að vera snauðir menn eða fátækar stofnanir, er fengju að njóta þessa rjettar. Hreppararnir eru eins færir eins og einstaklingarnir til að leita rjettar síns, og jeg veit heldur ekki til, að það sje gefin regla, að hreppurinn hafi fremur rjett fyrir sjer en einstaklingurinn, sem hann á í máli við. Sömuleiðis er það vitanlegt, að kirkjur eiga opt í málum út af smáræði, landskika eða því líku, er opt hefur mikinn kostnað í för með sjer.

Jeg vil nú ekki segja, að það sje einmitt heppileg aðferð, að fara nú að breyta gjafsóknarlögunum; það væri kannske fullt eins heppilegt, eins og h. 2. þingm. Ísf. (Sk. Th.) benti á, að benda landsstjórninni á með þingsályktun, að þinginu þætti opt farið fullfreklega í, að veita gjafsóknir. En hitt er víst, að mál þetta hefur vakið afarmikla athygli meðal almennings, og er þinginu óhætt, að skila því til landsstjórnarinnar, að almenningur muni veita því eptirtekt, hvernig lögunum verður beitt hjer eptir.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Jeg ætla ekki að vera langorður í þetta sinn. Það var að eins eitt atriði, sem jeg gleymdi áðan, er jeg vildi taka fram. Það var út af því, sem hæstv. landshöfðingi og h. þm. Rvík. (J. Jens.) sögðu, að fullnaðar-kostnaðurinn, sem legðist á landssjóð, þegar gjafsóknir væru veittar, væri ekki mikill, þá er við það að athuga, að kostnaðurinn er lítill af því, að embættismenn vinna optast málin. Þetta staðfestir það, sem jeg hef áður sagt hjer í h. deild, að málin eru vanalega svo vaxin, að sá sem málið er höfðað gegn á óhægt með að koma með sannir fram til þess, að sanna sitt mál. Enn fremur er það að athuga við þetta, að ef það er vani, að embættismaðurinn vinni ávallt þau meiðyrðamál, sem hann fær gjafsókn til að höfða, þá mundu þeir vinna þau eins þó þeir hefðu ekki fengið gjafsókn. Það er því engin hætta fyrir þá, að höfða málin fyrir eigin peninga, ef reynslan er sú, að þeir vinna þau ávallt. Það er enginn kostnaður fyrir þá, þó þeir fái ekki gjafsókn, þegar reynslan sýnir, að þeir vinna ávallt málin, svo kostnaðurinn lendir allur á mótpörtum þeirra.

Björn Sigfússon: Jeg ætla að eins að geta þess, að þrátt fyrir mótmæli h. þingm. Rvík. (J. Jens.) get jeg ekki betur sjeð, en að þau ummæli h. 2. þingm. Ísf. (Sk. Th.) standi óhrakin, að gjafsóknarrjetturinn, eins og hann er nú,

valdi misrjetti milli embættismanna og borgara landsins. H. þm. Rvík. (J. Jens.) áleit svo mikinn mun á því, að embættismönnum væri gjört að lagaskyldu, að höfða mál, og þar af leiðandi væri eðlilegt, að þeir hefðu forrjettindi til þess að fá gjafsóknir. Það er að vísu rjett, að embættismenn eru skyldaðir með lögum til þess, að höfða mál, en privatmenn ekki; en þeir hafa þó engu síður siðferðislega skyldu til þess, að verja mannorð sitt en hinir, en standa nú langt um ver að vígi, eptir gildandi lögum, og í því liggur misrjetti, sem eptir minni skoðun á ekki að eiga sjer stað. Á þetta atriði legg jeg mesta áherzluna.

Jeg get ekki sjeð, hvers vegna embættismenn eiga að hafa forrjettindi fyrir privatmönnum, að því er þetta snertir, og virðist mjer því að eins rjett, að þeim sje veitt gjafsókn, að þeir sjeu svo fátækir, að þeir geti ekki rekið rjettar síns af eigin efnum, eða með öðrum orðum, að þeir verði heimfærðir undir flokk snauðra manna.

Valtýr Guðmundsson: Það er búið að ræða þetta mikið, og jeg skal því ekki lengja umræðurnar, en jeg ætla að eins að taka það fram, að jeg get ekki greitt atkvæði með frumv. Jeg finn enga ástæðu til þess að breyta þessum lögum, því mjer finnst lögin sem nú eru í gildi um þetta efni vera full-góð. Hins vegar er mjer kunnugt um það, að það er mjög mikil óánægja úti um land út af því, hvernig lögum þessum er beitt, enda fannst mjer liggja í orðum hæstv. landshöfðingja, að gjafsóknirnar væru stundum veittar nokkuð freklega, þar sem hann sagði, að rangt væri að veita þær nema brýna nauðsyn bæri til. Og ef embættismönnum væri veitt gjafsókn til þess, að hreinsa sig af svo óverulegum áburði, að hann ekki gæti hnekkt áliti þeirra sem embættismanna svo, að stöðu þeirra væri nein hætta búin, þá væri of langt gengið. Mjer persónulega þótti óviðurkvæmilegt, að skipuð væri málshöfðun og gjafsókn veitt í málinu, sem bæjarfógetanum í Reykjavík var í vetur boðið að höfða gegn ritstjóra »Þjóðólfs« fyrir grein, sem birt var í Þjóðólfi, sem bent hefir verið á. Ef höfðuð væru mál í öðrum löndum út af slíkum smámunum, þá yrði mikið af málum þar og málaferli mörg.

Jeg vil leggja það til að hverfa frá frv., en sætta sig við rökstudda dagskrá, sem jeg vil leyfa mjer að afhenda h. forseta, sem er svohljóðandi:

»Í því trausti að stjórnin sjái svo um, að gjafsóknarrjettinum sje eigi beitt nema brýna nauðsyn beri til og að jafnan sje tekið tillit til málstaðar gjafsóknarbeiðanda, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni«.

Það er ekki ætíð tekið tillit til þess atriðis, sem skýrt er tekið fram í lögunum, að ávallt eigi að taka tillit til málstaðarins, þegar gjafsókn er veitt.

Jón Jensson: Það voru að eins fá orð, sem jeg ætlaði að segja út af orðum h. 2. þingm. Húnv. (B. S.). Hann hefur annað hvort misskilið orð mín eða jeg hef talað svo óskýrt, að hann hefur ekki skilið, hvað jeg meinti. Jeg sagði, að það væri ekki rjett, að álíta rjett embættismanna til gjafsókna sem forrjettindi fram yfir aðra borgara, og jeg sagði, að gjafsóknarveitingin væri fullkomlega rökstudd við skyldu þá, sem embættismönnum er lögð á herðar eptir lögum af yfirboðurum sínum, að bera af sjer með dómi meiðyrði um þá. Það hlýtur öllum að vera ljóst, að það er munur á stöðu embættismannsins í þessu tilliti eða á stöðu hvers og eins borgara. Hver borgari hefir rjett til að afgjöra það með sjálfum sjer eða ráðfæra sig við sínar eigin til-

finningar, án þess að spyrja aðra um það, hvort hann eigi að fara í mál eða ekki. Embættismaðurinn hefur ekki þennan rjett; hann er neyddur til að fara í mál, ef annar maður, sem sje yfirboðari hans, álítur ummælin meiðandi fyrir mannorð embættismannsins. Þessi munur gjörir það, eins og jeg tók fram áður, að ekki er mögulegt að bera saman borgara og embættismann í þessu tilliti, nema með því móti, að nema í burt rjett yfirboðaranna til þess að skipa embættismönnum að höfða mál.

Jeg skal bæta því við út af því sem h. þm. Strand. (G. G.) sagði, að dæmi það sem h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) tiltók um kostnað, sem frávísun máls eins á Seyðisfirði út af greininni: Brot úr dómarabók, í blaðinu Austra, bakaði landssjóði, er alls eigi vel fallið til þess að sanna, að gjafsóknarrjettur embættismannsins hafi þar verið misbrúkaður, því að gjafsóknar-veitandinn átti enga sök á því, þótt málinu yrði frávísað, og kostnaðurinn því fjelli á landssjóðinn, sem annars hefði fallið á ærumeiðandann.

Flutningsmaður (*Guðjón Guðlaugsson*): Jeg skal að eins geta þess, að menn ættu að hugleiða það, að þessi skylda embættismanna til að höfða mál er þeim lögð á herðar af yfirboðurum þeirra, sem eru skynsamir og menntaðir menn og að öllum líkum beztu menn landsins, og þeim væru gjörðar getsakir, ef menn ætluðu, að þeir skipuðu slíka málshöfðun nema fullkomin nauðsyn krefði. Þetta atriði er því þýðingarlítið og skiptir litlu.

Jeg stóð eiginlega ekki upp út af þessu atriði, heldur var það vegna hinnar rökstuddu dagskrár, sem h. þm. Vestm. (V. G.) kom fram með. Jeg skal taka það fram, að jeg álít ekki rjett, að synja frumv. þessu að komast til 2. umræðu með því, að samþykkja þessa rökstuddu dagskrá. Frumv. þarf nákvæmrar íhugunar við, eða að minnsta kosti er þörf á, að athuga það betur en kostur hefur verið á enn þá. Það er nýlega prentað, var útbýtt fyrst í gær í h. deild, svo þingmönnum hefur ekki enn gefizt kostur á að íhuga það eins og þyrfti og frumv. verðskuldar. Enn fremur hafa ýmsar bendingar komið fram frá þm., þar á meðal frá h. þm. Suð.-Þing. (P. J.), um, að það þurfi að taka fleiri atriði úr gjafsóknarlögunum til athugunar en þetta. Þess vegna er mjög nauðsynlegt, að frumv. verði leyft að ganga til 2. umr.

Jeg vona því, að h. þingd. leyfi því að ganga til 2. umr. til þess að teknar verði til greina þessar bendingar, og til þess að frumv. verði yfir höfuð betur athugað; en þessa rökstuddu dagskrá álít jeg alveg þýðingarlausa.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg hefi nú saknað þess í umræðunum, sem þegar eru orðnar nokkuð langar, að heyra ekki, hve mikil útgjöld það eru fyrir landssjóðinn, sem leiðir af gjafsóknunum. Að því er mig minnir, er kostnaður til gjafsóknarmála áætlaður í fjárlögunum 300 kr., en eptir umræðunum að dæma, þá virðist hann nú ætla að verða töluvert meiri. Það eru mjög skiptar skoðanir um málið. Sumir vilja ganga lengra í takmörkun á gjafsóknum en frumv. fer fram á, t. d. h. þm. S.-Þing. (P. J.). Aptur halda aðrir því fram, að með skyldunni fyrir embættismanninn að höfða mál eptir yfirboðara skipun verði að fylgja rjetturinn til gjafsóknar, og get jeg eigi annað fundið, en að sú skoðun hafi töluvert við að styðjast. Vegna alls þessa álít jeg heppilegast, að sett yrði nefnd í málið, til þess, að íhuga þær bendingar, sem fram hafa komið.

Enn er á eitt að líta, sem mælt gæti

með nefnd, að þar sem svo stendur á, að embættismanni hefur verið skipað að höfða mál og hann þá lögum samkvæmt fengið gjafsókn, en málið er þannig stofnað, að því er vísað heim, og kostnaður fellur á landssjóðinn, þá álít jeg, að það geti komið til álita, hvort það sje ábyrgðarlaust af hálfu þess yfirvalds, sem málsskipunin er komin frá. Það er þannig nokkuð margt, sem er vandasamt í þessu efni. Og sjer í lagi væri æskilegt, að menn gætu fengið að vita, hvað kostnaðurinn, sem leiðir af gjafsóknunum, hefir verið mikill hin síðustu árin, til þess að almenningi geti gefizt kostur á að sjá, um hve mikið fje hjer er að tefla; en jeg kannast við það frá mínu kjördæmi, að þetta er nokkuð áhugamál hjá almenningi.

Jeg leyfi mjer því að stinga upp á þriggja manna nefnd.

ATKV.GR.: Till. um nefndarkosning felld með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkv.gr., og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Guðl. Guðmundss.,	Eiríkur Gíslason,
Benid. Sveinsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Halldór Daníelss.,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	J. J., þm. A.-Sk.
Jón Þórarinsson,	J. J., þm. Eyf.
Sighv. Árnason,	Ólafur Briem,
Tryggvi Gunnarss.,	Pjetur Jónsson,
Þórh. Bjarnarson.	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundsson.

Umræðum var því haldið áfram.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal ekki vera langorður að þessu sinni. Umræðurnar eru þegar orðnar langar um svo stutt frumv., sem þetta er, þó lítið hafi verið á þeim að græða, í það minnsta að því er mig snertir. Jeg skal að eins taka það fram, að jeg er samþykkur því sem h. þm. Borgf. (Þórh. B.) sagði, að það er nauðsynlegt, að fá sem beztar upplýsingar um það, hvað kostnaðurinn er mikill, sem af gjafsóknunum leiðir. Jeg skal ekki neita því, að jeg hef heyrt bregða fyrir óánægju meðal manna út af fjárveitingum til gjafsókna í heild sinni, og þess vegna væri gott að fá málið sem bezt skýrt fyrir almenningi, með því að upplýsingar fengjust um það, hve miklu fje er varið til gjafsókna á ári hverju eða hverju fjárhagstímabili. Jeg er sömuleiðis á sömu skoðun og h. þm. S.-Þing. (P. J.), að frumv. fer of skammt. Það er ástæða til þess, að athuga það, hvort landssjóður ætti ekki að kippa að sjer hendinni með að veita til dæmis ríkum kirkjum, ef þær fara í mál við einstaka menn, gjafsókn. Það ætti alls ekki að veita nema þá mjög fátækum kirkjum þann rjett. Sama er að segja um hreppafjelög. Það er ekki mikil ástæða til að veita hreppum gjafsókn, þó þeir fari í mál, ef til vill út úr einhverri lítilfjörlegri upphæð.

Jeg vona, að h. flutningsm. (Guðj. G.) muni, ef málið gengur til 2. umr., taka þetta til íhugunar og athuga, hvort ekki mætti gera frumv. viðtækara með því, að taka þessar bendingar til greina, og láta þær koma fram við meðferð málsins.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Mjer finnst, að aðalatriðið sje ekki kostnaður sá, sem gjafsóknirnar baka landssjóði. Eptir því sem mjer hefir heyrzt af ræðum h. þingdm. og jeg hef orðið áskynja af þingdm. utan funda, þá er gjaldbyrði þessi ekki aðal-tilefnið, sem komið hefir frumv. þessu af stað, heldur það, að mönnum hefir fallið illa, hvernig þessum lögum hefir verið beitt, en kostnaðurinn er minni en margur

ætlar, eins og hæstv. landsh. tók fram og benti á. Af því að þetta mál stafar ekki svo mjög af útgjöldum þeim, sem falla á landssjóð sökum gjafsóknanna, heldur miklu fremur af þeirri ástæðu, sem jeg tók fram, þá skal jeg lýsa því yfir, að jeg aðhyllist helzt þá stefnu, sem komið hefir fram í ræðum sumra h. þingdm., að þetta ætti að vera þingsályktunartillaga, sem gengi í þá átt, að alþingi skoraði á stjórnina, að beita þessum rjetti til að veita gjafsóknir gætilega, og ekki nema þegar brýn nauðsyn býður.

Jeg álít enn fremur, að þeir sem telja það varhugavert, að taka með öllu af gjafsóknir til embættismanna, þegar þeim er skipað að höfða mál, hafi mikið til síns máls, því það liggur þá eins nærri, að breyta þeim lagaákvæðum, að embættismenn sjeu skyldir til að höfða mál, eða yfirboðarar þeirra geti skipað þeim það.

Af þessum ástæðum er jeg hlynntur hinni rökstuddu dagskrá, sem h. þm. Vestm. (V. G.) kom fram með.

Forseti kvaðst ekki álíta rjett að bera undir atkv. tillögu þá til rökstuddrar dagskrár, er fram hefði komið, því þingsköpin gerðu eigi ráð fyrir slíku við meðferð lagafrumv.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með með 18 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 8 nafngreindra þm., og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Björn Sigfússon,	Ben. Sveinsson,
Eiríkur Gíslason,	Jón Jensson,
Guðj. Guðlaugsson,	Valt. Guðmundsson.
Halld. Daníelsson,	
Jens Pálsson,	
Jón Jónsson, A.-Sk.,	
Jón Jónsson, Eyf.,	
Jón Þórarinsson,	
Ólafur Briem,	
já:	
Pjetur Jónsson,	
Sighvatur Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórður Guðmundsson,	
Þórh. Bjarnarson,	
Þorl. Guðmundsson.	

Frumv. til laga um bann gegn því að sleppa hvalleifum frá hvalveiðastöðvum svo að reki á annara manna fjörur (C. 50); 1. umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Eins og h. þingdm. er kunnugt, þá hefir verið lögð fram á lestrarsalnum hjer á þinginu áskorun, sem jeg hafði til flutnings úr kjördæmi mínu, Ísafjarðarsýslu, þar sem margir menn tjá alþingi vankvæði sín að því er snertir einkennilega fjárpest, sem menn ætla að stafi af hvaláti. Svo stóð á, að á næstliðnu ári kom fjárpest upp í Álptafirði í Ísafjarðarsýslu, sem drap þar hátt á 4. hundrað fjár, og bændur þar í Álptafirðinum þóttust brátt taka eptir því, að ef fje næði í gamlar og úldnar hvalþjósir, sem rekið höfðu á land og lágu víðsvegar í fjörunni, að það drapst þá samdægurs. Eins og gefur að skilja, hafa hreppsbúar haft af þessu næsta mikið óhagræði, og það því fremur, sem bændur þar eru fjárlitlir, svo að ýmsir fátæklingarnir stóðu fjárlausir eptir, því að svo hagar til í Álptafirði, eins og annars víðast við Djúp, að sjávar-útvegurinn er aðal-bjargræðisvegurinn, en landbúnaður lítill, þó að mörgum sje hann til góðrar styrktar.

Að því er fjárpest þessa snertir, skal jeg nú taka það fram, að þegar fyrst bárust fregnir um fjárpestina í Álptafirði, þá voru bæði jeg og aðrir vantrúaðir á það, að hún stæði í sambandi við hvalþjósir þær, sem liggja þar í

sveit víðs vegar með sjó fram, eða að hún stafaði af hvaláti; það er sem sje alkunnugt og margreynt, að hvalkjöt, sje það óskemmt, er ágætt til skepnufóðurs og hefir víða gefizt vel; mönnum hefir þótt ágætt að drýgja annað fóður með því, einkum þegar kom fram á vorin og farið var að harðna um heyin; en af því bændur þóttust hafa gengið úr skugga um það, að svo brá margsinnis við, ef fje komst í fjöru, og náði þar í hvalþjósir, þá sýktist það og drapst, þá var það, að einn merkur bóndi þar fyrir vestan tók sig til og sendi dýra-heilbrigðisráðinu í Kaupmannahöfn bæði hausa, blóð, innýfli og fleira úr skepnum, sem drepizt höfðu úr pest þessari. Dýra-heilbrigðisráðið, eða rjettara sagt dr. Krabbe fyrir þess hönd, skrifaði svo manni þessum aptur 7. nóvember 1893, og segir hann í brjefi því, að dýralæknaráðið hafi skoðað og rannsakað kindaslátur það, sem því var sent, og að það sje skoðun dýralæknaráðsins, að dauði þessara skepna hafi stafað af hvaláti; segir ráðið, að í hvalþjósunum hafi, af sjerstökum ástæðum, líklega vegna óvanalega mikils hita, myndazt skaðlegar og eitraðar »bakteríur«, og er það mjög sennilegt, þar sem sumarið 1893 var óvanalega mikið hitasumar; og eptir að heilbrigðisráðið hafði á ný rannsakað þetta enn ýtarlegar, skrifaði svo dr. Krabbe aptur fyrir þess hönd í síðastliðnum febrúarmánuði, og lætur hann þá skýlaust í ljósi, að dýralæknaráðið hafi ekki komizt að annari niðurstöðu en þeirri, er hann hafði skýrt frá í brjefi sínu 7. nóvember 1893.

Hjer hafa menn því fyrir sjer skýrslu frá dýraheilbrigðisráðinu í Kaupmannahöfn, sem fáir munu vilja verða til að vetengja, að vit hafi á þessu máli, og getur því ekki verið vafi á því, að ekki er hættulaust fyrir fjenað að láta rotnar og úldnar hvalþjósir liggja á fjörum manna, þar sem fjenaður manna getur náð í þær; en að gæta fjárins svo vandlega, að það aldrei sleppi í fjöru, má heita ókleyft, enda stórt óhagræði fyrir bændur, að geta ekki notað fjörubeitina, sem annars er svo mikils verð, og talinn er kostur við hverja jörð. Jeg skal og geta þess, að þó að mest hafi borið á þessari pest í Álptafirði, þá hefir þó einnig borið á henni í Dýrafirði, enda er þar hvalveiðastöð á Höfða, og umkvartanir hafa einnig heyrzt úr Patreksfirði og Önundarfirði, þar sem hvalaveiðar einnig eru stundaðar. En þetta hefir ekki verið rannsakað af mönnum, sem þekkingu hafa, nema að því er snertir skepnudauðann í Álptafirði.

Jeg skal enn fremur geta þess, að eptir það að jeg hafði fengið bænarskrá þessa til flutnings, skrifaði jeg hvalaveiðamanninum, herra Hans Ellefsen á Önundarfirði, til þess að heyra álit hans um málið, og hef jeg nú nýskeð meðtekið brjef frá honum og ýmsar mikils verðar bendingar um málið, enda er mjer kunnugt um, að bæði hann og Berg á Dýrafirði hafa í vor, eptir að þeim varð kunnugt um álit dýra-heilbrigðisráðsins, gert ráðstafanir af eigin hvöt til þess, að innýfli og affall af hvölum bærust ekki út á fjörð og ræki svo upp á annara fjörur.

En þó að þessir menn hafi nú gjört þessar ráðstafanir af fúsum vilja, þá er ekki hægt að fullyrða, að þær ráðstafanir, sem þeir hafa gjört, sjeu eins fullnægjandi eins og ef kveðið væri á um þetta með lögum, og þar að auki eru 3 aðrir hvalaveiðimenn, sem ekki hafa gert neinar ráðstafanir í þessa átt, að því er mjer er kunnugt, nefnilega hvalveiðamennirnir á Hesteyri í Jökulfjörðum, í Álptafirði og í Tálknafirði, og auk þess er nú í orði, að tvær nýjar hvala-

veiðastöðvar verði stofnaðar vestra, önnur í Álptafirði og hin í Seyðisfirði. Hvalaveiðar hafa lánazt vel hjer við land og þess vegna þykir það álitlegt, að setja slíkar stofnanir á fót.

Jeg vona, að h. þingdm. sjái, að frv. þetta fer fram á, að vernda kvikfjárræktina hjá þeim mönnum, sem búa nálægt þar sem hvalaveiðar eru, en það er ekki gjört til þess, að þröngva kosti þeirra manna, sem hvalaveiða-atvinnu stunda. Það játa allir, að þeir menn eru nýtir og góðir borgarar, sem eru bæði sveitarfjelagi sínu og landinu öllu til uppbyggingar, og því er engin ástæða til þess, að þröngva kosti þeirra fremur en nauðsyn krefur.

Jeg skal og geta þess, að hreppsnefndin í Súðavíkurhreppi sendi áskorun til sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu þess efnis, að hún skoraði á sýslunefndina að gjöra ráðstafanir til þess að fyrirbjóða hvalaveiðamönnum að sleppa hvalaleifum á sjó út, en sýslunefndin áleit sig ekki hafa vald til þess.

Jeg skal og að lokum geta þess, að á tveim hvalveiðastöðvum, bæði á Dýrafirði og Önundarfirði, hafa hvalaveiðamennirnir sett á stofn »guanofabrikkur«, svo að þar fer minna af hval-affalli í súginn en hjá þeim, sem enga slíka »fabrikku« hafa. Þessar »guanofabrikkur« eru mjög þarfar, því þær breyta öllu affalli eða megninu af því, sem ekki er mögulegt að fá lýsi úr, annaðhvort í skepnufóður eða áburð.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, en jeg vona, að því verði leyft að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. 1. 32); 2. umr.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Jeg finn enga ástæðu til að fjölyrða um málið nú, og það því síður, sem breytingar nefndarinn á frumv. eru að eins óverulegar, og eigi nema tvær. Fyrri breyt.till. fer fram á, að lægra sektartakmarkið sje hækkað þannig, að í staðinn fyrir 200 kr. komi: 1000 kr., en hin síðari er fólgin í því, að á eptir orðunum »hin ólöglegu veiðarfæri» sje skotið inn í »og afli«. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að með þessu sje fullgreinilega tekið fram, að upptækt skuli vera bæði veiðarfærin og aflinn, að því leyti sem hann er ólöglegur. En þyki t. d. þó hjer eigi fullgreinilega að orði komizt, þá hefir nefndin ekki á móti, að sú breyting komi fram við 3. umr., er ótvíræðilega taki fram, að átt sje við aflann að eins að því leyti, sem hann er ólöglega fenginn. Það er auðvitað, að sá afli er upptækur, sem í veiðarfærum er og á þilfari óhirtur, þegar skip er staðið að ólöglegri veiði, en það gæti hugsazt, að fullar sannanir kæmu fyrir því, að í skipi væri meiri afli fenginn á ólöglegan hátt, og miðar breyt.till. að því, að sá afli geti einnig orðið gjörður upptækur.

Fleira hefi jeg svo ekki að athuga við málið.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþ. í einu hlj.; breyt.till. 1. við 2. gr. samþ. í einu hlj.; breyt.till. 2. við 2. gr. samþ. með 21 atkv.; 2. gr. með áorðnum breytingum samþ. í einu hlj.; 3. gr. samþ. í einu hlj.; 4. gr. samþ. í einu hljóði.

Frv. vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frv. til viðaukalaga við lög 13. apríl 1894 um samþykktir til að friða skóg og mel (C. 35); 2. umr.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Eins og sjá má á frumv. þessu, þá er ekki farið fram á neina breyting á lögum 13. apríl 1894, eins og h. 2. þm

K.-G. (J. Þ.) þó sagði við 1. umr. málsins, heldur er hjer að eins farið fram á viðauka við þau, og er það gjört af þeirri einföldu ástæðu, að reynslan, þótt stutt sje, er búin að sýna oss til hlítar, síðan lög þessi voru samin, að viðauki sá, sem hjer er farið fram á, er nauðsynlegur, og að lögin um friðun á skógi og mel fara of skammt út í það, sem mögulegt er að gjöra til að hefta hið skaðlega sandfok, sem einkum gjörir stórtjón í einum eða tveimur hreppum í kjördæmi mínu, Landmannasveit og Rangárvallahreppi. Þar sem svo stendur á, að nokkuð margir menn hafa hug og dug til að leggja í sölurnar fje og vinnu, til að gjöra allt sem hægt er, til að vernda sveit sína gegn tjóni eða jafnvel eyðing af sandfoki, þá er von að þeim þyki hart, að verða að leggja árar í bát, vegna þess, að einstakir menn vilja ekkert gjöra og ekkert til vinna. Þegar svo er, má búast við, að þær framkvæmdir, sem þó virðast mögulegar, farist fyrir, ef samtökin eru ekki styrkt með lagakrapti. Jeg má fullvissa h. þingd. um, að það er margra vilji, að svo sje gjört, enda munu þeir hinir sömu, sem eitthvað vilja gjöra, vænta þess, að alþingi veiti þeim liðsinni sitt, til þess að koma sem mestu til leiðar í þessu efni. Jeg vona því, að h. deild sjái, að frumv. þetta byggist á nauðsyn, og jeg bæti því við, að mjer sýnist nærri liggja, að þingið skerði sóma sinn, ef það synjar um liðveizlu sína í þessu máli: hjer er sannarlega um ekkert smáræði að tefla, þar sem heill hreppur eða hreppar eru í voða staddir, sem þó að líkindum mætti að minnsta kosti að nokkru leyti bjarga með öflugum samtökum. Jeg fjölyrði svo ekki meira um þetta, á meðan ekki koma fleiri mótmæli en við síðustu umræðu komu fram, því að þau vona jeg að h. deild taki ekki til greina.

Þórður Guðmundsson: Jeg hefi litlu að bæta við ræðu h. samþingismanns míns (Sighv. Á.). Jeg vildi að eins minnast á andmæli h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), er eigi kvaðst skilja, hvað ætti að gjöra með frumv. þetta. H. samþingismaður minn (Sighv. Á.) hefir að vísu svarað því að mestu leyti; að eins var það eitt atriði, sem ekki hefir verið glögglega tekið fram. Reynslan hefir sýnt það allt af betur og betur, að sandgræðsla getur átt sjer stað, en hún er í því fólgin, að melkorni er sáð í sandinn til þess að binda hann og hefta sandfokið með því. Þessi sáning hefir borið ávexti víðar en í Rangárvallasýslu, og gæti sjálfsagt víða haft góðan árangur. Í fyrra var t. d. pantað melkorn til sáningar úr Rangárvallasýslu vestur í Ísafjarðarsýslu, og mun hafa heppnast vel. Jeg hefi og sjálfur reynt sáningu í þessa átt, og get því borið henni vitni af eigin reynd. Það er því viðsjárverðara fyrir þingið að samþykkja ekki frumv. þetta, sem það er víðar hjer á landi en í Rangárvallasýslu full þörf á að reyna að stemma stigu fyrir sandfoki. Jeg fæ ekki sjeð, að það sýni nokkurt hviklyndi af þinginu, þótt það samþykki viðbót við þau lög, sem reynslan hefir sýnt að vel hafa reynzt, en mundu þó reynast enn betur með viðbótinni, og mjer sýnist ekki meiri ástæða fyrir þingið að biðja stjórnina ár eptir ár um lög, sem hún hefir synjað, en að biðja hana um viðauka við lög, sem hún hefir staðfest.

ATKV.GR:. Frumv. samþ. með 19 samhljóða atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 samhljóða atkv.

Frumv. til laga um samþykktir til að banna innflutning alls áfengis, sölu þess og tilbúning (C. 49); 1. umr.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Á þingmálafundi, sem haldinn var fyrir báðar Múlasýslurnar að Miðhúsum, var skorað á þingmenn sýslnanna að bera fram á þingi frumv. svipað því, sem hjer er nú komið fram. Vegna þessa hefi jeg ásamt nokkrum h. þm. leyft mjer að leggja frumv. þetta fyrir h. þingd. Það er alkunnugt, að á hinum síðustu árum hefir komið upp sterk bindindishreifing hjer á landi, og þessi hreifing mun ekki hafa verið annarstaðar sterkari en einmitt í Múlasýslunum, og jeg fullyrði, að þetta frumv. er í fullu samræmi við vilja almennings í mörgum hjeruðum þar. Það hefir tíðkazt á síðari árum, að þingið hefir samið samþykktarlög, þar sem leyft er að gjöra samþykktir um ýmislegt, er einstök hjeruð varðar, og þegar svo stendur á sem hjer, að það er orðið almennt áhugamál í einhverju hjeraði eða einhverjum hjeruðum, að fá einhverju máli framgengt í sínu hjeraði sjerstaklega, þá er eðlilegt, að það hjerað eða þau hjeruð óski, að fá samþykktarlög um það mál; enda getur varla verið hættulegt eða ósanngjarnt, að þess háttar lög komist á, því að samþykktinni verður því að eins framgengt, að töluverður meiri hluti hjeraðsbúa sjeu henni fylgjandi. Það er líka, eins og sjá má af frumv., ekki ætlazt til að hrapað sje sð samþykktinni, þar sem þrír málsaðilar þurfa að fjalla um hana og samþykkja, áður en hún öðlast gildi. Fyrst þarf sýslunefnd að fjalla um hana, síðan á að leggja hana undir úrskurð hjeraðsbúa, og loks á amtmaður að staðfesta hana. Jeg tel víst, að h. þingd. viðurkenni, að bindindishreifing hinna síðustu ára hafi haft góð áhrif, og því muni hún fús á að taka allt tillit til sanngjarnra óska forvígismanna hennar til eflingar málstað sínum, og af því að jeg treysti þessu, vona jeg að h. þingd. lofi málinu að fá framgang. Að öðru leyti legg jeg það undir hennar dóm, að hve miklu leyti það virðist rjett, að löggjafarvaldið skerist í þetta mál, og á hvern hátt; vona að eins, að henni þyki það þess vert, að sinna því rækilega á einhvern hátt.

Jón Jónsson, þm. Eyf.: Jeg lýsi því þegar yfir, að jeg mun greiða atkv. móti því að mál þetta gangi til 2. umr., og ástæðan fyrir því er sú, að jeg verð að álíta svo, að ef frumv. þetta er gjört að lögum, þá gangi þingið út fyrir sín rjettu löggjafartakmörk, með því að fara að skipta sjer af og skipa fyrir um athæfi einstaklinganna í þjóðfjelaginu, og ef einu sinni er lagt út á þann veg, að fara út fyrir þessi takmörk, þá er bæði löggjafarvaldinu sjálfu og velfarnan þjóðarinnar hætta búin. Jeg skal svo ekki eyða tíma þingsins með því að fara fleiri orðum nú um frv., en fari svo, að það komist til 2 umr., þá gefst mjer kostur á að tala betur um málið í heild sinni og einstök atriði þess.

Björn Sigfússon: Jeg hefði líklega ekki beðið um orðið, ef jeg hefði áður verið búinn að heyra ræðu h. 1. þm. Eyf. (J. J.), því að skoðun mín á málinu fer í mjög líka átt og sú skoðun, sem hann ljet uppi á því. Jeg skal þó leyfa mjer að bæta því við orð h. þm. Eyf. (J. J.), að þótt jeg sje hlynntur bindindishreifingunni, og virði hana mikils, þá finnst mjer ekki rjett að valdbjóða bindindi, og jeg vil að löggjafarvaldið blandi sjer sem minnst inn í það mál, enda vona jeg að það þurfi ekki.

Hófsemi í vínnautn og algjört bindindi fer meir og meir vaxandi fyrir meiri siðmenning, og þar af leiðandi næmari sómatilfinning hjá þjóðinni. Þetta sýnir reynsla síðustu tíma ómótmælan-

lega. Sje svo ástatt í einhverju hjeraði, að svo mikill hluti hjeraðsbúa sje bindindismálinu meðmæltur, að von sje til að samþykkt- slík sem hjer ræðir um, geti komizt þar á, þá er líka samþykktin í sjálfu sjer óþörf, því að þegar hávaði manna í einhverju sýslufjelagi eru hófsmenn og bindindismenn, þá þverrar innflutningurinn í það hjerað af þeirri ástæðu, að vínið er minna keypt þar. En þótt fáar hræður kunni að vera í hjeraðinu, sem ekki vilja láta af vínkaupum, þá get jeg ekki fellt mig við það, að meiri hlutinn skuli geta kúgað þær til þess.

Jeg skal að vísu ekki vera fjölorður; en þó get jeg ekki bundizt þess að minnast hóti rækilegar á frumv., því að það er ýmislegt í því, sem mjer þykir fremur kynlegt, ekki sízt þegar jeg skoða það í sambandi við annað mál, sem einn af flutningsmönnum frv. þessa bar fyrir skemstu fram hjer í deildinni. Jeg sje nefnilega ekki betur en að það sje töluverð ósamkvæmni í því, að bera fram og samþykkja frv. þetta og frumv. um siglingar og járnbrautir, þar sem hinu fyrirhugaða siglinga- og járnbrautafjelagi eiga að veitast einkarjettindi til vínsölu, hamingjan má vita hvað víða hjer á landi og hjer við land. Hver lögin eiga þá að gilda meira, ef bæði frumv. verða samþykkt og staðfest? Það getur þó vel komið fyrir, að vínsölubanns-samþykkt kæmist á í hjeraði því, sem fjelagið hefði stöðvar sínar. Hefir þá fjelagið eins eptir sem áður rjett til að flytja vínföng um hjeraðið og selja þau þar, eða hvernig á að að fara? Það er reyndar sitt hvað fleira, sem jeg hefi að athuga við frumv., en þær athugasemdir á betur við að geyma til 2. umr.

Halldór Daníelsson: Enginn h. deildarmanna mun efast um, að frv. þetta sje sprottið af góðum vilja, og komið fram í þeim tilgangi að stemma stigu fyrir ofdrykkjunni. En mjer blandast ekki hugur um, að það muni trauðla ná þeim tilgangi. Það getur vel komið fyrir, að eitt hjerað gjöri vínsölubannssamþykkt, en næsta hjerað hafi enga slíka samþykkt, og þá þarf ekki annað en bregða sjer yfir í það hjerað til þess að fá sjer í staupinu þar. En færi nú svo, að samþykktir yrðu gjörðar um land allt, þá yrði um mikið peningaspursmál fyrir landssjóð að ræða, og það svo mikið, að vandfengið gæti orðið fje til að bæta honum upp skaðann. Mjer finnst það yfir höfuð ekki geta vel samrýmzt, að vilja koma á stórfyrirtækjum, sem útheimta mikið fje, og á hinn bóginn vilja svipta landssjóð stórmikilli tekjugrein. Auk þess er hætt við, þótt samþykktir komist á, að þær missi töluvert af gildi sínu við það, að eigi að síður muni töluverðu áfengi verða komið inn í hjeruðin á miður löglegan hátt.

Jens Pálsson: Jeg þarf ekki langt mál til þess, að mæla með frumv. þessu við þá h. þm., sem nú þegar hafa aðhyllzt bindindisstefnuna og skilja þau sannindi, sem bindindismenn bæði hjer á landi og í öðrum löndum halda fram. Það eru einungis þeir h. þm., sem ekki eru enn búnir að ganga inn á það, að skoðun bindindismanna sje rjett og heillavænleg fyrir sjerhvert land og sjerhvern mann, sem álíta, að þetta frv. sje ekki í sínum rjetti. Þar sem þau sannindi, sem bindindismenn flytja, mæta mótspyrnu, er eðlilegt, að þau lagafrv. sem ganga í þá átt að veita bindindismönnum að málum sínum og styðja bindindismálefnið, mæti einnig mótspyrnu. Þessi hreifing, sem búin er að gjöra ómetanlegt gagn og færa ómetanlega blessun bæði þessu landi og öðrum löndum, hún mun varla fara erindisleysu hingað inn á þing, jafnvel

þótt hún kunni að mæta, klædd í þenna frumvarpsbúning, allmikilli mótspyrnu, heldur öðlast uppörvan og styrk af orðum nokkurra valinkunnra þm., sem þeir hafa látið falla henni í vil. Eins mun öll mótspyrna á hinn bóginn stæla áhugann á bindindismálinu, og þess vegna líka verða því til gagns. Þó jeg þess vegna sje vondaufur með það, að frumv. þetta sem hjer liggur fyrir komist í gegnum deildum, þá er jeg fullviss þess, að allt það sem fellur bæði með og móti frumv., verði bindindismönnum til uppörvunar, og til góðs fyrir málefnið.

Nú ætla jeg þá að snúa mjer að mótmælum þeim, sem komið hafa fram gegn frumv. þessu, frá tveim h. þingdm. Jeg skal þá fyrst minnast lítið eitt á það, sem h. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) tók fram. Hann lýsti því yfir, að hann væri yfir höfuð meðmæltur bindindinu, og játaði, að starfsemi þess væri mjög lofleg. En ef hann er meðmæltur bindindi, þá leiðir af því, að hann hlýtur að vera meðmæltur því, að bindindi sje efit, og stutt að viðgangi þess með löggjöfinni, eins og öðrum heiðarlegum meðulum, sem fara í rjetta átt. Raunar getur verið, að h. þm. (B. Sigf.) vilji styðja bindindi með löggjöf, en geti þó ekki fellt sig við það löggjafarform, sem hjer liggur fyrir í frv. þessu. En jeg skal taka það fram, að jeg álít, að einmitt þetta form sje hið æskilegasta, eptir því sem til hagar og hugir landsmanna eru í bindindismálinu; því þegar eitt sýslufjelag eða einhver ákveðin fjelagsdeild landsmanna er búin að slá sjer saman um þetta mál og komin að fastri niðurstöðu og $^2/_3$ hlutar þess vilja útiloka öll ölföng úr því sveitarfjelagi eða sýslufjelagi eða landshluta, sem þeirra vald getur náð yfir, og um leið útiloka allt það böl, alla þá andlega og líkamlegu hörmung, sem reynslan hefir sýnt, að áfengið hefir í för með sjer, þá er það, segi jeg, heilög siðferðisleg skylda fyrir þennan $^1/_3$ hluta, sem vill halda í vinið, að beygja sig undir þann meiri hluta, sem vill láta sitt hjerað stíga þetta heillaspor, að gera vinið hjeraðsrækt, nema því að eins, að þessi minni hluti geti sannað með rökum, bygðum á reynslu og þekkingu, að hann með slíkum lögum sje hindraður frá nokkru verulegu gagni. En slík sönnun er allsendis ómöguleg. Það leyfi jeg mjer að segja.

H. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) tók það enn fremur fram, að þegar menn í einu sveitarfjelagi væru komnir svo langt fram á bindindisleiðina, hefði náð svo miklum bindindisþroska, að meiri hluti þeirra aðhylltist þá stefnu, sem frumv. þetta fer fram á, þá leiddi af því, að þar væri vín lítið haft um hönd, svo slík lagaákvæði sem þessi yrðu þá óþörf. Það er langt frá því að svo sje. Lög þessi geta, eins og öll önnur lög, því að eins gert gagn, að þau öðlist gildi og komist í framkvæmd; þá en ekki fyr geta þau sýnt það gagn í verkinu, sem þau geta gjört og eiga að gera. Þessi lög eru þarfleg að því leyti, að þó meiri hluti manna í einu hjeraði sjeu bindindismenn, þá er þó minni hlutinn ekki í bindindi, og getur þjáðzt af drykkfelldnis-sjúkdómi, sem lækna þarf. Nái slík lög sem þessi gildi, þá fær þessi meiri hluti vald til þess að útiloka minni hlutann eða þá sem ekki eru bindindismenn frá því að drekka og koma í veg fyrir, að þeim sje mögulegt að neyta áfengis. Og jafnvel þó það væri ekki nema fáeinir, einstakir drykkjumenn, sem komnir væru skemmra eða lengra út á eyðileggingarbrautina, sem eitt sveitarfjelag gæti með slíkum lögum hindrað frá að ganga slíkan óhappaferil, þá gerðu þessi lög ómetanlegt gagn, leiddi blessun og

hamingju yfir það bygðarlag, sem þeim væri framfylgt í.

H. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) tók það enn fremur fram, að frumv. þetta væri í mótsögn við annað frumv., sem nýlega hefði verið til umræðu hjer. Getur verið að svo sje, en jeg skal geta þess, að þau ákvæði er eigi svo að skilja, að fjelag það, sem hjer ræðir um, ætti að vera undanþegið slíkum samþykktarlögum, ef þau yrðu gefin. Og jeg er viss um, að þeim ákvæðum verður bætt inn í frumv., sem gjöra sjálfsagt, að fjelagið falli inn undir ákvæði þessara laga.

H. þm. Mýr. (H. D.) var að hafa eitthvað á móti frumv. þessu. En það voru mjög einkennilegar, þær ástæður, sem hann hafði fram að bera gegn því. Hann áleit, að þessi lög gætu ekki verið gagnleg af því, að þó slík samþykkt væri gerð í einu hjeraði, þá gæti næsta hjerað, ef til vill, neytt víns takmarkalaust. Jeg get ekki skilið, að nokkur maður geti fengið röksemdir gegn frumv. þessu út úr þessu og því um líku. Eða hvernig má það verða nokkru sýslufjelagi til tjóns, að hafa þau lög, sem leiða heill og margháttaða blessun yfir það, þó annað hjerað hafi ekki vit á að hagnýta sjer þau gæði, sem slík lög hafa í för með sjer, hvar sem þau ná gildi?

Þá minntist h. þm. (H. D.) á, að hjer væri að ræða um mikið peningaspursmál fyrir landssjóð og tollur af vínföngum mundi minnka mjög, sem þó væri mikil tekjugrein fyrir landssjóð. Jeg skal svara því með því að taka það fram, að þó að allur tollur hyrfi af ölföngum, sem landsmenn neyta sjer til mesta skaða, þá er það ótvíræð heill fyrir þjóðina, og ef tollurinn hyrfi af því, að landsmenn hættu að kaupa þessa skaðlegu drykki, þá auðgast landsmenn fyrst um tollupphæðina, síðan um allt það feiknafje, sem þeir gefa út fyrir vínið sjálft, og loks um alla þá ómetanlegu upphæð, sem allt ofdrykkjubölið kostar landsmenn. Allur þessi stórgróði mundi gjöra þá miklu færari að borga til landssjóðs það sem hann þarf með. Jeg get ekki sjeð neina minnstu ástæðu til þess að ætla, að landssjóður eða fjárveitingarvaldið kæmist í nein vandræði fyrir það, þó hver einn og einasti eyrir af vínfangatolli hyrfi með öllu, því jeg álít þann toll hina óheillavænlegustu tekjugrein landssjóðsins.

Það, að ómögulegt sje að borga landssjóði það fje, sem hann fær sem toll af vínföngum, get jeg ómögulega samrýmt við hugsun góðs borgara, því að öllu því yfirveguðu, sem jeg nú hef tekið fram, greiðir hver góður borgari fúslega jafnháan toll eða á einhvern annan hátt. Jeg vona, að h. þingdm. sjeu þeirrar skoðunar, að landssjóður geti unnið sitt ætlunarverk, þó honum væri útvegað fje á annan hátt en með því að drekka vín. Þeir einu útlendu drykkir, sem vjer bindindismenn neytum, eru gosdrykkir; þeir eru í rauninni alveg óþarfir, og jeg veit, að enginn bindindismaður mundi hafa það minnsta á móti því, að á þá væri lagður tollur. Það er enn fremur margt annað, sem vel þyldi toll, svo sem te og chocolade og ýmislegt fleira. Jeg get heldur ekki annað skilið en að hver góður meðlimur þjóðfjelagsins, sem brúkar tóbak, mundi reykja, taka í nefið eða taka upp í sig tóbak með alveg sömu ánægju, þó tóbakstollurinn væri færður upp um 15 aura, úr 35 til 50 aura.

Jeg býst við, að fleiri muni taka til máls, og því vil jeg ekki lengja umræðurnar meira að svo stöddu.

Jón Jónsson, 1. þm. Eyf.: Það var að eins eitt atriði í hinni afarlöngu ræðu h. þm. (J. P.), sem nú settist nið-

ur, sem jeg get ekki látið óathugað. Hann tók það fram — og lagði mikla áherzlu á það —, að eitt væri þó gott fyrir bindindið, þó frumv. þetta fjelli, og það væri það, að bindindismennirnir sæju, að fáeinir góðir og valinkunnir þingm. vildu styðja að bindindismálinu. En jeg veit ekki, hverjir þessir valinkunnu þingm. eru, hvort það eru þeir, sem segja já, eða þeir sem segja nei, hvort það eru þeir, sem eru með þessu frumv. eða þeir sem eru á móti. Það er reyndar öllu líklegra að halda það, að hann hafi meint sjálfan sig og sína jábræður í máli þessu. En þar sem þm. (J. P.), ef svo er, hefir gefið það í skyn, að allir hinir vilji verka á móti bindindisfjelögunum, þá verð jeg fyrir mitt leyti að mótmæla því í kröptugasta máta, enda er auðsætt, að einmitt þetta frumv. útilokar gjörsamlega að bindindisfjelög geti verið til. Það gengur í þá átt, að eyðileggja öll bindindisfjelög. Það verður ekki lengra gengið í þá stefnu en að útiloka tilverumögulegleika bindindisfjelaga. Þess vegna er eðlilegast, að taka orð h. þm. sem svo, að hann álíti, að þeir þingm., sem andmæla frv. þessu, styrki bindindisfjelögin.

Jeg skal enn lýsa því yfir, að þó jeg sje á móti þessu frumv., þá gjöri jeg það ekki af neinum óvildarhug til bindindisins, heldur af því, að jeg álít ekki rjett af löggjafarvaldinu að fara að hlutast til um eða sletta sjer fram í, þó menn fremji jafn-saklausa athöfn og það er, að fá sjer »snaps«. Með því er gengið of langt og þá verka þeir sem það gjöra í gagnstæða átt við bindindið, því slíkt hefir miklu fremur »demoraliserandi« áhrif en siðbætandi, þar sem bindindið bæði í eðli og reynd verkar siðbætandi.

Þórður Guðmundsson: Jeg vil alls eigi mæla með kaupum á ölföngum. Það er svo langt frá því, að jeg hafi nokkuð á móti bindindisfjelögum, að jeg er miklu fremur mjög þakklátur við þá menn, sem vinna að því, að útrýma nautn áfengra drykkja, því hún er mjög skaðleg, eins og tekið hefur verið fram.

Svo skal jeg snúa mjer þá að frumv., og skal jeg lýsa því yfir, að mjer finnst það svo úr garði gjört, að það sje alls eigi aðgengilegt. Að mínu áliti er það hvorki heilt nje hálft. Mjer sýnist jafnvel, að það sem frumv. fer fram á, geti leitt til enn meiri drykkjuskapar en verið hefur nú að undanförnu.

Eins og h. þm. Mýram. (H. D.) benti á, getur víða staðið svo á, að næsta sýsla við það hjerað, sem slík samþykkt hefur verið gjörð í, hafi ekki gjört neina samþykkt um það efni, og þá getur verið, að þar sje mikill drykkjuskapur. Þar sem svo stendur á, er jeg hræddur um, að samþykkt um innflutningsbann á víni hafi ekki mikla þýðingu til þess að stuðla að því, að útrýma ofnautn áfengra drykkja. Það getur jafnvel komið fyrir, að heimilsfólkið neyti víns, og það í óhófi, þó húsbóndinn á heimilum sje bindindismaður. En það væri ekki gaman fyrir húsbóndann, að sjá t. d. vinnumann sinn koma fullan heim, ef húsbóndinn nýlega hefði skrifað undir svo lagaða samþykkt, sem frumv. fer fram á, sem vel gæti átt sjer stað, ef sú sveit lægi nærri öðru hjeraði, sem ekki hefði samþykkt innflutningsbann á víni. Ef húsbóndinn væri samvizkusamur, þá gæti þetta bakað honum mjög þunga sekt. Það væri ekki svo lítið fyrir bónda, að greiða 50 til 1000 kr. sektir fyrir hjú sitt, sem hann gæti komið til að borga, ef hann væri skyldurækinn og hjúið gerði sig seka í því, að neyta víns.

Þetta og fleira er þess valdandi, að

jeg get ekki gefið frumv. þessu atkvæði mitt, því út af þessu getur leitt úlfúð, ósamlyndi og óregla á heimilum.

Jeg ætla svo ekki að fara fleirum orðum að svo stöddu um þetta mál. Jeg skyldi vera manna fúsastur til þess, að gefa því atkvæði mitt, sem jeg sje, að er bindindi og siðsemi til góðs, án þess að jeg þekki, í það minnsta að því er kjördæmi mitt snertir, nokkuð af því, sem heitir drykkjuskaparóregla.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer sýnist þetta frumv. ætli að fá lítinn byr og eiga erfitt uppdráttar hjer í h. þingd. Jeg vil þó taka það fram, að síðan jeg fór að taka eptir framförum lands vors, þá sýnist mjer, að það sje einkum tvennt, sem eru mestu framfarirnar. Í fyrsta lagi er það, hve vegir og samgöngur hafa tekið miklum umbótum; og í annan stað, hversu drykkjuskapur hefur farið minnkandi hjá landsmönnum. Að því er hið fyrra snertir, þá hefur þingið stutt það rækilega, en í hinu síðara hefur það átt minni þátt; þá framför má að mestu leyti þakka bindindisfjelögunum. Mig furðar því stórlega, hve þingið hefur gjört lítið til þess að styðja bindindismálefnið. Þegar óskir hafa komið til þingsins frá bindindisfjelögum um liðveizlu til þess, að framkvæma sitt góða ætlunarverk, þá hafa opt fleiri orðið til þess, að brjóta þær niður en hjálpa þeim fram. Jeg fyrir mitt leyti þekki ekkert fjelag hjer á landi, sem er mannúðlegra og vill láta meira gott af sjer leiða en bindindisfjelögin; því þykir mjer það mikil furða, hve lítið meðhald þau hafa fengið. Það hlýtur þó öllum að vera ljóst, hve mikið þessi fjelög bæta heimilislíf einstaklinganna og hversu þau ljetta á sveitarfjelögum þeirri byrði, sem afleiðing drykkjuskaparins leiðir af sjer. Enginn getur neitað því, að margir sem eru í bindindi nú, eru efnaðri heldur en þeir hefðu verið, hefðu þeir verið drykkjumenn og óreglusamir. En fyrir utan tjárspursmálið, þá hefur bindindishreifingin gjört mikið til þess, að bæta og auka velsæmistilfinningar landsmanna. Áður fyr þótti það mikilmennska, að hafa drykkjulæti í frammi, en nú þykir því nær hverjum manni minnkun að því, að láta sjá sig með drykkjulæti á mannamótum.

Mikið hefur verið talað um stjórnarskrá og að flytja sem mest sjálfstjórn inn í landið; mundi það þá ekki vera mikið góð æfing til sjálfstjórnar í því smáa, að lofa sveitar- og sýslufjelögum að ráða því, hvort menn þar drekka mikið eða lítið af áfengum drykkjum, þegar mikill meiri hluti er fyrir því? Það er í svo mörgum velferðarmálum sveitanna, að þeir fáu verða að beygja sig undir ákvæði meiri hlutans.

Fyrir mitt leyti álít jeg vel til fallið, að sýslunefndirnar fengju vald til þess, að geta hjálpað þeim, sem vilja fá útrýmt drykkjuskapar skaðsemdunum, þegar flestir af einhverju sveitarfjelagi óskar þess.

Það hefir verið tekið fram, að óheppilegt væri, að slík samþykkt, sem hjer er farið fram á, væri gjörð í einni sveit, en ekki í þeim, er næst liggja; en ekki get jeg sjeð, að neitt hættulegt sje við það; það hefur sýnt sig, að slíkt hefur ekki haft neinar óheppilegar afleiðingar, þó bindindismenn sjeu í einu húsi, en enginn í því, sem er næst við hliðina, og jafnvel þó bindindismaður og sá, sem er ekki í bindindi, búi í sama húsinu. Því skyldi það þá ekki geta farið vel, þó bindindi sje í annari sveitinni, en ekkert bindindi í næstu sveit?

Jeg skal játa það, að mjer finnst frumv. þessu vera nokkuð ábótavant, og að það þurfi lagfæringar við, og álít jeg því, að heppilegast væri að setja

nefnd í málið. En jeg vil ekki stinga upp á nefnd strax til þess, að svipta ekki þá menn orðfrelsi, sem hafa beðið um orðið, til að geta látið í ljósi álit sitt.

Jeg álít bindindismálefnið svo gott og þarft, að mjer finnst það vera skylda hvers og eins, að uppörfa og styðja þá góðu menn, sem gangast fyrir því þarfa verki, að minnka sem mest drykkjuskap og alla þá óhamingju, sem af honum leiðir yfir konur og börn, heimilislíf og sveitarfjelög.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að taka fram litla athugasemd út af orðum h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) til þess, að bera þann áburð af löggjafarvaldinu, að í hvert skipti, sem till. kæmi fram til eflingar bindindi, þá mætti hún megnustu mótspyrnu. Jeg verð að ætla, að þetta sje sprottið af vanþekkingu þessa h. þm. á því, sem fram hefir farið á þeim þingum, sem haldin hafa verið, síðan þm. fór af þingi. Jeg man ekki til þess, að nokkurri uppástungu til eflingar bindindi hafi ekki verið sinnt af þinginu. Þar á móti hafa margar slíkar uppástungur verið samþykktar. Jeg skal sjerstaklega taka fram lögin um veiting og sölu áfengra drykkja, sem samþykkt voru á hinu fyrsta þingi, sem þau voru borin upp á. Og í annan stað má geta þess, að þingið hefur optar en einu sinni veitt fjárstyrk til útbreiðslu bindindisfjelagi því, sem h. þm. fór svo mörgum fögrum orðum um, þó frumv. þetta nefni alls eigi það fjelag. Og í 3. lagi skal jeg nefna hækkun á víntolli, sem þingið hefur samþykkt mótmælalaust, og jeg álít mikilsvert atriði fyrir bindindismenn.

Jeg man ekki til þess, að þingið hafi hrundið neinni uppástungu í þá átt.

Guðlaugur Guðmundsson: Þegar jeg heyrði ummæli andmælendanna um frumv. þetta og jafnframt heyrði hin hlýju vinsemdarorð þeirra um bindindisfjelögin, þá lá við að mjer dytti í hug þetta gamla orðtak: »Guð forði mjer við vinum mínum; fyrir óvinum mínum mun jeg gæta mín sjálfur«. Það var auðheyrt á ræðum manna, að annaðhvort hafa þeir ekki viljað líta rjettum augum á mál þetta, eða þeir hafa ekki kynnt sjer það til hlítar. Einn h. deildarmaður lýsti því yfir, að hann hefði ásett sjer að greiða atkvæði móti frumv., án þess að jeg þó viti til, að hann hafi áður getað haft ástæður til, að kynna sjer málið sem skyldi; að minnsta kosti tekur hann þennan ásetning áður en hann hefir fengið nokkrar verulegar skýringar á málinu og upplýsingar frá flutningsmönnum, þess og meðmælendum; með öðrum orðum, áður en umræður byrja um það, er hann einráðinn í, að greiða atkvæði á móti því.

Það sem eingöngu er hjer nú um að ræða, það er stefna málsins; hún gengur að öðru leytinu í þá átt, að efla hjeraðastjórn í landinu. Jeg veit ekki betur, en að á þingi 1889 væri flokkur, sem sett hefði sjer það takmark, að reyna að efla sem mest hjeraðastjórnina, og jeg ímynda mjer, að þá hafi mátt hitta þar framarlega í flokki einhvern af mótmælendum þessa frumv. (*Jón Jónsson*, þm. Eyf.: Jeg kannast við þetta, en jeg er dauður nú). Þm. lifnar seinna. En eins og jeg sagði, stefnir frumv. í frjálslega átt, og vænti mig þess því sízt, að það mundi mæta mótspyrnu hjá þeim, sem vilja efla sjálfsstjórn. Þetta er hin pólitiska hlið málsins; en það hefur líka praktiska hlið. Því hefur verið hreift, að hjer væri ekki um löggjafarmál að ræða, og að hjer ætti að bera fyrir borð einstaklingafrelsi og einstaklingarjett. Þetta er hinn herfilegasti misskilningur, að hjer sje feti lengra gengið en víða

annarsstaðar í löggjöf vorri. Hvað segja hinir sömu menn um lagavernd þá, sem kristinni trú er veitt hjer á landi, um lagaákvæðin um fræðslu í kristindómi, um afskipti laganna af skírlífi manna, eru þetta ekki allt saman höpt á einstaklingsfrelsinu? Það eru í sannleika fá mál, sem snerta fremur hina komandi kynslóð en þetta, fá mál, sem hafa meiri siðferðislega þýðing, og jeg vil líka segja fjármunalega, fyrir þjóðina; er það fátt sem fremur efli hag og heill þjóðarinnar en hófsemi og bindindissemi, og jeg staðhæfi það, að löggjafarvaldið skiptir sjer af mörgum málum, sem hundrað sinnum síður eru löggjafarmál en þetta mál. En þá kemur það atriði til skoðunar, hvort það sje rjett af löggjafarvaldinu, að hlynna að bindindi. Um það hefur mjer heyrzt allur þorri h. deildar vera mjög samdóma. Enginn hefur mælt á móti því, að bindindisstefnan gengi í rjetta átt. Jeg ímynda mjer líka, að engum blandist hugur um, hvílík framför hafi orðið á hugsunarhætti manna og skoðun á vindrykkju nú á síðari árum.

Það er vafalaust rjett, sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði um það. Jeg er honum annars þakklátur fyrir það, hve hlýlega hann talaði um bindindismálið og Good-Templara-Regluna; jeg get að sumu leyti tekið undir það, sem hann talaði um afskipti löggjafarvaldsins af því máli að undanförnu; á þinginu 1889 var fellt frumvarp eins og þetta, er nú liggur fyrir; en þó þarf jeg ekki að bregða þinginu um, að það hafi sýnt því óvildarhug þennan stutta tíma, sem jeg hef setið á þingi; fjárveitingin á síðasta þingi til eflingar bindindi bar vott um allt annað en óvildarhug til þess eða afskiptaleysi af því. Það hefir verið tekið fram, að það mundi hafa litla þýðingu, að gjöra frumv. þetta að lögum, og fært sem ástæða fyrir því, að svo gæti farið, að eitt hjerað samþykkti vínsölubann, en næsta hjerað ekki. Það getur vel verið að svo fari, en það er engin sönnun gegn nytsemi frumv. Engum dettur í hug að vínsölubann verði samþykkt á sama degi um allt land; hitt er hugsunin, að efnt verði til samþykktar í þeim hjeruðum, sem bindindishreifingin er búin að fá yfirhönd í, og má þannig vera, að samþykktir komist smám saman á um allt land. En þó nú vínsölubann komist á í einu hjeraði, en sje ekki í næsta hjeraði, þá er þó allt af það unnið, að freistingin er færð fjær, og það er ekki svo lítill vinningur, því að næg reynsla er fyrir því, að því hægra sem er að ná í vínið, því meiri verður drykkjuskapurinn. Samþykktin yrði því að minnsta kosti til þess, að minnka vindrykkju í því hjeraði, sem hún kemst á í, enda þótt engin samþykkt væri í næsta hjeraði.

Jeg get ekki gengið svo fram hjá h. 1. þm. Rangv. (Þórði G.), að jeg minnist ekki á ræðu hans, því að hún var svo löguð, að þar var öllu snúið öfugt við.

H. 1. þm. Rangv. (Þórður G.) sagði, að af lögum þessum mundi leiða stríð, úlfúð og óreglu á heimilunum. En má jeg biðja h. þm. að hugsa sjer, hvernig ástandið er á drykkjuskaparheimilum; þar má með sanni segja, að sje stríð, úlfúð og alls konar óregla, og jeg fullvissa h. þm. um, að fyrir hver 100 heimili, sem þessi lög mundu flæma þessa heimilisdjöfla burt af, mundu ekki koma 10 heimili og ekki nærri það, sem þau mundu vekja á stríð, úlfúð og óreglu.

Í öðru lagi sagði hann: »það er engin ofdrykkja í mínu hjeraði«. Ef svo er, þá veit jeg sannarlega ekki, hvað honum getur gengið til, að spyrna á móti

þessum lögum. Vill h. 1. þm. Rangv. (Þórður G.) gefa aðvífandi drykkjupostulum kost á, að ala upp ofdrykkjukynslóð, þegar jörðin geymir hinn fagra bindindisættbálk, er nú byggir kjördæmi hans?

Jeg ætla að svo stöddu ekki að fara langt út í peninga-spursmálið, en það segi jeg, að vjer kaupum ekkert gull eins dýrt í landssjóð eins og brennivínstollinn; vjer kaupum hann svo dýru verði, að þjóðin stendur sig alls ekki við, að borga það verð.

H. 1. þm. Rangv. (Þórður G.) sagði, að frumv. væri ekki aðgengilegt af því, að það væri hvorki heilt nje hálft. Jeg játa, að þetta er að svo miklu leyti rjett hjá honum, að frumv. er í raun rjettri ekki nema hálft; vjer ættum að koma á algjörðum bannlögum; jeg vil samt styðja þetta frumv., af því að jeg álít það betra en ekki, en fullkomin vínbannslög álít jeg hið eina rjetta.

Jeg skal taka það fram, af því að mjer heyrist eins og ýmsum h. deildarmönnum sje það ókunnugt, að þjóðir sem komnar eru mikla lengra en vjer, og þjóðir sem ættu að vita eigi síður en vjer, hvað löggjafarmál eru og hvað ekki, slíkar þjóðir hafa svo fyrirskipað með lögum, að einfaldur meiri hluti atkvæðisbærra borgara getur ráðið vínsölubanninu; þar er ekki einu sinni heimtað, að $^2/_3$ hluta þurfi til þess. Meira að segja er í sumum fylkjum í hinni frjálsu Ameríku bannað með lögum, að flytja vín eptir járnbrautunum gegn um fylkin. Þegar þessa er gætt, þá fæ jeg ekki sjeð, að það sje nokkur minnkun fyrir oss, að samþykkja frv. þetta. Þjóðin ræður sjálf, hvernig hún beitir lögunum.

Halldór Daníelsson: Það er að eins örstutt athugasemd, sem jeg ætla að gjöra við ræðu h. þm. Dal. (J. P.).

Mjer skildist eigi betur en að hann áliti þá ekki góða borgara, sem ekki vildu eyða víndrykkju, af því að slíkt rýrði tekjur landssjóðs. Jeg veit ekki vel hvar þetta á heima, en hitt hygg jeg, að ýmsir og það góðir borgarar gætu verið í nokkrum vafa staddir með, hvernig ætti að afla landssjóði nægilegs fjár, ef vínfangatollurinn hætti að vera ein af tekjugreinum hans.

Jens Pálsson: Jeg finn ástæðu til að fara fám orðum um ræðu h. 1. þm. Eyf. (J. J.). Hann komst svo að orði, að sjer þætti það vafasamt, hvort fylgismenn frumv. sýndu með fylgi sínu við það fremur bindindismálinu vináttu en andstæðingar frumv.; en jeg get fullvissað h. þm. (J. J.) um, að þar sem flutningsmenn frumv. eru allir bindindismenn, þá muni þeir þó ekki hafa borið fram frumv. af óvinahug til bindindismála, heldur af vináttuhug; og jeg get líka fullvissað h. þm. (J. J.) um, að ekki eitt einasta bindindisfjelag á landinu mundi vera í efa um, að sjer væri stuðningur í að fá þessi lög.

Hann fann frumv. það til foráttu, að í hverju hjeraði, sem vínsölubann yrði samþykkt, þar mundu bindindisfjelögin hljóta að líða undir lok. Jeg fellst á, að þetta mundi svo fara, ef fullkomin vínbannslög væru samþykkt, því að þá þyrftum vjer ekki lengur bindindisfjelaga við á Íslandi. En jeg vil vekja athygli h. þm. (J. J.) á því, að þegar eitthvert fjelag eða einn einstakur maður hefir sett sjer eitthvert takmark og varið bæði fje og vinnu til þess að ná þessu takmarki, þá þykir það ekkert böl að ná takmarkinu. (*J. J.*: Þetta frumv. er þá gröfin fyrir bindindisfjelögin). Það er leiðin fyrir bindisfjelögin til að ná takmarki því, sem þau keppa að, og bindindistarfið er alls ekki úti, þótt vínbann komist á; það að eins breytist. Bindindisfjelögin þurfa þá að vísu síður að berjast fyrir bind-

indinu, en þau verða að standa á verði og gæta þess, að þessi heillavænlegu lög sjeu ekki numin aptur úr gildi eða brotin, og það tel jeg sæmilegt verk fyrir þau, því að jeg álít það dygð hjá hverjum borgara, að láta sjer annt um, að gildandi lögum sje hlýtt.

Valtýr Guðmundsson: Jeg ætla að taka það fram, að þótt jeg sje ekki samþykkur frumv. þessu, þá er jeg eigi að síður hlynntur bindindishreifingunni. Jeg gjöri þessa játningu að vísu með háltum hug, eptir að h. þm. V.-Skaftf. (Guðl. G.) hefir hjer í salnum ákallað guð til verndar gegn vinum frumv. En er h. þm. (Guðl. G.) tók það fram og lagði áherzlu á, að frumv. miðaði til þess að efla frelsi, þá verð jeg að segja, að jeg gef ekki mikið fyrir það frelsi, sem frumv. veitir; það fer einmitt fram á að skerða persónufrelsið og fá tveimur vald til að þvinga hinn þriðja, ef þeim býður svo við að horfa. Það er einmitt þetta atriði, að meiri hlutanum er fengið vald til að kúga minni hlutann, sem gerir mig móthverfan frumv. Ekki svo að skilja, að jeg geti ekki undir neinum kringumstæðum verið með því að skerða frelsi einstaklingsins, en jeg get því að eins verið með því, að almennings heill sje undir því komin. Ef jeg væri sannfærður um, að með þessu frumv. væri mikil almennings heill fengin, mundi jeg því geta verið því fylgjandi; en jeg efast mjög um, að svo sje, og byggi jeg þann efa á nokkurri reynslu. Það er kunnugt, að í Ameríku hafa í sumum ríkjum verið samþykt vínbannslög, en afleiðingin hefir orðið, að í stað vínsins hafa menn farið að neyta opíums, morfíns og ýmsra æsingarmeðala, sem eru enn skaðlegri fyrir líf og heilsu en vínföngin. Hitt mun gefast bezt, að styðja sem mest bindindishreifinguna, því ef baráttan móti ofdrykkju á að verða að nokkru gagni, verður það afl, sem knýr hana, að koma innan að og af frjálsum vilja; svo hefir verið gert í Noregi, og hefir þar orðið afarmikið ágengt, að eyða drykkjuskap.

Þar sem h. þm. (Guðl. G.) líkti þeim böndum, sem hjer á að leggja á frelsi manna, saman við ýms höft, er þegar hvíla á því, til dæmis þau höft, er lögð væru á óskírlífistilfinninguna, þá átti sú samlíking miður vel við, því að þess er að gæta, að svo langt er frá að vínnautn sje jafnan til skaða, að vel getur komið fyrir, að hún hafi einmitt gagnleg áhrif; hæfileg vínnautn örfar hugann og eykur gleðina, en gleðin hefir aptur á móti komið á stað ýmsum hreifingum, sem hafa orðið undirrót þarflegra fyrirtækja, og hjer á landi er sannlega ekki of mikið af gleði, en aptur því meira af deyfð og doða, sem hvílir eins og martröð á þjóðinni og kæfir og drepur marga nytsama framkvæmd.

Jeg fæ ekki sjeð, að það sje hægðarleikur fyrir þá, sem unna persónulegu frelsi og vilja vernda það, að samþykkja frumv. þetta; en vildu þeir hinir sömu, sem komið hafa með frv. þetta, hækka toll á víni, þá mundi jeg vera fús að fylgja þeim; en fullkomið vínbann get jeg ekki aðhyllzt. Lofum þeim, sem vín vilja drekka, að borga það svo dýrt sem vera skal, en lofum þeim jafnframt að hafa frelsi til að kasta út fje sínu fyrir vín, ef þeir vilja.

Þórður Guðmundsson: H. þm. Vestm. (V. G.) hefir tekið flest fram af því, sem jeg vildi hafa sagt; þó vil jeg leyfa mjer að svara h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) fám orðum. Hin langa og snjalla ræða hans færði mig ekki feti nær frv.; svo sannfærandi var hún ekki. Hann sneri sjer einkum að mjer og þótti jeg hafa snúið öllu öfugt; en þetta fjekk hann út með því að rangfæra orð mín;

hann kvað mig hafa sagt, að frv. þetta leiddi til óreglu, stríðs og úlfúðar, en mín óbreytt orð voru, að það gæti jafnvel leitt til óreglu, stríðs og úlfúðar, og jeg stend við, að svo geti farið á þeim heimilum, þar sem húsbóndinn hefir bundizt því, að vera bindindismaður, en vinnumaðurinn drekkur eða daglaunamaður minn eptir sem áður. (*Þórh. B.*: Er þá betra að báðir sjeu fullir?). Jeg gæti máske verið með, ef skipað væri algjört bindindi; en mjer þykir það fjarri sanni, að láta að eins húsbóndann binda sig, en geta svo máske ekki varið heimilið fyrir drykkirii, enda eru sektirnar svo gífurlega settar hátt, frá 50 til 1000 krónur, að slíkt er alveg óaðgengilegt.

Umræðurnar eru nú orðnar svo langar, að jeg skal ekki tefja tímann lengur, þótt margt fleira mætti segja um þetta mál.

Sighvatur Árnason: Jeg, fyrir mitt leyti, er hlynntur frumv. því, sem hjer liggur fyrir.

Jeg skal ekki, á þessu stigi málsins, fara út í einstök atriði; jeg skal að eins geta þess, mínu máli til styrkingar, að jeg vil að hvert hjerað fái sem mest að ráða sínum eigin málum, sem ekki snerta aðra út í frá. En viðvíkjandi því, sem tekið hefir verið fram á móti frumv., að það skerði frelsi einstaklingsins, þá vil jeg benda mönnum á, að það er eigi meir gert í þessu máli en í öðrum samþykktarmálum; því það þekkja allir, að nokkrir liggja jafnan undir með sínar skoðanir, þegar samþykktir eru gerðar; eins vitum við, að sum lög eru samþykkt svo, að ekki ráða nema 1 eða 2 atkv. úrslitum, auk heldur þegar $^2/_3$ eru í meiri hluta.

Öðrum ástæðum mínum skal jeg ekki lýsa að þessu sinni; en af því jeg er mótfallinn nokkrum atriðum í frumv., vildi jeg, að þau yrðu lagfærð og frv. þess vegna leyft að fara lengra fyrir það fyrsta.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg þarf fáu að svara 3 h. þm. sem talað hafa. Jeg þarf eigi að svara h. 2. þm. Rangv. (Þórði G.), og mjer heyrðist h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) vera málinu svo hlynntur, að jeg hef enga ástæðu til að veitast að honum. En jeg þarf nokkuð að svara h. þm. Vestm. (V. G.).

H. þm. (V. G.) tók það fram, að hann vildi eigi skerða persónulegt frelsi. Því má þá hegna fyrir þjófnað, manndráp, nauðganir og ýmislegt fleira? Er það ekki líka að skerða persónulegt frelsi? H. þm. (V. G.) skilur við persónulegt frelsi persónulegt sjálfræði. H. þm. (V. G.) hlýtur þó að játa, að á persónulegt sjálfræði manna eru lögð mörg bönd; þetta er gert í mörgum málum, þar sem um minna er að tefla fyrir almenning, eins og jeg hef bent á í hinni fyrri ræðu minni. Ef h. þm. (V. G.) gæti sannað mjer, að öll heill almennings sje komin undir ótakmörkuðu sjálfræði, þá skal jeg láta af minni skoðun; en það getur h. þm. (V. G.) ekki.

Jeg ímynda mjer, að það sje ekki til neins fyrir mig, að fara að reyna að skýra fyrir h. þm. Vestm. (V. G.), hvernig þetta mál horfir við hjer á landi; hann virðist vera orðinn hjer svo ókunnugur, að slíkt mundi ekki verða til neins gagns. Ókunnugleiki þm. (V. G.) sjest meðal annars á því, að hann ímyndar sjer, að ef víninu væri út bolað, mundu bændur taka upp á því, að brúka opíum og morfin. Það þarf mikinn ókunnugleika og vanþekking á háttum landsins til þess að bera fram ann-

að eins í alvöru. Jeg get fullyrt, að fáir hjer á landi mundu taka upp á því, allra sízt bændur.

H. þm. Vestm. (V. G.) kom fram með nokkrar margslitnar og marghraktar setningar í ræðu sinni, setningar, sem engum bindindisóvin nú orðið dettur í hug að bera fyrir sig, ef hann eigi er öldungis ófróður um málið, setningar, sem þess vegna hljóta að vera runnar af mjög vel ræktaðri danskri rót og geta eigi stafað annarsstaðar frá. — Til dæmis, að það sje ekki vanbrúkun að drekka áfengi í hófi, að vínnautn auki gleði í landinu og fleira. Þetta voru orð h. þm. (V. G.), en þessi orð eru á engum sönnum rökum bygð. Væri vín að eins brúkað sem læknislyf, getur verið, að það yrði ekki vanbrúkað; þó segja merkir læknar, að óþarfi sje að telja vín með læknislyfjum. Hjer er verið að tala um áfengi sem drykk, en ekki sem lyf. Jeg þori að fullyrða, að áfengi sem drykkur er aldrei öðruvísi brúkað en vanbrúkað; þó áfengi stundum hafi lítil skaðleg áhrif á þá, sem brúka það, þá er altjend eptirdæmið, sem leiðir hina ungu út á þá braut, er engin vissa er fyrir að þeir geti snúið aptur af.

H. þm. Vestm. (V. G,) segir, »að áfengi auki gleði í landinu« (!). Jeg vildi óska, að h. þm. (V. G.) gæti gefið mjer statistiskar upplýsingar um, hve margar konur og börn á öllu landinu hafa borið þungan harm vegna ofdrykkjunnar! Geti h. þm. (V. G.) sannað mjer, að sú sorg vegi ekki upp á móti þeirri gleði, sem áfengi hefir í för með sjer, þá skal jeg fúslega skrifa undir orð h. þm. En þó h. þm. (V. G.), annar eins eljumaður og hann er, væri að »hjeðan í frá og að eilífu amen«, þá gæti hann ekki komið með skýrslu, sem sannaði þetta. Það er hjákátleg skoðun, að menn geti ekki verið glaðir, nema fullir; jeg hef líka reynslu fyrir mjer í þessu efni, jeg hef opt verið í samkvæmum, bæði með drukknum og ódrukknum mönnum, og jeg þori að fullyrða, að þau samkvæmi, þar sem einkis áfengis hefir verið neytt, hafa verið bæði skemmtilegri og notalegri. Þetta er ekki eingöngu mín reynsla; þetta er að verða reynsla alþýðu hjer á landi, þar sem hætt er að neyta alls áfengis í samkvæmum.

Jeg skil það vel, að h. þm. Vestm. (V. G.) á bágt með að setja sig inn í þessa skoðun. Hann hefir um nokkuð langan tíma dvalið erlendis og er auðsjáanlega mjög búinn að gleyma öllum háttum þessa lands, og kemur þetta mjög ljóslega fram í ræðum hans um þetta mál; þær eru frá upphafi til enda ekki annað en glórulaus, dönsk hugmyndaþoka.

H. þm. (V. G.) vildi vera með til þess að hækka tollinn. Hvar er hann þá með sitt persónulega frelsi? Ekki munu fátæklingar hafa ráð á að kaupa áfengi dýrum dómum.

Að auka tollinn er meiningarlaust. Ef menn vilja hepta innflutning áfengis með tollunum, mundi þá ekki vera rjettara að skera ekkert utan af því, heldur hreint og beint gefa út varnarlög (prohibitions-lög)? Hækkun vínfangatollsins gerir þjóðinni frekar illt en gott. Fyrsta, annað og þriðja árið eptir að tollurinn er hækkaður drekka menn minna, en svo kemst drykkjuskapurinn smátt og smátt aptur á sama stig og áður. Um leið hefir tollurinn þær afleiðingar, að allt áfengi hækkar í verði, og fátæktin, sem af drykkjuskapnum leiðir, vex örar og verður enn gífurlegri, og að kaupmenn flytja verri og óhollari vöru til landsins, svo að heilsuspillingin verður enn hraðstígari og

verri. Þetta er hægt að sanna með ljósum rökum og dugar ekki að mótmæla því. Jeg geng annars út frá því sem gefnu, að þeir h. þm. hjer í deildinni, sem hafa talað á móti þessu frumv., hafi kynnt sjer málið ýtarlega, og dæmi ekki í lausu lopti eða tómri hugmyndaþoku.

H. þm. Vestm. (V. G.) benti á, að Norðmenn hefðu mjög eflt bindindi í sínu landi. Það veit jeg vel; en tvö norsk bindinsfjelög, Totalafholdenheds-Foreningen og Norsk Good-Templar-Forening, hafa árlega fengið 8000 kr. styrk af ríkisfje. Jeg gjöri ráð fyrir að nokkuð megi bíða þess, að landssjóður Íslands sjái sjer fært, að leggja fram svo mikið fje til eflingar bindindi. Jeg sje heldur ekki, hvaða ástæða er fyrir landssjóð að leggja á sig afar-há gjöld til eflingar bindindi, fyrst hægt er að styrkja málið jafnframt á annan hátt. Og hjer er meðalið; að gefa þau samþykktarleyfi, sem frumv. fer fram á, mundi styrkja málið meir en peningar, þótt um talsverða upphæð væri að ræða.

Valtýr Guðmundsson: Jeg skal leyfa mjer að leiðrjetta misskilning h. þm. V.-Sk. (G. G.); h. þm. skildi orð mín svo, að jeg vildi ekki hepta persónulegt frelsi, jafnvel þó undir því væri komin heill alls almennings. Þetta er alls ekki rjett. Jeg sagði, að jeg vildi ekki hepta persónulegt frelsi manna, nema einhverjar knýjandi ástæður væru fyrir því. Þess vegna get jeg ekki verið með frumv.

H. þm. (Guðl. Guðm.) hjelt því fram, að skoðun mín á vínnautn mundi vera af dönskum rótum runnin. Jeg get eigi betur sjeð en að sams konar skoðanir geti komið upp, hvar sem vera skal, og jeg tek það fram enn, að hófleg nautn víns getur aukið gleði manna, og að af henni geta sprottið andlegir ávextir. — Jeg gæti tilfært mörg dæmi þess, að vínnautn getur haft góð áhrif. Jeg get heldur ekki sjeð, að þó víns sje neytt í samkvæmum, þurfi menn að drekka sig fulla. Slíkt er hrein og bein fjarstæða; í fjörugum samkvæmum fæðast margar nýjar hugmyndir.

H. þm. (Guðl. Guðm.) fannst það meiningarleysa, að hækka toll á þeim drykkjum, sem væru álitnir skaðlegir, en ekki útiloka þá með öllu. Jeg vil fallast á, að hækka tollinn svo mikið sem vera vill, en að banna innflutning áfengis, sje jeg engar ástæður til; í öðrum löndum er það altítt, að tolla það sem þykir óþarft, með háum tolli; menn tolla t. d. spil, en menn banna ekki að spila; menn leggja á tolla sumpart til þess að fá tekjur, sumpart til þess að hindra ofmikla útbreiðslu.

Enn er þess að gæta, að væri vínnautn bönnuð hjer á landi, þverraði tollurinn, og þá yrði óhjákvæmilegt að leggja á háa skatta.

Jeg segi það enn, að þó jeg sje á móti frv., þá er jeg ekki á móti bindindi, og þrátt fyrir það, að hinn h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) talaði djarflega og færi mörgum hörðum orðum um mótstöðumenn frumv., þá þori jeg að fullyrða, að jeg er eins hlynntur bindindi eins og hann *(Guðl. Guðm.*: Svo?).

Frumv. styður alls eigi bindindishreifinguna; það er alveg rjett, sem h. 1. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að með þessu frumv. eru allar bindindishreifingar útilokaðar.

Að vísu hefði jeg ástæðu til að fara fleirum orðum um þetta mál; en jeg vil ekki tefja umræðurnar.

ATKV.GR:. Málinu vísað til 2. umr. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Guðl. Guðmunds.,	Guðjón Guðlaugss.,

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Halld. Daníelsson,
Eiríkur Gíslason,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	J. Jónsson Eyf.,
Jón Þórarinsson,	J. Jónsson A.-Sk.,
Ólafur Briem,	Pjetur Jónsson,
Sighv. Árnason,	V. Guðmundsson,
Sig. Gunnarsson,	Þ. Guðmundsson,
Skúli Thoroddsen,	Þorl. Guðmundss.
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Tillaga til þingsályktunar um áfangastaði (C. 51); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á 2 umr. og var það samþ.

Tíundi fundur, laugardag 11. ág. kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frumv. til laga um ráðgjafaábyrgð (C. 44); 2. umr.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg skal lýsa því yfir, að jeg finn enga ástæðu til að fjölyrða um hinar einstöku greinar frumv. Jeg átti með öðrum fleirum þátt í, að samhljóða frv. þessu var borið upp á auka-þinginu 1886, og hafa mjer síðan ekki hugkvæmzt neinar nauðsynlegar breytingar á frumv. Þó skal jeg geta þess, að jeg hefi lengi verið að hugsa um, hvort ekki gæti verið ástæða til að breyta orðunum í 2. gr. stfl. »f.«, þar sem það er tekið fram, að ráðgjafi beri ábyrgð á því, »að lög frá alþingi sjeu eigi lögð fyrir konung eða landstjóra til staðfestingar«. Það mætti sem sje, ef til vill, eptir orðanna hljóðan skilja þessi orð svo, að ráðgjafi bæri ábyrgð á því, ef hann ekki skilyrðislaust rjeði til að öll lög frá alþingi yrðu staðfest; en það er ekki meiningin, heldur hitt, að hann bæri ábyrgð á því, ef hann legði nokkurt mál á hilluna, án þess að bera það undir konung, annaðhvort til staðfestingar eða synjunar, og þannig held jeg megi skilja orðin í frumv. Jeg vil nú að eins óska, að gengið verði til atkv. um hinar einstöku greinar frumv., ef aðrir h. þingdm. hafa ekkert við þær að athuga.

ATKV.GR.: Hver einstök gr. frumv. út af fyrir sig samþ. í einu hlj. Málinu vísað til 3. umr í einu hjóði.

Frumv. til laga um auðkenni á eiturðum rjúpum (C. 28); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 21 samhlj. atkv. og sent til Ed.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. laga 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C. 30. 54); 3. umr.

Flutningsmaður (Þórður Guðmundsson): Jeg hefi engu að bæta við það, sem jeg hefi áður sagt um þetta mál; en eins og h. þingdm. sjá hefi jeg ásamt nokkrum öðrum h. þingdm. komið fram með breyt.till. (C. 54), sem miðar til að færa frv. nær þeim óskum, sem fram komu í þá átt við 2. umr. málsins. Skal jeg svo að eins óska þess, að málið verði nú samþ. í heild sinni og afgreitt frá þessari h. þingd.

Jón Jensson: Jeg hafði það á móti þessu frumv. við 2. umr., að ekki væri tekið nægilegt tillit til gjaldendanna, þegar breytt væri frestinum á gjalddaga og tímaákvörðuninni, þegar niðurjöfnun sveitarúrsvara skyldi framfara. Jeg álít að það sje mikilsvert, að bæði þessi tímaákvæði standi föst, vegna gjaldendanna. Mjer sýnist mikið undir því komið, að gjaldendurnir viti með vissu, hvenær niðurjöfnun fer fram, til þess að þeir geti gætt rjettar síns í tíma og kært, ef þeim þykir hafa verið lagt á sig of hátt gjald. Mjer finnst það ekki rjett, að láta það

vera í höndum hreppsnefnda, að hringla með tímann eptir eigin geðþótta. Þær gætu fundið upp á að gjöra breytingu á tímanum eitt ár eða svo, en aptur eptir eitt eða tvö ár fundið upp á að fella breytinguna úr gildi, og þannig gætu gjaldendurnir orðið í vandræðum með að vita, hver væri sá gildandi tími fyrir niðurjöfnun sveitarútsvara.

Jeg þykist sjá, að bæta megi úr þessu með því að gjöra breytingu á frumv., en því miður hefi jeg ekki haft tækifæri til þess að koma með breyttill. í þessa átt. Jeg hefi hugsað mjer breytinguna á þann hátt, að veita mætti hreppsnefndum leyfi til að breyta tímaákvörðununum með því skilyrði, að breytingin stæði óhögguð um vissan tíma, svo sem 10 ár í senn. Ef tímanum á annað borð er breytt, þá hlýtur það að vera af ástæðum, sem standa óhaggaðar ár eptir ár.

Flutningsmaður (Þórður Guðmundsson): Jeg verð að vera á sama máli og h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.), sem talaði á móti þessari skoðun h. þm. Rvk. (J. Jensson) við 2. umr. Jeg get ekki ímyndað mjer, að nokkur hreppsnefnd sýni af sjer það hverflyndi, að biðja um það annað árið að mega jafna niður á haustin, en hitt aptur að mega gjöra það á vorin. Á hinn bóginn sýnist mjer rjett, að reynslan sýni, hver tíminn er hentugastur. Ef það skyldi koma í ljós, að betra er að færa niðurjöfnunina fram á haust, þá get jeg ekki sjeð, hvað getur verið á móti því. En jeg vona að það verði ekki frumv. til falls, þó ekki sje neitt ákveðið um, hvað tíminn skuli vera langur, sjer í lagi af því, að það er talsvert áhugamál margra, að fá hinum gildandi ákvörðunum í þessu efni breytt.

ATKV.GR.: Breyt.till. við 2. gr. (C. 54) samþ. með 21 atkv. samhljóða.

Frumv. þannig breytt samþ. með 19 samhlj. atkv.; og afgreitt síðan til Ed.

Frv. til viðaukalaga við lög um prentsmiðjur 4. desbr. 1876 (C. 5. 50); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Einar Jónsson): Eins og h. þingdm. hafa sjeð á nefndarálitinu, hefir nefndin, sem skipuð var í þessu máli, ráðið til, að frumv. yrði samþ. óbreytt. Það voru athugasemdir frá einum h. þm. (V. G.), við fyrri hluta þessarar umr., sem komu því til leiðar, að nefnd var skipuð í málinu. Athugasemdir þessar fóru í þá átt, að nefndin þyrfti að rannsaka, hvað gjört hefði verið af stjórnarinnar hálfu til að fá prentsmiðjueigendur í Danmörku til ar láta Landsbókasafninu í tje eitt eintak af öllum bókum, sem prentaðar væru í Danmörku, og það hefir hún gjört. Af því nokkuð hefir verið gjört í þessu efni, eins og sjest á nefndarálitinu, og tilraunum þeim verið tekið heldur vel í Danmörku, þó ekkert hafi komið út af því enn, þá vildi nefndin ekki, að svo stöddu, ráða til að breyta hinum gildandi pretsmiðjulögum, að því er snertir eintök þau, er prentsmiðjum hjer er gjört að skyldu að senda til Danmerkur, einkum þar sem hæstv. landsh. tók vel í að gjöra af nýju tilraunir til, að fá prentsmiðjur Dana til að senda hingað þau rit, er þar eru prentuð. Af því engin mótmæli komu fram gegn frumv. sjálfu, þegar það var síðast til umr., þá þarf jeg ekki að fara um það fleiri orðum, en óska að eins, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um breytingu á lögum 12. maí 1882 um umsjón og fjárhald kirkna (C. 52); 1. umr.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Hugsunin, er liggur til grundvallar fyrir frv. þessu, um breytingu á gildandi lögum um umsjón og fjárhald kirkna, er sú, að kirkjan sje og eigi að vera eptir uppruna sínum, eðli og tilgangi safnaðarins hús. Það virðist bert, að sama hugsun liggur til grundvallar fyrir núgildandi lögum um umsjón og fjárhald kirkna, þótt þar sje skemra farið en hjer, þar sem með þeim er að eins skapaður mögulegleiki til þess, að söfnuðirnir geti fengið í hendur umsjón og fjárhald kirkna. Þau lög hafa þegar haft töluverðan árangur, sem sjá má af því, að allmargir söfnuðir hafa þegar tekið að sjer umsjón og fjárhald kirkna, og sýnir þetta, að söfnuðirnir hafa aðhyllzt grundvallarhugsunina.

Á landinu eru sem stendur nálega 290 kirkjur alls; á þessum 12 ára tíma, er liðinn er síðan núgildandi lög um umsjón og fjárhald kirkna voru útgefin, hafa 52 kirkjur komizt undir umsjón safnaðanna. Það er að vísu misjafnt í hinum einsöku prófastsdæmum; í sumum eru það margar kirkjur, t. d. í Árnes- og Húna-prófastsdæmum; þar eru 10 kirkjur í hvoru prófastsdæminu fyrir sig safnaðarkirkjur; í öðrum aptur á móti færri. Söfnuðirnir hafa þannig víðsvegar eigi að eins gengið inn á grundvallarhugsun frumv., heldur jafnvel gjört hana að sinni eigin hugsun og staðfest hana í verkinu með því að taka kirkjurnar að sjer.

Samkvæmt þessari grundvallarhugsun, að kirkjan er og á að vera hús safnaðarins, virðist það rjett, að sú skylda hvíli á söfuðunum, að annast kirkjuna sjálfir. Og í sumum tilfellum getur það jafnvel verið nauðsynlegt, að þetta sje skylda. Það getur verið skilyrði fyrir því, að kirkjur verði teknar upp þar sem nauðsynlegt verður vegna fjölgunar fólks á sjerstökum svæðum, — skilyrði fyrir því að viss hluti safnaðar, er vegna langrar og erfiðrar leiðar til kirkju þarfnast nýrrar kirkju, geti notið þess rjettar síns að fá kirkju reista. Því til sönnunar skal jeg nefna eitt dæmi. Það stendur svo á í mínu prestsdæmi, að mikil þörf er á kirkju í kauptúninu Keflavík, sem hefir efizt mjög á hinum síðari árum, en liggur á útkjálka sóknarinnar. Þar hefir verið mikill áhugi á því um nokkur undanfarin ár að fá kirkju, en til þess að það geti tekizt, þarf söfnuðurinn fyrst að hafa tekið að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar; því hefir nú loks framgengt orðið, en kostaði mikinn tíma og mörg fundahöld. — Ef nú söfnuðurinn eða kirkjuhaldarinn í þessu tilfelli hefði sett sig upp á móti því, að söfnuðurinn tæki við Útskálakirkju, þá hefði Keflavíkurbúum þar með verið fyrirmunað að taka upp nýja kirkju, því þeir hefðu þá orðið að gjalda framvegis lögskipuð gjöld til Útskálakirkju, og hefði þá orðið frágangssök fyrir þá að reisa af stofni nýja kirkju og halda henni við, en vera jafnframt gjaldskyldir annari kirkju.

Verði nú þetta gjört að lögum, og söfnuðir skyldaðir til að taka við kirkjunum, þá finnst mjer það liggja beint við, að sá rjettur komi á móti, að þeir geti fengið umsjón og fjárhald kirkna, þegar þeir vilja. Því, verði söfnuðirnir skyldaðir til að takast á hendur umsjónina, hve nær sem kallað er, þá eiga þeir og að hafa rjett til umráða yfir kirkjunum, hvenær sem þeir óska, og það getur opt verið mikið áhugamál fyrir söfnuðina, að fá þau sem fyrst, sjerstaklega ef umsjón kirkjuhaldara er eigi í sem beztu lagi. Frumv. þetta leggur þannig skyldu á söfnuðina, en jafnframt veitir hún þeim tilsvarandi rjett. Það fer lengra en hingað til gildandi lög í þessu efni, að því leyti sem

það miðar til, að allar kirkjur komizt í hendur safnaðanna. Lögin gjöra ennfremur ráð fyrir, — sem hlýtur að vera samfara þessu, — að kirkjuhaldari verði skyldaður til að afhenda söfnuðinum umsjón og fjárhald kirkjunnar, ef hann af gildum ástæðum krefst þess. Þetta kann að þykja hart, sjerstaklega gagnvart kirkjueigendum, eigendum bændakirknanna. En, jeg verð að álíta, að eignarrjettur bænda yfir kirkjum sje svo takmarkaður, að lítil eptirsjón sje í honum fyrir þá. Þeir eru skyldugir til að halda gjöldum kirknanna til haga; þeir verða að halda sjerstaka reikninga yfir þau, og geyma þau í sjerstökum sjóði, svo að þau ávallt geti verið til taks, þegar á þarf að halda. Fje kirkna getur kirkjuhaldari þannig ekki blandað saman við sitt eigið fje, heldur verður hann að hafa allt það fje sjer, er stofnuninni tilheyrir. Ef kirkja er svo efnuð, að eitthvað fje verður afgangs því, sem þarf til að halda kirkjunni í sómasamlegu standi, þá getur það auðvitað verið hagur fyrir kirkjuhaldara, að hafa fje hennar undir höndum. En jeg held að mjer sje óhætt að fullyrða, að það er hreinasta undantekning hjer á landi, að kirkjur hafi fje umfram því, er nauðsynlegt er til þess, að þeim verði haldið í því standi, sem sæmilegt er fyrir veglegt guðshús, enda fara kröfur tímans í því efni sívaxandi. Jeg get því ekki sjeð, að nein eptirsjón geti verið í fjárhaldi kirknanna og skoða það öllu fremur sem hlunnindi, að geta orðið laus við það; því hinar vaxandi kröfur tímans gjöra sig einnig gildandi þar, svo það er mjög líklegt, að innan skamms verði varið miklu meira fje til kirkjubygginga og viðhalds kirkna en hingað til hefir gjört verið.

Jeg skal einnig geta þess, að ef þau lög, sem nú liggja fyrir h. Ed., sem fara fram á, að breyta hinum núgildandi lögum um kirkjugjald gjörsamlega frá rótum, ná fram að ganga, þá mætti telja það hart, að nema úr lögum rjett bændakirkna til gjalda þeirra, sem hingað til hafa verið lögboðin, og kirkjuhaldarar mundu álíta sig rjettindum svipta. Þess vegna er það nauðsynlegt, að eigendur bændakirknanna geti losað sig við kvaðir þær, sem á þeim hvíla; en það verður að eins með því, að láta af hendi kirkjuna við söfnuðinn. Frv. þetta er því nokkurs konar »korrektiv« við frumv. það, sem liggur fyrir Ed.; það er nauðsynlegt ásamt hinum lögunum til þess, að jafna þessa misfellu á þeim gagnvart bændakirkjunum.

En þá kemur til álita spurningin um, hvort það ákvæði þessa frumv., sem skyldar söfnuðinn til að taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna, sje eigi hart gagnvart söfnuðinum. Fljótlega álitið kann svo að virðast; en þegar litið er til hinna stórvægilegu breytinga á lögum um tekjur kirkna, sem frumv. það, sem nú liggur fyrir í Ed., og sem jeg býst við, að muni fara frá þinginu sem lög í sumar, þá hygg jeg, að í ákvæðum þeirra laga felist trygging fyrir, að söfnuðirnir muni eigi verða í vandræðum út úr kirkjuhaldinu. En ef svo væri, að breytingin gjörði einhvern mun á hag kirkna til hins lakara, þá getur mjer ekki blandazt hugur um, að það er sannsýnna og rjettlátara, að það komi niður á öllum söfnuðinum í heild sinni, heldur en á einum einstökum manni. Jeg vil því taka það fram, að frá minu sjónarmiði stendur þetta frumv. í mjög nánu, jeg vil segja óslítanlegu sambandi við frumv. Ed. um breytingu á tekjum kirkna. Enn skal jeg geta þess, að frumv. þetta fer eigi fram á annað en að breyta 1. og 2. gr. í lögum 12. maí 1882 um umsjón og fjárhald kirkna; 3. og 4. gr. þessara laga standa óhagg-

aðar fyrir því, þrátt fyrir þessa lagabreytingu.

Að endingu skal jeg bæta því við, að það er mín fasta skoðun, að það sje nauðsynlegt fyrir kirkjuna sem kirkjufjelag, að söfnuðirnir fái sem allra fyrst í hendur umsjón og fjárhald kirkna; það örvar söfnuðina til umhyggju fyrir guðs húsi og miðar til eflingar kirkjulegs, kristilegs og safnaðarlegs áhuga.

Skal jeg svo ekki að sinni orðlengja um þetta mál, en leyfi mjer að eins að mæla hið bezta með frumv. og óska, að það fái sem fljótastan framgang.

Sighvatur Árnason: Jeg fyrir mitt leyti get að nokkru leyti verið meðmæltur frumv. þessu, en að nokkru leyti ekki. Jeg vil nefnilega láta 1. gr. í lögum 12. maí 1882 standa óhaggaða, í staðinn fyrir að frumv. þetta nemur hana úr gildi. Á hinn bóginn er það að mínu áliti mjög eðlilegt, að söfnuðir sjeu skyldir til að taka að sjer umráð og fjárhald kirkna, ef umráðamenn kirknanna eru fúsir á að sleppa þeim. En að skylda umráðamann til að láta kirkjuna af hendi án þess, að hann vilji það, það álít jeg algjörlega ógjörning, sjerstaklega hvað viðvíkur bændaeignakirkjunum. Því að bæði gengur það of nærri eignarrjetti þeirra, og opt getur verið svo ástatt, að kirkjan er skuldug kirkjueigandanum eða umráðamanninum, t. d. þar, sem kirkjan er ný-bygð og umráðamaður er búinn að lána svo og svo mikið fje kirkjunni. Ef söfnuðurinn á þá að geta heimtað fjárhald kirkjunnar afhent án þess, að nokkuð tillit sje tekið til vilja umráðamannsins, hvað mikið sem kirkjan skuldar honum, þá þykir mjer nokkuð djúpt tekið í árinni.

Eptir 3. gr. áðurnefndra laga eiga úttektarmenn að kveða á um, hve mikið kirkjan á að borga af því, sem hún skuldar umráðamanninum, með öðrum orðum: úttektarmennirnir eiga að skammta honum úr hnefa. Þetta virðist mjer hreint og beint vera að beita ráðríki, að minnsta kosti finnst mjer nokkuð nærri gengið eignarrjettinum. Slíkri grein get jeg með engu móti gefið samþykki mitt, en aptur á móti fellst jeg fúslega á 2. grein frumv.

Jeg vona að h. flutningsmaður skilji hvað jeg meina, og skal jeg svo ekki fjölyrða um mál þetta að sinni, fyr en jeg heyri, hvað hann eða aðrir h. þingdeildarm. færa til á móti þessari skoðun minni.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Jeg get ekki látið mjer segjast af ræðu h. 1. þm. Rangæinga (Sighv. Á.). Ræða hans gat ekki sannfært mig um, að nokkuð væri því til fyrirstöðu, að kirkjuhaldarar væru skyldaðir til að skila af sjer umráðum og fjárhaldi kirkna í hendur safnaða, er þeir krefjast þess. Fyrst og fremst ber þess að gæta, að reynslan hefur sýnt, að í mjög mörgum tilfellum hefir það verið samningsmál milli kirkjuhaldara og safnaða, hvernig afhenda skuli. Eins mundi það verða enn, eptir að þetta frumv. hefur náð lagagildi. — Í annan stað ber að gæta þess, að þó að það kunni að þykja hart, að ætlast til, að öllu sje skilað, þá eru lög fyrir hendi, sem áskilja, að allt fje kirkna sje afhent í hinn almenna kirkjusjóð, þannig, að $^1/_{15}$ sje greiddur á ári; nú eru fjögur ár síðan lög þessi öðluðust gildi, svo að 11 afborganir standa eptir. Jeg sje því ekkert til fyrirstöðu því, að ef umráðamaður á fje í kirkjusjóði, þá megi semja svo um, að hann þurfi ekki að skila sjóðnum strax, heldur með afborgunum, svipuðum og áminnzt lög tilskilja, náttúrlega gegn því, að hann setji næga tryggingu fyrir greiðslu sjóðsins.

H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) áleit, að kirkjuhöldurum, sem ættu verulegt

fje hjá kirkjum, kynni að verða mjög misboðið, þar sem úttektarmennirnir gætu skammtað þeim úr hnefa eins og þeim sýndist. Jeg vil minna h. þm. á, að það eru til lög, sem skylda kirkjuna til að borga allar skuldir sínar. Hlutverk úttektarmanna hvað þetta atriði snertir ætla jeg því vera það eitt, að ákveða, hvað kirkjan geti borgað á ári, eða hvort hún geti nokkuð borgað. Og jeg skil ekki í því, að úttektarmenn fari að refjast um, að kirkjan borgi rjettmæta skuld; þeir munu þvert á móti gjöra sitt ýtrasta til, að kirkjan borgi það af skuld sinni, sem hún má og getur, og meiri kröfur er ekki hægt að gjöra til hennar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get ekki alveg verið samdóma hinum h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Árnas.) um, að ákvæði frumv. þessa komi harðara niður á kirkjueigendunum heldur en á söfnuðunum. Það getur líka verið hart fyrir söfnuðinn, sjerstaklega þar, sem kirkjan er forn og af sjer gengin, og máske verið miður vel farið með fje hennar, að vera skyldaður til að taka við henni hvenær sem umráðamaður krefst þess. Vitaskuld er það, að úttektarmenn taka kirkjuna út og ákveða eitthvað álag á kirkjuna og það sem henni fylgir, en jeg held, að mjer sje óhætt að segja, að vanalega er þetta álag fremur of lítið en of mikið, og jafnvel aldrei tilsvarandi því, ef að húsum er skilað í standi, og sú reynslan mundi einnig verða á í framtíðinni, hvað kirkjurnar áhrærir.

Jeg get því með engu móti sjeð, að ákvæði lagafrumv. þessa komi harðara niður á eigendum kirknanna en söfnuðunum. En af því að þetta er að nokkru leyti þvingunarlög, en málið á hinn bóginn er mikilsvert, þá vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að nefnd verði sett í það.

Sighvatur Árnason: Jeg vildi að eins minnast lítið eitt á þau orð hins h. flutningsmanns í síðari ræðu hans, þar sem hann hjelt því fram, að kirkjur væru með lögum skyldaðar til að borga kirkjueigendum alla skuld þeirra. Jeg fyrir mitt leyti hef ekki fyrir mjer í svipinn önnur lög um þetta atriði en 3. gr. í lögum 12. maí 1882, sem jeg með leyfi h. forseta ætla að lesa upp nokkrar línur af: »Nú er kirkja í skuld við forráðamann sinn, og úttektarmenn gjöra álag á hana, og skal þá forráðamaður hennar eigi síður greiða álagið, en úttektarmenn meta, að hve miklu leyti skuldina skuli endurgjalda af tekjum kirkjunnar eptirleiðis«.

Hjer gefur að skilja, að samkvæmt þessum lögum er það ekki meiningin, að kirkjuhaldarinn fái alla skuld sína borgaða, heldur að eins nokkurn hluta hennar; að minnsta kosti er það með öllu komið undir áliti úttektarmanna, og á hann allt af á hættu, að missa nokkurn hluta skuldarinnar.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) hjelt því fram, að það gæti líka verið hart fyrir söfnuðina að vera skyldaðir til að taka við kirkjunum hvenær sem er, og kvað hann þá litlu bætta, þótt álagið væri, því að það væri vanalega fremur minna en meira en vera ætti. En mjer er spurn, er það ekki sitt hvað fyrir heilan söfnuð, heldur en fyrir einn einstakan mann, að bera á herðum sjer kostnað þann, sem af viðhaldi kirkjunnar leiðir? Og að mínu áliti er það rjett, að söfnuðurinn hafi veg og vanda af kirkjunni og fjárhaldi hennar, því ef kirkjan er í skuldum eða tekur lán, þá er mikill munur á því, hvort lánið hvílir á öllum söfnuðinum eða einum manni.

Þórhallur Bjarnarson: Aðal-mergur þessa frumv. er að minni hyggju sá, að eigendur bændakirkna og þá auð-

vitað líka aðrir forráðamenn kirkna, geti losað sig við umsjón og fjárhald kirkna sinna, ef þeim finnst rjettur þeirra vera fyrir borð borinn, skyldi frumv. það um breytingu á kirkjugjaldinu sem nú liggur fyrir í h. Ed. verða að lögum. Það er með öðrum orðum skoðun mín, að 2. gr. frumv. sje lang-þýðingarmest, svo þýðingarmikil, að verði hún eigi að lögum, þá mun jeg eigi geta gefið kirkjugjaldsfrumv. Ed. atkvæði mitt, þegar til kemur. Í þessu kirkjugjaldsfrumvarpi h. Ed. er nefnilega ráðgert, að hjeraðsfundir hafi vald til að ákveða upphæð kirkjugjaldsins eptir mjög misháum stiga. Þá gæti svo farið, að hjeraðsfundir settu gjaldið of lágt til kirknanna, einkum til þeirra, er eigi væru sem bezt haldnar. Gegn slíku fjárveitingarvaldi hjeraðsfundanna verða forráðamenn kirknanna, ef þeir fá eigi nóg fje til þess, að geta haldið kirkjum sínum í sómasamlegu standi, að fá rjett til þess, að þvinga söfnuðina til þess, auðvitað samkvæmt löglegri úttekt, að taka að sjer umsjón og fjárhald kirknanna, og sjerstaklega er þetta alveg nauðsynlegt vegna bændakirknaeiganda.

Það væri fyrir margra hluta sakir heppilegt, að kirkjugjaldsfrumv. kæmist gegn um þingið á þessu sumri, þar sem heldur mun útlit fyrir, að fá veruleg mál verði rædd til fulls á aukaþinginu, og gott að koma einhverju frá, svo að það tefji eigi hinn dýrmæta þingtíma næst, og kirkjugjaldsfrumv. hefir verið rætt ýtarlega bæði heima í hjeruðum og í blöðunum, og þetta frumv., sem liggur fyrir þessari deild, ætti þá að vera samferða. Jeg hygg fyrir mitt leyti, að nefnd mundi ekki gjöra annað en tefja fyrir málinu, og hennar gjörist eigi þörf eptir því sem á stendur. Um hin önnur ákvæði frumv. læt jeg mig minna skipta, hvort þau ná fram að ganga að þessu sinni eða eigi, enda hefi jeg látið í ljósi við h. flutningsm. efa um, hvort það sje rjett, að söfnuður geti krafizt þess, að eigandi kirkju láti hana af hendi nauðugur, þótt það á hinn bóginn virðist vera í samræmi við hin ákvæði frumv.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Jeg vildi að eins taka það fram, að þar sem h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) hjelt því fram áðan sínu máli til stuðnings, að sá, sem hefði lánað kirkju fje, gæti átt á hættu að missa það, eða nokkurn hluta þess, þá er það ekki rjett. Það eru til önnur yngri lagaákvæði um þetta atriði en þau, sem hann las upp. Áðan, þegar jeg talaði síðast, hafði jeg ekki lögin við hendina, en nú hef jeg þau; jeg meina lög 22. maí 1890. Í þeim er kveðið svo á, að þegar fjárhaldsmaður kirkju, er hefir lánað henni fje, sleppir fjárhaldinu eða deyr, þá skal hann og erfingjar hans eiga heimting á að fá skuld þá borgaða af fje því, sem kirkjan hefur afgangs nauðsynlegum árs-útgjöldum.

Fái nú frumv. Ed. um kirkjugjaldið framgang, þá er það ætíð mögulegt, að hæsta gjaldið verði ákveðið. Af því er svo varið eins og með þarf til hinna almennu, nauðsynlegu árs-útgjalda; það sem eptir verður, gengur svo til afborgunar á skuldinni. Hve mikið það verður, ætti að vera hægt a sjá fyrir með nokkurn veginn vissu. Því samkvæmt þessum lögum frá 1890 er kirkjan skyldug til að borga allt, sem hún getur.

Jeg get því með engu móti sjeð, að rjettur kirkjuhaldara til fjár þess, er þeir hafa lánað kirkjunum, skerðist, þó að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg sannfærðist ekki af orðum h. þm. Rangv. (Sighv. Á.) um, að frumv. þetta leiði ekki

til þess, að söfnuðir geti orðið fyrir tilfinnanlegum misrjetti, er svo geti leitt til almennrar óánægju í söfnuðunum gegn forráðamönnum kirkjunnar og kirkjustjórninni. Vjer skulum setja það dæmi — jeg segi engan veginn að það sje almennt — að einhver einstakur bændakirkju-eigandi hugsi fullt svo mikið um það, að hirða kirkjutekjurnar, eins og um að halda kirkjunni við; þá sjer það hver maður, að það getur komið full-hart niður á söfnuðum, að taka við slíkum kirkjum, sem að eins hefir verið haldið í messufæru standi, eða þá ekki í messufæru standi. Jeg er hræddur um, að það geti komið eins hart niður á söfnuðunum að taka við slíkum kirkjum, eins og það getur komið niður á einstöku bændakirkjueigendur, að verða að láta af hendi kirkju sína. Jeg held annars, að það verði öllum þorra af bændakirkju-eigendum fremur til hags en óhags, að losast við fjárhald og umsjón kirkna sinna; þær eru flestar fátækar og auk þess hvíla ýmsar kvaðir á þeim. (*Sighv. Á.*: En eignarrjetturinn er helgur). Já, en þegar svo langt er komið, að kirkjan verður skilin frá ríkinu, þá kemur það ekki til greina; þá verður almenningsheillin að sitja í fyrirrúmi.

Mál þetta er að mínu áliti svo vandamikið, að ekki veitir af að skipa nefnd í það, enda skil jeg ekki í, að kirkjugjaldafrumv. komi svo vel undirbúið úr h. efri deild, að af veiti að skipa nefnd í það hjer; að minnsta kosti verður enn ekki neitt á því hygt hjer í þessari deild, og mætti þá láta sömu nefndina fjalla um bæði málin.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Ef h. deild samþykkir að skipa nefnd, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

Forseti vakti athygli deildarinnar á því, að viðsjárvert væri að skipa nefnd í þeim málum, sem þingmenn hefðu hug á að fá útkljáð á þessu þingi, með því nú væri svo stutt eptir af þingtímanum.

ATKV.GR.: Nefndarkosning felld með 15 atkv. Umr. haldið áfram.

Einar Jónsson: Vjer vitum það, að allar kirkjur, hvort sem eru ljenskirkjur eða bændakirkjur, hafa sömu þýðingu gagnvart söfnuðunum, þá þýðingu, að vera sameiginlegt guðsþjónustuhús þeirra; því er það eðlilegast, að þær standi og jafnt að vígi gagnvart söfnuðum. Söfnuðirnir hafa sömu skyldur og sama rjett gagnvart bændakirkjum sem öðrum kirkjum; þeir hafa þá skyldu, að greiða eigendum þeirra gjöld þeim til viðhalds; en þeir hafa líka rjett til að heimta, að þeim sje haldið í sæmilegu standi og að sparlega sje farið með fje þeirra; en á þessu vill verða töluverður misbrestur, einkum því, að sparlega og haganlega sje farið með fje þeirra; því er opt og einatt varið til ýmissa smáviðgjörða, sem eru ekki ætíð mjög þarfar, svo að seint getur safnazt verulegur sjóður, er hægt sje að grípa til, þegar til stórviðgerða kemur eða þegar þarf að byggja kirkjuna af nýju. Þessar misfellur mundu hverfa, ef söfnuðirnir tækju að sjer kirkjurnar. Í gildandi lögum er þegar gefin heimild til þess, að söfnuðir geti fengið umsjón kirkna, en þó því að eins, að forráðamenn þeirra sjeu fúsir að láta fjárhaldið af hendi. Hjer er að vísu gengið þeim mun lengra, að söfnuðurinn geti tekið að sjer umsjón kirkjunnar, hvort sem forráðamaðurinn vill sleppa henni eða ekki; en jeg gjöri ekki ráð fyrir, að söfnuðir muni nota sjer þennan rjett, nema þegar nauðsyn krefur, og annaðhvort hinna tveggja atriða er fyrir hendi, sem jeg nefndi áðan, að illa eða ófullnægjandi sje farið með kirkjuna, eða þá að ógætilega

sje farið með fje hennar. Jeg vona, að söfnuðir muni ekki svo ásælnir, að þeir reyni einungis að ná í þær kirkjur, sem bezt eru efnum búnar, til að svipta eigendurna rjetti sínum til vaxtanna, en jeg vona, að þeir vilji ná í þær til að bæta þær og tegra; svo ætti það að minnsta kosti að vera, og jeg hef von um, að sá hugsunarháttur eflist og þróist. Það má helzt búast við því, að forráðamenn vilji losast við umsjón kirkju, er þeir hafa óhag af henni, en þó má og vera, að sumir söfnuðir kæri sig ekki um að taka við kirkjunni; þá sýnist mjer þó einmitt rjett, að forráðamaðurinn geti losazt við þá byrði, sem kirkjan leggur á hann, því að það er auðsætt, að allur söfnuðurinn á hægra með að bera hana en einn einstakur maður.

H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) tók það dæmi, að ef eigandi kirkju væri nýbúinn að byggja hana og ef til vill leggja mikið fje úr eigin vasa til byggingarinnar, þá væri ekki ólíklegt, að söfnuðurinn mundi hlaupa til og heimta, að kirkjan væri seld sjer í hendur. Að sjálfsögðu getur þetta komið fyrir, þótt það sje engan veginn víst. En ef það kemur fyrir, þá er afleiðingin ekki önnur en sú, að forráðamaðurinn losast við, að láta álag fylgja kirkjunni við afhendinguna, í stað þess, sem forráðamaðurinn verður að svara meira eða minna álagi, ef hann selur af hendi kirkju bygða fyrir lengri eða skemmri tíma, og er ekki víst, að honum verði það stórum hægra. Auðvitað er það, að þessi lög kunna að koma óþægilega við í einstökum tilfellum; en það er enginn hægðarleikur að semja svo lög, að engum finnist hann hafa óhagræði af þeim. Því mun annars svo háttað með flestar bændakirkjur, að forráðamenn þeirra munu hafa hag af að losast við þær. Hið sama er að segja um ljenskirkjurnar; jeg hygg, að yfir höfuð muni prestar fegnir vilja losast við fjárhald þeirra, ekki sízt síðan lögin um innheimtu kirknafjár komust í gildi, og þeir verða að skila af sjer kirknasjóðunum og missa þannig af vöxtum um þeim, er þeir hafa hingað til notið, og þótt söfnuðir sjeu ef til vill ófúsir, að taka að sjer fjárhald sumra kirkna, þá fyndist mjer það eðlilegast, að hægt væri að skylda þá til þess, vilji presturinn losast við það; því að flestir munu álíta ósanngjarnt það fyrirkomulag, sem nú er, að prestur hafi skyldu til að halda við ljenskirkju og byggja hana upp að meiru eða minna leyti af eigin fje, ef sjóður hennar hrökkur eigi til, og fá það fje máske aldrei aptur, eins og opt hefir komið fyrir. Það sjá þó allir, að það er fremur skylda safnaðarins í heild sinni en prestsins eins, að að leggja fram fje til byggingar og viðhalds hins sameiginlega guðsþjónustuhúss..

En sem sagt, það er erfitt að semja lög um þetta atriði, sem öllum líki; þó hygg jeg hjer, að það verði færri einstakir menn, sem sjer þyki órjettur gjör með lögum þessum. Jeg gæti betur trúað hinu, að söfnuðum þætti sumstaðar nokkuð hart, að verða að taka við umsjón kirkna sinna; en það er bæði rjett og eðlileg kvöð á þeim, að sjá um sitt eigið guðsþjónustuhús, og það er einmitt það fyrirkomulag, sem vjer ættum að stefna að.

Þórður Guðmundsson: Jeg get ekki betur sjeð en að frv. þetta hafi nokkurt jafnrjetti í sjer fólgið, enda álít jeg sjálfsagt og rjett, að alls jafnrjettis verði að gæta, þegar verið er að færa yfir á menn skyldur, sem ekki hafa áður hvílt á þeim.

Jeg get vel aðhyllzt það, að fjárhaldsmenn sjeu eins skyldir að láta af hendi fjárhald kirknanna, eins og söfn-

irnir að taka við því. Jeg játa það með h. samþingismanni mínum (Sighv. Á.), að stöku sinnum kunni það að vera óhagur fyrir kirkjueigendur að verða að selja kirkjur sínar söfnuðunum í hendur. En jeg er samdóma h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) um, að flestir fjárhaldsmenn kirkna muni þó verða fegnir að losna við þetta fjárhald, því að það eru svo mörg bönd, sem hvíla á bændakirkjujörðunum, sem kirkjueigendur mættu verða fegnir að losna við, og það er ekki rjett að skoða þær sem aðrar óháðar einstakra manna eignir.

Þó jeg álíti nú þetta frumv. ekki í öllum atriðum sem heppilegast, vil jeg leyfa því að ganga til 2. umr., einkum vegna þess, ef kirkjuteknafrumv., sem nú er í efri deild, fær framgang, því að þessi tvö frumv. standa í nánu sambandi, að þau ættu helzt að verða samferða.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um undirbúning verðlagsskrár (C. 54.); 1. umr.

Flutningsmaður (*Björn Sigfússon*): Eins og h. deild er kunnugt, kom mál þetta inn á þing í fyrra; var þá skipuð nefnd í það, er gjörði athugasemdir sínar við það, en svo komst það ekki lengra, því að sökum málafjöldans á þinginu varð það eitt af þeim málum, sem dagaði þar uppi. Mjer finnst að mál þetta hafi þó töluverða þýðingu, og að vert sje að sinna því, og það þótt það sje ekki tekið víðtækara en hjer er gjört.

Það er sjálfsagt mörgum ljóst, að þegar um verðlagsskrár er að ræða, þá þyrfti að breyta fleiru en undirbúningi þeirra; það þyrfti einnig að laga sjálfan grundvöll þeirra að ýmsu. En það er vandaverk mikið, að fara að hreifa við grundvellinum. Það mál þarf rækilegrar skoðunar við, og jeg get búizt við, að ekki veitti af fleiri ára þrefi og þófi til þes að komast þar að nokkurri fastri niðurstöðu. En þótt grundvellinum sje ekki breytt, þá er töluverð ástæða til að breyta undirbúningnum. Það er víst allmörgum kunnugt, að opt hefir átt sjer stað kritur og óánægja út af þessum undirbúningi, stundum máske á rökum bygt og stundum ekki. Sjerstaklega hefir því opt verið vikið að prestunum, að þeim hætti til setja verðið hærra en góðu hófi gegndi, og á það sjálfsagt að vera sprottið af því, að þeim er greitt svo mikið af tekjunum eptir verðlagsskrá. Jeg segi ekkert um, hvort þetta er á rökum bygt eða ekki; en vorkunn væri prestum, þótt þeir settu verðið í hærra lagi, og þarf það alls ekki að vera af eigingjörnum hvötum fyrir þeim, heldur af því, að þeir búast við, að hreppstjórarnir muni hafa tilhneigingu til að toga það niður á við. Jeg álít, að með einföldum ráðum megi koma í veg fyrir þetta, að annar togi verðið upp, en hinn dragi það niður, og að ekki þurfi annað en láta nefnd starfa að undirbúningnum eins og farið er fram á í frumv. Með þessu hlýtur að falla niður allur grunur um hlutdrægni, og þegar enn fremur er gjört ráð fyrir, að skýrsla nefndarinnar sje lögð fram fyrir almenning og að gjaldendur eigi kost á að sjá, hvaða verð er sett á hvað eina í verðlagsskránni, þá getur ekki verið ástæða til að ætla annað, en að rjett verð muni sett á hverja vörutegund í verðlagsskránni. Jeg vona, að h. deild sje oss flutningsmönnunum samdóma um þetta og lofi frumv. að fá framgang, þótt ekki sje lengra farið. Það getur vel verið að heppilegra sje að haga einhverjum ákvæðum öðruvísi en í frumv. er gjört, og munum við

með þakklæti taka sjerhverri bendingu sem miðar til þess að hlynna að málinu og bæta frumv.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er samdóma h. flutningsm. (B. Sigf.) um, að nauðsyn beri til að gjöra breytingu á gildandi ákvæðum um verðlagsskrár, og sömuleiðis get jeg játað, að sú breyting, sem farið er fram á í þessu frv., miði til nokkurra bóta; en jeg álít, að hún fari mikils til of stutt, þar sem hún ekki í neinu raskar grundvellinum, en mjer finnst engu síður þörf á að breyta honum en undirbúningi verðlagsskránna.

H. flutningsm. (B. Sigf.) tók það fram, að hann væri líka á þeirri skoðun, að breyta þyrfti grundvelli verðlagsskránna, en sagði, að það væri svo mikið verk, að ekki mundi auðið að fá þeirri breytingu framgengt á þessu þingi. Jeg er honum samdóma í því, að tíminn mundi of stuttur, ef gjöra ætti algjörða breytingu í þessu efni; en þó mætti, að minni hyggju, umbæta nokkur atriði er gerðu það að verkum, að skrárnar fengju meiri þýðingu eptir en áður.

»Varðar mest til allra orða
að undirstaðan rjett sje fundin«.

Undirstaðan fyrir samningi verðlagsskránna er fyrst og fremst vörutegundirnar, sem peningaverðið er miðað við, en að þessu leyti er margt athugavert við verðlagsskrárnar. Upp í þær eru nú teknar margar vörtegundir, sem óeðlilegt er að taka, en öðrum aptur sleppt, sem ættu að standa á skránum. Skal jeg nefna sem óþarfar vörutegundir ýmislegt prjónles: eingirnissokka og peisur. Fjallagrös eru jafnvel tekin með og fleira, sem alveg er óþarft að nefna. Aptur er sleppt kjöti og fleiru, sem gengur kaupum og sölu í hverju hjeraði. En þetta verður nú svo að vera. Peisurnar verða að standa á þessu þingi, en kjöt að vanta, og á þessum peisulega grundvelli verðum við að byggja. Enn er eitt athugavert við grundvöll verðlagsskránna. Prestur og hreppstjóri eiga að byggja skýrslur sínar á því, hvað sú og sú vörutegund getur selzt í hreppnum, en nú er svo, að sumar þessar vörutegundir ganga aldrei kaupum og sölum í mörgum hreppum. Af þessu leiðir, að verðlagsskýrslurnar frá sumum hreppum verða ekkert annað en tómur pappírinn. Jeg hefi reynslu fyrir mjer í þessu, þar sem jeg hefi verið hreppstjóri í einhverjum hinum minnsta hreppi landsins. Jeg sendi frá mjer tóman pappírinn eða því sem næst. Leitaði jeg álits sýslumanns í þessu efni, og hann úrskurðaði, að ekki þyrfti að taka aðrar vörutegundir á skrána en þær, sem gengju kaupum og sölum í hreppnum. En ef allir eða margir hefðu þennan sið, þá yrðu allar verðlagsskrár ómögulegar, því í þær mundi vanta ýmsar nauðsynlegar vörutegundir. Það segir sig sjálft, að opt muni koma fyrir í heilum hreppum, að ekki sje seld ein einasta kýr í því ástandi, sem verðlagsskráin tekur til, kýr, sem er 3—8 vetra gömul og á að bera á tímabilinu frá miðjum október til nóvemberm. loka. Jeg veit, að það hefir viðgengizt, að hreppstjóri, sem hefir komizt að því, að einhver kýr hefir verið seld einhvern tíma á árinu, hefir miðað verðið við sölu hennar, þótt hún hafi verið komin undir tvítugt og hafi ekki átt að bera fyr en um eða eptir jól. Í sumum verðlagsskrám hefi jeg sjeð, að ærnar, sem verðið er miðað við, megi ekki vera eldri en 7 vetra, en það er örðugt, að komast eptir, hve gamlar þær ær hafa verið, sem seldar hafa verið í sveitinni, og þyrfti hreppstjóri þá að útvega sjer skírnarvottorð þeirra eða fæðingarvottorð, til þess að vera nokkurn veginn viss um að gefa

rjettar skýrslur. En til þess nú að geta fengið verðlagsskrár, sem ekki er tómur pappír, en sem næst sanni, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að nefnd sú, sem skipuð yrði til að semja þær, ætti að nokkru leyti að fá heimild til að fara eptir mati sínu um það, hvað vörutegund, sem ekki selst í hreppnum, mundi seljast, ef hún væri seld. Ef hún veit t. d., að 9 vetra kýr hafi verið seld í hreppnum, þá megi hún nota söluverðið við mat sitt, þar sem hún eptir gildandi lögum eigi hefir neina heimild til þess. Enn hefi jeg fleira að athuga við grundvöllinn. Þó hreppstjóri eða prestur viti t. d. að einhver vörutegund hafi verið seld í hreppnum, þá getur staðið svo á, að það sje mjög óeðlilegt, að taka tillit til söluverðs vörunnar. Ef einhver hlutur kemst í mjög hátt verð á söluþingi fyrir þá sök, að fullur maður sprengir verðið upp, eða ef maður út úr neyð selur hlut svo lágu verði, að ekki nær neinni átt, þá er eptir gildandi lögum rjett að taka tillit þessa verð, en eptir eðli sínu hlýtur það að vera rangt að byggja á slíku.

Í sambandi við þetta vil jeg taka fram eitt atriði í frumv. Það fer fram á, að 3 manna nefnd undirbúi verðlagsskrárnar. Reyndar hafa tveir af þeim verið áður með í að semja skrárnar og því að eins einum bætt við, en það er þó töluverð trygging í því, að þessum eina er bætt við, og eins í því, að nefndin á að starfa í sameiningu. Það er þó trygging fyrir því, að ekki verði gefnar rangar skýrslur. En ef frumv. breyttist í þá átt, sem jeg hefi bent á, og nefndin væri ekki einungis bundin við það söluverð, sem henni væri kunnugt um, heldur mætti einnig byggja á mati, þá mundi ekki veita af, að hún væri fjölskipaðri, að í henni væru t. d. 5 menn.

Þá er það ákvæði í frumv., að sýslumaður skuli annast prentunina á aðalskýrslunni. Jeg veit ekki hvernig á að skilja þetta ákvæði, en er hræddur um að það geti tafið fyrir útkomu verðlagsskránna, því hvaðan á sýslumaður að taka peninga í prentunarkostnaðinn? Jeg ætla, að það sje eins hentugt, að birta skrárnar í Stjórnartíðindunum, eins og hingað til hefir verið gjört, en ekki er víst, að það verði gjört, ef þetta ákvæði frumv. verður látið standa.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg hefi að eins stutta athugasemd, sem jeg vildi gera viðvíkjandi þessu frumv. Jeg sje ekki nokkra ástæðu til að breyta núgildandi lögum, úr því ekki er farið lengra en í frumv. — Frá h. flutningsm. (B. S.) komu vantrausts- og tortryggnisyfirlýsingar til presta þeirra sjerstaklega, sem eiga að semja verðlagsskrárnar; slíkar yfirlýsingar eru, að því er jeg þekki til, algjörlega ástæðulausar. Jeg hefi sjálfur fengizt við að semja verðlagsskrár, svo mjer er þetta mál nokkuð kunnugt; jeg hefi sjerstaklega haft tækifæri til að kynna mjer verðlagsskrár presta, og skal jeg geta þess, að jeg veit dæmi þess, að verðlagsskrá hefir verið lægri frá presti en hreppstjóra. Þess vegna eru þessar tortryggnis-yfirlýsingar eptir minni meiningu á engum rökum bygðar, og það á illa við að koma fram með slíkt, einkum þegar hvorki eru færð skil nje dæmi upp á, að þetta sje satt. Þessar og þvílíkar tortryggnis-getgátur sýna að eins, hvað slíkir herrar mundu gera, et þeir væru í sömu stöðu.

Jeg segi þetta ekki til hins h. flutningsm.; jeg skildi orð hans svo, að það væri ekki hann sjálfur, sem hefði slíka skoðun, heldur að hann hjeldi því fram, að slíkar skoðanir væri til.

Jeg hefi ekkert á móti því, að skipuð sje nefnd til að semja verðlags-

skrárnar, en lengra vil jeg ekki fylgja frumv. undir neinum kringumstæðum; jeg get ómögulega sjeð, hvaða ástæða er til þess að hringla verðlagsskránum frá prófasti til sýslumanns; því ekki að senda þær beina leið til sýslumanns eða beina leið frá prófasti til stiptsyfirvaldanna? Jeg get ekki skilið, að sýslumaður eða prófastur geti í nokkru breytt verðlagsskránni. Meiningin á víst að vera sú, að prófastarnir reikni út meðaltal og sendi það svo sýslumanni til prófunar; með öðrum orðum, meining frumv. er, að prófastur kunni ekki að reikna, ekki að leggja saman 2 og 2, og geta allir sjeð, hve mikið heilbrigt vit er í slíku.

Í því er jeg samdóma hinum h. þm. Strand. (Guðj. G.), að ákvæði frumv. um prentunina eru ónóg. Það er ekki hægt að sjá, hvort skrárnar eigi að sjerprenta, eða, eins og tíðkazt hefir, í Stj.tíð.; heldur ekki er neitt tiltekið um kostnaðinn, hvaðan hann eigi að borgast.

Einnig skal jeg taka það fram, að það er ekki nóg, að verðlagsskrárnar sjeu löggiltar í miðjum maímán.; eptir ýmsum konungsúrskurðum má byrja manntalsþing í sumum hjeruðum 10. apríl, og þá yrði að gjalda eptir verðlagsskrá frá fyrra ári; eptir núgildandi venju eru verðlagsskrár löggiltar í febrúar og auglýstar allvíðast í miðjum marz, svoleiðis, að hægt er að byrja manntalsþingin í apríl, en eptir reglu frumv. verður það ekki fyr en um eða eptir miðjan maímánuð.

Yfir höfuð er ýmislegt í þessu frv., sem mjer ekki líkar, svo að, eins og málið nú liggur fyrir, get jeg ómögulega gefið því atkv. mitt; jeg held nauðsynlegt væri að setja nefnd í málið, ef það á að komast gegnum þingið, en jeg vil þó ekki stinga upp á henni nú strax, svo jeg ekki skeri niður umr.

Flutningsmaður (*Björn Sigfússon*): Mjer fannst á ræðu h. þm. V.-Skapt. (Guðl. Guðm.), sem hann hefði misskilið mig í meiri lagi, eins og jeg hefði kastað fram vantrausts- og tortyggnisorðum til prestastjettarinnar. Jeg vitna það undir h. þingdm., hvort slík meining hefir legið í orðum mínum. Að eins gat jeg þess, að tortryggni gagnvart prestum og hreppstjórum í þessu efni ætti sjer stað, og við það stend jeg, enda munu fleiri h. þingdm. þekkja það vel, hvað sem h. þm. V.-Sk. segir; þó að þessi tortryggni væri eigi allt af á gildum rökum bygð, þá er hún jafnskaðleg fyrir því, og rjett að girða fyrir að hún komist að.

Jeg gat ekki fundið að neitt verulegt væri að græða á ræðu h. þm.; hún var eiginlega lítið annað en hártoganir. Það er raunar fjarri því, að jeg álíti það nauðsynlegt að prófastur reikni út verðlagsskrárnar, en af því nefndin lagði það til í fyrra, og við flutningsm. álítum það alls ekki skaða, þá ljetum við það halda sjer. Jeg held að það geti varla talizt »heilbrigt vit«, sem ekki sjer það, að þó að maður kunni að reikna, kunni meira en að leggja saman 2 og 2, þá getur honum yfirsjezt; jeg fyrir mitt leyti hefi ekki trú á óskeikulleik nokkurs manns, og sýnist því tryggara, að annar maður endurskoði reikningsdæmið.

Í fyrra, þegar þetta mál var hjer á þinginu, áleit nefndin, sem skipuð var í málið, og á sömu skoðun vorum við flutningsm. núna, að ekki þyrfti að taka skýrara fram en hjer er gert um prentun og kostnað; að það væri gefið, að sama gilti hjer að lútandi og verið hefir, nefnilega að verðlagsskrárnar væru prentaðar í Stj.tíð, og kostnaðurinn borgaður eins og að undanförnu. Það hefir ekkert verið fyrirskipað um þetta í lögum hingað til, og þó hafa

stjórnarvöldunum engin vandræði orðið úr því. En það má vel vera, að rjettara væri að taka þetta betur fram í frv.; þá mætti gera það seinna með breyt.till.

Jeg er þakklátur h. þm. Strand. (Guðj. G.) fyrir hans góðu undirtektir undir málið. Hinn h. þm. kannaðist við, að nauðsyn væri á að breyta undirbúningi verðlags-skránna frá því sem nú er, og hann kannaðist við, að breytingin, sem liggur í frumv., færi í rjetta átt, þá átt, að gefa meiri tryggingu fyrir betri undirbúningi en hingað til. Hvað grundvöllinn fyrir verðlagsskránum snertir, þá er það atriði, sem að vísu liggur fyrir utan þetta mál, en jeg er samdóma h. þm. í því, að hann er í ýmsu athugaverður; í hinni fyrri ræðu minni skýrði jeg frá því, hversvegna við flutningsm. ekki hefðum fundið ástæðu til að hagga honum að þessu sinni.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) kom með nokkrar bendingar í þá átt, að heppilegra væri, ef þetta frumv. kæmist í gegnum þingið, að skjóta inn í það ákvæðum þess efnis, að verðlagsskrárnefndirnar skyldu hafa heimild til að meta til verðs þær vörutegundir, sem í rauninni hefðu ekki gengið kaupum og sölum í hreppnum. Það má vel vera, að þetta væri heppilegt; jeg hefi ekki haft færi á að bera mig saman í þessu efni við mína h. meðflutningsm.; jeg vildi fúslega taka þetta til íhugunar, í samráði við hinn h. þm. Strand. Hins vegar finnst mjer það liggja í orðalagi frv., að nefndin hafi heimild til að setja verð á þá vöru, sem vanalega gengur kaupum og sölum, þó svo vildi til, að varan væri ekki seld það ár í hreppnum. Hjer stendur í frumv., að nefndin — »skuli semja skýrslu um verðlag á búpeningi þeim og vörutegundum, sem venja er að telja til verðlagsskráa, eptir því peningaverði sem þeim er kunnugt um innan hrepps eða bæjarfjelags«. — Jeg fyrir mitt leyti hefi þó ekkert á móti því, að athuga þetta atriði betur til 2. umr., og, ef mönnum sýnist svo, breyta því í þá átt, sem hinn h. þm. Strand. drap á.

Jeg man ekki eptir fleiru, sem jeg finn ástæðu til að taka fram.

Jens Pálsson: Hinn h. flutningsm. (Bj. S.) ljet í ljósi þá skoðun í ræðu sinni, að sumstaðar ætti sjer stað tortryggni gagnvart prestunum í mati verðlagsskránna, að menn grunuðu þá um að hækka matið úr hófi til eigin hagsmuna, af því þeir sjálfir fengi gjöld sín eptir verðlagsskráar mati. Jeg skal geta þess út af orðum hins h. flutningsm., að vel má vera, að slík tortryggni eigi sjer stað; en það munu engin rök eða dæmi vera til, sem staðfesta þessa tortryggni.

Það er eðlilegt, að menn gruni frekar prestinn sinn en sýslumann, því presturinn stendur mönnum nær, hann verður að innheimta sínar tekjur og kirkjunnar eptir verðlagsskráar verði; sýslumaðurinn á að vísu að gæta rjettar landssjóðs, en sjálfur hefir hann fastákveðin laun, og er því síður grunaður. En nú get jeg komið með 1 dæmi, sem bendir á, að þessi grunsemd gagnvart prestunum sje ekki á rökum bygð. Í einu sýslufjelagi, sem jeg er kunnugur og nokkuð viðriðinn, kom fram á opinberum fundi kvörtun yfir því, að eitt verðlagssráarmatið væri of hátt, og ljek grunur á, að það væri prestinum að kenna; mjer datt í hug að kynna mjer þetta betur, fór til biskupsins og fjekk þar að kynna mjer undirlagið undir þessu verðlagsskráarmati, og þá komst jeg að raun um, að það var einmitt sýslumaðurinn, sem hafði hækkað mat hreppstjóranna, til þess að gæta rjettar landssjóðs, en að aptur á móti

prestsskýrslurnar voru mjög hóflega settar, og hafa án efa verið alveg rjettar. Út af þessu tilfelli hefi jeg sjeð fyrirspurn í blöðunum, á þá leið, hvort sýslumanni væri leyfilegt að raska mati hreppstjóra til undirbúnings verðlagsskrám, ef fráleitt væri. Svarið var já.

Eptir minni reynslu og þekkingu álít jeg slíkar grunsemdir gagnvart prestunum alveg ástæðulausar.

Annars er það mín skoðun, að verðlagsskrárnar mættu missa sig; menn gætu mjög vel verið án þeirra, og jeg vona að sá tími nálgist, að þær verði óþarfar.

Það hefir verið tekið fram, að grundvöllurinn undir verðlagsskránum sje slæmur; sumt sje metið, sem engin aðalvara sje, en sumu sleppt, sem þar ætti að standa. Þetta má vel vera, en jeg er hræddur um að erfitt verði að afmarka undirlag verðlagsskránna að þessu leyti, svo að allir verði ánægðir og samdóma.

Hitt er ráðið, að koma svo ár sinni fyrir borð, að losna við verðlagsskrárnar, enda eru þær ekki annað en afleiðing af gömlu viðskiptaástandi, sem sumpart er orðið úrelt, og sumpart er að úreldast. Vjer sjáum að nú eru fyrir h. Ed. lög um tekjur kirkna, sem sneiða hjá öllu verðlagsskráarmati, og við getum hugsað oss, að einhvern tíma kunni sá tími að koma, að prestar fái tekjur sínar, ekki eptir lagaskrá í álnum, og að engar tekjur landssjóðs verði eptir verðlagsskrárálnum sniðnar; þegar að því kemur, er verðlagsskráin orðin óþörf, því þó að verið sje að burðast með fátækratíund til sveitarsjóða, þá er tíundin svo lítið brot af tekjum hreppanna, að enginn skaði væri skeður, þó sá liður fjelli niður; hann gerir ekki annað en auka fátækrastjórum skriftir og reikningserfiði og vanda, en hefir enga fjárhagslega þýðing fyrir hreppana.

Jeg vona að verðlagsskráin verði einhvern tíma skoðuð sem lagalegur og skjalalegur forngripur.

Hvort nokkur rjettarbót yfir höfuð sje í þessu frumv. finnst mjer mjög vafasamt. Jeg skal játa, að ofurlítið meiri trygging er í því, að 3 eiga að semja verðlagsskrárnar, í stað 2 áður; ef til vill kynni sá 3. að vita eitthvað um einstöku kaup og sölu, sem hinir ekki vissu. Að öðru leyti er verðlagsskráin ætíð gallaður verðlagskvarði; því verðlagið, bæði á einstökum vörutegundum og öllum þeim samanlögðum, getur ýmist mjög mikið hækkað eða lækkað á ári því, sem þær eru samdar á; því að þegar til þess kemur að gjöld eru tekin eptir einhverri verðlagsskrá, þá er verðlag það, er í þá verðlagsskrá er sett, í raun og veru orðið ársgamalt, og fellur verð á vöru eða stígur á skemmri tíma.

Þegar á allt er litið, held jeg, að þetta frv. verði ekki að miklu gagni; en það er hugulsemi við hina umræddu tortryggni og kann að afstýra henni; það má þannig vel vera, að örlítil rjettarbót sje í þessu frumv., og vil jeg ekki meina því að komast til 2. umr.

Þórður Guðmundsson: Jeg skal ekki vera langorður; umræðurnar eru orðnar nokkuð langar. Jeg skal heldur ekki fara út í einstök atriði; en það voru að eins orð h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) og h. þm. Dal. (J. P.), sem gáfu mjer tilefni til þess að taka til máls. Þeir sögðu, að þessi grunur um, að prestar settu verðlagið of hátt og hreppstjórinn of látt, væri ekki á rökum bygður, og h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) fór hörðum orðum um það, hve menn væru gjarnir á að kasta fram grun-

semdum, sem ekki væru á rökum bygðar.

Jeg fyrir mitt leyti get fært greinilegar sannanir fyrir því, að þessi grunur er á rökum bygður sumstaðar. Og án þess að jeg vilji tilnefna neina persónu, skal jeg geta þess, að þessi grunur hefir átt sjer stað í kjördæmi mínu. Jeg skal geta þess, að það er ekki fremur grunur á prestinum, að hann vilji hækka verðlagsskrána, en á hreppstjóranum, að hann vilji lækka hana. Jeg sýndi fram á það í fyrra, þegar mál þetta var til umræðu hjer í deildinni, að það væri heppni, ef rjett meðalverð næst, því skoðanir þeirra, sem verðlagsskrána eiga að búa til, eru svo skiptar. Jeg veit ekki, hvað geta verið misjafnar skoðanir, ef ekki þegar prestur setur til dæmis smjörpundið á 75 en hreppstjóri á 45. Ef svona væru misjafnar skoðanir víða í sömu sýslunni, þá tel jeg vafasamt, hvort rjett meðalverð næst. Annars er þetta vandasamt mál, eins og sjezt hefir af umræðunum, þar sem sumir h. þingdm. hafa verið þeirrar skoðunar, að það fyrirkomulag á undirbúningi verðlagsskráa, sem nú er, sje aðgengilegt. Sumir álíta, að margt vanti í verðlagsskrárnar, og aðrir, að margt standi í þeim, sem alls ekki ætti að vera þar, og enn aðrir álíta, að engar verðlagsskrár þurfi að vera. Jeg er með því, að svo mætti um búa, að engar verðlagsskrár þyrftu að vera, en í þá stefnu hefir ekkert frumv. komið inn á þingið, vegna þess, að þetta er mjög vandasamt mál og margt að athuga við það, svo slíkt frumv. hefði eigi getað orðið útrætt á þessu þingi.

Jeg álít frumv. þetta vera til bóta, því jeg veit það, að þessi grunur er almennur í sumum sveitum; getur verið, að hann eigi sjer ekki stað í sumum, og jeg veit það, að hann er sumstaðar á rökum bygður. En hann liggur ekki fremur á prestinum en hreppstjóranum, eins og jeg tók fram áðan.

ATKV.GR.: Eptir uppástungu 8 nafngreindra þingm. var samþykkt, að umræðum skyldi vera lokið.

Málinu því næst vísað til 2. umr. m. 18 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um áfangastaði (C. 51); fyrri umr.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Það er öllum kunnugt, hversu það er nauðsynlegt fyrir ferðamenn, að hafa vissa áfangastaði, til þess að hvíla sjálfa sig og hesta sína. En um áfangastaði er ekkert ákveðið í lögum nema lítils háttar í Jónsbók. Það er gamalli venju að þakka, að það hefir hingað til gengið óátalið, að menn geti áð hestum sínum á vissum stöðum, svo hundruðum skiptir, án nokkurrar borgunar, þrátt fyrir landusla, sem margir hestar sjálfsagt gera. Þetta gat gengið vegna venjunnar, meðan gömlu vegirnir og gömlu áfangastaðirnir voru notaðir. En nú eru komin ný vegalög, og við það hefir sú breyting orðið, að nýju vegirnir liggja sumstaðar á öðrum stað en hinir gömlu; einkum kemur þó þetta fram þar, sem brýr eru bygðar. Þegar Ölvesárbrúin var bygð, lögðust niður ferjurnar á Laugardælum, sem eru nokkru ofar, og Kotferju, sem er nokkru neðar. Við þessa ferjustaði höfðu myndazt áfangastaðir, og þótti sjálfsagt, að ferjumenn þyldu ágang af ferðamannahestum, þar sem þeir höfðu gagnið af umferðinni yfir árnar. Nú er þeim vorkunn, þó þeir ekki vilji þola áganginn, þegar ágóðinn er horfinn. Þess má og geta, að síðan þessar ýmsu samgöngubætur hafa verið gjörðar, geta ferðamenn farið lengri dagleiðir en áður, svo fyrir það þurfa þeir að á hestum sínum á öðrum stöðum en áður, meðan

vegirnir voru lítt færir og dagleiðir stuttar. Þess vegna er nauðsynlegt, bæði vegna ferðamannanna og þeirra búanda, sem áganginn verða að þola af þessum nýju áfangastöðum, að ákveða með lögum um rjettindi beggja málsparta. Þar sem margir ferðamenn leggja í vana sinn að á og hvíla hesta sína með fram þessum nýju vegum, leggst ný kvöð og slæm á jarðir, sem fyrir því verða. Það er ekki lítil kvöð á jörðinni, ef ferðamenn liggja þar með fleiri hundruð hesta á hverri nóttu viku eptir viku, án þess fyrir það komi nokkurt endurgjald. Líka er það á hinn bóginn mjög óhagfelt fyrir ferðamenn að hafa engan vissan áfangastað, þar sem þeir megi á og vera óhultir með hesta sína. Þegar ferðamenn leggjast annarsstaðar en í þeim gömlu áfangastöðum, þá er þeim sem landið eiga vorkunn, þó þeir kæri sig ekki um að fá þessa nýju kvöð á sitt land, og reyni að verja það. Þeim er nauðugur sá kostur, annaðhvort að siga hundum á hesta ferðamanna eða þá að taka borgun fyrir áganginn, sem báðum aðilum er óhentugt og getur valdið illdeilum. Jeg verð að álíta mjög óheppilegt, að ferðamenn þyrftu að borga í hvert skipti fyrir, að á hestum sínum, eptir því sem peningaástandið er nú; bæði greiðanda og gjaldheimtumanni mundi verða óhægt um þá fjárheimtu. Það væri heppilegast, í þessu máli, að sýslunefndirnar fengju vald til þess að greiða ákveðið og umsamið gjald til vissra manna á hentugum stöðum með fram þjóðvegunum fyrir leyfi handa ferðamönnum að á hestum sínum á ákveðnum áfangastöðum, sem sýslunefndirnar ákvæðu.

Við flutningsmenn tillögu þessarar höfðum fyrst hugsað okkur að koma með frv. í þessa átt, en við nákvæmari yfirvegun breyttum við þessu og álitum hentugra að koma með þingsál.-till. þessa, til þess að þingið næsta ár gæti fengið álit sýslunefnda og sýslubúa um það, hvernig lagað fyrirkomu þeir álitu haganlegast.

Jeg stakk upp á tveimur umræðum, þegar þetta mál fyrst var borið upp, af því jeg ímyndaði mjer, að líkt gæti staðið á í fleirum sýslum en Árnes- og Rangárvallasýslu og gæti þá viðkomandi þingm. átt kost á að bæta við sínum viðaukatill. til 2. umr.; en þetta hefir ekki skeð, enda gjörir það minna til, því það sem hagfelt er fyrir tvær sýslur, er líklegt að geti farið vel fyrir fleiri sýslur.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta mál, því jeg vona, að h. þm. sjái, að nauðsynlegt sje að ákveða nákvæmar með lögum, en það sem nú er, um áfangastaði og rjettindi ferðamanna gagnvart landeigendum, sem við þjóðvegi búa.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vona, að allir skilji það, að áfangastaðir sjeu nauðsynlegir með fram þjóðvegum, en þess er einkum þörf þar, sem ferðalög eru löng. Enn fremur gætir þess mest þar, sem flutningaþörfin er mest, en hún er hvergi meiri hjer á landi en í þessum tveimur sýslum, Árnes- og Rangárvallasýslu, en þar af leiðir, að sumar þær jarðir, sem næstar liggja þjóðvegunum, verða fyrir ágangi, mjög tilfinnanlegum, af ferðamönnum. Það mun nokkrum vafa undirorpið, sjerstaklega meðal alþýðu, hvort nokkrir lögáfangastaðir sjeu til, eða að hve miklu leyti ummæli Jónsbókar sjeu í gildi í þessu efni, — að því leyti að lögáfangar væru til —, þá skoða jeg það sem aðra kvöð, sama sem ítök, sem á jörðunum hvíla,

og jeg tel það mjög vafasamt, að það sje hyggilegt, að kaupa þessa kvöð af jörðum þeim, er hún kann á að hvíla; fyrst álít jeg sje, að fá það út, hvort Jónsbók sje í gildi eða ekki í þessu efni; hitt er annað mál, að lögáfanga þarf að ákveða með vissum takmörkum, svo ágangurinn af ferðamönnum eða rjettara sagt hestum þeirra ekki sje takmarkalaus. En það er öllum ljóst, að áfangastaðir eru að þörfum til óaðskiljanlegir frá brúkun þjóðveganna, eins og enn er ástatt hjá okkur með ferðalög og lengi mun verða.

Eins og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók fram, þá hefir þetta einkum komið í ljós síðan Ölvesárbrúin komst á, og enn þá meira ber á því eptir að Þjórsárbrúin verður fullgerð og komin til nota. Til þess að ráða bót á þessu, höfum við komið með þessa till. Kjósendur okkar hafa ýmsir hreift þessu máli, báðir málspartar.

Jeg skal ekki segja, hvort reki að því, að gera lög um þetta efni, en jeg álít fyrsta atriðið að fá álit sýslunefnda og amtsráða um málið, og annað atriðið, að vita, hvort Jónsbókar ákvæðin um þetta sjeu enn í gildi, því jeg ætla, að sje Jónsbók ekki í gildi, þá muni verða dýrt fyrir sýslunefndirnar að kaupa þessa áfangastaði og eins fyrir bændur eða ferðamenn, ef þeir þurfa að borga fyrir að fá að æja hestum sínum almennt. Jeg neita því ekki, að það er þung kvöð, þar sem mikil umferð er og mikill ágangur, en það er sama með þetta og aðrar gamlar kvaðir. Það er líka þung kvöð á jörðum, þar sem ítök eru frá frá öðrum jörðum, bæði skógarítök og slægjuítök.

En eptir því sem þessar tillögur eða álit, er koma frá sýslunefndum eða viðkomandi amtsráði, verða, mætti haga sjer með málið framvegis, en í lengstu lög álít jeg að ætti að verjast því, að leggja gjöld á sýslusjóðina fyrir áfangastaði.

Ellefti fundur, mánudaginn 13. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 53); 1. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal leyfa mjer þegar að geta þess og bið h. deild að hafa það hugfast, að jeg hef ásett mjer að láta síðari hluta 1. gr. falla burt, og mun jeg á sínum tíma koma með breytingartill. í þá átt. Þetta er þýðingarmikið atriði, að því er snertir frumv. yfir höfuð, og vona jeg, að h. deild verði það ljóst, er jeg hef komið fram með athugasemdir mínar við það.

Jeg skal og geta þess, að mjer er það alveg ljóst, að tími þessa þings er stuttur, og eins hitt, að svo mikið verkefni liggur þegar fyrir því, að það muni ekki geta orðið að tullu at hendi leyst á þessu þingi. Eigi að síður hef jeg fundið mjer skylt, að bera mál þetta fram, og það einn míns liðs; svo mikilsvert tel jeg það, já, jeg tel það svo mikilsvert, að h. deild gæti ekki með óskertum sóma sínum leitt það fram hjá sjer, og skal jeg leitast við að gjöra h. deild skiljanlegt, hvers vegna jeg skoða málið þannig.

Jeg veit, að jeg á hjer tal við menntaða menn, þar sem h. þingm. eru, og því vil jeg benda þeim til þess, er þeir hljóta að hafa orðið fróðir um af lestri mannkynssögunnar og reynslu allra þjóða; jeg vil benda þeim á og skjóta því undir þeirra dóm, hvort eigi sje svo, að sagan og reynsla þjóðanna sje há-talandi vottur þess, að verzlunarástand hvers lands sje aðal-liðurinn í allri framför landanna og aðal-fóturinn

undir menningu þeirra; svo hefir það verið, svo er það og svo mun það verða. Jeg segi: svo mun það verða, en býst jafnframt við að heyra brigður bornar á það af þeirri ástæðu, að jeg sje enginn spámaður; en jeg svara því svo: mannleg þekking er að vísu takmörkuð og vjer getum ekki lesið hina óskráðu bók komandi tíma, en vjer getum þó gjört ályktanir um ókomna tíma, ályktanir bygðar á reynslu liðnu tímanna, en alls ekki þvert ofan í hana, og samkvæmt því tel jeg mig hafa rjett til að staðhæfa, að verzlunar-ástandið muni reynast fortakslaus mælikvarði fyrir þroska, menningar- og menntastigi þjóðanna eigi síður framvegis en það hefur reynzt hingað til.

Jeg vona að allir verði mjer samdóma um það, að sagan og reynslan vitni það, að fremst í broddi allra stórfyrirtækja sje verzlunarvitið og verzlunaraflið vant að standa, og að varla hafi neitt af hinum miklu og mörgu risa-fyrirtækjum mannkynsins, sem menn svo kalla, komizt á fót án þess, að verzlunaraflið með auðmagni sínu hafi borið fram merkið og haldið því uppi. Þetta þarf jeg ekki að sanna eða útlista frekar, því að jeg tel sjálfsagt, að h. þingdeild muni vera mjer samdóma um það.

En jeg ætla að snúa mjer að reynslu vorrar eigin þjóðar, og hverfa í huganum nokkuð aptur í tímann, hverfa að einokunartímabilinu í sögu vorri, því tímabili, sem allir þekkja og sem sífellt er vitnað til, þegar um verzlun vora er að ræða. Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um þann blóðuga feril, sem þá var lagður yfir þetta land, yfir vora kæru ættjörðu; það er ekki svo langt síðan, að sú tíð stóð, ekki nema rúm öld, og nógar menjar hennar enn eptir, til að minna oss á hana. En það er annað atriði, sem jeg vildi hjer sjerstaklega beina athygli hinna háttv. þingmanna að; jeg vil bera fram þá spurningu: Hvernig hvarf einokunin? Hún hvarf að boði og vilja hins einvalda Danakonungs; hann sá, að ekki mátti við svo búið standa, ætti þjóðin á Íslandi ekki að deyja úr hor og hungri; hann snýr því við blaðinu og stefnir inn á nýjar brautir. Með löggjöfinni 1786 og 1787 er einokunin afnumin, og gagngjörð tilraun gjörð til þess, að koma hjer á fót innlendri verzlun og innlendri verzlunarstjett. Þetta var og hið eina rjetta ráð og hinn eini færi vegur landinu til viðreisnar, og ef þessu hefði verið trúlega og staðfastlega fylgt í framkvæmdinni, þá er jeg sannfærður um, að vor elskaða fósturjörð, Ísland, mundi nú líta allt öðru vísi út en það gjörir, og vjer sem nú lifum vera öðru vísi á vegi staddir. En svo sorglegt sem það er til frásagna, þá var þessum tilgangi löggjafans ekki fylgt; hvernig á því stóð, hirði jeg ekki um að útlista. Það er nóg í þessu sambandi, að skömmu síðar er blaðinu enn snúið við og sagt: Nei, það eru ekki innlendir, íslenzkir kaupmenn, sem vjer viljum koma upp og efla; það er nóg, að danskir þegnar búsettir í Danmörku reki verzlun á Íslandi með umboðsmönnum. Það er opna brjefið frá 1. júní 1792, sem jeg vil brýna fyrir hinum háttv. þingmönnum, að hafi eyðilagt þann rekspöl, sem konungur með löggjöfinni 1786 og 1787 hafði afráðið að koma á, með því, að gjöra verzlunina í sannleika, og meira en í orði kveðnu, innlenda. Það er þetta opna brjef, sem þannig hefur orðið til þess, að búa til marga anga út úr hinni fornu einokunarverzlun, eins konar víðtækt krabbamein; það hefur með öðrum orðum orðið til þess, að flytja einokunina í raun og veru úr einni hönd í margra hendur. Jeg hefi fullan rjett til að skilja þetta

svo, því sú hefur reyndin á orðið, eins og allir vita, að hjer hefur myndazt grúi af útlendum selstöðuverzlunum, sem rakað hafa saman fje, öfluðu með svitadropum íslenzkrar alþýðu, og flutt það jafnharðan út til Danmerkur, en hitt geta allir sjeð og þreifað á, að þessar verzlanir hafa alls ekkert, minna en ekkert gjört til að hrinda þjóðinni áfram eða ryðja nokkra braut fyrir menning hennar eða menntun, og ekki hafa þær eða eigendur þeirra gjört einu sinni neitt til að efla landbúnaðinn eða koma upp sjávarútveginum, og bókstaflega ekkert gjört til að vekja og glæða krapta landsins og draga auðæfin úr skauti íslenzkrar moldar og úr sjávardjúpinu kringum landið, ekkert gjört til að gjöra Íslendingum hægra fyrir, að nota hina fjölbreyttu hæfileika, sem þeir hafa haft og munu hafa, meðan þeir draga andann.

Þetta, sem nú hefi jeg sagt, þori jeg að staðhæfa og skjóta undir allra dóm; enda leið ekki á löngu þangað til hafin var ný barátta gegn selstöðuverzluninni. Landslýðurinn fann það, hvar skórinn kreppti, og sú barátta endaði með því, að verzlunin var að nafninu gefin öllum frjáls með tilskipuninni 15. apríl 1854. En út á hvað gekk nú þessi barátta? Hvert varð stefnumið hennar? Markmið hennar varð í reyndinni, að gjöra Ísland að verzlunarselstöðu ekki einungis þegna Danakonungs, eins og áður hafði verið, heldur og í viðbót allra annara útlendra þjóða. Það verður hvorki fundið út úr löggjöfinni 1854, nje hinum heita bardaga, sem á undan henni gekk, að markmiðið hafi verið að koma á innlendri verzlun; aðaláherzlan var lögð á hitt, að færa selstöðuverzlunina yfir á önnur lönd, að vísu ekki með lagabókstafnum, en í reyndinni; hún varð sú, að Englendingar, Frakkar og Norðmenn tóku að hafa hjer í seli, og stjórnin í Danmörku horfði á þetta þegjandi og aðgjörðalaus. Vjer munum eptir hinni miklu ensku verzlun Hendersons & Andersons, sem stofnuð var hjer í Reykjavík kringum 1860, sem allt átti að gleypa og öllum öðrum selstöðu-kaupmönnum að steypa, þótt minna yrði úr en til var ætlazt, af því að bæði vantaði duglegan forstöðumann og nægilegt fjárframlag. Aptur á móti sjáum vjer, að hinn liðurinn, sem upphaflega var markmiðið, þegar verzlunin var gefin frjáls 1786 og 1787, hann vantar algjörlega í baráttuna fyrir 1854 og löggjöfina 1854; jeg á við þann liðinn, sem mest var um vert, að hæna útlendinga að með nýjum rjettindum til þess, að setjast hjer að í landinu, til að hjálpa Íslendingum, styðja þá og örfa með fjármagni sínu til gagnlegra fyrirtækja, og í sama hlutfalli vantaði líka í hana alla vernd fyrir íslenzka kaupmenn gagnvart útlendum aðskotadýrum, sem hingað koma eins og far-fuglarnir með vorinu, en flýja burt undir haustið, flýja kuldann og íslenzka veturinn, með íslenzkt brauð og íslenzkan auð. Að vísu er Íslendingum ekki bannað, að reka verzlun hjer; svo langt gengur það ekki; en það eru að eins fáar af þessum íslenzku verzlunum, sem hafa getað þróazt og eflzt til gagns í baráttunni gegn hinu stóra útlenda kapitali, og það er ofureðlilegt, því að það er alveg sama að ætla sjer að láta lítið kapital sigra í baráttu gegn stórfje, eins og að ætla sjer að láta afl draga þunga, sem ekki er því samsvarandi.

Allir vitna í, að 1854 höfum vjer fengið frjálsa verzlun, en þeir gæta þess eigi, að snaran var eptir sem áður í raun rjettri harðsnúin um háls þjóðarinnar, og á meðan getur hún þó ekki kallazt frjáls; meira að segja, það má svo að orði kveða, að löggjöfin 1854

hafi manað fleiri og öflugri blóðsugur inn í landið, er útlendum auðmönnum var gefin hvöt til þess, að nota auð sinn til þess, að draga verzlunar-arðinn eigi að eins út úr Íslandi, heldur og alveg út úr ríkjum Danakonungs. Þegar jeg var í Kaupmannahöfn 1874, hafði jeg þá æru, að eiga orðastað við ráðgjafann Íslands-mála um þetta, og vakti jeg þá eptirtekt hans á því, hvernig útlendingar væru farnir að komast á þann rekspöl, að draga verzlunar-arð Íslands út úr ríkinu, við það, að hafa landið fyrir verzlunar-selstöð; hann játaði þetta satt að vera og að hjer væri um mjög íhugunarvert mál að ræða; en svo hefur þó stjórnin ekkert gjört í málinu. Svona hefur ástandið verið, síðan 1854. Jeg veit, að menn geta að vísu sagt, að útlendir auðmenn hafi lítið hlaupið í kapp við Dani með verzlun hjer á landi. En af hverju kemur það? Af hverju öðru en því, að tár og eymd Íslendinga er ljettvæg vara á peningamarkaði heimsins, og þeir hafa vitað, að hjer var ekki feitan gölt að flá; hin lang-vinna verzlunar-ánauð hefur sízt verið löguð til að fita veslings Ísland. En hvað hefur þetta verzlunarástand haft í för með sjer? Eitt með öðru það, að hin aðþrengda bændastjett hefur neyðzt til að leita nýrra vega til að bjarga sjer, og velta sjer undan farginu; þeir hafa stofnað kaupfjelög, en þau eru í sjálfu sjer, ef rjett er að gætt, hin hæsta nóta, sem selstöðuverzlunin getur hrópað með. Þau eru sannarlegt neyðar-úrræði, eins og þau nú eru, þótt þau sýni lofsverða viðleitni hjá bændum til að hrinda af sjer okinu; þau sýna, að þeir undu því ekki og munu ekki una því, að deyja undir farginu; en í þeim er því miður alls enginn verulegur máttur til að lypta landinu upp eða gjöra verzlunina í sannleika innlenda; þvert á móti. Það er að vísu óneitanlegt, að það er sá kostur við kaupfjelögin, að bændur fá optast nokkuð meira fyrir vörur sínar í þeim en hjá fastakaupmönnum, og að útlendu vörurnar, að minnsta kosti sumar, fást nokkuð ódýrari; þessum kosti má sízt gleyma, á meðan verzlunar-ástandið er eins og það nú er, enda er ekki hætt við, að það verði gjört. Það getur verið, að sumum þyki það ofsagt, en ekki hika jeg mjer við að staðhæfa, að í verzlunar-ástandinu fyr og síðar liggi óefað undirrótin þess, að landinu hefur, svo að segja, ekkert farið fram í heila öld, að undanskildu því, að menn eiga máske hóti hægra með, að treina fram lífið nú en fyrir öld síðan. Hjer er enginn framfara-rekspölur á borð við það, sem er hjá öðrum þjóðum. Hvernig ætti líka fátæk þjóð að geta tekið framförum, þegar verzlunar-ágóði hennar streymir allur út úr landinu, og jeg skal sýna fram á, að hjer er um engar smá-summur að ræða.

Árið 1845 reiknaði sjálft toll-kammerið danska út hinn árlega ágóða af íslenzku verzluninni, og taldist því svo til, að hann væri á ári 467,000 dalir eða því nær miljón króna. Enginn h. þingm. mun geta rengt þennan reikning; og þó er þess að gæta, að hjer er alls ekki talinn til allur beinn og óbeinn arður af verzluninni, heldur ágóðinn reiknaður eptir vissum prósentum af verzlunarmagninu. Jeg tel líklegt að þessi ágóði muni láta nærri því, að vera árlegur meðal-ágóði af hinni íslenzku verzlun nú um síðustu öldina; því að þótt hann kunni að hafa verið öllu minni framan af, þá eru líkindi til, að hann hafi líka verið meiri síðar, er verzlunar-magnið tók að aukast svo mjög. Setjum nú svo, að Ísland hafi tapað miljón króna á ári á verzlun sinni í heila öld. Hvað vill það nú segja? Sjá menn nú ekki, hvílík stórvirki hefði mátt gjöra í

landinu fyrir slíkt fje, og geta menn ekki gjört sjer í hugarlund, hve stórum og mörgum skeiðrúmum Ísland mundi hafa hlotið að standa framar á framfarabrautinni, ef það hefði haldið því fje í landinu? Og þó mundi það hafa staðið framar, já miklu framar en vjer nú getum ímyndað oss, því vjer þekkjum nú ekki afl framfarastraumsins, þegar hann er kominn á rjetta rás.

Að vísu get jeg nú sem stendur ekki reikningslega staðhæft með ómótmælanlegri vissu, að landið hafi tapað miljón króna á verzlun sinni árlega; en jeg vona, að síðarmeir komi fram skýrslur ef ekki frá mjer, þá frá öðrum, er ljóslega sýni, að þetta stórtjón þjóðarinnar er ekki mikið orðum aukið. En setjum svo, að þetta sjeu ýkjur og að það hafi ekki tapað nema hálfri miljón eða jafnvel ekki meira en fjórðungi miljónar árlega síðan opið brjef 1. júní 1792 var gefið út. Tuttugu og fimm miljónir króna með vöxtum og vaxtavöxtum er svo mikið stórfje, að hefðum vjer það nú handa á milli, þá þyrftum vjer ekki að mæna grát-bljúgum vonaraugum til útlanda eða heita á útlenda sem guð oss til hjálpar, og í allri auðmýkt leggja landið fyrir fætur þeirra til þess, að geta fengið gufuskipaferðir að landinu og kringum það, og járnbrautarspotta á landi.

Það er sannarlega mál komið fyrir þing og þjóð, að fara að gæta að því, hvernig verzlunar-ástand vort er, og reyna að bæta gagngjört úr því; en ekki með neinu káki! Lokum nú ekki augunum fyrir því, sem vjer getum ekki annað en þreifað á. Allir eru óánægðir með verzlunar-ástandið; bændur eru það, kaupmennirnir eru það og blaðamennirnir eru það, allir væla um eitt og hið sama. Menn eru að stinga upp á ótal ráðum til að bæta úr því, en það eru ótal kákráð; en á skal að ósi stemma og ósinn er selstaðan útlendra; úr þeim ósi hefur böli blandið flóð runnið yfir land vort. Sumir vilja bæta verzlunina með því, að skipa bændum að hætta allri skuldaverzlun; það er ofur-hægt að skipa þetta; en hitt er eptir að vita, hvort það er eins hægt fyrir fátæklings-bónda, sem sjer konu og börn dauðvona af hungri kringum sig, að láta það vera að knýja á kaupmanns-dyrnar og leita þar lífsbjargar handa hyski sínu. Þetta ráð mun jafnan og hlýtur jafnan að reynast úrræðaleysi. Annara úrræða mun verða að leita, og er þá ekki nær að vita, hvort ekki sje hægt að nema á braut orsökina, er neyðir fátæklingana til að leita á náðir kaupmanna? Er þá ekki nær að reyna að nema burt hinn ötuga verzlunarstraum, sem dregur merg og blóð úr atvinnu-ágóða landsins barna, bænda sem annara, beinlínis og óbeinlínis? Og sje nú þessa undirrót að rekja, sem er óefað, til opna brjefsins frá 1. júní 1792, hvað liggur þá beinna við en að nema það nú þegar úr gildi? Jeg hef að vísu heyrt þá speki, að það heyri ekki undir löggjafarvaldið, að skipta sjer af verzluninni og verzlunarástandinu. Jeg veit að þetta er rjett að því leyti, að löggjöfin getur ekki beinlínis skapað nýja verzlun og nýtt verzlunar-ástand, en það sem hún getur gjört og það sem er hennar helgasta og brýnasta skylda að gera, það er að beina verzluninni inn á rjettar og nýjar brautir og stemma stigu fyrir þann rekspöl, sem reynzt hefur til niðurdreps fyrir land og lýð.

Látum oss þá nema úr gildi ákvæði hins gamla opna brjefs frá 1. júní 1792 og hverfum aptur að principinu í verzlunar-löggjöf vorri 1786 og 1787, og sjáum svo hvernig fer. Þetta er ofur-einfalt ráð, og þá getur stjórnin þó sízt kvartað um, að þingið sje ekki,

sem menn segja, »loyalt«. Þó það sje hart, þá verðum vjer að slá stryki yfir þessa heilu öld, sem verra en dauðan punkt í framfarasögu lands vors, og þá erum vjer komnir á það sama stig, sem hinn einvaldi konungur ætlaðist til að landið í verzlunarlegu tilliti stæði á 1786 og 1787; hann ætlaðist til, eins og jeg áður hef sagt, að hjer kæmist á sannarlega innlend verzlun, og einmitt það hið sama fer frumv. þetta fram á; þó fer það ekki fram á að flæma í þegar burt þá útlendu kaupmenn, sem nú reka hjer verzlun í lagaleyfi; slík aðferð væri of harðræðisleg; en það vill að eins búa svo um hnútana, að innan skamms hljóti öll verzlun að verða hjer innlend.

Menn munu nú segja, að þetta sje hægra sagt en gjört; það er kunnugt, að mál þetta er gamalt þingmál og að þar hefur jafnan verið við ramman reip að draga, er því hefur átt að fá framgengt. Svo hefur vanhyggja þings og þjóðar verið mögnuð. Jeg bar það fram á þingi 1869, og þá marðist það í gegn með tólf atkvæðum gegn tíu; aptur kom jeg með það inn á þing 1875 og fór engu betur. Seinast í fyrra var það borið fram í h. Ed.; var þar svo sterkur andróður gegn því, að með allri sinni lempni og dugnaði gat flutningsmaður þess ekki fengið því framgengt.

Viðvíkjandi þessum gamla andróðri gegn þessu máli má taka það fram, sem almenna athugasemd, að mótbárurnar hafa það almenna einkenni, að þær eru vitni þess, hve mannlegur andi er uppfindingasamur, þegar hann er að reyna að halda dauðahaldi í hið gamla, en bæla niður hið nýja; þær eru líka vottur þess, að ýmsir góðir og skynsamir menn eru svo andlega rígbundnir við það ásigkomulag, þær venjur og þann rekspöl, sem þeir hafa lifað við, að þeir geta ekki notið sinnar góðu skynsemi til að dæma rjettilega um, hvað af því mundi leiða, ef ástandinu væri breytt í annað og betra horf.

Þegar jeg því næst vík að mótbárunum sjálfum, þá verður sú fyrst fyrir mjer: Hví hefur frumv. leitt hjá sjer lausakaupmennina og pöntunarfjelögin? Jeg svara því, að það komi alls eigi til af því, að tilgangurinn sje að hlynna að þeim gagnvart fastakaupmönnum, heldur af því, að það ásigkomulag, sem frumv. vill skapa, gjörir hvorttveggja skaðlaust fyrir innlenda verzlun, meira að segja hlynnir að því principi, sem frumv. byggist á, því markmiði, að tryggja jöfnum höndum og samtímis bændum sem bezta prísa, og landinu sjálfu álitlegan verzlunar-ágóða gagnvart öðrum löndum.

Skal jeg nú snúa mjer fyrst að lausakaupmönnunum. Jeg skal gjöra ráð fyrir, að þeir hjeldu áfram að koma hingað við og við, sjerstaklega með timbur frá Norvegi; en þegar hjer væru búsettir innlendir kaupmenn með bein í hendi, þá mundi jafnaðarlega fara svo, að einhver þeirra keypti farminn af lausakaupmanninum, og gæti hann staðið sig við að selja hann þannig undir eins í einu miklum mun ódýrara en hann hefði orðið að selja bændum hann í smáskömmtum, einmitt af því, að hann þarf til þess svo langan tíma, en skip og mannahald kostar marga tugi króna dag hvern. Á þennan veg staðnæmist höfuðarðurinn af verzlun lausakaupmannsins í landinu sjálfu, á þann hátt, að hann kemur eðlilega til hlutfallslegra skipta millum kaupmannsins og bænda. Jeg hefi sjálfur þekkt lausakaupmann fyrir norðan, sem ár eptir ár hefir orðið að sigla höfn af höfn til að selja farm sinn; hann hefir verzlað á Raufarhöfn, Kópaskersvogi og Húsavík, og loks hefir

hann druslast inn á Akureyri þegar komið var haust, og orðið að selja þar vöruleifar sínar í hópakaupum og með afslætti, og til þessa hafa gengið allt að þrír mánuðir fyrir honum. Það má geta nærri, hvílíkan kostnað þetta hefir bakað honum, og að hann hefir neyðzt til að selja bændum vöru sína svo miklum mun dýrara en hann hefði getað selt hana alla í einu fastakaupmanni, jafnskjótt og hann kom til landsins. Þessi lausakaupmaður borgaði í skipsleigu og fólkshald minnst 60 kr. á dag, eður á mánuði 1800 kr. Þetta var nú um lausakaupmennina að segja.

En nú skal jeg snúa mjer að kaupfjelögunum. Jeg geng út frá því, að í því augnabliki sem verzlunin verður innlend, þá hljóti að myndast vöru-upplagsstaðir á Íslandi, fyrst og fremst í Reykjavík sjálfri, og svo á Ísafirði, Akureyri og á Austfjörðum, en jafnskjótt og vöru-upplög myndast, þá hljóta allir vöruflutningar til landsins og frá því að verða margfalt ódýrari en þeir eru nú, af því þá verða þessir flutningar gjörðir með fáum skipum stórum, sem til fulls verða notuð, sem afleiðing af því, að vörumagnið bæði af útlendum og innlendum vörum dregst saman. Nú sem stendur siglir ara-grúi af vöruskipum hálftómur til landsins og frá því. Til að sýna fram á muninn á þessu, skal jeg leyfa mjer að koma með ljóst dæmi.

Mjer hefir reiknazt svo til, að árið 1890 hafi komið hingað til landsins vöru-flutningaskip með 50,000 smálesta rúmi, en að vörurnar, sem fluttar voru í þessu rúmi, hafi ekki numið meiru en 27,000 smálestum; með öðrum orðum, að af 50,000 smálesta rúmi hafi að eins verið notaðar 27,000 smálestir, en 23,000 smálestir látnar ónotaðar. Á þessu sama ári hefir mjer reiknazt svo til, að útfluttar vörur hafi ekki verið meira en 15,000 smálestir, eða að 35,000 smálestir hafi verið látnar ónotaðar í skipunum þegar þau sigldu frá landinu; og þegar tekið er tillit bæði til aðflutnings og útflutnings þetta ár, þá verður það þannig ofan á, að meir en helmingur af rúminu í flutningaskipunum eður 58,000 smálesta rúm hafa verið látin ónotuð, og fyrir þetta ónotaða lestarúm hafa Íslendingar orðið að borga. Þessi afarhái óþarfa kostnaður í þessu tilfelli, sjálfsagt ekki minna en 140,000 kr., fjelli í burtu, ef vjer fengjum upplagsstaði í landinu sjálfu, og vörurnar væru fluttar til og frá á fáum en stórum skipum. Jeg skal játa það, að jeg er ekki verzlunarmaður nje verzlunarfóður, sem menn kalla, en þó munu menn eigi að síður verða að viðurkenna, að þetta sje á rökum bygt, og að þessi reikningur minn sje nærri sanni; um það eiga h. þingdm. kost á að sannfærast, ef þeir vilja rannsaka þetta mál, eptir verzlunarskýrslunum. En einmitt þetta á að gera það að verkum, í sambandi við kaupfjelögin, að innlendir kaupmenn geti selt þeim jafnódýrt, ef ekki ódýrara en þessir útlendu gullkóngar frá Englandi, sem kaupfjelögin verða að halda sjer til sem stendur, og þá fyrst væru kaupfjelögin komin á sína eðlilegu hillu, væru orðin rjettu nafni innlend, og þyrftu alls ekki lengur útlenda milligöngumenn, en gætu þó bæði fengið og selt vörurnar með hinu hagfeldasta verði, sem orðið gæti. Þá fyrst mætti segja, að þau hafi náð sínum upprunalega tilgangi, og að engin minnsta ástæða væri til að amast við þeim fyrir þá, sem vilja í alvöru að verzlunin verði innlend. Jeg veit menn munu geta sagt, að umskipun á vörum, ef þær yrðu fluttar til landsins á þennan hátt, sem jeg nefndi, mundi hafa kostnað í för með sjer; það er að vísu satt, en sá

kostnaður gæti þó aldrei orðið neitt í samanburði við það að sigla með hálftóm skipin til landsins og frá því, því árið 1890 borgaði landið þannig 140,000 kr., eins og jeg sagði, fyrir ónotað lestarúm og ýmislegt, sem stóð í sambandi við það. Jeg vona að jeg hafi þá til nokkurar hlítar sýnt fram á, að jeg hafi hugsað þetta mál, áður en jeg komst að þeirri niðurstöðu, að saklaust væri að láta lausakaupmenn og pöntunarfjelög hlutlaus af frumv. þessu, með því að hvorttveggja yrði, þegar öllu er á botninn hvolft, til að styðja innlenda verzlun, og hlyti í raun og veru að verða innlent, þegar svo væri komið, að allir fastakaupmenn væru orðnir innlendir og búsettir, og þeim þannig hlyti bráðlega að vaxa fiskur um hrygg.

Það hafa komið enn fleiri mótbárur gegn málinu. Ein skringileg mótbára hefir þannig t. a. m. jafnan klingt við, bæði 1869, 1875 og 1893; það er frelsi kaupmanna. Þessi mótbára er ljós vottur þess, hvernig orðið frelsi einatt er alveg misskilið, og hvernig það er brúkað sem skýla fyrir rugluðum hugmyndum; eða hvernig ætti það að geta stritt á móti frelsi kaupmanna, að þeir yrðu að vera búsettir hjer í landinu, einmitt til þessi að öðlast þau rjettindi, sem þeir einir menn geta fengið, sem það gjöra? Það getur með öðrum orðum þó ómögulega stritt á móti frelsi þeirra, því þeir einmitt fá hin þýðingarmestu rjettindi við þetta fyrirkomulag; því að það er auðvitað alls eigi meiningin, að binda þá fasta á klafa hjer; það er auðvitað, að þeir þurfa öðrum þræði að fara utan til að selja vörur sínar og til að gjöra innkaup, og til þess eiga þeir að hafa fullt frelsi; það er að eins ætlazt til að þeir hafi hjer bústað sinn, og verki í landinu með fje sínu. Þessi mótbára fellur því alveg burtu. Hver þjóð hefir leyfi og skyldu til að gefa þau lög, sem gagnleg eru fyrir landið, og hlynna að kröptum landsins og styrkja landsins börn til að hrinda öllum þeim málum áfram, sem til þjóðþrifa horfa, og hjer er einmitt gengið í þá átt. Jeg vísa því ófrelsismótbárunni frá, sem alveg óviðkomandi þessu máli.

Þá hefir það verið sagt, að Ísland væri svo langt í burt frá öðrum löndum. Þetta er satt; en jeg sje ekki að það sje hóti lengra í burtu, þótt verzlunarstjettin sje innlend, en þótt hún sje útlend eins og nú er. Enn hefir það verið sagt, að ef kaupmenn yrðu að vera hjer búsettir, þá neyddust þeir til að hafa umboðsmenn í útlöndum, en að slíkt væri opt og einatt mesta neyðarúrræði, og að jafnan væri bezt að geta sjeð með eigin augum. En þess er að gæta, að sje kaupmaðurinn búsettur erlendis, þá verður hann og að hafa umboðsmann sinn hjer á landi, og sje óþægilegt fyrir kaupmann að hafa umboðsmann erlendis, þá mun reka að hinu sama með að hafa hann hjer. Að öðru leyti verður það að vera komið undir vilja hvers einstaks kaupmanns, hvað langan tíma honum þykir ráðlegt að dvelja erlendis; frumv. setur honum engar reglur um það; það heimtar að eins, að hann sje hjer búsettur, haldi hjer dúk og disk, en bannar honum alls ekki að ferðast hvert á land sem hann vill. Það getur eins vel komið fyrir, að kaupmaðurinn eigi erlendis svo góðan vin, að hann trúi honum eins og sjálfum sjer, eins og hitt, að hann hafi engan hjer á landi, er hann trúi fyrir að reka verzlun sína fyrir sig; hvorttveggja er mögulegt. Það hefir enn verið sagt, að í sjálfu sjer væri það mjög gott, að kaupmenn ílendust hjer með fje sitt, en að það væri ekki til neins að lögskipa það, því að enginn gæti bannað þeim að

hætta hjer verzlun og flytja sig af landi burt með gróðafje sitt. Þetta er eitt af hinum mörgu dæmum þess, hvernig menn í blindni eða af ásettu ráði draga sömu ályktun út af alls ólíkum forsendum (præmisser). En hjer eru forsendurnar svo afar-ólíkar. Því eins og nú stendur gat kaupmaður, sem safnað hefir auð fjár hjer, — jeg skal nefna t. d. Ásgeir Ásgeirsson — flutt til Danmerkur og haft bústað sinn þar, af því að hann eptir opnu brjefi 1. júní 1792 mátti hafa umboðsmann sinn til að reka fyrir hann selstöðuverzlun. En við skyldum sjá, hvort hann hefði ekki hugsað sig um að flytja hjeðan af landi, ef hann hefði jafnframt orðið að hætta allri verzlun hjer, eins og hann eptir þessu frumv. hefði orðið að gjöra jafnskjótt og hann flutti af landi burt. Eptir því gat hann sem sje ekki flutt selstöðu-verzlunarrjettinn í vasanum til Kaupmannahafnar! Vjer verðum og að gæta þess, að vjer erum vanans börn, og að oss hættir til að berast með straumnum, og nú er sú tíð, að það er eins og það þyki fremd fyrir íslenzka kaupmenn að flytja til Danmerkur, og eignast þar búgarða, er þeir geti lifað á í vellystingum praktuglega. Freistingin til þessa mundi hverfa, þegar verzlunarstjett vor væri orðin innlend; þá mundi hin innlenda verzlunarstjett taka höndum saman, til að bæta og prýða landið; hún mundi fara að leggja kapp á að gjöra hinn íslenzka bústað sinn sem fegurstan og skemmtilegastan. Þar kæmi ættjarðarástin fram í fegurri mynd en hjá þeim, sem raka saman fje fátækra landsbúa, en flytja það síðan af landi burt, og verja því í útlöndum sjer til skarts og vegsemdar. Jeg er viss um, að hagur kaupmanna mundi beinast í þá þjóðlegu átt, sem jeg nefndi, og jeg tala það ekki út í bláinn. Jeg gæti nefnt útlendan mann, sem nýlega er orðinn búsettur hjer á landi. Jeg hefi haft þá ánægju að eiga tal við þennan mann, og tjáði hann mjer að fyrra bragði, að það væri hin mest ánægja sín að geta prýtt sem mest bústað sinn hjer og eflt framfarir Íslands, og að það væri einlæg löngun sín, að geta sýnt það svart á hvítu, að sá maður, sem virkilega væri hjer búsettur, vildi gjöra meira fyrir landið en hinn, sem að eins væri hjer með annan fótinn, og allan huginn erlendis. Ennfremur hefir það verið sagt, að mál sem þetta væri alveg nýmæli í öðrum löndum. Þetta er að nokkru leyti satt; en þess er vel að gæta, að þar er ástandið annað; en að nokkru leyti er það ekki satt; búsetu-ákvæði hafa verið og eru enn í gildi hjer á Norðurlöndum. En þótt þetta væri hreint og beint nýmæli, þá ætti sú mótbára út af fyrir sig ekki að geta veitt frumv. banahögg, því að við lagasmíð vora eigum vjer einungis að hugsa um það, hvað bezt hagar á voru landi; vjer eigum að rannsaka, hvað orðið geti til þess að efla áhuga, vit og kjark Íslendinga til að nota auðsuppsprettur landsins; vjer eigum að gjöra allt til þessa, að eins að vjer gjörum öðrum þjóðum ekki rangt til. En jeg fæ alls eigi sjeð, að vjer gjörum öðrum þjóðum rangt til með því, þótt vjer reynum að efla framleiðslu landsins, og viljum koma því í sem eðlilegast samband við umheiminn; það hlýtur þvert á móti að vera gleðiefni fyrir aðrar þjóðir, að sjá vora fornfrægu eyju rísa úr rústum, að sjá syni hennar og dætur leggja sig í líma til að hrinda ættjörðu sinni á þá framfarabraut, sem aðrar þjóðir hafa þegar stigið risafetum á. Jeg hefi tekið þetta mestmegnis fram til þess, að gjöra h. þingdm. skiljanlegt, hvernig jeg hugsa þetta mál frá almennu sjónarmiði, og til hvers jeg hygg að það

leiði. En að öðru leyti hygg jeg, að aðrir h. þm. hafi eins glögga hugmynd um málið eins og jeg, og sjeu því eins hlynntir eins og jeg. En ef mótmæli skyldu koma fram, þau sömu sem jeg hefi drepið á, eða þá einhver önnur, til þess að tönglast þó ekki einlægt á því sama, hversu marghrakið sem það er, þá leyfi jeg mjer að heimta það, að það, sem jeg gjöri eins ljóst eins og að einn og einn sjeu tveir, jeg leyfi mjer að heimta, segi jeg, af mótmælendum mínum, að þeir sýni, að minn einn og einn sjeu ekki tveir, eða með öðrum orðum, að þeir sýni með ljósum og skýrum rökum, að skoðun mín á verzlunarástandi voru og afleiðingum þess hafi ekki við góð og gild rök að styðjast.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum 12. maí 1882 um umsjón og fjárhald kirkna (C. 52); 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg tók ekki til máls við 1. umr. um þetta frumv., sökum þess, að mjer fannst jeg ekki geta tekið það fram, sem jeg vildi, nema með því að fara út í einstakar greinar frv., en nú skal jeg geta þess, að jeg álít 1. gr. og 2. gr. að nokkru leyti mjög ísjárverðar. Að því er sjerstaklega snertir 1. gr., þá álít jeg það mjög vafasamt, hvort hún kemur ekki í bága við stjórnarskrána. Jeg er á þeirri skoðun, að rjettur bændakirkjueiganda yfir kirkju sinni komi fram sem eignarrjettur, að vísu nokkuð takmarkaður, en þó sem eignarrjettur, og þá álít jeg ekki rjett, að taka af eiganda slíkrar kirkju þau not, sem hann hefir af tekjum kirkjunnar, og í annan stað þann rjett, sem hann hefir til þess, að ráða yfir eignum hennar og ráðstafa fje hennar. Þess vegna álít jeg nauðsynlegt, að h. flutningsmenn færi betri rök en þeir hafa gjört enn fyrir því, að það sje ekki á móti 50. gr. stjórnarskrárinnar, að taka þennan rjett af eigendum bændakirkna.

Viðvíkjandi 2. gr. skal jeg taka það fram, að þó það komi ekki í bága við stjórnarskrána, að söfnuðirnir sjeu skyldaðir til þess að taka að sjer kirkju sína, þá mun það í framkvæmdinni reynast nokkuð hart fyrir söfnuðina, að verða að þola það, að umsjón og fjárhald kirkju þeirra sje valdboðið þeim í hendur. Jeg þekki mörg dæmi til þess, að þegar farið hefir verið þess á leit við söfnuði landssjóðs-kirkna, að taka að sjer kirkju sína, þá hafa þeir leitt að því mikið sennileg rök, að þeim væri það ofætlun, að taka kirkju sína að sjer, nema þá með mjög háu ofanálagi. H. þingdm. er kunnugt um, að núna á einu þingi fyrir skömmu — jeg man ekki á hverju þingi það var — voru lögð fram skjöl, sem voru svör frá söfnuðum landssjóðskirkna upp á það, að hve miklu leyti þeir væru fúsir á að taka að sjer kirkjur sínar; þá voru það að eins tveir söfnuðir, sem vildu það, og annar þeirra setti upp mjög þung kjör, en allir hinir vildu það alls eigi, og leiddu allsennileg rök að því, að þeim væri það um megn.

Jeg álít alveg frágangssök, að samþykkja frumv. með því ákvæði, sem stendur í 1. gr., og hins vegar vil jeg ráða mönnum til þess, að íhuga vandlega, hvort það sje ráðlegt, að gjöra einstökum söfnuðum eins þungt fyrir og þeim yrði gjört, ef frv. væri samþykkt.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Jeg er mjög þakklátur hæstv. landsh. fyrir hans skýlausu ummæli um þetta mál. Í ræðu hans felast margar og mikil-

ar bendingar, sem eru mjög mikils virði bæði fyrir flutningsmennina og aðra h. þingdm.

Hvað snertir spurninguna um það, hvort 1. gr. frv. þessa, þar sem kirkjuhaldara er gjört að skyldu að láta af hendi kirkjuna og fje hennar, ef söfnuður vill, hvort sú grein höggvi nærri eða jafnvel komi í bága við stjórnarskrána, þá skal jeg játa það svo vandasama spurningu, að jeg treysti mjer ekki til þess að ganga inn á hana. Við flutningsmennirnir álitum, að svo væri ekki, því við álitum, að eignarrjettur bændakirkna-eigenda væri svo takmarkaður, að hann gæti ekki talizt eignarrjettur í eiginlegum skilningi. Kirkjurnar hafa sjerstaka reikninga og sjerstakan sjóð, og því er nær að skoða þær sem opinberar stofnanir heldur en eign kirkjuhaldara, þó þeir hafi þessa umsjón með þeim. Þess vegna get jeg ekki skilið, að þeir sjeu skyldaðir til að láta af hendi eign sína, þó þeim sje gjört að skyldu að selja kirkjuna af hendi við söfnuðinn, ef hann óskar þess. Vjer ætlum það alls ekki hart, að verða að sleppa kirkju, jafnvel þó hún ætti talsvert í sjóði.

Þar sem hæstv. landsh. tók fram, að hann áliti, að 2. gr. frumv. væri hörð gagnvart söfnuðunum í einstökum tilfellum, þá get jeg ekki og við flutningsmennirnir verið þeirrar skoðunar, að sú grein sje neitt ósanngjörn gagnvart þeim. Raunar skal jeg játa, að jeg í hugsuninni og sömuleiðis meðflutningsmenn mínir settum frv. í náið samband við efni frv. þess um kirkjugjald, sem h. efri deild hefir nú til meðferðar. Vjer álitum, að í því frumv., ef það yrði að lögum, væri næg trygging fyrir því, að söfnuðunum yrðu ekki nein vandræði úr fjárhaldi kirkna sinna, því þá gætu þær haft nægar tekjur.

Viðvíkjandi landssjóðskirkjum, þá skal jeg taka það fram, að þær eru ríkari bæði að skrautgripum og ættu líka að vera og eru betur úr garði gerðar en aðrar kirkjur, og það ætti þó ekki að vera til þess, að gera söfnuðina ófúsari á að taka þær, því þess betur sem kirkjurnar eru úr garði gjörðar, því ánægjulegra ætti að vera fyrir söfnuðina að taka þær að sjer.

Mjer virðist, að ákvæði í gildandi lögum um úttekt og ofanálag kirkna sje næg trygging fyrir því, að þetta sje ekki of hart gagnvart nokkrum söfnuði. Og þar sem svo á stendur, að landssjóður á kirkjuna, þá er það ekki frágangssök fyrir hann að svara út, einu sinni fyrir allt, hæfilegu álagi. Þar á móti getur kirkjan ávallt verið óskyggileg byrði fyrir hann; hún getur brunnið, skemmzt í ofviðri og ýmislegt annað getur orðið henni til skaða. Jeg sje því ekki, að það geti í nokkru verið ósjárvert fyrir landssjóð, að skila af sjer þeim kirkjum, sem honum til heyra.

Að öðru leyti er jeg manna fúsastur til þess að taka til ítarlegrar íhugunar athugasemdir hæstv. landsh., og jeg ætla, að þó frumv. væri lítið eitt breytt, þá gæti það orðið góð rjettarbót og gæti leitt til þess, að framför yrði í safnaðarlegu og kirkjulegu tilliti.

Mjer hefir dottið í hug, að stinga upp á þriggja manna nefnd, en jeg ætla að geyma það, og vil ekki ákvarða mig til þess fyr en flutningsmaður breyt.-till. hefir látið í ljósi skoðun sína á málinu og aðrir fleiri þingm. hafa talað.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg hefi hvorki margt nje mikið að segja um þetta frumv. Jeg er ekki svo kunnugur stjórn kirkna hjer á landi, að jeg treysti mjer til að tala mikið um málið »frá almennu sjónarmiði«. En frá sjónarmiði míns kjördæmis get jeg fullyrt, að 2. gr. er mjög skaðlegt ákvæði. Í

því eru 3 landssjóðskirkjur; um ástand þeirra má segja, að þær eru fagrar að utan, en fúnar að innan. Jeg ímynda mjer, að landssjóður muni aldrei greiða það ofanálag, sem hæfilegt væri, ef söfnuðirnir tæki þær að sjer. En jeg hygg líka, að þessi lög, sem þvinga söfnuðina til að taka við kirkjunum, hvort sem þeir vilja eða ekki, geti vakið þann anda hjá söfnuðunum, sem væri mjög andstæður þjóðkirkjunni, sem hæglega gæti leitt til þess, að menn segðu sig úr henni. Þetta var það sem jeg vildi ekki hafa ábyrgð á, að hafa ekki tekið fram og bent á. Vitanlega má segja, að söfnuðir gæti sameinað sig og lagt niður kirkjur, ef þeir ekki vildu taka að sjer að halda þeim uppi; en því svara jeg aptur á þá leið, að þetta mundi verða á mjög mörgum stöðum sama sem niðurlagning kirkjunnar hjá söfnuðinum.

En svo er annað atriði, sem jeg vildi minnast lítið eitt á, og það er það, að mjer finnst óviðkunnanlegt, þegar þingið er nýbúið að gefa frjálsleg lög, að það þá rjett á eptir fari að taka fram fyrir hendurnar á þeim stjórnarvöldum, svo sem safnaða- og hjeraðsfundum eða hreppsnefnd eða sýslunefnd, sem það með þessum lögum hafði gefið svo mikið vald. Það virðist vera ráðríki í meira lagi eða lýsa vantrausti á þessum stjórnarvöldum, án þess þó hægt sje að benda á nokkurt dæmi þess, að þetta hafi verið misbrúkað.

Jeg ímynda mjer, að 1. gr. komi líka illa við í minu kjördæmi. Það má ef til vill segja, að hjer sje sú bót í máli, að til þess að framkvæma það, sem frv. fer fram á, þá þurfi til þess samþykki hjeraðsfundar og biskups. En jeg fyrir mitt leyti legg ekki mikla áherzlu á það; jeg álít ekki mikla tryggingu fyrir söfnuðinn eða kirkjueigandann, þó þetta ákvæði sje í frumv. Jeg skal benda á einn söfnuð, sem mundi vera mikið á móti því, að fá kirkju sína til að annast. Það er Reykjavík. Þar hefir verið mikið um þetta talað og hefir því ekki verið vel tekið, að söfnuðurinn tæki að sjer kirkjuna. Jeg veit, að þar mundi slíkt leiða af sjer óánægju. Hve langt sú óánægja gæti gengið skal jeg ekkert segja um, en þó skal jeg benda á það, að hvergi á öllu landinu á söfnuður hægra með að fá sjer kirkju og sjerstakan prest; hvergi er auðveldara að stofna fríkirkju en hjer í Reykjavík; og hvaða áhrif halda menn að eptirdæmi höfuðstaðarins hefði á landið í þeirri grein?

Jeg er viss um það, að með slíkum lögum yrði bæði kirkjueiganda og söfnuði gjört mjög mikið óhagræði á öllum stöðum, sem jeg þekki.

Sighvatur Árnason: Ef breyt.till. mín kemst að, þá skal jeg geta þess, að hana þarf lítið eitt að lagfæra. Það þarf að laga niðurlag 4. gr.; þar stendur: »úr gildi numdar«, en ætti að orðast þannig: »úr gildi numin«. Þetta er hægt að færa í lag t. d. við 3. umr.

Hæstv. landsh. hefir nú tekið fram þær ástæður, sem liggja til grundvallar fyrir því, að jeg hef lagt það til, að feld væri 1. gr. úr frumv., svo jeg þarf eigi að taka það upp aptur.

Jeg skal játa það, að margur bændakirkjueigandi mundi vera fús að sleppa kirkju sinni, fjárhaldi hennar og allri ábyrgð á henni, og losa þannig jörð sína eða jarðir við alla ábyrgð, sem á þeim hvíla eptir landsvenju, því mjer hefir skilizt, að kirkjueigandinn eigi ekki að bera neina ábyrgð á kirkjunni, sem hann hefir sleppt í hendur safnaðarins, frekar en hver og einn einstak-

ur maður, sem í söfnuðinum er, og ef mig minnir rjett, þá hefir hæstv. landsh. tekið fram hjer á þingi, að öll ábyrgð hlyti að hverfa af bændakirkjueiganda um leið og söfnuðurinn tæki við kirkjunni. En ef nú einn eða fleiri kirkjueigendur vildu ekki sleppa kirkju sinni, annaðhvort af því, að þeir tryðu sjálfum sjer betur fyrir henni en öðrum, eða af tryggð við það hús, sem þeir hefðu annazt um langan tíma, bygt upp og gjört ýmislegt annað því til sóma, að þá samt sem áður gæti söfnuðurinn heimtað fjárhaldið af eigandanum, hvort sem hann vildi eða ekki, það álít jeg alls ekki eiga við og ganga allt of nærri eignarrjetti hans, sem hlýtur að vera sterkari en hlutdeild safnaðarins, þar eð hann (eigandinn) er látinn bera alla ábyrgðina af kirkjunni.

Jeg ætlaði að minnast lítið eitt á landssjóðskirkjur, en h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) og hæstv. landsh. hafa nú talað um það. Jeg skal að eins geta þess, að til dæmis slík kirkja eins og Vestmannaeyjakirkja mundi verða æði dýr á söfnuði sínum og þung og mikil byrði fyrir hann. Jeg álít það vera íhugunarvert, að kasta svo dýrum kirkjum upp á söfnuðina, sem þess vegna þurfa mjög dýrt viðhald.

Jeg er með því, að nefnd verði sett í málið. Það er margt sem þarf að athuga við það. Og þó frumv. þetta dagaði þá uppi í nefndinni í þetta sinn, álít jeg ekki mikinn skaða skeðan, því frumv. liggur ekkert á, en óhafandi að mínu áliti eins og það liggur fyrir.

Þorlákur Guðmundsson: Við 1. umr. þessa máls talaði jeg fáein orð, og ljet jeg þá í ljósi þá skoðun, að jeg áliti ekki óþarft að setja nefnd í því, ef það á annað borð ætti að fara lengra, þar sem málið í sjálfu sjer er mjög íhugunarvert. Þessa skoðun hef jeg enn, og jeg býst helzt við, að það reki að því.

Jeg ætla mjer ekkert að fara út í spurninguna um, hvort þetta frumv. stríðir að meira eða minna leyti gegn stjórnarskránni; það skal jeg láta öðrum eptir, sem betur eru færir til þess en jeg. En hitt er það, að þó að kirkjuhaldarar margir hverjir mundu fúsir á að láta söfnuðinum í hendur umsjón og fjárhald kirkna, þá eru á hinn bóginn margir, sem það mundi vera þvert á móti skapi, hvort sem það nú er, eins og h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Árnas.) tók fram, af gömlum vana eða tryggð, eða þá af því, að það er beinlínis fjárspursmál fyrir þá.

Á hinn bóginn álít jeg það mjög varhugavert, að þröngva kirkjum upp á söfnuðina. Í þess konar málum eða öllum þeim málum, sem viðkoma trúarefni eða kirkjulífi, hefur almenningur hjer á landi ætíð verið mjög viðkvæmur, og er það enn þann dag í dag, og enda fremur en nokkru sinni áður, og því álít jeg æskilegast, að þröngva sem minnst kosti almennings í þeim efnum með lögum.

Eins og h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) tók fram, gæti þessi þvingun gagnvart söfnuðinum haft þær afleiðingar í einstökum söfnuðum, að menn færu að grípa til þess óyndis-úrræðis, að segja sig úr söfnuðinum og að koma sjer upp nýrri kirkju, auðvitað með miklum tilkostnaði, en þegar svo væri komið, horfa menn óvíst í fjárspursmálið, en að eins til þess, að losast við þessa þvingun. Það hljóta allir að sjá, hvaða afleiðingar slíkt mundi hafa fyrir kirkju- og safnaðarlífið í heild sinni.

Jeg held því, að það sje ekki ónauðsynlegt, að skoða huga sinn vel um, áður en lengra er farið í þessu efni. Jeg fyrir mitt leyti hef ekki orðið var

við hjá þjóðinni nokkra óánægju með lögin frá 12. maí 1882; eins og h. flutningsm. (Jens P.) hefur skýrt frá, hafa síðan þau voru útgefin, þegar 50 kirkjur af 299 komizt í hendur safnaðanna, þannig, að söfnuðirnir hafa tekið þær að sjer.

Jeg get því ekki annað sagt, en að lög þessi hafi haft góð áhrif á þetta mál og borið góðan ávöxt, og jeg efast ekki um, að svo muni verða framvegis. Þetta eru frjáls lög, og miða til þess, að koma á samkomulagi milli kirkjuhaldara og safnaðanna. En hitt eru þvingunarlög, og reyndin mun sýna, hvort það er þvingunin eða frelsið, sem ber betri ávöxt í þeim efnum. Jeg vil því helzt hallast að þeirri skoðun, að bezt sje að láta sitja við hið sama að svo vöxnu máli, og vera ekki að breyta þeim lögum, sem allir verða að játa, að eru góð lög og hafa reynzt vel, og þar af leiðandi verið fremur vinsæl.

Halldór Daníelsson: Það er með þetta mál eins og máltækið segir, að viljugan er hvern bezt að kaupa. Eins og nú er ástatt fyrir oss í hinum kirkjulegu málefnum vorum, álít jeg það hyggilegast, að látið sje sitja við lögin frá 12. maí 1882. Sumstaðar þar, sem jeg þekki til, sem að vísu er óvíða, hafa kirkjur gengið úr höndum umráðamanna yfir í hendur safnaðanna og hefur þá allt af verið fylgt samkomulagsleiðinni.

En jeg ímynda mjer, að ef þetta á að gjöra að lagaskyldu, þá verði annars vegar sumir bændakirkju-eigendur of hart úti, en á hinn bóginn stundum of mikið lagt á herðar söfnuðunum.

Jeg felli mig því bezt við, að látið verði sitja við þau lög, sem við höfum í þessu efni, nefnilega lög 12. maí 1882. Það er samkomulagsleiðin, sem þau leggja til grundvallar, og hún er að mínu áliti hin eina eðlilega leið, enda hefur reynslan sýnt, að þau hafa þegar borið góðan ávöxt.

Einar Jónsson: Það hafa komið fram talsverðar mótbárur gegn frumv. þessu og má vera, að sumar þeirra sjeu að nokkru leyti á rökum bygðar. Þegar vjer flutningsmennirnir sömdum frumv. þetta, þá leyndist það oss ekki, að málið er mjög mikið vandamál, sjerstaklega að því er snertir eigendur bændakirknanna, að eigi sje gengið of nærri eignarrjetti þeirra. En þessi eignarrjettur eiganda bændakirknanna er í sjálfu sjer mjög tæpur, og það er í raun og veru vafasamt, hvort hægt er að kalla hann eignarrjett, því jeg get ekki betur sjeð, en að það sje bæði söfnuðurinn og eigandi jarðar þeirrar, er kirkjan stendur á, sem hafa eignarrjett að kirkjunni. Þegar kirkja t. d. er lögð niður, þá kemur það fram, að eigandinn fær ekki allt, sem kirkjuna snertir, heldur fær söfnuðurinn einnig nokkurn hluta af eignum kirkjunnar, það er að segja kirkja sú, er söfnuðurinn er lagður til, og er það auðvitað rjett, þar sem hann hefur goldið svo mikið til hennar, að hún hefur getað borið sig að miklu eða öllu leyti sjálf, og söfnuðurinn þannig verið sá, er hjelt kirkjunni við.

Það er ómögulegt að neita því, að þeir sem eiga bændakirkjurnar, hafa nokkurn rjett viðvíkjandi kirkjutekjunum fram yfir þá, sem hafa umsjón yfir ljenskirkjunum; en hve langt sá rjettur nær, eða hver hann er, það spursmál er illt viðureignar og öll ákvæði um það mjög ófullkomin og óljós. Þess vegna er það mjög illt, að geta ekki fengið þau ákvæði í lög leidd, er láta eitt yfir báðar ganga, bændakirkjurnar og ljenskirkjurnar.

Það er álit mitt, að eigendur bændakirkna hafi í flestum tilfellum hag en

ekki skaða af að láta kirkjuna af hendi við söfnuðina, og það var einmitt þess vegna, að jeg og h. meðflutningsmenn mínir rjeðumst í, að taka ákvæði um þetta efni inn í frumv.

En þá kemur spurningin um, hvort of mikið sje lagt á söfnuðina með því, að skylda þá til að taka kirkjurnar að sjer. Jeg fyrir mitt leyti, get nú ekki betur sjeð, en það liggi söfnuðinum næst, að kosta sitt eigið hús, það hús, sem guðsþjónusta hans fer fram í, enda þótt það yrði honum til meiri útgjalda en hingað til hefur átt sjer stað.

Það hefur komið fram breyt.till. við frumv. þetta frá h. 1. þingm. Rangv. (Sighv. Árnas.) um, að því ákvæði sje kippt burt úr frumv., að söfnuðirnir geti heimtað kirkju af hendi látna. — Jeg skal játa, að jeg mundi heldur kjósa, að frumv. yrði samþykkt með þessari breyt.till., heldur en að það væri alveg fellt. 2. gr. fyrir sig, sem fer fram á, að umráðamaður geti losnað við kirkjuhaldið, ef hann vill, er þegar mikil rjettarbót. Það er kunnugt, að það er óeðlileg kvöð á prestunum, þar sem þeim er gjört að skyldu, að ábyrgjast ljenskirkju sína, byggja hana upp og halda henni við af eigin fje, ef hún á ekki nægan sjóð, og þessi kvöð hefir ekki svo sjaldan orðið býsna tilfinnanleg.

Jeg get nefnt eitt dæmi, sem jeg hefi reynt sjálfur. Þegar jeg skildi við Fellskirkju ný-bygða fyrir nokkrum árum, þá átti jeg hjá henni hálft sjötta hundrað krónur; það varð allt að falla og um leið allir þeir vextir, er jeg hafði þurft að greiða af láni því, er jeg tók til að byggja hana. Þetta hefur all-opt fyrir komið, og hefur þá venjulega reynzt svo, að ekkert af því, sem presturinn hefur átt hjá kirkjunni, hefur getað fengizt borgað, nema hann sæti kyrr í brauðinu, og hefur það stundum neytt fátæka presta til að sitja kyrra, þó að þeim hafi boðizt betra brauð, ef um mikið fje hefur verið að ræða. 2. gr. frumv. bætir þó úr þessu. Eins og nú stendur verða prestarnir, þar sem steypt er saman prestaköllum, að taka á sig ábyrgð á fleiri en 1 kirkju. Það getur orðið þung kvöð, þar sem kirkjurnar eru fjelitlar, og geta ekki borið sig. Auðvitað gjörir það minna til, þar sem kirkjan er auðug og engin hætta á ferðum, og ef ekki koma slys fyrir. Sökum þessa þykir mjer þó bót í 2. gr. út af fyrir sig, fái frumv. allt ekki fram að ganga. Samt er jeg ekki á móti því, að nefnd verði sett í málið, sjerstaklega til þess, að íhuga vandlega, hvort hjer er um mikinn og skaðlegan órjett að gjöra gagnvart eigendum bændakirknanna, og hvort það er ekki í flestum tilfellum svo, að eigendunum er beinlínis hagur í að sleppa umsjón og fjárhaldi kirknanna; og ef nú svo reynist að vera, þá get jeg ekki skilið, að það verði kallað að skerða rjett þeirra, að gjöra þeim hægra fyrir, að losna við það, sem þeim er beinlínis skaði að.

Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á, að þriggja manna nefnd verði kosin í málið.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Jeg ætla að lýsa því yfir, að við samning frumv. þessa hefi jeg einkum litið á málið frá hlið kirkjufjelagsins hjer á landi, en lagt minni áherzlu á það, þótt einstökum manni eða einstökum söfnuði kynni í svipinn að þykja breytingin óþægileg. Þá hliðina álít jeg ekki hafa eins mikla þýðingu, ef að eins er sigit fyrir þau sker, að nokkrum einstakling sje órjettur gjör. Það er skoðun mín, að ef kirkjan kemst í hendur safnaðarins, þá muni það hafa í för með sjer ýmsar breytingar til hins betra; það mundi lífga og glæða hið safnaðarlega

lif, og örfa söfnuðinn til kirkjulegra og kristilegra framkvæmda, og jeg hygg, að mjög fáir söfnuðir og mjög fáir kirkju-umráðendur mundu fá ástæðu til að verða óánægðir með þá breytingu.

Jeg skal ekki mikið fara út í hin einstöku atriði, sem fram hafa komið móti frumv. Það sem mig skilur á við þá, sem álíta rjetti eiganda bændakirknanna þröngvað með frumv. þessu, er, að jeg skoða þeirra rjett ekki sem eignarrjett í eiginlegum skilningi, heldur öllu fremur sem ljensrjett. Því eins og h. meðflutningsm. minn benti á áðan, þá hverfur verulegur hluti af eign kirkju hverrar til safnaðarins, þegar kirkja er lögð niður, og bendir það á, að söfnuðurinn sje að minnsta kosti hluthafi í eigninni eða meðeigandi.

Það hefir löngum verið sagt, að kirkjan í Reykjavík mundi verða söfnuðinum byrði, ef hann ætti að taka við henni; jeg skil ekki, að svo þyrfti að vera, þar sem söfnuður þeirrar kirkju er sá fjölmennasti og ríkasti á landinu. Í rýmsta skilningi hljóta allar kirkjur að vera byrði fyrir söfnuði sína, og í þeim skilningi ekki að eins getur, heldur og hlýtur þessi, sem aðrar kirkjur að vera byrði. Þá voru vandkvæði talinn á því, að söfnuðurinn tæki að sjer Vestmannaeyjakirkju, eins og h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) tók fram áðan. En jeg skil ekki í því, að söfnuðinum geti orðið nokkur vandræði úr því, að taka að sjer þessa stofnun, þótt hann til þessa hafi notið þess rjettar, að sækja ærið fje í landssjóð henni til viðhalds, og yrði kirkjan síðar byrði, ætti sú byrði að vera söfnuðinum ljúf og kærkomin.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) leit á málið einkum frá þeirri hlið, að þannig löguð ákvæði væru þvingunarákvæði, og áleit hann ráðlegast, að fara varlega í þeim efnum.

Jeg fellst fullkomlega á þá skoðun, að varúð sje nauðsynleg, því málið sje viðkvæmt mörgum mönnum. En jeg skal taka fram eitt atriði, sem meiri áherzlu þarf að leggja á í umræðunum um þetta mál en enn þá hefir gjört verið. Það er, að allmikil nauðsyn liggur bakvið þetta frumv. Það getur staðið svo á, að ástandið, eins og það nú er, beinlínis aptri nauðsynlegum sóknabreytingum, t. d. þar, sem kirkja er illa sett í sókn, og eitt eða fleiri heimili, sem því eiga langt til kirkju, æskja að sameinast annari sókn. Ef nú kirkjueigandi setur sig á móti þessari breytingu, hvort sem það er af því, að það er tekjumissir fyrir hann, eða þá af öðrum ástæðum, þá getur ekkert orðið úr henni.

Eins er það, sem jeg og minntist á við 1. umr. málsins, að þessi lög geta verið nauðsynleg til þess, að kirkjum verði fjölgað og þær reistar við, eins og nauðsynlegt er, t. d. þar, sem smákauptún eða þorp myndast í sókninni; það getur orðið svo, að brýna nauðsyn beri til fyrir nokkurn hluta safnaðarins að fá nýja kirkju. En ef nú kirkjuhaldarinn ekki vill missa gjöld sín frá þessum hluta safnaðarins, þá hefir hann þann einn úrkost, að kosta fyrst til þess að koma sjer upp nýrri kirkju, og verða síðan að gjalda til 2 kirkna; því ekki er hægt að skylda kirkjuhaldara til að halda og ábyrgjast kirkjurnar 2.

Sami h. þm. talaði um, og h. þm. V.-Sk. gaf það í skyn, að frumv. þetta mundi leiða til þess, að menn mundu fara að segja sig úr þjóðkirkjunni, og streitast við að koma sjer upp nýjum kirkjum. Jeg fæ ekki sjeð, að þessi ástæði hafi við nein sönn rök að styðjast. Jeg get ekki skilið, að menn fyr-

ir þá sök færu að hleypa sjer í ærinn kostnan og byggja nýjar kirkjur; það er ekki hægra að byggja nýja kirkju, heldur en að halda hinni gömlu við. En þó svo væri, að menn gjörðu sjer þetta að kappsmáli, og færu að segja sig úr þjóðkirkjunni, til þess að mynda nýjan söfnuð, þá álít jeg vafasamt, hvort það mundi hafa svo mikinn skaða í för með sjer. Það mundi gefa mönnum kost á að sýna at sjer rögg og áhuga í safnaðarmálefnum, og jeg fæ ekki sjeð, að það væri nokkur skaði skeður með því. En jeg ætla líklegra, að slíkar bólur mundu brátt hjaðna, þegar menn hefðu áttað sig á, að það sem hjer ræðir um, væri engin gild ástæða til þess að ganga úr þjóðkirkjunni, enda geta slík kappsmál aldrei skapað langvinna sundrung í kirkjunni; til þess, að svo geti orðið, verður ágreiningur í trúaratriðum, eða eitthvert slíkt samvizkuspursmál að liggja til grundvallar fyrir aðskilnaðinum við söfnuðinn.

Jeg finn ekki ástæðu til, að fara fleirum orðum um málið að sinni, og vil jeg aðhyllast þá uppástungu meðflutningsm. míns, að skipuð sje í það 3 manna nefnd.

Guðlaugur Guðmundsson: Báðir h. flutningsm. hafa bent á, að söfnuðir fengi nokkuð af eignum kirkjunnar, þá er hún er lögð niður. En eptir því, sem stendur í rentukammerbrjefi 17. marz 1832, þá hefir það ávallt verið álitið sjálfsagt, þegar bændakirkja er lögð niður, að eigandinn fái allar jarðir og eignir, sem kirkjunni fylgja. Þetta hefir allt af verið skilið á þann veg, að eigandi bændakirkjunnar fær allt, sem kirkjan á, ítök, jarðir og hlunnindi, en það sem söfnuðinn fær, er ekki annað en tekjur kirkjunnar og svo ornamenta og inventarium.

Að endingu vil jeg leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til h. flutningsm. þessa frumv., hvort þeim þyki það sæmilegt, að nota sjer það, eða byggja slík lög á því, að einn söfnuður er sjerlega fastur í þjóðkirkjunni, svo að óhætt sje að leggja á hann nauðugan slíkar gjaldskyldur, sem hann annars mundi ekki vilja taka á sig, í trausti til þess, að hann segi sig ekki úr þjóðkirkjunni fyrir það.

ATKV.GR.: Samþ. var með 15 samhlj. atkv., að kjósa 3 manna nefnd, og í hana kosnir:

Einar Jónson með 8 atkv., Jens Pálsson með 8 atkv., Guðl. Guðmundsson með 8 atkv.

Umr. frestað.

Frumv. til laga um breytingu á lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknir (C. 50); 2. umr.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Jeg stend ekki upp til að tala mörg orð um þetta mál nú. Það var stungið upp á að setja nefnd í málið við 1. umr., og þó jeg fjellist ekki á nefndarkosning þá, hefi jeg síðan við nákvæmari íhugun sannfærzt um, að það mundi þó ekki vera óheppilegt, að nefnd væri kosin. Það hafa ýmsir h. þingdm. bent á, að málið þyrfti ýtarlegri yfirvegunar við, og skal jeg því ekki tefja tímann, en leyfi mjer að stinga upp á, að kosin verði 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefnd samþ. og í hana kosnir:

Guðjón Guðlaugsson	með	15 atkv.
Sigurður Gunnarsson	—	9 —
og við ítrekaða kosningu		
Jón Jensson	—	12 —

Umr. frestað.

Frumv. til laga um bann gegn því, að sleppa hvalleifum frá hvalveiðastöðvum, svo að reki á annara manna fjörur (C. 50); 2. umr.

ATKV.GR.: Allar frumv.greinarnar 3 samþ. hver um sig með 21 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Frumv. til laga um afnám fasteignasölugjalds (C. 55); 1. umr.

ATKV.GR:. Málinu vísað orðalaust til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma á Íslandi (C. 56); 1. umr.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Eins og kunnugt er, eru ekki til neinar glöggar nje góðar ákvarðanir til varnar gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma hjer á landi, og þykist jeg því viss um, að rjett þyki að hreifa því máli á einhvern hátt hjer á þinginu. Að vísu er til »instrux« fyrir landlækni og hjeraðslækna frá 1824, en það er harla ófullkomið í þessu efni, eins og eðlilegt er, þar sem læknaskipunin var svo ófullkomin á þeim tímum, og þeir, sem sömdu »instruxið», sjálfsagt ókunnugir staðháttum hjer. Þá er enn til opið brjef frá 1808, sem hefir inni að halda ákvarðanir um, hvernig að skuli fara, þegar bóla eða önnur næm sýki kemur til landsins; en ákvarðanir þessar eru líka ófullkomnar, svo lög í þessa átt virðast nauðsynleg. Að vísu eru til sóttvarnarlög frá seinni árum, en þau miða einungis að því, að varna því, að næmir sjúkdómar berist á land frá skipum, er til landsins koma frá útlöndum. Þeim lögum kann nú einnig í sumu að vera ábótavant, en þó vildi jeg ekki fara út í þau að þessu sinni, meðfram af því, að breytingar á þeim hlytu að hafa í för með sjer fjárframlag úr landssjóði, og ættu því heldur að koma fram á þingi, er hefði fjármál landsins með höndum. Í þessu frumv. er að vísu farið fram á fjárframlög, en þeim víkur nokkuð öðru vísi við. Hugsunin er, að taka hjer að eins fyrir varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma á landi, en láta hitt eiga sig.

Eins og frv. ber með sjer, er fyrst hverjum forráðamanni heimilis gjört að skyldu, að tilkynna lækni, ef næmur sjúkdómur kemur upp hjá honum, eða þá hreppsnefndarmanni, sem eptir sveitarstjórnarlögunum á að hafa eptirlit með heilbrigðisástandi hreppsbúa, en hann skal tafarlaust tilkynna lækni. Til þess að vanbrúkun ætti sjer síður stað í þessu efni, er ákveðið að kostnaður við þetta greiðist af sjóði viðkomandi hrepps. Því næst eru ákvarðanir um, að hjeraðslæknir skuli gjöra bráðabirgðarráðstafanir til varnar útbreiðslu sýkinnar, er hafi sama gildi og ráðstafanir sýslumanns, en síðan skal hann tilkynna sýslumanni ráðstafanir sínar, og gjörir hann þá hinar endilegu ráðstafanir með ráði læknisins. Hegning fyrir brot á sóttvarnar ráðstöfunum yfirvalda er beinlínis tekin fram í 293. gr. hinna almennu hegningarlaga, og hefði því ekki þurft að taka hegninguna upp hjer. En af því að jeg vildi, að sama hegning væri lögð við því að brjóta bráðabirgðaráðstafanir læknisins, sem ekki mundi annars teljast til «yfirvalda«, þá þótti mjer rjettara að taka skýrt fram hegninguna.

Þá eru hjer ákvarðanir um yfirgripsmeiri ráðstafanir, þegar sóttvarnirnar þurfa að standa langan tíma, eða ná yfir stórt svæði. Þessar yfirgripsmeiri ráðstafanir gjörir landlæknir, og kostnaður við þær skal greiðast úr sýslusjóði, ef hann fer ekki fram úr 100 kr., en ef hann er hærri, þá úr landssjóði; þó skulu 50 kr. ávallt greiðast úr sýslusjóði, því jeg lít svo á, að ef mikið er í húfi og hætta vofir yfir öllu landinu eða meiri hluta þess, þá eigi landssjóður að mestu að bera kostnað-

inn, en ef hættan er minni, þá sje rjett að sýslan, sem veikin er í, beri kostnaðinn; og af því að hún nýtur þó ætíð mestra hagsmuna af því, ef sóttin verður hindruð, þá virðist rjett að hún greiði ætíð nokkurn hluta.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið, en leyfi mjer að treysta því, að h. þingd. taki því vel, og lofi því að ganga greiðlega fram.

Þórhallur Bjarnarson: Frumv. þetta fer fram á, að setja ný lög til varnar gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma hjer á landi. Þetta mál lá eðlilega í loptinu í vor, eptir að »inflúenzan« hafði gengið og valdið töluverðum manndauða og afarmiklu verkfalli, og kom það til tals í mínu kjördæmi, að eitthvað þyrfti að gjöra til varnar útbreiðslu slíkra sjúkdóma. Jeg og h. þm. Rvík. (J. Jenss.) gengum líka með frumv. í huganum í þessa átt í þingbyrjun, og eptir að við höfðum hugsað það og rætt nokkuð, kom okkur saman um, að það yrði að vera töluvert umfangsmikið lagasmíði, og því rjeðumst við ekki í það að bera frumv. upp á þessu þingi. Jeg get þess vegna ekki verið meira en svo samdóma h. flutningsm. (E. J.) þessa frumv. um, að heppilegt sje að samþykkja á þessu þingi sjerstakan bálk sóttvarnarlaga, enda verð jeg að telja þetta vandasama og umfangsmikla lagasmíði með þeim lögum, sem stjórnin ætti sjerstaklega að undirbúa. Hún á hægt með að leita ráða hjá landlækni og öðrum læknum hjer á landi og hjá þeim valdsmönnum, sem lögunum eiga að beita, og jafnvel hjá læknum og heilbrigðisnefndum utanlands. Jeg kysi helzt, að stjórnin, sem hefir nægan tíma og góða starfsmenn, ynni sem mest að slíkri vandasamri og margbrotinni lagasetningu sem þessari, og að þingið, sem stendur svo stutt og hefir svo mörg mál með höndum, þyrfti lítið annað að gjöra en að samþykkja frumv. frá stjórninni, líkaði þinginu aðalstefna þess. Jeg vildi því helzt, að þessu máli yrði snúið upp í áskorun til stjórnarinnar, að hún undirbyggi og legði fyrir næsta þing nýtt og ítarlegt sóttvarnarlagafrumv. með ákvörðunum um kostnaðinn við þær ráðstafanir, sem frumv. væntanlega hefði í för með sjer. Það er eðlilegt, að nú megi koma við miklu meiri og betri sóttvörnum en áður, þar sem læknum hefir fjölgað svo mjög á síðari árum, svo að ný lagasetning í þessa átt sje fullkomlega tímabær; en af framantöldum ástæðum, að viðbættri þeirri, að nú situr ekki einn einasti læknir á þingi, trúi jeg því varla, að þetta þing geti gefið út þau sóttvarnarlög, er þingið sjálft og þjóðin á eptir geti verið ánægð með. Jeg vil þess vegna skjóta því til h. flutningsm. (E. J.), hvort honum finnist ekki ástæða til að óska þess, að nefnd verði sett í málið.

Þorlákur Guðmundsson: Það blandast víst engum hugur um, að nauðsynlegt sje að gera eitthvað í þá átt, sem frumv. þetta stefnir í. Hinir síðari tímar hafa bent oss á, að með öllum þeim kostnaði, sem gengur nú orðið til læknahalds hjer á landi, eru sóttvarnir allar í hinu aumasta ástandi. Það er sorglegt, að menn þekkja hjer enn engar sóttvarnir fremur en á næstliðinni öld, þegar landið mátti heita læknalaust. Það er sorglegt og eptirtektavert, að hugsa til þess, að næstsíðustu inflúenzunni, sem kom fyrst í Vestmannaeyjar, skyldi vera hleypt á land þaðan. Þar var þó sannarlega staður til að stemmu stigu fyrir henni. Óvíða á bygðu landi munu sóttvarnir auðveldari en á Íslandi að því leyti, að landslag og strjálbygð getur hjálpað til, ef varúð væri viðhöfð og alúð og árvekni af hendi lækna og lögreglu. En, eins og h. þm. Borgf. (Þórh. B.) tók fram, er

það umfangsmikið verk og vandaverk, að semja góð og nógu víðtæk sóttvarnarlög, enda er jeg honum samdóma um, að það ætti að vera hlutverk stjórnarinnar, að undirbúa nú milli þinga frumv. til slíkra laga. Mig furðar á því, að h. stjórn skuli ekki hafa gjört ráðstafanir í þessa átt fyrir löngu. Það hefir áður verið talað um að stofna heilbrigðisnefnd í landinu, en ekki er það mál enn lengra komið en á pappírinn. Að öðru leyti eru góðar setningar í þessu frumv. Jeg álít rjett, að setja nefnd til að íhuga það og annaðhvort umbæta það eða beina því í aðra átt, málinu til framkvæmdar.

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Jeg get auðvitað viðurkennt, að þetta mál yrði betur undirbúið, ef það kæmi frá stjórninni; en jeg sje eptir hverju ári, sem dregst og ekkert er gjört til að löghelga varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma hjer á landi, og get jeg því ekki annað en verið á móti því, að þetta mál verði að öllu leyti dregið til næsta þings. Jeg ímynda mjer, að menn yrðu fegnir að hafa, þó ekki væri nema þessi lög, sem hjer er stungið upp á, ef næmur sjúkdómur skyldi berast hingað eða koma hjer upp á næsta ári. Ef stjórninni skyldi þykja þessi lög ófullkomin, þá getur hún sleppt að samþykkja þau og sent betra frumv. til næsta þings. Jeg ímynda mjer, að stjórnin gæti þó grætt ýmislegt á þeim upplýsingum, sem fram kunna að koma við meðferð málsins hjer á þinginu, ef frv. væri rætt í báðum deildum þingsins, og gæti þá komið fullkomnara en annars frá stjórninni. Jeg hefi enn ekki heyrt nein mótmæli gegn sjálfri stefnu frumv. eða ákvæðum þess. Jeg bar það undir merkan lækni hjer í bænum, Guðmund Magnússon, og annan lækni til, og kváðust þeir ekkert hafa við það að athuga. Mjer dettur samt ekki í hug að bera á móti því, að frv. geti ekki tekið umbótum í meðferðinni, en vil fá að heyra mótbárur manna móti sjálfu frumv., áður en nefndin verður kosin, því það getur verið nefndinni til leiðbeiningar. En helzt vildi jeg óska, að nefnd yrði ekki sett; því tíminn er orðinn stuttur og vildi jeg því heldur, að misfellurnar yrðu lagaðar með breyt.till.

Þórhallur Bjarnarson: Það er einmitt af því, að jeg álít þetta mál svo þýðingarmikið, eitt hið þýðingarmesta mál á þessu þingi, að jeg óska, að það verði rækilega íhugað. Það er mikið í húfi, ef illa tekst með samning slíkra laga, sem hljóta að grípa yfir allt viðskiptalíf manna, þar sem samgöngubann er hið fyrsta og helzta skilyrði fyrir því, að næmir sjúkdómar berist ekki út. Jeg hefi þess vegna, eins og jeg sagði áðan, ekki mikla trú á því, að þetta þing geti leitt þetta mál til heppilegra lykta, þar sem þegar er liðið svo mjög á þingtímann og mörg önnur stórmál eru á ferðinni. Jeg hefi meiri trú á því, að það fengi heppilegan árangur, ef þingið beindi málinu með þingsályktun til stjórnarinnar, því þá hlyti hún að sinna því. Það álít jeg farsælla en að stjórnin, ef til vill, synji lögum þingsins staðfestingar, því þá er hætt við, að hún láti þar við sitja og leggi sjálf ekkert frumv. fyrir næsta þing. Jeg skal þess vegna leyfa mjer að halda fram þeirri uppástungu, að þriggja manna nefnd verði sett í málið.

ATKV.GR.: Nefnd samþ. og í hana kosnir:

Einar Jónsson	með	19 atkv.
Þórh. Bjarnarson	—	15 —
Ólafur Briem	—	9 —

Fyrstu umræðu frestað.

Fyrirspurn frá 2. þm. Ísfirðinga (Sk. Th.) (C. 27), hvort gera megi.

ATKVGR.: Fyrirspurnin leyfð með 20 samhlj. atkv.

Tólfti fundur, þriðjudag 14. ágúst, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands (C. 7); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. orðalaust í einu hlj. og afgreitt síðan til efri deildar.

Frumv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. 54, 57, 63); 3. umr.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Það er að eins viðvíkjandi breyt.till. á þingskj. 73 (C. 63), sem getur verið að ræða um hjer. Hún fer fram á, ef skip hittist í landhelgi með botnvörpu innanborðs, þá sektist það um 200—2000 krónur, þó það sje ekki á veiðum, nema því að eins, að það sje að leita hafnar í neyð.

Það er sem sje vel hugsanlegt, að botnvörpuskip, sem ætlar að fara að veiða í landhelgi eða á hinu forboðna svæði, verði vart við gæzluskip eða annað skip, en sje þó ekki búið að láta botnvörpuna í sjóinn, eða þá alveg nýbúið að því, svo enginn afli sje í hana kominn. En nú eru þau ákaflega fljót að kippa botnvörpum sínum inn, og var jeg sjónarvottur að því á Vopnafirði í sumar, svo að ráðrúm getur orðið til að draga brotnvörpuna inn áður en gæzluskipið getur orðið sjónarvottur að því.

Jeg vona því, að breyt.till. sje í samræmi við anda frumv., og enn fremur í samræmi við grundvallarreglu laganna, þar sem vera skipsins að nauðsynjalausu í landhelgi getur skoðazt sem tilraun eða fyrsta stig til að brjóta lögin.

Hin breyt.till. fer fram á að gjöra það ljóst, að fyrir utan veiðarfærin og þann hluta af aflanum, sem er í þeim eða á dekki, þegar skipið er tekið, sje að eins sá hluti aflans, sem upplýst verður um, að fenginn hafi verið á ólöglegan hátt eða á hinu forboðna svæði, upptækur. Annað mál er það, að opt mun verða örðugt að sanna þetta síðara.

Jeg vona því, að h. þingd. fallist á þessa breyt.till.

Landshöfðingi: Það kann að líta svo út í fljótu bragði, sem þessi breytingartillaga eða viðaukatillaga við 2. gr., sem nú er 3. gr., sje nokkuð ströng, að skip sem að eins hittist í landhelgi með botnvörpum í sjer án þess, að sannað verði, að það hafi drýgt nokkurt lagabrot, skuli verða fyrir sektum; en þegar nákvæmar er aðgætt, þá virðist þessi strangleiki vera fyllilega rjettlættur af því, hve sjerstaklega hagar til með hin brezku botnvörpuskip. Í Danmörku eru lög um það efni ekki eins ströng; þar er þeirri reglu fylgt, að þegar skip hittist í fyrsta sinn með botnvörpu í sjer í landhelgi, þá er því vísað á brott; en ef það hittist þar aptur, er því hegnt eptir gildandi lögum um það efni. Hjer er ekki hægt að koma því við, að hafa slíka aðferð, sökum þess, að vjer höfum ekki herskip, sem sjeu stöðugt á ferðinni til þess, að gæta að því, að ekki sje fiskað á ólöglegan hátt.

En það sem er aðal-atriðið í þessu máli er það, að það virðist ljóst af skjölum þeim, sem prentuð hafa verið með nefndarálitinu, að botnvörpuveiðar hjer við land sjeu ekki mögulegar nema í landhelgi; þá leiðir af því, að öll skip, sem gjörð eru út til botnvörpuveiða hjer við land, eru gjörð út hingað

eingöngu og beinlínis til þess, að drýgja lagabrot; og úr því svo er, þá sýnist ekki ástæða til þess, að taka mjúkum höndum á slíkum skipum. Það má og geta þess, að í 1. gr. laga um breyting á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fleira 12. febr. 1872 er gjört ráð fyrir, að útlend fiskiskip megi ekki leita hafna nema í neyð sinni. Upphaf 1. greinar er á þessa leið: »Þegar útlent fiskiskip leitar í neyð sinni hafnar á Íslandi« o. s. frv.

Og síðar í greininni er talað um, að skip leiti hafnar til þess, að fá læknishjálp eða sakir ísa og illviðra. Alstaðar í greininni er því gjört ráð fyrir, að útlend skip megi ekki leita hafnar, nema þegar þeim er það alveg nauðsynlegt, eða eins og stendur í frumv. »nema þegar skip leita hafnar í neyð sinni«.

Það er því ávallt viðurhlutamikið, að leyfa þessum skipum að koma inn fyrir landhelgi, því ef þau hafa andvara á sjer, geta þau athafnað sig þar eins og þeim lízt, dregið botnvörpur sínar upp óðara en þau sjá til herskips og ekki látið þær niður, ef nokkurt slíkt skip er í augsýn, en beðið róleg og sætt lagi.

Því er það, að þó þetta ákvæði sje nokkuð strangt, þá álít jeg, að ekki sje oflangt farið með því, þegar um það er að ræða, að verja sig gegn yfirgangi af hálfu utanríkis-skipa, sem — eins og jeg sagði áður — eru eingöngu gjörð út til þess, að brjóta lög landsins.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskj. 65 og 73 samþykktar í e. hlj.

Frumv. í heild sinni með áorðnum breyt. samþ. í einu hljóði og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um samþykktir til að banna innflutning alls áfengis, sölu þess og tilbúning (C. 49); 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Það virðist líta út fyrir, að ekki verði miklar umræður um málið nú. En jeg vil að athuguð sjeu ýms atriði í frumvarpinu og jeg fyrir mitt leyti vil að mörgu sje breytt í því. Það er margt sem mætti verða haganlegra, sjerstaklega ýmislegt er viðkemur atkvæðisrjetti og atkvæðagreiðslu í því máli, auk fleira.

Þess vegna vil jeg leyfa mjer að að stinga upp á 5 manna nefnd.

Jón Jónsson, þm. Eyf.: Jeg hef nú óskað að taka til máls í þetta sinn, af því, að þó nefnd kunni að verða skipuð í málið, þá segir mjer svo hugur um, að það muni eigi optar koma til umræðu hjer í deildinni. En þar eð svo margt hefur verið sagt við hina fyrri umræðu í þessu máli, sem bæði snertir ýmsa þm. og sjerstaklega mig, en sem jeg þá ekki gat svarað, af því jeg var dauður, vona jeg að hinn h. forseti leyfi mjer að tala. Að vísu er það venja við 2. umr., að tala um hinar einstöku greinir málsins; þó er það ásetningur minn, með leyfi hins h. forseta og hinnar h. þingdeildar, að tala nokkur orð um málið almennt.

Úr flokki meðmælenda þessa máls var við 1. umr. ýmsu kastað fram til þeirra þingm., er töluðu á móti málinu, og þá líka til mín, sem jeg ekki hafði tækifæri til að svara, en sem jeg engan veginn vil láta vera mótmælalaust.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) byrjaði ræðu sína á þá leið, að eptir mótmælum þeim að dæma, sem frumv. hefði mætt, þá mundu þingmenn »ekki vilja líta rjettum augum á þetta mál«, og »ekki hafa kynnt sjer það til hlítar!« — Í báðum þessum staðhæfingum liggur svo þung ásökun, að jeg fyrir mitt leyti, verð að vísa þessu frá mjer sem algjörlega ósönnu. H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) lagði meira að segja áherzlu á það, að hinir h. þingmenn (er höfðu

mótmælt frumv.), hefðu eigi kynnt sjer málið til hlítar, og hann tók það sem dæmi, að jeg lýsti yfir því þegar í byrjun við 1. umr., að jeg væri ráðinn í að greiða atkvæði á móti (málinu) frv. Það er rjett, að jeg var ráðinn í því, en einmitt af þeirri ástæðu, að jeg þóttist hafa kynnt mjer málið svo vel, að jeg gæti með fullum rjetti greitt atkvæði á móti því. Þá vil jeg spyrja h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.): Mun h. þm. við 1. umr. eigi hafa setzt í sæti sitt með þeim fasta ásetningi, að greiða atkvæði með frumv.? Jeg vona, að h. þm. (G. G.) játi það, sem allur þingheimur hlýtur að vera sannfærður um! *(Guðl. Guðm.*: Nei). H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) er þá ekki svo ærlegur, að kannast að við það, sem allir þó hafa fyrir satt. Jeg bið h. þingdeild fyrirgefningar, hafi jeg talað eitthvað ljótt; jeg skal ekki gera það optar; en jeg tek það enn fram, að það, að álasa þingmönnum fyrir, að þeir komi inn í þingsalinn með þeim fasta ásetningi, að greiða atkvæði móti einu máli, er svo mikil fjarstæða, að jeg vil ekki eyða fleiri orðum um það.

Enn fremur sagði h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), að sumir þingmenn hirtu ekki um upplýsingar! Þegar jeg heyrði þessi orð í ræðu hins h. þingmanns, ímyndaði jeg mjer, að nú fengi jeg að heyra einhverjar mikilvægar upplýsingar í málinu, sem kynnu nú að hafa áhrif á skoðun mína og annara. Hvaða upplýsingar gaf h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.)? Þær, sem mjer áður voru kunnar, og líklega fleirum þingmönnum, að í sumum ríkjum í Ameríku væru lagaákvæði, lík þeim í frumv., eigi fátíð; eitt vantaði samt upplýsing um hjer: Hver var árangurinn af þessum ákvæðum? H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) hefur gleymzt, að lýsa því, hvaða gagn þessi lög í Ameríku hefðu gert; en eptir því, sem jeg veit bezt, og eptir því sem jeg hef heyrt af merkum mönnum, er hafa ferðazt um Ameríku, þá er gagnið hið sama og jeg sjálfur gerði ráð fyrir í mínum fáu orðum við 1. umræðu, — að drykkjuskapurinn er hinn sami og áður; en ef svo er, þá er drykkjuskapurinn þar nú tvöfaldur löstur, því hann er líka lagabrot. Og þrátt fyrir bindindishreifingar í Ameríku og allt það gott, sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) taldi slíkum lagaákvæðum til gildis, vex sú upphæð, sem eytt er til áfengis í Bandaríkjunum, árlega um 20 þús. Lstr.

Þá skal jeg minnast á ýms atriði í ræðum h. þingm., er hafa talað með frumv., bæði h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) og h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.).

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) taldi þann kost á frumv., að samþykktirnar væru æfing í því smáa til sjálfstjórnar. Það hlýtur að vera frá hans sjónarmiði; frá mínu sjónarmiði er það ekki, og að skoðanir okkar eru svona skiptar hlýtur að liggja í því, að h. þm. meinar annað með sjálfstjórn en jeg.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) skilur við sjálfsstjórn, eptir þessu að dæma, þá stjórn, er gengur út á að veita einum flokki (manna) vald til að kúga og bæla undir sig hin frumlegustu rjettindi mannanna; með öðrum orðum: gengur í gagnstæða átt við það, sem jeg kalla sjálfstjórn.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók það enn fremur fram, að sjer virtist framfarirnar í landinu vera hvað helzt í því fólgnar, að drykkjuskapur hefði stórum minnkað. Jeg fyrir mitt leyti, og jeg ímynda mjer flestir, hljóta að vera h. þingm. (Tr. G.) samdóma í þessu. Það var einnig rjett hjá hinum h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), að þetta væri bindindisfjelögunum all-mikið að þakka. En það er annað til, sem þetta er enn

meira að þakka: breyttur hugsunarháttur, sem með vaxandi menntun á hinum síðari árum hefur gert það að verkum, að mönnum nú þykir óvirðing í að drekka sig drukkna. Þessi skoðun er nú meir ríkjandi en nokkurn tíma áður, og henni er það að þakka mestmegnis, að drykkjuskapur hefir minnkað, en engum lagasetningum.

Nú skal jeg taka það fram, að þetta frumv. fer einmitt í gagnstæða átt við allar bindindishreifingar. Þá vil jeg spyrja: Vilji h. flutningsm. og aðrir meðmælendur þessa frumv. eiga það á hættu, að bindindisfjelaganna góða verk verði að óþörfu? Í stað þess að hlynna að eðlilegri framsókn bindindis, setur þetta frumv. inn kúgun og valdboð. Er þetta meining h. þingm., sem hafa flutt þetta frumv. fram hjer í deildinni? Þeirri spurning vil jeg ekki svara, en jeg kasta henni fram til yfirvegunar fyrir h. þingmenn.

H. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) taldi það kost við samþykktirnar, að þær efldu hjeraðastjórn og minnti um leið á, að á þingi 1889 hefði verið flokkur þingmanna, er setti sjer það mið, að efla hjeraðastjórn. Jeg skal fúslega játa, að jeg var einn í þessum flokki á þingi, og jeg tel mjer það til gildis og hefi sömu skoðun enn; en hjer ber það á milli, að þetta frumv. miðar eigi til þess, að efla hjeraðastjórn. Það vald, sem þingið ekki hefur, getur það ekki gefið öðrum, en þingið má ekki taka sjer vald til að misbjóða hinum frumlegustu rjettindum manna, t. d. í því, hvað maður lætur ofan í sig; um það verður hver að eiga við sjálfan sig. Fyrst löggjafarvald þingsins þannig ekki hefur rjett til að gera þetta, þá er það algjörlega rangt, að veita nokkrum öðrum eða nokkrum flokki manna heimild til að gera slíkt.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) sagði, að frumv. gengi í frjálslega átt. Jeg hef áður lýst yfir þeirri skoðun, og hana hef jeg enn, að frumv. gangi í gagnstæða átt. Hjer er ekki tími til að skýra, hvaða þýðing dylst í orðinu frelsi, og jeg er ef til vill heldur ekki fær um það, en jeg efast mjög um, að h. þm. V.-Skaptf. Guðl. G.) geti tekizt að útskýra orðið frelsi svo, að bæði h. þm. fallist á þann skilning, og að hann komi í samræmi við þetta frumv. Þá útskýringu þætti mjer gaman að heyra.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) sagði enn fremur, að það væri »herfilegur misskilningur« að halda, að í þessu frv. væri stigið einu hænufeti lengra en svo víða annarsstaðar í löggjöf vorri til þess, að hepta persónulegt frelsi manna. Sje þetta rjett, þá er öll mín skoðun bygð á misskilningi, en hinn h. ræðumaður hefur enn ekki getað haft mig af minni skoðun, og dæmi þau, er hann færði til, álít jeg röng. Hann benti á, að löggjafarvaldið hefði ýms afskipti af hinu mannlega lífi, sem stæðu í samræmi við hugsun frumv., t. d. vernd kristinnar trúar, kristindómsfræðslu og vernd siðferðisins. Jeg fyrir mitt leyti get ekki skilið, hvernig h. þm. fer að jafna þessu saman; mjer sýnist þetta vera svo ólíkt og ómögulegt til samanburðar. Að löggjöfin verndar kristna trú, er óskylt og ósambærilegt við þetta frumv., því hvar í kirkju-löggjöfinni er nokkrum mönnum leyft að ráða yfir öðrum? Jeg veit eigi betur en að hver einn geti sagt sig úr kirkjufjelaginu, og jeg þekki ekki nokkurt vald, sem geti aptrað manni frá því. Þar sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) tilfærir kristindómsfræðslu unglinga sem dæmi, þá er það nokkuð langt sótt; þetta fyrirkomulag miðar sig við þá skoðun, að hið borgaralega þjóðfjelag álítur vissan lærdóm unglingunum nauðsynlegan, og setur hann sem skilyrði fyrir borgara-

legum rjettindum; en hvernig í ósköpunum getur h. þm. borið slíkt saman við þetta frumv.?

Enn fremur tók h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) skírlífi t. d., sem eitt af því, er löggjafarvaldið hefði afskipti af. Nú er þetta öllu heldur þvert á móti, löggjafarvaldið hefur mjög lítil afskipti af siðferði manna í þeim efnum, það hegnir í örfáum tilfellum, en það hefir ekkert afl til að aptra neinum í þessu efni. H. þm. hlýtur þó að vera það ljóst, að hegning fyrir einn hlut er annað en laga-aðhald, og þó h. þm. sje glöggur og skarpsýnn lagamaður, mun hann aldrei geta sannfært mig um, að það sje það sama.

Jeg segi hjer að eins mína skoðun og tala alveg frekjulaust um málið.

Loks jafnaði h. þm. nautn áfengra drykkja saman við manndráp, þjófnað og nauðganir; þá fannst mjer skörin færast upp í bekkinn. Hvernig getur h. þm. borið alls konar slíka glæpi saman við þá »saklausu athöfn« — svo jeg taki það upp aptur — að taka sjer brennivínssnaps? Hvort miðar í sína áttina, svo það er eigi saman berandi. Manndráp o. s. frv. eru glæpir, sem koma niður á öðrum, þeim sem verknaðurinn er drýgður gegn, en drykkjuskapurinn kemur í flestum tilfellum, ekki niður á öðrum, nema óbeinlínis; það játa jeg, eins og svo margt annað, þannig, að eptir því sem jeg eyði meiru til áfengra drykkja, eptir því hef jeg eða einhver annar minna fyrir sig að leggja og þjóðeignin minnkar að því skapi; ætti að fylgja þeirri hugsun út í yztu æsar, að girða fyrir allar beinlínis og óbeinlínis skaðlegar afleiðingar, þá þyrfti að banna ærið margt. — En þessi lög hjer hljóta að koma niður á öðrum; þau hljóta að skerða hin heilögustu og frumlegustu rjettindi manna.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) taldi þetta mál sjerstaklega siðferðismál; má vel vera að svo sje eptir hans útskýringu (definition). Mín skoðun er sú, að hin siðferðislegu áhrif frumv. muni ganga í alveg gagnstæða átt, til að spilla, en eigi til að bæta siðferði.

Mjer dettur í hug út af þessu eitt dæmi úr lagasögu vorri, sem h. þm. (G. G.) mun vera kunnugt: Einu sinni voru hjer lög eða fyrirskipan, sem kallað var stóridómur; aðal-innihald þeirrar fyrirskipunar var að hegna fyrir skírlífisbrot. Nú er það víst, að þetta nafn, stóridómur, hefir hjá flestum vakið ósjálfrátt þá tilfinningu, að verkanirnar hafi orðið gagnstæðar við það, sem til var ætlazt; þetta hefir verið almennt álitið meðal alls almennings, og er í rauninni rjett; það er í samræmi við eðli mannsins, að því harðari hegning, sem lögð er við eitthvert brot, því sterkari verða freistingarnar.

Jeg vona, að h. þingd. hafi skilið mig. Skoðun mín er sú, sem jeg ljet í ljósi þegar við hina fyrsta umræðu þessa máls, að jeg er á móti frv. af því, að mjer finnst löggjafarvaldið ganga þar lengra en rjett er. Löggjafarvaldið verður að setja takmörk á báðar hliðar, til þess rjett skipulag haldist, án þess þó að ganga of nærri rjettindum manna.

Til er ein gömul og slitin setning, sem hljóðar svo: að margir leiti hjeðan af landi burt til Ameríku af óánægju; þetta hefir heyrzt í blöðunum og víðar, og menn hafa talið ýmsar orsakir til þess, svo sem óánægju yfir stjórnarskránni og fleiru, og hjer á þingi heyrist hún opt og er notuð til að mæla með eða móti ýmsum málum; reyndar hef jeg aldrei getað skilið í því, hvernig þetta geti staðið í sambandi hvað við annað; en ef þetta frumv. yrði að lögum, og þegar löggjafarvaldið er gengið út á þá braut, sem þetta frumv. er

fyrsta spor á, þá finn jeg vel, að vonir mínar um framtíð þessa lands mundu svo þverra, að jeg sæi ef til vill þann kost vænstan að fara til Ameríku, og jeg óttast, að mörgum hugsandi mönnum landsins mundi fara sem mjer í því efni.

Þórhallur Bjarnarson: Þegar nafnakallið fór fram í þessu máli við lok 1. umr., var því búinn dauðinn, hefði jeg ekki þá gefið því atkv. Jeg vildi ekki vera meinsmaður þess, að þetta áhugamál ýmsra h. þingdm. fengi að komast til 2. umr., þó jeg hins vegar væri ráðinn í að vera á móti því, að minnsta kosti í því formi, sem það nú hefir.

Með þeim inngangsorðum þarf jeg ekki að lýsa yfir velvild minni til bindindis og bindindisfjelaga, sem við 1. umræðu málsins var óbrigðull fyrirboði þess, að ræðumaðurinn væri andvígur frumv.

Jeg ætla mjer ekki að fara mikið út í þessi almennu »helgu« mannrjettindi, að mega taka sjer í staupinu, og heldur ekki hina fjárhagslegu hlið fyrir landssjóðinn, því málið hefir svo litla framgangs von, að óþarfi er að fara mikið út í það á þessu þingi. Þó skal jeg því viðvíkjandi taka það fram, að jeg hef lesið rit og ræður eptir merka stjórnmálamenn, sem telja það happ, að slíkar tekjur yrðu sem minnstar, og jeg man til dæmis, að jeg hef sjeð þá tilvitnun úr ræðu eptir gamla Gladstone, að enska þjóðin mundi ólíkt betur geta borið sína gjaldabyrði, þó að hún við minnkandi vínnautn missti mestallar ríkistekjur af áfengum drykkjum, sem eru geysimiklar í því landi.

En ástæður mínar til að vera á móti þessu frumv. eru sjerstaklega tvær.

Önnur ástæðan er sú, að innflutningsbann er alls ekki tímabært fyr en þjóðin sjálf eða mikill meiri hluti hennar er komin langt áleiðis á bindindisleiðinni. Þó að fullur þriðjungur, eða jafnvel helmingur þingm. hjer í deildinni kunni að vera í bindindi, þá eru hlutfallslega langt um færri í bindindi út um landið. Stór meiri hluti þjóðarinnar verður í hugsunarhætti sínum að vera orðinn frábitinn ekki einungis drykkjuskap, heldur vínnautn yfir höfuð, ef þessi ákvæði, sem í frv. liggja, eiga að hafa nokkra siðferðislega og lagalega þýðingu.

Hin ástæðan er sú, og hún er aðallega gegn öllu innflutningsbanni yfir höfuð, að það er mjög svo auðgjört og vandalaust að búa til áfenga drykki heima hjá sjer, enda slíkt verið alsiða í mörgum löndum; vitanlega yrðu það verri og enn óhollari drykkir en nú eru seldir, en þeirra yrði neytt fyrir því, ef eigi væri annað að fá. Frumv. er að vísu jafnframt bann gegn tilbúningi, en vart gæti það náð til slíkrar heimabruggunar, enda ómögulegt að hafa eptirlit með því. Sje nú kominn tími til að reka bindindispólitík, og jeg fyrir mitt leyti er henni ekki fráhverfur innan takmarka þess, sem er gjörlegt og skynsamlegt að mínu áliti, þá vil jeg skjóta því til þeirra h. þingdm., sem setja vilja bindindislög, að þeir haldi áfram í sama horfi og hafið var með lögum 10. febr. 1888 »um veitingu og sölu áfengra drykkja«, þannig, að líkt samþykktarvald næði einnig til áfengissölunnar hjá kaupmönnum, samfara einhverjum árlegum álögum á alla áfengissölu. Vjer þekkjum það, að þegar koma upp nýjar smáverzlanir í kaupstöðum, þá er brennivíns- eða áfengissalan opt helzta verzlunarvaran, af því brennivínið er ljettseldast og helzt borgað í peningum. Ef nú væri sett eitthvert samþyktarvald sveitarstjórna og um leið í framkvæmdinni lagt gjald á söluleyfi eigi síður en veitingaleyfi, hygg jeg, að mikið væri unnið að því, að takmarka misbrúkun áfengra drykkja,

þar sem menn kynokuðu sjer við, að byrja einhverja smáverzlun mest upp á áfengissölu, eins og nú þekkist. Því hitt munu flestir kannast við, að sjaldnast muni mikil misbrúkun eiga sjer stað hjá þeim, er sjálfir panta áfengið frá útlöndum.

Í sambandi við þetta vil jeg minna á hið svo nefnda »Gautaborgarsystem«, er vel hefir gefizt í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Það fyrirkomulag hefir gefið stórmiklar tekjur af sjer til almenningsþarfa fyrir utan tekjurnar til ríkissjóðs. Reyndar veit jeg, að slíkt er eitur í beinum sumra bindindismanna — að hafa nokkurn plóg af áfengum drykkjum fyrir sveitarfjelögin —; þeir segja sem svo, að það sje nóg, að landssjóðurinn hafi selt sig um aldur og ævi. Mjer sýnist þó, að »Gautaborgarsystemið« eða einhver svipuð aðferð einnig frá bindindislegu sjónarmiði mundi vera heppileg, eða að minnsta kosti eigi vert að hafna henni fyrir kröfum, sem munu verða ófáanlegar á þessum áratug og líklega hinum næsta.

Nefna mætti í þessu sambandi, að á Svisslandi er ríkis-»monopol« á tilbúningi hinna sterkari drykkja og ýmiskonar hepting samfara þungum álögum á sölu þeirra og veitingu, sem hefir mikið minnkað drykkjuskapinn þar.

Eptir »Gautaborgarsysteminu« hafa aktíufjelög veitinguna, en þau standa undir reglum, sem sveitarstjórnirnar setja, og hafa að eins 5% af því fje, sem þau leggja til, en allur annar arður af sölunni gengur til almennings þarfa; nemur sú upphæð hundruðum þúsunda eða jafnvel miljón króna á ári í Noregi. Veitingamennirnir hafa engan hag á að selja; þeir hafa sitt fasta kaup, og allt stefnir að því, að minnka söluna og er varan í því skyni látin vera dýr. Þetta stórfje, sem gengur til almenningsþarfa, skóla, sjúkrahúsa o. s. frv., kemur auðvitað mest niður á þeim sveitarfjelögum, þar sem fjelögin hafa mesta söluna, en um það atriði eru menn ekki á eitt sáttir, því margir vilja láta allt þetta fje renna í ríkissjóðinn.

Í einhverjk líka átt vil jeg ráða þeim h. þm. að halda, sem leggja stund á bindindispólitík. Að banna innflutning áfengra drykkja sýnist mjer ógjörlegt, og eins hitt jafnóráðlegt, að fara að hækka tollinn, enda liggur það mál hjer alls eigi fyrir.

Guðlaugur Guðmundsson: Áður en jeg sný mjer að málinu sjálfu, skal jeg þakka báðum þeim h. þingdm., sem tekið hafa til máls í dag. Því enda þótt þeir hafi báðir verið heldur á móti málinu, hafa þeir þó viljað tala um það með fullri og stilltri alvöru, en því hafa menn ekki átt að venjast áður í bindindismálinu.

Jeg skal svo fyrst snúa máli mínu að h. 1. þm. Eyf. (J. J.). Það getur verið, að orð mín hafi fallið nokkuð hvassar gegn honum við 1. umr. en ástæða var til, en mjer skildist hann þá ekki vilja sinna málinu að neinu, hverjar ástæður sem svo yrðu færðar fyrir því. En þó jeg væri búinn að hugsa málið talsvert, var jeg þó alls ekki búinn að fastráða við mig að samþykkja frumv. í öllum greinum, og hefði jeg þó átt að geta verið fljótari að átta mig á málinu en h. þingdm., því jeg er þó kunnugri bindindinsmálum en hann, með allri virðingu fyrir þekkingu hans á þeim málum.

Hin fyrsta mótbára h. þm. Eyf. (J. J.) var það, að hann hefði fengið upplýsingar um, að vindrykkja í Bandaríkjunum í Ameríku færi vaxandi ár frá ári, þrátt fyrir innflutningsbann

ýmsum ríkjum þar. Jeg hefi ekki fengið þessar upplýsingar og efast líka um, að þær sjeu á rökum bygðar. En ef svo er, að víndrykkja fer þar vaxandi, þá getur það verið af fleiri ástæðum, t. d. miklum innflutningum fólks eða mikilli mannfjölgun í landinu. Það er mjer aptur á móti kunnugt, að víndrykkja hefir farið mjög minnkandi á mörgum stöðum þar, sem vínsölubann er í lögum, eins og h. þm. líka getur sjálfsagt fengið sjer upplýsing um.

Þá tók h. sami þm. það fram, að hann vildi ekki með lögum gefa meiri hlutanum rjett til, að kúga það frumlegasta í rjetti einstaklingsins. Jeg hefi nú aldrei vitað, að hið »frumlegasta í rjetti einstaklingsins« væri slík ytri athöfn, sem að drekka brennivín. Jeg hefi heyrt að það væri mannsins innra líf, og þó setja menn lagaákvæði til verndar því, sem er hið innra. Jeg tók kristindóminn til samanburðar til að sýna, að jafnvel slík mál eru álitin löggjafarmál. H. þm. gat því ekki notað þessi orð mín til þess samanburðar, sem hann gjörði. Hann ímyndaði sjer, að úr því að jeg vildi gefa meiri hlutanum rjett til áð útiloka hinar ytri athafnir annara, eins mundi jeg vilja útiloka hina innri hugsun; en það gat mjer aldrei dottið í hug. Það ímyndar sjer víst heldur enginn að mjer hafi komið slíkt í hug. Þegar talað er um almenna löggjafarpolitík, þá verður að bera saman og taka tillit til hvers einstaks máls. Lagaverndin verður að vera sniðin eptir eðli hvers eins löggjafarmálefnis.

H. þm. varð tíðrætt um hugmyndina »frelsi«, og hann sagði, að jeg mundi ekki geta gefið fullnægjandi »definition« á hugmyndinni frelsi. Það er rjett; því það vita allir, að slík definition er ómöguleg. Frelsi er pólitisk hugmynd; framfarastig hverrar þjóðar og hugmyndalíf ræður, hvað í það er lagt, og það breytist ávallt með aldarfarinu og tíðarandanum. Það getur náð frá hinu óbundnasta sjálfræði og allt fram í hina verstu kúgun. En eitt atriði má taka fram: Frelsi þjóðarinnar er komið undir því, að einstaklingarnir sje andlega frjálsir. Hver sannmenntuð þjóð er frjáls, hver ómenntuð þjóð er ófrjáls, og svo skal jeg benda h. þm. á, að ekkert hefir, eptir mínum skilningi, meiri áhrif á bæði hið innra og ytra frelsi einstaklingsins en einmitt bindindismálið.

H. sami þm. fór því fram, að engin lög væru til þess eðlis, að þau gætu gjört brot ómöguleg. Til eru þau að vísu í lögreglulöggjöfinni, en í þessu frumv. er ekki farið fram á að gjöra brot ómöguleg. Í því eru að eins bannaðar ýmsar ytri athafnir, og sje jeg ekki, að frumv. hafi í sjer fólgið neitt sjerkennilegt frá þeirri hlið skoðað. Þm. sagði, að þær athafnir, sem hjer væru bannaðar, væru allt annars eðlis en ýmsar aðrar athafnir, sem bannaðar væru. Það væri einkennilegt við þessar athafnir, að þær kæmu að eins niður á fremjendunum sjálfum, en ekki á öðrum persónum. En jeg vil benda honum á, að þessar ytri athafnir hafa þann skyldleik við aðrar athafnir, að þó þær komi ekki beinlínis niður á öðrum fyrir utan þann, sem fremur þær, þá eru þær svo vaxnar, að þær koma hvað harðast niður á öðrum óbeinlínis. Sjerstaklega koma þær niður á fjelaginu, og því hefir fjelagið fullan rjett til að vernda sig gegn hinum skaðlegu afleiðingum þessara athafna. Konur og börn, hverra forsjármenn eru drykkjumenn, eiga rjett á að njóta styrktar fjelagsins, þegar drykkjumennirnir verða ófærir um að sjá fyrir þeim. Lengra skal jeg ekki fara út

í afleiðingar drykkjuskaparins í þessa átt, því það á varla við að fara að flytja hjer neinn hjartnæman bindindisfyrirlestur um þær eymdir og harma, sem eru í fylgi vindrykkjunnar, enda þarf þess heldur ekki, því allir h. þingdm. hafa víst getað sjeð hinar herfilegu afleiðingar drykkjuskaparins. Fjelagið verður að taka við forsjá drykkjumanna sjálfra og þeirra, sem drykkjumennirnir áttu að sjá fyrir, og er það ekki lítil byrði, sem drykkjuskapurinn þannig leggur á þjóðfjelagið, ekki síður vort þjóðfjelag en önnur þjóðfjelög. Því miður vantar statistik yfir, hvað miklu peningalegu tjóni drykkjuskapurinn veldur voru fjelagi, en eptir ástandinu í öðrum löndum, þar sem menn hafa nákvæmar skýrslum þetta efni, mun óhætt að segja, að 1/3 eða 2/3 af öllum fátækraútsvörum hjer á landi stafi af drykkjuskap. Í Danmörku orsakast 60—80% af öllum fátækraútgjöldum af drykkjuskap. En auk þess er margt annað illt, sem leiðir af drykkjuskapnum fyrir fjelagið. Yfirborð allra glæpa stafar af vínnautninni, svo og sjálfsmorð og vitfirring. Um þetta hafa menn órækar skýrslur í Danmörku, sem ná yfir 10 ára tíma og eru gefnar út undir kontrol af stjórnarinnar hendi, og því órengjanlegar. Jeg vona að menn af þessum stuttu athugasemdum sjái, að hjer er um mikilvægt atriði að tefla, bæði fyrir fjelagið í heild sinni og einstaklingana.

Það hefir verið sagt, að með þessu frumv. væri raskað jafnvægi í borgaralegu fjelagi. Þetta má segja um öll lög, þar sem meiri hlutanum er gefið vald yfir minni hlutanum, eða minni hlutinn verður að beygja sig undir meiri hlutann. Þetta þekkja allir, og menn verða þess varir alstaðar, jafnvel hjer á þingbekkjunum. En þegar þetta er skoðað frá sjónarmiði borgaralegs fjelags, þá er það því fremur rjett að þeir, sem bera byrðina og þungann bera, eigi rjett á að ráða, svo framarlega sem þeir eru í meiri hluta, en harðsnúinn minni hluti geti ekki fengið komið vilja sínum fram. En það skal jeg játa, að þetta frumv. býr ekki svo vel um hútana í þessu tilliti sem æskilegt væri.

Jeg skal því næst játa, að jeg er samdóma h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) um, að þessi þjóð er ekki enn þá búin að ná þeim andlegum þroska, að hún sje fær um að bera uppi algjörð bannlög enn sem komið er; en taki hún jafngóðum framförum á næstu 10 árum hjer eptir sem hún hefir tekið hin síðustu 10 ár, þá er jeg viss um, að hún verður fær um að bera uppi samþykktarlög sem þessi. Það er ekki svo að skilja, að löggjafarvaldið fari hjer fram á að valdbjóða neitt. Hjer er að eins um heimildarlög að ræða eða leyfi handa þjóðinni að gjöra það, sem henni sjálfri finnst heppilegast og sjer hollast í þessu efni. Það er undir þjóðinni sjálfri komið, hvort hún vill nota þessi samþykktarlög, og því getur ekki verið nein hætta á að samþykkja þau. Þessi lög eru eins og »Prövesten« á þjóðina til að sýna, hvað langt hún er komin í málinu.

Þá skal jeg taka það fram, að jeg er ekki, eins og h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.), hræddur við að hjer fari að tíðkast heimabruggun áfengra drykkja, þó þetta frumv. verði samþykkt, enda inniheldur frumv. sjálf bann gegn tilbúningi áfengra drykkja. Jeg er heldur ekki svo hræddur um, að menn fari hjer almennt að búa til brennivín úr matvælunum, í stað þess að borða þau, því alltíðast er um það kvartað, að þjóðin hafi ekki nægan mat sjer til munns að leggja.

H. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) benti á, að í bindindispólitík okkar væri rjettast að halda sjer við þá stefnu, er lýsti sjer í lögunum frá 1888 um veitingu og sölu áfengra drykkja; þau lög hafa einmitt innleitt »local option« um sölu áfengis á veitingahúsum, og þetta frv. fer fram á að innleiða hið sama að því er snertir innflutning allan og sölu og tilbúning áfengis. Þetta er því í hina sömu stefnu. Jeg skal, að því árgjöld af vínsölu snertir, að eins benda á, að í Sviss eru háir tollar á vínsölu og þykir gefast illa. Aðalatriðið í ræðu h. þm. var meðmæli hans með hinu svo nefnda Gautaborgarsýstemi, sem jeg skal ekki fara að lýsa hjer, með því að allir h. þingdm. munu þekkja það. En aðalgallinn á þessu sýstemi er sá, að það vinnur og verkar á móti bindindismálinu. Það er uppfundið af andstæðingum bindindismálsins, til þess að festa brennivínið við fjelögin með því, að láta gróðann af brennivínssölunni renna til sveitar-fjelaganna eða fyrirtækja í þeirra þarfir. Fjelögin hafa alla umsjón með sölunni, og þeir sem söluna hafa á hendi eru ráðnir gegn föstu kaupi, svo að þeir hafi eigi neinn hag af aukinni sölu; vínföng má ekki lána o. s. frv. Þetta »sýstem« hefir verið brúkað í Svíþjóð og nokkuð svipað í Noregi. En menn eru nú að hverfa frá því, og telja það til ills eins. Norðmenn eru nú að hætta við það og farnir að innleiða hjá sjer samþykktarlög í bindindismálinu. 3. júlí í sumar samþykki stórþingið með 79 atkv. á móti 25 frumv. um breytingu á brennivínslöggjöfinni, sem upp hafði verið borið af Svend Aarrestad, helzta forvígismanni bindindismálsins á þinginu. Eptir þessum lögum mega bæjarfjelög og kaupstaðir greiða atkvæði um, hvort setja skuli á stofn brennivínsverzlanir eða hætta brennivínssölu, þar sem hún er þegar byrjuð. Atkvæðisrjett í slíkum málum hefir hver sá maður, karl og kona, sem er fullra 25 ára, og til þess að samþykkt komist á, þarf að eins einfaldan meiri hluta. Það sem er einkennilegt við þessi lög Norðmanna er það, að atkvæðisrjetturinn er að eins bundinn við 25 ára aldur, og það, að einfaldur meiri hluti ræður úrslitum. Inn á sams konar ákvæði væri jeg fús að ganga, enda mun oss hollast að fylgja Norðmönnum í þessu máli, því þar eru þeir komnir allra þjóða lengst.

Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta mál að sinni, en að eins geta þess, að jeg er andvígur Gautaborgarsýsteminu og hækkuðum vínfangatolli. Því verði farið að þrefalda vínfangatollinn, þá er það hið fyrsta spor til að stofna hjer innlenda brennivínsgjörð.

Jeg vona að þessar fáu athugasemdir mínar hafi ekki gefið mótstöðumönnum þessa máls ástæðu til að halda langar eða harðar ræður um málið. Jeg álít málinu engan skaða skeðan, þó það verði látið bíða fyrst um sinn, því jeg hefi þá trú, að málið sje í sjálfu sjer svo gott, að það vaxi og vinni eptir því, sem menn læra betur að þekkja það og reyna það, og að það verði loks örugg og rökstudd sannfæring alls almennings í landinu, að bindindismálið sje hið mesta heilla- og framfaramál.

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Jeg hef hingað til tekið lítinn þátt í umr. um mál þetta, þótt jeg sje einn af þeim, sem fluttu það inn á þingið; það hafa aðrir mjer færari tekið að sjer að mæla með því og verja það. Jeg ætla heldur ekki enn að lengja umræðurnar mikið. Það hefur sjerstaklega verið haft á móti frumv. þessu, að það skerti svo mjög einstaklingsfrelsi, og af annari hálfu heyrði ekki undir löggjafarvaldið. Jeg fyrir mitt leyti get ekki fundið, að

það gangi nær frelsi einstaklinganna en svo margt annað, sem í lög er leitt, og hygg, að þeir menn yrðu alls ekki eins margir eins og mótmælendur þessa frumv. hugsa, sem þætti gengið of nærri frelsi sínu með þessum lögum, og get jeg tekið dæmi af sjálfum mjer. Jeg er ekki í bindindi, og þó hef jeg orðið til þess að flytja mál þetta inn á þing, og sýni jeg með því, að fleiri en bindindismenn telja rjett að styrkja bindindið með þeim ráðum, sem hjer er gripið til, og að ekki mundu allir aðrir en bindindismenn óánægðir, þó að frumv. þetta yrði að lögum. Jeg hygg að margir hafi látið vera að ganga í bindindi að eins af því, að þeir hafi ekki talið þess brýna þörf fyrir sjálfa sig, en að þeir mundu fúslega beygja sig undir mikinn meiri hluta, ef um almenna samþykkt væri að ræða. Þeim stendur nokkuð á sama hvort er. En aptur veit jeg það, að jafnan mundu einhverjir menn mæla sterklega á móti vínbanns-samþykktunum, en hygg að þeir yrðu svo fáir, þar sem annars væri að tala um að koma samþykkt á, að ekki væri nema sanngjarnt að þeir beygðu sig fyrir því, sem mikill meiri hluti teldi hið mesta velferðarmál, þó að þeir væru sjálfir á móti því.

Af þessum ástæðum hef jeg orðið til þess að taka að mjer að flytja málið inn á þing, eptir ósk kjósenda minna, en að öðru leyti ætlaði jeg bindindismönnum sjálfum, sem eru betur inni í því máli en jeg, að halda bezt uppi vörn fyrir því, eins og þeir einnig hingað til hafa rækilega gjört. Að sjálfsögðu álít jeg ekki frumv. þetta svo fullkomið, að eigi megi bæta það að ýmsu, og til þess að sem mestar líkur geti fengizt fyrir því að það verði sem bezt úr garði gjört, þá vil jeg leyfa mjer að taka upp tillögu þá, sem áður var gjörð um nefndarkosning, og stinga upp á, að 5 manna nefnd sje skipuð í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþykkt með nafnakalli með 12 gegn 10 atkv. og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson	Björn Sigfússon
Guðl. Guðmundss.	Guðjón Guðlaugss.
Bened. Sveinsson	Halld. Daníelsson
Eiríkur Gíslason	Jón Jensson
Jens Pálsson	J. Jónss., þm. A.-Sk.
Jón Þórarinsson	J. Jónsson, þm. Eyf.
Ólafur Briem	Pjetur Jónsson
Sighv. Árnason	Valtýr Guðmundss.
Sig. Gunnarsson	Þórður Guðmundss.
Skúli Thoroddsen	Þorl. Guðmundsson
Tr. Gunnarsson	
Þórh. Bjarnarson	

Í nefndina voru kosnir:
Þórhallur Bjarnarson með 16 atkv.
Guðl. Guðmundsson — 14 —
Jón Jónsson, þm. Eyf. — 10 —
Einar Jónsson — 9 —
og við endurkosning
Ólafur Briem — 11 —
Umræðunni frestað.

Frv. til laga um úrskurðarvald sáttanefnda m. m. (C. 59); 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Mál þetta er stórt og umfangsmikið mál, og þarf vandlegrar íhugunar við, og þótt það kæmi að vísu fyrir hjer í deild í fyrra, þá gafst ekki kostur á að íhuga það að mun; vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á, að nefnd sje skipuð í það.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg skal leyfa mjer að gjöra þá athugasemd, að jeg tel óþarft að skipa nefnd í málið nú; það er þegar orðið allrækilega íhugað, bæði var það í nefnd hjer í deild í fyrra, og auk þess hefur það gengið í gegnum nefnd í efri deild, bæði í fyrra og nú; það sýnist því sem sagt því nær óþarfi að vera að skipa nefnd í það í fjórða sinn, auk þess sem nú er

liðið svo mjög á þingtímann, að tvísýnt er, að málið komist af á þessu þingi, ef það verður nú sett í nefnd.

Guðlaugur Guðmundsson: Neðri deild hefur mjer vitanlega ekki enn gefizt kostur á að íhuga mál þetta; það komst svo seint í nefnd hjer í fyrra, að hún gat ekki haft tíma til að íhuga það. Málið er mikilsvert, og varla forsvaranlegt af h. deild að hespa það af í flughasti, enda ekki mikið í húfi, þó svo færi að það yrði ekki til lykta leitt fyr en á næsta þingi. Það getur ef til vill verið nógu gott að láta h. efri deild þenkja og ályktа fyrir sig, þótt vera megi, að það verði alltorvelt að berja þann sannleik inn í suma, sem sæti eiga í þessari deild; en nú í þetta skipti að minnsta kosti vildi jeg óska, að h. neðri deild ljeti sjer ekki nægja atkvæði h. efri deildar, og það því síður, sem hæstv. landsh., er enginn mun þó bregða um, að eigi sje góður lagamaður, hafði allmikið að athuga við frumv., er það kom hjer til umræðu í fyrra. Held jeg því fram tilllögu minni um nefndarkosning, og leyfi mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþykkt með 12 atkvæðum og í nefndina kosnir:

Guðl. Guðmundsson með 13 atkv.
Jón Jensson — 12 —
Skúli Thoroddsen — 10 —

Fyrstu umr. síðan frestað.

Frumv. til viðaukalaga um prentsmiðjur 4. des. 1886 (C. 5); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt í einu hlj. Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Tillaga til þingsályktunar um innflutningstoll af íslenzkri síld á Rússlandi (C. 59); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu og var það samþykkt í einu hlj.

Fundi slitið.

Þrettándi fundur, miðvikudag 15. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 53, 63); 2. umr.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg þykist geta orðið fáorður viðvíkjandi hinum einstöku greinum frumv. Það eru hinar almennar athugasemdir mínar, er jeg ætla að biðja h. þingdm. að hafa hugfastar.

Viðvíkjandi 1. og 2. gr. frumv. sje jeg ekki ástæðu til að bæta neinu við það, sem jeg tók fram við 1. umræðu málsins.

Eins og jeg þá tók fram, hefi jeg komið fram með breyt.till. um, að 2. málsgrein 1. gr. falli burt, og jeg vona, að h. þingdm. sje það ljóst, hver tilgangur minn hefur verið með þeirri breytingartill.

Viðvíkjandi 3. gr. skal jeg geta þess, að mönnum kann að þykja hún hafa á sjer nokkuð drakoniskan blæ. En þetta ákvæði 2. málsgr. í 3. gr. er sprottið af þeirri mótbáru, að það hljóti að verða svo hægt, að fara í kring um slík lög sem þessi.

Það eru sumir, sem enda þótt þeir játi, að þetta sje í principinu gagnlegt mál, halda því svo fast fram, að lög í þá átt sjeu ópraktiskt, af því að það hljóti að verða innanhandar að fara í kringum ákvæði þess. Það var þá til þess, að gjöra þessa mótbáru afllausa, eða, ef svo mætti að orði kveða, til þess að taka broddinn af henni, að jeg setti þetta ákvæði í frumv. Ef einhver útlendur kapitalisti vildi tæla íslenzkan mann til þess að beita yfirhylmingu gegn lögum þessum, þá á hann að eiga sem mest á hættu, en umboðsmaður

hans hjer á Islandi á jafnframt að hafa sem sterkasta hvöt til þess, eptir því sem mannleg náttúra nú einusinni er, að nota yfirhylminguna sjer í hag. Það mundi að líkindum optast fara svo, að umboðsmaðurinn segði eins og maðurinn forðum á Austfjörðum fór að hjerna um árið, sem sagði: »Hafi jeg átt Herthu í gær, þá á jeg hana líka engu síður í dag«! Jeg hirði ekki um, að nefna nöfn, því eins og menn vita: »nomina sunt odiosa«; að nefna nöfn, kemur sjer ekki vel. Það er nóg, að það er sönn saga af manni einum á Austfjörðum, sem ekki svo alls fyrir löngu gjörði þann samning við kaupmann, er gjörðist gjaldþrota á sviksamlegan hátt, að hann (Austfirðingurinn) skyldi heita eigandi að skipi einu, er Hertha hjer, til þess að fara í kringum lögin og svíkja lánardrottna sína; og þetta harða atkvæði hittir þannig eingöngu þá, sem ætla sjer að fara í kringum lögin á sviksamlegan hátt, landinu til skaða.

Þeim sem þykir þetta ákvæði of hart aðgöngu, hlýtur að vera það ljóst, að um það má segja sama eins og ef jeg gengi í dýraboga, sem er spenntur um hábjartan dag, því þá er það sannarlega mjer að kenna, að jeg geng í dýrabogann, með öðrum orðum: það kæmi vel á vondan, sem mætti sjálfum sjer um kenna, en ekki dýrabogaanum.

Þegar einhver brýtur lögin, þá er það ekki lögunum að kenna, heldur þeim sem brýtur þau, að þau koma hart niður á honum. Þessi lög eru þannig að eins hörð fyrir þann, sem brýtur þau á sviksamlegan hátt, og koma niður á honum einum.

Það hefur verið sagt sem mótbára á móti 2. málsgr. 3. gr., að þess konar ákvæði gætu ekki náð til fleiri manna eða þar sem svo nefnd verzlunarfirma ættu í hlut. En því þá ekki? Þetta er mjer alveg óskiljanlegt. Jeg get ekki betur sjeð en að það sje ljóst, að ef að eins einn þeirra manna er búsettur í landinu, þá hitti ákvæðið alla hina, hvað margir sem þeir eru; og þó þeir búi hver í sínu landi, missir hver sinn hlut til landssjóðsins. Mjer er ómögulegt að skilja, að fleiri mönnum í sameiningu sje leyfilegt að gjöra það, sem einum manni er bannað. Það hlýtur að vera svo, að ef einum er bannað með lögum að drýgja einhverja gjörð, þá er líka fleirum í sameiningu bannað að drýgja sama verknaðinn.

Að svo mæltu finn jeg ekki ástæðu til að athuga meir að sinni.

Jón Jensson: Það eru aðeins fáein orð, sem jeg ætla mjer að tala í máli þessu. Jeg ætla mjer ekki að ganga inn á spursmálið um, hvort þetta mundi vera heppileg breyting á núgildandi lögum í þessu efni. Það stendur fyrir mjer sem mjög mikið vafaspursmál og jeg álít mig naumast færan um að dæma um það svo, að jeg geti treyst því, að það sje rjett. Það er þess vegna mestmegnis að eins fáar athugasemdir við formhlið frumv., sem jeg ætla að gjöra.

Það er þá fyrst, að mjer finnst óviðkunnanlegt við þessi lög, að þau eru í bannandi formi. Mjer finnst langtum eðlilegra, að skilyrðin fyrir því, að menn hafi verzlunarrjett hjer á landi, komi fram í »positivu« en ekki »negativu« formi, eins og í þessu frv.

Þau skilyrði, sem útheimtast til þess, að hafa verzlunarrjett hjer á landi, eru tekin fram í lögum 7. nóv. 1879; ef nú ætti að útiloka þá menn, sem eru nú búsettir í öðrum löndum, t. a. m. í Danmörku, þá finnst mjer, að það mætti taka upp ákvæði þessara laga og orða þau þá svo, að þau næðu að eins til þeirra manna, sem eru búsettir hjer á landi. Afleiðingin af því, að þessi lög

eru bannandi, hefur líka orðið til að rugla semjendur frumv. svo, að hegningin í 3. gr. er ekki rjettlátlega ákveðin; hún stendur ekki í rjettu hlutfalli við hegningar-ákvæði í lögunum 7. nóv. 1879, er nú ákveða viss skilyrði fyrir verzlunarrjettinum. Sá, sem hefur verzlunarrjett, fær nokkurs konar löggilding eða (leyfisbrjef) fyrir því, og þegar hann hefur fengið það, þá fyrst getur hann gert sig beint (yfirhylmingarlaust) brotlegan gegn gildandi lögum um það efni.

Mjer fyrir mitt leyti finnst það ekki skipta svo miklu, hvort það er útlendingur eða innlendur maður, sem brýtur móti leyfinu til að verzla á landinu; jeg get ekki sjeð, að útlendingurinn hafi gert sig stórum brotlegri en hinn innlendi. En þar sem lögin 7. nóv. 1879 leggja sektir allt að 100 kr. við því broti innlends manns, að verzla án þess að hafa til þess leyfisbrjef, þá er hegningin fyrir sama brot útlends manns í þessu frumv. ákveðin allt að 5000 kr. Ef sektar-ákvæðin í frumv. næðu að eins yfir yfirhylminguna, þá skal jeg fúslega játa, að þá væri ástæða til, að hafa þau strangari. En eins og þau eru, þá get jeg ekki betur sjeð, en að þau lendi á útlendingnum óskiljanlega harðara en á hinum innlenda, og jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, í hverju þessi mikli munur á að liggja.

Skal jeg svo ekki að svo stöddu fara fleirum orðum um málið.

Pjetur Jónsson: Það er að eins lítil fyrirspurn, sem jeg ætla mjer að beina til h. flutningsm. (Ben. Sv.). Það er sem sje svo, að það eru til menn, sem hafa álitið, að ákvæði 3. gr. frumv. þessa viðvíkjandi yfirhylmingunni gæti komið í bága við kaupfjelögin, og ef þau næðu fram að ganga, þá gæti komið til álita, hvort kaupfjelögin, gjörðu sig ekki sek í nokkurs konar yfirhylmingu, þar sem þau skiptu við stórkaupmenn í öðrum löndum, og svo mætti líta á málið, að það væru þessir stórkaupmenn, sem eiginlega ættu verzlunina, en fjelögin hefðu að eins á hendi umboð hjer á landi fyrir þá.

Jeg fyrir mitt leyti álít ekki, að nein hætta sje á þessu, en jeg vil að eins leggja þessa spurningu fyrir h. flutningsm. (Ben. Sv.) til þess að vita, hvernig hann lítur á málið, hvort hann álítur það nokkra hættu fyrir kaupfjelögin, þó lög þessi öðluðust gildi.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg skal strax svara fyrirspurn h. þm. S.-Þing. (P. J.) þannig, að eins og jeg tók fram við 1. umr. málsins í hinum almennu athugasemdum mínum, þá álít jeg að kaupfjelögin, með því fyrirkomulagi, sem nú er, standi alveg fyrir utan þetta frumv. En það er komið undir því, hvernig tímarnir breytast, hvort kaupfjelögin mundu sjá sjer meiri hag í að halda sjer til hinna erlendu umboðsmanna sinna en til sinna innlendu kaupmanna. Hins vegar er mjer engin launung á þeirri ætlan minni, að þegar vjer höfum fengið verzlunarmagnið og verzlunarmarkaðinn inn í landið, sem nauðsynlega flýtur af þessu frv., þá muni innlendu fastakaupmennirnir geta boðið kaupfjelögunum betri kjör heldur en hinir útlendu umboðsmenn; því með því að draga verzlunarmagnið inn í landið á þann hátt, sem frumvarpið stefnir að, þá hljóti hinir búsettu fastakaupmenn að geta flutt vöruna í stórslöttum, heilum skipsförmum, og með minna tilkostnaði til landsins en hinir útlendu, þó auðmenn sjeu, en ekki í smáskömmtum þeim, sem kaupfjelögin geta tekið og hljóta að binda sig við.

Þetta er nú mín hugsun. Sje hún ekki rjett, þá er samt engin hætta á ferðum fyrir kaupfjelögin fyrir það.

Þau hafa eptir sem áður sinn frjálsa vilja til að snúa sjer að innlenda fastakaupmanninum eða til útlendingsins. Frv. miðar alls ekki að því, að binda þau í nokkurn handa máta. En ef þau fengju vöruna með jafn-góðu eða betra verði hjá innlenda fastakaupmanninum en hjá erlendum auðmönnum, þá virðist mjer það óhugsandi, að þau þá vildu eiga það á hættu, að verzla í blindni og óvissu við þá gegnum sjálfsagt ærið dýra milligöngumenn, en að eiga viðskipti við kaupmenn, sem búsettir væru í sjálfu landinu, þar sem þau vita með vissu, hvað þau verða að gefa fyrir vöruna og hvað þau fá fyrir sína eigin vöru. En, sem sagt, þetta er sem menn segja »Udviklingssag«. Reynslan mun sýna og hún ein getur sýnt, hvort svo verður, sem jeg segi, eður ekki.

Af því að jeg stóð upp á annað borð, þá ætla jeg að gjöra nokkrar athugasemdir við ræðu h. þm. Rvík. (J. Jenss.). Hann tók það fram, að formið á frv. væri bannandi; það er mikið satt. En af hverju er það bannandi? Það er einmitt sprottið af því, að aðal-kjarni frumv. er sá, að nema úr gildi rentukammerbrjef 1. júní 1792, þannig, að framvegis megi þeir einir reka fasta verzlun á Íslandi sem þar eru búsettir.

Það er engan veginn meiningin með þessu frumv., að taka það fram sem skilyrði fyrir því, að útlendur maður geti sett sig niður hjer á landi sem kaupmaður, að hann leysi borgarabrjef. Það er allt annað, og þessi lög snerta því alls ekki hið minnsta þá hlið málsins. Frumv. miðar að eins til þess, að færa rjettinn til fastrar verzlunar yfir í hendur þeirra manna, sem eru í raun og veru búsettir í landinu. Þess vegna kemur það ekki fram, sem h. þingm. Rvík. (J. Jenss.) sagði, að hegningarákvæði 3. gr. kæmu að eins niður á útlendingunum. Því þegar útlendingur flytur hingað og búsetur sig hjer, þá er hann orðinn innlendur, eptir skilningi frumv. Það miðar því engan veginn til þess, að banda á móti útlendingum og aptra þeim frá að koma til landsins, heldur þvert á móti til þess, að hæna þá sem mest og bezt að landinu. Því það er auðvitað, að útlendingar hafa enga hvöt til að verja fje sínu landinu til hagsmuna á meðan. Því fylgja engin rjettindin fram yfir þá, sem ekki gjöra neitt í þá áttina.

Vjer skulum hugsa oss, að t. d. ríkur Englendingur vildi fara til Íslands til þess að græða þar fje og um leið til þess, að gjöra landinu gagn að sama skapi. — Ástandið sem hefur verið og er enn þá, gjörir honum þessa tilhugsun alveg óaðgengilega. — Nei! Hann mundi hugsa sem svo: meðan þessi umboðsverzlun, sem nú á sjer stað þar, helzt við, og jeg sem búsettur kaupmaður verð að keppa við erlenda selstöðukaupmenn, sem þó hafa öll hin sömu rjettindi sem jeg, þá er hvorki ágóðavon fyrir mig nje nein hvöt til þess, að hjálpa landinu við. Þannig er það, að þó að erlendir menn vildu setjast að í landinu og rækta það og verja fje sínu til framfara og framkvæmda í því, þá er það frágangssök fyrir þá, á meðan þeir ekki fá nein rjettindi fram yfir farfuglana.

Frumv. miðar þannig einmitt til að hæna útlendinga að landinu, en ekki til að fæla þá frá því, því, sem sagt, í frumv. skilningi er hvern þann erlendan mann að álíta sem Íslending, sem vill flytja til landsins og verja þar fje sínu landinu til góðs.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg fyrir mitt leyti held, að h. flutningsm. beri of mikið traust til þess, að frumv. þetta, ef það næði fram að ganga, gjöri í reyndinni það gagn, sem til er ætlazt með því. Hið sama kom fram í ræðu

h. flutningsm. (B. Sv.), sem opt hefir komið í blöðunum, ræðum á fyrri þingum og í ritum, að svo lítur út, sem ekki sjeu aðrir verzlunarmenn á Íslandi en útlendir kaupmenn. En þó liggur opið fyrir að sjá af landhagsskýrslunum í Stjórnartíðindunum, að 128 fastar verzlanir voru árið 1890 á öllu landinu, en þar af voru 86 innlendar verzlanir, en ekki nema 42, er voru eign manna, sem búsettir voru erlendis. Jeg fæ því ekki sjeð, að það sje rjett hermt, að öll verzlun á Íslandi sje í útlendra manna höndum, þar sem það er að eins 1/3 af öllum íslenzkum verzlunum, sem er eign útlendinga.

Ef verzlununum nú er skipt niður á fjórðunga landsins, þá eru í Norður- og Austurlandsfjórðungi 9 útlendar verzlanir, sem 4 eigendur eru að, en 23 innlendar verzlanir, sem 19 eiga. Jeg tek þetta dæmi úr Norður- og Austurlandsfjórðungum af því, að jeg er þar kunnugastur.

H. flutningsm. (B. Sv.) var að útmála það og gylla fyrir mönnum, að ef allar verzlanir á landinu væru í höndum búsettra manna hjer í landinu, þá mundu framfarirnar verða stórkostlegar og auðsæld manna vaxa ákaflega. En jeg vil nú ráðgjöra, að þessir 4 útlendu kaupmenn á Norður- og Austurlandi seldu verzlanir sínar bráðlega, og að 4 eða fleiri innlendir menn, sem búsettir eru í landinu, keyptu þær, svo að verzlunin á Norður- og Austurlandi yrði öll í höndum búsettra manna í landinu; skyldu framfarirnar þá verða svo mjög miklu meiri fyrir það? Jeg segi fyrir mig, að jeg get ekki sjeð, af hverju þær miklu framfarir ættu að spretta; ætli prísar yrðu hærri á innlendri vöru eða lægri á útlendri vöru? Líklega yrðu þessir innlendu menn, sem verzlanirnar keyptu, heldur efnalitlir í samanburði við þá, sem frá fara, en við það minnkar verzlunarkeppnin og vöruverðið lækkar á innlendu vörunni eða hækkar á hinni; venjan er sú, að þeir ríku vilja ryðja þeim smáu úr vegi, svo þeir sjálfir geti verið einir um hituna. Að alþýða geti haft gagn af, að samkeppni minnki, get jeg ekki skilið. Auk þessa er óvíst, að efnalitlir kaupmenn geti árlega byrgt verzlanir sínar svo á haustin, sem nauðsynlegt er norðanlands, þar sem ís liggur stundum landfastur fram í júlí- og ágústmánuði.

Þegar menn bera saman útlendar og innlendar verzlanir í sama kauptúni, þá sjest, að Íslendingar vilji engu síður skipta við útlenda kaupmanninn, heldur en þann innlenda. Virðist mjer, að þetta sje vottur þess, að viðskiptamönnum finnist, að þeir hafi ekki mikið verri kjör hjá þeim svo kölluðu útlendu kaupmönnum en þeim innlendu. En ef h. flutningsm. (B. Sv.) meinar það, að hinir innlendu kaupmenn gjöri meira til eflingar stórum framfarafyrirtækjum í landinu en hinir útlendu, þá get jeg heldur ekki sjeð það. Jeg þekki ekki neina innlenda kaupmenn, sem hafa gefið landinu stórgjafir eða stutt mikilsverð fyrirtæki. Þar á móti er mjer kunnugt um, að 3 erlendir kaupmenn hafa gefið stórfje til styrktar bágstöddum mönnum og til framfara. Þó vil jeg undantaka 2 innlenda kaupmenn, annan hjer í Reykjavík og hinn á Vestfjörðum, sem hafa gjört mjög mikið til þess, að bæta sjávútveginn og útvega fjölda manna atvinnu. Aðra innlenda kaupmenn þekki jeg ekki, sem hafa stutt framfarir landsins svo verulega, að orð sje á gjörandi. Þó jeg hafi nú talið tvo innfædda menn sem innlenda kaupmenn, er verulega hafa sýnt framtakssemi til eflingar öðrum aðalatvinnuvegi landsins, þá mun þó rjettara, eptir því sem frumv. hljóðar, að telja þann frá, sem verzlan rekur á Vestfjörðum, því hann er nú bú-

settur í Kaupmannahöfn; og þá kemur það fram, að einn útlendur og einn innlendur kaupmaður, eins og nú stendur, styður að framför sjávarútvegsins, og jafnast þá þetta upp. Jeg held því, að þessar miklu framfarir, sem h. flutningsm. (B. Sv.) telur vissa afleiðing af frumv., sjeu ofsjónir.

H. flutningsm. (B. Sv.) sagði í ræðu sinni, að menn hefðu enga hvöt til þess að gjöra nokkuð fyrir landið, meðan þeir væru ekki búsettir og hefðu eigi full rjettindi; væri því eigi við að búast, að þeir efldu framför landsins, fyr en þeir fengju þessi rjettindi. Eptir þessu að dæma, þá má álíta, að það væru einhver sjerleg rjettindi, sem frv. þetta veitti þeim, er vildu búsetja sig á landinu. En jeg fæ ekki sjeð, í hverju þessi rjettindi eru innifalin, og vildi því biðja h. flutningsm. (B. Sv.) að benda mjer á þau. Jeg sje ekki, að þeim sje veitt með frumv. þessu sá minnsti snefill af rjettindum, nema ef vera skyldi með 2. málsgr. 1. gr., sem bannar lausakaupmönnum, er eigi reka hjer fasta verzlun, að verzla í smákaupum. En nú hefir h. flutningsm. (B. Sv.) komið með breyt.till., sem á að fella þetta ákvæði burtu, svo að höptin og skyldurnar hvíli á þeim einum, er fasta verzlun reka; en lausakaupmennirnir, sem engin gjöld greiða til landssjóðs eða sveitar, mega verzla hvar sem þeir vilja; hafa þeir þannig miklu meiri rjett en sjálfir borgarar landsins eða þessi innlenda verzlunarstjett, sem h. flutningsm. vill búa til og efla.

Ef vjer nú lítum til baka og hyggjum að, hvað þingið hefir gjört fyrir þann flokk manna, sem eru innfæddir og búsettir hjer og eptir frumv. eru sannarlega innlendir kaupmenn, og hvað þingið hefir hjálpað þessum flokk til að auðgast og aukast í landinu, þá get jeg fyrir mitt leyti ekki sjeð, að síðan lögin 7. nóvember 1879 voru útgefin, hafi verið gjört nokkuð í þá áttina, heldur öllu fremur þvert á móti. Löggildingarnar hafa nú á síðari árum verið alveg takmarkalausar, en þær eru það versta, sem hægt er að gjöra gegn kaupmanni, sem er búsettur í kaupstað innarlega í firði. Afleiðingarnar eru auðsjeðar, að þegar margar víkur og vogar í sama firði eða sveit eru löggiltar, þá dregur það verzlunarmagnið úr höndum innlenda kaupmannsins og gjörir hann fátækan, en ekki máttarstoð framfara landsins, eins og h. flutningsm. (B. Sv.) ráðgjörir. Eptir stefnu þeirri, sem fylgt hefir verið hin síðari árin, þá furðar mig á, að ekki skuli vera búið að löggilda með einu lagaboði allar strendur landsins; það hefði sparað mikla fyrirhöfn, og eigi þá þurft að búa til sitt lagaboð fyrir hverja vík; en reyndar hefði það ekki verið í samræmi við þetta frumv.

Mjer finnast ákvæði þessara laga vera þannig löguð, einkum ef breyt.atkv. verður samþykkt, að þau hljóti að þröngva kosti innlendra fastakaupmanna í landinu, en gefi þeim alls engin rjettindi. Það er ólíklegt, að útlendingum mundi þykja fýsilegt að flytja til landsins, til þess að búsetja sig hjer, þegar þeir vita, að óbúsettir lausakaupmenn, sem ekki eru borgarar landsins, hafa meiri rjettindi en þeir til að verzla í landhelgi, fáa faðma fyrir framan fjörusteinana, með hvað sem þeir vilja og hvernig sem þeir vilja.

Til að sýna, hve frumv. þetta er ófullkomið og óeðlilegt, skal jeg geta þess, að kaupmaður sá, er nú hefir fastaverzlun, getur selt hana, til þess ekki að þurfa að búsetja sig hjer, og komið

svo til landsins á fleiri skipum, og rekið stærri verzlan en hann áður hafði sem fastakaupmaður, án þess að svara gjöldum til sveitar eða landssjóðs. Er þetta að efla innlenda verzlun?

Þegar h. flutningsm. (B. Sv.) var að reyna til að hrekja það, að hægt væri að fara í kringum ákvæði frumv. um fasta búsetu, þá gat jeg ekki sjeð, að röksemdaleiðsla hans væri fullnægjandi. Jeg man þá tíma, þegar síldarfjelögin norsku 1880—81 voru stofnuð á Eyjafirði og Seyðisfirði; þá hjet það svo, að formenn nótabátanna væru eigendur að húsum og veiðarfærum öllum; þeir tóku því borgarabrjef upp á sitt nafn og voru kallaðir eigendur og búsettir hjer á landi, þótt allir álitu að þeir væru fátækir menn, sem að eins ynnu fyrir kaup. En við þetta var ekkert hægt að gjöra; þeir höfðu í góðri reglu skjöl sín, sem sýndu, að þeir voru eigendur að öllu saman.

Jeg man líka eptir öðru dæmi, að kaupmaður nokkur á Norðurlandi, sem rak í nokkur ár 2 verzlanir í sama kauptúninu, en það er gagnstætt gildandi lögum, tók það ráð, þegar hann fór að verða hræddur um, að þetta mundi komast upp, að hann leigði aðra verzlunina gegn ákveðinni leigu um 10 ára tímabil; en samt sem áður liggur sá grunur á, að hann eigi sjálfur verzlunina eptir sem áður. Á líkan hátt má ætíð fara í kringum lík lög og þessi; hægt er að útbúa skjöl svoleiðis, að ómögulegt sje að sanna, að þau sjeu fölsuð.

En þó nú svo væri, að hin innlenda verzlun hjer á landi tæki framförum og auðgaðist, eins og h. flutningsm. telur víst, að leiða muni af þessu frumv., þá væri samt ómögulegt að koma í veg fyrir það, að kaupmenn flyttu burt úr landinu með skyldulið sitt, eptir að þeir hefðu búið hjer í mörg ár og safnað auði, en þá yrði sá auður ekki hjer í landinu, og búið kæmi ekki heldur til skiptarjettarins hjer, sem h. flutningsm. (B. Sv.) taldi svo mikinn ágóða fyrir landið.

Jeg þekki 3 dæmi til þess, að kaupmenn hafi verzlað hjer í mörg ár og safnað fje, en síðan flutt til útlanda og lifað þar á eigum sínum það sem eptir var ævinnar; þar á meðal eru foreldrar þess kaupmanns á Vestfjörðum, sem jeg minntist á áðan; þau voru búsett hjer á landi og græddu fje sitt hjer. En nú er sonur þeirra búsettur í Kaupmannahöfn og brúkar auðinn þar, en rekur tvær verzlanir hjer á landi.

Menn mega ekki misskilja orð mín svo, að jeg vilji ekki, að verzlunin verði innlend, en jeg álít að hún geti ekki orðið innlend nema á eðlilegan hátt, en ekki með óeðlilegum þvingunarlögum, eins og þetta frumv. fer fram á.

Lögin frá 7. nóv. 1879 eru að mínu áliti miklu heppilegri en frumv. þetta, til að auka og efla innlenda verzlun. Í 3. gr. nefndra laga stendur: »Heimilt skal kaupmönnum þeim, er reka fasta verzlun hjer á landi, að verzla á skipum hvar sem þeir vilja«. En í 4. gr. stendur: »Þeim sem eigi reka fasta verzlun hjer á landi, er að eins heimilt að verzla á löggiltum höfnum«. Lög þessi veita þannig fastakaupmönnum miklu meiri rjettindi heldur en lausakaupmönnunum. En það er aðalatriðið til þess að verzlunin verði alinnlend, að kaupmenn finni að þeim sje hagur að því að búsetja sig hjer, og þeir fyrir það fái meiri rjettindi. Þessi hlunnindi, sem lögin frá 7. nóv. 1879 veita búsettum kaupmönnum, hafa auðvitað minnkað smátt og smátt við þessar hamslausu löggildingar, en eigi að síður eru þau lög þó sanngjarnari og miða í rjettari átt en frumv. þetta.

Jeg skal svo ekki þreyta menn meir að sinni, en jeg vil að eins bæta því við, að ef h. flutningsm. (B. Sv.) ætlar sjer að fá nokkra rjetta hugsun eða stefnu í þetta frv., þá verður að fella breyt.till. hans um lausakaupmennina, enda get jeg ekki skilið að hún nái samþykki þingsins, því hún er svo alveg gagnstæð þeirri stefnu og þeim tilgangi, sem í frumv. liggur.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Hjer um bil hvert eitt einasta orð í ræðu h. þm. (Tr. G.) liggur svo langt fyrir utan tilgang og ákvæði frumv., að jeg þarf í rauninni ekki að svara honum. En til þess að gjöra h. þingdm, skiljanlegt, að þessar athugasemdir geti ekki veikt frumv., skal jeg fara um þær fáum orðum.

Hvers vegna eigum við með lagaboði að afnema selstöðuverzlunina, úr því hjer eru svo margir innlendir kaupmenn á móts við hina útlendu? Þessi spurning er fólgin í ræðu h. þm. (Tr. G.). Þessu til skýringar heyrðist mjer hinn h. þm. (Tr. G.) segja, að hjer væru alls 86 innlendar verzlanir, en 42 útlendar, og af þessu ályktar hann, að úr því þetta sje svona, þá sje ekki tilhugsandi, að allir kaupmenn sjeu innlendir eða hjer búsettir. Það er þá þýðingarlaust, þó 42 sjeu útlendir, af því 86 að tölunni eru innlendir. Þessa röksemd ætla jeg að enginn maður geti skilið. En það er þar að auki ekki höfðatalan, sem hjer er um að ræða, heldur verður að fara eptir fjármagninu, sem verzlað er með. Getur h. þm. (Tr. G.) þá haldið fram sama hlutfallinu í þessu tilliti? Getur hann sagt að það sje sama hlutfallið milli kapítalsins, sem verzlað er með, og höfðatölunnar? Ef hann getur það ekki, þá er þetta að tala út í hött. Hann verður að sanna, að minnsta kosti, ef annars á að fara að tala skynsamlega um þetta mál, að yfirborðið af verzlunarmagninu sje í höndum innlendra kaupmanna. Það getur hann nú ekki, því það er einmitt svo, að aðalkapítalið er í höndum hinna útlendu kaupmanna, og þetta veit h. þm. (Tr. G.) líklega enn betur og nákvæmar en jeg. Hinir 86 innlendu kaupmenn eru nýgræðingar, sem ekkert megna á borð við hina gömlu, rótgrónu kapitalista. Á þessum samanburði h. þm. mega hinir aðrir h. þingdm. þess vegna, fyrir alla muni, ekki láta villa sig.

En þó það væri nú jafnvægi milli verzlunarmagns þessara flokka, og helmingurinn af kapítalinu væri í höndum hinna útlendu kaupmanna og helmingurinn í höndum hinna innlendu, þá drægi annar flokkurinn, hinn innlendi, jafnt áfram, landinu til gagns og viðreisnar, eins og hinn aptur á bak landinu til niðurdreps, og það sem út kæmi væri þá sama sem 0. Eða ef jeg tæki 40 kr. inn með hægri hendinni, en ljeti jafnmargar úti með hinni vinstri, þá væri jeg jafnnær. Ef h. þm. dregur eitthvað aptur á bak með 40 punda afli, og jeg dreg það áfram með 40 pd. afli, þá stendur það í stað. Nei, þessi samanburður h. þm. dugar ekki. Allt kapítalið, sem verzlað er með, allt verzlunarmagnið á að vera í höndum innlendra verzlunarmanna. Þetta leggur frumv. því meiri áherzlu á, sem aðalkapítalið er nú í höndum útlendinga og aðalarðurinn af verzluninni líka. Það eru molarnir af borðum hinna ríku, sem þessi h. þingdm. (Tr. G.) vill láta Íslendinga gjöra sig ánægða með. Það er bein afleiðing af röksemdaleiðslu hans.

Hann segir, að þeir gjöri ekki neitt, framkvæmi ekki neitt, þessir innlendu kaupmenn hjer. Já, það er einmitt meinið, þeir gjöra ekki neitt og geta ekkert gjört, af því þá vantar auðinn,

sem verzlunararðurinn myndar; þá vantar afl þeirra hluta er gjöra skal, sem selstöðukaupmennirnir færa út úr landinu. En, má jeg spyrja, er nú þetta afleiðing af þessum lögum, sem vjer erum nú að ræða? Nei, það verður að vera afleiðing af lögum, sem hafa verið og eru til, en getur ekki verið afleiðing af lögum, sem ekki hafa verið og ekki eru til. Meðan kaupmenn verzla hjer með útlendu kapítali, gegnum umboðsmenn sína, án þess að vera hjer búsettir sjálfir, græða á þann hátt og fara síðan með gróðann til annara landa, er heldur ekki von að þeir verji fje sínu til að gera neitt fyrir þetta land, svo endirinn verður eðlilega sá, að hvorugir gjöra neitt, aðrir af getuleysi, hinir af viljaleysi. Að enginn innlendur kaupmaður gjöri hjer neitt, er þó að öðru leyti ekki með öllu rjett. Vjer þekkjum þó innlendan kaupmann á Austurlandi, hr. O. Wathne. Þessi maður hefir framkvæmt margt og mikið fram yfir það, sem menn eiga hjer að venjast, einmitt af því, að hann hefir fest hug sinn við landið, og vill setjast hjer að. Hann hefir meðal annars gjört bryggju, sem stór skip geta lagt að við innskipun og útskipun, en slíka bryggju vantar enn hjer í sjálfum höfuðstaðnum þann dag í dag. Hann hefir lagt fagra og trausta brú yfir á á Seyðisfirði, látið gjöra nýjan veg alllangan, og margt fleira, jafnframt sem hann gefur fjölda manna atvinnu og fyrirmynd atorku sinnar.

Hjer í Reykjavík má nefna hinn framúrskarandi dugnaðarmann, kaupmann G. Zoëga, sem hefir gjört mikið og margt til eflingar og fyrirmyndar sjávarútveginum. Á Vesturlandi má loks nefna kaupmann Ásgeirson. Þeir feðgar hafa grætt hjer stórfje meðan þeir máttu skoðast sem innlendir menn hjer og búsettir. Það er óþarfi að eyða miklum tíma í að sýna, eða gjöra hugsandi mönnum ljóst, að innlendir og búsettir menn hjer hafa meiri hvöt til að gjöra eitthvað fyrir landið en útlendir menn.

Þá sagði h. þm. (Tr. G.), að í þessu frumv. lægi engin hvöt fyrir útlenda kaupmenn að búsetja sig hjer. Þetta er ekki rjett, því í rauninni fá þeir, sem vilja setjast hjer að, með þessu frumv. einkarjett til að verzla hjer móts við selstöðukaupmennina. Hann tók það ennfremur fram, að menn, sem væru hjer búsettir, færu til útlanda, þegar þeir væru búnir að græða hjer fje. En jeg tek það hjer upp aptur, sem jeg sagði við fyrstu umræðu þessa máls: það verður ekki dregin sama ályktunin af alls ólíku ásigkomulagi. Þeir, sem verða búsettir hjer eptir þessu frumv., verða búnir að festa svo huga sinn við landið, búnir að gjöra þann blett, sem þeir búa á, svo skemmtilegan, að þeir hafa framar enga hvöt til að fara úr landi. Mjer finnst meiri ástæða til að þessir menn lifi hjer áfram og noti fje sitt hjer en þeir, sem, eins og nú er ástatt, sjaldan eða aldrei koma hjer; þetta er svo náttúrlegt og skiljanlegt heilbrigðri skynsemi. Þó varðar það, ef til vill, meiru, að þeir geta ekki, þegar þetta frumv. er orðið að lögum, flutt með sjer selstöðurjettinn í vasanum, heldur verða að sleppa öllum viðskiptum við landið jafnskjótt og þeir sleppa búsetunni hjer.

Þá sagði h. þm., að ekkert væri gjört hjer til að hlynna að hinum föstu verzlunum, hinum innlendu föstu kaupmönnum, og hann benti á verzlunarlögin frá 1879. En hjer er stór gloppa á hugsun h. þm. Því hvað þýðir föst verzlun í þeim lögum? Er það sama sem föst verzlun í 1. gr. þessa frumv.?

Nei, það þýðir í lögunum 1879 báða flokkana, bæði hina 86 og hina 42,

bæði hina búsettu kaupmenn og selstöðukaupmennina; en í þessu frumvarpi að eins hina búsettu, og þeir einir eiga vernd og aðhlynning skilið.

Að því er löggildingarmálið snertir, þá er það alveg samkvæmt hugsuninni í frumv., en alveg ósamkvæmt hugsun h. þm. (Tr. G.), því það er einokun, sem hann vill, en frumvarpið frjálsa samkeppni meðal búsettra kaupmanna. Menn gleymi því ekki, að þetta frumv. stefnir að almennri frjálsri samkeppni meðal innlendra kaupmanna og rjetti bænda eða viðskiptamannanna, að fá vörur sínar á þeim stað, sem þeim er hentugast. En á hinn bóginn byggist frumv. á þeirri hugsun, að verzlunarmagnið dragist saman á fáa staði, og verði rekið með fáum skipum gagnvart öðrum löndum, er flytji vörurnar á upplagsstaðina með sem minnstum kostnaði, en þaðan verði þær svo aptur fluttar inn á hverja vík og hvern vog, handa landsmönnum. Þetta vill frumv. og fengi það framgang, gæti að líkindum sparast þessi heljar-loptkastala-járnbraut, sem h. þm. virðist nú vera farinn að hneigjast að. Þessi hugsun frumvarpsins kemur því einmitt heim við þá stefnu, að gjöra einokun í raun og veru ómögulega. Jeg veit, að h. þm. er svo mikill landsvinur og svo skynsamur maður, að hann á hægt með að setja sig inn í þetta, þegar hann hugsar sig um.

H. þm. tók dæmi af síldarveiðamönnum á Akureyri til að sýna, hversu hægt mundi að fara í kringum þessi lög. En þá voru þessi lög ekki til, og menn fylgdu þá sama prinsípi sem á selstöðutímunum. Jeg vil ekki lýta landsstjórnina fyrir, að hún tók ekki harðar í strenginn en hún gjörði þá; en ef þessi lög hefðu verið orðin eins gömul eins og þau, sem þá á að hafa verið farið í kringum, þá ímynda jeg mjer, að menn ljetu sjer ekki koma til hugar að koma með þessa grýlu gegn búsetulagamálinu.

Jeg skal játa, að jeg er ekki á fám augnablikum fær um að mæta öllum mögulegum og ómögulegum mótmælum gegn þessu máli, en jeg vona, að mönnum sje orðið svo mikið ljóst af umræðunum um þetta frumv., gagnvart opnu brjefi 1/6 1792, að fáum geti blandazt hugur um, að samþykkja það.

Pjetur Jónsson: Jeg stend upp einungis af því. að h. flutningsm. (B. Sv.) svaraði ekki eins ákveðið og jeg óskaði, spurningu þeirri, er jeg beindi að honum áðan. Hann svaraði svo, að hann ætlaðist ekki til, að þessi lög kæmu í bága við kaupfjelögin, en jeg vildi fá skýlausa yfirlýsingu hans um, hvort hann áliti, að kaupfjelögin eptir þessum lögum yrðu skoðuð sem yfirhylming, það er að segja: umboðsmenn kaupfjel. sem hinir eiginlegu eigendur, en kaupfjelögin einungis erindrekar þeirra.

Jeg álít mikilsvert að fá skýlausa yfirlýsingu hans í þessu efni, og vona því, að hann gefi hana.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg skal strax svara því, að jeg álít ekki, að kaupfjelögunum geti verið nein hætta búin af þessum lögum, því að umboðsmenn þeirra hafa hjer ekki búðir eða neitt þess háttar, er gefi rjett til að skoða þá sem aðra selstöðukaupmenn.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg skal að eins svara h. flutningsm. (B. Sv.) fám orðum. Hann spurði mig fyrst, hvort verzlunarmagnið væri meira hjá hinum útlendu eða hinum innlendu kaupmönnum. Jeg svara því játandi, að vörumegnið sje meira hjá hinum útlendu kaupmönnum. En hvað sannar það? Það sannar einmitt hið gagnstæða því, sem hann vill sanna. Þetta atriði sýn-

ir einmitt, að vjer Íslendingar höfum ekki efni á, að reka svo mikla verzlun, sem landið í heild sinni þarfnast. Jeg held málið hafi svoleiðis snúizt við í höfði h. flutningsm. (B. Sv.), að honum nægi það, að kaupmaðurinn sje búsettur hjer, þó hann sjálfur eigi lítið sem ekkert af því fje, sem hann verzlar með.

Fyrir fám árum flutti eitt vestfirzkt blað þá skoðun, að Gránufjelagið væri ekki innlent fjelag, af því það verzlaði að mestu leyti með útlenda peninga; eptir sömu hugsun yrðu þá verzlanir margra þessara búsettu kaupmanna, sem eru í stórskuldum við útlenda menn, ekki heldur innlendar.

H. flutningsm. (B. Sv.) hefur þá skoðun, eins og jeg, að það sje minna vörumagn, sem hinir innlendu kaupmenn verzli með en hinir útlendu. Hvað sannar það ennfremur? Það sannar, að hinir búsettu kaupmenn, sem þó eru tvöfalt fleiri en hinir, hafa ekki getað auðgazt svo mikið af verzluninni, eða eigi hafa haft svo mikið fjármagn, að þeir hafi getað dregið verzlanina úr höndum hinna útlendu kaupmanna.

Fyrst örfáir af þessum hjerlendu búsettu kaupmönnum hafa ekki getað auðgazt til muna að þessum tíma, hvernig ætti því þá að víkja við, að þeir ættu nú að geta grætt fremur hjereptir, þó þetta lagaboð kæmi út, sem engin hlunnindi veitir þeim.

Jeg skal benda h. flutningsm. (B. Sv.) sem ekki er verzlunarfróður, á, að það er mikið óhagræði, að geta ekki sjálfur sjeð um kaup og sölu á vörum sínum, og þurfa að sjá þetta allt með annara augum; en það verða kaupmenn að gjöra, einkum norðan- og vestanlands, ef þeir eru skyldir til að vera búsettir hjer á landi. Umboðsmennirnir erlendis taka vanalega í ómakslaun 2% fyrir að kaupa inn útlendu vöruna, og $2^1/_2$% fyrir að selja þá innlendu. En þó er enn meira óhagræði í því, að geta ekki valið sjálfur vörur sínar erlendis.

Nei, kaupmenn græða ekki meira á verzlan sinni, eða eiga hægra með að gjöra hana landsmönnum hagfeldari, þó þeir sjeu búsettir hjer, heldur þvert á móti, nema ef þeir eiga að selja dýrara en áður; þegar samkeppnin við þá útlendu kaupmenn er upphafin; en það mun alþýða ekki telja með hagnaði og framförum.

Þar sem h. flutningsm. (B. Sv.) var að tala um, að varan yrði ódýrari, ef upplagshús kæmi hjer í Reykjavik, svo kaupmenn út um landið gæti gjört innkaup sín hjer, þá skil jeg það ekki, þar sem þessi tvíflutningur á vörunni hlýtur að hafa í för með sjer aukinn kostnað. Það kostar ekki lítið, að flytja vöruna á land og svo út í annað skip, sem svo tekur nýtt flutningsgjald.

Þar sem h. flutningsm. (B. Sv.) talaði um hinn duglega mann Otto Wathne, þá skal jeg játa, að hann er mjög duglegur maður, og hefur gjört mikið gagn á Austurlandi. En hann hefur ekki gjört það sem kaupmaðar, heldur sem síldveiðamaður og skipaútgjörðarmaður. Hann hefur bygt bryggju þá, sem h. flutningsm. (B. Sv.) nefndi, sem síldarveiðamaður, en ekki sem kaupmaður, og hann hefur siglt inn í Lagarfljótsós sem siglingamaður og skipaeigandi. Verzlun hans er aptur á móti lítilfjörleg, svo dæmið átti alls ekki við.

Jeg skal svo ekki þreyta menn með lengri ræðu um þetta mál, en lýsa því yfir á ný, að jeg get ekki sjeð, að þetta frumv. geti leitt til neins góðs fyrir landsmenn, eins og nú stendur. Jeg vil endurtaka það, sem jeg hefi áður sagt, að verzlunin mundi eptir sem áður verða rekin í mörg ár með fje frá útlendum auðmönnum, þó þetta

frumv. verði að lögum, og að verzlunarstjettin verður að selja sínar vörur dýrara, eður gefa minna fyrir innlendu vöruna en hingað til, ef hún á að auðgast af verzluninni fremur hjer eptir en áður, eins og h. flutningsm. (B. Sv.) álítur.

Sá tími getur komið, að innlend verzlun þrífist vel, en sá tími er ekki kominn enn þá; til þess vantar frjettaþráð, og miklu tiðari samgöngur kringum landið og til útlanda en nú eru.

Flutningsmaður (*Benedikt Sveinsson*): Það yrði of langt mál, eins og jeg tók fram, að svara út í æsar öllum þeim athugasemdum, sem gjörðar hafa verið við frumv. þetta við þessa umræðu frá hálfu h. 1. þm. Árn. (Tr. G.). Það verður að bíða, að minnsta kosti þangað til málið kemur til 3. umr. Jeg ætla nú að eins að taka fyrir helztu atriðin.

Það er mjög merkilegt, að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) skuli vera að stagast hvað eptir annað á því, hvaðan »kapítölin«, sem verzlunin þarf að hafa, eigi að koma. Veit h. þm. (Tr. G.) ekki það, að það er einkennilegt fyrir hina íslenzku verzlun, að hún hefir verið talin af hinum íslenzku selstöðukaupmönnum ein hin vísasta og mest arðberandi verzlun? Veit hann ekki, að sjálfir Danir hafa skýlaust sagt það, að hin íslenzka verzlun væri einhver hin áreiðanlegasta og sú verzlun, sem gæfi mikinn og stöðugan arð af sjer, af þeirri einföldu ástæðu, að afurðir Íslands eru þess eðlis, að þær ganga ekki úr gildi, heldur fullnægja stöðugum þörfum mannkynsins. Heldur nú h. þm. (Tr. G.), að »kapitali«, sem slík verzlun er rekin með, hafi rignt eins og »manna« af himnum ofan, eða að þau hafi ollið upp úr jörðunni eins og uppsprettuvatn. Nei, þau »kapitöl« hafa myndazt einmitt við íslenzku verzlunina sjálfa. Þegar duglegir og byggnir innlendir menn setja upp verzlun eða stofna fjelög, þá græðist þeim fje, og það stórfje, ótrúlega fljótt; það eru slíkir menn, sem menn geta sagt, að skapi auðæfin, sem þurfa til þess, að reka verzlun. Með öðrum orðum, verzlunarágóðinn myndar »kapitalið«. Slíkir menn fá fljótt álit á sig og afla sjer lánstrausts; og þó þeir fái fje frá útlöndum í byrjuninni, þá er ekkert á móti því; þvert á móti; því arðurinn af þeirri verzlun rennur eigi að síður inn í landið, og það er einmitt það, sem frumv. fer fram á og vill tryggja.

Jeg tók það fram við 1. umr. málsins, að tollkammerið danska hefði gefið út skýrslu 1845 um verzlun Íslands, og að af þeirri skýrslu gæti hver sem vildi sjeð, að tollkammerið hafi talið, að arðurinn af verzlun Íslands hefði það ár verið 463,000 ríkisdalir eða eptir núgildandi peningareikningi 934,000, eða sem næst einni miljón. Ef allur þessi arður hefði runnið inn í landið, skyldi það þá ekki hafa getað myndað »kapital« til þess að styðja og styrkja innlenda verzlun? H. þm. (Tr. G.) verður að gá að því, að jeg er hjer ekki að bjóða honum neina slæma vöru, heldur bendi jeg honum, til sönnunar mínu máli, á skýrslu, sem gefin er út af tollkammerinu danska, og sem hvorki hann nje nokkur annar hjer í salnum er bær um að vefengja. Og hvað vill svo þingm. vera að reyna til að pata á móti því gildi og sönnunarafli (autoritet), sem slík skýrsla hlýtur að hafa bæði í augum hans og annara?

Ef nokkurt mannlegt fyrirtæki getur safnað fje, þá er það verzlunin; eða í hverju skyni fjekk h. þm. Árn. (Tr. G.) hjerna um árið Norður- og Austlendinga til þess að skjóta saman stórfje og stofna hlutaveltufjelag, til þess að koma á fót innlendu verzlunarfjelagi í gróða skyni fyrir landið og alla hlut-

hafendur? Það var ekki útlent »capital«, heldur innlent, sem íslenzkir ættjarðarvinir heiðra hann fyrir. — Jeg hef lesið Gránufjelagslögin og veit mjög gjörla, í hverjum tilgangi það var gert.— Það var gjört í þeim tilgangi, að upp af þessu fje, sem þeir lögðu fram, sprytti innlend, blómleg og ábatasöm verzlun í landinu, og h. þm. (Tr. G.) á ekki nema heiður skilið fyrir, að hann þá hafði þennan tilgang, þó »injuria temporum« væri þess valdandi, að fjelagið hefir ekki náð þessum tilgangi undir hans yfirstjórn. En hvaðan er nú runnin sú alda, sem er þess valdandi, að þm. (Tr. G.) hugsar öðruvísi nú heldur en þá? Jeg vona, að þegar h. þm. (Tr. G.) hugsar sig betur um, að þá sjái hann, að frumv. er ekki þýðingarlaust, og að því verður ekki mótmælt með neinum skynsamlegum rökum; en hitt er víst, að hver einasti maður getur þæft fram og aptur í það óendanlega um hvert eitt einasta mál, hvað ljóst og satt sem það er, getur teygt og togað á alla vegu hvern agnúa af öðrum, sem þó eru ekki til nema í hans eigin ramskökku ímyndun. Á þennan hátt getur h. vinur minn, 1. þm. Árn. (Tr. G.), tætt út úr frumv. þessu. Það er sorglegt til þess að vita, að það er eins og sumir menn, þó góðir sjeu, geti ómögulega yfirgefið afgamalt ásigkomulag, geti ómögulega losað sig við það, sem er og hefir verið, þótt þeir sjái, að það sje gjörsamlega óþolandi.

H. þm. (Tr. G.) var eitthvað að tala um það, að þetta frumv., ef það yrði að lögum, mundi ekki verða til þess, að gefa almenningi góðar vonir um að fá vöru sína ódýrari, því með þessu væru bæði kaupfjelög og lausakaupmenn útilokaðir frá því að verzla hjer. En bæði hef jeg hjer sýnt fram á, að þetta hefir engin rök við að styðjast, og svo hlyti h. þm. (Tr. G.) að sjá sjálfur, ef hann gætir sín, að hvorugt er útilokað. Meining frumv. er ekki sú, að finna út, á hvern hátt bændur geti fengið vörur sínar ódýrastar, heldur er meiningin sú, að uppræta hið sögulega illgresi, sem sprottið er upp af selstöðuverzluninni, að nema burtu þann rjett, sem allar þjóðir heimsins, og eigi að eins Danir, Svíar og Norðmenn hafa, til þess, að fara til Íslands til þess að hafa það fyrir gróðastöðvar, en flytja svo verzlunararðinn til annara landa, draga á þann hátt burt með sjer kraptinn úr landsmönnum, gjöra landsmönnum yfir höfuð ómögulegt að lifa og blessast í landinu.

Frumv. þetta er tilraun til þess, að fyrirbyggja þetta, og þótt nú það tækist ekki, þá er enginn skaði skeður, því frumv. þetta, þó það yrði að lögum, getur þó aldrei gjört neinn skaða. En reynslan verður að sýna, hvor okkar 1. þm. Árn. (Tr. G.) hefir rjettara fyrir sjer. En þessi dýrmæta reynsla fæst ekki nema frumv. sje samþykkt. Enginn getur fengið reynslu fyrir neinu nema. henni sje gefið ráðrúm til þess að sýna sig; ef hið baneitraða opna brjef 1. júní 1792 verður ekki upphafið með lögum, fæst þessi reynsla ekki, því á meðan situr Þór í stafni.

Jeg vona sterklega, að frumv. verði samþykkt. Sömuleiðis er jeg sannfærður um, að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), þar sem hann játaði, að hann væri samþykkur því í aðalefninu, muni standa upp fyrir hverri einni og einustu grein frumv.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 74 við 1. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 1. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 2. og 3. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv. hvor; 4. og 5. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv. hvor. Fyrsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um löggilding fjelags með takmarkaðri hluthafa ábyrgð til að halda uppi siglingum milli Íslands og útlanda og í kringum strendur Íslands og leggja járnbrautir á Íslandi m. fl. (C. 17, 73); framh. 1. umr.

Tekið aptur af flutningsm. að áliðnum umræðum um næsta mál hjer á eptir.

Frumv. til laga um löggilding fjelags með takmarkaðri hluthafa ábyrgð, rjettindi þess og skyldur til að halda uppi siglingum milli Íslands og útlanda og í kringum strendur Íslands og til að leggja járnbrautir á Íslandi o. *fl.* (C. 65, 73); 1. umr.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Þetta mál, sem hjer liggur fyrir og nefnd sú, sem í það var kosin, hefir tjallað um, hefir fengið nafnið »Stóra málið«. Og þar er ekki að ástæðulausu. Hjer er um mikils vert málefni að ræða; það getur kallazt »Stóra málið« bæði með tilliti til þess, hve afarmikla þýðingu það hefði fyrir landsmenn, ef það yrði að lögum; og það er líka stórt í tilliti til þess, hve mikið fje það fer fram á að veita úr landssjóði.

Það sem frumv. fer fram á, er það, að gefa vissum mönnum heimild til þess, að bæta samgöngur vorar, gegn því, að þeim sje aptur veittur styrkur til þess af landsfje.

Frumv. fer fram á að auka samgöngur vorar, auka strandferðir umhverfis landið og sjerstaklega gjöra greiðar og tíðar ferðir milli þessa lands og útlanda og að lagðar verði járnbrautir á Íslandi.

Á hina hliðina fer það fram á, að fyrir allar þessar samgöngubætur verði veittar 100,000 kr. á ári í 30 ár. Þetta er mjög mikið fje. Hin fyrsta spurning sem vakti því fyrir nefndinni, var þetta: Getum vjer þolað þessi útgjöld, og í öðru lagi, ef landið gæti þolað það, hvort það þá væri tilvinnandi.

En eptir því sem fjárhag landsins hefur farið fram síðan landið fjekk fjárforræði sitt, svo að tekjur þess hafa aukizt um helming, má gjöra ráð fyrir, að tekjur þess aukizt enn meir, því það eru miklar líkur til þess, að tekjurnar haldi áfram að aukast á í hönd farandi árum, þá gat nefndin ekki annað sjeð, en að mögulegt væri, að leggja þetta fje fram, ef svo mikill hagur er í aðra hönd, að það geti borgað sig.

Það er »princip« hjá flestum þjóðum heimsins, að verja sem mestu fje til samgöngubóta, því með því er sáð því frækorni, sem ber margfalda ávexti. En hitt, að safna því sem afgangs er í sjóð, er lík aðferð og sú sem vjer höfum lesið og heyrt um maurapúkana, sem safna peningunum í sjóvetling og geyma þá á kistubotninum, í stað þess, að koma þeim þangað, sem þeir verða arðberandi. Það virðist því heppilegri aðferð, að verja því fje, sem vjer kunnum að hafa aflögu, til arðberandi fyrirtækja, til þess að bæta samgöngur og atvinnuvegi vora og jafnvel taka lán til þess, heldur en að safna því í sjóð og fá af því annaðhvort enga eða þá mjög litla vexti. Því vextirnir eru ávallt mjög litlir, þó það fje sje sett á vöxtu, í samanburði við þá vexti, sem það mundi gefa af sjer, ef því væri varið til þess, að bæta samgöngurnar.

Nefndin gat því ekki betur sjeð, en að það væri rjett stefna, að leggja út þetta fje til samgöngubóta, þar sem landið gæti borið það.

Þá tók nefndin það til athugunar, hvort rjett væri á aukaþingi, að binda landssjóði svo þunga byrði um langan tíma, án þess að ráðfæra sig við kjósendurna eða landsmenn yfir höfuð.

Þetta er mjög athugavert, og nefndinni var það full-ljóst, en hún tók líka tillit til þess, að nú eru raddirnar frá landsmönnum að verða ávallt hærri um það, að fá fje til þess, að efla samgöngurnar bæði á sjó og landi, og bænarskrár um það, að efla samgöngurnar, eru nú langflestar af öllum þeim bænarskrám sem koma til þingsins. Og þegar litið er til þess, hve mikið síðasta þing veitti til strandferða — og ávallt er verið að auka þær —, þar sem það þing samþykkti að auka styrkinn til þeirra um 25 þúsund kr., og að þetta allt var gjört að kjósendunum fornspurðum, en samt sem áður var þessu alstaðar tekið mjög vel og allir hörmuðu, að ekkert varð úr þessu, þegar til framkvæmdanna kom. Engin rödd heyrðist á móti þessu verki þingsins.

Jeg verð því að álíta, að lítil líkindi sjeu til þess, að kjósendurnir líti öðru vísi á það, þó þingið veitti nú fje til þessa fyrirtækis, því sú meðferð á fje landsins, sem hjer er farið fram á, er hin vinsælasta meðal allra kjósenda, og þess vegna álít jeg enga hættu á, að kjósendurnir verði á móti henni. Það er að vísu satt, að heppilegast væri að hafa ráðfært sig við kjósendur sína, og eins, að tíminn er mjög naumur, svo að hann má varla naumari vera til þess þingið geti fjallað um málið, en þar sem eins stendur á og hjer, og að þeir sem bjóða þetta fram segja, að tilboðið muni ekki standa lengur, ef málinu yrði hafnað á þessu þingi, þá afrjeð nefndin, að hallast að því, að veita þetta fje, að kjósendunum fornspurðum.

Sjálf nefndin var ekki í vafa um það, hvort hagsmunirnir, sem eru í aðra hönd, væru svo miklir, að fyrirtækið mundi borga sig. Að því er snertir strandferðirnar, þá má geta þess, að þar getur enginn vafi verið á. Það hlýtur að borga sig, að veita þann styrk sem þeim er ætlaður. Því nú fáum vjer fyrir þessar 50 þús. miklu haganlegri og tíðari strandferðir eptir því sem áætlað er heldur en áður voru. Þegar litið er til þess, að þingið veitti í fyrra 43 þús. kr. til strandferða sem voru miklu óhentugri og færri en hjer er áætlað, og auk þess fáum við nú 18 ferðir til útlanda, þá má sjá það, að þetta er margfalt heppilegra.

Þó það sem frumv. fer fram á sje því auðsjáanlega miklu haganlegra fyrir landsmenn, þá mun samt margur vera hikandi með það, að binda landið um svo langan tíma; menn geta sagt, að á 15—20 árum breytist margt. Þá geti verið, að þessar gufuskipaferðir megi fá fyrir mikið minna. Það getur verið satt; en lítum á þau ár, sem við höfum haft strandferðir. Hvað sjáum vjer af þeirri reynslu? Ekki það, að vjer þá fengjum gufuskipaferðirnar fyrir minna fje en fyrst, heldur sýnir reynslan, að styrkurinn til gufuskipaferða kringum landið er stöðugt að hækka. Það er líka eðlilegt, þar sem vjer erum á framfaraskeiði, og þar sem okkur hefir farið mikið fram síðan vjer fyrst fórum að hafa strandferðir, og við munum líka taka enn framförum, svo að við þurfum víðtækari strandferðir enn þá, og þá er eðlilegt, að það kosti meira fje. Það vakti þess vegna fyrir nefndinni, að heppilegra væri að heimta eptir 10—15 ár, að strandferðirnar væru auknar, fremur en að klípa nú þegar nokkuð af tillaginu.

En að því er hitt atriðið, járnbrautirnar, snertir, þá hefur það ekki mætt mikilli mótstöðu í nefndinni, en jeg get þess til, að margir muni verða hikandi, þegar kemur til þess, að greiða atkvæði um frumv. Og það er eðlilegt, þar sem við erum ókunnugir járnbrautum; sumir hafa ekki sjeð járnbraut og aðrir

þekkja ekki neitt til hennar, og þeir sem þekkja járnbrautir geta ekki sagt fyrir, hverjum breytingum landið mundi taka við það, að fá járnbraut. Hvort viðskiptaþörfin mundi aukast, þykjast menn ekki geta sagt um, og þess vegna verður mörgum víst um og ó, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur. En jeg lít svo á málið, og þannig leit nefndin líka á það, að ef landinu á að vera nokkurra framfara von, þá dugar enginn smásálarskapur. Sá sem engu vogar, hann vinnur ekki neitt; en hann tapar heldur ekki neinu, munu menn svara. Jú, hann getur einmitt tapað miklu, því hann getur þá farið á mis við mikinn hagnað, sem hann hefði getað hlotið, ef hann hefði einhvern tíma vogað einhverju og jafnvel þó hann hefði tapað stundum.

Ef aldrei er neinu vogað, þá er engin framtíðarvon. Menn segja, að það sje mikil vogun, að leggja 50 þús. kr. á ári til járnbrautar, sem enginn veit um, hvort geti borgað sig. En þegar um það er að ræða, þá verðum við að gæta að því, að ef að vjer viljum fá nokkrar framfarir í landinu, þá verðum vjer að auka samgöngurnar og það er hið einasta og beinasta ráð til þess, að hefja landið á hærra stig. Jeg verð að segja, að þeir sem trúa því, að landið eigi framtíð fyrir höndum, geti varla verið á móti frumv. þessu. En jeg óska og vona, að enginn sá gefi kost á sjer eða bjóði sig fram til þess, að vera fulltrúi þjóðarinnar, sem ekki hefir örugga trú á framtíð landsins, því þeir sem ekki hafa slíka trú ættu ekki að vera á þessu landi, heldur ættu þeir að fara til Ameríku, enda er engin eptirsjá að slíkum mönnum. (*B. Sv.*: Það er rjett). Jeg er viss um, að þegar til atkvæða kemur, þá verðum víst mörgum um og ó, að greiða atkvæði með frumv. En jeg verð að segja það, að það er mikill ábyrgðarhluti, að neita þessu frumv. og kasta með því tilboðinu frá sjer, því þó því sje játað, þá er þess að gæta, að alþingi er þó ekki nema annar hluti löggjafarvaldsins. En sje því neitað nú, er mjög líklegt, að málið sje fallið fyrir fullt og allt um langan aldur, því tilboðið stendur líklega ekki lengur, ef menn vilja ekki sinna því nú; en að Íslendingar sjálfir geti komið slíkum fyrirtækjum á fót, er mjög ólíklegt.

En að því er frumvarpið sjálft snertir, þá gat nefndin ekki betur sjeð, en að rjett væri að taka frumv. vel og reyna til þess, að laga það svo, að það gæti gengið eins langt og mögulegt væri. En tíminn sem hún hafði til þess, var naumur, svo vansjeð er, hversu henni hefur tekizt að útrýma öllum agnúum. En »ultra posse nemo obligatur«. Nefndin gjörði það sem hún gat til þess að laga frumvarpið og tók öllu með hinum mesta velvilja. Frumv. var mjög ófullkomið og hún varð að breyta því svo mikið, að hún sá sjer ekki annað fært, en að koma fram með nýtt frumv., sem þó má skoða sem breytingartillögu við hið gamla.

Viðvíkjandi forminu, þá skal jeg geta þess, að það er nýtt. Jeg er viss um, að margir muni þeir vera, sem ekki kunna við það og þar á meðal var jeg einn, og jeg átti mjög bágt með að fella mig við það. En þegar jeg sannfærðist um það, að þetta form er algengt hjá öðrum þjóðum, þá var mín mótstaða fallin niður. Það er töluvert ólíkt því formi, sem tíðkast í Danmörku, en vjer getum tekið fleiri þjóðir til fyrirmyndar en Dani, þó vjer getum líka margt af þeim lært.

Þá hefir það þótt athugavert, að hjer er verið að ræða um að löggilda fjelag sem ekki ræður yfir nógu fje til þess, að framkvæma þetta, sem frumv. fer

fram á. Þetta er athugavert, og jeg get ímyndað mjer, að einhverjir hinna h. þm. spyrji: Til hvers er að löggilda það fjelag, sem ekki getur framkvæmt það, sem það býðst til að afreka?

Jeg skal játa það, að það getur í fljótu bragði litið miður vel út, og sumum jafnvel sýnast, að alþing gerði sig hlægilegt með því, að samþykkja frv. sem færi í þá átt; en menn verða að gæta þess, að þetta er almennt í öðrum löndum. Ef að er gætt, þá sjest það, að þetta form er tíðkað bæði í Ameríku og á Englandi. Jeg hef einmitt fyrir mjer lög um það efni, sem gefin eru út í einu af ríkjum Ameríku, og þegar svo er, þá get jeg ekki fundið, að alþingi Íslendinga gerði sig hlægilegt með því, að taka þau til fyrirmyndar.

Að því er snertir skipaferðirnar, þá mun mörgum þykja það athugavert, að binda tillagið til þeirra við svo langan tíma, því mögulegt sje, að sú breyting verði komin á viðskiptalíf vort eptir svo sem 10 ár, að hægt sje að fá þær fyrir minna. En nefndin áleit, að samkvæmt reynslu undanfarandi ára, þá mundu menn fremur heimta meiri strandferðir fyrir sama fje, heldur en minnka tillagið og halda ferðunum óbreyttum, og hefur því sett inn í frv. ákvæði um það, að landsstjórnin geti krafizt þess, að fjelagið láti að 10 árum liðnum 2 skip ganga kringum landið, ef flutningsþörfin aukist svo, að þess virðist þörf.

Í frumv. er líka ýmislegt annað athugavert, svo sem það, að leyfa fjelaginu að taka land og hús, hvar sem það vildi leggja brautir sínar, og það hefir ekki þótt nægilega tryggt, að það greiði fullkomið gjald fyrir, hvar sem það kynni að þurfa að taka landeign manna til sinna nota. En nefndin hefir reynt að laga það eptir því sem hún gat og henni þótti bezt fara.

Í hinu upphaflega frumv voru fjelagi þessu veittar miklar undanþágur, þar sem farið var fram á, að allar eigur þess skyldu vera undanþegnar opinberum sköttum og gjöldum. Þetta þótti nefndinni athugavert, og þess vegna hefir hún breytt þessum ákvæðum og takmarkað þessar undanþágur. En þó er það enn undanþegið ýmsum útgjöldum; en það er algengt í öðrum löndum, að veita slíkum fjelögum ýms hlunnindi.

Í frumv. var farið fram á, að fjelagið skyldi leggja 50 mílna langa járnbraut. Þetta ákvæði þótti nefndinni óaðgengilegt, því hún áleit, að engin trygging væri fyrir því, að góð not yrðu að slíkri braut. Henni þótti því hyggilegra, að tiltaka einhverja vissa punkta, sem brautin ætti að liggja í milli, og tiltaka, hvar hún ætti að leggjast. Sumstaðar er að eins tekið fram, að járnbraut skuli leggjast milli einhverra tveggja punkta, en engir fleiri nefndir; aptur aðrir tiltaka, auk endapunktanna, fleiri staði, sem hún eigi að liggja um. En hjer er að eins talað um, hve langt hún eigi að ná og um hvaða sýslur hún eigi að liggja, og það áleit nefndin hyggilegra en að tiltaka vissa mílnatölu.

Í hinu upprunalega frumv. var farið fram á, að landssjóður skyldi borga þessa tilteknu upphæð til járnbrautanna í 30 ár, en nefndin breytti því þannig, að eigi skyldi styrkurinn fást lengur en til 1925, til þess fjelagið fengi því fremur hvöt til þess, að flýta sjer að leggja brautina. Ef þá fjelagið hefir ekki lagt það, sem það á að leggja af járnbraut til þess að fá 50 þúsund króna styrk fyr en eptir 7 ár, þá dragast þau ár frá þessum 30 árum. En ef það hefir ekki eptir 5 ár lagt braut austur í bygðir í Árnessýslu, hefir það fyrirgjört rjetti sínum og fær ekkert.

Það var tekið fram við 1. umr., að óheppilegt væri, að ekki væri tiltekið fyrirkomulag strandferðanna, svo og farþegarúm þeirra skipa, en nefndin hefir komið með ákvæði í þá átt að lagfæra þetta.

Svo er eitt atriði, sem jeg ætla að minnast á. Það hefir verið tekið fram af minni hluta nefndarinnar, að ísjárvert væri, að veita þann styrk til fjelagsins í 30 ár, er næmi alls 3 miljónum. En þetta er ekki fullkomlega rjett, því fjelaginu verða ekki greiddar 3 miljónir, þar sem þau ákvæði eru komin inn í frumv., að styrkveitingin til járnbrautanna nái ekki lengra en til 1925. Það er óhugsanlegt, að járnbrautin yrði svo fljótt lögð, að $1^1/_2$ miljón kæmi til útborgunar til hennar. Hvað mikið dregst frá er komið undir því, hve fljótt fjelagið verður að leggja brautina. En það hefir þótt athugavert að binda landið við þessar gufuskipaferðir um svo langan tíma, en þá er þess að gæta, að landssjóður á að hafa forkaupsrjett eptir 15 ár að öllum eignum fjelagsins. Ef mikill gróðavegur væri að fyrirtækinu, þá mundi landssjóður heldur kaupa eignirnar, heldur en að halda áfram að borga þetta gjald. En ef það sýndi sig, að fjelagið tapaði á því, þá yrði það annaðhvort að halda áfram samt sem áður, eða þá að selja, en þá mundi það verða að selja eignirnar fyrir minna verð. Þess vegna setti nefndin þau ákvæði inn í frumv., sem miðuðu í þá átt, að gjöra landssjóði mögulegt að kaupa eignir fjelagsins, nefnilega það ákvæði, að landssjóður gæti keypt þær eptir 15 ár með því að gefa út skuldabrjef upp á sjálfan sig með 5 % vöxtum, sem innleysist á 30 árum. Það getur verið, að þessir vextir sjeu nokkuð háir, eptir því sem hjer tíðkast, en af því að landssjóður kynni að geta fengið einhversstaðar betri kjör, þá sá nefndin við þessu með því, að setja ákvæði í frv., sem gengi í þá átt, að landssjóður gæti eigi að eins innleyst skuldabrjef sín á næstu 30 árum, heldur hve mikið af þeim sem hann vildi og hvenær sem hann vildi á því tímabili, ef hann gæti fengið fje með betri kjörum annarsstaðar.

Hjer í h. deild hefir nýlega verið til umræðu frumv. um búsetu fastakaupmanna. Flutningsm. þess máls (B. Sv.) tók þá fram, að það frumv., ef það yrði að lögum, mundi gera mikið til þess að hæna útlendinga inn í landið. Útlendir menn mundu mikið fremur fyrir það setjast að í landinu og þá reyna til að prýða og fegra í kring um sig og gera einhvern blettinn, sem nú er hrjóstrugur og óyrktur, að grænni og fagurri grund. Mjer þótti vænt um að heyra þetta, og jeg tel það vafalaust, að þessi h. þm. muni líta á þetta mál frá sama sjónarmiði. Jeg er viss um það, að ef þetta frumv. yrði að lögum og fyrirtækið fær framgang, þá verður það til þess að hæna útlendinga að landinu. Það eru mikil líkindi til þess, að þegar fjelagið er búið að leggja mikið fje til þess að koma þessu fyrirtæki á fót, að það þá reyni til þess að bæta atvinnuvegi landsins, til þess að flutningaþörfin aukist, þar sem það er þeim mesti hagur, að sú þörf sje sem mest; það er heldur ekkert ólíklegt, þegar samgöngurnar væru orðnar eins greiðar og hjer er ætlazt til, að einmitt þetta fjelag stuðli með öllum mætti að því, að útlendingar flytji inn í landið, sem settu hjer upp stórbú eða bygðu hjer skemmtistaði, og tækju til að rækta landið.

En það er, eins og h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði í dag, reynslan ein, sem

getur skorið úr því, hve miklum framförum landið gæti tekið, ef þetta yrði að lögum. En ef vjer aldrei leggjum út í neitt, þá fáum vjer heldur ekki reynslu fyrir neinu. Þess vegna óska jeg, að frumv. þetta verði samþykkt.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætlaði satt að segja ekki að taka til máls að þessu sinni, en svívirðingarorð h. framsögum. (V. G.) knúðu mig til þess. Hann hreytti fram, að þeir sem ekki greiddu atkvæði með þessu frumv., þeir hefðu ekki trú á framtíð landsins og að þeir ættu ekki að eiga sæti hjer á þingbekkjunum; þeim væri rjettast að fara til Ameríku. Slík orð sem þessi eru óvanaleg af framsögumanni nefndar í mikilsverðu máli, og jeg efast um að h. meðnefndarmenn h. framsögum. (V. G.) vilji bera ábyrgð á þeim með honum; í öllu falli tel jeg það mjög varúðarvert fyrir h. framsögum. (V. G.) að kasta steinum á fólk, er hann býr í slíkri glerhöll, sem nú; það er svo hætt við, að þeir steinar verði sendir að honum aptur og verði til þess að brjóta glerhöllina hans.

Það voru einmitt þessi orð h. framsögum. (V. G.), sem komu mjer til að gjöra grein fyrir atkvæði mínu, gera grein fyrir því, að jeg mun greiða atkvæði móti málinu. En jeg greiði ekki atkvæði gegn því af því, að jeg hafi ekki trú á framtíð landsins, heldur af því, að jeg hef ekki trú á þessu frv.; jeg álít það hreint »humbug«. Jeg skal geta þess, að síðan mál þetta kom fyrst á dagskrá, hef jeg leitað mjer upplýsinga um, hvernig slík mál væru undirbúin á Englandi, hvort það væri venja þar, að hafa sams konar undirbúning eða öllu heldur undirbúningsleysi og er á þessu frumv.

Jeg hefi verið svo heppinn að geta átt tal við mann, sem lengi hefir verið búsettur í Englandi, og sem vegna stöðu sinnar er næsta kunnugur ensku viðskiptalífi. Niðurstaðan á viðræðu okkar varð sú, að hann sagði að á Englandi mundi það kallað »insult« — hann viðhafði einmitt það orð — að bjóða nokkru löggjafarþingi slíkt mál í því formi sem þetta er. Svona leit þessi maður á málið, að virðingu þingsins væri misboðið með því að bera það þannig upp. Þó að þetta kunni ef til vill að þykja nokkuð hörð orð, þá er það þó víst, að málið kemur hingað inn á þing allsendis óundirbúið, ekkert fast til að byggja á, hvorki hvað fyrirtækið muni kosta, eða hvort það sje framkvæmanlegt, nje hvort nægt fje muni fást til þessa; hjer er því ekkert annað hægt að gjöra en að hafna málinu, eða bollaleggja eitthvað út í bláinn. Þegar jeg nú sný mjer að stofnendum hins fyrirhugaða fjelags, þá eru það fyrst og fremst h. flutningsm. frv. þessa hjer í deildinni; þá þekkjum vjer að því að vera drengir góðir, og vitum hvílíkan áhuga þeir hafa á slíkum málum; en okkur er það líka kunnugt að þeir geta ekki sjálfir lagt neitt fje til þessa, er verulegt sje, og staða þeirra er svo, að þeir geta sjálfir ekki haft nein veruleg áhrif til að afla fyrirtækinu fjárstyrks. Hinir stofnendurnir eru menn sem jeg þekki sumpart alls ekki og sumpart næsta lítið, en á þeim mun allt eiga að hvíla; af þessum mönnum vil jeg eðlilega heimta meira en orðin tóm. Flutningsmaður málsins, Sigtryggur Jónasson, heimtar það, að löggjafarþing vort trúi orðum sínum einum saman, því jeg hefi ekki sjeð að hann hafi sýnt þinginu nokkurn skriflegan staf frá Davíð Wilson nje neinum öðrum um það, að þeir vilji við málið eiga. Þetta var það sem maður sá er jeg nefndi áðan kallaði »insult«; það að hafa ekki svo mikið við þingið sem að leggja fram skriflegar yfirlýsingar frá

helztu forgöngumönnunum. Það liggur heldur ekki nein slík skrifleg yfirlýsing frá Sigtryggi Jónassyni fyrir. Jeg er ekki með þessum orðum beinlínis að tortryggja menn þessa, en jeg er að gjöra ráð fyrir hvað varkárir menn mundu gjöra, og hvað þeir mundu telja sjálfsagt að heimta, áður en þeir þættust geta farið að fjalla um málið fyrir alvöru; það mundi líklega mörgum sýnast þetta líkast því, að stofnendunum væri um það að gjöra, að fá löggjafarþing Íslendinga til að setja stimpilinn á fjelag sitt, til þess að þeir ættu því hægra með að ginna menn á Englandi til þess að skrifa sig fyrir hlutum í því, — að þeir vildu nota löggildinguna sem agn til að kasta út í almenning, jafnvel þótt fyrirtækið væri ómögulegt frá upphafi. Þetta er líka hin fyllsta þörf á að fyrir girða, og því þarf að íhuga málið og undirbúa miklu betur en gjört hefir verið, áður en að þingið sendir það frá sjer sem lög.

H. framsögum. (V. G.) sagði, að það væri óvenjulegt form á frumv. þessu hjer á landi, en að lagafrumv. í þessu formi væru algeng annarsstaðar. Þessu mótmæli jeg; jeg veit ekki til að nokkurstaðar annarsstaðar hafi verið komið fram með frumv. slíkt sem þetta (*V. Guðm.*: Jeg skal sýna það); jeg held því eigi að síður fram, að svona lagað frumv. hafi hvergi annarsstaðar verið borið fram á þingi. Það er alveg sitt hvað að vera hlynntur járnbrautum hjer á landi, og vera hlynntur þessu frumv. Að vera að löggilda fjelag sem ekki er til, og með því egna menn til að leggja fje fram út í óvissu, það er til að spilla síðar fyrir samskonar fyrirtæki, því að þeir sem einusinni hafa verið ginntir með »humbugi«, þeir eru venjulega tregir til að trúa aptur, jafnvel þótt eitthvað staðbetra sje í boði.

H. framsögum. (V. G.) brá fjármálastjórn vorri um smásálarskap, og kvað oss fara eins og maurapúkunum sem geymdu peninga sína í vetlingsþumli niður í kistuhorni, ef vjer þyrðum ekki að leggja fram fje til þessara fyrirtækja. Þetta er að vísu vel að orði komizt og ætti vel við, ef hægt væri að sanna, að hjer væri um arðvænlegt fyrirtæki að ræða, en þá sönnun brast með öllu hjá h. framsögum.; hann gat ekki sýnt með nokkrum rökum að líklegt væri að af þessu frv. væri nokkurs arðs von, þótt löggildingin væri veitt og fje lagt fram á sínum tíma. Vjer verðum að gæta þess að vjer getum ekki umsvifalaust heimfært til vor reynslu annara þjóða eða tekið allt það upp, er aðrar þjóðir hafa byrjað á; vjer verðum í öllu að sníða oss stakk eptir vorum vexti en eigi annara; vjer þurfum, eins og Danskurinn segir, »at stikke Fingeren i Jorden og lugte hvor vi ere«. Það getur orðið oss miklu fremur til skaða en til gags, að byggja tvær háar byggingar á svona fúnum grundvelli, og þótt h. framsögum. (V. G.) bregði oss um smásálarskap í fjármálum, þá er oss minni hætta búin af þeirri stefnu sem hann kallar svo, en af flani og fyrirhyggjuleysi. Það koma hjer einatt hörð ár, og þótt svo kunni að vera að nú í góðu árunum þurfum vjer ekki að hækka skattana, þótt vjer köstum út þessum 3 miljónum, þá mun það þó verða nauðugur einn kostur, og gæti þá svo farið að við yrðum að gjöra það þegar hörðu árin koma, og það sjá þó allir, hve heppileg skattahækkun er á þeim árum.

H. framsögum. (V. G.) tók það fram, að tekjur landssjóðs færu síhækkandi, og því væri ekki hætta á að skattana mundi þurfa að hækka, þótt við byndum oss þau gjöld á herðar, sem frumv. gjörir ráð fyrir. En jeg skal benda á

það, að þegar h. þm. (V. G.) hefir setið á þinginu 1895, eins og jeg vona að hann gjöri, þá mun hann komast að raun um að hætt sje við að útgjöldin hækki þó enn meira að tiltölu en tekjurnar; svo hefir það verið að undanförnu, og ekki líkindi til annars en að svo muni það verða nú framvegis.

H. framsögum. (V. G.) var allt af að tala um að nefndinni hefðu þótt þau og þau atriði í frv. óaðgengileg. En má jeg spyrja: Við hverja var h. nefnd að semja? Hefir hún nokkra tryggingu fyrir að Davíð Wilson vilji ganga að frumv. með þeim breytingum, sem hún hefir gjört á því? Getur ekki vel verið að hann þeyti því frá sjer og segi: Þetta er svo ólíkt hinu upprunalega frumv. að jeg vil ekki sjá það? Að öllu þessu athuguðu segi jeg, að jeg greiði atkvæði gegn þessu frumv., og tel mig ekki verri þingmann fyrir það, og eigi þykist jeg með því sýna, að jeg hafi ekki trú á framtíð landsins.

Jeg vil annars ráða h. framsögum. (V. G.) til, að hreyta ekki optar slíkum vanhugsuðum orðum fram; með því getur hann ekki einungis spillt sínu eigin áliti, heldur og fyrir máli því, sem hann er að berjast fyrir, því að þegar slíkum sleggjum er kastað að þeim, sem andmælendur kynnu að gjörast, þá fer að vakna grunur um, að eitthvað muni vera veilt við málið sjálft.

Að þessu sinni skal jeg ekki tefja tímann með lengri ræðu, og er það þó ekki af því, að ekki sjeu ýms atriði bæði í nefndarálitinu og frumv. mjög athugaverð; en það er allt af færi á að athuga þau rækilegu við 2. umr., ef málið kemst svo langt.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Jeg skal þegar taka það fram, að jeg hagaði dálítið öðruvísi orðum mínum um þá, sem ekki hefðu trú á framtíð landsins, en h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) hermdi þau. Jeg sagði á þá leið, að, ef nokkur sá væri hjer í salnum, sem ekki hefði trú á framtíð landsins, þá ætti hann ekki að eiga sæti á þingmanna bekk, en fara heldur af landi burt og til Ameríku. Þetta er nokkuð annað en að segja, að allir þeir sem atkvæði greiddu móti frumv. þessu, hefðu ekki trú á framtíð landsins og ættu því að fara til Ameríku.

H. þm. (Guðl. G.) gat þess, að hann hefði átt tal við Englending einn um mál þetta, og að honum hefði þótt það fjarstæða. Á þessu áliti er varla hægt að byggja mikið; vjer þurfum ekki annað til að sannfærast um það en að gæta þess, að þetta er ókunnugur maður öllum málavöxtum og að honum er að eins skýrt frá málinu í heild sinni af manni sem því er andvígur og útlistar það frá sínu sjónarmiði, því að varla hefir h. þm. (Guðl. G.) farið að leggja út frumv. fyrir Englendingnum, allra sízt frumv. nefndarinnar; það gat hann alls ekki, því að hann hafði ekki fengið það í hendur.

H. þm. (Guðl. G.) tók það fram, að það vantaði skriflegar yfirlýsingar bæði frá Sigtryggi Jónassyni og Wilson. Þetta er að vísu rjett, en vjer höfum haft og höfum enn Sigtrygg Jónasson sjálfan til viðtals, og jeg sje ekki að það sje stórum meiri trygging í því að fá skriflega yfirlýsingu frá honum en munnlega. Það hefir auðvitað ekki verið hægt að leggja fram skír rök fyrir því, að víst sje að fyrirtæki þetta komist til framkvæmda, en þess virðist ekki heldur þurfa, þegar gætt er, hver venja er annarsstaðar, þegar eins stendur á og hjer. Það er að vísu satt, að málið vantar svo góðan undirbúning, sem ýmsir æskja, en það er spursmál, hvort það atriði hefir svo mikla þýðingu, að vjer eigum þess vegna að

slá hendinni á móti þessu góða boði og eiga á hættu að fá ekki aptur annað eins tilboð. Og þótt málið vanti æskilegan undirbúning, þá er ekki rjett að segja að það sje alveg óundirbúið. Herra Sigtryggur Jónasson hefir í höndum talsverðan undirbúning og ýmsar skýrslur. Það hafa komið fram tilboð með glöggu yfirliti yfir hvað járnbrautin mundi kosta frá þremur enskum »ingeniörum«. Auðvitað hafa þessir menn ekki kynnt sjer landið, en þeir þekkja hvað kostar að leggja járnbraut þar sem líkt stendur á og hjer, og hljóta þeir því að geta farið nokkuð nærri um kostnaðinn við brautarlagninguna hjer.

H. þm. (Guðl. G.) hjelt því fram, að á engu löggjafarþingi væri haft slíkt form á frumv. sem á þessu er; þessu mótmæli jeg sterklega, og get jeg sýnt honum, að þetta form hefur verið haft á lögum gefnum út í Kanada, og eptir þeim er þetta frumv. einmitt sniðið. Þá talaði h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) um, að það hefði brostið hjá mjer sannanir fyrir því, hve arðberandi þetta fyrirtæki mundi verða. Jeg get að vísu ekki sýnt það með neinum ákveðnum tölum, en jeg álít að járnbrautirnar og skipaferðirnar muni koma því til leiðar, að atvinnuvegir vorir blómgist og eflist og að framfarir muni verða svo miklar í landinu, að vjer mundum fá margfaldlega borgað af aukinni velgengni landsmanna það fje, sem landssjóður á að leggja til fyrirtækisins. Að sjálfsögðu er allt af hægt að segja, að þetta sjeu tómar ágizkanir, og að það geti enginn fyrir fram sagt um, hvernig það muni borga sig. En ef aldrei á að leggja út í neitt það fyrirtæki, sem ekki er hægt að sýna fyrir fram með glöggum tölum og gildum sönnunum, að muni borga sig, þá held jeg að yrði fremur lítið úr framkvæmdunum. Ef Tietgen hefði átt að sanna það fyrir fram, að frjettaþráður sá mundi borga sig, sem frjettaþráða-fjelagið norræna rjeðist í að leggja til Kína og Japan, þá mundi sá þráður líklega ólagður enn í dag.

Enn bar h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) það fram, að nefndin mundi ekki hafa haft neinn mann til að semja við um breytingar sínar, og því hefði hún hlotið að gjöra þær út í loptið. Jú, nefndin hafði þrjá af stofnendum fjelagsins til að semja við, fyrst og fremst flutningsmenn málsins hjer á þingi, og svo Sigtrygg Jónasson, sem bæði hefir íhugað mál þetta vandlega sjálfur og rætt það við þá menn, sem lofað hafa að leggja fje fram; hann hefur skýrt nefndinni frá, að nokkurn veginn væri vissa fengin fyrir 900,000 kr., og þegar nefndin kom fram með breytingar sínar, bar hún þær undir hann, og hefur hann gengið að þeim öllum og talið, að þær mundu ekki vera nein frágangssök fyrir fjárframleggjendurna nje stofnendur fjelagsins. Það er því varla hætt við, að þessar breytingar nefndarinnar verði þess valdandi, að fjelagið geti ekki myndazt fyrir þeirra sök.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg játa það, að jeg hef ekki ljósa þekkingu á þessu máli; það er að nokkru leyti fyrir utan minn sjóndeildarhring, enda hlýtur hjer að verða eins og jafnan, þegar um stór fyrirtæki er að ræða, sem eru alveg ný og sem engar upplýsingar fylgja, að þá verður mest að byggja á spádómum; en þó finn jeg mjer skylt, að fara um það fám orðum, því að jeg get naumast forsvarað það gagnvart sjálfum mjer og kjósendum mínum, að láta það ganga alveg þegjandi fram hjá mjer. Hjer er auðsjáanlega um eitt hið stærsta mál að ræða, sem inn á þetta þing hefur komið, og þó er það svo óundirbúið, að varla nokkurt smá-mál hefur

komið jafn-lítt undirbúið inn á þing. Hjer liggur ekkert fyrir nema þetta frumv., ekkert loforð, engin áætlun; í stuttu máli, það er svo óundirbúið, að mjer finnst, þótt það kunni að þykja stórt talað, að það sje naumast frambærilegt fyrir nokkurt löggjafarþing. Jeg held fæstum muni vera kunnugt um þennan útlending, David Wilson, sem fremstur stendur af stofnendunum, um fjárhag hans eða hvers konar maður hann sje. Jeg álít þó fyrsta skilyrðið fyrir því, að geta borið tiltrú til hans, sje að vita eitthvað um þetta. Vjer skulum gjöra ráð fyrir, að einhver heiðarlegur og alþekktur maður hjer á landi byðist til að gjöra eitthvað í sambandi við þingið án þess þó að senda þinginu nokkurt skriflegt tilboð eða koma sjálfur til að semja við þingmenn. Jeg efast mjög um, að þingið þættist geta tekið tóm skilaboð með ókunnugum eða lítt þekktum manni frá honum til greina, eða að það þá þættist geta nokkuð átt við hann fyr en hann sendi betri skilríki. Þegar um smá-mál hefir verið að ræða hjer á þingi, þótt ekki hafi verið annað en löggilding einhverrar smá-hafnar, þá hefir þótt rjett og sjálfsagt, að leggja fram skýrslur málinu til upplýsingar, en í þessu stór-máli þykir ekki þessa þurfa. Það er því nokkuð viðsjárvert fyrir þingið að bregða út af góðri venju og flana að því, að leiða mál þetta til lykta, fyrr en menn eru orðnir fróðari um það en nú er. Það gefur líka nokkra grunsemd, að því er slegið fram af flutningsmönnum málsins, að ef málinu sje ekki sinnt nú á þingi, þá muni aðalforgöngumaður þess ekki lengur gefa kost á sjer, að fást við það. Þetta vekur grunsemd um að forganga Sigtryggs Jónassonar fyrir málinu sje ekki sprottin af tómri ættjarðarást, eða af nægri þekkingu hjá David Wilson, því að ef svo væri, þá ættu tilboðin að standa að minnsta kosti til næsta þings, þess þings, sem á að fjalla um fjármálin. Eptir því að dæma, hvernig tilboð þetta kemur nú fram, þá hefði það aldrei komið fyrir þing, ef ekki hefði staðið svo sjerstaklega á, að aukaþing er í ár. Jeg tel því mjög ísjárvert, að hlaupa eptir þessu nú fyrir löggjafarþing vort, því að þótt það sje fámennt og lítilsháttar að því leyti, þá sæmir því ekki annað en að sníða sjer stakk eptir hinum stærri löggjafarþingum í því, að vera vant að virðingu sinni, en gína ekki við humbuggs-flugum, sem í það kann að vera fleygt.

H. framsögum. (V. G.) sagði, að tekjur landssjóðs færu vaxandi, en h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) tók það líka rjett fram, að þarfirnar fara eigi síður vaxandi. En af hverju hafa tekjurnar farið vaxandi? Mestmegnis af því, að nýjum sköttum hefur verið bætt á þjóðina. Að vísu geta tekjurnar vaxið eitt og eitt ár, þegar afli er góður og útflutningstollur því ríflegur eða þegar árgæzka er á landi, og lausafjárskatturinn því vex. En vjer getum ekki bygt stóraukin gjöld um 30 ár á þessari tekjuhækkun, hún er allt of völt til þess. Vjer verðum því að vera við því búnir, ef vjer aukum árgjöldin eins mikið og frumv. fer fram á, að leggja nýjan og tilfinnanlegan skatt á landsmenn, en að mínu áliti er það óráðlegt, því að jeg hygg að landsmenn geti ekki borið öllu meiri skatta en þeir nú bera, á meðan afurðir landsins aukast ekki, og vel mætti það verða fyrsta stigið til þess, að menn færu fyrir alvöru að þyrpast af landi burt.

H. framsögum. (V. G.) minntist á, að það væri nirfilslegt, að safna fje í vetlingsþumalinn og hefur sjálfsagt ætlazt til, að það væri heimfært upp á fjármála-stefnu vora. En jeg held, að vjer

megum þakka fyrir, að sú stefna var fremur tekin fyrstu árin, að safna dálitlu fje, en hin, að byrja þegar á því, að hleypa landinu í skuldir. Jeg vil benda á það, að í þessu harða landi er það talið óhyggilegt af bændum, að setja svo á hey sín, að þeir geti búizt við, að gefa þau upp, þótt vetur sje góður; hitt þykir hyggilegra, að eiga heldur dálitlar fyrningar til hörðu áranna; líkt er því varið, ef vjer viljum keppast við að eyða tekjum landssjóðs í góðu árunum. Það gæti að vísu ekki verið spursmál, að eyða upp tekjum landsins, ef þeim væri varið til einhvers þess fyrirtækis, sem sýnilegt væri, að mundi verða arðberandi, en eins og á hefur verið bent, er þetta fyrirtæki varla svo grundvallað, að líklegt sje, að það muni verða mikið framfarafyrirtæki fyrst um sinn eða undir núverandi kringumstæðum. Að minnsta kosti hef jeg ekki trú á því, að því er járnbrautirnar snertir.

Jeg skrifaði þau orð upp eptir h. fiamsögum. (V. G.), sem h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) vítti hann mest fyrir, og þó þau hafi ef til vill ekki verið út af eins hörð og h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) hermdi þau, þá þóttu mjer þau þó ganga ærið nærri oss þingmönnum; mjer þóttu þau ganga of nærri mjer, því að jeg get ekki tekið það til mín, að jeg hafi enga trú á framtíð landsins, þótt jeg hafi ekki trú á þessu fyrirtæki. Jeg hef svo bezt trú á framtíð og framförum lands vors, að vjer förum gætilega í framfaratilraunum vorum og byggjum þær ekki í lausu lopti, en höldum oss nokkurn veginn við jörðina. Jeg trúi ekki á þessar framfarir, sem eiga að verða hjer allt í einu, og þurfa að verða hjer allt í einu, ef fyrirtækið á ekki að falla um koll. Vjer erum svo seinir í búnaðarframförum vorum, að ekki munu þær þjóta upp á svipstundu, þótt járnbraut komi. Jeg hef t. d. litla trú á, að Hellisheiði verði ræktuð að svo stöddu, og er það þó ekki svo lítill hluti af járnbrautinni, sem um hana á að liggja. Eptir því sem samgöngur á sjó vaxa og verða haganlegri, eptir því verður minni þörf á járnbraut og eptir því minni líkindi til þess, að hún muni verða notuð. Að vísu á hún að liggja hjer austur eptir, að því er sagt er, þar sem torveldast er að hafa not af gufuskipum, en reynslan er þó einmitt að byrja að sýna, að þau svæði munu geta haft meiri not af gufubátum, en menn gjörðu sjer almennt í hugarlund. Hvernig á nú að fara að, ef járnbrautin getur ekki borgað sig? Á þá að leggja hana niður eða á landssjóður að kaupa hana? Jeg svara því ekki nú, en við hinu býst jeg, að áður en hætt verði við flutninga á henni, þá muni þó reynt að grípa til þess, að setja upp flutningsgjaldið, svo að það verði ekki út af eins lágt eins og oss hefur verið skýrt frá, og af annari hálfu veit jeg ekki til, að það sje vanalegt, að það kosti bændur hjer 6 krónur, að ferðast hverja danska mílu, eða 30 krónur þingmannaleiðina; og þótt vjer nú fáum járnbraut, þá munum vjer eigi að síður verða um langan aldur að nota hestaflið til margs konar flutninga, bæði til heyflutninga og annars, og þá má búast við, að margir sneiði hjá járnbrautinni og vilji nota hesta sína sem mest, en af því leiðir aptur, að bæði verður minna um flutninga á járnbrautinni og að við þurfum eigi að síður að halda við vegunum.

En jeg fæ ekki betur sjeð, en að ef vjer leggjum fram svo mikið fje til járnbrautarinnar, þá hljótum vjer að draga saman seglin að því er vegagjörðir snertir. Jeg veit, að formælendur málsins munu segja, að það sje undarlegt að heyra mig tala þannig í þessu

máli, þar sem það snerti svo mjög kjördæmi mitt; en þótt jeg hefði trú á, að hjer væri um nokkurt hagnaðarfyrirtæki að ræða fyrir kjördæmi mitt —en á það er jeg einnig veiktrúaður— þá verð jeg líka að líta til annara kjördæma landsins, og eins og jeg hef sagt þá álít jeg þetta fyrirtæki ofvaxið kröptum landsins. Það hefur verið sagt, að þetta mundi auka atvinnu í landinu; en mun það þá ekki jafnframt draga vinnukrapt frá höfuðatvinnuvegum landsins, sjávarútveginum og landbúnaðinum? En eins og kunnugt er, þá er nú kvörtun um vantandi vinnukrapta til að reka þá (hina núverandi atvinnuvegi). Þó ber ekki eingöngu að horfa á þetta; það er líka vert að gæta þess, hverjar afleiðingar það mundi hafa, ef fjelagið yrði að hætta störfum. Slíkt mundi koma hreifingu á þá, sem atvinnu hefðu haft hjá fjelaginu, og ekki ólíklegt, að ýmsir þeirra mundu leita af landi burt, en slíkt mundu margir telja meiri hag fyrir það land, sem þeir flytti til, en Ísland. Þetta mál liggur því svo fyrir mjer, að jeg get ekki gefið því atkvæði mitt, eins og það nú liggur fyrir, en verð að hallast að áliti minni hlutans í nefndinni.

Jens Pálsson: Jeg verð að lýsa yfir því, að mjer er sökum kvefs erfitt um að tala í dag, en jeg finn mig þó knúðan til að taka til máls.

Það hafa þegar verið fram bornar margar mótbárur, af þeim tveim h. þm., sem á móti málinu hafa talað, og svo mörg athugaverð og jafnvel viðsjárverð vandkvæði hafa þessir h. þm. þótzt sjá á máli þessu, að langa ræðu þyrfti til þess að elta þau öll uppi.

Jeg ætla mjer að fara aðra leið; jeg ætla að leitast við að sýna fram á, að í ræðum þessara h. þm. hafi ekki komið fram ljós skoðun á því, hvernig þessu máli eiginlega viki við. Þeir hafa farið hörðum orðum um undirbúningsleysi á málinu, og viljað láta það stranda nú þegar fyrir þá sök. En jeg hef áður í umræðu þessa máls sýnt fram á, að málið er svo undirbúið, sem krafizt verður með sanngirni, og að sá undirbúningur gefur þinginu næga ástæðu til, að verða við þeirri ósk forgöngumanna málsins, að þeim veitist slík rjettindaskrá eður heimildarlög, sem þetta frumvarp er. — Hinu hefur aldrei verið fram haldið, — ekki eitt orð fallið í þá átt, — hvorki af mjer nje öðrum, að búið væri að gera allan þann undirbúning, sem þarf, áður en tækilegt er að byrja gagngert á hinu fyrirhugaða verki; það mun h. þm. vera eins kunnugt og mjer, því það hefur ljóslega verið tekið fram, að engu hlutafje hefur enn verið safnað til fyrirtækja fjelagsins. En til slíks undirbúnings er eigi hægt að ætlazt, meðan þeir menn, er gangast vilja fyrir stofnun þessa fjelags, einmitt eru að biðja um rjettindaskrá, af því hún er þeim nauðsynleg til þess að geta gjört nokkra verulega verklega tilraun til þessa fyrirtækis. Þá hefur það verið fundið til foráttu, að eigi sje búið að mæla út brautarleguna, og ganga úr skugga um, að mögulegt sje að leggja hana, og gjöra nákvæma áætlun um kostnaðinn við brautarlagninguna. — Slíkur undirbúningur hlyti auðvitað að kosta allmikið fje. — En jeg leyfi mjer að spyrja, hvernig menn með sanngirni geta heimtað af þeim mönnum, er hafa vilja til að freista þessa stórræðis, heimtað af þeim þær framkvæmdir, er hlytu að hafa ærinn kostnað í för með sjer, og meðan málinu er ekki lengra komið en svo, að þessir sömu menn mega búast við að verða að leggja árar í bát, ef þeir eigi fá þau rjettindi, sem þeir fara fram á í sinni rjettindaskrá?

Þó jeg sje enginn »forretningsmaður«,

vildi jeg ekki leyfa mjer að bjóða mönnum upp á, að skrifa sig fyrir aktíum eða skuldbinda sig til að leggja fje fram, til þessa fyrirtækis, áður en jeg hefði fulla vissu fyrir þeim skilyrðum og rjettindum, sem nauðsynlegt er að fá, áður en nokkuð er frekara eigandi við málið. Þess vegna mega menn eigi búast við meiri undirbúningi en þeim sem þegar er gerður, og sem fyrst og fremst er í því fólginn, að málið hefur verið rætt og íhugað af þeim mönnum, sem eptir minni skoðun hafa engu síður vel vit á því og hver hinna h. þm., og í annan stað því, að vakið hefur verið athygli enskra ríkismanna og jafnframt »forretningsmanna« á málinu, svo að þeir hafa rækilega hugsað það, eru orðnir því alvarlega sinnandi, og hafa tekið saman höndum um, að hrinda því áfram með fjárframlögum og fylgi sínu. Jeg álít, að þessir menn hafi jafn vel vit og hinir h. þingm. á að verja sínu fje, sjer til hags, og að þeir muni telja verkið á sinni ábyrgð, enda er það eðlilegt, að svo sje; ábyrgðin hlýtur að lenda á þeim en eigi öðrum. Allar dylgjur um, að þessir menn eða aðrir verði ginntir til fjárframlaga með þessu frumv. eru því ástæðulausar.

Þá hefur það verið haft á móti frv., að landssjóður eigi mikið á hættu með svo stórt tillag. En úr þessari mótbáru verður lítið, þegar þess er gætt, að í frumv. er svo búið um hnútana, að ómögulegt er að sanna, að nokkur hætta sje á ferðum fyrir landinu og landssjóði; jeg kalla það enga áhættu, að lofa tillagi, sem í rauninni er mjög lítið, í samanburði við það mikla gagn og framfarir fyrir land og lýð, sem á móti koma; jeg hef áður sýnt fram á það með mjög sterkum líkum, að gagnið af þessum skipaferðum og járnbrautum mundi verða langt um meira en andvirði þess styrks, sem farið er fram á, og það hefur enginn hrakið, og það verður ekki hrakið.

Hjer er á ekkert annað að líta en það, hvort tilvinnandi sje að leggja hið áskilda fje fram, og veita hin umbeðnu rjettindi. Aptur á móti hefur þingið engan rjett, enga köllun, enga skyldu, — já, enga heimild til að vilja gjörast fjárhaldsmaður eða formyndari þeirra ensku manna, sem forgöngumaður þessa máls, Sigtr. Jónasson, hefur skýrt frá, að vildu sinna þessu fyrirtæki, og hefðu heitið 900,000 kr. í fyrirtækið.

Ef þessir menn, eptir íhugun, frá sínu sjónarmiði álíta fyrirtækið arðberandi og hættulaust, hvað höfum vjer þá um það að segja? Skyldu þeir álíta okkur sjer fremri, til að dæma um slíkt, og mun oss sæma að taka fram fyrir hendurnar á þessum mönnum í því, hvernig þeir eptir íhugun og af ásettu ráði vilja verja sínu fje, landi voru til hagsmuna?

En það eru ekki allir á því, að þessi fyrirtæki yrðu landinu til hagsmuna. Háttv. 2. þm. Árnes. (Þ. G.) bar kvíðboða fyrir, að þau mættu verða þjóðinni til ógæfu. Hver er þá vissan í þessu efni? Hún er til, og hún er mikil, — eins mikil eins og hægt er að fá um nokkurn þann hlut, sem enn er ekki búið að framkvæma, því í hverju einasta landi í heiminum hafa haganlegar samgöngubætur orðið til hinna mestu framfara, þær hafa haft bætandi áhrif á verzlun og viðskipti manna og örfandi áhrif á alla framleiðslu landanna; og það svo, að öll þau lönd, þar sem samgöngurnar eru í beztu horfi, standa öðrum löndum framar að dug, velsæld og menning.

Þá hefir því einnig verið haldið fram, að þetta fyrirtæki væri varhugavert að því leyti, að þótt hinir svo kölluðu stofnendur væru allir af vilja gerðir, gæti svo farið, að þeir ekki fengju

fyrirtækinu framgengt; en jeg sje ekki að þingið hafi sig eða landið í nokkurri hættu, þó fyrirtækinu verði eigi framgengt. Ef það hins vegar er satt, sem menn hingað til hafa kannazt við, að samgöngubrestur og afleiðingar hans: erfið viðskipti manna á milli, ill verzlun og kyrrstaða í framkvæmdum og framleiðslu, hvíli sem farg á þessari þjóð, og aptri öllum framförum, þá fæ jeg ekki skilið, að það geti verið rjett, þegar einhverjir menn af alhuga vilja gera tilraun til að ljetta þessu fargi, að þjóðin þá segi við þessa menn: »Blessaðir verið þið, reynið þetta ekki; það er ekki víst að þið loptið farginu, jeg vil ekki eiga það á hættu; þessi tilraun kann að hafa skaðlegar afleiðingar fyrir yður, og því viljum vjer, láta fargið liggja eins og það er!« Þetta sýnist mjer vera að hepta góðan vilja til allra framkvæmda í rjetta átt. Og jeg get ekki skilið, hvaða ástæða getur verið til þess, þegar svo mikilsverð bót er í aðra hönd, og engin fjárhagsleg hætta landsins megin.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) lýsti yfir því, að hann hefði litla trú á þessu fyrirtæki. Jeg álasa hvorki honum nje öðrum fyrir það; en hitt hlýtur hann að sjá með sinni góðu, gömlu greind, að svo framarlega sem járnbrautarlest gengur svo opt um Suðurlands-undirlendið og ráð er fyrir gjört í frumv., þá geta allir þeir, sem eigi búa í mjög mikilli fjarlægð frá brautinni, og jafnvel allir íbúar í Árnes- og Rangárvallasýslu sannarlega sparað sjer bæði ferðalög og flutninga á hestum; því það má ganga út frá því vísu, að enginn sá maður, sem ræður yfir járnbrautinni, fari svo óbúmannlega að ráði sínu, að setja flutnings- og ferðagjaldið svo hátt, að það eptir sem áður borgi sig að fara lestaferðir úr þeim hjeruðunum, sem brautin liggur um; með slíku ráðlagi gerði hann það sama og ef hann lokaði brautarvögnunum og meinaði mönnum að nota þá, en þá væri hann eigi sá ráðdeildarmaður, sem við höfum rjett til að álíta, að maður í þeirri stöðu hljóti að vera. Það liggur í augum uppi, að þeir, sem búa í sveitunum beggja vegna við járnbrautina, hljóta að hafa mjög mikið gagn af henni til allra flutninga; þar næst er reynsla fengin fyrir því hjá öðrum þjóðum, að þar sem járnbraut er lögð um óræktað land, sem hægt er að yrkja upp, þá stígur landið í verði, af því hægra verður að rækta það og koma afurðunum á burt, og það kalla jeg ekki lítils virði.

Þá hefir enn fremur verið minnzt á væntanlegan viðhaldskostnað járnbrauta, og hafa menn gengið út frá, að hann yrði afarmikill. Jeg er þeirrar skoðunar, að það sje nokkuð tvísýnt, hvort járnbraut í framtíðinni verði dýrari en almennir flutningavegir eða akvegir. Og jeg hneigist meira að segja að þeirri skoðun, að með tímanum verði járnbraut ódýrari en vegirnir, af því vegirnir eyðileggjast fljótt, troðast upp af hestafótum og þurfa þess vegna mikið viðhald og tilkostnað.

Jeg get, eins og jeg hef áður tekið fram, ekki álitið mjer skylt, meðan málið liggur þannig fyrir, að gjörast fjárhaldsmaður þeirra auðmanna, er vilja leggja peninga í þetta fyrirtæki, af þeirri sannfæringu, að það muni borga sig; jeg get ekki álitið mig færari til að dæma um þetta efni en þá; en jeg er sannfærður um, að aðrar eins samgöngubætur og þetta muni verða til að lypta atvinnuvegum vorum á nýtt og hærra stig og efla verzlun vora, velmegun og alla þjóðmenning, með öðrum orðum, okkar þjóð til sannarlegs og ómetanlegs hags, og þá kalla jeg nóg fengið.

Vjer getum í þessa máli í sannleika sparað oss alla vafninga og útúrdúra. Spurningin, sem allt málið leikur á, er ekki nema ein, og hún einföld og óbrotin. Hún er þessi: Verður það gagn, sem við fáum af þessu fyrirtæki, of dýrt? Þeim sem þykir þetta vandaspurning, vil jeg segja, að vjer þurfum varla að líta á fleira en eitt einstakt atriði þessa máls til að leysa úr henni. Það er þýðing þessa máls fyrir verzlun vora við útlönd, sem jeg hef í huga. Það er þó auðsætt, að greiðar og tíðar gufuskipaferðir frá Reykjavík til Liverpool, eins hins mesta verzlunarbæjar í heimi, hljóti að opna oss greiða leið á markað útheimsins, og að það hljóti að hafa bætandi áhrif á alla verzlun vora. Jeg get ekki skilið, að nokkrum manni, sem hugsar alvarlega um verzlunarmál vort og hvað bæta megi vor sölukjör, geti blandazt hugur um, að svo lagað lifandi samband við verzlunarhjarta Englands hljóti að hafa bætandi áhrif á verzlunina hjer á landi. Útflutningsverzlun Íslands nemur allt að 6 miljónum króna árlega, og jafnmiklu innflutningsverzlunin; verzlun Íslands nemur þannig öll 10—12 milj. króna á ári hverju. Ef vjer nú gjörum ráð fyrir, að þessar áformuðu gufuskipsferðir milli Englands og Íslands hafi svo mikil bætandi áhrif á verzlun landsins, að nemi 1% af verzlunarupphæðinni, þá hefði landinu þar græðzt 100 þúsund króna á ári.

Nú er að athuga, hvort 18 gufuskipaferðir á ári milli Reykjavíkur og Liverpool muni geta haft slík áhrif á verzlun vora. Já, sannarlega. Við megum sannarlega ætlazt til miklu meiri og víðtækari áhrifa Íslandi í hag; það er mín sannfæring, sannfæring, sem styðst við þá reynslu, að jeg hefi sjálfur sem meðlimur í pöntunarfjelagi átt bein viðskipti við enskan kaupmann, og höfum vjer sent vorar vörur og fengið hinar erlendu beina leið og haft af þessu nær 30 % í hagnað. En jeg skal ekki miða við það; jeg skal halda mjer við hið lága. Jeg skal ganga út frá, að þjóðin auðgist um 1 %; þá er það sama og þjóðin auðgist um 100 þúsund krónur eða jafnmikla upphæð og styrkurinn er, en um leið hefir þjóðarheildin og landssjóður í raun og veru fengið járnbrautirnar og strandferðirnar fyrir ekki neitt og þar með allt það gagn, sem þeim fylgir. Auðvitað mundi verzlunin batna um marga procent, og þá fengjum vjer járnbrautirnar og strandferðirnar fyrir mörgum sinnum minna en ekki neitt, eða með öðrum orðum, vjer fengjum allar þessar samgöngubætur fyrir hundrað þúsund krónur á ári, en græddum jafnframt á þeim beinlínis fleiri hundruð þúsund króna hreinar tekjur, auk alls hins óbeina hags og þæginda, sem enginn fær fyrir sjeð nje metið til verðs. Frá þessu sjónarmiði lít jeg á málið; jeg efa ekki, að fyrirtækin muni borga sig strax fyrir þjóðina, og að þau gæði og hagsmunir, sem þeim verða samfara, fari vaxandi með tímanum, eptir því sem notkun samgöngumeðalanna vex.

En geti þetta, sem hjer er í boði, eigi orðið oss til gagns, eins og öðrum þjóðum, þá skil jeg ekki, hvernig oss sem landi og þjóð er varið; enda get jeg ekki gengið inn á, að það, sem lífsnauðsynlegt þykir öllum öðrum þjóðum, sje oss ekki nauðsynlegt, og að það sem mest og bezt styður og menning framfarir allra landa, jafnvel hinna strjálbygðustu og óræktuðustu landflæma, geti ekki komið til gagns og nota og átt við á voru landi.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um ýms aukaatriði við þessi fyrirtæki, sem mundu koma landinu til stórmikils hags, til dæmis öll hin stöðuga árlega

atvinna við járnbrautina, sem með tímanum er til ætlazt, að komist í hendur innlendra manna.

Hjá einum h. þm. brá fyrir hræðslu við það, að ef byrjað væri á járnbraut austur um land, til dæmis austur í Árnessýslu, en svo hætt við hálfunnið verk, þá mundi það hafa óheppilegar afleiðingar; vonir manna mundu bregðast og þetta verða til þess, að fjöldi fólks flytti af landi burt til Ameríku. Hjer er það fyrst og fremst að athuga, að þó þetta kynni að ske, sem jeg alls eigi geri ráð fyrir, því jeg geng út frá, að áður en lagt verði út í þetta fyrirtæki, sje búið að safna því fje, sem þarf til að koma því í verk, þá höfum við allt af nokkurn hag í því, sem þegar hefir verið unnið; við gætum líklega fengið landið, sem hefði verið keypt fyrir járnbrautina, fyrir lítið verð, og skyldi ekki einhver geta notað veginn undir henni, þó ekki væri annað? (*B. Sv.:* Hvað kostar vegurinn? *J. P.:* Búið að borga hann. *B. Sv.:* Með hverju? *J. P.:* Með vinnu landsmanna; þeir mundu hafa lagt veginn og fengið borgun fyrir; þetta gera Íslendingar yfir í Ameríku, skyldu þeir ekki eins vel geta unnið að vegabótum hjer eins og þar, í kveljandi hitanum?).

Þessi ótti hefir, eins og jeg minntist á áður, komið fram, sá ótti, að ef þessi fyrirtæki fjelli niður á miðri leið, mundu menn leggja árar í bát og verða deigari, ef til annara fyrirtækja kæmi; svo hafa menn einnig óttazt, að ef þessum fyrirhugu fyrirtækjum yrði framgengt, færi til þeirra svo mikið fje, að ekki yrði hægt að styðja að öðrum vega- og samgöngubótum. En jeg get ekki sjeð að svo þurfi að fara. Á síðasta þingi var að vísu veitt óvanalega mikið fje til vegabóta, svo mikið að jeg býst tæpast við svo miklum árlegum fjárveitingum til akbrautagjörðar, fyrri en meiri reynsla fæst fyrir endingu og gagni þeirra; en áfram verður sjálfsagt haldið með þær þrátt fyrir þetta. Svo þegar búið er að gera vegi að mun, og þegar reynsla er fengin fyrir því hvað viðhald veganna kostar, þá lærist oss að veita árlega hæfilegt fje til slíkra vega, og trúi jeg því ekki, ef haganlega er á haldið, að oss verði vegabæturnar óviðráðanlegar; það er einnig að gætandi, að að eins nokkrir vegaspottar verða landssjóði dýrir, en allir aðrir vegir mjög ódýrir, eptir hinum nýju vegalögum.

Út af þeim orðum h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), að ef þessi fyrirtæki misheppnuðust, mundu menn ef til vill leita til Ameríku, skal jeg geta þess, að jeg þykist líka hafa hlerað eptir, hvernig því máli víkur við. Jeg hefi, eins og einn h. þm. fyrir skömmu komst að orði hjer í salnum, »heyrnarpípu«, og með henni hlera jeg eptir andanum í fólkinu. Með henni hefi jeg hlerað eptir því, sem menn hjer á landi einkum setja fyrir sig og kvarta yfir. Hugsi enginn að almennigur sje ánægður með hag sinn. Óánægjan er almenn, og mörgum mönnum finnst illa unandi við kjör sín. Orsökin er sú, að menn nú fræðast meir en áður um framkvæmdir menningarinnar í öðrum löndum, og menn eru óánægðir yfir því, að þeir ekki geta orðið aðnjótandi neinna hagsmuna í svipaða átt. Gætu menn hjer á landi vænt betri tíma, vænt þess, að eitthvað verði gert og í eitthvað ráðizt til framfara, mundu margir, er nú fara af landi brott, heldur kjósa að vera kyrrir hjá sinni gömlu móður, fósturjörðinni. Jeg geng út frá því, sem vissu, þessari undiröldu í hugsunarhætti manna hjer á landi, og þess vegna álít jeg, að ef þetta mál mætti ekki góðum og hlýjum undirtektum á þinginu, mundi það vekja fullt eins mikinn óróa og óánægju,

eins og það, að í þessi fyrirtæki væri ráðizt, og þeim yrði þó eigi framgengt. En jeg geng út frá því að þessi fyrirtæki muni ekki stanza, þegar einu sinni er byrjað á þeim, því eigi mun fyr verða tekið til starfa en nóg fje er fyrir hendi. Og þó einhver kunni að vera vantrúaður á þetta, þá er jeg fyrir mitt leyti viss um, að hinir ensku auðmenn, sem vilja leggja fje í þetta fyrirtæki, eru sannfærðir um, að þótt þau eigi beri sig í fyrstu, þá geti þau borgað sig innan 30 ára eða úr því, og því vilja þeir tryggja sjer þessar 50 þús. kr. á ári einmitt í 30 ár, til enn meiri vissu og til að ljetta undir með sjer. Álit þessara auðmanna í hinum menntaða heimi set jeg hærra en mitt eigið álit, enda virðist þeirra skoðun vera alveg rjett, þegar þess er gætt, að 15—20 þús. manna mundu hafa beinlínis gagn af járnbrautinni, með öðrum orðum 1/4 hluti landsbúa, og það á eigi stærra svæði en svo, að um 80 (enskra) mílna járnbraut mundi nægja.

Eitt atriði er enn í sambandi við þetta, sem vert er að taka til greina: að svo framarlega sem þessi rjettindaskrá fæst löggilt og þessi fyrirtæki fá framgang, þá hefir, eptir því sem hr. Sigtryggur Jónasson bar fram í fyrirlestri á opinberum fundi hjer í bænum, útlendur auðmaður áformað að leggja mikið fje fram til að reisa hjer á landi ís- og frystihús, og stofna til verzlunar með nýjan fisk, svo framarlega sem það væri eigi efa undirorpið, að hjer gæti verið um talsverða fiskverzlun að ræða. Nú er sjaldan svo, að ekki aflist hjer mikið annaðhvort við Faxaflóa, á Vestfjörðum eða Austfjörðum, svo hræðsla um fiskileysi hjer við land mundi varla fæla þenna mann frá þessari fyrirætlun; en það mætti telja allmikla bót, ef fiskverzlun breyttist á þá leið, að fiskurinn yrði seldur smátt og smátt nýr, og yrði með því móti betri vara en hann nú er, með saltfiskverkuninni. Gæti þetta komizt á, kalla jeg stórt stig stigið; við vitum, hve geysismikil hin íslenzkla fiskverzlun er, hún nemur minnir mig c. 50 þús. skpd. árlega; nú tíðkast sú verzlunaraðferð, að safna svo miklum saltfiski saman, að nóg sje í heilan skipsfarm; þetta verður ekki fyr en komið er fram á sumar, og af því leiðir aptur að við fáum lægsta verð fyrir fiskinn; jeg hefi jafnvel heyrt merka menn segja, að með því verzlunarfyrirkomulagi, sem nú er, geti fiskurinn varla hækkað í verði, og hins vegar vitum vjer, að þetta er svo lágt, að í raun-inni borgar það sig ekki að reka fiskiveiðar, eins og nú á stendur. Ef því fiskverzlunin að einhverju leyti gæti tekið þeim breytingum, sem væru oss til nokkurra hagsmuna, álít jeg það svo mikils virði, að það mundi fullkomlega vega upp á móti öllum hinum umbeðna styrk.

Jeg býst nú við að h. þingmenn kunni að vera orðnir þreyttir á þessari löngu ræðu, svo jeg skal ekki lengja þetta mál frekar; en eins verð jeg að geta, að það var mark og mið vort nefndarmannanna, að tryggja landsmenn og landssjóð svo, að í enga hættu væri lagt, — án þess þó að þröngva um of kostum hins væntanlega hlutafjelags — og jeg tek það enn fram á ný, að jeg kalla ekkert á hættu lagt, þó þessi umbeðni styrkur sje veittur, gegn því, sem er margfalt meira virði. —

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) hefir vakið upp dálítinn draug hjer í deildinni, en sem virðist hafa magnazt svo síðan jeg svaraði h. þm. (Guðl. G.) síðast, að ráðlegast mun vera að reyna að kveða hann niður sem fyrst. Jeg

varð var við draugaganginn hjá h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), er hann kvað mál þetta svo illa undirbúið, að það væri ekki frambærilegt fyrir nokkurt löggjafarþing, þar sem engin vissa væri fyrir, að fjelagið hefði slíka fjárupphæð, sem nauðsynleg væri til þess að framkvæma hið fyrirhugaða fyrirtæki. En jeg skal þegar geta þess, að jeg hefi í höndunum lög, sem samþykkt eru af þinginu í Manitoba í Kanada, og staðfest af hennar hátign Victoríu Englandsdrottningu.

Í 1. gr. þessara laga eru taldir upp stofnendur fjelagsins, og í 6. gr. segir svo: »The Capital Stock of the Company shall be Five Hundred Thousand Dollars, with power to increase the same« etc. Á íslenzku: »Höfuðstóll fjelagsins skal vera fimm hundruð þúsund dollars og hefir fjelagið vald til að auka hann« o. s. frv. Svo stendur í 9. gr.: »As soon as the Capital Stock of the Said Campany, to the extent of at least fifty thousand dollars, has been subscribed, and ten per cent there of paid into some chartered bank« etc. Á íslenzku: »Jafnskjótt og búið er að fá hluthafa áskript fyrir að minnsta kosti fimmtíu þúsund dollars af höfuðstóli nefnds fjelags, og búið er að borga 10 af hundraði af þeirri upphæð inn í einhvern löggiltan banka« o. s. frv. (ɔ: má fjelagið taka til starfa).

Af þessu sjest ljóslega, að það járnbrautafjelag, sem löggilt hefir verið með tjeðum lögum, hefir engan höfuðstól haft, þegar það var löggilt, og því engin trygging verið fyrir því, að það gæti framkvæmt það, sem því er veittur rjettur til með lögunum. Samt má það taka til starfa þegar það hefir fengið lofun fyrir einum 50 þús. (af 500 þús.), þótt einar 10 þús. kr. hafi þegar verið greiddar.

Hjer eru því hin sömu ákvæði sem vjer höfum sett í þetta frumv., og beint gjört ráð fyrir, að svo geti farið, að ekki verði neitt af neinu og að lögin verði því þýðingarlaus. Menn munu segja, að hjer sje allt öðru máli að gegna, þar sem kanadisku lögin gjöri ekki ráð fyrir neinu tillagi af landsfje. Það er að vísu satt, en þess er að gæta, að ef fjelagið gjörir ekkert, þá fær það ekki heldur einn eyri úr landssjóði. Það er búið svo um hnútana, að fjelagið á engan styrk að fá til járnbrautarinnar fyr en hún er komin alla leið austur í Árnessýslu, og ekki til skipaferðanna fyr en næg trygging er fengin fyrir þeim; hjer er því engin hætta á ferðum.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) kvað það gefa grun um, að fyrirtæki þetta væri ekki stofnað af tómri ættjarðarást, að tilboðið stæði ekki lengur en þetta þing; en jeg held engum hafi dottið það í hug, að Englendingar bjóði hjer fram fje sitt af ættjarðarást til Íslands. Nei, þeir gjöra það sjálfsagt ekki af því, heldur af því, að þeir hafa trú á, að hjer sje um fyrirtæki að ræða, sem muni borga sig, og vjer verðum þó að ætla, að þeir hafi fullt svo gott vit á því, sem vjer, hvort járnbraut muni bera sig eða ekki. Þeir hafa fyrir sjer skýrslur um íbúatölu landsins og stærð landsins, og eptir reynslu annara þjóða ætti hjer að geta borgað sig 400 mílna löng járnbraut, og þá væri það skritið, ef 50—60 mílna löng braut ætti ekki að geta borið sig um það svæði, þar sem 20,000 manna geta notað hana.

Jeg hefði sizt búizt við að heyra h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) taka svo í þetta mál, sem hann gjörði; jeg held, að hefðu kjósendur hans heyrt ræðu hans, þá mundi þeim hafa orðið að orði: »Og þú líka, barnið mitt, Brútus«, því að

það eru þó þeir og Rangvellingar, sem mesta hagnaðarvon eiga af fyrirtækinu.

H. 2. þm. Arn. (Þorl. G.) kvað það ekki hyggilegt, að þurfa að taka heylán, og vildi færa það sem dæmi upp á, að ekki væri heldur hyggilegt að þurfa að taka landslán. En hvað hafa Englendingar gjört, þessi mesta auðþjóð heimsins og fyrirhyggjuþjóð? Ríkisskuldir eru ekki annarsstaðar meiri en hjá þeim, og sjálfsagt hafa þeir haft þá skoðun, að óhyggilegra væri að láta vera að taka lánin en að taka þau. Það var ekki glæsilegt ástand hjá Norðmönnum í byrjun þessarar aldar, og hver sem til þekkir, hvernig þar var þá og nú, hann mun sannfærast um, hvílíkum feiknaframförum þeir hafa tekið á þessari öld, og þó hafa þeir ekki safnað landsfje í sjóð; þeir hafa þvert á móti ekki horft í að taka stór lán, og nú seinast í ár tóku þeir 50—60 miljón króna lán til að byggja járnbrautir fyrir. Það var verið að bjóða hlutabrjefin í Danmörku um það leyti sem jeg fór þaðan.

H. þm. (Þorl. G.) kvaðst ekki hafa neina trú á þessu fyrirtæki. Þar kemur það; það er trúarskorturinn á framfarafyrirtækjunum, sem veldur því, að þetta land tekur ekki framförum, eins og önnur lönd, og meðan hin sama trú er almennt ríkjandi, sem h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) hefir, þá er sannarlega ekki von á miklum framförum hjer á landi.

H. þm. (Þorl. G.) sagði, að búnaðarframfarir vorar væru allar svo seinfara. En af hverju eru þær svo? Af hverju öðru en því, að samgöngurnar, sem eru hyrningarsteinninn undir framförum þjóðanna, eru svo ófullkomnar hjá oss. Ef þær gætu orðið greiðari, þá mundu og búnaðarframfarirnar verða óseinlátari hjer á landi.

H. þm. (Þorl. G.) gerði ráð fyrir, að vjer mundum þurfa að brúka hesta eins eptir sem áður, þótt járnbrautin kæmist á. Það er líklegast, að vjer mundum ekki með öllu komast af hestalausir. En illa trúi jeg því, að Íslendingum mundi ekki fara eins og öðrum þjóðum og að þeir mundu fremur kjósa að nota þau samgöngufærin, sem miklu eru betri. Jeg trúi því naumast, að til dæmis Rangvellingar mundu fremur kjósa að flytja þorskhausa sína á hestbaki, 3—4 daga ferð, en að geta komið þeim heim til sín á járnbraut á 3—4 klukkutímum.

Einar Jónsson: Það hefir því miður staðið svo á fyrir mjer, að jeg hef eigi haft tíma til að athuga sem skyldi hið nýja frumv. h. nefndar og mun jeg því ekki fara nákvæmlega út í það. Þó skal jeg leyfa mjer að gjöra nokkra athugasemd við upphaf frumv., því að jeg kann miður vel við það.

Hæstv. landsh. kom þegar við 1. umr. með þá fyrirspurn, sem jeg hygg hafi komið hverjum þingmanni í hug jafnskjótt sem hann sá þetta frumv., hver þessi David Wilson væri, sem hjer er talinn fyrstur fjelagsmanna, og hvort trygging væri fyrir því, að hann hefði leyft að setja nafn sitt í frumv. þetta. Þessari fyrirspurn hefir h. nefnd ekki svarað, og hefði jeg þó óskað, að hún hefði gjört það. Að eins hefir herra Sigtryggur Jónasson verið borinn fyrir því, að nafnið stæði þar með fullri heimild Wilsons. En mig furðar á því, að ef herra Sigtryggur hefir haft þetta umboð frá Wilson — sem jeg alls eigi rengi — að hann þá ekki hafi eitthvað í höndunum, er ótvíræðilega sýni, að hann hafi þetta umboð. Og þessi skilríki, sem jeg gjöri ráð fyrir að hann hafi, ætti hann helzt að leggja fram, til þess að eyða allri tortryggni í því efni.

Jeg segi þetta ekki af því, að jeg sje málinu mótfallinn í heild sinni, heldur af því, að margir, og þar á meðal jeg, óska þess, að fá með vissu að vita, með hvaða heimild nafn manns þessa, sem mun mega teljast höfuðmaður fjelagsins, er sett í frumv., og ef h. nefnd getur ekki svarað því nú til hlítar, þá vona jeg, að hún búi sig undir að geta gjört það við 2. umr. Vjer verðum að gá að því, að í upphafi frumv. stendur: stofnendur fjelagsins eru, o. s. frv. Alþingi á að segja, að þeir 5 menn, sem frumv. nefnir, sjeu stofnendur fjelagsins, án þess að fá að vita með vissu, að svo sje, og það á að senda stjórninni lögin, án þess að geta gefið henni þá vissu, sem það vantar sjálft um, að hinir 5 menn sjeu í sannleika stofnendur fjelagsins eða vilji vera það. Jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að David Wilson hafi gefið leyfi til að setja nafn sitt meðal stofnenda fjelagsins, en að svo muni standa á, að ekki sje hægt að leggja fram óræk skilríki fyrir því; og ef svo er, þá mundi jeg heldur kjósa, að í frumv. stæðu að eins nöfn hinna 4 sem stofnenda fjelagsins, og jeg vil biðja h. nefnd að athuga vel þetta atriði; því að vel má vera, að stjórnin fetti fingur einmitt út í þetta og neiti lögunum staðfestingar af því, að ekki sje hægt að sýna og sanna, að þessi Wilson sje í sannleika einn af stofnendum fjelagsins. Jeg fyrir mitt leyti vil heldur byggja frumv. á hinum 4 stofnendunum en að taka hinn 5. með, þótt hann muni vera höfuðmaðurinn að því er til fjárframlaganna kemur. Jeg vildi líka óska, að herra Sigtryggur Jónasson vildi leggja fram lista með árituðum eiginhandarnöfnum þessara manna, sem hann kveður hafa lofað að leggja fram 50,000 pund sterl. eða 900,000 krónur til fyrirtækisins. Hann lýsti því yfir í fyrirlestri um mál þetta, hve mikið hann hefði þegar haft fyrir málinu, og því sjálfsagðara tel jeg, að hann geti lagt fram lista þennan. En jeg get ekki neitað því, að sje hvorki hægt að koma með skriflega yfirlýsingu frá Wilson, nje lista yfir þá, er lofað hafa að gjörast hluthafar í fjelaginu, þá fer mjer að þykja málið fara að verða nokkuð loptkennt og helzt til lítið undirbúið til að samþykkja þetta frumv. að svo stöddu. Jeg vil svo að endingu skjóta þessu þrennu til h. nefndar: í fyrsta lagi, hvort hún geti ekki gefið fulla trygging fyrir, að nafn Wilsons sje sett í frumv. með hans leyfi, í öðru lagi, að geti hún það ekki, þá sje það numið burt af frumv., og í þriðja lagi, að listi sje lagður fram fyrir h. þingdm., er sýni eiginhandar nöfn þeirra, sem lofað hafa fje til fyrirtækisins og hve miklu hver hafi lofað.

Þórður Guðmundsson: Jeg er sammála þeim h. þingdm., sem telja þetta hið stærsta og jafnframt hið vandasamasta mál hjer á þingi. Það er alkunnugt, að samgöngumálið er eitt hið mesta áhugamál þjóðarinnar, og að það hefir verið efst á dagskrá á hinum síðari þingum; enda hefir mikið verið gjört til að bæta samgöngurnar. Þó verður því ekki neitað, að þær eru engan veginn komnar í það horf, sem þjóðin mun óska og landið þarfnast. Þegar um eitthvert nauðsynjamál er að ræða, einkum ef það grípur inn í fjárhag landsins, þá er sá vandi á höndum fulltrúa þjóðarinnar, að afráða ekki neitt, sem ofvaxið sje kröptum þjóðarinnar og efnahag; en það er líka sá vandi þeim á höndum, að vera ekki of þröngsýnir og sýtingssamir, þótt um nokkurt fjárframlag sje að ræða. Þetta mál,

sem hjer ræðir um, hefir í sjer fólgin tvö höfuðatriði; annað er það, að mikilvægum skipaferðum á að koma á til landsins og kring um það, en hitt atriðið er járnbrautarlagning austur í Árnessýslu allt að Þjórsá. Það þarf ekki að minnast á, að landið hefir nú um allmörg undanfarin ár kostað gufuskipaferðir kringum landið, en þeim gufuskipaferðum þykir nú orðið ábótavant; kom það ljóslega fram á þingi í fyrra, enda var þá gjörð tilraun til að bæta úr þeim, þótt hún hafi enn eigi borið nema lítinn árangur. Þingið í fyrra gekk inn á það, að þörf væri að bæta úr gufuskipaferðunum og veitti fjárupphæð til þess, eigi miklu minni en það sem hjer er farið fram á. Mótbáran gegn gufuskipaferðum þeim, sem frv. fer fram á, er því ekki sprottin af fjárupphæðinni, heldur af því, til hversu langs tíma landið á að vera bundið til að greiða þessa sömu upphæð; út í það atriði skal nú ekki fara langt.

En svo jeg snúi mjer að hinu atriðinu, járnbrautarlagningunni, þá furðar mig ekki á því, þótt h. deild sýni varkárni, því að hjer er um sannarlegt nýmæli að ræða, en vjer vitum, að það er skylda vor þingmanna, að vera varkárir, þegar um nýmæli er að ræða. En eins og jeg benti á í upphafi ræðu minnar, er það bezt í hófi. Vjer munum víst eptir því, að yfir 20 ár þurfti þingið til að ráða við sig, að leggja brú á Ölfussá, en nú þegar hún er komin, munu fáir telja það misráðið, að lagt var út í að leggja hana. Jeg ímynda mjer, að torvelt sje að skera úr, hvort járnbraut muni borga sig eða ekki; þó hef jeg ekki svo mikla vantrú á því, en þó svo væri, þá er eptir að leysa úr þeirri spurningu, hvort landið sje fært um að bæta á sig þeim álögum, sem frumv. fer fram á. Jeg tel mig ófæran til að leysa fullkomlega úr þeirri spurningu, og svo mun um fleiri vera. En hvað sem þessu líður, þá finnst mjer frumv. fela í sjer svo mikilvæg atriði, að það sje skylda þingsins, að taka það til alvarlegrar íhugunar, enda hefur það þegar gjört það að nokkru leyti með því að skipa nefnd í málið, og jeg efast ekki um, að sú nefnd hafi gjört allt sem í hennar valdi stóð til að skoða það og skýra, og það því fremur, sem í henni sátu nokkrir glöggskygnir menn og varkárir.

En jeg verð að taka það fram, að þótt jeg eða aðrir hafi ef til vill ekki góða trú á að samþykkja frumv. á þessu þingi, þá þarf að ræða málið nú ýtarlega, og þó málið nú gengi ekki alveg gegn um þetta þing, þá er þó stigið töluvert spor í áttina, til að koma því áfram. Það hefir verið borið fram, að ef málið fái ekki framgang á þessu þingi, þá muni höfuð-forgöngumaður þess hætta að vinna fyrir það; en ef hann hefir tekið málið að sjer af sönnum velvildarhug til landsins, þá held jeg, að ekki svo mjög þurfi að kvíða þessu.

Af því sem jeg hefi sagt nú, mun jeg greiða atkvæði með málinu fyrir það fyrsta til 2. umr.

Jón Jensson: Jeg játa, að mál þetta er mikið vandamál, enda var jeg lengi vel mjög deigur í nefndinni og þótti margt ísjárvert, áður en jeg gekk í flokk með meiri hlutanum. En nú er jeg kominn í flokk með meiri hlutanum og jeg sje ekki eptir því. Jeg skil það vel, að málið mæti töluverðum andróðri og efasemdum í h. deild; það hef jeg af eigin reynslu. En jeg vil að eins skýra stuttlega frá því, hvernig jeg hefi litið á málið, og hvað það er, sem hefur gjört það að verkum, að jeg hef dregizt með meiri hlutanum.

Jeg fyrir mitt leyti lít þannig á málið, að jeg hygg, að hjer eigi ekki að vera

að tala um annað en ávinning, en enga áhættu. Ef hjer væri um nokkra áhættu að ræða, þá mundi jeg ekki fylgja málinu; jeg er ekki trúaðri á það en svo. Það er ekki vegna þess, að nöfnin, sem framan á frumv. standa, hafi engan gull-hljóm; jeg ber engan kvíðboða fyrir því, þótt svo sje ekki, og legg litla áherzlu á það atriði. Það, sem mjer er mest um að gjöra, er, að nöfnin sjeu góð, það er að segja, að það sjeu menn, sem þekktir eru að því, að vera góðir og vandaðir menn, og það, að þeir hafi sjálfir trú á fyrirtækinu. Jeg skil ekki í öðru en að Sigtryggur Jónasson, sem er málinu kunnugastur af þeim, sem við þekkjum, hafi trú á fyrirtækinu, og jeg efast ekki um, að þessi Wilson, sem við raunar ekki þekkjum, hafi og trú á málinu.

H. 1. þingm. N.-Múl. (E. Jónss.) áleit það spursmál, hvort þingið gæti sett nafn hans hjer, og vildi kafa skýlausa yfirlýsingu um það atriði. Hana get jeg ekki gefið, og jeg hef ekki sjeð neina fullmakt frá Wilson til handa Sigtryggi. En jeg álít það spursmál ekki hafa mikla þýðingu, því hjer er ekki um annað að ræða en að veita nokkurs konar löggildingu eða rjett til að gjöra þetta. Það er hans að hafna eða þiggja, og jeg get því ekki sjeð, að honum sje í nokkurn handa máta gjört rangt til. Jeg get því ekki sjeð, að það sje þörf á að veita mikla tryggingu fyrir því, að það sje leyfilegt, að setja nafn hans hjer. Mjer finnst það nægileg trygging, að Sigtryggur, sem er manninum kunnugastur, gefur leyfi til, að setja nafn hans hjer, þar sem manninum er ekki meira misboðið en hjer.

Það sem jeg álít vera mest varið í við frumv. þetta og gefa mesta von um ávinning, það er járnbrautin. Vitaskuld er það, að það eru margir, sem segja, að járnbraut muni ekki geta borgað sig hjer á landi, og kalla það loptkastala eða »humbug« að vera að hugsa um slíkt. — Það getur vel verið, að járnbraut borgi sig ekki. En jeg skal ekki segja; jeg þori heldur ekki að fullyrða, að hún borgi sig ekki, og það finnst mjer nóg. Jeg treysti mjer ekki til að segja neitt víst um, hvort landið þar eystra, Árness- og Rangárvallasýslur, mundu geta borið járnbraut. Það eru svo mörg dæmi þess, hve skammsýnir menn eru í að meta þýðingu samgöngubóta, og gjarnir á, að dæma hart um nýjar tilraunir í þá átt. Menn vita hvernig fyrst gekk með strandferðirnar; en jeg þarf ekki að fara lengra en þegar fyrst átti að koma á gufubátsferðum á Faxaflóa fyrir 5—6 árum og stofna fjelag í því skyni. Þeir voru mjög margir, og jeg held mjer sje óhætt að segja, að það voru flestir, sem ekki trúðu á, að það gæti borgað sig, og meðal þeirra var einn mikilsvirtur maður, sem hjer er viðstaddur. En nú sjer maður fyrst, hver niðurstaðan hefur orðið. Eptir fárra ára tíma er fyrirsjáanlegt, að þessar gufubátsferðir muni borga sig ágætlega, og það svo, að engan styrk þurfi til þeirra að leggja. Þess vegna álít jeg, að bezt sje að fara varlega í að fordæma breytingar í samgöngunum.

Þegar menn athuga, að járnbrautina á að leggja gegn um Árnessýslu, sem er álitið bezta hjerað á landinu, enda sagði einn útlendur búfræðingur, sem hefur mjög gott vit á því efni, um hana, að hún eða jafnvel einn hluti hennar (Flóinn) gæti borið alla íbúa landsins, — þegar menn íhuga þetta, þá finnst mjer það vera athugalaust og jafnvel ljettúðugt, að staðhæfa, að þetta sje »humbug«. Það er annað mál, hvað mikið sje rjett að leggja á hættu eða í sölurnar fyrir þetta mál, unz það er komið

lengra á veg og hægt er að sjá afleiðingar þær, sem breyting þessi mundi hafa, með nokkuð meiri vissu.

Það hefur komið fram í umræðunum, að þingið gengi sóma sínum næst með því, að veita þessa löggildingu, því að það miðaði til þess, að narra útlendinga til, að leggja stórfje í fyrirtæki, sem hlyti að vera glæfra-fyrirtæki. En eins og jeg hef áður tekið fram, þá get jeg ekki álitið sjálfsagt, að fyrirtækið muni ekki borga sig. Jeg held miklu fremur, að ef lagðir væru peningar í fyrirtækið nægilegir, og ekkert það til sparað, sem þarf til þess, að brautin sje lögð sem haganlegast, og yfir höfuð allt það gjört, sem miðar til þess, að gjöra hana sem arðsamasta, þá mundi hún borga sig, og það ágætlega.

En menn geta nú sagt, að það sje eptir að vita, hvort þessi Wilson mundi vilja leggja nokkuð til fyrirtækisins, og jeg fyrir mitt leyti skal játa, að jeg er nokkuð efablandinn um, hvort nokkuð verður úr þessu bruggi. En það er ekki nóg til að fella fyrirtækið, að efast um, að það nái fram að ganga; það er engin vissa fyrir, að það ekki heppnist. Það er því ekki rjett, að kasta tilboðinu fyrir borð, nema því að eins, að eitthvað væri á hættu, eða ef eitthvað það væri lagt í sölurnar, sem hætta væri á, að gæti tapast.

Skal jeg svo ekki fara lengra út í þetta, en jeg vil aptur taka það fram, að það sem jeg legg mesta áherzlu á og mjer þykir mest í varið við þetta fyrirtæki, svo framarlega sem nokkuð yrði úr fyrirtækinu og farið væri að leggja járnbraut hjer á landi, þá væri þó undir öllum kringumstæðum það unnið, í fyrsta lagi, að fjöldamargir fengju atvinnu við það, og það mundi draga fólk að landinu, í staðinn fyrir að það nú hópum saman er að yfirgefa það, og í öðru lagi mundi, fyrir utan þann beina hag, að aðliggjandi sveitir mundu komast upp, þá mundi sá óbeini hagur fást með því, að reynsla fengist fyrir því, hvort járnbrautir borguðu sig hjer á landi eða ekki, þar sem það er viðurkennt, að þessi staður er sá bezti á öllu landinu, sem hægt er að bera niður á í þessu tilliti. Ef þetta er nú rjett, þá get jeg nú ekki betur sjeð, en þó að töluverðu væri til kostað, að þá mundi samt hagurinn af verkinu, bæði atvinnan er því fylgdi, og hagurinn af því, að hafa gjört tilraunina með járnbrautir hjer á landi, og með því móti fengið reynsluna, höggva eigi all-lítið skarð í þessi 50,000 krónur, jafnvel þótt fyrirtækið kæmist eigi lengra á veg.

Ef nú fyrirtækið borgar sig og heppnast, þá verður beini hagurinn margfaldur við það, sem jeg áður tók fram. Fólksfjöldi í þeim hluta landsins, sem járnbrautin gengi í gegnum, mundi margfaldast. Ef fjelagið kemst svo langt, að það sjer, að fyrirtækið borgar sig, þá fylgdi því svo margt, sem fjelagið mundi leggja út í, sem mundi vera landinu til hins mesta gagns.

Það mundi sjálfsagt leggja töluvert í landið kringum brautina; kaupa jarðir og gjöra þær arðsamari en hingað til. Og vegna gufuskipaferðanna, til útlanda og í kringum landið, þá mundi fjelagið t. d. byggja bryggju eða dokk hjer í Reykjavík, sem mundi verða nauðsynleg, ef mögulegt ætti að verða að halda svo tíðum ferðum uppi, eins og gert er ráð fyrir í frumv. Þetta gæti maður gjört ráð fyrir, að fjelagið gjörði, og það hlýtur að gjöra það, ef það sjer að verkið getur lánast á annað borð.

Fyrir mjer stendur því frumv. þetta þannig, að það eigi beinlínis að vera ávinningur fyrir landið. En jeg vildi biðja menn að gæta vandlega að því,

að þaðan voru allar mínar áhyggjur, og þess vegna var jeg lengi vel deigur, að jeg áleit það rangt, að leggja á sig nokkurn bagga, sem menn ekki þekktu, og sem menn, ef til vill, mundu iðrast eptir síðar meir. Þess vegna álít jeg einnig nauðsynlegt, að íhuga vel hverja einstaka gr. frumv. áður en málið verður samþykkt. Það gjöri jeg, og ef einhver sjer einhvern agnúa á frumv., þá er jeg fúsastur manna til að verða með að breyta því. Og jeg álít, að margt sje ísjárvert við frumv., og það getur vel verið, að jeg digni enn meir með tímanum, þegar jeg hugsa málið betur.

En eptir því, sem jeg nú lít á málið, get jeg ekki betur sjeð, eins og jeg hefi áður tekið fram, en að þetta verði beinn ávinningur fyrir landið.

Jeg álít því, að það sje skylda hvers þess, sem vill framfaramálum Íslands vel, að benda á þau atriði, er honum finnast miður fara eða vera ískyggileg, svo að þeim verði breytt.

Það sem mjer finnst, að sjerstaklega ætti að herða á, er að binda gufuskipaferðirnar vandlega við járnbrautina; því ef járnbrautin væri ekki annars vegar, þá vildi jeg alls ekki hafa neitt með gufuskipaferðirnar að gjöra, enda þótt jeg játi, að þær ferðir, sem gjört er ráð fyrir í frumv., sjeu miklu betri en þær, sem vjer nú höfum, þar sem þær setja oss í beinna samband við heimsmarkaðinn en vjer erum nú í. En þess konar ferðir má fá hvenær sem er, og fyrir 2 ár í einu. Þess vegna álít jeg, að það sje eitt af því, sem vjer leggjum í sölurnar, ef vjer bindum oss við skipaferðirnar í svo mörg ár. Jeg vil því að svo sje um hnútana búið, að fjelagið geti ekki náð í gufuskipaferðirnar einar, en komist hjá járnbrautinni.

Þetta er nú íhugunarefnið til 2. umr. og yfir höfuð allt frumv., hvort eigi megi koma frekari breytingum eða tryggingum inn í það. Það þarf ekki að verða til þess að fella frumv., heldur þvert á móti því til stuðnings, til að bæta það og gjöra það þannig aðgengilegra.

Hvað árgjaldinu viðvíkur, þá er það í sjálfu sjer ekki svo tiltakanlega mikið. Í síðustu fjárlögum voru veittar 110,000 kr. til samgöngubóta, en hjer er þó ekki farið fram á meir en 100,000 kr. Vitaskuld verður eptir sem áður að leggja til vega annarsstaðar á landinu; en, sem sagt, jeg get ekki betur sjeð, en að það sje vel til vinnandi, að leggja út í fyrirtækið, þótt nokkru sje til kostað, og vil jeg fastlega mæla með því, að málið verði látið ganga til 2. umr.

Pjetur Jónsson: Jeg vil ekki tefja mjög mikið fyrir h. deild; jeg get viðvíkjandi frumv. sagt:

> Jeg á sjö börn í sjó
> og sjö börn á landi.

Það mundi fá á mig, ef hindrað yrði eitthvað það í þessu fyrirtæki, sem gæti orðið landi voru til sannra framfara, og af því mjer finnst, eins og h. þm. Rvík. (J. Jenss.) benti á, talsverðar líkur vera fyrir því, að þetta frumv. miði til verulegra framfara, þá virðist mjer rjettast að þingið íhugi þetta mál sem rækilegast, og vandi það sem bezt. Aptur á móti óttast jeg, að ef þingið samþykkir frumv., þá muni það ef til vill binda sjer þann bagga, sem það iðrast eptir, svo framarlega sem reynslan sýnir, að þessum fjárframlögum gæti verið betur varið. Hvorttveggja þetta gjörir mig mjög tvíbentan í þessu máli, svo jeg mundi helzt kjósa að báðar deildirnar ræddu málið sem bezt, en gerðu ekki út um það á þessu þingi. Þá gætu þm. til næsta þings ráðgast um málið við kjósendur sína, og fengið

að vita, hvernig þeim litist á það; í öðru lagi mætti á þeim tíma (o: þangað til næsta þing kæmi saman) fá tryggingu fyrir því, hvort nokkrir útlendingar, sem bæði vildu og gætu, hefðu áhuga á að koma þessum fyrirhuguðu fyrirtækjum á fót; að vísu er nóg trygging til fyrir því, að þeir menn er prentaðir eru sem stofnendur í frv., hafi áhuga á málinu, en það er ekki hægt að ætlast til þess, enda halda þeir því sjálfir ekki fram, að þessir menn leggi fram fjeð —, en jeg held að á næsta ári mætti fá enn meiri tryggingu fyrir því, að einhverjir þeir menn, sem eitthvað geta, vildu taka þeim kostum, sem alþingi nú kann að bjóða. Menn ættu því að athuga málið nú frá sem flestum hliðum, og leita allra þeirra upplýsinga, sem þingm. gætu gefið hverjir öðrum.

Fyrir mjer vaka ýmsar spurningar, er að sumu leyti er búið að svara, þó eigi til fulls, en sumpart hefur ekki verið svarað; þessar spurningar eru bæði í sjálfu sjer athugaverðar fyrir alla þá, sem málinu eru hlynntir, og jafn-athugaverðar fyrir þá menn, sem ætla sjer að gerast stofnendur þessara fyrirtækja.

Fyrsta spurningin er þessi: Er þetta járnbrautarplan agn fyrir útlendinga? Með öðrum orðum: Er með frumv. verið að smíða gildru fyrir útlenda auðmenn?

Jeg fyrir mitt leyti vil ekki svara þessari spurningu til fulls, en mjer dettur þó í hug, að henni sje að nokkru leyti auðsvarað. Það getur ekki verið að tala um, að leggja gildru fyrir gætna og greinda menn, vegna þess, að það er á sjálfra þeirra valdi, að kynna sjer allar ástæður, (og öðlast allar upplýsingar, sem kostur getur verið á um það), hvort járnbraut geti borið sig hjer á landi; þeir geta notað sjer allar skýrslur, bæði verzlunar- og búnaðarskýrslur, og af þeim kynnt sjer fjármagn landsins, viðskiptaþörf og verzlunarhorfur; eins geta þeir kynnt sjer efnahag manna, með því að ferðast hjer um, áður en þeir taka til starfa; yfir höfuð geta þeir kynnt sjer allar framfaralíkur þeirra hjeraða, sem tilætlazt er, að járnbrautin liggi um, og þá er auðvitað, að þeir munu nægilega kynna sier það svæði, sem járnbrautin á að liggja á, svo þeir viti, hve miklu þurfi til hennar að kosta. Þess vegna fæ jeg ekki sjeð, að þeir sjeu að nokkru leyti blekktir.

Önnur spurningin, sem vakir fyrir mjer, er sú: Hvað flýtur af því, ef fyrirtækið veltur um koll, áður en landssjóður hefir lagt fram nokkuð af tillagi sínu?; hvað flýtur af því fyrir landið og landssjóð? — Fyrir landssjóð — ekkert! — Og fyrir landið — ekki mikið!

Sumir eru þeirrar skoðunar, að ef byrjað verður á fyrirtækinu og það veltur um koll, þá muni það fæla menn frá að ráðast í önnur veruleg fyrirtæki; dæmin sanna, að þetta er ekki svo að jafnaði. Það er alltítt, að fyrirtæki misheppnast við fyrstu tilraun; við höfum eitt dæmi hjeðan úr Rvík; þar var keyptur gufubátur fyrir nokkrum árum, sem sökk — að mig minnir — skömmu seinna, en jafnharðan var keyptur annar bátur, sem nú gengur hjer um flóann og borgar sig að sögn vel; þó þetta sje ekki algild regla, þá eru það líkur; og margt fleira mætti benda á því til sönnunar, að þó fyrirtæki misheppnist, hefir það eins opt þau áhrif, að menn reyna í annað sinn, eins og hitt, að fæla menn frá að ráðast í eitthvað.

Þriðja spurningin er: Hvað flýtur af því, ef fyrirtækið veltur um koll, eptir að landssjóður hefir varið til þess talsverðu eða jafnvel öllu hinu ákveðna

tillagi? Jeg treysti mjer ekki til að svara þessari spurningu út í æsar; afleiðingarnar eru svo margar og margvíslegar. Jeg vildi þess vegna að þessi spurning væri athuguð af h. þm. og svarað í umr. eptir því sem kostur er á, bæði nú og seinna. Spurningin er athugaverð, vegna þess, að það kemur opt fyrir, að fyrirtæki stansa eptir nokkur ár af einhverjum orsökum.

Setjum t. d. að þetta fyrirtæki stæði í 15 ár; þá væri landssjóður búinn að leggja því 50 þús. kr. um jafnmörg ár, og í rauninni meira, þegar þess er gætt, að gufuskipaferðirnar eru bundnar við járnbrautarfyrirtækið, og nokkuð af því fje, sem veitt verður til gufuskipaferðanna, er að mínu áliti í rauninni varið til járnbrautarinnar. Þá verður landið búið að leggja allmikið fje í fyrirtækið; og hvernig fer þá, ef það ónýtist? — Brautin verður seld og allt sem henni fylgir; líklega verður hún ekki flutt af landi burt. — En væru hjer engar líkur til þess, að landið og landsmenn gætu unnið upp það tillag, sem til járnbrautarinnar væri búið að leggja úr landssjóði? — Við getum gizkað á að þetta tillag mundi nema 20-ugasta hluta hins upphaflega kostnaðar til járnbrautarinnar. — Landið getur keypt járnbrautina með öllu því sem henni fylgir, og þó járnbrautin sjálf yrði eigi notuð, þá megum við ætla að fjelagið hefði látið smíða og reisa svo margt, sem verð væri í, t. d. hafnarbryggju hjer í Reykjavík, og fl. Ekkert af þessu verður flutt í burtu. Járnbrautin sjálf með þeim húsum er henni fylgdu mundu fást við mjög góðu verði. Jeg segi ekki að allt þetta mundi geta vegið upp það tillag, sem landssjóður þá væri búinn að út borga, en þetta mundi höggva stórt skarð í þá upphæð. En svo er eitt: er óhugsandi, að landsmenn mundu geta notað sjer brautina sjálfa?

Allt þetta, sem jeg nú hefi sagt, bendir í þá átt, að bót muni vera í frumv. og því fyrirhugaða fyrirtæki.

En svo sný jeg mjer að hinni hliðinni og þeim spurningum, sem enginn hefir svarað enn. Jeg sje að hjer stendur andspænis hvort öðru í frumv.: 50 þús. kr. — og flutningabraut. Mjer verður fyrst fyrir þessi spurning: Er landssjóði kleyft að sinna meiri gufuskipaferðum og stórum samgöngubótum á öðrum stöðum í landinu jafnframt þessu fyrirtæki? — Jeg sje ekki að fjárhagur landsins sje svo, að þessar 50 þús. kr. á ári verði eigi fullþung byrði, þó eigi komi aðrar gjaldabyrðir í tilbót; þess vegna finnst mjer járnbraut austur í Árnessýslu útiloka, að komið verði á gufuskipaferðum með styrk úr landssjóði og nokkrum verulegum vegabótum. Þá kemur sú spurning: Hefir það verið athugað, hvort jafngóð flutningafæri og þau, er járnbrautaplanið ræðir um og á eins þýðingarmiklum stöðum á landinu, gætu eigi komizt á með minni kostnað en það? Hafa menn borið það saman, hvort landið eigi gæti gert jafnmikið sannarlegt gagn með því að verja þessu fje til annara samgöngubóta og annarsstaðar á landinu? Jeg man eptir því að einn merkur skörungur í samgöngubótum hjer á landi sagði fyrir nokkrum árum: »Sjórinn er flutningabraut vor!« Jeg er viss um að eins hagkvæmt er að ferðast á sjó og landi, og jeg álít að t. d. Borgfirðingar mundu vera eins vel haldnir af hentugum gufuskipaferðum upp í Borgarnes eða til einhvers annars staðar í Borgarfirðinum, eins og af járnbraut; að vísu má vel vera, að járnbraut geti flutt meira og á skemmri tíma, en hins vegar

mætti sjáltsagt fá gufuskipsferðirnar með minni kostnaði, og svo, að þær nægðu flutningsþörfinni.

Í öðru lagi er að athuga, hvaða áhrif mundi fyrirtæki með svipuðum kostnaði geta haft á norðurströnd landsins, frá Horni til Langaness? Og í þriðja lagi, frá Langanesi um alla Austfirði?

Allt þetta finnst mjer þurfa að athuga vandlega í sambandi við það, að veita 50 þús. kr. á ári í 30 ár til járnbrautar austur í Árnessýslu.

Tilgangur minn með þessum orðum er ekki sá, að koma h. flutingsm. þessa máls í nokkurn bobba; heldur vona jeg að allir, hvort sem þeir eru með eða á móti þessu máli, leggist á eitt með að skýra málið frá sem flestum hliðum, og til þess hefi jeg viljað leggja minn skerf með þessum spurningum og jeg vona, að aðrir svari því, sem jeg hefi ekki getað svarað.

Sighvatur Arnason: Eptir þeim umræðum, sem fallið hafa um þetta mál í þessari h. þingd., má álíta, að þetta kunni að vera bæði hið fyrsta og hið síðasta stig þess á þessu þingi, og vil jeg því leyfa mjer að fara um það nokkrum orðum áður en atkvæðagreiðsla fer fram.

Jeg hefi opt áður á undanförnum þingum látið þá skoðun mína í ljósi, að veruleg framför í samgöngumálinu væri eitt hið fyrsta spor til að hrinda þjóð vorri fram til framfarabrifa, og jeg játa, að hin stærri fyrirtækin leiða af sjer annað og meira en menn þekktu áður. En þegar um þessi stærri fyrirtæki er að ræða, þá ríður á, að þau sjeu svo rækilega yfirveguð og vel hugsuð, sem framast er unnt, því ef það er ekki gjört, þá má búast við að þau falli um koll ekki að eins með þeim kostnaði, sem til þeirra hefir gengið, heldur líka setjandi önnur fyrirtæki til baka um lengri eða skemmri tíma. Jeg álít það mál, sem hjer liggur fyrir, vera mjög mikilsvert mál, en undir eins mikið vandamál. Það er því eitt af þeim málum, sem jeg vil að sje athuguð vel og vandlega. Jeg vil að vjer í þessu máli sem öðrum gætum þess, að sníða oss stakk eptir vexti, ekki einungis hvað fjárframlög snertir, heldur hvað fyrirtækið sjálft snertir. Jeg vil t. d. bera saman hinar fyrirhuguðu gufuskipaferðir við flutningaþörfina. Eptir frumv. eru fyrirhugaðar 18 ferðir á ári milli landa, á stóru skipi. Nú vil jeg spyrja: geta h. flutningsm. skýrt það rækilega fyrir mjer, að þessar 18 ferðir sjeu sniðnar eptir þjóðarinnar þörf? Jeg fyrir mitt leyti er fastur á því, að þær sjeu óþarflega margar eptir flutningaþörfinni, og ef svo er, þá er auðvitað fje því, sem varið er fram yfir flutningaþörfina, kastað út til einkis. Jeg ímynda mjer, að sje jafnstórt skip og hjer er gjört ráð fyrir látið fara 9 eða 10 ferðir milli Íslands og útlanda, þá muni þær ferðir fullkomlega nægja flutningaþörfinni, og ef svo er, þá er kostnaðinum til hinna ferðanna, nefnilega helmingnum, ofaukið. Þetta atriði þarf nákvæmlega að athuga, því það er ekki nóg, að erlendir menn sýni vilja á að taka þátt í fyrirtækinu með oss; þeir þurfa líka að vera nógu kunnugir högum vorum og öllum kringumstæðum. Jeg lít svo á, að flutningsmagnið sje ekki meira hjá oss en svo, að til þess að fullnægja því nægi 9 ferðir í staðinn fyrir 18. En ef reynslan sýndi, að fleiri ferðir þyrfti, þá er betra að auka við, heldur en baka sjer of mikinn kostnað í fyrstu. Sama er að segja um hinar fyrirhuguðu strandferðir; þær eru, að mínu áliti, óþarflega margar í saman-

burði við flutningaþörfina, en því fleiri, sem ferðirnar eru, því kostnaðarmeiri eru þær.

Þegar svo til járnbrautanna kemur, sem jeg hefi litla trú á hjer á landi, þá hefir verið sagt, að flutningur á gufuvögnum væri hinn ódýrasti flutningur, og mjer dettur ekki í hug að rengja að svo sje erlendis. En þess ber að gæta, að hjer er flutningsmagnið allt of lítið til þess að hugsanlegt sje að járnbraut geti nándarnærri borgað sig, nema með því móti að flutningsgjald sje sett afarhátt, en þá er hætt við að ekki þyki borga sig að nota brautina, og menn noti sína hesta eptir sem áður. Má jeg spyrja: hafa h. flutningsmenn gjört sjer hugmynd um, hvað mundi kosta flutningur á hestklifi eða manni á þessum brautum hjer? Því það er auðvitað, að þegar þess er gætt, að slík fyrirtæki eiga að miklu leyti að geta borgað sig, þá þarf að athuga þetta nákvæmlega með tilliti til þess, að flutningskaupið má ekki vera mjög hátt, því þá verður brautin ekki notuð. Menn hafa sagt, að flutningsmagnið mundi undir eins aukast. Gott og vel; það kann að aukast, en alls ekki nema smátt og smátt og á löngum tíma. Mjer sem gömlum sveitamanni og kunnugum öllum kringumstæðum dettur ekki í hug að það verði öðru vísi. En á þá ekki betur við að auka tilkostnaðinn eptir því sem flutningsmagnið og flutningaþörfin eykst? Það er ekki að sníða sjer stakk eptir vexti, að hafa tilkostnaðinn of mikinn í fyrstu; þörfin á að segja og sýna, hve miklu þarf til að kosta.

Þá er enn eitt athugavert viðvíkjandi þessu frumv., sem er, að hluthafar í þessu fjelagi eiga að hafa eitt atkvæði fyrir hvern hlut, en hver hlutur er 100 kr. Nú eru landsmenn fáir og fjelitlir, og leggja því eðlilega ekki mikið fje fram til þessa fyrirtækis, en af því leiðir af sjálfu sjer það, að öll ráð og öll stjórn fjelagsins lendir í höndum útlendra manna; en það verð jeg að álíta varhugavert mjög.

Mjer virðist nauðsynlegt, þegar um slík stórmál er að ræða, að menn gjöri sjer ljóst, að full von sje um, að fyrirtækið heppnist, en fari ekki óðara um koll, því að með því má búast við, að öll stærri fyrirtæki verði á hakanum um óákveðinn tíma.

Þó jeg hafi nú gjört þessar athugasemdir við frumv. þetta, skal jeg með ánægju gefa því atkvæði mitt til 2. umr., til þess að það verði sem rækilegast rætt í þessari h. þingd.

H. flutningsm. (V. G.) sagði fyrir skömmu, að hjer væri ekkert í hættu. Jeg skal játa, að ekki sje svo mikið í hættu frá okkar hlið um fáein ár. En hjer er annað í hættu, sem jeg álít oss skylt að hafa líka fyrir augum, og það er, að leiða ekki erlenda menn, sem hafa vilja, hug og dug til að hjálpa okkur til að framkvæma hin stærri fyrirtækin, út á glapstigu; en það kalla jeg gjört, ef alþingi fer að samþykkja þau lög, er gætu leitt þá til að eyða hjer fje sínu til einkis, og í annan stað, að slíkt mundi fæla aðra erlenda auðmenn alveg frá okkur, hvað sem við lægi.

Guðlaugur Guðmundsson: Það eru að eins fáar og stuttar athugasemdir, sem jeg finn ástæðu til að gjöra við ræður þeirra, sem mælt hafa með frv. síðan jeg talaði í málinu, því jeg hefi enn ekki heyrt, að nein af þeim verulegu atriðum, sem jeg tók fram móti málinu, hafi verið hrakin af meðmælendum málsins. Sjerstaklega skal jeg taka það fram, að þessar upplýsingar, sem h. framsögum. (V. G.) gaf um »concessions«-lög frá Manitobaþingi, hafa ekki sannfært mig hið minnsta, því

hann gaf engar upplýsingar um það, sem er aðalatriðið, hvort fyrir þinginu hafi legið skýlaus yfirlýsing frá þeim mönnum, sem ætluðu að taka fyrirtækið að sjer. Hann upplýsti heldur ekki, hvort þeir, sem hjer eru skráðir sem stofnendur þessa fjelags og sem vjer ekki þekkjum, væru svo efnum búnir, að þeir gætu lagt nokkuð verulegt í þetta fyrirtæki af sínu eigin fje, eða, hvort þeir eptir stöðu sinni gætu starfað nokkuð verulega að því, að útvega það fje, sem fyrirtækið útheimtir.

Það er eitt atriði, sem komið hefir fram í umræðunum, sem jeg þarf að leiðrjetta. Hjer er ekki um það að ræða, hvort hjer eigi að leggja járnbrautir, heldur hitt, hvort þetta frumv. geti komið því til leiðar, að það verði gjört. Það er þetta frumv., sem hjer er til umræðu, en annað ekki. Það getur margur verið, eins og jeg, sterklega andvígur þessu frumv., þótt hann sje með því að leggja járnbrautir hjer á landi. Jeg lít svo á, að þetta frv. sje ekki spor í þá áttina, heldur þvert á móti. Mjer finnst ekki minnstu líkindi til, að þetta fyrirtæki geti fengið framgang með þeim stofnendum, sem hjer standa í frumv. og sem jeg þekki; um það, hvað sá eini megnar, sem jeg ekki þekki, skal jeg ekkert segja.

Það var margt athugavert í ræðu h. þm. S.-Þing. (P. J.) og margar góðar bendingar, sem hann gaf.

Hann tók upp eina af spurningum mínum í hinni fyrri ræðu minni, þá spurningu, hvort þetta frv. gæti ekki skoðazt sem agn eða tálgildra fyrir ókunnuga, útlenda auðmenn. Hann gat ekki svarað þessari spurningu til fullnustu og heldur ekki borið af frumv., að það væri slíkt agn eða tálgildra. Það er þessi hlið frumv., sem jeg skoða sem hina háskalegustu, því hún er spor aptur á bak, en ekki áfram í þessu máli. Jeg legg litla áherzlu á, að útlendingar fari að útvega sjer upplýsingar um, hvort það muni borga sig að leggja hjer járnbrautir, með því að lesa búnaðar- og verzlunarskýrslur landsins; útlendingar eiga ekki svo greiðan aðgang að slíkum skýrslum, að þeir geti haft nokkurt gagn af þeim. Jeg get heldur ekki skrifað undir það með h. framsögum. (V. G.), að þessir útlendingar, þó þeir sjeu praktiskir, geti reiknað það betur út en við sjálfir, hvort þessi járnbrautarlagning geti borgað sig. Hvernig geta þeir reiknað það út? Jú, þeir geta reiknað út, hvað margir búa á landi því, er liggur að brautinni, og þeir geta getið sjer til um framleiðslumagn þessa lands, en eitt geta þeir ekki reiknað út og það er fjarlægð búenda innan hjeraðs frá brautinni og afleiðinguna af þessari fjarlægð. Því jeg vil benda h. framsögum. (V. G.) á, að það er ekki nóg, þó 20,000 manns geti notað brautina, ef $^3/_4$ af þessum mannfjölda búa 5—12 mílur frá brautinni.

Það er því ástæðulaust, að vera að bregða þeim um vantrú á framtíð landsins og framförum þess, er hafa vantrú á þessu frumv. og mæla móti því. Mjer finnst hver þingmaður vera afsakanlegur, þó hann hafi ekki heita trú á málefni, sem er eins undirbúið og þetta frumv.

Að fara út í langar umræður um þetta spursmál frá sínu almennasta sjónarmiði, því, hvort það muni borga sig að leggja hjer járnbrautir, ætla jeg mjer ekki. Jeg hef aldrei sagt, að járnbraut mundi aldrei borga sig hjer á landi, en jeg hef sagt, að það væri mál, sem þyrfti að íhuga vel og að ekki væri hlaupandi út í að samþykkja slíkt fyrirtæki undirbúningslaust á örstuttum tíma. Það hefi jeg líka sagt, að slíkt fyrirtæki mundi leiða til hækk-

andi skatta á þjóðinni, og því hefir enn ekki verið hrundið. En þó það nú væri mögulegt, að þetta fyrirhugaða fjelag gæti komizt á laggirnar, þá segi jeg fyrir mitt leyti, að jeg mundi hugsa mig tvisvar og þrisvar sinnum um áður en jeg fer að samþykkja þau einokunarrjettindi, sem fjelagið fer fram á að fá, um heilan mannsaldur, og þannig fyrirbyggja aðrar tilraunir, sem þjóðin kynni að vilja gjöra í þessa átt á þessum tíma.

Það var misskilningur eða útúrsnúningur á orðum mínum, að jeg hafi sagt, að járnbrautir væru »humbug«, en jeg sagði, að þetta frumv. væri »humbug« og það segi jeg enn. Menn ættu að vera varkárir í því, að byggja ályktanir sínar á hugarburði einum. Það gjörði þingið 1893, þegar það samþykkti strandferðirnar; þingið fór þá nógu langt í trúgirninni, og af því sýpur landið nú, þar sem samgöngur eru mikið verri en þær hefðu þurft að vera. Þetta ætti að vera »memento« fyrir þingið, að fara nú ekki of langt í trúgirninni aptur, svo eigi verði hin síðari villan argari hinni fyrri.

Að álykta frá gufubátunum til járnbrautarinnar er ekki rjett, því sjóvegurinn hjá oss er miklu auðveldari og nær til fleiri en þessi járnbrautarspotti. Auk þess eru gufubátar miklu ódýrari og kostnaðarminni en járnbrautir, svo þetta verður ekki borið saman.

Það er rjett, að þegar það kom til tals fyrir nokkrum árum, að fá gufubát á Faxaflóa, þá töldu margir tvísýni á, að það mundi borga sig, og þeir sem það gjörðu höfðu rjett fyrir sjer, því sá bátur, sem nú gengur hjer á flóanum, borgar sig ekki nema með töluverðum styrk af opinberu fje. Þetta má sýna og sanna með rjettum tölum, hvenær sem vill. Það kann að vera, að hann fari að borga sig; en það er enn ekki orðið.

Jeg sje, sem sagt, ekki, að hjer liggi fyrir nokkurt tilboð, er tilboð geti kallazt, um að framkvæma þetta fyrirtæki, og álít því ekki, að þingið eigi að eyða tíma sínum í að ræða þetta mál frekar. Jeg er samdóma h. þm. S.-Þing. (P. J.) um, að rjett sje að láta málið bíða næsta þings, bæði til þess, að flutningsmönnum geti gefizt kostur á að koma með málið betur undirbúið á þing en nú á sjer stað, og til þess að þjóðin geti látið í ljósi skoðun sína á málinu og sagt, hvort hún vilji leggja á sig nýja skatta til þess að þessu fyrirtæki geti orðið framgengt.

Jón Jónsson (1. þm. Eyf.): Mjer er bæði um ó, að leggja hjer orð í belg, en jeg býst við, að svo verði álitið, að mjer sje skylt, að fara nokkrum orðum um málið, úr því að jeg varð í minni hluta í nefnd þeirri, er kosin var til að íhuga frumvarpið. Jeg get lýst yfir því, að eins og mjer þykir erfitt að standa upp nú, eins var mjer þungbært, — já enn þungbærara — að verða að leiða hjá mjer öll störf í nefndinni. Jeg gjörði það ekki að gamni mínu, að ganga út úr nefndinni í þessu mikla máli, þar sem jeg mátti ganga að því vísu, að afleiðingin yrði sú, að þeir, sem álitu þetta mál svo áríðandi og vildu að það fengi framgang nú á þinginu, gætu eigi skipað mjer í flokk með öðrum en apturhaldsmönnum; því hver sem er á móti þessu máli, hlýtur eptir skoðun netndarinnar og orðum framsögumanns að vera apturhaldsmaður. Mjer fjell því ver, að skilja mig frá nefndinni, sem í henni voru að mörgu leyti hinir færustu menn deildarinnar, menn sem jeg hefði helzt viljað vinna saman með. Jeg vildi ekki lengja umræðurnar mjög mikið, en þó leyfa mjer

að útlista dálítið þau atriði, er minni hlutinn lagði áherzlu á, er hann skarst úr leik í nefndinni. Fyrst var það, að okkur þótti undirbúningurinn ónógur, en jeg fyrir mitt leyti legg ekki mikla áherzlu á það atriði, enda verður það allt af álitamál, hvern og hve mikinn undirbúning slíkt mál þurfi. Hið annað atriðið var það, að okkur þótti mjög ísjárvert, að samþykkja mikilsvert mál, sem kjósendunum er alveg ókunnugt um, og sem oss gat ekki dulizt, að hlyti að hafa í för með sjer, áður langt liði, nýjar skattaálögur á þjóðina. Þetta atriði er í mínum augum svo mikilsvert, að jeg hlýt að láta það hafa ákvarðandi áhrif á mig; h. framsögum. (V. G.) sagði í dag, að þessi viðbára væri ekki mikilsverð, og færði það til sönnunar máli sínu, að í fyrra hefði þingið samþykkt all-mikil útgjöld úr landssjóði til strandferða, án þess að spyrja kjósendurna til ráða. En hjer stendur mjög öðruvísi á, svo þessi samanburður sannar ekki mikið. Þar var fyrst og fremst um miklu minna fje að ræða, og það að eins veitt til tveggja ára, og svo var það mál í raun og veru borið undir kjósendurna áður, bæði beinlínis og óbeinlínis, þar sem um það hafði verið skrifað í blöðunum áður, og um það hafði verið talað á fundum út um landið; málið var þannig al-kunnugt áður, og þjóðin hafði óskað eptir því, að strandferðirnar yrðu auknar að miklum mun.

Það hefur verið sagt, og því haldið fast fram af fylgismönnum þessa máls, að með því að samþykkja það ekki nú sje hafnað mögulegleikanum til þess, að fá þessu fyrirtæki framgengt á ókomna tímanum, og ástæðan fyrir þessari fullyrðing er sú, að forgöngumenn málsins muni leggja árar í bát, ef þingið ekki samþykkir það nú þegar. Jeg veit að þetta er rjett hermt, því aðal-forgöngumaður málsins hefur lýst þessu yfir; en jeg skil ekki að þessir menn, sem álíta fyrirtækið svo gott og vel framkvæmanlegt, mundi ekki eptir sem áður halda áfram að vinna að framkvæmd þess. Ef fyrirtækið er í raun og veru svo gagnlegt og vel framkvæmanlegt, sem þessir menn eru sannfærðir um, þá sje jeg ekki betur en að einhvern tíma, og það innan skamms, hljóti að koma fram aðrir menn, sem sjái þetta gagn og þori að leggja út í fyrirtækið. Jeg er því ekki hræddur um, að það muni falla með einum eða tveimur mönnum, ef það hefir þau lífsskilyrði, sem þessir menn álíta að það hafi. Jeg vil því að málið sje rækilega rætt og skýrt nú á þinginu, og síðan leitað álits þjóðarinnar um það til næsta þings. Það var þó ekki aðal-lega þetta atriði, sem gjörði, að jeg skarst úr leik.

Aðal-atriðið sem gjörði, að jeg gat eigi fylgzt með nefndinni í þessu máli, er fólgið í 3. lið ágreinings-atriða minni hlutans. Mjer þótti það allsendis óaðgengilegt, að binda hina íslenzku þjóð og landssjóð við ákveðið gjald og fyrirkomulag þessa verks í 30 ár, og því betur sem jeg hugsa um þetta atriði, því betur skýrist það fyrir mjer, og því sannfærðari verð jeg um, að mín skoðun er á rökum bygð. Jeg skal reyna að útlista þetta með dæmi. Árið 1864 eða fyrir 30 árum voru, eins og kunnugt er, gufuskip naumast þekkt hjer. Setjum nú svo, að Íslendingar hefðu þá viljað kosta svo og svo miklu fje til að efla samgöngur milli Íslands og annara landa; þá hefðu þeir eflaust gjört sig ánægða með gott seglskip. Ef þeir nú hefðu gjört samning við skipseiganda, og leigt skipið í 30 ár, þá hefði hann getað tekið tillag sitt úr landssjóði allt til þessa dags; en á á hinn bóginn hefðum vjer líka allt til þessa dags hlotið að vera óánægðir

með skipið og ferðirnar. Menn segja ef til vill, að ekkert slíkt geti komið fyrir um næstu 30 ár, en jeg get með eins miklum rökum sagt, að það geti vel komið fyrir; það líða kannske ekki 30 ár þangað til það fyrirkomulag, sem nú er á skipum og járnbrautum, verður orðið á eptir tímanum. Hvernig fer fjelagið þá að? Það er þá búið að eignast sín skip og sína gufuvagna, og er því hætt við, að því mundi þykja ísjárvert, að ónýta þessa eign sína, og ljeti því skipin og vagnana ganga, meðan styrkurinn úr landssjóði endist. Frá þessu sjónarmiði hefi jeg ekki getað sjeð, að það væri rjett eða gætilegt, að skuldbinda landssjóð til að borga stórfje til fjelagsins á hverju ári um svona langan tíma; eða hvað mundu eptirkomendur okkar segja um fyrirhyggju okkar, sem nú sitjum hjer á þingbekkjunum, ef vjer skuldbyndum þá um 30 ára tíma til að borga út árlega stórfje til fyrirtækja, er kæmu þeim að litlu eða engu liði? Jeg vona nú að hin h. þingdeild geti skilið, hvers vegna jeg stend í þessum sporum, sem jeg nú stend í.

Það er að eins fátt fleira, sem jeg finn ástæðu til að athuga; það var ein setning í ræðu h. framsögum. (V. G.) við fyrstu umræðu, sem jeg kunni ákaflega illa við. Hann sagði, að það væri engin hætta, þó þingið samþykkti þetta frumvarp, því að ef nokkuð væri ísjárvert við það, mundi stjórnin ekki staðfesta það; en ef hann hugsar um þessa setningu, þá vona jeg, að hann sjái, að sú skoðun á sambandi löggjafarþingsins og stjórnarinnar, er í henni felst, er mjög hættuleg. Þingið má ekki ganga inn á þá skoðun, að á sama standi, hvað það samþykki, því stjórnin sje allt af á bak við til að leiðrjetta misfellurnar. (Heyr!). Þessi skoðun má ekki vera ríkjandi milli deilda þingsins, hvað þá heldur milli þings og stjórnar.

Það hafa fleiri tekið það fram, en einna skýrast kom það fram í ræðu h. 2. þm. Árn. (Þ. Guðm.), að ef frumvarp þetta yrði að lögum, þá yrði þingið að draga saman seglin við fjárframlag úr landssjóði til vegabóta á landi og annara nauðsynlegra fyrirtækja. Þessu er jeg fullkomlega samþykkur; því annaðhvort verður þingið að leggja nýja skatta á þjóðina, eða hætta við önnur stórfyrirtæki. Þó menn segi, að járnbrautarlagningin bæti mikið samgöngurnar, þá verður það að eins á litlum hluta landsins, þeim hlutanum, sem hingað til hefir fengið beztar vegabæturnar; önnur hjeruð landsins hafa vegna vegabótanna á þessu svæði orðið að miklu leyti út undan, og það álít jeg öldungis rjett eptir ástæðunum, en því meir sem gert er á einum stað, því heimtufrekari verða menn eðlilega á öðrum stöðum síðar. Eða hvað halda menn að Norðlendingar, Austfirðingar og yfir höfuð flestir Íslendingar muni segja, þegar miljónirnar eru komnar í þennan vegarstúf? Ætli það verði þá ekki að kallast samgjarnt, þótt þeir heimti, að vegir annarstaðar sjeu gerðir að minnsta kosti hættulausir fyrir menn og skepnur? En ef frumvarpið verður samþykkt og fyrirtækið framkvæmt, sje jeg ekki, að það verði gjört, nema með því, að leggja enn mjög tilfinnanlega skatta á þjóðina.

Jeg fann mjer skylt að gera grein fyrir áliti mínu á þessu, til þess að þessi hlið málsins yrði eigi út undan við umræðurnar og meðferðina alla.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg skal ekki neita því, að umræðurnar um þetta mál eru orðnar mjög langar, og jeg þykist vita, að margir óski þess, að þeim sje hætt; en jeg skal lýsa því yfir, að jeg álít bezt, að málið sje rætt sem bezt

til þess menn því fremur geti komizt að rjettri niðurstöðu.

Jeg ætla þá fyrst að fara fám orðum um það, sem h. framsögum. (V. G.) tók fram viðvíkjandi því, hverjir það væru, sem hefðu trú á framtíð landsins; þá dettur mjer ekki í hug að fella þungan dóm yfir h. þm. (V. G.) fyrir það, enda sæti það ekki á mjer, því jeg er ekki svo orðvar. En mjer finnst, að það ætti að athuga það, hverjir það eru, sem hafa minnsta eða mesta trú á framtíð landsins, hvort það eru þeir þm. sem eru með frumv. eða móti því. Jeg fyrir mitt leyti er á þeirri skoðun, að þeir sem greiða atkvæði gegn frumv. hafi fullt eins mikla von um framtíð landsins, sem þeir, er eru með málinu. Jeg álít, að þeir sem vilja skuldbinda landið um mjög langan tíma til þess að leggja á sig mjög þunga byrði, að þeir einmitt geti ekki haft svo mjög mikla trú á framtíð landsins. Jeg er hræddur um, að ef menn gerðu það nú, þá mundi svo fara, að menn eptir svo og svo mörg ár muni iðrast þess, eins og h. 1. þm. Eyf. (J. J.) tók fram, að hafa bundið landið svo þungri skuldbindingu.

Það hefir verið rætt á ýmsa vegu, hvað mikið væri í húfi, ef lagt væri út í þetta fyrirtæki. 3 h. þm., framsögum. (V. G.), þm. Rvk. (J. Jenss.) og þm. Dal. (J. P.), hafa tekið það fram, að þeir álitu það fje, sem fram á að leggja, ekki mikið; en það var einkum h. þm. Dal. (J. P.), sem sagði, að fjeð væri hlutfallslega lítið. Í hvaða hlutfalli er fjeð lítið? Er það lítið í hlutfalli við fjármagn landssjóðs? Það getur ekki verið, því sú upphæð, sem hjer er farið fram á að veita, er 5. eða 6. hluti af árlegum tekjum hans.

Jeg skal nú geta upp á því, að hann hafi meint fje það, sem farið er fram á að veita þessu fjelagi á ári hverju, sje lítið í hlutfalli við þann ágóða, sem landinu fjelli í skaut, þegar fjelagið væri búið að komast á laggirnar.

Jeg verð að skipta þessu í tvennt og taka það fyrir í tvennu lagi, járnbrautirnar og skipaferðirnar.

Að því er snertir skipaferðirnar, þá hef jeg ekki svo mikla ástæðu til þess, að mæla á móti þeim; að vísu þykir mjer þetta allt of langur tími (30 ár) til þess að binda sig og eptirkomendurna, en af því að hjer er að ræða um eitt allra mesta velferðarmál þjóðarinnar, mál, sem er lífsskilyrði þessa lands, þá ætla jeg ekki að setja mig upp á móti þessu atriði málsins, þó það sje miður úr garði gjört en skyldi; en viðvíkjandi járnbrautinni, þá skal jeg geta þess, að jeg álít hana hið mesta barnaspil. Þegar jeg ber saman þann kostnað, sem hún bakar landssjóði við vonina um það gagn, sem hún á að gjöra landsmönnum í heild sinni, þá verð jeg að segja, að jeg get ekki sjeð, að það verði mikið, og jeg skal ekki vera að teygja menn á því, hver mín trú er, en segja það breint út strax, að jeg vil ekki gefa fyrir hana 10 krónur með með öllum hennar gögnum og gæðum. Hvers vegna á að fara að leggja járnbraut um þá sýslu, þar sem samgöngurnar eru hægastar og vegirnir beztir á öllu landinu, þar sem landssjóður hefir varið langmestu fje til samgöngubóta, bæði með því, að byggja þar brýr og leggja vegi til þess að eins, að flytja afurðir þeirrar sýslu í burtu og greiða sýslubúum aðflutning á nauðsynjavörum sínum, ef þeir þá vilja nota hana, sem getur verið efasamt; og fyrir þetta á landssjóður að leggja á sig 50 þúsund króna gjaldabyrði í 30 ár; þegar jeg lít á þetta allt, þá fer að ganga fram af mjer. Jeg hef ekki svo fagrar vonir um ágóðann af fyrirtækinu í samanburði við kostnaðinn, sem

af því flýtur. Jeg veit það, að bæði stofnendur þessa fyrirtækis og sömuleiðis þeir, sem eiga þessar glæsilegu vonir um gull og græna skóga, þegar járnbrautin er komin, tryggja þessar fögru vonir sínar á þeim auð, sem útlendir ferðamenn og útlendingar muni færa hingað. En menn verða að gæta að því, að það eru ekki járnbrautirnar, sem koma með útlendingana inn í landið, heldur eru það skipin. Járnbrautirnar eru ekki aðalskilyrðið fyrir því, að útlendingar ferðist hingað til lands og hjer um land, heldur eru það miklu fremur góðar og haganlegar gufuskipaferðir. Í öðru lagi er það athugandi, að það er spursmál, ef fjelag þetta kemst nokkurn tíma á fót, sem jeg fyrir mitt leyti efast um, hvort þá koma nokkuð meiri peningar frá útlendum ferðamönnum í vasa landsmanna sjálfra en nú gjörist. Vitanlega kæmu fleiri ferðamenn inn í landið; en það yrði ekki járnbrautinni að þakka, heldur því, að skipaferðirnar yrðu hagkvæmari; en þá er og þess að gæta, að þeir ferðamenn gistu á »hótellum« þessa fjelags, sem að öllu eða mestu leyti er laust við alla skatta og skyldur. Það er einmitt fjelaginu, sem þeir færa peninga, en ekki öðrum landsmönnum. Fyrir utan þetta, þá hefir járnbrautin það í för með sjer, að útlendingar þurfa ekki framar við hesta eða fylgdarmanna; þess vegna er það alveg rjett ályktun, að einmitt fyrir þetta renni minni peningar inn til landsmanna sjálfra en nú er.

H. framsögum. (V. G.) tók það fram sem meðmæli með frumv., að járnbrautin fyrirhugaða ætti að liggja milli tveggja punkta, En það er öllum kunnugt, að hver lína hlýtur að liggja milli tveggja punkta og eins verður það að vera með járnbrautina; og þess vegna get jeg ekki sjeð, að slíkt sjeu mikil meðmæli með henni. Og þó nú þessir punktar sjeu að öðru leyti Þjórsá, en hinu Reykjavík, þá vex þýðing járnbrautarinnar ekki mikið í mínum augum fyrir það, nema ef vera skyldi að ætlunarverk brautarinnar og gufuvagnanna væri það, að flytja vatnið úr Þjórsá suður í Reykjavík, því þá mundi hún hafa nóg að gjöra. En ef hún ætti að liggja milli þeirra tveggja punkta, þar sem flutningsþörfin væri mest, þá gæti verið, að jeg gæti aðhyllzt það sem frumv. fer fram á, eða í það minnsta mundi jeg skoða huga minn áður en jeg greiddi atkvæði gegn því. Til dæmis, ef hún væri þar sem mest gagn er að henni, þannig, að hún tengdi saman tvo helztu verzlunarstaði landsins, og einkum, ef hún kæmi fleiri minni kaupstöðum í samband við þessa hina stærstu.

H. framsögum. (V. G.) tók það fram, að tíminn hefði verið naumur fyrir nefndina, að undirbúa málið, og svo væri hann líka naumur fyrir þingið til þess að fjalla um svo stórvægilegt mál sem þetta er; en í eðlilegu sambandi við það er það, að varhugavert er fyrir þingið, meira að segja ófyrirgefanlegt gjörræði, að flana út í það, sem menn ekki hafa haft tíma til að yfirvega nægilega. Viðvíkjandi því, að þetta mál sje ókunnugt landsmönnum, þá er það í alla staði satt og rjett. Allir vilja eðlilega fá sem glöggust kynni af svo stórvægilegu máli, en það eru að eins þeir einir, sem búa hjer í nálægum sveitum, sem fá að heyra einhvern óljósan áværing af málinu, en allur þorrinn af landsmönnum hefir enn enga hugmynd um, að slíkt málefni hafi verið til meðferðar á þingi nú.

H. framsögum. (V. G.) tók það fram, að þingið í fyrra hefði veitt 43,000 kr. til strandferða án þess að landsmenn hefðu vitað; en það er athugandi við það, að það mál var undirbúið, því allir vildu fá betri

samgöngur á sjó. Þar var líka farið fram á, að veita fje til þess að bæta samgöngurnar líka hjá þeim sem afskektastir voru, til þess að þeir fengju strandferðir, sem ekki höfðu átt kost á þeim áður. Sú fjárveiting var því stíluð fyrir almenning, sem framast mátti verða. En af því leiddi, að slíkt þurfti ekki undirbúnings við. Þá veitti þingið fje til þess, að strandferðaskipið kæmi á þær hafnir, sem það aldrei hafði komið áður, til dæmis á Borðeyri, og á móti slíku hafði enginn maður neitt. En skyldi alþýða manna á Norður- og Austurlandi taka nú jafnvel við því, að lagðar væru 50 þús. kr. á ári í 20—30 ár til járnbrautar austur í Árnessýslu, þar sem mestu fje hefir verið varið til vegabóta? Jeg veit það, að menn út um landið, sem hingað til hafa farið á mis við styrk til þess að bæta vegi sína, hafa þó haft von, þó lítil væri, um, að þeir einhvern tíma kynnu að fá styrk til þess af opinberu fje; en þó þeir hefðu haft von um þetta, þá hlyti hún að deyja, ef annað eins gjörræði og þetta væri framið.

H. þm. Dal. (J. P.) vildi blíðka mig á síðasta þingi til þess að vera með frv. um akbrautir, með því, að við fengjum hjálp til vegabóta síðar, en mjer finnst að stefnt sje að öðru en því.

Hinn sami h. þm. (J. P.) hefir tekið fram, að það væri kostur við þetta, að þó fjelagið dytti úr sögunni, þá yrði slátrið svo mikið; þó það hætti við allt saman, þá yrðu eptir góðir vegir og margt fleira. Jeg álít ekki viðfeldið, að tala um dauðdaga fjelagsins áður en það er fætt, og það er helzt of snemmt að skipta dánarbúinu áður en það er komið á laggirnar. Jeg vil því ekki fara langt út í það, hvað þetta fyrirtæki kann að leggja sig á blóðvellinum, en jeg fyrir mitt leyti gjöri mjer nú litlar vonir um það, þó það komist svo langt, að geta kallazt fjelag, að þær tekjur yrðu miklar, sem flytu af því slátri, og jafnmjór vegur, sem undir járnbraut liggur, er einskis nýtur sem ak- eða reiðvegur. Jeg þarf ekki að færa rök að því, að það er nokkuð öðru vísi með gufubátsferðir á Faxaflóa en með járnbrautir. Þó jeg í aðalefninu hafi ekki ótrú á járnbrautum yfir höfuð, þá verð jeg að álíta, að það hafi mjög ólík áhrif á landið, ef járnbrautarfyrirtæki misheppnast, en þó Faxi sykki; því það var að eins af tilviljun og áður en sjeð var, hvort hann borgaði sig, og það var annað en ef járnbrautarfyrirtæki, eða reyndar hvaða fyrirtæki sem er, veslast upp af því, að það getur ekki staðizt vegna þess, að það borgaði sig ekki. Þó Faxi sykki, þá var það að vísu tilfinnanlegt tap fyrir þá, sem áttu, en fyrir landið í heild sinni var það sem ekkert í hlutfalli við það, sem hjer er um að ræða; og svo verða menn að athuga það, eins og jeg benti á, að það hefir allt aðrar afleiðingar fyrir seinni tímann, hvort eitthvert fyrirtæki ferst af óhöppum eða það dregst upp af því, að það borgar sig ekki. Hefði Faxi sál. farizt af þeim ástæðum, mundi afleiðingin hafa orðið sú, að lengri bið hefði orðið en varð þar til að gufubátsferðir hefðu byrjað hjer á Faxaflóa; en reynslan af Faxa, þó lítil væri, benti einmitt á, að slíkt fyrirtæki mundi vel geta borið sig, ef vel væri á haldið.

H. þm. Dal. (J. P.) og h. þm. Rvík. (J. Jenss.) tóku það fram sem ástæðu fyrir því, að járnbrautin ætti að leggjast austur í Árness- og Rangárvallasýslu, að þau hjeruð væru fólksflest af öllum hjeruðum landsins. Jeg álít, að ekki

eigi eingöngu að miða það við höfðatöluna, heldur við það, hve flutningsþörfin væri mikil, en hún mun nú vera víða meiri en þar. Þar að auki hafa þessar sveitir mjög mikið orð á sjer fyrir það, að þar sjeu mjög mikil sveitarþyngsli. Það er sagt, að varla hittist þar svo bær, að ekki sjeu á honum sveitarómagi eða jafnvel tveir. Það getur ekki verið rjett, að miða þetta við höfðatöluna í þeim hjeruðum, sem eru svo fátæk í hlutfalli við fólkstöluna, að mikill hluti hjeraðsbúa eru á sveit eða við hana; því flutningaþörfin miðast meir við efnahaginn en höfðatöluna. Jeg get ekki ímyndað mjer, að það þurfi að leggja járnbraut fyrir sveitarlimi. Flutningaþörfin í einu hjeraði myndast við auðmagnið, en er ekki komin undir því, hve hræðurnar eru margar, sem í því eru.

Það er villandi að telja Reykjavík með þessum 20 þúsundum sem eiga að hafa gagn af járnbrautinni, af því, að Reykjavík hefði jafnmarga íbúa hvert sem járnbrautin lægi, svo það ætti að eins að bera Árnessýslu og Raugárvallasýslu saman við önnur hjeruð, til þess að sjá, hvort hún ætti að hafa svo mikil forrjettindi fram yfir öll önnur hjeruð, eins og hjer er farið fram á.

Viðvíkjandi gufuskipaferðunum, þá skal jeg taka það fram, að jeg mun mjög mikið skoða huga minn um það, að greiða atkvæði móti þeim, en jeg get ekki gefið þessari járnbrautarstofnun atkvæði mitt.

Ef járnbrautina ætti að leggja frá Borgarnesi — en þangað má kalla, að járnbraut sje, þar sem gufubátsferðir eru svo tíðar á milli Reykjavíkur og Borgarness — og alla leið norður á Akureyri, og enda þótt hún væri ekki ákveðin nema nokkuð af leiðinni í bráð til reynslu, því þá væri hægra að auka við, og þá væri trygging fyrir, að það væri gjört, því hver járnbraut hlýtur að borga sig því betur, sem hún er lengri, þá gæti jeg ef til vill gefið henni atkvæði mitt og jafnvel þó tillagið til hennar væri helmingi eða $^2/_3$ hlutum hærra, því þá tengdi hún saman 2 aðalkaupstaði landsins, og þar að auki væri margir fleiri smærri kaupstaðir á leiðinni, sem þá kæmist í samband við aðal-kaupstaðina. Enn fremur mundi hún þá annaðhvort liggja um eða snerta mörg fjölmenn hjeruð landsins, svo sem Borgarfjarðar- Mýra- Strandar- Dala- Húnavatns- Skagafjarðar- Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur, og fleiri sem gætu þó lítil væru haft nokkur not af braut sem lægju þessa leið.

Jeg get því ekki betur sjeð, en að h. þm. geti betur forsvarað það fyrir kjósendum sínum, að hafa gefið atkvæði sitt til þess, að slík vegabót kæmist á, sem járnbraut norður til Akureyrar, þó það yrði nokkuð dýrara en þessi braut, sem frumv. fer fram á. Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, að sú járnbraut borgi sig síður en hin, því sú járnbraut, sem er mjög stutt, getur ekki borgað sig. En ef járnbraut yrði lögð norður, þá mætti, þó að hún væri í fyrstunni ekki löng, lengja hana ávallt meir og meir, og þar að auki eru mjög margir verzlunarstaðir á leiðinni eða mjög nærri henni.

Menn hafa ekki safnað skýrslum um það úr Árnessýslu, hvort flutningaþörfin sje þar svo yfirgnæfanleg, að endilega þurfi að taka hana fram yfir allar aðrar sýslur á landinu. Árnessýsla er ef til vill mannflest, ef nákvæmlega eru talin öll höfuð, en flutningaþörfin fer ekki beinlínis eptir því, heldur eptir því, að menn sjeu vel megandi, og þó grasið sje nóg þar, þá má víst finna önnur hjeruð, sem eru eins mikil kosta-hjeruð. Jeg þekki eina sveit í Dalasýslu, sem er mjög grösug, og þar eru svo mjög

miklar slægjur, að bændur þar slá þær aldrei upp, en hún er að öðru leyti land-lítil. Þar er hin mesta fátækt, og þó eru ekki samgöngurnar erfiðari þar en í öðrum sveitum sýslunnar, heldur miklu betri en einmitt í þeim sveitum hennar, sem þó bera ægishjálm yfir hana í tilliti til velmegunar og fleira. En landið er mjög ljett og kosta-lítið, þó grasið og slægjurnar sjeu nógar, og það er aðal-orsök eymdarinnar, og það sem nú er orsök eymdar, það verður trauðla orsök til velsældar síðar.

Það hefur verið talað um það, að ef ekkert væri vogað, þá fengist ekki reynslan. En í þessu tilfelli álít jeg reynsluna mjög dýra, og verst er, að mjer finnst sú reynsla, sem við þetta fæst, ekki vera fullnægjandi og lítið fyrir hana gefandi. Því þó að járnbrautin væri lögð austur í Arnessýslu, þá er það alls ekki víst, að hún mundi borga sig, og meira að segja mjög ólíklegt. Jeg ímynda mjer, að þegar fjelagið sæi það, að hún borgaði sig ekki þar, þá mundi það ekki ráðast í að gjöra aðra tilraun á öðrum stað. Fjelagsmenn eru útlendir menn, sem mundu byggja á því, að fyrst hún ekki borgaði sig í þessu hjeraði, sem þeim væri sagt að væri álitið bezta hjerað landsins, þá mundi hún ekki borga sig betur í öðrum hjeruðum. Svo mundu þeir hætta við allt saman og kasta öllu því sem þeir hefðu gjört fyrir mjög lítið, án þess að reyna á öðrum stað, sem þó gæti borgað sig betur.

H. þingm. S.-Þing. (P. J.) vildi láta málið daga uppi. Jeg get ekki skilið, hvernig menn geti forsvarað það fyrir kjósendum sínum, að hafa með atkvæði sínu stuðlað til þess, að láta eitt mál ganga milli deilda í þeirri von, að hin deildin láti það daga uppi, þótt önnur deildin finni ekki nein ráð til þess, að leiða málið til heppilegra lykta. Jeg fyrir mitt leyti gæti ekki fundið neitt ráð til þess, að verja slíkar aðfarir fyrir mínum kjósendum. Það er allt annað, að greiða atkvæði með frumv. til 2. umræðu til þess, að breyta því ef mögulegt væri í þá átt, er betur mætti fara, þrátt fyrir það, þó að jeg geti ímyndað mjer eða jeg teldi víst, að herra Sigtryggur Jónasson muni ekki ganga inn á allar þær breytingar, sem jeg álít, að sjeu frumv. til bóta. En það hefir ekki svo mjög mikið að segja í mínum augum, því jeg hef ekki svo sterka trú á þessum manni. Hann hefir að sönnu ekki sýnt neitt það, sem geti blekkt hann í augum manna hjer, en hann hefur heldur ekki framkvæmt neitt það, sem hann verðskuldi meira lof fyrir en hver annar duglegur maður, sem ver lífi sínu sjer sjálfum til gagns og frama; en ekkert hefur hann starfað fyrir fósturjörðina í heild sinni, sem gefur honum meira álit í augum hennar en hver dyggur smali á skilið. Hann hefir unnið dyggilega fyrir Canadastjórn að því, að smala fólki úr landinu, en það álít jeg ekki að geti verið til þess, að meta hann um fram aðra menn, eða að hann hafi sýnt með því, að honum væri þetta land sjer í lagi ástfólgið. Jeg fyrir mitt leyti hef ekki mikla trú á slíkum forgöngumönnum.

Jeg hef margt fleira að athuga við frumv. þetta, en af því að margir vilja tala enn, þá vil jeg geyma það til 2. umr. En þar sem mjer finnst frumv. þurfa lagfæringar við, mun jeg í því skyni koma með breyt.till. til 2. umr., og sem verða skilyrði fyrir atkvæði mínu með því framvegis; því geymi jeg mjer allar aðrar athugasemdir um málið til þess tíma.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Jeg skal reyna til þess að vera stuttorður. Það er búið að segja svo margt

um frumv. þetta, að mjer dettur ekki í hug að svara því öllu rækilega, sem sagt hefur verið gegn því, en jeg geymi mjer rjett til þess að svara því við 2. umr.

Það voru að eins fá atriði sem jeg ætlaði að minnast á.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) vjek þeirri spurningu til nefndarinnar, hvort hún gæti lagt fram nokkur skýrteini fyrir því, að hún hefði nokkra heimild til þess að setja nafn Wilsons inn á frv. Jeg skal geta þess, að nefndin hefur ekki enn fengið nein óyggjandi skilríki fyrir því, að svo sje, og þess vegna ætla jeg að geyma mjer rjett til þess að svara þeirri spurningu til 2. umr. Jeg álít sem sagt mjög skynsamlegt, að taka allt sem þessu máli við kemur til íhugunar.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) vildi láta binda gufuskipaferðirnar svo, að fjelagið gæti ekki haft þær, ef það sleppti járnbrautunum. En fjelagið er svo bundið eptir frumv., að jeg álít ómögulegt fyrir fjelagið, að hafa gufuskipaferðirnar, ef það ekki verður búið að leggja járnbrautina austur í Árnessýslu eptir 5 ára tíma. Það mætti reyndar ef til vill binda það betur, þannig að fjelagið missti öll rjettindi sín, einnig að því er gufuskipaferðirnar snertir, eptir 5 ár, ef það hefði ekki lagt þessa vissu ákveðnu braut eptir þann tíma.

H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) spurði um það, hvað kosta mundi að ferðast með járnbraut austur í Rangárvallasýslu. Jeg get nú ekki sagt það með neinni vissu, en eptir því sem tíðkast í Ameríku, mundi það kosta kr. 2,50—3,00 kr., en eptir því sem tíðkast á Englandi er borgunin nokkru hærri, nefnil. 15 aurar fyrir hverja enska mílu.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) tók það fram, að þetta væri agn fyrir útlenda auðmenn, og það sje hið hættulegasta í þessu máli. Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett ályktað, að það sje svo mikill ábyrgðarhluti fyrir þingið, að samþykkja þetta frumv. fyrir því, þótt aðgengilegra yrði að ráðast í fyrirtækið fyrir löggildinguna og fjártillagið. Jeg get ekki skilið, að nokkur leggi fje í fyrirtækið nema hann hafi yfirvegað áður, hvað hann er að gjöra, enda munu þeir einir gjöra það, sem eru bærir að dæma um það, hvort þeir eru á glapstigu leiddir. Þeir menn munu ekki leggja út í það, nema því að eins, að þeir sjeu fyllilega sannfærðir um, að það sje engin hætta fyrir þá, að láta fje sitt í það fyrirtæki.

H. sami þm. sagði, að fjelaginu væri heimiluð einokun um heilan eða hálfan mannsaldur bæði fyrir skipin og járnbrautina. Jeg skal taka það fram, að þetta er ekki rjett, hvorki að því er snertir skipin eða járnbrautina. Einkaleyfið til þess, að leggja járnbrautir, stendur ekki nema um næstu 15 ár. Jeg veit það með vissu, að járnbrautarfjelög í öðrum löndum og það jafnvel í Danmörku fá einkarjett til slíkra fyrirtækja fyrir miklu lengri tíma. Að því er gufuskipaferðirnar snertir, þá getur þar alls ekki verið um einokun að ræða. Það er ekki útilokað, að önnur gufuskip megi koma.

Sami h. þm. (Guðl. G.) hefur látið í ljósi þá skoðun, að járnbrautin geti ekki borgað sig, og allt hljóti því að fara um koll; en sömu mennirnir segja þó að ágóðinn af skipaferðunum verði svo mikill eptir 10—15 ár, að þær fáist fyrir ekkert. Mjer finnst þetta vera hvað á móti öðru. Fyrirtækið getur því að eins borgað sig, í það minnsta fyrst í stað, að sá ágóði, sem það hefur af skipunum, geti bætt þeim upp það sem það tapar á járnbrautinni. Þetta vegur sig upp. Tapið á járnbraut, sem

ekki nær lengra en austur að Þjórsá, getur vart orðið meira en að það nemi 50 þús.; það getur ekki kostað svo mikið að halda henni við, úr því hún er komin á fót.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) tók það fram, að ekki væri gefandi 10 kr. fyrir braut, sem lægi austur í Árnessýslu. En er hann segir, að hann gæti gefið því atkvæði sitt, ef hún lægi milli Reykjavíkur og Akureyrar, því þá mundi hún liggja gegnum Strandasýslu, þá get jeg ekki gjört mikið úr þeirri ástæðu.

Að vonir Strandamanna um það, að fá fje úr landssjóði til vegabóta, hlytu að deyja út, ef járnbrautir yrðu lagðar hjer á landi, held jeg að sje mesti misskilningur. Jeg held að von þeirra ætti að verða öruggari einmitt fyrir það, því fjelagið ætlar sjer að leggja járnbrautir víðar um land, ef það sjer að hún borgar sig, og þá mundi það líka leggja eina um Strandasýslu.

Þar sem h. 1. þm. Eyf. (J. J.) bar saman síðustu 30 ár við hin í hönd farandi 30 ár, þá get jeg ekki ímyndað mjer, að hjer á landi verði svo stórkostleg breyting á öllum samgöngum, að gufuaflinu verði útrýmt, en eitthvert annað afl komi í stað þess. Og þó svo yrði, þá mundi fjelagið einnig nota hið nýja afl, því það hefur heimild til þess samkvæmt frumv., að nota hvaða afl sem er.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frv. til laga um bann gegn því, að sleppa hvalleifum frá hvalveiðastöðvum svo að reki á annara manna fjörur (C. 50); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþykkt með 20 samhlj. atkv., og afgreitt til e. d.

Till. til þingsályktunar um afmælisminning alþingis (C. 76); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ. í einu hlj.

Fundi slitið.

Fjórtándi fundur, fimmtudag 16. ág. kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um að leggja fje á æfinlega erfingjarentu (C. 55); 1. umr.

Flutningsmaður (*Þórhallur Bjarnarson*): Eins og h. þingdm. eflaust hafa rennt grun í, er sú hugmynd, sem til framkvæmdar á að koma með þessu frumv., ekki fyrst komin upp hjá okkur flutningsmönnunum. Menn munu eflaust kannast við, hvaðan hún muni vera sprottin. Hún hefir áður verið vakin af manni, sem lengi og með sóma hefir átt sæti í þessum sal, og sem hvert kjördæmi teldi sjer heiður að senda hingað framvegis, ef hann vildi gefa kost á sjer, og vjer mundum allir segja velkominn í löggjafarstarfið. Það vita allir, að það er stofnari Söfnunarsjóðsins, prestaskólakennari síra Eiríkur Briem, sem jeg á við. Það, sem er nýtt frá okkur flutningsm., er það, að við höfum komið þessari hugmynd í lagafrumvarps form. Þó vil jeg taka það fram, að faðir þessarar hugmyndar var eigi fyrsti hvatamaður þess, að málið kæmi nú inn á þingið. Máli þessu var af töluverðum áhuga hreift við mig í mínu kjördæmi, að vísu ekki á þingmálafundi, heldur utan fundar. Út af því fór jeg að bera mig saman við þennan mann, sem jeg nefndi, og rjeðst svo í að bera málið hjer fram ásamt h. samflutningsm. mínum.

Frumvarpið sjálft er, eins og menn sjá, óbrotið og greitt aðgöngu. Aðalefni

þess er fólgið í 1. gr., sem sje það, að taka 1% af hverjum erfðahluta og dánargjöf, er hverfur undir einstaka menn, þegar dánarbúi er skipt, og skal setja þetta fje, undir nafni arftakenda, á æfinlega erfingjarentu í Söfnunarsjóði Íslands. Þó skal ekki taka þetta fje, nema dánarbúið, að skuldum frádregnum, nemi 200 kr. Þetta er gjört til þess að gjöra ekki sýslumönnum of mikið ómak, eða auka ekki að neinum mun störf þeirra. Það er ekki ætlazt til, að fjeð sje tekið nema af þeim upphæðum, sem hvort sem er á að greiða erfðafjárskatt af, og verður fyrirhöfn sýslumanna því aðal-lega fólgin í því einu, að koma fjenu í Söfnunarsjóðinn, eins og segir í 2. gr. frumv. Þessi fyrirhöfn verður sýslumönnum því ekki tilfinnanleg. Það er lítið meira en ómakið, sem þingið er núna að ljetta af þeim með afnámi fasteignarsölugjaldsins.

Við flutningsm. förum ekki fram á meira en að tekin verði 1% af hverjum erfðahluta. Þetta er svo lítil upphæð, að hún getur alls eigi dregið nokkurn mann, og sízt verður þetta gjald tilfinnanlegt, þegar þess er gætt, að það er tekið af arfi, sem kemur án ómaks eða fyrirhafnar upp í hendurnar á manni.

Þegar svo gjaldið er komið í Söfnunarsjóðinn, fer með það eins og segir í lögum hans; hálfir vextirnir leggjast árlega við höfuðstólinn, en hinn helmingurinn fellur til útborgunar til vaxaeigandanna, sem eru og verða, þegar sá helmingurinn hefir náð því að nema 10 kr. En þá getur vaknað hjá manni önnur spurning. Getur Söfnunarsjóðurinn tekið að sjer þá fyrirhöfn, sem þetta frumv. hefir í för með sjer, með þeim vinnukrapti, sem hann hefir eða kann síðar að fá? Fyrirhöfnin verður sjálfsagt töluverð með tímanum, þegar nærri hver maður á landinu, við það, að vaxtafjeð skiptist milli nýrra og nýrra erfingja, fær viðskiptabók við sjóðinn; en á hinn bóginn er því að svara, að varasjóður Söfnunarsjóðsins hlýtur að aukast að miklum mun eptir reglum sjóðsins og sjerstaklega við þessi viðskipti, meðal annars við sölu viðskiptabókanna, sem kosta 1 kr. hver, en það er tífalt meira en bókin kostar í raun og veru. Þessi aukning varasjóðsins getur gjört Söfnunarsjóðinn færan um að auka við sig nauðsynlegum vinnukrapti á komandi tíð, svo að það er eigi að óttast, að hann þurfi að leita hjálpar úr landssjóði, þó þetta frumv. verði að lögum. Þessi viðskipti við Söfnunarsjóðinn yrðu líka næsta óbrotin. Það getur ekki orðið meiri vandi að skipta þessu fje í Söfnunarsjóðnum, en að skipta úr hverri annari sparisjóðsbók. Eins er það vandalaust, að fá vextina útborgaða með því annaðhvort að sýna viðskiptabókina, eða með ávísun, eptir því sem ákveðið er í lögum sjóðsins. Viðskiptabókin er að öllu leyti sem samningur við sjóðinn, og er óþarfi að fara lengra út í það atriði. Maður getur reiknislega gjört sjer hugmynd um það, hvaða áhrif þessi lög mundu hafa fyrir landsmenn í heild sinni, eða hvað mikið safnaðist fyrir allt landið. Það sjest með því að athuga erfðafjárskattinn, sem greiddur er af öllum örfum, þegar búin nema 200 kr., með $^1/_2$%. Þrjú síðastliðin ár hefir hann að meðaltali verið um 1400 kr. Þegar maður tvöfaldar þetta erfðafjárgjald, kemur út það gjald, sem lagt yrði í Söfnunarsjóðinn árlega, og verður það eptir þessu þriggja ára meðaltali um 2800 kr. eða nákvæmar 2760 kr. Væri sú upphæð árlega lögð í Söfnunarsjóðinn og stæði þar án vaxtaútborgunar í 50 ár, eins og búast mætti við að yrði, eða því

sem næst, þá mundi hún að 50 árum liðnum vera orðin um 400,000 kr. Ef vjer gjörum svo ráð fyrir að hálfir útborgunarvextir verði greiddir á hinum næstu 50 árum, þannig, að fjeð aukist að eins um 3%, verður upphæðin orðin yfir 2 miljónir eptir 100 ár. Ef vjer svo gjörum ráð fyrir, að á 3. fimmtíu árunum verði útborguð $1^1/_2$% eða $^3/_4$ hlutar útborgunarvaxtanna og fjeð aukist að eins um $2^1/_2$%, verður upphæðin þó orðin, að þessum 50 árum liðnum, yfir 7 miljónir kr. En þrátt fyrir það þó höfuðstóllinn hafi aukizt þetta, hafa vaxtaeigendur fengið útborgað fulla hálfa miljón króna á öðrum 50 árunum, og töluvert yfir 3 miljónir á þriðju 50 árunum. Hjer er öll tímabilin áætluð leiga 4 af hundraði, sem vitanlega kann að breytast. En þessi aukning kemur eðlilega mjög misjafnlega niður, eptir því sem ættirnar klofna. Jeg hefi til gamans athugað, hvernig þessi aukning kæmi fram, ef fyrir 80 árum síðan hefði verið lagt fje á æfinlega erfingjarentu úr dánarbúi Ólafs stiptamtmanns Stephensen. Það væri nú orðið töluvert misskipt milli niðja hans, þar sem t. d. að taka einn afkomandi hans hjer í bæ ætti nú 5-falt það, sem inn var lagt, en annar afkomandi að eins $^1/_4$ af því. En þrátt fyrir þetta eina dæmi, þar sem ekki er heldur gjört ráð fyrir arfi frá millilíðunum eða öðrum ættbálkum, verður afleiðingin þó sjálfsagt sú, að fjeð dreifist til sem flestra, þegar ættirnar kvíslast í hið óendanlega, og það er einmitt hið þýðingarmesta atriði í frumv. Í hinum auðgari löndum er þjóðlífsstefnan sú, að fjeð færist á sem fæstar hendur, en á hinn bóginn myndast hópur snauðra manna kyn eptir kyn, sem æ verður snauðari. Það er bein afleiðing hinnar frjálsu samkeppni. Vjer höfum enn lítið af slíku að segja, en það kann að koma. Gegn slíkri stefnu væri slík löggjöf, sem hjer er farið fram á, einkar-heppileg. Jeg skoða þetta »princip« frumv. mjög þýðingarmikið. Með því er gefin von á ókomna tímanum um það, að hver maður, sem fæðist, fæðist til nokkurrar eignar, og verði aðnjótandi ávaxtanna af atorku feðra sinna og sparnaði hins liðna tíma.

Jeg veit, því miður, að margir vitrir menn skoða slíka safnhugsun viðsjárverða og þarf-litla, en þeir breyta sjálfir ekki eptir þessari skoðun. Þeir eru sjálfir allt af að vinna meira og meira fyrir ókomna tímann. Öll vinna er í rauninni fyrir ókomna tímann. Þegar menn byggja varanlegt smíði, kannske fyrir marga mannsaldra, stofna sjóði, gefa eitthvað til guðsþakka, sem bera á ávexti um aldur og æfi, þá er meira eða minna tekið frá hinni lifandi kynslóð handa hinni óbornu. Það stendur svo fyrir mjer, að öll þjóðrækni sje einmitt í þessu fólgin, að vinna fyrir ókomna tímann. Að spá inn í framtíðina er varúðarvert, en það þykist jeg viss um, að á 3. mannsaldri hjer í frá mundi fje það, er hjer ræðir um að leggja fyrir, vera farið að bera mikla og góða ávexti. Menn mundu þreifa á því, hvað orðið gæti úr hinum sparaða peningi, þótt lítill sje. Það mundi koma sparnaðarhugsun inn í meðvitund manna, og vekja bjartari vonir hjá þeim mönnum, er kyn eptir kyn hafa barizt við böl fátæktarinnar, svo þeir sjá betri tíð fram undan fyrir börnin sín og barnabörnin. Þeim er fjársjóður geymdur, sívaxandi, þótt hægt fari, sem getur styrkt þau í baráttunni fyrir lífinu, lypt þeim á hærra menningarstig, gefur vonir um, að þeim líði betur en feðrunum. Ef slík von gæti vaknað og glæðzt, þá hlyti það að hafa stórmikla þýðingu fyrir þjóð vora.

Eptir skoðun okkar flutningsmanna væri með þessari löggjöf hægt með svo litlu, að gjöra svo mikið gott, að við berum það traust til h. þingd., að hún leyfi málinu fram að ganga. Málið kemur seint inn á þing, enda hugsum við flutningsm. vart, að það verði samþykkt til fulls á þessu þingi, en á hinu vildum við eiga von, að heyra undirtektir h. þm. með og móti, svo að þjóðin geti því betur hugsað málið og kynnt sjer það til næsta þings.

Við flutningsm. teljum nefnd ekki nauðsynlega, en felum auðvitað hinni h. deild alla meðferð málsins.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um fjárforræði ómyndugra (C. 2, 87); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Það tókst svo heppilega til, að nefndin varð sammála í því, að taka frumv. til ýtarlegrar yfirvegunar og að lagfæra það í þeim greinum, sem henni þótti nauðsynlegar. Að vísu hefir einn hinna h. meðnefndarmanna minna gert litla athugasemd, sem hljóðar svo, að hann getur ekki álitið, að brýn nauðsyn sje til að breyta núgildandi lögum í þessu efni, og hins vegar sje nú ekki heppilegur tími til þess á aukaþingi, en að öðru leyti hefur þessi h. meðnefndarm., eins og hann hefur lýst yfir í nefndarálitinu, tekið þátt í öllum breytingum nefndarinnar, og þetta sýnir, að hann er hlynntur málinu í aðal-efninu. Þar af leiðandi vona jeg, að frumv. fái meira álit á sig í augum hinnar h. deildar af því, að þessi h. nefndarm. hefur tekið þátt í því með hinum öðrum nefndarmönnum, að laga frumv., þar sem þurfti.

Viðvíkjandi breytingum er óþarfi að skýra þær hjer eða fyr en við 2. umr. En í stuttu máli eru breytingarnar mest orðabreytingar til lagfæringar, en ekki efnisbreytingar, nema ein breytingin.

Þetta mál var rætt á síðasta þingi, svo eigi virðist vera þörf á löngum umræðum um það nú, en af því málið þá var rætt mestmegnis í h. Ed., þá skal jeg að þessu sinni taka fram hin helztu atriði, sem hjer eru breytt frá því, sem er í núgildandi lögum, af því jeg ímynda mjer, að h. þingm. hjer í deild muni ekki hafa hlustað á umræðurnar um þetta mál í fyrra, eða sett sig inn í það til hlítar.

Fyrsta breytingin er sú, að frændsemisrjettur skyldmenna til fjárforráða fellur úr gildi, nema hvað snertir feður ómyndugra barna. Í eldri lögum, DL 17. kap., er ætlazt til þess, að frændur hafi rjett til fjárhalds svo langt niður, sem sýslumaður getur rakið skyldleikann, fyrst feður, þá bræður, hálfbræður og svo áfram; vitaskuld er það, að þessu hefur sjaldan verið fylgt og sjaldan verið rakið langt niður á við; en reynslan hefur sýnt, að skyldmenni eru ekki betri fjárráðamenn en hver annar vandalaus, ærlegur maður, og þegar þess er gætt, að yfir-fjárráðandi t. d. sýslumaðurinn, hefir bæði siðferðislega og lagalega ábyrgð á fjenu, þá er eðlilegt, að hann hafi óbundnar hendur til þess, að velja fyrir fjárráðamann þann, er honum lízt bezt til þess fallinn.

Önnur breytingin er á hinni árlegu skilagrein, er gjöra skal fyrir fjárforræði ómyndugra. Í lögum 18. febr. 1847 standa þau ákvæði, að ef fjármunir hins ómynduga eru eigi full 20 hundruð á landsvísu, þarf fjárhaldsmaður eigi að skýra frá fjárhaldi sínu á hverju ári; jeg ímynda mjer, að allir hljóti að játa, að eigi þarf síður eptirlit með því fje, sem er minna en 20 hundruð á landsvísu; það eru fátæklingar, sem hjer eiga hlut að máli, og

þeim mun vera meiri þörf á en öðrum efnaðri, að fje þeirra tapist eigi; svo er það annað, að þessi kvöð á fjárráðamanni er ekki mikil. Mjer sýnist skilagrein vera sjálfsögð, hvenær sem einhver hefur fje frá öðrum, opinberum sjóði eða einstökum mönnum tilheyrandi, og hvort sem fjeð er mikið eða lítið. Breytingu í þessu efni vona jeg, að allir fallist á. Vitaskuld er það, að í lögum frá 1847 standa þau ákvæði, að sýslumaður geti heimtað skilagrein af fjárráðamanni (þess fjár, sem eigi eru full 20 hundruð eða minna), þegar honum sýnist hegðun fjárráðamannsins í nokkru ískyggileg. Þetta eru svo hörð ákvæði í núgildandi lögum, að flestir yfirboðarar munu hlíðra sjer við, að beita þeim; því að heimti yfirfjárráðamaður skilagrein, þá liggur í því grunur um óráðvendni eða ráðleysi gegn fjárráðamanni, sem hlýtur að kasta skugga á hann.

Jeg segi fyrir mitt leyti, að hefði jeg verið fjárráðamaður yfir svo litlu fje, hefði jeg kosið að gefa sýslumanni árlega skýrslu yfir fjárhaldið, hvort sem hann hefði mælzt til þess eða eigi; en hefði það komið fyrir, að jeg hefði nú ekki sent slíka skilagrein og sýslumaður þá farið að heimta hana, þá hefði jeg skoðað það sem tortryggni, sem grunsemd um óráðvendni eða ráðleysi, og því skilað fjárhaldinu af mjer sem fyrsta Yfir höfuð eru þessi ákvæði hinna núgildandi laga svo löguð, að þeim verður ekki beitt, og koma því ekki að notum.

Enn fremur er breyting gerð á þóknun fjárráðamanna. Í tilskipun 1847, 5. gr. stendur: »Enginn fjárhaldsmaður á rjett á að heimta þóknun fyrir fjárhald sitt, nema því að eins að fje hins ómynduga sje 20 hundruð eða meira, svo framarlega sem eigi þurfi þar af að taka hinum ómynduga til framfæris svo mikið, að fjeð vinnist upp«; fjárráðamaður fær þá, þegar svo á stendur, 1/6 hluta af vöxtunum, hvort sem fyrirhöfnin við fjárhaldið er mikil eða lítil; því fyrirhöfnin miðast ekki við fjárupphæðina, heldur í hverju fjármunirnir eru fólgnir.

Setjum t. d. að allt fjeð sje í veðskuldabrjefum, eða að sýslumaður hafi selt fjármuni hins ómynduga á uppboði, og sett fjeð á vöxtu í opinberum sjóði, þá er fyrirhöfn fjárráðamanns engin, en þó getur hann tekið sinn sjötta part af afgangi vaxtanna. En aptur á móti, þegar fjármunirnir eru litlir, t. d. ein lítil jörð, og sem skiptist milli margra ómyndugra erfingja eða margir smáir jarðarpartar í ýmsum jörðum víðsvegar, þá virðist ósanngjarnt, að skylda vandalausan mann til að taka að sjer umsjón með þessum fjármunum endurgjaldslaust; því hjer getur fyrirhöfnin orðið töluverð við að kalla inn afgjöld og koma þeim í peninga, byggja jarðarpartana og sjá um meðgjöfina; þetta allt á fjárráðamaðurinn eptir gömlu lögunum að gjöra endurgjaldslaust, og hafa ábyrgð á því. Þess vegna hef jeg farið fram á; að hvort heldur fjármunirnir eru fasteign eða peningar, og hvort heldur hærri eða lægri (ɔ: er 20 hndr. á landsvísu), þá fær fjárráðamaður 10% af fasteignargjöldunum, en 4% af peningaleigum hins ómynduga. Það er engin reynsla fyrir því, að eptirlit með litlu fjárhaldi er opt sára lítil, af því líka að borgunin er engin, og það svo, að tapazt hefur jafnvel 100% af vöxtunum, og ef til vill nokkuð af höfuðstólnum.

Enn fremur er í frumv. farið fram á breytingu á því atriði í hinum núgildandi lögum, hvar fje hins ómynduga eigi að ávaxtast; sú breyting á frumv.

verður þó eigi svo stórvæg, et breyt.-till. nefndarinnar á þessu atriði verður samþykkt.

Samkvæmt núgildandi lögum má ávaxta fjármuni hins ómynduga hjá einstökum mönnum, móti lausafjár- eða fasteignarveði; enn fremur í öllum sjóðum, er hafa rjett til að taka fje á leigu samkvæmt lögum um hlunnindi sparisjóða. Þetta frumv. útilokar alla sparisjóði nema 3, í Reykjavík, á Ísafirði og Akureyri; þó hefir nefndin eins og sjá má víkkað nokkuð ákvæðin hjer að lútandi í frumv. (10. gr.).

Jeg fyrir mitt leyti hefði helzt kosið þau ákvæði, að peningar ómyndugra skyldu ávaxtast í Landsbankanum, en jeg hef til samkomulags við mína meðnefndarmenn gengið inn á þetta, eins og þeir aptur á móti hafa gengið inn á mínar skoðanir í sumum atriðum. Þó held jeg enn minni skoðun á því, að ómyndugra fje væri bezt geymt í opinberum sjóði, og hins vegar má búast við, að þegar það er lánað út meðal almennings, til ýmsra þarfa, þá er fyrirhöfnin við fjárhaldið meiri og minni trygging fyrir góðum skilum; svo er enn með sparisjóðina, að þeir gefa minni vexti.

Enn skal jeg geta þess, að í frumv. eru ótvíræðari og greinilegri ákvæði um það, að hvort sem fjeð er mikið eða lítið, þá skuli setja það á vöxtu meðan það er að eyðast hinum ómynduga til framfæris; í núgildandi lögum eru ákvæðin um þetta atriði óljós, þar segir (Tilsk. 18. febr. 1847, 4. gr.): »Ef fjármunirnir eru eigi full 20 hndr. á landsvísu, þá skal yfirfjárráðandi gera samning við fjárhaldsmann um það, hve miklu fje megi verja hinum ómynduga til framfæris« o. s. frv. Slíkur samningur er óheppilegur, af því ástæður hins ómynduga geta breytzt á margra ára tíma; svo er heldur ekki skýlaust tekið fram, hvort fjeð skuli setja á vöxtu eða eigi. Nú veit jeg til þess, að það hefir hent, að menn hafa látið allt fjeð eyðast smátt og smátt, þó það sýnist vera eðlilegast, að láta fjeð ávaxtast eptir því sem hægt er. Jeg þori reyndar ekki að fullyrða, að eigi megi finna í tilsk. 18. febr. 1847 ákvæði um þetta, en hitt er víst, að þau eru ekki nákvæm og almenningi veitir erfitt að finna þau.

Enn fremur er þetta frumv. styttra og aðgengilegra fyrir allan almenning; í tilskip. 18. febr. 1847 og DL. XVII. kap. 3. b. eru svo mörg ákvæði, sem alþýða ekki getur botnað í, og sum þeirra snerta ekki frekar þetta mál en önnur.

Loksins eru með frumv. felld úr gildi ýms ákvæði, sem jeg ímynda mjer engin eptirsjón sje í, t. d., að stjúpfaðir megi eigi vera fjárhaldsmaður stjúpbarna sinna, eða laungetinn sonur eiginkonu sonar, eða festarmaður konuefnis síns; jeg vona að allir kannist við, að þetta eru gamaldags kreddur og með öllu óþarfar; því hver skyldi betur annast hag stjúpbarna en stjúpfaðir og hver mundi vera meir velviljaður festarmey en mannsefni hennar? Öll þessi ákvæði þótti mjer og h. meðnefndarmönnum mínum óþörf. Svo höfum við fellt í burtu ýmsar reglur í hinum núgildandi lögum, sem eiga ekki frekar heima hjer en hvar sem helzt annarsstaðar. Jeg skal að svo komnu eigi eyða fleiri orðum um þetta mál, á meðan engin mótmæli koma fram; jeg vona, að h. deild að minnsta kosti lofi málinu til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um breyting á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum (C. 52); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu orðalaust vísað til 2. umr. með 17 : 1 atkv.

Frumv. til viðaukalaga um prentsmiðjur 4. des. 1886 (C. 5); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþykkt orðalaust í einu hljóði og afgr. síðan til efri deildar.

Frumv. til viðaukalaga við lög 13. apríl 1894 um samþykktir til að friða skóg og mel (C. 35); 1. umr.

Frumv. tekið aptur af flutningsmönnum.

Frumv. til laga til að gera samþykktir um hindrun sandfoks og um sandgræðslu (C. 64); 1. umr.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Jeg vil fyrst og fremst geta þess, að það er athugavert við 1. gr. frumv., að þar stendur: um hindrun sandfoks og sandgræðslu, en á að vera: um hindrun sandfoks og um sandgræðslu. Hjer hefir »um« fallið úr, en má laga það við 2. umr.

Í tilefni af því, að 2 lögfróðir menn hafa bent okkur flutningsm. á, að rjettara sje, að koma fram með frumv. til gagngjörðra samþykktarlaga um þetta mál, þá höfum vjer leyft okkur að leggja þetta frumv. fyrir þessa h. deild, og jeg skal jafnframt taka það fram, að við flutningsm. þessa frumv. tökum hjer með aptur frumv. á þingskj. 26 (C. 35). Svo skal jeg ekki fjölyrða frekar um þetta frumv. að sinni, sem í raun og veru er hið sama að efninu til og hitt, sem tekið er aptur, sem fjekk mikið fremur góðan framgang á meðan það lá hjer fyrir; vona jeg, að h. deild taki þessu frumv. eins vel og lofi því nú að ganga sinn gang hjer í deildinni fyrir það fyrsta til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með öllum þorra atkv.

Tillaga til þingsályktunar um innflutningstoll af íslenzkri síld í Rússlandi (C. 59); ein umr.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Það er kunnugt, hversu miklar tekjur bæði landsmenn og landssjóður höfðu af síldarveiðum árin 1880—81, og sömuleiðis, hversu skjótlega þær minnkuðu aptur. Aðalorsökin til þess var sú, að síldin lagðist þá frá landinu um stund, vegna hafíss, og eins að verðið á íslenzkri síld lækkaði talsvert. Fór þá norskum síldarveiðamönnum að fækka, en landsmenn fóru að byrja á því, að veiða síld í net, bæði til beitu og verzlunarvöru; var sú veiði helzt stunduð með hagnaði nokkrum norðan- og austanlands. En árið 1888 lögðu Rússar svo mikinn toll á innflutta síld, að skotið var loku fyrir, að hægt væri að flytja íslenzka síld til þeirra.

Árið 1880 og þar í kring um var verðið á síldartunnunni 16 til 24 krónur og árið 1885 12—16 kr., en eptir það, að þessi hái innflutningstollur komst á í Rússlandi, hefir íslenzk síld sjaldan selzt meira en 8 til 12 krónur tunnan.

Það er einkennilegt við íslenzku síldina, að hún er stærri en síld sú, sem veiðist bæði í Skotlandi, Hollandi og að mestu leyti í Noregi og víðar; er hún því víðast óútgengileg vara nema helzt í Rússlandi og í Svíþjóð; þar voru helztu markaðirnir fyrir íslenzka síld; þess vegna varð það stór skaði fyrir Íslendinga, þegar tollurinn á henni innfluttri í Rússlandi hækkaði á hverri tunnu í 8 krónur og 50 aura.

Af því jeg ætla mjer að vera fáorður um þetta mál, vil jeg leyfa mjer að vísu til greinar í »Ísafold«, þar sem ýtarlega er skýrt frá þessu málefni. Þar er sagt svo frá:

»Einmitt nú stendur svo á, að Rússar og Danir eru að gjöra nýjan toll- eða verzlunarsamning sín á milli« o. s. frv.

Þessi frásögn er orsökin til þess, að við flutningsm. höfum leyft oss að koma fram með þessa þingsályktun, og væri vel farið, ef hún gæti orðið til þess, að tollur á síld lækkaði. Jeg skal geta þess, að nú vill svo heppilega til, að hjer er nýkominn maður frá útlöndum, sem er kunnugur í íslenzka ministeríinu, og segir hann, að enn sje ekkert afráðið í Danmörku með tollsamninginn við Rússland, svo vonandi er, að þetta málefni komi ekki of seint.

Jeg ætla mjer ekki að tala frekara í þessu máli; allir sjá, hversu gott og gagnlegt það væri, að tollurinn lækkaði, ef kostur er á. Jeg er sannfærður um, að ef innflutningstollurinn í Rússlandi lækkaði að mun, þá mundi það talsvert auka atvinnu margra sjómanna hjer á landi, einkum á Eyjafirði og Austfjörðum.

ATKV.GR.: Till. samþ. í einu hlj. og afgr. síðan til efri deildar.

Till. til þingsályktunar um áfangastaði (C. 51); síðari umr.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Þegar jeg í upphafi þessa máls stakk upp á, að hafðar væru 2 umræður um það, þá var sú meining mín með því, að h. þingdm. gætu átt kost á, að koma fram með viðauka við tillöguna, ef einhver þeirra áliti hentugt, að leitað væri upplýsinga í sínu kjördæmi; en þetta hefir ekki komið fram; hjer liggur engin breyting fyrir. Jeg minnist þess ekki, hvort jeg gat þess um daginn, að vjer uppástungumenn höfðum hugsað okkur upphaflega, að koma fram með lagafrumv. um áfangastaði, en við nákvæmari yfirvegun álitum vjer, að heppilegra væri, að leitað væri fyrst álits sýslunefnda og þeirra manna, sem við lögin eiga að búa. Vjer álitum, að með lögum þessum ætti að veita sýslunefndum heimild til að ákveða, hvar áfangastaðir ættu að vera í sýslunni, og enn fremur greiða þóknunina úr sýslusjóði þeim, sem þola verða átroðninginn af áfangastöðunum. Oss virðist, að eigi væri hagfellt að taka slíkt gjald af landssjóði, og þaðan af síður af ferðamönnum, þannig, að hver ætti að greiða fyrir sína hesta í hvert skipti; það mundi reynast erfiðleikum bundið, eptir því sem peningaástand manna er nú. Æskilegt væri, að þetta álit sýslunefnda væri fengið, þegar þing kemur næst saman, svo lög um þetta efni yrðu þá samin.

Jafnframt því, sem þar verður ákveðið um reglubundna áfangastaði, þyrfti jafnframt að ákveða, hvern rjett ferðamenn almennt hafa, sem hvíla fáa hesta litla stund í landareign þeirra, sem við þjóðvegi og alfaravegi búa, og hvern rjett landráðendur aptur hafa gagnvart ferðamönnum; ákvæði um þetta í Jónsbókar-landsleigubálki, kap. 37, eru orðin gömul og ekki alls kostar fullnægjandi.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. með 16 atkv., og afgreidd síðan til landsh. sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Tillaga til þingsályktunar um afmælisminning alþingis (C. 76); ein umr.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg leyfi mjer að gjöra ráð fyrir, að þótt þessi tillaga sje stutt og látlaus, þá muni hún þó snerta þá strengi í hjörtum h. þingdm., að þeir rómi betri og innilegri meðmæli með henni en orð mín mundu geta gjört. Jeg skal því ekki fjölyrða um þetta mál, en vil aðeins taka það fram, að enda þótt vjer allir munum finna til þess, að alþingi hvorki hafi nje hafi haft eins mikla þýðingu fyrir löggjöf og landsstjórn, eins og menn vildu óska, og aldri þess er samboðin, þá muni hinir háttv. þm. álíta sjer skylt, að sýna því allan þann

sóma, sem í þeirra valdi stendur. Það er og álit mitt, að þetta gæti og orðið til þess, að efla mátt þess og megin framvegis.

Jeg fyrir mitt leyti hefi ekki viljað koma fram með neina ákveðna tillögu frá sjálfum mjer, heldur álít jeg rjettara að það komi frá nefnd þeirri, er jeg vona að kosin verði í málið; jeg vil að eins leyfa mjer að stinga upp á, að í hana verði skipaðir 5 menn.

ATKV.GR.: Samþ. með 12 atkv., að kjósa 5 manna nefnd í málið. Þessir hlutu kosningu:

Benedikt Sveinsson	með	17 atkv.
Tryggvi Gunnarsson	—	15 —
Ólafur Briem	—	12 —
Þórhallur Bjarnarson	—	12 —
Skúli Thoroddsen	—	10 —

og eptir hlutkesti milli hans og Sig. Gunnarssonar.

Tillaga til þingsályktunar um frönsku húsin (C. 89); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á, að málið skyldi rætt í einni umr., og var það samþ.

Forseti fór þess á leit, að landshöfðingi veitti leyfi til, að tekin væri fyrir eitt eða fleiri af þeim málum, er stóðu á dagskrá daginn áður, og eigi urðu þá rædd, en landshöfðingi færðist undan að veita þetta leyfi, og var það því eigi borið undir atkvæði deildarinnar.

Fimmtándi fundur, föstudag 17. ágúst kl. 12 á hád.. Allir á fundi nema Jón Jónsson, 1. þm. Eyf., sem hafði fengið leyfi forseta til að vera burtu.

Forseti skýrði frá, að hann hefði meðtekið brjef landshöfðingja um, að hann væri viðbúinn að svara fyrirspurn Skúla Thoroddsens næstkomandi laugardag 18. ágúst.

Frv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 53, 63); 3. umr.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla að leyfa mjer áður, en gengið er til atkvæða, að gjöra nokkra grein fyrir atkvæði mínu. Jeg finn sjerstaklega hvöt til að gjöra þetta, af því, að þótt jeg greiði atkv. með frumv., þá er jeg ekki samdóma h. flutningsm. (B. Sv.) um ýms atriði, er hann hefur borið fram máli sínu til stuðnings við 1. og 2. umr. Það er alls eigi ágreiningur milli okkar um það, að Íslendingar eigi og þurfi að njóta sem bezt arðsins af verzlun sinni; heldur ekki um það, að þetta frumv. geti stutt að því. En jeg er aptur á móti hvorki samdóma h. flutningsm. (B. Sv.) um það, að frumv. sje eins þýðingarmikið meðal, eins og hann telur það vera, til þess að gjöra verzlunina í sannleika innlenda, nje heldur í því, að önnur meðul sem hann nefndi sjeu eins lítils virði til þess, eins og hann taldi þau vera. Jeg á sjerstaklega við kaupfjelögin; um þau greinir okkur á. H. flutningsm. (B. Sv.) benti á að kaupfjelögin væru neyðarúrræði þjóðarinnar, sem hún hefði gripið til, til þess að reyna að losast við selstöðuverzlunina; mjer skildist svo, að hann nefndi þau nokkurs konar neyðaróp þjóðarinnar. Jeg vil ekki greiða atkv. með málinu, án þess að mótmæla þessu áliti, og án þess að láta í ljósi skoðun mína á kaupfjelögunum. Jeg álít þau einmitt vera eitt hið heppilegasta meðal til að ná þeim tilgangi, sem frumv. vill ná. Jeg skoða fjelögin langt frá því, að vera neyðarúrræði eða til bráðabirgða; jeg ætla þvert á móti, og jeg hef góða von um, að þau muni bæði verða til hagsbóta og frambúðar fyrir land og lýð, einkum ef kaupfjelögin komast í það horf, að taka sjer enskan kaupfjelagsskap til fyrirmyndar. Jeg álít að kaupfjelögin hafi mikið fram yfir

jafnvel innlenda kaupmannaverzlun. Jeg skal leitast við að skýra með dæmi, í hverju jeg meðal annars tel yfirburði þeirra fólgna. Jeg hefi áður gert það opinberlega, þótt ekki sje í þessum sal, og skal gera það enn. Jeg vil líkja verzlunarardinum í höndum innlendra kaupmanna við vatn í fáum nokkuð djúpum farvegum, því miður of djúpum; vatni þessu má að vísu veita um dálítið svæði kringum farvegina og frjóvga það, en það nær þó harla skammt. En í höndum kaupfjelaganna líki jeg honum við seitlveitu eða frjóvgandi dögg fyrir þjóðfjelagið. H. flutningsm. (B. Sv.) kvað kaupfjelögin engan verulegan krapt hafa til að lypta landinu upp, nje til að gjöra verzlununa innlenda. Jeg hygg þvert á móti að fjelögin hafi alveg eins mikinn krapt til að lypta landinu upp í efnalegu tilliti, eins og innlend verzlunarstjett, og enn meiri krapt til að hefja það í siðferðislegu tilliti. Höfuðtakmark hinnar innlendu verzlunar er, að bera landsbúum í heild sinni sem mestan arð, og því marki og miði hygg jeg að kaupfjelögin muni fyllilega ná.

Jeg hef tekið þetta fram til að fyrbyggja, að menn ætli að jeg greiði atkvæði með frumv. alveg á sömu ástæðum sem h. flutningsm. (B. Sv.).

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg er þakklátur h. þm. S.-Þing. (P. J.) fyrir það, að hann er mjer samdóma, bæði um það, að verzlun vor eigi að vera innlend, og að frumv. muni styðja að því, að svo verði. Jeg tók það fram og jeg vona, að jeg hafi gefið glöggar ástæður fyrir því, að þetta frv. hvorki eigi að snerta kaupfjelögin, nje geti gjört það. Í því liggur einmitt skilyrði fyrir því, að kaupfjelögin geti haldið áfram tilveru sinni á rjettan hátt, en ekki rangan, og sýnt þroskaafl sitt gagnvart hinum innlendu kaupmönnum, sem eru hinir eðlilegu viðskiptamenn þeirra, en ekki erlendir umboðsmenn.

Jeg finn ekki ástæðu til, gagnvart hinum góðu vonum h. þm. um að kaupfjelögin muni reisa landið við, að fjölyrða um mínar vonir um það, hverju innlendir kaupmenn muni til vegar koma gagnvart kaupfjelögunum. Það er bezt að láta reynsluna skera úr slíku máli, því að vjer megum vænta þess, að það fyrirkomulagið, sem heppilegra er, þróist, en hitt muni víkja til baka, nema svo fari, sem jeg ætla sjálfsagt, að hvorttveggja geti orðið samhliða og stutt hvað annað, innlendir kaupmenn og kaupfjelög.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vil stuttlega athuga, hvernig frumv. lítur nú út, eptir að síðari hluti 1. gr. var felldur burt úr því við 2. umr. 1. gr. hljóðar þannig: »Enginn má framvegis stofna eða reka fasta verzlun hjer á landi, nema hann sje hjer búsettur, haldi hjer dúk og disk«. Það er auðsjeð, að tilgangurinn með þessu ákvæði er sá, að gjöra alla verzlun landsins innlenda. En í lögum frá 2. des. 1887 stendur svo í 1. gr. »Lausakaupmaður, sem enga fasta verzlun rekur hjer á landi, getur fengið heimild til að verzla á skipi annarsstaðar en á löggiltum höfnum«. Með þessu frumv. sem hjer liggur fyrir er þetta lagaákvæði ekki upphafið; lausakaupmenn geta eptir því verzlað á öllum löggiltum höfnum og ólöggiltum hafnleysum líka. Er nú þetta frumv. fullkomið til þess að gjöra verzlunina alinnlenda? Er samkvæmni í þeim lagabálki? Þar sem í öðru orðinu á að gjöra verzlunina alinnlenda, en í hinu orðinu er sagt, að hver útlendur maður, sem vilji, megi koma hjer og verzla við landsbúa svo mikið sem hann geti. Hvort útlendur maður verzlar við landsmenn

20 faðma fyrir framan eða ofan fjörusteinana, sýnist mjer koma í sama stað niður, og jafn mikið stríða gegn því, að öll verzlun landsins verði innlend. Er h. flutningsm. (B. Sv.) ánægður með þetta? Vill hann í fullri alvöru, að svo margir lausakaupmenn sem vilja geti komið og hrifsað verzlunina úr höndum þeirra innlendu kaupmanna, sem hann með þessu frumv. er að búa til? Jeg get ekki skilið, að h. flutningsm. (B. Sv.) sje sjálfur ánægður með frv. þetta, og vona, að hann muni sjá, að eins og það liggur nú fyrir, muni það verða harla gagnslítið; það var þó hóti meiri meining í frumv. eins og það var fyrst, sem sje, að engir aðrir en búsettir kaupmenn mættu reka verzlun hjer á landi. Jeg skal taka dæmi, til að sýna, hve fjarri það er því sanna, að verzlunin verði innlend fyrir það, þótt frumv. verði að lögum. Setjum svo, að einn eða fleiri af hinum útlendu kaupmönnum þeim, sem nú reka fasta verzlun hjer, hættu að verzla á landi, eptir að lög þessi komast í gildi, en sendu svo aptur mörg skip upp til landsins til lausakaupa og rækju svo meiri verzlun frá skipum sínum á víkum og vogum, en þeir nokkru sinni höfðu áður, við fastaverzlun sína í landi, mundi arðurinn af slíkri verzlun renna inn í landið? Jeg held ekki; meira að segja: þeir greiða miklu minni bein gjöld til almannaþarfa, því þeir losast að mestu leyti við þau gjöld, sem þeir urðu að greiða hjer í landi til sveitar og landssjóðs m. m. á meðan þeir ráku hjer fastaverzlun.

Jeg þekki annað miklu kröptugra meðal en þetta frumv. til þess að gjöra verzlunina innlenda. Sje það í raun og sannleika þjóðarviljinn, að fá hjer al-innlenda verzlun, þá er til ofur-einfalt ráð til að koma þessu fljótlega í verk, og það er, að hætta að verzla við þessa útlendu kaupmenn; ef enginn vill hafa viðskipti við þá, þá geta þeir ekki þrifizt, og fara burt úr landinu með verzlan sína sjálfkrafa; það er á valdi sjálfrar þjóðarinnar, hvort hún vill hafa þessa útlendu menn og skipta við þá, eður eigi; til þessa þarf engin lög frá alþingi.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Mjer þykir illt, að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) skuli enn þá misskilja frumv., þó svo margt og mikið sje búið að taka fram honum til skilningsauka. Hann hefir, þó ótrúlegt sje, ekki veitt því eptirtekt gagnvart því sem hann tók fram, að þetta frumv. gjörir það sjálfsagt, að hin útlenda verzlun standi um óákveðinn tíma við hliðina á innlendu verzluninni. Þessi lög hafa í því tilliti þann kost, að þau vilja ekki gjöra órjett þeim sem nú reka verzlun hjer, en búa erlendis í fullu lagaleyfi samkvæmt opnu brjefi 1. júní 1792. En hvað lengi þessir útlendu kaupmenn muni reka verzlun hjer, um það getur hvorki h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) nje jeg sagt. Það afl, sem þetta frumv. hefir til að gjöra verzlunina innlenda, það er fólgið í ókomna tímanum. En ef vjer nú ætlum að fara að takmarka rjett lausakaupmannanna, þá yrði það til þess að styðja og festa þá hina sömu fastakaupmenn hjer á landi, sem frumv. miðar til að bægja burtu frá landinu, nefnilega selstöðukaupmennina; því að, eins og jeg tók fram um daginn, þá hljóta lausakaupmennirnir að verða innlendum kaupmönnum hjer til þæginda og hagsmuna, því að þeir munu sjá hag sinn í, að selja farma sína í heilu lagi tímatafarlaust til hinna innlendu fastakaupmanna, með miklu betra verði en þeir með löngum tíma og því með ærnum kostnaði geta selt þá smám saman landsmönnum, og þá geta þeir ómögulega dregið verzlunina

úr höndum hinna búsettu kaupmanna. Það er auðsætt, hve miklu þægilegra það er fyrir lausakaupmanninn að geta selt allan farm sinn í einu, en að selja hann í smáskömmtum á löngum tíma og á mörgum stöðum, og að hann á þann hátt muni geta selt hann með miklu betra verði en ella. Ef vjer vildum setja lausakaupmönnum nú þau takmörk, sem mjer skildist h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) vilja, þá væri það sama eins og ef jeg vildi velta stórum steini hjer úti á götunni, og jeg bæði h. þm. (Tr. G.) að ganga á steininn móti mjer og velta honum í gagnstæða átt. Honum mundi þó naumast finnast það beinasta ráðið fyrir mig til að koma steininum áfram. Það yrði með öðrum orðum til þess, að festa selstöðukaupmennina í sessinum, í staðinn fyrir að losa landið við þá. Nei, það er einmitt samkvæmt »principi« frumv., að lofa lausakaupmönnum að reka hjer verzlun, að minnsta kosti fyrst um sinn. Og það situr sízt á h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) að sporna á móti slíku; hann ætti manna bezt að finna til þess, að bankinn ætti að vera svo öflugur að hann gæti hjálpað innlendum kaupmönnum til að kaupa heila farma af lausakaupmönnum; jeg skal taka til dæmis timburfarma, í stað þess sem þeir nú þurfa að selja tylft og tylft, og það opt á óhentugum tíma fyrir bændur. Jeg veit dæmi til þess, að bændur hafa heldur kosið, að kaupa timbur af kaupmönnum en lausakaupmönnum, þótt það hafi verið nokkru dýrara, og þeir hafa talið sjer hag að því, af því að þeir hafa getað vitjað þess á haganlegasta tíma fyrir sig hjá kaupmanninum.

Mótbárur h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) gætu þá fyrst, ef til vill, komið til greina, er engir útlendir kaupmenn rækju hjer verzlun, en þá koma tímar og þá koma ráð til þess að bæta úr því á skynsamlegan hátt, á þann hátt, er kemur bezt bæði bændum og kaupmönnum, og stuðli jafnframt að því að landið njóti verzlunararðsins, því það eru þessar tvær hliðar málsins, sem hjer þarf að taka jafnhliða til greina.

Jón Jensson: H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) gat þess við síðustu umræðu, að minni hluti kaupmanna hjer væri útlendur, en að þessi minni hluti ætti þó meiri hluta fjár þess, sem verzlunin væri rekin með; hann gat þess líka, að ef þetta frv. yrði samþykkt, þá mundi þessi meiri hluti verzlunarfjárins eiga að hverfa úr landinu. H. flutningsm. (B. Sv.) svaraði því svo, að hann væri ekki hræddur við þetta, því að vjer þyrftum ekki aðfengið fje til að reka með verzlun vora; það mundi myndast nægilegt fje við verzlunina sjálfa til að reka hana með. Jeg játa, að það er ekki efamál að hægt sje að græða á verzlun, og það því hægra, því meira sem hún er einokuð, og þetta frumv. virðist mjer einmitt benda í einokunaráttina. Ef á það eitt væri að líta, að koma hjer upp verzlunarstjett, sem hefði sem mesta peninga í höndum, þá væri sjálfsagt bezta ráðið til þess, að koma allri verzluninni í sem fæstra hendur. Því verður ekki neitað, að það er gott að hafa ríka menn í landinu, en ekki er það nema óbeinn hagur, sem af því leiðir, en jeg legg mesta áherzlu á hinn beina hag, á það, að arðurinn af verzluninn komi sem hagkvæmast niður og verði sem mestur, eða með öðrum orðum, að verzlunin verði sem hagstæðust fyrir almenning. En vegurinn til þess er ekki sá, að hrinda frá sjer kapítalinu, því að hingað til hefir það verið talið hægra að reka hagfelda verzlun með miklu fje en með litlu fje. Jeg er hræddur um, að h. flutningsm. (B. Sv.) einblíni um of á hinn óbeina hag, en gæti síður hins beina.

Jeg hefi ekki getað sannfærzt af ræðum h. flutningsm. (B. Sv.) um, að verzlunin muni mynda hjer stórt kapítal, nema þá því að eins, að hún verði almenningi óhagstæð, og því hefi jeg ekki heldur getað sannfærzt um, að þetta lagafrv. miði til að gjöra verzlunina hagstæða, og álít jeg þó meira undir því komið en hinu, að koma upp fáeinum auðmönnum. En vilji menn endilega koma upp þessum auðmönnum, þá er hægur vegur til þess með því, að gefa þeim leyfi til að einoka verzlunina, eins og mjer sýnist vera grundvallarhugsunin í frumv. Að því er kaupfjelögin snertir, fæ jeg ekki betur sjeð en að þau reki verzlun sína með útlendu fje.

Jeg skal leyfa mjer að taka upp aptur nokkuð af því, sem jeg sagði við 1. umr., af því, að mjer fannst h. flutningsm. (B. Sv.) ekki hafa skilið það. Mjer finnst nefnilega frumv. þetta ekki vera í samræmi við gildandi lög. Eptir þessum lögum á yfirhylmingarlausu broti, sem útlendingur gjörir sig sekan í, og sem fólgið er í því, að hann rekur eða lætur reka hjer verzlun án þess að hafa til þess fengið leyfisbrjef, að hegna með allt að 5000 kr. sekt, en gjöri innlendur maður sig sekan í sams konar broti, á að hegna honum að eins með allt að 100 kr. sekt. Í þessu finnst mjer engin samkvæmni, og hvað vænt sem oss kann að þykja um innlenda kaupmenn, eða vera illa við útlenda, þá sýnist þó þessi mismunur á meðferð þeirra, er þeir brjóta lögin jafnt, verða illa varinn.

Flutningsmaður (*Benedikt Sveinsson*): Jeg á í hálfgerðum vandræðum með að skilja h. þm. Rvk. (J. Jenss.); samt vil jeg gefa h. þm. (J. Jenss.) það ráð, að tala svo, að hann sje í samræmi við sjálfan sig; en það fannst mjer hann ekki vera í ræðu sinni. Fyrst segir h. þm. (J. Jenss.), að þetta frumv. miði til þess að mynda innlenda auðmenn, — en svo segir hann, að samt miði það ekki til að gera verzlunina hagstæðari, vegna þess, að innlent auðmagn sje ekki beinn hagur af verzluninni, heldur óbeinn. Þá vil jeg segja, að hefði Ísland mál og tungu, mundi það ekki skrifa undir það með h. þm. (J. Jenss.), að þessi hagur (af innlendu auðmagni) sje óbeinn hagur, eða þá hitt, að það væri minni hagur fyrir landið, þó hann aldrei gæti heitið nema óbeinn hagur. Hver er munurinn á beinum og óbeinum hag af auðmagni? Þann mun get jeg ekki sjeð, í því sambandi sem hjer ræðir um. Það má líka kalla það óbeinan hag, að vara fæst með vægu verði; landsbúum má vera sama, hvort þessi hagur (af verzluninni) er beinn eða óbeinn, því hvorttveggja er hagur, og það alveg jafn hagur fyrir landið, af því, að sá óbeini hagur miðar eins til að mynda auðmagn í landinu sjálfu, svo þessi skilgreining getur ekki raskað kostum hinnar innlendu verzlunar.

Jeg spyr h. þm. (J. Jenss.): Því skyldu innlendir, það er að segja búsettir menn, hverrar þjóðar sem þeir annars væru, ekki geta rekið og ekki mega reka hjer á landi verzlun og safna á þann hátt auðæfum, eins og kaupmenn í öðrum löndum?

H. þm. (J. Jenss.) kom fram með þá mótbáru, að jeg útilokaði auðmagnið, en drægi það ekki inn í landið — og að jeg væri þeirrar skoðunar, að Íslendingar þyrftu eigi útlent kapítal. Þetta hef jeg aldrei sagt, að Íslendingar þyrftu eigi að styðjast við útlent »kapital«; mjer hefir aldrei dottið slíkt í hug, vegna þess, að á meðan Íslendingar þurfa að hafa viðskipti við útlendar

þjóðir, hlýtur það að vera á þann hátt, að útlendingar verzli með útlent »kapital« og Íslendingar með innlent.

H. þm. (J. Jenss.) gerir hjer tvennt í einu, bæði að rangherma og misskilja. Jeg skal tilfæra honum til skilningsauka eitt dæmi upp á það, að það má hugsa sjer, að innlend verzlun, með innlendu »kapitali«, geti þroskazt; það er úr Færeyjum. Fyrir svo sem 40 árum var þar maður, sem ekki átti til í eigu sinni nema 1 spesíu og eina byssu, en eptir 30 ár átti þessi sami maður 1/2 miljón, 500 þúsund krónur — synir hans eru enn í Færeyjum og færa út kvíarnar í sama hlutfalli — og þó var þessi maður innlendur og búsettur í Færeytum. Er þá h. þm. Reykvík. (J. Jenss.) ekki mjer samdóma í því, að þessi maður hafi auðgað meira Færeyjar en hann sem selstöðukaupmaður hefði gjört, hefði hann rekið þar á sama hátt umboðsverzlun, en flutt arðinn jafnharðan til Danmerkur? — Því, eins og vjer vitum, gefur opið brjef af 1. júní 1792 eigi að eins dönskum mönnum og annara landa þegnum rjett til umboðsverzlunar hjer á landi, heldur og Íslendingum sjálfum, ef þeir vilja hafa sig til þess, að reka slíka blóðsuguverzlun á sínu eigin föðurlandi.

Að frumv. miði til einokunar er alveg ómögulegt; það er ekki einu sinni í þá áttina, heldur þvert á móti; jeg tók það ljóst fram áður í umræðunum og nú síðast gagnvart h. þm. S.-Þing. (P. J.), að það væri alls ekki meining frumv., að skerða í nokkru rjett kaupfjelaganna fram yfir það, sem vildi verða eptir reynslunni á eðlilegan hátt. Hvernig getur einokun þrifizt meðan kaupfjelögin halda kaupmönnunum í skák? Svo er naumast hægt að hugsa sjer einokun, af því, að »upplögin« hljóta að verða fleiri en eitt, að minnsta kosti 4 alls: í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og fyrir austan land. Að ímynda sjer, að einokun geti orðið milli þessara staða, á meðan líka kaupfjelögin eru frjáls og óháð, nær engri átt.

H. þm. (J. Jenss.) þóttu hegningarákvæði frumv. hörð; jeg játa að það er rjett, og jeg hef fært ástæður fyrir því áður, að þau þurfa og eiga að vera hörð; það er ekki hægt að bera þessi ákvæði saman við önnur gildandi hegningarákvæði; því hjer er að ræða um nokkuð, sem er alveg sjerstaklegt.

Jeg kannast við það, að þeir selstöðukaupmenn, sem hafa verið hjer á landi og enn eru hjer, hafa fullt lagaleyfi fyrir sig að bera, svo að löggjafarvaldið ber þar eitt ábyrgðina, þó þung sje; en þeir selstöðukaupmenn, sem ætla sjer framvegis að fara kringum hin gildandi lög, einmitt til þess að draga verzlunararðinn til sín, þeir eru rjettnefndir »landtrollarar«, og þeim eigum vjer enga vægð að sýna, eins og hæstv. landsh. tók fram í ræðu sinni gegn »sjótrollurum«.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 15 atkv. og afgr. síðan til efri deildar.

Frumv. til laga um nýbýli (C. 5. 89); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Það er engin ástæða til að tala langt um málið nú; þess er að eins að óska, að það megi komast til 2. umr. Nefndin hefir gert talsverðar breytingar á frumv., en jeg vona, að h. þingdm. átti sig á aðalstefnu nefndarinnar eptir breyt.till.

Nefndin hefir gert talsverða takmörkun á rjettinum til nýbýla, þannig, að hún útilokar algjörlega einstakra manna eign, og hins vegar hefir nefndin gert þrengri skilyrðin en í tilskipun frá 1776 viðvíkjandi eyðiplássum, afrjettum og almenningi. Þyki mönnum till. nefndarinnar eigi svo glöggar, sem æskilegt

væri, er vonandi, að menn komi fram með sínar athugasemdir, og mætti þá leiðrjetta það, sem þörf þykir á.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um undirbúning verðlagsskrda (C. 54, 76); 3. umr.

Flutningsm. (*Jón Jónsson*, þm. A.-Sk.): Við 1. umr. komu ýmsar mótbárur fram á móti þessu frumv., og þar á meðal frá h. þm. V.-Skaptf. (G. G.), er taldi enga þörf á að breyta núgildandi lögum í þessu efni, úr því eigi væri gengið lengra og grundvelli verðlagsskránna breytt. Okkur flutningsmönnum kom þetta til hugar, en við litum svo á, að það mundi vera mjög mikið vandaverk, að breyta þeim grundvelli, sem nú er, frá rótum, og að ekki mundi verða tími til slíks á þessu þingi; enda styrktist þetta álit okkar við það, hvernig málinu reiddi af á þingi 1877; þá var það mikið rætt og gekk aptur og fram á milli deildanna, en þó komust menn að engri niðurstöðu og málið fjell að lyktum; þá hugsuðu menn sjer að breyta grundvellinum og fella úr sumar vörutegundir o. s. frv.

En eins og h. þingm. mun vera kunnugt, kom þetta mál fyrir á síðasta þingi og var þá sett í nefnd; hún kom fram með nefndarálit, en enginn tími var til að taka málið til umr.

Nú tókum við málið upp, eins og nefndin hafði skilizt við það í fyrra, að eins með litlum breytingum, og við höfum reynt að taka tillit til hinna ýmsu mótmæla, er komu fram við síðustu umr.

Aðalorsökin til þessa frumv. er sú, að verðlagsskrárverð er opt ekki rjett, of lágt eða of hátt á sumum vörutegundum; það er engin ástæða til að ætla, að þetta komi af illum hvötum hjá þeim, er skýrslurnar semja, heldur af því, að menn líta svo misjafnt á hlutina og að hver hefir sína skoðun. Þegar málið var fyrir þinginu 1877, kom fram hjá ýmsum þingm. sú skoðun, að hætt væri við, að verðlagsskrárverðið yrði misjafnt hjá ýmsum, er skýrslu gæfu, hjá sumum lægra en vera bæri, en öðrum hærra, og þeir, sem báru þetta fram, voru svo merkir menn, að h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) mundi þykja ótilhlýðilegt að drótta að þeim, að þeir færu með ósannindi eða hlytu sjálfir að vera sjerstaklega sekir í singirni, fyrst þeim dytti slíkt í hug. Jeg ímynda mjer, að margir hafi orðið þess varir, að á sumum vörutegundum er verðið sett heldur hátt, á öðrum of lágt; það getur orðið af ýmsum sjerstökum ástæðum, að einn hlutur er metinn hærra en vanalegt gangverð er, og á sama hátt getur hið gagnstæða átt sjer stað; vilji svo til, að einhver vörutegund sje fyrir einstök atvik í mjög lágu eða mjög háu verði, þá hafa þeir, er skýrslurnar semja, fullan rjett til að taka tillit til þess, ef ekki eru önnur dæmi til. Að vísu sýnist rjettara, að taka meðalverðið eða það verð, sem sanngjarnt þykir, og við höfum tekið upp breyt.till. í þá átt, eptir bendingum frá h. þm. Strand. (Guðj. G.) og með hans ráði. En vegna þess, að jeg held, að menn brjóti eigi móti anda núgildandi laga, þó að menn við samningu verðlagsskýrslna leggi til grundvallar það verð, sem sanngjarnt þykir (þótt ekki sje beinlínis söluverð), eins og breyt.till. fer fram á, þá virðist mjer ekki full þörf á þessari breyt.till.; hins vegar má vera, að heppilegra sje að hafa skýrari ákvæði um þetta en er í núgildandi lögum.

Önnur breyt.till. er sú, að skýrslurnar skal ekki senda til prófasts, eins og stendur í frumv., heldur beina leið til sýslumanns, og svo sýslumaður til stiptsyfirvaldanna, sem staðfesta skýrslurnar og annast um prentun og birtingu; þessa breytingu tókum við upp eptir bendingum h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), og vonast jeg því eptir, að hann verði málinu heldur fylgjandi. Enn höfum við gjört þá breytingu á frumv., að kostnaðinn við prentunina skuli greiða úr landssjóði; hingað til hefur sá kostnaður verið greiddur úr jafnaðarsjóðum, en mjer sýnist heppilegra, að hann sje greiddur úr einhverjum allsherjarsjóði, af því stiptsyfirvöldin eiga að hafa aðal-umsjón með verðlagsskránum.

Höfuð-atriðið í þessu nýja frumv. er það, að nú eiga 3 í sameiningu að semja verðlagsskýrslurnar, í staðinn fyrir að 2 gerðu það áður, sinn í hvoru lagi; við álítum, að með þessu væri fengin meiri trygging fyrir því, að skýrslurnar yrðu samhljóða, og að ekki yrði annað tekið upp í þær en það sem full ástæða væri til að taka. Áður hefur það komið fyrir, að þegar einn gerði skýrsluna hjá sjer, þá setti hann stundum í hana verð á vörutegund, sem að eins hafði gengið í kaupum og sölum á einum eða tveim stöðum í hans hreppi; þetta verð komst svo í aðal-skýrsluna og hafði áhrif á allt meðalverðið. Til þess nú að skýra þetta betur, skal jeg tilgreina eitt dæmi frá 1886. Fyrir það atriði, að einn hafði sett gjaldvoðarvaðmál í sína skýrslu, varð hver meðal-alin 10 aurum hærri en annars hefði orðið, og líkt þessu kom fyrir í Rangárvallasýslu 1892; eins getur það komið fyrir, að einhver vörutegund hafi af tilviljun verið að eins seld á einum einasta stað í einni sveit með óvanalegu lágu verði; svo getur þetta verð komizt í aðal-skýrsluna og haft áhrif á allt meðalverðið. Þess vegna álít jeg þessar breytingar, sem við höfum farið fram á með frumv. og breyt.-till., til bóta frá því, sem verið hefur.

Jeg fyrir mitt leyti álít, að þetta sje ekkert stórmál og mundi ekki þykja mikið fyrir, þó það fengi ekki framgang á þessu þingi, en samt held jeg, að ef frumv. yrði samþykkt, mundi það verða til bóta.

Sighvatur Árnason: Að vísu er jeg með því, að undirbúningur sá, sem með frumv. er meintur, er hjer liggur fyrir, sje hagkvæmari og eigi betur við en sá, sem hingað til hefir tíðkazt, og jeg get út af fyrir sig, hvað undirbúninginn snertir, fellt mig að mestu leyti við frumv.; en svo álít jeg þessu máli nú komið, að það þurfi gagngerðra umbóta við, því grundvöllur verðlagsskránna, með tilliti til ýmsra vörutegunda er orðinn svo úreltur og gamall, að hann er óbrúkandi, vegna þess, að nú eru ýmsar vörutegundir teknar upp á skrárnar og áskildar, þó að menn ekki einu sinni skilji, hvað í þeim liggur. Jeg er t. d. ekki viss um, að jafnvel þeir, sem undirbúa verðlagsskrárnar og setja verð á vöruna, viti sjálfir, hvað gjaldvoðar-vaðmál er; fleira mætti nefna viðvíkjandi verðlagsskránum, sem er orðið úrelt og gamalt og á eptir tímanum, svo að jeg fyrir mitt leyti óska heldur, að málið hefði beðið til næsta þings, og yrði þá tekið fyrir í heild sinni.

Þá skal jeg minnast ögn á frumv. og breytingartill., og jeg skal geta þess, að jeg get eigi fellt mig við þau ákvæði í breytingartill., að menn skuli meta þá vörutegund til verðs og taka upp í verðlagsskrána, sem menn eigi vita dæmi til, að hafi verið seld á einum einasta stað í sínum hreppi eða á nálægum stöðum, eða jafnvel sínum lands-

fjórðungi, til dæmis hvalslýsi og fleira; mjer sýnist þetta vera á móti anda verðlagsskránna, nefnilega sem mjer virðist vera sá, að skrásetja einungis það verðlag, sem hreppsbúar hafa innbyrðis, og í öðru lagi sem þeir njóta á vörutegundum sínum á verzlunarstöðum.

Jeg álít, að þær vörutegundir, sem menn alls ekki vita um á nokkurn hátt, að hafi verið seldar, eigi ekki að taka upp í skrárnar. Auðvitað getur frumv. í raun og veru, eptir minni meiningu, gengið fram út af fyrir sig, að því leyti sem þar er ekki tekið dýpra í árinni en að breyta því, hverjir og hvernig skuli undirbúa skrárnar.

Jeg hefði viljað, að það hefði einnig verið tekið fram, að verðlagsskrárnar væru til þess ætlaðar, að byggja á þeim opinber gjöld; því nú virðist sá andi vera að ryðja sjer til rúms í löggjöfinni og á löggjafarþingi voru, að verðlagsskrárnar sjeu ekki nema að hálfu leyti til þess ætlaðar að byggja á þeim opinber gjöld, og þess vegna, eptir þessum anda og stefnu í þinginu, virðist eigi vera bráðnauðsynlegt, að fást við þetta mál nú á þessu þingi, ekki sízt þar sem það er aukaþing, sem hefir svo nauman tíma til þess, að athuga málið yfir höfuð, eins og öll þörf er á.

Björn Sigfússon: H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) gat eigi fellt sig við þá breytingartill., að meta skyldi þá vöru til verðs, sem menn ekki vissu til, að hefði selzt í sínum hreppi eða landsfjórðungi; en jeg vil biðja h. þm. að lesa betur; þetta stendur ekki í breyt.-till., heldur: »nú er einhver tegund »landaura, sem hefir ekki gengið kaup»um eða sölum í hreppnum eða bæjar»fjelaginu það ár« og svo framvegis, og þar með er það fallið, sem h. þm. bygði á sína mótbáru.

H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) hreifði því, sem áður hefur verið hreift af mjer og fleirum hjer í deildinni, að grundvöllurinn fyrir verðlagsskráarmatinu væri ófullkominn; um það er jeg samdóma h. þm.; en jeg er honum ef til vill, eigi jafn-samdóma í því, að þetta sje hægt að laga í snatri. Jeg er viss um, að ef h. þm. vildi athuga þetta betur, mundi hann játa, að það er afarmikið vandaverk; það mundi ekki veita af því, að skrifað væri um málið í blöðunum í mörg ár, og að mörg þing hefðu það til meðferðar, áður en menn yrðu á eitt sáttir um það, hvernig grundvöllurinn skyldi vera. Jeg ímynda mjer, að h. þingm. gæti fengið glöggva hugmynd um það, hve skiptar skoðanir manna um þetta efni eru, ef hann vildi kynna sjer umræðurnar um málið á þinginu 1877. Þar komu fram margar mismunandi skoðanir og margar breytingartillögur eða rjettara sagt mörg frumv., og nefndin, sem hafði málið til meðferðar þá, segir, að það sje svo flókið, að hún treysti sjer ekki til að greiða úr því. Síðan er mjer ekki kunnugt, að komið hafi fram neinar glöggvar eindregnar tillögur um það, hvernig grundvöllurinn ætti að vera, svo lítil líkindi eru til, að menn nú mundu verða á eitt mál sáttir. En þó grundvellinum þyrfti að breyta, þá sje jeg ekki, að það geti verið nokkur ástæða á móti þessu frv. — sem að eins grípur yfir undirbúninginn —, ef menn annars eru því samþykkir, að þessi aðferð, sem í frumv. er farið fram á, sje betri en sú, sem nú er; h. meðflutningsm. hefur reynt að sýna fram á, að svo sje, og jeg er sömu skoðunar og hann um þetta efni, og get jeg því eigi vikið frá því, að rjettast sje að samþykkja þetta frumvarp.

Sighvatur Árnason: Jeg held að h. þm. Húnv. (Björn Sig.) hafi að miklu

leyti misskilið orð mín, þar sem jeg talaði um breytingartillöguna á þingskjali 81. Í breyt.till. stendur: »Nú er einhver tegund landaura, sem hefir ekki gengið kaupum eða sölum móti peningum það ár í hreppnum eða bæjarfjelaginu, skal þá setja það verð á þessa vörutegund, sem samjendum verðlagsskýrslunnar kemur saman um, að muni vera hæfilegt, með tilliti til þess, hvað sú eða sams konar vörutegund hefur gengið kaupum eða sölum í næstu sveitum eða verzlunarstöðum«. Þessu atriði í breytingartillögunni get jeg ekki verið samþykkur, vegna þess, að bæði getur svo farið, að sams konar vörutegund hafi ekki gengið kaupum og sölum í nálægum hreppum eða bæjarfjelagi, og svo, að þótt það hafi átt sjer stað, þá er það ekki fullnægjandi, að fara eptir því; heldur ekki að setja eitthvert verð á hana, sem yrði að vera af handahófi, þar sem engu sjerlegu dæmi væri eptir að fara. Jeg fyrir mitt leyti vil því helzt, að þessar vörutegundir sjeu alls ekki teknar með á skrána og vona jeg að hinn heiðraði flutningsm. sje mjer samdóma um það. Jeg get gjört h. flutningsm. það til geðs, að vera með frumvarpinu, en alls ekki breytingartill. Því þótt frumv. nái fram að ganga eins og það liggur nú fyrir, þá mætti taka fyrir á næsta þingi þann grundvöll, sem verðlagsskrár eiga að byggjast á, sem er mjög nauðsynlegt að breyta eptir kröfum tímans, en sem nú liggur ekki fyrir.

Skal jeg svo ekki að þessu sinni fjölyrða frekara þessu viðvíkjandi.

Guðjón Guðlaugsson: H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) hefir talað nokkur orð á móti breytingartill. á þingskjali nr. 81. Þykir honum það og galli á frumv., að grundvöllur þess hefir verið samþykktur; en eins og jeg gat um við 1. umr. þessa máls, þá er nú ekki hægt að fá grundvöllinn lagaðan, eða kippa honum upp með rótum í þetta sinn, og er jeg því h. þingdm. samþykkur í þessu. Hann vill sleppa breytingartill. og get jeg ekki skilið hvers vegna. Hann fetti fingur út í það, að nefnd gæti sett verð á vöru, sem ekki er til, eða sem ekki hefði gengið kaupum eða sölum í nálægum hjeruðum. Jeg sje ekki, hvað getur verið á móti því, að nefndin sje kosin úr sveitarfjelaginu, að í henni sjeu presturinn, hreppstjórinn og einhver valinkunnur greindarmaður sá þriðji. Sjerstaklega prestur og hreppstjóri hafa svo mikið við skrána að sýsla, að þeir geta sjálfir bezt dæmt um, hvaða verð skuli vera á hverri vörutegund; einkum er það presturinn, þar sem gjöld hans fara svo mjög eptir verðlagsskrá. Sem þriðji maður í nefndinni getur hann líka vegið nokkuð upp á móti hinum 2, ef allir eru ekki samdóma. Jeg ætla mjer ekki beinlínis að mæla á móti því, að hinar ýmsu fágætu vörutegundir verði numdar í burtu úr verðlagsskránni, því það er víst ástæða til þess, þar sem allar verðlagsskrár eru fullar með slíkar vörur með tilteknu verði, sem vanalegast mun vera sett að eins af handahófi eða út í bláinn, og opt byggt að eins á misskilningi. Jeg veit líka til þess, að þeir hreppstjórar eru til, sem hafa sett verð á vörutegundirnar eptir því, sem það hefir staðið á verðlagsskránni frá árinu áður, án þess að hafa nokkuð frekara hugsað um, hvaða gangverð hafi átt sjer stað á þeim á því árinu, sem verðlagsskráin á að byggjast á. Eptir því gætu þeir sett, þegar um þær vörur er að ræða, er sjaldan ganga kaupum eða sölum, verð á vörur eptir því, sem þær hafa selzt fyrir fleiri ára-tugum, t. d. sama verð á vöru 1894 og hún seldist almennt árið 1850. Úr því vöruteg-

undin á að standa á verðlagsskránni, þá hefir mörgum fundizt óviðfeldið að láta standa eyðu fyrir verðinu; þeir verða því að setja eitthvað verð. Þetta verðlag gæti nú orðið sanngjarnara og rjettara, ef það væri metið af 3 kunnugum og sanngjörnum mönnum. Jeg vil að eins taka þetta fram hjer, en mjer finnst það ekki sje rjett, að fella breyt.till. fyrir þetta. Til þess að laga þetta að fullu þyrfti að taka fyrir grundvöll frumv. frá rótum, og taka þá máske í burtu af skránni þær vörur sem sjaldan eða aldrei ganga kaupum eða sölum manna á milli, t. d. fjallagrös og prjónles; en slíkt er ekki alltíð vandaverk að hreifa málinu þannig. Vjer verðum nákvæmlega að gá að því, hver áhrif slíkar breytingar hefðu í för með sjer, t. d. í opinber gjöld. Máske að þá yrði að gjöra aðrar breytingar á ný, svo hin almennu útgjöld hvorki ykjust nje minnkuðu. Þannig yrði maður að þreifa sig smátt og smátt áfram.

H. þm. Dal. (J. P.) gat þess, að verðlagsskrárnar væru bráðum komnar á fallanda fót, og því væri óþarfi að vera að lappa við þær; sje svo, þá finnst mjer því síður ástæða til þess að leggja út í það mikla vandaverk, að umsteypa öllum grundvellinum; en af því mjer finnst bráð nauðsyn bera til þess að afnema stærstu gallana, þá galla, sem þvinga menn til þess annaðhvort að geta enga skýrslu um verðlag á flestum vörutegundum eða þá að segja ósatt, eða gefa rangar skýrslur, sem er beint eiðrof, og í rauninni ósæmilegt fyrir presta og hreppstjóra, sem eru embættismenn, og yfir höfuð að tala alla menn, þá finnst mjer eini rjetti og hugsanlegi vegurinn vera sá, að lagfæra lögin í þessu efni, sníða af þeim stærstu agnúana, en alls ekki að umsteypa þeim með rótum. En jeg ímynda mjer nú reyndar, að þær verðlagsskrár haldist enn þá lengi við. Það er satt sem h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) og h. þm. Dal. (J. P.) tóku fram, að ýms opinber gjöld, t. d. gjöld til kirkju, prests og landssjóðs, færu eptir verðlagsskránum, en sem að líkindum yrði síðar breytt í peningagjöld, og þá þyrfti ekki verðlagsskránna með. Jeg skal játa það fúslega, að líkindi eru til, að svo fari á endanum, enda þótt jeg sjálfur sje ekki mjög bráðlátur eptir þeirri breyting, og vinni líklega aldrei mjög mikið að henni; en bæði er það, að ekki er sagt, hvað lengi slíkt getur dregizt, og á meðan þarf verðlagsskrá; og í öðru lagi er það fleira sem verðlagsskráin gildir fyrir en þessi opinberu gjöld. Bæði er það, að almenningur miðar enn mikið af gjöldum sínum og almennum viðskiptum við landauraverð, og svo er eitt sjerstaklega, sem opt er miðað við verðlagsskrá, en það eru landskuldir jarða; einkum mun þetta gilda sem almenn regla við byggingu allra opinberra eigna, og þar er búið að löggilda meðalalinina fyrir mörg ókomin ár, nefnilega í byggingarbrjefum leigulíða; og hvernig á þá að fara að, ef verðlagsskrár-alinin fellur einn góðan veðurdag algjörlega úr sögunni? Hvað á þá sá maður t. d. að gjalda, sem hefir lífstíðarskilmála fyrir, að borga t. d. 30 álnir eptir verðlagsskrá, þegar engin verðlagsskrá er til? Annað eins og þetta, sem vel getur fyrir komið, þarf nákvæmrar íhugunar við, áður en verðlagsskránum verður breytt í ákveðið peningagjald, og þær numdar úr gildi. Jeg þykist ekki þurfa að sýna frekara fram á þetta, því jeg vona, að það liggi í augum uppi fyrir flestum. En viðvíkjandi breytingartill. vil jeg taka það fram, að, eins og þar stendur, má ekki leggja það verð til grundvallar, sem er

annaðhvort óvanalega of hátt eða of lágt. Vörutegund getur verið seld með óvanalega lágu eða háu verði af einhverjum sjerstökum ástæðum, t. d. á uppboði út úr neyð o. s. frv. Þar gæti verðið orðið svo óvanalega lágt, að ekki væri eptir því farandi við samning verðlagsskýrslunnar. Eins og jeg hefi minnzt á, þá getur það einnig verið óvanalega hátt. Jeg vil taka t. d. verð á hestum. Einn hestur getur hafa selzt fyrir 300—400 kr.; ætti þá að setja slíkt verð á hesta í verðlagsskrána? Þar er átt við 8 vetra gamla hesta, sem vanalega ganga kaupum og sölum; hjer mætti ekki láta eyðu standa fyrir verðinu, og ekki heldur að það sje rangt, að setja þessar 3 eða 4 hundruð krónur. En þetta og annað eins gæti haft mjög mikil áhrif fyrir verðlagsskrána. Hjer verður nefndin að reyna að fara sem rjettastan meðalveg og vera sem sanngjörnust. En það liggur í augum uppi, að slíkri vörutegund, sem þessari, mætti ekki sleppa í burtu. Eptir því er mjer virðist, þá eru það helzt hinar fágætu vörutegundir, er mættu takast burt af skránum, t. d. fjallagrös og enda prjónles, eða þá að nefndin þar leitaði sjer sem beztra upplýsinga hjá öðrum, viðvíkjandi vanalegu gangverði á þeim, svo það yrði sem allra sízt sett af handa hófi. En með tilliti til allra hinna algengu vörutegunda, þá álít jeg rjett, að menn athugi vandlega, hvort rjett sje að fella breytingartill., eða þá að öðrum kosti allt frumvarpið.

Sigurður Gunnarsson: Jeg fyrir mitt leyti felli mig ekki illa við, að gjörð sje breyting á undirbúningi verðlagsskráa í svipaða átt og í frumv. þessu ásamt breytingartill. er farið fram á, en vildi þó gjöra nokkrar athugasemdir við breytingartill. Eins og breytingartill. fara fram á finnst mjer vel fara á því, að verðlagsskrárnar sjeu að eins sendar hlutaðeigandi sýslumanni, en ekki til prófasts. En úr því skrárnar ganga þessa leið, og koma ekkert til kasta prófasts, finnst mjer sjálfu sjer samkvæmast, að orðið »prestur« í 1. gr. frumv. fjelli burt, en þar kæmi í staðinn einhver valinkunnur maður, t. d. sýslunefndarmaðurinn í hverjum hrepp. Þetta starf, að undirbúa verðlagsskrár, er, eins og allir skilja, ekki geistlegt starf. Við þetta fjelli og allur grunur um hlutdrægni af prestastjettinni, sem vitanlega á sjer sumstaðar stað, og það talið til, að tekjur presta sjeu svo mjög bundnar við verðlagsskrárnar.

Viðvíkjandi þeirri setningu í breyt.-till.: »Nú er einhver tegund landaura« o. s. frv, þá hallast jeg fremur að skoðun h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.), en vil bæta því við, að jeg kann eigi við, að sú vörutegund sje sett í verðlagsskrá, sem ekki hefir gengið kaupum og sölum í hreppnum og ekki er þar til.

Önnur setning í breytingartill. segir: »Nú hefir einhver vörutegund að vísu verið seld eða keypt fyrir peninga, en með óvanalegu háu eða lágu verði, skal þá« o. s. frv. Þetta orðalag kann jeg ekki við. Hjer er bannað að leggja til grundvallar hið óvanalega háa eða lága verð á einhverri vörutegund; en við hvaða verð á þá að miða, er svo stendur á? Um það segir breyt.till. ekkert. Á þá að slumpa til af handa hófi? Svo er og á það að líta, hvort hið óvanalega háa eða lága verð á einhverri vörutegund eða grip hefir átt sjer einu sinni stað á árinu eða optar. Ef hið óvanalega háa eða lága verð hefir verið aðal-regla, virðist bágt að komast hjá að miða við það, en hafi þetta að eins komið fyrir í bili, er öðru máli að gegna.

Jeg vildi að eins gjöra þessar stuttu athugasemdir við þetta mál, og óska að hin heiðraða nefnd vilji taka þær til íhugunar við næstu umr., og mun jeg þá greiða atkvæði mitt með málinu.

Jens Pálsson: Það er einungis út af fyrirspurn h. þm. Strand. (Guðj. G.), að jeg tek til máls.

Hann spyr, hvernig vjer hugsum oss að losast við verðlagsskrárnar, og telur jafnvel vandkvæði á því, að það sje hægt. Þessari spurningu vil jeg í fæstum orðum svara á þann veg: Jeg hef hugsað mjer, að vegurinn til að losna við verðlagsskrárnar sje sá, að ákveða með sjerstöku lagaboði, að einhver ákveðin upphæð, til dæmis 50 eða 55 aurar, skuli koma í stað meðalálnar verðlagsskrár, og að öll gjöld, sem lögákveðin eru og miðuð við alin eða brot úr alin, skuli upp fra því miðast við hina lögteknu auraupphæð eða brot úr henni. Eins mætti fara með öll leigumála og samninga ákvæði, nema hlutaðeigendur semdu annað með sjer. Þessi vegur sýnist mjer ekki að eins fær, heldur allgreiður til þess, að losna við verðlagsskrár og allan þann skripta- og reikningsauka, sem þeim er samfara.

Guðjón Guðlaugsson: H. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) benti á það, að ekki væri heppilegt, að prestur væri í nefndinni, er semdi verðlagsskrár, því hann gæti verið talinn hlutdrægur. Mjer fyrir mitt leyti finnst einmitt heppilegt, eins og tekið er fram í fyrstu grein frumv., að presturinn sje með í nefndinni. Fyrst og fremst er það, að presturinn er menntaður maður og sömuleiðis vandaður, eða á að vera það að minnsta kosti, svo að maður getur varla ætlað honum að gera vísvitandi rangt, til dæmis að setja of hátt eða of lágt verð á einhverja vörutegund. En þetta er þó fremur ástæða til að halda, að gæti heldur hent hina. Því allir erum vjer undir syndina seldir. Mjer finnst því rjett, að einmitt presturinn sje einn af nefndarmönnum, svo síður sje hætt við, að verðið verði of hátt eða of lágt. Að öðru leyti finnst mjer ekki þörf á, að þó prestur semji skýrsluna, að hann sendi hana til prófasts, heldur finnst mjer einmitt miklu rjettara, að hann sendi hana beina leið til sýslumanns. Jeg veit líka til þess, að prestar eru líka einmitt skyldir til, að senda skýrslur til sýslumanns, til dæmis dánarskýrslur. Vegna þess, að h. deild þótti þetta óþarfi, að senda skýrsluna til prófasts, þá var og þetta tekið fram í breyt.till. við frumv., þannig, að hún skyldi send sýslumanni.

Viðvíkjandi hinu öðru atriði í breyt.-till., sem h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) drap á, þá vil jeg þakka honum fyrir bendingarnar og skal taka þær til umhugsunar.

Hinn sami h. þm. (S. G.) tók það og fram viðvíkjandi ákvörðun með verðlagið, að ekki mætti fara eptir of lágu og heldur ekki eptir of háu verðlagi, heldur yrði þar að fara meðalveg. Þetta er misskilningur hjá h. þm. (S. G.). Það er ekki mín meining, að tekið sje meðaltal af of háu eða of lágu verði, heldur sje þar og farið eptir því, hvernig varan hefir gengið kaupum og sölum í nærliggjandi sveitum. Því, að taka meðaltalið af of háu og of lágu verði, hvorutveggja vitlausu, yrði vitleysa. Meðaltal af tveimur vitlausum verðlögum verður allt af vitleysa; að minnsta kosti bæri það ei vott um neina samvizkusemi, ef nefndarmennirnir, sem semja verðlagskrána, færu þannig að.

Björn Sigfússon: Það var viðvíkjandi ræðu h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.), að jeg vildi leyfa mjer að tala fáein orð.

Hann vildi sem sje ekki, að presturinn væri með í nefndinni, er semdi verð-

lagsskrána, heldur setja þar einhvern annan í hans stað, til dæmis sýslunefndarmann. Þetta finnst mjer alls ekki rjett. Mjer finnst einmitt miklu rjettara, að presturinn taki þátt í samningu verðlagsskrárinnar. Jeg er hjer á sama máli og h. þm. Strand. (Guðj. G.), að jeg treysti honum svo vel til þessa. Hann er eða á að vera samvizkusamur og rjettsýnn maður, og svo ber þess að gæta, að verðlagsskráin hefir einmitt mikla þýðingu fyrir hann. Þess vegna er mjög rjettlátt, að hann hafi atkvæði með að samningi verðlagsskrárinnar. Jeg vil líka taka það fram, að svo gæti óheppilega farið, að hinir nefndarmennirnir hefðu tilhneigingu til að setja of lágt verð á einhverja vörutegund; mundi þá ekki vera eins heppilegt, að presturinn væri með í nefndinni til þess að stemma stigu fyrir, að slíkt væri gert? Þannig finnst mjer að margt mæli með því, að presturinn sje með í nefndinni.

Það getur verið, að jeg hafi misskilið fyrri ræðu h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) áðan. Eptir því sem hann hagaði orðum sínum, fannst mjer hann álíta, að eptir breyt.till. ætti að leita eptir verðlagi á þeim vörutegundum, sem ekki hefðu gengið kaupum nje sölum innanhrepps — jafnvel um allan landsfjórðunginn, en það er einmitt það sem ekki stendur þar. Hann getur ekki verið með breyt.till., en þar er að eins tekið fram, að taka skuli tillit til, hvað sú eða sams konar vörutegund hefir gengið kaupum og sölum í næstu sveitum eða verzlunarstað. Hafi vörutegundin ekki gengið þar kaupum og sölum, þá liggur í augum uppi, að ekki er hægt að hafa tillit til slíks.

ATKV.GR.: Breyt.till. 1. (þgskj. 81) samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. 2. (þgskj. 81) samþ. með 14 samhlj. atkv.; 1. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. 3. (þgskj. 81) samþ. með 14 samhlj. atkv.; frumvarpsgreinin þannig fallin; 3. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 4. (þgskj. 81) samþ. með 18 samhlj. atkv.; frumv.greinin þar með fallin. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breytingu á 1. gr. laga 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk (C. 63); 1. umr.

Landshöfðingi: Eins og kunnugt er, þá er borgun til hreppstjóra samkvæmt lögum frá 13. jan. 1882 reiknuð þannig út, að þeir eiga að hafa eina krónu fyrir hvern búandi mann í hreppnum, sem býr á jörð eða jarðarparti, er metinn sje til dýrleika eigi minna en 5 hundruð eptir gildandi jarðamati, og þetta hefir staðið þannig eins og það var samþykkt á þingi 1881 nú um 13 ár, án þess að mjer sje kunnugt um, að nokkur óánægja hafi verið með þetta fyrirkomulag. Vitaskuld er það, að margvíslegan grundvöll má finna fyrir gjaldi þessu; það má byggja það á fólkstölu, á tölu lausafjárhundraða, á búendatölu eða á einhverju af þessu samanlögðu, eins og hjer er gjört. En á hverju sem hreppstjóralaunin eru grundvölluð, þá ríður á að gjöra sjer ljóst, hver áhrif breytingin muni hafa á þau. En mjer er ekki kunnugt um, að neinar skýrslur liggi fyrir um það, hver áhrif hin fyrirhugaða breyting muni hafa á laun hinna einstöku hreppstjóra, nje hreppstjóranna yfir höfuð, og þar af leiðandi ekki heldur, hvort borgun til hreppstjóra úr landssjóði

muni hækka eða lækka við breytinguna. Eins þarf að gera sjer grein fyrir því, hvort launalækkun sú, sem kann að koma fram í einstökum hreppum, á að ná til þeirra, sem nú gegna hreppstjórastörfum.

Þessar athugasemdir eru ekki svo að skilja, að jeg sje móthverfur þeim grundvelli, sem frumv. byggir á eða telji hann verri en þann grundvöll, sem hreppstjóralaunin hafa verið bygð á, heldur hef jeg gjört þær af því, að mjer virðist það nauðsynlegt, að menn gjöri sjer ljóst, hverjar afleiðingar frv. þetta muni hafa fyrir hreppstjórana og landssjóð, verði það að lögum.

Þórhallur Bjarnarson: Í tilefni af ræðu hæstv. landsh. skal jeg geta þess, að jeg hef að nokkru athugað, hver áhrif frumv. þetta mundi hafa í mínu kjördæmi, yrði það að lögum, og niðurstaðan varð sú, að hreppstjóralaunin mundu lækka lítið eitt til sveita, en hækka að stórum mun í þeim eina hreppi í kjördæminu, sem er reglulegsjávarhreppur, en það er Ytri-Akraneshreppur.* Jeg hef fyrir satt, að þar sjeu ekki nema 9 búendur á 5 hundraða jörðum eða jarðarpörtum, svo að hreppstjóralaunin eru þar ekki nema einar 9 kr., þrátt fyrir það þótt hreppsbúar sjeu sennilega um 600, en af þeim ætla jeg, að minnsta kosti hver tíundi maður telji fram til tíundar. Í þessum hrepp mundu því hreppstjóralaun með 75 aurum fyrir hvern framteljanda hækka að stórum mun, og þó að hjer standi nokkuð sjerstaklega á, þar sem hjer hefir myndazt allfjölmennur verzlunarstaður á síðasta mannsaldri, þá get jeg samt ímyndað mjer, að nokkuð svipað muni til haga í öðrum sjávarhreppum. Í hinum hreppunum í Borgarfjarðarsýslu telst mjer til, eptir skýrslum, að launin ýmist stæði í stað eða færi niður um eitthvað sárlítið. Allir búendur á 5 hundraða jörðum telja fram til tíundar, svo að niðurfærslan er að eins um 1/4, en í það skarð fyllist víðast af framtali búlausra manna, eða þeirra, sem hafa minni jarðarpart en 5 hundraða. Einn hreppstjóri hjer í grendinni, hreppstjórinn í Kjósarhrepp, fann mig að máli fyrir skemmstu og hafði reiknað út, að í sínum hreppi mundu hreppstjóralaunin lækka um 6 krónur við breytinguna; en mjög óvíða mundi það verða svo mikið. Jeg álít fyrir mitt leyti þessa breytingu á hreppstjóralaununum rjettláta, því að ómakið, sem þeir fá launin fyrir, fer að miklu leyti eptir því, hve margir telja fram til tíundar. Þar sem þjettbýlt er, þar eru að vísu ferðalög styttri, en snúningarnir eru þeim mun fleiri og hreppstjórn mun ekki vera ómaksminni í sjávarhreppunum. Í efri deild var sú áætlun gjörð, að hreppstjóralaunin mundu yfirleitt hækka um nokkur hundruð krónur á ári. Þessi áætlun flutningsm. í h. efri deild mun nærri sanni, því að eptir síðustu skýrslum, sem fyrir liggja, voru tíundarframteljendur eitthvað á níunda þúsund; væru þeir 8000, stæðu launin rjett á 6000 krónum, eins og nú er ætlað til hreppstjóra; það sem fram yfir verður 8000 framteljendur kemur þá til viðbótar. Það yrði aldrei nema lítilfjörlegur byrðarauki og ynni jeg hreppstjórastjettinni þeirrar litlu launabótar.

Þórður Guðmundsson: Jeg hef ekki margt að athuga við frumv., því að h. þm. Borgf. (Þórh. B.) hefur tekið fram höfuðathugasemdir mínar. Það er alveg rjett hjá hæstv. landsh., að margs konar grundvöll má hafa til að meta hreppstjóralaun eptir, og jeg get ekki neitað því, að mjer finnst grundvöllur frumv. eðlilegri en sá grundvöllur, sem

á hefur verið bygt. En aptur verðum vjer að gæta að afleiðingum breytingarinnar bæði fyrir þá, sem launin eiga að þiggja, og fyrir þann, sem þau á að gjalda, það er að segja landssjóð. Það mun eflaust fara svo, að töluvert meira þurfi að borga úr landssjóði eptir en áður, og líka mun mikil breyting komast á laun hreppstjóra við lög þessi. Það mun fara líkt hjer og með kirknatekjufrumv. í fyrra, að hreppstjóralaunin lækki til sveita, en hækki við sjóinn. Jeg segi ekki, að þetta sje óeðlilegt, því að hreppstjórar í sjávarhreppum hafa haft mikið starf, en lítið í aðra hönd. En hitt finnst mjer ekki eðlilegt að svipta hreppstjóra þeim launum, sem þeim hafa einu sinni með lögum verið ánöfnuð, enda væri það ekkert jafnrjetti á móts við aðra embættismenn. Að vísu mundi launalækkunin ekki verða mikil í sveitum, en þó mun, eins og h. þm. Borgf. (Þórh. B.) tók fram, hækkun í sjávarsveitunum verða meiri en lækkuninni nemur.

Pjetur Jónsson: Jeg fyrir mitt leyti játa það, að jeg hef þegar áður fundið til þess, að sá grundvöllur, sem hjer er lagður fyrir hreppstjóralaunum, mundi vera eðlilegri en sá grundvöllur, sem þau hafa verið bygð á, en hins vegar finnst mjer þetta vera smámál, sem mjer sje nærri sama um, hvort verði að lögum eða ekki.

Jeg skal geta þess, að h. flutningsm. málsins í e. d. kvað það vera eina af ástæðum sínum fyrir því, að koma með þetta frumv., að hreppstjórar mundu eptir þessum lögum láta sjer enn annara um, að allir teldu fram fje sitt til tíundar, sem fram ættu að telja. Jeg vil ekki segja, að þetta sje fyllilega rjettmæt ástæða; en af því að nokkuð mun hæft í því, að eigi telji allir fram til tíundar, þótt þeir ættu að gjöra það, þá sje jeg ekki á móti því, þótt hreppstjórum sje gefin hvöt til þess, að láta sem fæsta undan ganga. Þegar vjer athugum, hver áhrif þetta muni hafa á hreppstjóralaunin, þá skal jeg til skýringar taka til dæmis hrepp með 32 búendum, sem búa á 5 hundruðum og þaðan af meiru. Til þess að hreppstjóri í þeim hreppi yrði ekki ver í haldinn en nú, ef frv. þetta yrði að lögum, þá þyrfti hann að fá gjald af 12 mönnum, sem hann hefur ekki áður; þótt nokkuð hæpið sje að svo muni alstaðar verða, þá tel jeg sjálfsagt, að samþykkja frumv. eigi að síður, svo framarlega sem vjer teljum grundvöll þess rjettari en þann grundvöll, sem áður hefur verið bygt á, enda er allt af sá vegur fyrir hendi, ef illt þykir að hreppstjóralaunin lækka, að hækka gjaldið t. d. upp í 80 aura; þá þyrftu í hreppi sem nú eru 30 gjaldendur í að eins 8 að bætast við, til þess hreppstjórinn yrði skaðlaus við breytinguna.

Sigurður Gunnarsson: Jeg get tekið undir það með hæstv. landsh., að það má finna ýmsan grundvöll til að byggja hreppstjóralaunin á; og hvað þetta frv. snertir, hef jeg ekkert sjerlegt að athuga við þann grundvöll, sem þar er lagður; en hins vegar er jeg og samdóma hæstv. landsh. um það, að viðkunnanlegra sje að vita, hverjar afleiðingar breytingin muni hafa t. d. fyrir landssjóð. Um það vantar skýrslur.

Einungis hefur h. þm. Borgf. (Þórh. B.) bent á, hvernig málið stendur af sjer í hans kjördæmi, og að þar kæmi fram ofurlítil niðurfærsla á launum hreppstjóra til sveita, en aptur mikil uppfærsla við sjóinn.

En þessi niðurfærsla mun ekki koma alstaðar niður til sveita; jeg er viss um, að sumstaðar þar munu hreppstjóralaunin hækka við breytinguna. Jeg skal nefna þann hrepp, sem mjer er kunnugastur og jeg hef dvalið í nú

um alllangan tíma, Fljótsdalshrepp; þar eru einir 25 menn, sem búa á yfir 5 hundruðum, en 70 manns, búendur og búlausir, sem telja fram til tíundar. Eptir gildandi lögum eru hreppstjóralaunin 25 kr. í þessum hreppi, en verði frumv. þetta að lögum, þá ættu þau að verða 52 kr. rúmar, eða hækka um rúman helming.

Jeg játa það að vísu, að í þessum hreppi munu, eptir því sem mjer er kunnugt, vera einna flestir búlausir menn, sem til tíundar telja, í samanburði við búendur. Enginn skilji þó orð mín svo, að mjer þyki hreppstjóralaunin nú of há, eða jeg sje á móti því, að þau hækki, en jeg vil að eins að h. deild hlaupi ekki til þess að samþykkja frumv. þetta, fyr en henni er ljóst, hverjar afleiðingar það muni hafa, hversu launin mundu standa af sjer innbyrðis um landið. Þess vegna tel jeg nauðsynlegt, að nefnd sje skipuð í málið, til að rannsaka það.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg hef fátt að athuga við mál þetta, en stend upp af því, að mjer er dálítið kunnugt um, hver áhrif lög þessi mundu hafa í þeim tveim kjördæmum, sem jeg er sýslumaður í. Nú sem stendur mundu lög þessi dálítið hækka hreppstjóralaunin á allmörgum stöðum, en lækka þau að eins í einum eða tveim hreppum af tólf. Í einum hreppi, Hofshrepp í Öræfum, mundu þau hækka hreppstjóralaunin töluvert, því að af nálægt 40 mönnum, sem þar telja fram til tíundar, búa að eins einir 7 á 5 hundruðum og þaðan af meiru. Í öllum hinum hreppunum mun hækkunin að eins vera lítilfjörleg.

Jeg tek það fram, að jeg vil ekki greiða atkvæði með frumv. ef jeg sje fram á, að það mundi verða til þess, að laun hreppstjóranna lækkuðu, því að mín skoðun er, að þau sjeu svo lítil sem minnst má vera í samanburði við það starf og þann vanda, sem á hreppstjórunum hvílir.

Jeg tók það fram, að eins og nú stæði, mundu laun hreppstjóra heldur hækka allvíðast í þeim kjördæmum, sem jeg nefndi, ef frumv. þetta yrði að lögum, en þess er vel að gæta, að grundvöllur sá sem frumv. byggir á, er næsta valtur. Vjer þekkjum það, að í hörðum árum fækka þeir eigi lítið, sem til tíundar telja; í þeim árum reyna flestir búlausir menn að losa sig við sem mest af fjenaði sínum eða neyðast til þess. Það er því hætt við, að þótt laun hreppstjóra kunni að hækka í góðu árunum fram úr því sem nú er, að þá mundi þau í hörðu árunum geta orðið lægri en eptir gildandi lögum.

Jeg álít það vafalaust, að þessi lög muni þegar eins ná til þeirra hreppstjóra, sem launin lækka hjá, eins og hinna, og byggi jeg það á því, að sá maður, sem hreppstjóri hefur verið í hrepp, er skipt hefur verið í tvo hreppa, heldur eigi þeim launum, sem hann hafði á meðan hann var hreppstjóri í óskipta hreppnum, þótt hann fái þá náð að verða hreppstjóri í öðrum hvorum nýja hreppnum, heldur fær hann að eins þau laun, sem hreppstjóra ber að lögum í nýja hreppnum. Jeg er á sama máli sem h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.), að málið þurfi að athugast betur, áður en það er látið fara lengra, og að eigi veitti af að skipa nefnd í því. Sú nefnd þyrfti að ganga í gegnum lausafjárskýrslur síðari ára. Einnig væri fróðlegt, að hún skoðaði skýrslurnar frá árunum 1882—87, því að þá voru fremur hörð ár. Jeg ætlast ekki til, að hún taki með harðindaárið 1882, því að það ár munu fáir búlausir hafa talið fram til tíundar.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hef ekki miklu við það að bæta, sem h. þm. V.-

Skaptf. (Guðl. G.) tók fram. Jeg skal að eins bæta því við, að þar sem jeg þekki til, ætla jeg að hreppstjóralaunin muni á fám stöðum lækka en víðast hækka, en sú hækkun er svo óveruleg að segja má, að hún nemi engu. Í mínum hrepp mundu þau t. d. hækka um rúma krónu, en þar er líka talið svo afdráttarlaust fram til tíundar, að varla mun þar nokkur sá vera, er hálft hundrað eigi af tíundarbærum fjenaði, að hann eigi telji það fram. En sumstaðar annarstaðar hafa borizt fregnir um, að eigi mundi hver maður telja fram til tíundar, sem þó í raun og veru ætti að gjöra það, og að því leyti er það ekki svo óheppilegt, að hreppstjórar eigi nokkra hagnaðarvon af því að gæta þess, að þeir telji fram fje sitt til tíundar, sem það eiga að gjöra. Mjer finnst það ekki þurfa rannsóknar við, að sá grundvöllur, sem frumv. byggir á, sje rjettari en sá sem nú er bygt á, sjerstaklega við sjávarsíðuna. Jeg er því kunnugur, fyrir hver störf hreppstjórum eru sjerstaklega borguð þessi laun, en það eru einkum skriptir og skýrslur, sem mest eru miðaðar við framteljendur, og þess vegna því meira verk við þær, því fleiri sem þeir eru. Skýrslurnar eru einar 6—8 og töluvert verk á þeim, eigi sízt tíundarskýrslunni; því er það ekki rjettlátt, að hreppstjórar fái ekki borgun fyrir aðra en þá sem búa á 5 hundruðum eða meira, ekki sízt í hreppum, þar sem eins stendur á og h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) benti á, að ekki nærri helmingur framteljenda fullnægir þeim skilyrðum.

Jeg álít það í raun og veru nægja rannsókn í þessu máli, sem h. þm. Borgf. (Þórh. B.) hefur gjört, það er að segja að athuga, hve margir telji fram til tíundar, og hve mikil öll hreppstjóralaun sjeu samtals á landinu; og þegar það nú kemur út, að laun hreppstjóra muni samtals verða litlu hærri en áður, og að að eins fáir hreppstjórar muni verða fyrir litlum halla, þá sje jeg ekki verulega ástæðu til að skipa nefnd í málið, og það því síður, sem bæði er orðið áliðið þingtímans, og margir þingd.manna hafa svo mikið að vinna í öðrum nefndum, að þeir munu naumast geta varið löngum tíma til að rannsaka búnaðarskýrslur undanfarinna ára.

Sighvatur Árnason: Jeg mun ekki fara langt í þetta mál, þótt jeg sje einn af þeim, sem það snertir og sem gæti búizt við dálítilli lækkun, ef frumv. yrði að lögum. En jeg vil lítillega bera saman þann grundvöll, sem laun hreppstjóra eru nú bygð á, og þann grundvöll, sem hjer er lagður. Það mun hafa verið sagt, að grundvöllur frumv. mundi ekki breyta mikið launum hreppstjóra í sveitahreppum, og er jeg því samdóma; en aptur kemur töluverð hækkun fram í sjávarsveitunum, sem er viðurkennt, að verði ósanngjarnlega út undan, eptir þeim gildandi lögum. En þá er að gá að því, hvort sú hækkun kemur ekki aptur á hinn bóginn til að gjöra ójöfnuð hreppa á milli, nefnilega að launin mundu ganga of hátt í sumum sjávarsveitum, og eins hitt, að þau laun, sem landssjóður verður að greiða, mundu hækka um 6—800 kr. á ári. Þegar jeg ber þetta saman, að byrði landssjóðs mun hækka og að til ýmsra hreppa yrði að borga talsvert meira en verið hefur, en til annara aptur minna, þá hefir mjer dottið í hug, hvort ekki mætti með breytingartillögu laga þetta og jafna með því, að þoka nokkru til í þeim hreppum, þar sem hækkunin er mest; á þann hátt gæti að meiru eða minna leyti sparast hækkunin á landssjóðsgjaldinu.

Þetta vildi jeg athuga nú sjerstaklega

ef nefnd yrði sett í málið, sem jeg álít þó ekki vera nauðsynlegt.

Halldór Daníelsson: Jeg skal vera mjög stuttorður um þetta mál; jeg held að þessi 75 aura borgun, sem frumv. fer fram á, muni hafa lítil breytandi áhrif, að minnsta kosti í sveitahreppum; þó mun það ef til vill lækka nokkuð hreppstjóralaunin; aptur á móti held jeg, að í sjávarhreppum kunni þetta sumstaðar að hafa töluverð áhrif, svo jeg er ekki viss um, að þetta verði til að koma fullum jöfnuði á, t. d. þar sem hjer um bil hver búandi í fjölmennum hreppum á einn bát, og hann nemur þó allt af tíund, þá yrði sú tíund nokkuð há, þá yrðu laun hreppstjórans í þeim hreppum, þar sem margir tíundendur eru, nokkuð há, þó yrði þá að líkindum meiri jöfnuður með launin en nú er með þessu fyrirkomulagi, sem hjer er farið fram á. Svo er það enn aðgætandi, að þessi grundvöllur fyrir launununm er valtur, og valtari en sá sem tíðkazt hefur; hann hlýtur að breytast eptir árferðinu, sjerstaklega af því, að búlausir menn, sem tíunda af lausafje; ganga úr tölunni í hörðu árunum, þeir selja það þá eða leigja; þeir losa þá allt við sig, sem þeir geta.

Þetta eru vitaskuld agnúar á frumv.; en þó að öllu vel íhuguðu held jeg að þessi breyting miði til bóta og geri, þegar á allt er litið, meiri jöfnuð en áður hefur verið.

Helzt vildi jeg, að málið væri sett í nefnd; þá er jeg sannfærður um, að mætti ná þeim jöfnuði, sem æskilegur er; því málinu liggur ekki á, svo ekki teldi jeg það neinn skaða, þó það ekki kæmist í gegn á þessu þingi, enda hafa mjög litlar umkvartanir heyrzt í þessu efni. Svo er það enn, að nokkur ástæða virðist vera til þess, að taka alveg fyrir lögin um laun hreppstjóra; því nýkomin eru út lög um aukatekjur sýslumanna og aukatekjur þær, er renna í landssjóð, svo það virðist vera í samræmi við þetta, að taka til meðferðar lög um aukatekjur hreppstjóra. Þess vegna vil jeg leyfa mjer, að stinga upp á þriggja manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefnd samþykkt með 12 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, sakir óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson	Eiríkur Gíslason
Guðl. Guðmundss.	Guðjón Guðlaugss.
Bened. Sveinsson	Jón Jensson
Björn Sigfússon	J. Jónss., þm. A.-Sk.
Halld. Daníelsson	Ólafur Briem
Jens Pálsson	Pjetur Jónsson
Jón Þórarinsson	Skúli Thoroddsen
Sighv. Árnason	Þórður Guðmundss.
Sig. Gunnarsson	Þórh. Bjarnarson.
Tr. Gunnarsson	
Valtýr Guðmundss.	
Þorl. Guðmundsson.	

Eptir ítrekaðar kosningar komust þessir í nefndina:

Björn Sigfússon	með	8 atkv.
Guðl. Guðmundsson	—	8 —
Halldór Daníelsson	—	10 —

Umr. síðan frestað.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Kirkjubólshöfn í Stöðvarfirði (C. 63); 1. umr.

Sigurður Gunnarsson: Þetta litla frumv., sem nú er hjer til umræðu, er, eins og h. þm. munu vita, komið frá h. Ed.; þar gekk frumv. svo að segja umræðulaust í gegn um deildina, enda virðist ekkert vera að athuga við það; jeg þykist þess vegna eigi þurfa að fara mörgum orðum um málið, en óska þess að eins, að það megi komast til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um frönsku húsin í Reykjavík (C. 89); ein umr.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Á alþingi í fyrra kom sú skoðun fram hjá eigi all-fáum þingm., að nauðsynlegt væri að reisa hús fyrir söfn landsins og jafnvel fleiri opinberar stofnanir. Til þess að undirbúa þetta mál var komið fram með þingsályktun, en hún varð ekki útrædd á því þingi.

Enn fremur má geta þess, að menn álitu hentugast hússtæði við Austurvöll, þar sem hin svo kölluðu »frönsku hús« nú standa. En nú hagar svo til, að lóðin undir þessum frönsku húsum er ekki nægilega stór fyrir þessa nýju safna-byggingu, heldur þarf að bæta við lóð, sem dálítið hús stendur á, við hlið frönsku húsanna, og var eign madömu G. Möller.

Í vetur varð sá atburður, að kona þessi andaðist og erfingjanum buðust þegar kaupendur að húsinu; rjeð jeg þá það af, að semja við hann, að hann ekki seldi húsið fyrst um sinn, af því að jeg vissi skoðanir margra h. þingm. frá því í fyrra og manna utan þings, að hjer væri mjög vel til fallið hússtæði fyrir opinbera byggingu. Eigandinn var tregur að ganga að þessu, en svo jeg ekki fjölyrði meira um þetta, þá gaf hann mjer loksins eins árs kauprjett á húsinu, með því skilyrði, að grunnurinn yrði notaður til almennra þarfa. Þetta loforð stendur því eigi lengur en til næsta vors, enda væri það óviðkunnanlegt, að halda manninum lengi í óvissu, þar sem hann hefur annan kaupanda að húsinu. Það er því ástæðan til þess, að þingsályktun þessi er fram komin, að eigandinn þarf að fá svar, og landið má ekki missa lóðina, ef þingið kynni að hafa í hyggju að reisa þar á opinbera byggingu, en af því að óráðlegt er að kaupa þetta hús og þennan grunn nema lóðin undir frönsku húsunum fáist líka, þá er áríðandi að fá að vita vilja frönsku stjórnarinnar með sölu á nefndum húsum.

Komi ekkert svar til núverandi eiganda litla hússins fyrir næsta þing, þá er sá lóðarblettur tapaður.

Að vísu er það satt, að enn þá hefir ekki verið ákveðið af þingi, að reisa nefnt stórhýsi, en eigi að síður sýnist mjer það væri heppilegt, að kaupa þennan lóðarblett með litla húsinu, svo hann eigi misstist, og reyna að eignast kauprjett á frönsku húsunum. Þó að ekki verði bygt á þessari lóð strax, eða það rjeðist, að landið bygði eigi stórhýsi innan skamms tíma, þá eru þessir lóðarblettir báðir svo útgengilegir, að margir kaupendur mundu þá bjóðast að þeim; að minnsta kosti er skaðinn meiri, ef bygt verður og lóðarblettunum tapað, heldur en þó þeir væru keyptir, en landið hætti við að byggja.

ATKV.GR.: Tillagan samþykkt með 11 atkv. og afgreidd síðan til landshöfðingja sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Frumv. til laga um löggilding fjelags með takmarkaðri hluthafa ábyrgð, rjettindi þess og skyldur til að halda uppi siglingum milli Íslands og útlanda og í kringum strendur Íslands, og til að leggja járnbrautir á Íslandi o. fl. (C. 65, 73); 2. umr.

Ólafur Briem: Meiri hluti nefndarinnar í þessu máli hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að ráða h. deild til að samþykkja frv. þetta, enda gengur mestur hluti nefndarálitsins út á að sýna fram á það, hve afarmikla þýðingu frumv. geti haft fyrir landið, ef það yrði að lögum. En við það að lesa álitsskjalið til enda sjest, að 2 h. nefndarmenn hafa ekki skrifað undir niðurlagsatriði nefndarinnar, heldur gert á-

greiningsatkvæði, þar sem þeira ráða til að fella frumv., og tilfæra þeir aðallega 3 ástæður.

Fyrsta ástæðan er sú, að málið vanti nauðsynlegan undirbúning. H. formælandi minni hlutans 1. þm. Eyf. (J. J.) lagði ekki svo mikla áherzlu á þetta atriði, en ýmsir aðrir h. þm. hafa þar á móti gert mikið úr því, þar á meðal sjerstaklega h. þm. V.-Skaptf. (G. G.).

Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, að þetta hafi svo mikla þýðingu fyrir málið, að þingið fyrir þá sök eigi að vísa því á bug. Þó það væri æskilegra, að málið hefði verið komið lengra á veg á Englandi, þá er naumast hægt að ætlast til þess, að sá undirbúningur hefði átt sjer stað, að menn gætu fyrirfram verið fullvissir um, að allt það, sem gert er ráð fyrir í frumv., yrði framkvæmt, enda eru þær framkvæmdir settar sem skilyrði fyrir skuldbindingum þeim, sem áskildar eru af landsins hálfu, þannig, að ef ekkert yrði úr framkvæmdunum, væri landið laust allra mála, og landssjóður þyrfti þá engum eyri til að kosta. Einnig er þess að gæta, að þó máli þessu yrði frestað nú, þá er engin vissa fyrir, að það yrði síðar svo undirbúið, að menn væru nokkurn hlut vissari um það, hvernig því fyrirtæki reiddi af, sem hjer er gert ráð fyrir að sett verði á fót. Á hinn bóginn er eðlilegt, að frumkvöðlar málsins hafi átt örðugt með að mynda reglulegt fjelag eða fá menn til að taka þátt í því, meðan óvíst var, hvort alþingi vildi sinna málinu.

Önnur ástæða h. minni hluta nefndarinnar er sú, að viðurhlutamikið sje, að skuldbinda landssjóð til þess að leggja fram svona mikið fje á ári hverju um svo langan tíma, án þess að þjóðinni hafi gefizt kostur á að segja álit sitt um málið. Að vísu hefir ekki verið tími til að leita álits landsmanna um þetta sjerstaka fyrirtæki, en jeg ætla að leyfa mjer að skírskota til allra þeirra þingmálafunda, sem haldnir hafa verið í ýmsum hjeruðum landsins á síðustu árum, hvort þjóðin hafi eigi látið sjer mest umhugað um allt það, sem snert hefir atvinnuvegi landsins og þá sjerstaklega umbætur á samgöngunum, og að því leyti þarf ekki að segja að þingið renni alveg blint í sjóinn, enda hafa allar fjárveitingar úr landssjóði, sem gengið hafa til þess að greiða samgöngurnar, mælzt mjög vel fyrir hjá þjóðinni. Þetta sýnir, að þjóðin leggur ekki aðaláherzluna á það, að losna við gjöldin, heldur á það, að fje landssjóðs sje sem bezt varið, og megi að sem mestu gagni koma. Í þessari sömu grein tekur minni hluti nefndarinnar það fram, að honum dyljist ekki, að þetta mundi auka mjög útgjöld landssjóðs. Þetta getur verið grýla í augum sumra manna, en þar sem sú grundvallarskoðun, er jeg gat um áðan, er ríkjandi hjá þjóðinni, að hugsa ekki svo mikið um að losast við gjöldin, heldur miklu fremur að þeim sje heppilega varið, þá er jeg fyrir mitt leyti eigi svo mjög hræddur um, að þessari fjárveiting verði ekki vel tekið af almenningi, svo framarlega sem menn sannfærast um að fyrirtækið sje mikilsvert, og geti komið að verulegum notum.

Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, og nefndin, bæði meiri og minni hluti hennar, hefir eindregið fallizt á að sje mjög þýðingarmikið, og geti leitt af sjer mikla hagsmuni fyrir þjóðina, snertir tvenns konar fyrirtæki, sem sje járnbrautir og gufuskipaferðir, bæði milli Íslands og útlanda, og kringum strendur landsins. Að því er járnbrautirnar snertir, hafa menn ekki annað til að byggja á en reynslu annara þjóða, og er það að vísu afarmikill vandi, að

heimfæra þá reynslu upp á þetta land. Það er mikils háttar nýmæli, sem hvorki þingmenn nje aðrir landsmenn hafa haft tækifæri til að átta sig verulega á. Við 1. umr. málsins báru menn járnbrautirnar saman við gufubátaferðir á Faxaflóa; en eins og þá var tekið fram, er þetta tvennt ekki að öllu leyti sambærilegt. Rjettara virðist að bera járnbrautir saman við akbrautir eða flutningavegi. Það dylst engum, að til flutningabrautanna, samkvæmt núgildandi vegalögum, hlýtur að ganga afarmikið fje, ekki að eins til að leggja þær í fyrstu, heldur einnig til árlegs viðhalds. Og jeg þekki skynsama menn, sem hafa mikinn áhuga á framförum landsins, en hafa þó látið í ljósi efasemdir um, að flutningabrautirnar með þeim afarmikla kostnaði, er þær hafa í för með sjer, geti nokkurn tíma borgað sig, eða yfir höfuð að þar með sje fundið hið eina rjetta ráð til þess, að bæta samgöngurnar á landi. Það sem einkum vakir fyrir þeim mönnum sem draga þetta í efa, er það, að akbrautir verði, að minnsta kosti fyrst um sinn, ekki almennt hafðar fyrir vagnvegi, heldur að miklu leyti notaðar á sama hátt og hinir gömlu lestavegir, og að þá sjeu þær fremur til skemmtunar og þæginda heldur en að þær miði til verulegra umbóta á búnaðarháttum landsmanna. Þeir segja sem sje, að þó akbrautirnar sjeu lagðar án þess vagnar sjeu almennt teknir upp, þá þurfi bændur eptir sem áður að hafa allt að því eins marga hesta til lestaferða, og þá muni það litlu, þó þeir ef til vill þurfi heldur minni tíma til ferðalagsins en ella. Til þess að dýrir flutningavegir gætu komið að verulegu gangi, og orðið arðberandi fyrir landsmenn, útheimtist, að vöruflutningar yrðu sjerstök atvinnugrein, svo bændur þyrftu ekki sjálfir að fara í lestaferðir með menn sína, heldur gætu fengið keyptan flutning á vörum sínum, en setið sjálfir að búum sínum og stundað þau. Þetta er einmitt það fyrirkomulag, sem að sjálfsögðu mundi verða tekið upp, svo framarlega sem járnbrautir yrðu lagðar hjer á landi og almenningur kæmist upp á að nota þær á líkan hátt og í öðrum löndum. Á hinn bóginn álít jeg, að enginn geti að óreyndu gert sjer neina ljósa hugmynd um, og því síður sagt með neinni vissu, hvort járnbrautir hjer á landi mundu borga sig eður eigi, þegar fram líða stundir, enda kemur þetta atriði út af fyrir sig eigi beinlínis til skoðunar í þessu máli, eins og það liggur fyrir þinginu. Því að hjer er eigi spurning um, að landssjóður leggi fram kostnaðinn við hinar fyrirhuguðu járnbrautir, heldur að eins borgi vexti um nokkurt árabil af upphæð þeirri, sem til þess gengur. Hin fyrsta járnbrautarlagning hjer á landi getur því eigi skoðast öðruvísi en sem tilraun, er gerð sje í því augnamiði að fá reynslu fyrir því, hvort járnbrautir hjer á landi hafa að sínu leyti eins heillarík áhrif á efnahag manna og búnaðarhætti, eins og alstaðar í öðrum löndum, með því að hleypa nýju fjöri í viðskiptalífið. Slíka tilraun álít jeg þess verða, að eigi sje hikandi við að leggja nokkurt fje í sölurnar til þess að hún verði gerð sem fyrst, svo að þjóð og þing geti framvegis haft þá reynslu til hliðsjónar við fjárveitingar til vegabóta.

Þá ætla jeg að minnast fám orðum á gufuskipsferðir þær, sem áskildar eru í frumv. Í ástæðum þeim, er minni hluti nefndarinnar hefir bygt á ágreiningsatkvæði sitt, 3. tölulið, gefur hann í skyn, að samgönguþarfirnar við önnur lönd muni vaxa svo eða breytast, að varhugavert sje að binda fjárstyrk úr landssjóði um langan tíma við skipa-

ferðir, er miðaðar sjeu við núverandi ástand. Það er nú hvorttveggja, að eigi er ólíklegt, að skipaferðir þær, sem nú þykja nægilegar, verði alls eigi fullnægjandi að nokkrum árum liðnum, enda er í frumv. sleginn varnagli við þessu, þar sem svo er ákveðið í 42. gr. 2. b., að ef flutningsþörfin fram með ströndum landsins aukist svo mjög, að eitt skip þyki ekki nægja, geti landstjórnin að 10 árum liðnum áskilið, að fjelagið láti 2 minni skip halda uppi strandferðunum. Það er einnig hugsanlegt, að umræddar gufuskipsferðir gætu fengizt fyrir minna árgjald eptir nokkur ár. En í þessu tilliti er á fleira að líta. Fyrst og fremst er aðgætandi, að nú sem stendur er engin von til að fá jafntíðar og hagstæðar skipaferðir fyrir árgjald það, sem hjer er áskilið (50 þús. kr.).

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) nefndi 70 þús. kr. sem hið minnsta árstillag fyrir jafngóðar skipaferðir fyrst um sinn. Í annan stað yrði það sjálfsögð afleiðing af því fyrirkomulagi strandferðanna, sem hjer er gert ráð fyrir, að fjelagið hlyti þegar í byrjun að leggja afarmikið í kostnað til að bæta Reykjavíkurhöfn, bæði til þess að gufuskip það, sem á að fara til útlanda, tefðist sem minnst við uppskipun í Reykjavík, og einkum til þess að umskipun á vörum, er koma frá útlöndum og eiga að fara með strandferðaskipinu til annara hafna á landinu, gæti gengið sem greiðlegast og kostnaðarminnst. Kostnaðurinn við slíka endurbót á höfninni hefir, eins og h. þm. Rvk. (J. J.) tók fram við 1. umr. málsins, verið áætlaður 300 þús. kr. Að vísu er þetta fyrirtæki mjög svo nauðsynlegt, eigi að eins fyrir Reykjavíkurbæ og þau hjeruð, er þangað sækja verzlun, heldur einnig fyrir aðra landshluta, að því leyti sem góð höfn í Reykjavík er skilyrði fyrir haganlegu fyrirkomulagi strandferða, á þann hátt, að Reykjavík sje samtengingarliður milli strandferðaskipanna og þeirra skipa, sem fara milli Íslands og útlanda. Samt sem áður er ekki hægt að gera sjer von um, að ráðizt yrði í jafnkostnaðarsamt fyrirtæki af fjelagi, sem eigi gæti búizt við að hafa bein not af því nema um stuttan tíma, t. d. 2 ár, eins og samið hefir verið um gufuskipaferðirnar að undanförnu. Það, að samningurinn væri látinn gilda um fleiri ár, mundi einmitt gera það aðgengilegra fyrir fjelagið, að leggja út í kostnaðarsöm fyrirtæki, sem eigi gætu borgað sig fyr en ef til vill eptir lengri tíma. Þó nú svo færi, að fjelagið hefði nokkurn hagnað af gufuskipsferðunum, þegar fram í sækti, mætti skoða þann ágóða sem sanngjarna uppbót fyrir þann skaða, sem fjelagið kynni að bíða fyrst í stað. En ef svo reyndist t. d. að 15 árum liðnum, að ferðir þessar gætu borið sig án nokkurs fjárstyrks úr landssjóði, og menn vildu eigi unna fjelaginu þess hagnaðar svo sem uppbótar fyrir kostnað, er það hefði lagt fram til nytsamra fyrirtækja um fram það, sem beint er áskilið í frumv., þá hefir landstjórnin samkvæmt 43. gr. opinn aðgang til að kaupa skip fjelagsins og önnur flutningatæki. Og þó tjárveitingavaldið vildi eigi ráðast í svo stórkostlegt fyrirtæki, er varla hætt við, ef gróðavon væri að fyrirtækinu, að önnur fjelög fengjust eigi til að ganga í kaupin og gera nýja samninga þar að lútandi.

Þegar á allt er litið, verð jeg fyrir mitt leyti að hallast að þeirri skoðun, að ef frumv. þetta yrði að lögum og kæmi til framkvæmdar, væri þar með stígið stórt spor landinu til framfara með sjerstöku tilliti til þeirra margvíslegu hagsmuna, er mundu verða samfara nánu viðskiptasambandi við Eng-

land. Jeg vil því ekki taka þá ábyrgð upp á mig að standa í vegi fyrir því að frumv. nái fram að ganga, og ætla þess vegna óhikað að gefa því atkvæði mitt.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): H. varaforseti (Ól. Briem) hefur nægilega svarað ástæðum minni hluta nefndarinnar, svo að jeg álít það óþarft, að ræða þær frekara. En við framhald 1. umræðu komu fram ýms mótmæli gegn frumv., sem að vísu mestmegnis eru endurtekning af mótbárum hæstv. landshöfðingja við byrjun 1. umræðu, og skal jeg því fyrst fara nokkrum orðum um agnúa þá, er hæstv. landshöfðingi þá taldi á frumv.

Það fyrsta, sem hæstv. landshöfðingi taldi frumv. til foráttu, var formið á því, en með því að jeg hefi talað um þetta atriði við framhald 1. umræðu og sýnt fram á, að þetta form væri altítt í öðrum löndum, þá álít jeg óþarft, að fara frekari orðum um það, og vona jeg, að menn sætti sig nú við það. — Þá tók hæstv. landsh. það fram, að í frumv. væri að eins farið fram á 18 ferðir til útlanda, auk strandferðanna, en ekkert nánara ákveðið viðvíkjandi þessum gufuskipaferðum, hvernig þeim skyldi haga, ekkert um, hve stórt farþegarúm skipið skyldi hafa. — Þessu þykist nefndin hafa bætt úr með því, að ákveða víst farþegarúm á báðum skipunum, og nú hefir hún komið fram með breytingartill. um, að eptir 42. gr. frv. bætist inn í: »Alþingi ákveður viðkomustaði strandferðaskipsins«, o. s. frv. Nefndin hefur og aukið hraða skipanna, sem í upphaflegu frumv. var fyrir milliferðaskipin ákveðinn að eins 10 mílur enskar á klukkustund, en 8 fyrir strandferðaskipin. Þetta þótti nú nefndinni nokkuð lítið og breytti því þess vegna í 12 mílur á klukkustund fyrir milliferðaskipið, en 10 fyrir strandferðaskipin.

Hæstv. landshöfðingi talaði líka um, að það vantaði öll ákvæði um kostinn, t. d. hvort menn megi hafa fæði með sjer eður eigi. Þetta er satt, og við þessu hefur ekki verið gjört, því að nefndin áleit það þýðingarlítið, að fara að gjöra nein ákvæði þar að lútandi, enda mun hæstv. landshöfðingi, eptir því sem mjer skildist orð hans, að hann fyrir sitt leyti ljeti sig þetta litlu skipta, og vera einmitt á sömu skoðun og nefndin um þetta atriði.

Hæstv. landshöfðingi tók það því næst fram, að þar sem fjelaginu væri leyft að taka hvaða land sem væri, hvort sem það er opinber eign eða einstakra manna, þar vantaði nú fulla tryggingu fyrir, að hlutaðeigandi landeigendur fengju fulla borgun fyrir landið. Þess vegna hefur nefndin bætt inn í frumv.: »þó gegn fullu verði, er greitt sje fyrir fram«, eins og stendur í 10. gr. frumv. nefndarinnar. Fjelagið má því ekki snerta landið, nema það hafi borgað það fyrir fram, og komi það sjer ekki saman við eiganda um kaupin, þá er það sett í gjörð.

Hæstv. landsh. tók það og fram, að fjelagið mætti stífla og nota allt vatn úr ám, lækjum og uppsprettum »til hvers sem það nú kynni að vera«. En það er ekki alls kostar rjett, því í hinu upphaflega frumv. stóð, að eigi megi gjöra meira spell á farvegi vatna en nauðsynlegt er, nefnilega til þess, að framkvæma fyrirtæki sitt; en hitt hefir nefndin fundið ástæðu til að taka fram nánar, að fjelagið greiði fullt verð fyrir notkun vatnsafls og þau spell á landi, er það kynni að gjöra, fyrir fram.

Enn fremur tók hæstv. landsh. það fram, að eptir frumv. mætti fjelagið nota alla vegi og brýr á landinu, sem

það vildi, og taldi það iskyggilegt. Um þetta atriði hefir nefndinni fundizt ástæða til þess, að ákveða nánar, og í frumv. nefndarinnar er því svo ákveðið, að fjelagið megi nota spotta af vegum og brýr, sem eru opinber eign, svo framarlega sem hlutaðeigandi stjórnarvald telur það hættulaust fyrir umferðina eða vegina sjálfa og brýrnar. Þetta ákvæði miðar að eins til þess, að brautin verði sem beinust, og að banna, að járnbrautin liggi þvert yfir þjóðvegi, er ómögulegt; því það gætu orðið stærri krókarnir, sem þá gæti þurft að fara; en auðvitað verður fjelagið að hafa hliðarverði á þeim stöðum, þar sem umferð er mikil.

Þá tók hæstv. landshöfðingi fram, að fjelagið væri undanþegið öllum sköttum og skyldum um 30 ár, og taldi þetta næsta þýðingarmikið. Hann tók það sem dæmi, að ef skipið, sem væri ætlað til millilandaferðanna, væri undanþegið þeim gjöldum, sem lögboðin eru fyrir rannsókn og áritun skipaskjala, og vitagjald, þá mundi það nema 6,500 kr. á ári. Þetta hefur nefndin og athugað, og samkvæmt frumv. nefndarinnar eru það að eins járnbrautirnar sjálfar og þær byggingar, er þeim því nauðsynlega fylgja, sem eru undanþegnar sköttum, eins og sjá má af 12. grein.

En þetta, að undanþiggja brautirnar sjálfar og stöðvahúsin og byggingar þær, er járnbrautinni fylgja að meira eða minna leyti, það er almennt í öðrum löndum, bæði í Danmörku og annarsstaðar.

Enn fremur tók hæstv. landshöfðingi það fram, að samkvæmt frumv. hefði fjelagið leyfi til, að selja áfenga drykki án þess, að það væri bundið við ákvæði laga 10. febr. 1889 og án þess, að þurfa að borga toll af vínföngum og öðrum tollskyldum vörum.

Það er satt, að ákvæði hins upprunalega frumv. mátti skilja svo. En í frv. nefndarinnar vona jeg, að gjört sje við þessum agnúa, þar sem ákveðið er, að »um vínfanga sölu á landi skuli fara sem gildandi landslög segja«.

Hæstv. landshöfðingi tók það einnig fram og margir á eptir honum, að fjelagið væri eiginlega enn þá ekki til, og að það hefði engan sjóð. Þetta er er satt. En jeg þykist hafa sýnt fram á með því, sem jeg las upp fyrir h. d. í fyrra dag, að slíkt viðgengst í enskum lögum, þar sem fjelagi, sem átti að hafa höfuðstól upp á 500,000 dollara, er leyft að taka til starfa, þegar það hefði fengið loforð fyrir að eins 50,000 dollurum og að eins fengið inn 10% af þeirri upphæð eða einar 10 þúsundir. Í þessum lögum er gert ráð fyrir, að fjelagið hafi ekkert fje til umráða, þegar það er löggilt, og ekki einu sinni, þegar lögin eru staðfest. Og et löggjafarþing Breta getur verið þekkt fyrir að löggilda slíkt fjelag, þá ætti okkar þing sannarlega einnig að geta það.

Eitt af því, sem hæstv. landshöfðingi tók fram, var það, að ekki væri tiltekið í frumv., hvert ætti nú að leggja þessa járnbraut, eða hve langt hún ætti að ná. Þetta hefur nefndin tekið til greina með því, að ákveða 2 vissa punkta, sem brautin á að liggja á milli, nefnilega frá Reykjavík og austur að Þjórsá.

Hæstv. landshöfðingi tók einnig fram, að engin áætlun lægi fyrir um, hvað mikið brautin mundi kosta, og taldi hann líklegt, að stofnendurnir mundu vita lítið meira um það heldur en aðrir úti í frá. Þetta er satt að nokkru leyti, enda mundi erfitt að leggja fram fyrir þingið nákvæma áætlun um kostnaðinn. En jeg hefi þó lagt fram skjöl, sem ætlast á um, hvað brautin sjálf mundi kosta, og með samanburði við önnur

lönd, sem líkt stendur á og hjer, t. d. sumstaðar á Skotlandi, mætti sjálfsagt ætlast nokkurn veginn nákvæmlega á um, hvað mikið það mundi kosta, að leggja brautina, þegar menn vita nákvæmlega um allt, sem til hennar þarf. Munurinn getur aldrei orðið stórkostlegur, þegar um svona stórt fyrirtæki er að ræða.

En það var eitt, sem hæstv. landsh. sagði, og sem mjer þótti vænt um að heyra af hans munni, og það var, að hann væri flutningsm. samdóma um, að það væri mikil framför, ef járnbraut kæmist á hjer á landi. Mjer þótti sannarlega vænt um, að hann, sem er þekktur að því, að sjá lengra burt frá sjer en margir aðrir, sem virðast eigi geta hugsað sjer annað en að við eigum til eilífðar að ýtast áfram með árum á bárum, meðan allar aðrar þjóðir í veröldinni þjóta áfram með gufuafli og rafmagni, skuli vera hlynntur stefnu frumv. og að hann áleit það ekki ómögulegt, að járnbrautir gæti þrifizt hjer á landi. Aptur á móti taldi hann frumv. svo illa úr garði gjört, að ógjörningur væri að samþykkja það. Þetta er alveg satt. Hið upphaflega frumv. var mjög fljótfærnislegt og enda alveg óaðgengilegt. En nú vonar nefndin, að hún hafi lagfært það þannig, að flestir, ef ekki allir agnúarnir sjeu horfnir.

Það er að eins eitt, sem jeg vil játa, að getur virzt athugavert, og það er hinn langi tími, sem frv. bindur landið. En h. varaforseti (Ól. Br.) hefir svo rækilega tekið það fram og gert grein fyrir því, sem nefndin mundi hafa athugað í því tilliti, að jeg get látið mjer nægja, að skírskota til ræðu hans um það atriði.

Nefndin hefir komið með ýmsar breyt.-till. við frumv. á þgskj. 100, sem sumpart miða til þess, að tryggja betur ýms ákvæði frv., en sem sumpart eru að eins orðabreytingar.

Það er þá 1. breyt.till. við 3. gr., að í staðinn fyrir »stál- eða járnbraut«, komi »stál- eða járnbrautir«. Þetta er að eins orðabreyting, og 2. breyt.till. leiðir af henni. Þá kemur 3. breyt.-till. við 3. gr., að niðurlagið orðist svo: »til bygða í Árnessýslu austan fjalls og hafið lestaferðir á henni, hefir það fyrirgjört öllum þeim rjettindum, sem lög þessi heimila«. Með þessu er fyrirbygt, að fjelagið geti hætt við járnbrautina áður en hún er fullgjör, en haldið samt gufuskipaferðunum. Það bindur hvort annað, þannig, að ef fjelagið hefir ekki lagt brautina til bygða í Árnessýslu og hafið lestaferðir á henni eptir 5 ár, þá missir það gufuskipaferðirnar líka. Þannig getur fjelagið, ef það hættir við að leggja járnbrautina, aldrei haldið skipaferðunum lengur en 5 ár.

Í 7. gr. er tekið fram, að farangur, vörur eða annað, sem fjelagið heldur til tryggingar óborguðu flutningsgjaldi, sje í ábyrgð eiganda. En nefndinni þótti rjettara, að fjelagið tæki einnig nokkurn þátt í ábyrgðinni, og þess vegna hafði hún komið fram með þá breyt.till., að niðurlag 4. gr. orðist svo: »niður komið og varðveita það svo, að eigi skemmist fyrir handvömm«. Nefndin áleit ekki rjett, að fjelagið ábyrgðist munina fyrir eldsvoða, þegar það er eigandanum að kenna, að þeim er haldið, heldur að eins, að þeir færust ekki eða skemmdust fyrir handvömm þjóna fjelagsins; áleit hún það nægja tryggingu fyrir því, að fjelagið gerði sitt til, að geyma munanna sem bezt.

Í 9. gr. er fjelaginu gefið leyfi til að stífla og nota vatn úr ám, og lækjum og yfir höfuð öllum heitum og köld-

um uppsprettum, sem brautir þess liggja yfir eða eru nálægt öðrum byggingum þess. — Nefndin áleit vissara, að setja þá tryggingu, að þetta væri að eins veitt svo framarlega sem það stæði í beinu sambandi við járnbrautina og væri nauðsynlegt til þess, að hún yrði lögð eða ferðum haldið uppi á henni. 5. breyt.till. nefnd. miðar því í þessa átt.

Í hinu upprunalega frumv. var farið fram á, að fjelagið hefði sömu rjettindi viðvíkjandi landi o. s. frv. undir brautirnar, og almennir póstvegir og aðrir vegir hafa samkvæmt núgildandi lögum. Þetta áleit nefndin ekki aðgengilegt, en þótti nóg, að fjelagið fengi ofaníburð og byggingarefni endurgjaldslaust, því hitt gæti komið of hart niður á landeigendum, ef brautin t. d. mætti liggja yfir engjar manna endurgjaldslaust, og hefir þessu því verið breytt í frv.

Í hinu upprunalega frumv. var það tekið fram, að enginn mætti ríða, teyma nje reka nokkra skepnu eptir járnbrautum fjelagsins. Þetta áleit nefndin óaðgengilegt, því slíkt gæti hindrað umferð manna tilfinnanlega. Nefndin hefir breytt þessu þannig, að fjelaginu skuli vera skylt að leyfa umferð þvert yfir brautina, þar sem nauðsyn krefur. Það er því að eins bannað, að ganga eptir brautunum endilöngum, nema fjelagið leyfi sjerstaklega.

Þá hefir nefndin fært höfuðstólinn niður um 2 milj., frá 6 milj. niður í 4. Tilgangur nefndarinnar með þessu var sá, að gjöra fjelaginu hægra fyrir, svo það geti tekið til starfa sem fyrst. Eptir því, sem áætlað er, þarf ekki nema 2 milj. til þess, að koma fyrirtækinu á fót; nefndin lítur því svo á, að hinar 2 milj. mundu duga lengi til þess, að halda uppi ferðum á járnbrautinni og skipaferðunum. Þess vegna hefir hún lagt til, að höfuðstóllinn verði lækkaður.

Í 26. gr. í nefndarfrumv. er svo ákveðið, að allir menn, hverrar þjóðar sem væru, hefðu rjett til að eiga hlut í fjelaginu. — Það hefir verið fundið að þessu, og nefndin hefir því íhugað þetta atriði nákvæmlega og komizt að þeirri niðurstöðu, að ekkert gæti verið því til fyrirstöðu, því þetta er siður alstaðar annarsstaðar, og fann hún því ekki ástæðu til að breyta því, en fannst þó rjettara að bæta því við, að fjelagið skyldi, að svo miklu leyti sem við verður komið, nota íslenzka starfsmenn, svo að Íslendingar fengju sem mesta atvinnu við fyrirtækið.

Í 26. gr. hins upphaflega frumv. er fjelaginu veittur rjettur til að gefa út skuldabrjef, án þess nokkur takmörk væru sett um upphæð þeirra. Enda þótt nefndinni sje kunnugt um, að þess konar ákvæði eigi sjer stað í lögum annara þjóða, þótti henni samt hyggilegra að setja eitthvert takmark fyrir, hve mikið það mætti gefa út mest. Hún hefir því sett það ákvæði í frumv. sitt, að upphæð skuldabrjefanna megi aldrei fara fram úr 20,000 krónum. Í frumv. var og ákveðið, að skuldabrjefin mætti greiða í gulli, silfri eða seðlum. Nefndinni þótti rjettara, að það væri tekið fram, að menn gætu fengið skuldabrjefin útborguð í dönskum eða íslenzkum peningum, og hefir því komið með breyt.till. í þá átt, að menn gætu krafizt, að fá þau útborguð í þessari mynt.

Jeg vil geta þess, að í 33. gr. er prentvilla; þar stendur: »og skulu þá geta gengið manni frá manni«, í staðinn fyrir: »mann frá manni«.

Í upprunalega frumv. stendur, að ef hluthafi borgar ekki það, sem stjórnarnefndin löglega kallar eptir upp í hluti, þá má hún setja vexti á hið óborgaða, en þar var ekki tiltekið neitt um, hve háa vexti fjelagið mætti taka. Nefndin hefir álitið það rjett, að takmarka

þetta, þannig, að fjelagið hefði ekki rjett til að heimta meira en 6 %.

Í 37. gr. er tekið fram, að umboðsmaður fjelagsins í Reykjavik sje rjettur málsaðili, en í hinu upprunalega frv. var það ekki nákvæmlega tekið fram, hvern lögsækja skyldi, ef menn þyrftu að fara í mál við fjelagið.

Í upprunalega frumv. var farið fram á, að landssjóður greiddi fjelaginu 50,000 krónur í næstu 30 ár með því skilyrði, að það byggi 50 mílna járnbraut frá Reykjavík austur í Árnessýslu. Þessu ákvæði þótti nefndinni rjettara að breyta þannig, að tillögin væru að eins greidd þangað til 1925. Því með þessu er það unnið, að ef fjelagið fer sjer hægt og byrjar ekki strax á járnbrautinni, þá missir það tillögin fyrir þau ár, sem það lætur það dragast. Þetta er því nokkurs konar svipa á fjelagið, því að því meir sem það flýtir sjer, því meir fær það úr landssjóði.

Í hinu upphaflega frumv. var ennfremur ákveðið, að jafnskjótt og hverjar 10 mílur af járnbrautinni væri bygðar, þá skyldi úr landssjóði árlega greiða fjelaginu tiltölulegan hluta af þessum 50 þús. kr. fyrir hverjar 10 mílur. Þessu hefir nefndin breytt þannig, að fyrst þegar brautin er komin austur í bygð í Árnessýslu og lestaferð hafin á henni, þá skuli greiða fjelaginu árlega upphæð, er standi í sama hlutfalli við þessar 50,000 kr., sem lengd hinnar lögðu brautar við alla hina fyrirhuguðu brautarlengd austur að Þjórsá. Því nefndin áleit, að ef brautin t. d. næði ekki lengra en upp að Kolviðarhól, þá mundi gagnið vart verða svo mikið, að þetta væri borgandi fyrir það.

Nefndin hefir ennfremur komið með þá breyt.till., að fjelagið hafi fyrirgjört þeim rjetti, er þessi lög heimila því, ef það eigi hefir byrjað að leggja brautina innan 3 ára. Það er því ekki nóg, þó það byrji að láta skipin ganga áður en 3 ár eru liðin, heldur verður það einnig að hafa byrjað á brautinni, ella fyrirgjört rjetti sínum.

Einnig hefir nefndin gjört þá breytingu við hið upprunalega frumv., að áður en alþingi kemur saman 1895 og áður en hvert reglulegt alþingi kemur saman, skal fjelagið setja þá tryggingu, er landstjórnin álítur nægja, fyrir því, að gufuskipaferðunum verði haldið áfram á fjárhagstímabili því, er þá fer í hönd.

Skal jeg svo ekki fara frekari orðum um málið að sinni. Það hefir raunar komið fram breyt.till. frá h. þm. Strand. (Guðj. G.), en hún er svo löguð, að jeg álít rjettast að bíða með að láta álit mitt uppi um hana þangað til h. flutningsm. hefir talað fyrir henni, og skýrt frá tilgangi sínum með henni.

Tryggvi Gunnarsson: Minni hluti nefndarinnar leyfði sjer að ráða h. þingd. til að samþykkja ekki þetta frv. Þetta má gjöra á tvennan hátt, annaðhvort með því að fella málið, eða með því, að ljúka ekki við það á þessu þingi, og kýs jeg heldur hið síðarnefnda. Málið er svo mikilsvert, að mjer þykir leiðinlegt að segja »nei« við því, en þar í móti er það svo illa undirbúið, að ómögulegt er að segja »já« við því. Það, sem kemur mönnum til að vilja endilega flýta málinu, og ljúka því á þessu þingi, er án efa hræðsla við það, að málið sje dottið úr sögunni, ef það verður ekki afgreitt nú; vil jeg því fara nokkrum orðum um þetta atriði. Menn bera það fyrir, að frumkvöðlar málsins muni alveg hætta við það, ef því verður ekki sinnt nú. En jeg er ekkert hræddur um að svo fari. Jeg álít, að kviðbogi manna fyrir þessu eigi ekki að valda því, að menn hrapi að því að samþykkja málið svona und-

irbúið og lítið hugsað. Mjer þykir óhugsandi, að meiri hluti h. þingdm., ef þeir þyrðu að treysta því að málið kæmi betur undirbúið til næsta þings, vildu ekki heldur kjósa að fresta málinu 1 ár, til þess: 1., að hugsa málið vandlegar en kostur verður á á þessu þingi, 2., að gefa þjóðinni kost á að segja álit sitt um það, og 3., að komast að því, hvort þjóðin vill gangast undir nýja skatta til þess, að fá framgengt því fyrirtæki, sem hjer er farið fram á. Að bera kvíðboga fyrir því, að aðalhvatamaður málsins muni hætta við það, þó það komist ekki fram á þessu þingi, finnst mjer ástæðulaust, vegna þess, að jeg álít, að hann hafi svo miklar skyldur gagnvart þjóðinni og þinginu, að hann geti ekki hætt við málið svo búið. Þingið hefir sýnt honum svo mikla tiltrú, að ólíklegt er að nokkurt þing í heimi hefði farið jafnlangt; það hefir sett nefnd í málið og rætt það, þó hann hafi ekkert haft í höndunum, er sannað geti, að auðmenn standi á bak við, er bæði vilji og geti framkvæmt fyrirtæki það, er hjer ræðir um, þó þingið vildi veita það sem hjer er beðið um. Jeg fyrir mitt leyti hefi þá skoðun, að ef svona illa útbúinn maður hefði komið inn til ríks »forretningsmanns« og sagt við hann: Jeg er að hugsa um að leggja járnbraut á þessum stað, og held að það sje gott fyrirtæki; viltu hjálpa mjer til að fá því framgengt? þá mundi auðmaðurinn spyrja: Hefir þú nokkra sönnun fyrir því, að þú eða þínir menn hafi fje til að framkvæma þetta verk, svo þú getir fært þjer það í nyt, ef jeg veiti þjer það sem þú biður mig um? Veiztu hve margar mílur þessi járnbraut er, sem þú ætlar að leggja? Hvar hana á að leggja, og hve mikið hún kostar? Ef hann nú svarar þessum spurningum neitandi, þá er jeg viss um, að auðmaðurinn segði: Heyrðu, góðurinn minn, jeg get ekki talað við þig núna um þetta mál, farðu og útvegaðu þjer þau allra nauðsynlegustu og sjálfsögðustu skilyrði áður en jeg legg út í að hjálpa þjer; komdu svo að því búnu til mín aptur, og svo skulum við tala saman. Eins finnst mjer að þingið eigi að fara að í þessu máli; hjer er full ástæða fyrir það að segja eins og auðmaðurinn: Þú verður að hafa betri sannanir fyrir því, að þú hafir nokkurt fje fram að bjóða, eða getir komið í verk þessu gufuskipa- og járnbrautarfyrirtæki, þótt þingið nú veitti allt sem þú biður um. Komdu svo að sumri og talaðu við oss, þegar þú hefir eitthvað betra í höndunum en nú. Þingið hefir nú sýnt þessum manni svo mikið traust og kurteisi, þar sem það hefir varið miklum tíma til að ræða mál hans, enda þótt það sje svona illa undirbúið frá hans hendi, að hann getur ómögulega, að mínu áliti, hætt við málið þar sem það nú er komið. Þessi sami maður hefir einnig skyldur gagnvart sjálfum sjer.

Hjer í salnum hafa fallið mörg orð í þá átt, að þetta mál væri vanhugsað og á sandi bygt. Hann hefir því þá skyldu gagnvart sjálfum sjer, að hrekja þetta, því ef hann hættir nú eða kemur ekki með annað betur út búið næsta ár, þá stendur óhrakið það sem um hann hefir verið sagt, og fyrirtæki hans til áfellis, á þessu þingi. En geti hann komið með fullgildar skýrslur á næsta þing, og annan undirbúning betri en nú, þá er hann búinn að sanna málstað sinn, og mun þá njóta velvildar þingsins, svo langt sem komist verður. Hvatamaður þessa máls hefir ennfremur skyldur gagnvart þingmönnum, því hann hefir sett þá í bobba, þar sem margir eru málinu í sjálfu sjer mjög velviljaðir, og vilja í raun og veru vera því hlynntir, en verða þó að vera á

móti því, af því það er svo hraparlega undirbúið. Jeg er sannfærður um, að herra Sigtryggur Jónasson hlýtur að álíta það skyldu sína af þessum ástæðum, og margra hluta vegna, að láta málið ekki falla niður svo búið, eins og jeg hefi áður sagt; álít jeg því hættulaust að láta það bíða næsta þings. Að endingu skal jeg bæta því við, að sje fyrirtækið heppilegt og gróðavænlegt, þá koma aðrir auðmenn með líkt tilboð, þó þessi maður hætti, en sje það svo vaxið, að það geti ekki borið sig, þá er skaðlaust þó það falli og fari ekki lengra.

Þá skal jeg með fáum orðum benda á ýms atriði í frumv., sem mjer finnast sjer í lagi athugaverð, og gjöri jeg það til þess, að aðalhvatamaður málsins geti skýrt frá hinum ýmsu skoðunum þingmanna, þegar hann fer að tala við þá menn, ef nokkrir eru, sem gengið hafa í samband við hann erlendis um þetta mál.

Ákvæði 11. gr. frumv. hafa verið talsverð bætt af meiri hluta nefndarinnar; þó þarf að bæta því inn í greinina, að þegar fjelagið hefir tekið part af þjóðvegum eða sveitavegum undir járnbrautina, þá skuli það leggja annan veg jafnskjótt, þannig, að sem minnst hætta eða farartálmi sje að. Brýr verður og að sjálfsögðu að undantaka; þær vil jeg alls ekki leyfa fjelaginu að nota undir járnbrautir sínar, enda eru engar brýr hjer á landi svo sterkar, að gufuvagnalest geti gengið eptir þeim, nema, ef til vill, Ölvesárbrúin, en hana mega ríðandi og gangandi ferðamenn alls ekki missa frá afnotum til sinna þarfa.

Í frumv. stendur ennfremur um aukalög, sem stjórn fjelagsins geti samið og samþykkt. Aukalög eru sjálfsagt nauðsynleg fyrir fjelagið, en þau geta haft vond eptirköst, af því aðallögin verða eptir frumv. þessu svo götótt og ófullkomin, að hægt verður að skjóta mörgu inn í aukalögin, án þess það komi í bága við ákvæði langanna, en getur engu að síður orðið meinlegt landsmönnum. Þetta mætti samt fyrirbyggja með því ákvæði, að aukalög fjelagsins geti því að eins fengið gildi, að landsstjórnin samþykki þau. Stjórnin ætti að líta eptir því, hvort aukalögin koma í bága við lög og hagsmuni landsmanna.

Jeg minntist á það ákvæði við fyrstu umr., að eitt atkvæði ætti að vera fyrir hvern 100 kr. hlut. Þetta stendur óbreytt enn þá, en er hættulegt ákvæði, því ef einn auðmaður kaupir t. d. 50,000 aktíur, þá er hann orðinn einvaldur í fjelaginu. Miklu rjettara væri, að fjelagsmenn hefðu eitt atkvæði fyrir hverjar 500 aktíur. Ákvæðið er hættulegt eins og það er, því· þó það standi í frumv., að ársfundur fjelagsins eigi að haldast í Reykjavík, og fjelagið eigi heimili á Íslandi, þá verður það í raun og veru ekki til lengdar, því framkvæmdin verður hjá stjórninni; en stjórnin verður þar sett, sem megnið af aktíunum og atkvæðafjöldanum er; þar verða völdin, og þau völd getur einn auðmaður ákveðið.

H. þm. Skagf. (Ó. Br.) minntist á niðurlagsatriði minni hluta nefndarinnar, og þótti þau ekki svo mikilsverð; en jeg get ekki álitið lítilsvert að leggja 100,000 kr. árlegt gjald á kjósendur, þeim að fornspurðu, og binda gufuskipaferðir í 30 ár. Einnig þótti honum, að frumkvöðull þessa máls ekki hefði getað haft það betur undirbúið; en á þetta atriði hefi jeg þegar minnzt áður, og tala eigi frekar um það. Þar næst sagði hann, að það væri hættulaust, að samþykkja 50,000 króna tillag á ári til gufuskipaferða; þjóðin hefði áður tekið vel undir fjárframlög þingsins til sam-

gangna á sjó. En þess ber að gæta, að hjer er ekki verið að tala um, eins og undanfarin ár, einar 18,000 kr. hvort ár í 2 ár, heldur 50,000 kr. í 30 ár, en það er mikill munur á því, hvort landssjóður er skuldbundinn til að greiða 18,000 kr. árlega í 2 ár, eða 50,000 kr. árlega óhaggað um 30 ár. Honum þótti nú reyndar ekki hættulegt, að binda styrkinn til gufuskipaferðanna um svo langan tíma, með því varla væri líkindi til, að þær fengjust ódýrari um næstu 30 ár. En það er ekki eingöngu fjárins vegna, að jeg hef á móti þessari skuldbindingu, heldur er það engu síður vegna þess, að mjer virðist mjög óhyggilegt, að þingið fleygi frá sjer til ókenndra manna í 30 ár allri hlutdeild um það, hvernig ferðunum er hagað. Setjum svo, að hið sameinaða gufuskipafjelag hefði sent hingað tilboð, sem ekki hefðu verið ákveðnara, að því er ferðir skipanna snertir, en þetta tilboð, sem hjer liggur fyrir; ætli þingið yrði tilleiðanlegt til að taka slíkt tilboð til greina, og binda sig við það í 30 ár? Jeg efast um það. Þingið hefur þó nokkra þekkingu á hinu sameinaða gufuskipafjelagi, en alls engan kunnugleika á þessu fyrirhugaða fjelagi; enginn veit, hverjir í því verða, eða hverjir stjórna því, og þó vjer vissum, hverjir í fjelaginu væru eitt árið, þá skiptast eigendur hlutabrjefanna endalaust og um leið breytist stjórn þess, ár frá ári. Samt vilja menn sýna þessu fjelagi það traust, að leggja því stórfje á ári úr landssjóði, til gufuskipsferða, sem menn alls ekki vita, hvernig hagað verður. Þingið á að hafa leyfi til að greiða fjeð, en ekki ráða, hvernig fjenu skuli varið; er þetta hyggilegt?

Hjer liggja fyrir 2 breyt.atkv., annað frá h. þm. Strand. (Guðj. G.), sem ekki vill láta leggja járnbrautina austur í Árnessýslu, heldur norður um land. Jeg verð að álíta mjög óráðlegt, að samþykkja þetta, því svo framarlega sem hugsandi er að gjöra tilraun með járnbrautarlagningu hjer á landi, þá er helzt reynandi að leggja brautina austur í Árnessýslu; þangað er vegalengdin styzt til fjölbygðs hjeraðs og hvergi hægt að leggja jafnstutta járnbraut til jafnmargra manna. Breytingartill. meiri hluta nefndarinnar eru þýðingarlitlar, nema stafl. 4 á þingskj. 113 og 120, sem gjöra nokkra meiri tryggingu um skipaferðirnar, og mun jeg því gefa þeim atkv. mitt.

Guðjón Guðlaugsson: Eins og h. þingdm. er kunnugt, hef jeg komið hjer fram með breyt.till., sem fremur mun vera álitin efnisbreyting en orðabreyting, og mun því enginn taka til þess, þó jeg fari um hana nokkrum orðum.

Jeg skal þá fyrst geta þess, að í 2. till. er prentvilla: »að« fyrir »eða«. Þar á að standa: »Frá Reykjavík eða (ekki að) Akranesi, eða einhverjum stað þar nálægt« o. s. frv.

Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að jeg áliti svo mikinn mun á því, hvar brautin yrði lögð, hvort hún yrði lögð um Árnessýslu eða norður á Akureyri, að sú breyting, ef hún kæmist á, rjeði atkvæði mínu. Jeg hef nú komið fram með þá breyt.till., að járnbrautin verði lögð norður um land, og skal jeg gjöra grein fyrir ástæðum mínum í þessu efni.

Þegar jeg fór að hugsa þetta mál, fór jeg fyrst að athuga hin ýmsu skilyrði fyrir því, að járnbraut gæti borgað sig hjer á landi. Athugaði jeg þá fyrst fólksfjöldann, því það hefur verið sagt, að engin sýsla á leiðinni til Akureyrar hefði eins margt fólk, eins og Árnessýsla. Þetta játa jeg satt að vera. Árnessýsla er fólksflesta sýslan á landinu. En það verða menn þó að játa, að á leiðinni hjeðan til Akureyrar býr

helmingi fleira fólk en í Árnessýslu, og þegar þess ennfremur er gætt, að það eru ýms önnur hjeruð, sem gætu notað norðurbrautina, en að eins þau, er hún lægi í gegnum, þá má óhætt segja, að þeir verði 4-falt fleiri, sem geta notað brautina norður á Akureyri, en þeir, sem geta notað brautina frá Reykjavík austur um Árnessýslu. Jeg get því ekki sjeð, hvers vegna menn vilja heldur kasta svo miklu fje út fyrir járnbraut um 2 hjeruð, þar sem að eins búa rúm 10,000 manna, því jeg tel Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavík frá, með því að þau hjeruð geta náð til beggja brúnna, en fyrir járnbraut, er 12—13 sýslur með um 40,000 manna geta notað. Jeg get ekki komið því fyrir mig, hvers vegna menn vilja ekki byrja á því, að feta sig svona langt fram.

Enn fremur hefi jeg komizt að þeirri sannfæringu, að þær athugasemdir, sem jeg gjörði við framh. 1. umr. um, að ekki ætti að miða eingöngu við fólksfjölda, heldur og við efnahag þeirra manna, er byggja þau hjeruð, er járnbrautin lægi í gegnum, væru á rökum bygðar, því jeg hef við nákvæmari rannsókn komizt að því, að allmargir íbúar Árness- og Rangárvallasýslu, eða $^1/_{15}$ af þeim, sem gætu notað brautina, væru sveitarlimir, en það get jeg ekki álitið rjett, að miða brautina við þessa sveitarlimi, því þeir hafa ekki efni á, að nota hana, enda væri það ekki verulег atvinna fyrir brautina, þó hún ætti að aka öllum þessum sveitarlimum hingað til Reykjavíknr.

Því hefur verið haldið fram til meðmæla með brautinni austur, að hún kæmi til að liggja um hið frjósamasta hjerað landsins, en mjer liggur við að mótmæla því, að þetta hjerað sje svo miklu frjósamara en önnur hjeruð. Jeg álít jafnvel, að norðurhjeruðin, sem jeg vil að brautin liggi um, sjeu enn frjósamari og kjarnmeiri en Árnessýsla. Margir, sem hafa lokið þessu lofsorði á Árnessýslu, hafa bygt það á því, að þar væri svo mikið graslendi, sem allt mætti rækta, svo að hver bærinn gæti staðið við annan. Þetta telja menn svo mikinn kost. En jeg er hjer á gagnstæðri skoðun. Því jeg gjöri ekki ráð fyrir öðru en íslenzkum búskap, en af honum leiðir, að hverri jörð verður að fylgja töluvert beitiland; að öðrum kosti getur hann ekki borgað sig. Það er ekki hægt að hugsa sjer, að allt hjeraðið geti orðið að tómu ræktuðu landi, nema ef menn ætla að gjöra það allt að ökrum, en jeg hygg og get fært rök fyrir því, að kornrækt muni ekki blessast hjer á landi, og er þessi framtíðarvon Árnessýslu því alveg horfin. Búskapurinn verður að vera íslenzkur, eingöngu miðaður við kvikfjárrækt, sem útheimtir mikið beitiland, en borgar sig ekki á eintómu ræktuðu landi. Jeg held þess vegna, að þeir, sem byggja mikið á þessum framfaravonum, byggi á sandi. Þær eru, þessar framfaravonir, að minni hyggju, bygðar á samtvinnuðum misskilningi og vanþekkingu, já, jeg vil segja, jafnvel á töluverðri heimsku. Þau hjeruð, sem jeg vil, að járnbrautin liggi um: Borgarfjarðarsýsla, Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla og Eyjafjarðarsýsla, eru öll blómleg hjeruð og eiga sjer mikla framtíðarvon. Þessi hjeruð eru að mínu áliti miklu blómlegri og kostameiri en Árnessýsla, og jeg get ekki hrundið úr huga mjer þeirri skoðun, að ef nokkur hjeruð eiga að fá járnbraut, þá sjeu það þau hjeruð, sem hingað til hafa staðið í eins miklum og meiri blóma en Árnessýsla, jafnvel þótt miklu minna hafi verið fyrir þau gjört, að því er snertir samgöngur og vegi, því í þessum hjeruð-

um má þó gjöra sjer von um enn meiri þrif og framfarir, ef eitthvað væri fyrir þau gjört.

Jeg hefi leitazt við að athuga efnahag þessara hjeraða, en það hefi jeg ekki getað gert með öðru móti en að athuga lausafjárskattinn um mörg ár og jafnframt eignaskattinn, og hefi jeg sjeð, að Árnessýsla skarar þar eigi mjög fram úr hinum. Reyndar er hún efst á blaði að því er lausafjárskattinn snertir, en hann er þar þó að eins litlu meiri en í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu, og mikið vantar á, að hann sje á móts við 1/4 af hinum hjeruðunum. Enn fremur hefi jeg athugað býlatöluna, en hún er helmingi hærri en í norðurhjeruðunum, sem brautin á, eptir minni uppástungu, að ganga í gegn um; en þegar þau hjeruð eru talin með, sem þar að auki geta notað þessa braut, svo sem Dalasýsla og sýslurnar á Vestfjörðum, sem til samans hafa jafnmarga íbúa og þau hjeruð, er brautin á að liggja um, þá verða þeir fjórfalt fleiri, sem geta notað norðurbrautina, en íbúar Árnessýslu og Rangárvallasýslu.

Enn fremur finnst mjer það mæla með norðurbrautinni, að hún bindur Reykjavík, höfuðstað landsins, við þau hjeruð, sem nú hafa mjög torveldar og litlar samgöngur við hana. Það er þó mikill munur á því, eða binda hana við hjeruð, sem þegar eru bundin við hana með allgóðum samgöngufærum, því jeg vil minna menn á, að það væri ekki lítill hagur fyrir Reykjavík, ef hún auk Arnessýslu og Rangárvallasýslu gæti komizt í samband við önnur hjeruð, sem hafa enn meira að bjóða og eru miklu kostabetri en Árnessýsla og Rangárvallasýsla. Reykjavík þyrfti þá ekki lengur að sæta einokun af þessum sýslum. Það verða menn þó að játa, að það væri ekki lítil framför fyrir Reykjavík, ef hún kæmist í samband við hjeruð, sem hún hingað til hefir staðið í litlu eða engu sambandi við. Það er alveg eins og ef bóndi hugsaði sjer að gjöra jarðabætur og sljetta annaðhvort blettinn í kring um bæinn sinn, þar sem allt af var kafgresi, en þýft, eða þá bæta einhverja ófæruna, sem hann aldrei hafði fengið eitt strá af. Það sjá allir, að ef hann sljettar í kring um bæinn, þá losast hann að eins við þýfið, en þar verður að draga frá allt grasið, því hann fjekk það eins áður; ef hann þar á móti bætir hinn blettinn, þá verður heyið, sem hann fær af honum, hrein inntekt, því hann fjekk þar ekkert áður.

Þá má geta þess, að í frumv. er að eins að ræða um samband höfuðstaðarins við 2 sýslur, en í breyt.till. minni um samband hans við 13 sýslur og 2—3 af stærstu kaupstöðum landsins. Þessi munur hlýtur þó að hafa einhver áhrif. Hann hefir svo mikil áhrif, að mjer finnst þingið vera skuldbundið að taka þau til greina. Áhrif þessi snerta ekki að eins alla flutninga milli þessara hjeraða, heldur öll fundahöld og sambönd manna á milli um mikinn hluta landsins. Fyrir járnbraut austur að Þjórsá eru allir jafnnær í þessu tilliti; þótt menn vilji koma saman til að ræða alþjóðleg mál, þá eru menn jafnútilokaðir frá því, þó austurbrautin komist á, en með hinni brautinni gætu hin fjarlægustu hjeruð náð saman á 1/2 mánuði. Hvaða áhrif þetta gæti haft á líf og framfarir þjóðarinnar ekki að eins í líkamlegum heldur líka í andlegum efnum, geta víst allir sjeð.

Þá hefir norðurbrautin þann kost, að hún hlyti að verða til óviðjafnanlegrar hjálpar fyrir allt Norðurland, þegar það þarf helzt hjálpar við, í ísárunum. Jeg get í þessu tilliti vitnað í merkan spámann, eins og þegar prestarnir eru að vitna í biflíuna. Jeg get vitnað til

herra Sigtryggs Jónassonar sjálfs, sem nýlega hefir ritað í »Lögbergi« um það, hvílík nauðsyn það sje að binda saman Reykjavík og Akureyri, til að koma í veg fyrir, að Norðlendingar þurfi að líta skrælingjalífi í ísárum í samanburði við Sunnlendinga. Þetta sama tók hann fram í fyrirlestrinum um daginn, og er jeg honum þakklátur fyrir það, því það er þó eitt af því, sem mælir með brautinni norður, þó ýmsir agnúar kunni að vera á að leggja hana. Herra Sigtryggur getur ekki hafa haft eingöngu fyrir augum járnbraut austur í Árnessýslu, þegar hann talaði þetta; hann hlýtur meira að segja að hafa haft norðurbrautina fyrir augum, ef hann annars hefir haft nokkuð fyrir augum.

Þá hefir norðurbrautin þann kost, að hún hlýtur að verða lífæðin í allri verzlunarsamkeppni hjer á landi, og það af því, að hún tengir höfuðkaupstaði landsins við höfuðstaðinn, því þegar járnbrautin kemst norður í land, verður enginn neyddur til að verzla við allar þær einokunarholur, sem liggja í nánd við brautina. Hljóta landsmenn að hafa af þessu hið mesta gagn, en sjerstaklega eflist Reykjavík við þetta. Að járnbraut austur hafi nokkur áhrif í þessa stefnu, get jeg ekki skilið.

Þá er sá kostur norðurbrautarinnar ótalinn, að hún hlýtur að gjöra strandferðirnar miklu ódýrari en þær eru nú fyrir landssjóðinn og þá, sem eiga að kosta þær, og að gjöra þeim hægra fyrir, sem verða að nota þær til ferðalaga. Strandferðaskipið þyrfti þá ekki að kræsja á hverja vík og hvern vog, til dæmis ekki á Borðeyri, sem talinn var svo mikill ókostur að koma á í fyrra á þinginu. Hvað ætti skipið að gjöra á Borðeyri eða á Blönduós og jafnvel á Skagaströnd, ef járnbraut lægi norður?

Þá sparar járnbrautarlagning norður á Akureyri landssjóði ekki lítið fje til akbrautalagninga. Jeg þori að segja, að sá sparnaður næmi ekki tugum þúsunda, heldur hundruðum þúsunda, enda yrðu akbrautir þá alveg óþarfar. Hversu mikið mundi ekki sparast eingöngu í Borgarfjarðarsýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu. En nú er búið að leggja mikið fje til akbrauta í Árnessýslu og væri þeim peningum þá sem kastað í sjóinn, ef nú ætti að fara að leggja þar járnbrautir fram með eða eptir akbrautunum.

Loks skal jeg geta þess, að járnbraut sem lægi norður í land, hlyti að verða aðaljárnbraut landsins. Það mætti kalla hana móður allra járnbrauta landsins, því allar aðrar brautir hlytu að liggja út úr þessari braut. Það er alveg einkennileg skoðun, að stutta járnbrautin borgi sig bezt og að járnbrautir, sem enda í öræfum, borgi sig betur en lengri braut, sem liggur milli tveggja helztu staða landsins, og má útvíkka í allar áttir.

Jeg hefi nú leitazt við að sýna, hvaða kosti norðurbraut hefði fram yfir kosti austurbrautar, en jeg veit ekki, hvort mjer hefir tekizt að gjöra mig nógu skiljanlegan fyrir h. þingdm. og vil því leyfa mjer að taka aðalatriðin upp aptur.

Kostir norðurbrautarinnar eru þá þessir í samanburði við austurbrautina:

1. Hún liggur í gegn um hjeruð, sem samtals hafa helmingi fleiri íbúa, og verða að notum fyrir önnur hjeruð, sem hafa jafnmarga íbúa og þau, sem hún liggur í gegn um.

2. Hún liggur í gegn um hjeruð, sem eru öllu blómlegri og sem gefa manni eins miklar eða meiri framtíðarvonir, en þau hjeruð, sem austurbrautin á að liggja um.

3. Hún liggur um þau hjeruð, sem

miklu meiri þörf hafa fyrir verulegar samgöngubætur og þar sem áhrifin af þeim verða því margfalt meiri.

4. Hún bindur Reykjavík, höfuðstað landsins, við þau hjeruð, sem hún annars hefir lítið eða mjög ófullkomið samband við, og sem henni eru því hreinar tekjur af að komast í samband við.

5. Hún gjörir mönnum úr 12 eða 13 sýslum og 3 eða 4 stærstu kaupstöðum landsins margfalt auðveldara með öll samtök og samheldni í líkamlegum og andlegum efnum, landinu til framfara og gagns um ókomnar aldir, en hin ekki nema í tveimur sýslum og Reykjavík einni og sem hafði enga erfiðleika við að stríða í þessu efni áður.

6. Hún hlýtur að verða til óviðjafnanlegrar hjálpar fyrir allt Norðurland, þegar það þarf á mestri hjálp að halda — í ísárunum.

7. Hún hlýtur uð verða lífæðin í allri verzlunarsamkeppni hjer á landi, en það getur hin aldrei orðið.

8. Hún hlýtur að gjöra strandferðirnar bæði miklu ódýrari fyrir þá, sem kosta þær og þar á meðal landssjóðinn, og mörgum, mörgum sinnum haganlegri fyrir þá, sem verða að nota þær til ferðalaga; en hin gjörir ekkert að þessu.

9. Hún getur sparað landssjóði svo skiptir hundruðum þúsunda króna til akbrautalagninga, en hin að eins lítið.

10. Hún hlýtur að verða móðir allra járnbrauta hjer á landi, af því að einmitt út úr henni hljóta að leggjast allar aukbrautir, smáar og stórar, ef vjer annars megum vænta oss nokkurs í því tilliti, en hin er eða verður að eins sjerstök.

Þegar jeg lít á ókostina, þá er aðalókosturinn sá, að þessi járnbraut sem hjer er farið fram á að leggja er lengri og þar af leiðandi dýrari. En jeg veit ekki hvort það eru svo miklir ókostir, þó menn verði að gefa meira fyrir það sem í sjálfu sjer er miklu meira virði. Jeg þykist hafa fært rök að því, að járnbrautin norður gerði landinu 5—10 sinnum meira gagn en ef hún lægi austur, og þar af leiðandi ættu menn að standa sig við, að gefa 5—10 sinnum meira fyrir hana. En hjer er nú farið fram á, að hækka styrkinn til járnbrautarinnar að eins um $^1/_3$, en það er nú heldur lítið, svo ef farið væri fram á, að leggja járnbrautina norður, þá mundi jeg ekki vera á móti því, þó tillagið væri hækkað enn frekar. Það er mjög heimskulegt, að leggja nokkuð hvort sem það er mikið eða lítið í það fyrirtæki, sem gefur svo ekkert í aðra hönd, eins og járnbrautin mundi gjöra, ef hún yrði lögð austur í Árness- og Rangárvallasýslu. Ef þingið vildi leggja járnbraut austur af því, að það kostaði landið ekki nema 50 þúsund kr. á ári, en ekki norður af því, að það kostaði 100 þúsund kr., það væri eins og ef jeg stæði hjer uppi í Reykjavík hestslaus og mjer stæði til boða horuð húðarbikkja, sem jeg kæmist ekki á nema upp í Mosfellssveit, og mjer stæði líka til boða fleygivakur, fjörugur og skemmtilegur hestur, sem jeg ekki einungis kæmist á alla leið heim til mín, heldur gæti átt lengi mjer til gagns og skemmtunar, en hann ætti að kosta 100 kr.; þingið færi eins að ráði sínu eins og ef jeg tæki húðarbikkjuna, en ekki reiðhestinn af því, að hún væri 50 kr. ódýrari. Mundi það vera álitið hyggilega gjört af mjer? Það mundi ef til vill mega segja mjer það til málsbóta, að jeg hefði orðið að gjöra það af því, að jeg hefði haft að eins 50 kr. í vasanum, en ekki 100 kr. Þetta gæti ekki átt sjer stað, nema jeg væri duglaus og dáðlaus rola, sem ekkert lánstraust hefði eða tiltrú neina, og ekki heldur kjark nje dugnað til þess, að klóra mig áfram í neinu tilliti, og slíka rolu má

ekki bera saman við landssjóðinn eða rjettara sagt þingið. Ef jeg væri duglegur maður, mundi jeg taka 50 kr. til lán þess, að geta náð í hestinn, jafnvel þótt jeg yrði að borga 10% í vexti, enda væri mjer það hreinn og beinn gróði, og auk þess mjer til sóma, en hitt yrði mjer til skammar í augum allra, sem vissu. Þess vegna skil jeg ekki, hvernig menn geta farið að taka horuðu húðarbikkjuna, sem er járnbrautin austur, í staðinn fyrir hinn mikla kostagæðing, járnbrautina norður á Akureyri.

Jeg skal svo ekki taka fleira fram breytingartill. minni til meðmælingar. Nefndin um það, hvað hún gjörir við hana. Jeg skal forsvara orð mín og mína sannfæringu.

Vegna þess, að tíminn er svo naumur, er varla hægt, að yfirvega frumv. nákvæmlega. Jeg hafði þó í huga, að gjöra athugasemd við eitt atriði frumv., það var sem sje við 42. gr. tölulið 1, staflið b., sem hljóðar um það, að þingið hafi hönd í bagga með ferðaáætlun skipanna. Jeg frjetti, að nefndin ætlaði að taka það til yfirvegunar, svo jeg hvarf frá minni breytingartillögu. En hún hefur athugað þetta svo lauslega, þó hún að vísu hafi komið með tillögu, sem gekk í þá átt. Breyt.till. nefndarinnar hljóðar á þá leið, að alþingi ákveður viðkomustaði strandferðaskipsins, en fjelagið ræður að öðru leyti ferðaáætlun þess.

Alþingi hefur þá eptir þessu ekki meira vald en að eins til þess, að tilnefna þá staði, sem skipin eiga að koma við á, en fjelagið hefir fullt vald til þess, að koma á þá hvort sem það vill einu sinni eða 10 sinnum á ári.

Jeg veit, að það er heldur ekki gott, að binda hendur fjelagsins, en jeg vildi vekja athygli h. nefndar á því, hvort henni ekki sýndist betra, að hafa þessi ákvæði gleggri.

Aðal-breytingartill. sem nefndin gerði frá því gamla frumv. er í þessari grein og fer fram á, að aukist samgöngu- og flutningaþörfin svo mjög fram með ströndum landsins, að þetta eina skip þyki ekki nægja, getur landsstjórnin að 10 árum liðnum áskilið, að fjelagið láti tvö minni skip halda uppi þessum ferðum í stað hins ofannefnda strandferðaskips.

Jeg skal játa, að þetta er vel hugsað, en betra hefði mjer þótt, að nefndin hefði stytt skuldbindingartímann, og svo sje jeg líka í sambandi við það, sem jeg sagði áður um járnbrautirnar, að þetta ákvæði, að 2 skip skuli ganga umhverfis land, að þau eru alveg óþörf. Það þarf eigi nema eitt skip, ef járnbrautin yrði lögð norður. Ef þetta yrði ofan á, þá væri það mikið vægari kjör fyrir fjelagið, og jeg er viss um, að það mundi ganga að þeim, og verða þeim mun vægara í kröfum um framlag fyrir norðurbrautina, ef hún kæmist á.

Björn Sigfússon: Jeg þykist vita, að menn sjeu nú orðnir þreyttir á þessum löngu ræðum, og jeg skal þess vegna reyna, að takmarka mig sem mest, en mjer finnst jeg vera knúður til þess, að gjöra grein fyrir skoðun minni á þessu stóra máli.

Jeg vil fyrst og fremst láta í ljósi þakklæti mitt við h. nefnd fyrir þá alúð, sem hún hefur sýnt, að hún hefir lagt við þetta mál. Hún hefir sannarlega lagt við það þá rækt og elju, sem henni er framast unnt, enda hefur frumv. tekið svo miklum umbótum, að mjer kom í fyrstu ekki til hugar, að form og efni þess yrði lagað jafnmikið í meðferðinni án þess, að hagga grundvelli frumvarpsins. Þetta viðurkenni

jeg eins fyrir því, þó mig að öðru leyti greini í mörgu á við skoðanir nefndarinnar.

Jeg veit að það muni láta illa í eyrum meðmælanda þessa frumv., að heyra það, að jeg er einn í tölu þeirra, sem hafa ekki trú á járnbrautum, þó jeg vilji ekki kannast við það, að jeg hafi ekki trú á framförum landsins. Nei, þvert á móti; jeg hef mikla trú á, að landið taki framförum, en jeg hef ekki trú á, að þær komi í gegnum járnbrautir.

Þó málið hafi verið rækilega skýrt og gyllt og glæst á allar lundir, hef jeg alls ekki getað sannfærzt um, að járnbrautarhugmynd þessi sje framkvæmanleg eða hyggileg hjer á landi fyrst um sinn. Þetta er kastali, sem einungis er bygður úr góðum vonum; það er ekkert traust efni í honum. Jeg hygg að hjer á landi vanti og muni um langan aldur vanta þau skilyrði, sem óumflýjanlega nauðsynleg eru til þess, að járnbrautir geti þrifizt, — og skal jeg sjerstaklega nefna til þess: fleira fólk, meira þjettbýli, meiri flutningaþörf og enn fremur mildari og reglubundnari veðráttu en hjer á sjer stað.

Jeg skal svo ekki eyða fleirum orðum að því, því jeg vil hlífa mönnum við, að hlusta á langar ræður.

H. þm. Reykv. (J. Jenss.) tók fram við framhald 1. umræðu þessa máls, að hann áliti það vera skyldu hvers þingmanns, að benda á þá agnúa, sem væru á frv. Jeg er honum samdóma um þetta. Málið mun græða meira á því, að ekki sje eingöngu skoðuð hin glæsilega hlið þess, heldur sje einnig velt upp skuggahliðinni og bent á veilurnar í því.

Í sambandi við þetta ætla jeg að minnast á eina setningu, sem kastað hefur verið fram til stuðnings því, hve mikið væri unnið, ef járnbraut kæmist hjer á, en sem jeg hef aðra skoðun um.

H. þm. Dal. (J. P.) tók það fram við framhald 1. umræðu, að við járnbrautarlagninguna fengist svo mikil atvinna. Auðvitað fæst atvinna, ef það kemst nokkurn tíma svo langt, að járnbraut yrði lögð. En við þetta er það athugandi, að okkur vantar miklu fremur vinnukrapt en atvinnu. Allir kvarta einmitt um þetta. Sjávarbóndinn kvartar yfir því, að hann fái ekki nóga menn á útveginn sinn. Sveitabóndinn kvartar líka yfir því, að hann fái ekki nægilegt vinnuafl til allra-nauðsynlegustu heimilisstarfa, og verður því að sitja á hakanum ýmislegt, sem þó væri mjög gagnlegt og mikil framför að, til dæmis meiri jarðabætur, meiri húsabætur o. s. frv.

Af því að nú stendur svo á, að okkur vantar vinnukrapt, þá get jeg ekki sjeð, að það sje svo tiltakanlegt happ, að fá þessa atvinnu. Hjer er nóg atvinna ekki einungis fyrir allt það vinnuafl, sem við nú höfum í landinu, heldur fyrir tvöfalt meira.

H. þm. Dal. (J. P.) sagði líka, að þó að hætt væri við járnbrautina, þegar hún væri komin austur í Árnessýslu, þá fengist þó í það minnsta góður vegur þangað. Jeg skal játa það, að við það fengist góður vegur, en það vill nú svo vel til — eins og allir vita — að það er einmitt verið að leggja góðan veg austur og varið til þess stórfje úr landssjóði, og nú er sá vegur kominn of langt til þess, að hætt verði við hann, heldur verður að sjálfsögðu lokið við hann á næsta sumri. Jeg get því ekki sjeð, að mikið sje nú unnið við, að fá annan veg við hliðina á þessum.

H. þm. Reykv. (J. Jenss.) tók það fram, að brautarlagningin gæfi fyrst og fremst atvinnu, og svo hjelt hann því

fram, að hún mundi draga fólk að landinu. Ja, hvernig má þetta ske? Dregur hún vinnukrapt inn í landið? Eða dregur hún ferðamenn hingað upp? Getur verið, að hún hjálpi til þess, en þó held jeg að flestir útlendingar komi í öðrum erindagjörðum en að ferðast á járnbrautum. Þeir hafa nóg af þeim heima. En að hún dragi hingað vinnukrapt, get jeg því miður ekki skilið, nema þannig, að hingað kæmu útlendir verkamenn. En ef svo færi, að mest allt sem unnið væri að járnbrautinni yrði unnið af útlendum mönnum, þá yrði lítið aukin atvinna fyrir landsmenn. Útlendingarnir mundu fara burt með kaupið sitt í vasanum, og þá get jeg ekki sjeð, að þeir peningar staðnæmist í landinu.

Viðvíkjandi gufuskipaferðunum, þá skal jeg taka það fram, að eins litla trú og jeg hefi á því, að járnbrautin eigi við í landi voru, eins mikla trú hefi jeg á því, að tíðar og góðar gufuskipaferðir, eins og farið er fram á í frumv., gjöri ákaflega mikið til þess að hrinda landinu áfram. Hið helzta sem athugavert er í frv. viðvíkjandi gufuskipaferðunum er það, að tíminn sem bundnar eru hendur þings og þjóðar er allt of langur, þar sem gjört er ráð fyrir, að óhagganlegur samningur verði fyrir 30 ár, eða um mörg fjárhagstímabil.

Jeg er þeirrar skoðunar, að viðleitni sú, sem þingið nú á síðustu árum hefir sýnt í því að bæta samgöngurnar, hafi gengið í rjettari átt en áður. Áður var eytt miklu fje til vegagjörðar, sem reynslan sýndi að var til einkis nýt. En nú hafa Íslendingar komizt upp á það lag, að leggja vegi eins og þeir eiga að vera, og sömuleiðis er nú, sem mest er í varið, tekið til að byggja brýr yfir stórár. Þetta hefir ákaflega mikla þýðingu, en öll þessi viðleitni hefir kostað mjög mikið fje, en við höfum ekki mikið fje til umráða. Nú er jeg hræddur um, ef landið er skuldbundið til þess að borga 100 þús. kr. á ári í 30 ár, að við vegna fjárskorts getum ekki haldið áfram hinni sömu stefnu, sem hin síðustu ár, nema með því að leggja á nýja skatta. En ef við yrðum að hætta við vegagjörð og brúabyggingu, þá teldi jeg það í sannleika illa farið.

Þó jeg hafi nú lýst því yfir, að jeg, enn sem komið er, væri ekki trúaður á járnbraut, þá skal jeg þó játa, að frá því fyrst að jeg sá frv. og kynntist málinu, hefir mjer fundizt svo mörg gullkorn vera í því, að jeg á í nokkru stríði við sjálfan mig, þegar jeg að lokum get ekki fylgzt með í málinu. En mjer finnst ekki rjett að hrapa að því, og leyfi jeg mjer að skírskota til ástæðna þeirra, sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók fram, viðvíkjandi því, að fresta ætti málinu til næsta þings, því jeg er þeim samdóma.

Ýmsir h. þingdm. hafa haldið því fram, að rjett væri að lofa málinu að hvíla sig, og bera það undir þjóðina. Aðrir hafa tekið fram, að þess væri engin þörf, og sjerstaklega benti h. varaforseti (Ó. Br.) á, að þjóðin hefði undanfarin ár sýnt það, að hún vildi leggja mikið fje til samgöngubóta, og að þjóðin legði ekki áherzlu á það, að losna við gjöldin, heldur á það, að þeim væri sem bezt varið. En hver getur með fullri vissu sagt það, að þjóðin eða þorri hennar segi í einu hljóði, að þessu fje væri vel varið? Jeg er hræddur um, að ef þessi 100 þús. kr. fjárveiting væri samþykkt, að hið gagnstæða ætti sjer stað.

Jeg man t. d. eptir því, að fyrir þinginu í fyrra lá mál, sem var um tekjur kirkna. Sumir h. þm. sögðu þá, að málið væri svo undirbúið, að engin

ástæða væri til að fresta því, og sjerstaklega man jeg eptir að h. núverandi forseti hjelt því fram, að engin ástæða væri til þess að bera það undir þjóðina framar; hún væri því samþykk, og fullyrti að allir mundu verða ánægðir með að það yrði að lögum. En hvað sýndi reynslan? Alveg hið gagnstæða. Sem betur fór var málinu frestað, og nú hefir þjóðin, eins og sjá má af þingmálafundagjörðunum, risið upp sem einn maður og mótmælt frumv.

Mál þetta er ekki dautt þó það sje ekki samþykkt nú; þess vegna álít jeg rjett að gefa þingi og þjóð ráðrúm til næsta þings, til þess að athuga það betur. Jeg er ekkert hræddur um að forgöngumenn málsins gefist upp fyrir það, heldur haldi áfram að starfa að framgangi þess, því undirtektirnar hafa verið þannig lagaðar, að ekki var hægt að búast við þeim betri eptir undirbúningnum.

Þorlákur Guðmundsson: Þótt jeg raunar áður sje búinn að taka til máls í þessu máli, þá ætla jeg mjer þó að tala nokkur orð frekar, og til framhalds því er jeg áður hefi sagt.

H. þm. Dal. (J. P.) gat þess, að þótt svo illa færi, að járnbrautin misheppnaðist og yrði að hætta, þá mætti þó brúka mikið þá vegi, er hún hefði lagt undir brautina, sem eðlilega hlyti að leiða af sjálfu sjer, þar sem hún og lægi að líkindum með fram þjóðvegum þeim, sem þegar eru lagðir austur yfir Hellisheiði, eða hvert svo sem hún yrði lögð. Hann segir, að skeð geti, að eitthvað yrði að notum af því, er fjelagið hefði gjört að vegunum. Já, víst gæti eitthvað komið að notum af því, sem fjelagið gerði, til að mynda brýr á ám. En jeg fyrir mitt leyti vil nú ekki gefa mikið fyrir þá vegarspotta, er fjelagið þannig kynni að leggja, vegna þess, að það t. d. legði brautina þvert yfir vegi eða enda meðfram þeim, enda mundu vegir þeir sem lagðir yrðu undir brautina verða mjóir og ótraustari en okkar akbrautir eiga að vera. Nefndin sem kosin var í þessu máli hefir að vísu breytt ýmsu til bóta í frumvarpinu; samt sem áður get jeg þó ekki verið hjer samdóma, eða fellt mig við frumv., þrátt fyrir breytingarnar. Vera má að framsögum. (V. G.) hafi þótt jeg nokkuð harðorður í ræðu minni, hinni fyrri, en hann gaf mjer að nokkru tilefni til þess; jeg leyfi mjer samt nú, að svara honum nokkrum orðum. Hann sagði, að það væri ekki von, að útlendingar gjörðu þetta af föðurlandsást, að ráðast í þetta fyrirtæki; það er rjett, að það er ekki von að útlendir menn geri þetta af föðurlandsást. Þetta land er ekki þeirra föðurland. En jeg vil geta þess, að herra Sigtryggur Jónasson er þó einn af landsins sonum, og honum ætla jeg að gera það af föðurlandsást, en ekki af eigingjörnum hvötum. Jeg beindi því orðum mínum sjerstaklega að honum. Jeg get raunar að sönnu játað það, að hann hefir sýnt rækt við þetta land með því að stuðla til þess, að þetta mál hefir komið fyrir þingið; en meira álit hefði hann fengið í mínum augum, ef málið hefði verið betur undirbúið; en jeg skal þó bæta því við, að hann verður að sýna þrautseigju í þessu máli, vilji hann, að það komist til framkvæmda, og einmitt í því gefst honum tækifæri til að sýna, hve brennandi föðurlandsást hans er. Jeg vil ennfremur geta þess, að hann mun einnig hafa töluverða skyldu á herðum við D. Wilson, að málið sje vel undirbúið, og að beir sem fje ætla að framleggja til þessa fyrirtækis, fái sem ljósasta hugmynd um fyrirtæki þetta í heild sinni. Það er vitaskuld að slíkt fyrirtæki sem þetta getur ekki gengið án þeirra eða einhverra auðmanna er-

lendis, er leggi fram fjeð að mestu, sem þetta fyrirtæki útheimtir. Hjer á landi eru engar ástæður til þess; hjer eru engir slíkir auðmenn, er gætu hjálpað svo, að verulegt gagn væri að. Jeg get því ekki betur sjeð, en að hr. Sigtryggur Jónasson hafi töluverðum skyldum að gegna viðvíkjandi þessum mönnum. Hann verður að gæta þess, að leiða þá ekki út á neina hálku í þessu efni. Hann verður að muna eptir því, að hjer er um stór fjárframlög að ræða frá þeirra hendi, og hjer er um stórfyrirtæki að ræða, sem vjer ekki þekkjum annað en sje með öllu óundirbúið, og tillagið úr landssjóði er líka stórfje, eptir okkar efnahag. Þess vegna finnst mjer að þetta mál þurfi betri undirbúnings með, svo enginn verði dreginn á tálar. Hinn h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hefir rjettilega tekið það fram, að sá maður, sem flutt hefir þetta mál inn á þingið, hefir sett þingdeildina í mikinn vanda, og hefir því mikla ábyrgðarskyldu við þingið; hann hefir sett þingið í hita út af þessu máli. Mjer fyrir mitt leyti finnst, að jeg hafi hjer töluverðan vanda á höndum, hvernig jeg skuli greiða atkvæði í þessu máli.

H. framsögum. (V. G.) benti á það, að aðrar þjóðir horfðu ekki í að taka lán, ef þörf væri, þegar um slík stórfyrirtæki væri að ræða sem þetta, að leggja járnbrautir o. s. frv. En hjer er öðru máli að gegna með oss Íslendinga, vjer verðum þá að taka lánið í öðrum löndum — ef að vjer þá fáum það —, því í landinu sjálfu er ekki hægt að taka það; hjer eru engir auðmenn, en víða í öðrum löndum geta ríkin fengið lánað innan ríkis; en hvað er að jafna okkur við stórveldisríki? og það er nú farið að bóla á því, að þjóðirnar sjeu farnar að finna til ríkisskuldanna.

Að síðustu beindi h. þm. (V. G.) orðum sínum að mjer, viðvíkjandi því, hvað kjósendur mínir mundu segja um mig, ef jeg gjörðist andvígur þessu máli, að þeir mundu segja: »Og þú Brútus sonur minn« o. s. frv. Jeg skal nú ekki hjer fara mörgum orðum um það, nje dæma, hvað þeir mundu segja um mig. Samt skal jeg þess til geta, að þeir af kjóendum mínum, sem nokkuð hugsa um landsins mál, skoði sem svo, að þeirra rjettur sje sá, að þeir megi segja álit sitt um málið áður en því sje til lykta ráðið, slíkt stórmál og vandamál sem þetta er.

Jeg sagði í gær í ræðu minni, að jeg væri ekki kominn hingað inn á þing til þess, að hræsna fyrir kjósendum mínum, og jeg býst ekki við, að hinir aðrir h. þingdm. gjöri það. Jeg skal líka geta þess, að það mundi að líkindum verða mikil sorgarfregn fyrir kjósendur h. framsögum. (V. G.) og fleiri, ef þeir frjettu, að hann hefði orðið fyrir einhverju járnbrautarslysi, af því að þetta mál hefði verið illa undirbúið, og of mjög að því hrapað; en jeg vona nú, að h. framsögum. (V. G.) taki þettta bæði sem gaman og alvöru.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) talaði langt erindi, snjallt og alvarlega, og tókst allvel, eins og hans var von og vísa, að verja breyt.atkv. sitt, og gjöra það glæsilegt fyrir þingi og þjóð. Jeg fyrir mitt leyti get nú samt ekki verið á sömu skoðun og hann, og vil jeg því minnast hjer stuttlega á ýms atriði í ræðu hans.

Hann telur landbúnaðinn í Árnessýslu ekki í neinum framförum og yfir það heila vildi gera lítið úr hjeraðinu og megun hjeraðsbúa. Jeg vil nú þvert á móti segja honum það, að eigi nokkurt hjerað á landinu fagra framtíð, og það vona jeg að þau eigi öll, þá er það einmitt Arnessýsla. Eptir því sem sam-

göngurnar vaxa og batna, eptir því mun þetta koma betur og betur í ljós. Samgöngubæturnar eru nýjar og er verið að gjöra þær; gætir þeirra því ekki enn. Einmitt í Árnessýslu eru svo margir og góðir landkostir, að hvergi á landinu munu jafnmargir kostir fylgjast að í einu hjeraði. Jeg vil taka til dæmis, að þar eru miklar engjar, mikið gras, heilar sveitir tómt graslendi. H. þm. (Guðj. G.) gjörði lítið úr því, að það er eitt hið fjölbygðast hjerað á landinu. Þar eru víða landkostasveitir í öllum efri hluta hjeraðsins, skógar, miklir, eptir því sem nú gerist, laxveiði í ám, góðar verstöðvar, sem sjaldan bregðast; allt þetta hefir hjeraðið til að bera; og þó ekki sjeu þar góðar hafnir, þá eru þar þó 3 löggilt kauptún; auk þess liggur hún svo vel við bezta markaði landsins, það er Reykjavík.

H. þm. var að minnast á sveitarlimafjöldann í Árnessýslu; slíkt sannar ekkert um framtíð eins hjeraðs, því, sem eðlilegt er, þá fjölga sveitarlimirnir í hörðu árunum, en fækka í hinum góðu. Jeg skal líka geta þess, að Árnessýsla hefir þó ekki mjer vitanlega tekið hallærislán, sem margar aðrar sýslur hafa gjört, til að mynda Húnavatnssýsla, þetta góða hjerað, og mun þó búnaður þar vera í góðu lagi, og er h. þm. (G. Guðl.) víst fullkunnugt um það. Jeg skal einnig taka það fram við h. þm. (Guðj. G.), að það mun seint koma fyrir um ókomnar aldir, að Árnessýsla þurfi að láta aka sveitarlimum sínum suður til Reykjavíkur; það munu einhverjar aðrar sýslur verða fyrri til þess, til dæmis Strandasýsla, sem er ein af þeim sýslum, sem tekið hefir hallærislán og ekki mun standa betur en vel í því; því það eru einmitt þær sýslur, sem óbeinlínis hafa ekið sveitarlimum sínum til Reykjavíkur. Ef nú um það er að ræða, að leggja járnbrautina til þess að fá reynslu fyrir því, hvort hún geti þrifizt hjer á landi eða ekki, þá get jeg ekki annað sjeð en að hana eigi án efa að leggja einmitt austur í Árnessýslu; þá geta og bæði Gullbringu- og Kjósarsýsla tekið svo mikinn þátt í notkun brautarinnar; jeg get því eigi sjeð, hvað h. þm. meinar, þegar hann vill leggja járnbraut, en þó ekki gera tilraunina þar, sem öllum hlýtur að koma saman um að hyggilegast sje að byrja, það er að segja í þeim sýslum, sem einmitt hafa svo mikil viðskipti við sjálfa Reykjavík og sem liggja svo vel við.

Hvað sjálft aðalmálið snertir, þá álít jeg það hyggilegast, að það sje látið bíða til næsta þings að gjöra út um það, bæði vegna þess, að hjer er um stór fjárframlög úr landssjóði að ræða, og þessi langa skuldbinding mjög athugaverð, og svo gæti og herra Sigtryggur Jónasson á þeim tíma útvegað sjer fleiri upplýsingar málinu viðvíkjandi. Mjer finnst, að mjög nauðsynlegt sje, að fá yfirlit yfir, hve mikill kostnaðurinn mundi verða, sömuleiðis, hversu mikið mundi kosta akbrautarvegur austur. Nú stendur svo vel á, að vjer höfum verkfróðan mann í landinu, launaðan af landssjóði, sem að líkindum ætti nokkurn veginn að geta sagt um, hversu mikið akbraut austur mundi kosta eða öllu fremur akbrautirnar í heild sinni, sem ákveðnar eru í hinum nýju vegalögum. Þegar vjer svo höfum fengið upplýsingar um það, hvað brautirnar muni kosta, þá getum vjer bezt sjeð, hvort vjer getum lagt fje til þessa stórfyrirtækis eða ekki. Þessar upplýsingar hefðu átt að liggja fyrir þinginu 1893, áður en vegalögin voru samin og samþykkt.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Með því að búið er að mæla töluvert á móti þessu frumv. frá ýmsum hlið-

um, þá vil jeg leyfa mjer að svara hinum helztu mótbárunum, er hafa komið fram.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði, að menn neyddust til að greiða atkvæði á móti frumv. af því, að málið væri svo illa undirbúið. Jeg skal nú ekki fara mörgum orðum um að svara þessari mótbáru, því þess gjörist ekki þörf, þar sem h. varaforseti (Ó. Br.) hefir fullkomlega gjört það. Jeg hefi líka áður tekið það fram, að hægt væri að gera áætlun um kostnaðinn, svo að menn gætu farið nærri um hann.

H. þm. (Tr. G.) benti á hina helztu agnúa, er honum þykir vera við hinar ýmsu einstöku greinar; til dæmis við 11. gr. Hann segir, að þar hefði átt að taka fram, að fjelagið væri skylt til að byggja aðra vegkafla fram með veginum, þar sem fjelagið notar þjóðvegi. Viðvíkjandi þessu, þá vil jeg taka það fram, að þessi mótbára er alveg þýðingarlaus, því það er einmitt tekið fram í 11. gr., að fjelagið megi nota lengri eða skemmri kafla af vegum og brýr yfir ár, læki eða vötn, ef hlutaðeigandi stjórnarvald telur slíkt hættulaust og skaðlaust fyrir vegina, brýrnar og vegfarendur. Með þessu er einmitt það skilyrði fengið, er hann vildi hafa, þar sem hlutaðeigandi stjórnarvald hefir bæði töglin og haldirnar; það getur því látið fjelagið byggja vegspotta við hliðar veganna, ef það álítur hitt skaðlegt fyrir vegina, að þeir sjeu notaðir, eða hætta fyrir vegfarendur.

H. sami þm. (Tr. G.) áleit og ófært, að leyfa að nota nokkra brú undir járnbrautina, enda væri það nokkurn veginn fyrirbygt, þar sem bannað væri að ganga eptir brautunum endilöngum. Jeg get nú ekki sjeð, að neitt sje á móti því, að leyft sje að nota brýr, ef svo er um búið, að enga hættu leiði af því. Nefndin hugsaði sjer einmitt, að sú mótbára mundi koma fram, að eigi væri hægt að nota brýr, er enginn mætti ganga eptir brautunum endilöngum, og hún bætti því við: »nema fjelagið leyfi«. En auðvitað þarf að setja verði við brýrnar til þess, að aðvara menn, enda er það ekki mikill tálmi fyrir þá, að bíða rjett á meðan að lestin fer fram hjá. Hann tók það fram viðvíkjandi 29. gr., að aukalög mætti semja og skjóta inn í þau máske ýmsu, er gæti verið óþægilegt fyrir landið, og telur hann nauðsynlegt, að þessi aukalög sjeu samþykkt af stjórninni. Viðvíkjandi þessari mótbáru h. þingm. (Tr. G.), þá skal jeg að eins svara því, að það er einmitt tekið fram í 29. gr., að þau lög, er fjelagið þannig semji, megi ekki koma í bága við þessi lög nje önnur gildandi landslög, og þannig er öll hætta, er getur orsakazt af þessu, fyrirbygð. En jeg get þó ekki sjeð, hvað hættulegt þetta getur verið að öðru leyti fyrir oss, að veita fjelaginu slíka heimild. Þetta viðgengst í öðrum löndum, til dæmis Ameríku; ekki er það álitið hættulegt þar, að fjelög hafi slíkt leyfi, og þá er það ekki fremur fyrir oss. Tryggingin er fullkomin, þar sem eru gildandi landslög, er lögin mega ekki koma í bága við. Eins og jeg tók fram við 1. umr., þá álít jeg það alveg hættulaust, að hver hluthafi greiði eins mörg atkvæði eins og hann á marga hluti. Það er »princip«, sem er algengt í mörgum hluthafafjelögum og komið er almennt inn hjá flestum þjóðum, meira að segja inn í hið pólitiska líf, til dæmis er um kosningarrjett ræðið til löggjafarþinga, að efnamaðurinn, sá sem hefir yfir miklu að ráða, hafi meiri atkvæðisrjett en hinn efnalitli. Þetta á sjer stað til dæmis með kosningar til landsþingsins í Dan-

mörku. Þar hafa stóreignamennirnir tvöfalt meiri kosningarrjett til landsþingsins. Þetta á sjer að eins stað þar með landsþingið, ekki fólksþingið. Þeir, sem meira eiga, eiga og yfir meiru að ráða. Þannig er þetta »princip«, sem sagt, komið inn í hið pólitiska líf þjóðanna.

H. þm. (Tr. G.) setti fram þá spurningu, að ef gufuskipafjelagið danska gerði tilboð um strandferðirnar með nokkurn veginn sömu kjörum, hvort menn þá mundu vilja sinna því tilboði. Jeg ímynda mjer nú, að það sje ekkert hætt við því, að gufuskipafjelagið danska fari að gjöra nokkurt slíkt tilboð. Gufuskipafjelagið danska hefir nú í fjölda mörg ár haft 58 þúsund króna styrk fyrir ferðir sínar hingað til landsins, en þó eru ferðirnar svo óhaganlegar, að til dæmis allan þann tíma frá því 23. ágúst til 18. október er ekki hægt að komast hjeðan til Danmerkur, ómögulegt að komast frá Reykjavík til Kaupmannahafnar allan þann tíma. Væri þá ekki munur að hafa skip, er gengi tvisvar sinnum á hverjum mánuði, að eins fyrir 50 þúsund krónur? Að slíkt tilboð komi nokkurn tíma frá danska gufuskipafjelaginu get jeg varla ímyndað mjer að sje neitt hætt við. Jeg skal svo ekki svara h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) meiru að sinni.

Jeg ætla þá að snúa máli mínu að h. þm. Strand. (Guðj. G.). Jeg er honum mikið þakklátur fyrir, hve ljóslega hann hefir sýnt fram á það, hvílík blessun fyrir landið járnbraut hljóti að vera, og hve trúaður hann er á hana; en það er allt bundið því skilyrði hjá honum, að brautin liggi norður um land, en ekki austur í Árnessýslu. Hann segir, að ef hún liggi norður um land, þá mundu fjórfalt fleiri íbúar landsins geta notað hana, heldur en ef hún lægi um Árnessýslu. Eptir því sem jeg þekki til, þá get jeg ekki betur sjeð, en að þetta sje skakkt reiknað hjá h. þm. (Guðj. G.) Eptir því ættu að vera um 40 þúsund íbúa í þessum norðursýslum, en það finnst mjer nokkuð mikið hlutfallslega við íbúatöluna á öllu landinu, sem er að eins 70 þúsundir. Í sýslum þeim, sem norðurbrautin ætti að liggja um, mun vera um 19—20 þúsund íbúa. En viðvíkjandi því, að það sjeu að eins 10 þús. í Árnes- og Rangárvallasýslum, er noti brautina, ef hún liggi þar um, þá skal jeg taka það fram, að það verða fleiri en 10 þús., er geta notað þá braut; það er einnig Gullbringu- og Kjósarsýsla og Reykjavík, eða alls um 20 þús. manns, eins margir og íbúar þeirra sýslna, er norðurbrautin ætti að liggja í gegn um.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) gat þess, að ef brautin lægi norður, þá lægi hún um eitt hið frjósamasta og kjarnbezta hjerað landsins, að minnsta kosti eins frjósamt og Árnessýslu. Þetta held jeg, að h. þingm. geti ekki staðið við. Bæði er Árnessýsla einhver hin frjósamasta sýslan á öllu landinu, og svo getur hún tekið mjög miklum framförum í landbúnaðinum. Reynslan sýnir, að það eru samgöngurnar, sem vantar til þess, að þar megi hafa mikið meira upp úr jörðunni. Það er rjett hjá h. þingm., þar sem hann segir, að kornyrkju sje ekki hægt að hafa í Árnessýslu fremur en annarsstaðar á landinu; það er jeg honum samdóma um, að sje ekki hægt, vegna loptslagsins. Hann tók enn fremur fram, að að hafa tóm tún borgi sig ekki; tóm kúabú geti ekki staðizt. Þessu get jeg ekki verið sammála. Einmitt tómt kúabú gæti borgað sig mjög vel, væru samgöngurnar greiðar og góðar, væri hægt að ná á markað með afurðirnar, en

markaðinn vantar einmitt vegna samgönguleysisins. Jeg skal líka geta þess, að áður fyr var nautpeningsrækt hjer á landi miklu meiri en nú, og fór það mikið vel.

H. þingm. Strand. (Guðj. G.) tók það fram, að hvað væri skilyrði fyrir lífi og framförum þjóðanna, ef ekki það, að geta komið fjótt saman; hann talaði bæði skýrt og vel málinu viðvíkjandi, nema með þeirri athugasemd, að brautin ætti að liggja norður. Hann sýndi og, að við það að leggja brautina norður mundi sparast 25 þúsund krón. á ári til akbrautanna; sömuleiðis strandferðir norður eða fje til þeirra. Jeg er nú samdóma h. þingm. Strand. (Guðj. G.), að við járnbrautina sparast mikið fje til akbrautanna; þær kosta mikið fje og þurfa mikið viðhald, og það fje sem ætlað er til þeirra ætti helzt alveg að sparast, og sú mun nú reyndin verða á, að járnbrautin verður ekki álitin stórum dýrari en akbrautirnar. En viðvíkjandi því, að akbrautin ætti heldur að liggja norður, þá hygg jeg, að það sjeu öll líkindi til þess, að heppnist brautin austur í Árnessýslu og útlit sje fyrir að hún borgi sig, þá muni hún eðlilega innan skamms fæða aðra braut af sjer norður um land.

Hinn h. 1. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) gat þess, að það væri einungis bygt á góðum vonum, að járnbraut hjer á landi mundi borga sig. Já, ef aldrei ætti að gjöra neitt og í ekkert að ráðast án þess, að hægt sje að sýna það með ljósum rökum fyrir fram, að það borgi sig, þá mundu og framfarirnar hafa orðið minni í heiminum en þær eru. Jeg er sannfærður um, samkvæmt reynslu annara þjóða, að skilyrði fyrir, að járnbraut geti þrifizt hjer, vantar ekki. Auðvitað geta liðið fyrst nokkuð mörg ár, að hún ekki borgi sig.

Í öðrum löndum, t. d. Ameríku, eru járnbrautir tíðum lagðar um alveg óbygð hjeruð; skyldi þá ekki borga sig hjer, að leggja járnbraut um bygð hjeruð? Ef að þessu ætti þannig að gegna allt öðru vísi með oss en allar aðrar þjóðir, þá segi jeg, að Íslendingar ættu að gjöra alvöru úr því, að flytja sig alla til óbygðanna í Ameríku til járnbrautanna þar; það mundi þá borga sig betur.

Hinn h. 1. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) tók það og fram, að til þess að járnbraut gæti þrifizt, þyrfti atvinnan að vera mikil, en nú væri því svo háttað, að vinnukrapturinn væri svo lítill, bæði til sjós og sveita. Viðvíkjandi þessu, þá skal jeg taka það fram, að einmitt við járnbrautina vex atvinnan. Atvinnan við járnbrautirnar verður föst og varanleg, þar sem aptur á móti atvinna við heyskap og vertíðir er svo stopul, tíminn svo stuttur.

H. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) gat þess, að járnbrautin mundi helzt verða fyrir ferðamenn, er kæmu hingað, en minna gagnleg fyrir landsmenn. Já, jeg er sannfærður um það, að yrði járnbraut lögð hjer á landi, þá mundi það talsvert draga útlenda ferðamenn til landsins, en það er líka líklegt, að útlendir menn fari þá að hugsa meira, spekúlera og reyna að reka hjer atvinnu sína, og gæti það orðið landinu til ekki svo lítils hagnaðar, og það gæti verið mikill hagur í mörgu tilliti.

H. þm. Húnv. (B. Sigf.) gat þess enn fremur, að nú væri einmitt kominn sá rjetti rekspölur á með samgöngumálin, fje væri ætlað til akbrauta og brýr yfir stórár allt af að fjölga, og þetta væri vilji þjóðarinnar, en járnbraut hefði hún aldrei nefnt á nafn. Já, það er mikið rjett, að menn hafa verið svo smáhuga hingað til, að þeir hafa ekki nefnt járnbraut; en sá tími mun koma og það innan skamms, að járnbraut

verður álitin hjer miklu heppilegri og nauðsynlegri en akbrautir; svo er þess að gæta, að brýr yfir árnar koma þá eðlilega af sjálfu sjer jafnframt og járnbraut er lögð.

H. þm. Húnv. (B. Sigf.) gat þess enn fremur, að heppilegast væri að bíða með að samþykkja þetta frumvarp nú, svo mönnum gæfist góður kostur á, að íhuga það nákvæmlega; reynslan hefði líka sýnt það á einu frumv., er hefði komið fram á þinginu í fyrra (kirknafrumv.). Þá hefði verið sagt, að það væri vilji þjóðarinnar, en nú hefur reynslan sýnt allt annað.

Viðvíkjandi þessu, þá skal jeg geta þess, að hjer er allt öðru máli að gegna með þetta frumv. Þjóðin hefur látið í ljósi álit sitt um þetta mál, en það hafði hún ekki gjört um hitt frumv. Svo er einnig að öðru leyti alls eigi rjett, að bera þessi mál saman; hjer er um samgöngumál að ræða, og samgöngur vitum við að þjóðin vill fá sem mestar og beztar. Mundu líka ekki þeir menn, sem vilja fá strandferðir til Borðeyrar, mundu þeir ekki einnig vilja fá járnbraut, eða fullt eins vel? Ef svo fer, að járnbraut austur borgi sig, þá eru öll líkindi til, að önnur verði lögð norður í land.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði, að sjer fyndist, að kjósendur sínir ættu fulla heimtingu á, að fá að segja álit sitt um málið, áður en því væri ráðið til lykta. En jeg get eigi sjeð, að ef maður ætlar að veita einhverjum manni einhver stór gæði, að hann eigi nokkra heimtingu á að fá að segja álit sitt um það fyrir fram, hvort hann vilji þiggja þau. Sama máli finnst mjer sje nú að gegna um kjósendur hans, að því er þetta snertir. Þeir mega þakka fyrir gæði þau, sem þeim eru veitt, en eiga enga heimtingu á, að þeir sjeu spurðir, hvort þeir vilji þiggja þau.

Viðvíkjandi því, sem hann minntist á járnbrautarslys, þá skal jeg láta hann vita það, að jeg er ekkert hræddur við slíkt, enda mun jeg og vera vanari að ferðast á járnbrautum en h. þingmaður.

H. 2. þingm. Árn. (Þorl. G.) tók það fram, eins og fleiri af h. þingdeildarm., að rjettara væri að láta málið bíða til næsta þings án þess, að gjöra út um það á þessu þingi. Jeg vil leyfa mjer að segja það, að fari svo, að þetta mál verði fellt á þessu þingi og tilboðinu þannig hafnað, þá getur það orðið til þess, að vjer Íslendingar enn þá um langan aldur verðum útlokaðir frá járnbraut. Það getur verið, að herra Sigtryggur Jónasson gefist ekki upp við málið, þótt því yrði frestað; en er það víst, að hann hafi fje eða ráð á, að vinna til lengdar að þessu máli? Það er nú ekki tekið út með sitjandi sældinni, að vinna að svona stórmálum; hann er nú búinn að vinna að því í hjer um bil 1 ár. Eins ber að gæta þess, viðvíkjandi auðmönnunum, er hafa lofað að leggja stórfje til þessa fyrirtækis, að sjái þeir, að tilboðinu sje hafnað, þá eru öll líkindi til þess, að þeir leggi fjeð í eitthvað annað fyrirtæki eða láni það öðrum. Þótt vjer frestum því til næsta þings, að taka á móti tilboðinu og gjöra út um málið, þá er ekki víst, að vjer fáum önnur fleiri eða betri tilboð. Sú hugmynd virðist mjer vera fullkomlega bygð í lausu lopti.

Jeg fyrir mitt leyti vil því sterklega ráða til þess, að tilboðinu sje ekki hafnað, og að málið verði útrætt á þessu þingi, því að það gæti sannarlega orðið til mikils hnekkis fyrir þjóðina, já, svo mikils, að það er ekki hægt að segja afleiðingarnar, ef þetta þing yrði til þess, að hafna þessu tilboði og fella frumv.

Jeg vil því biðja h. þingdeildarm. að íhuga alvarlega, hvílíka ábyrgð þeir taka á sig með því, að gjöra slíkt. Jeg skal svo að endingu geta þess, að nefndin tekur þakklátlega á móti öllum bendingum og upplýsingum, er henni kunna að verða gefnar þessu máli viðvíkjandi, og mun fúslega taka til greina allar athugasemdir um agnúa á frumv., sem unnt er að lagfæra. (Umr. frestað).

Sextándi fundur, laugardag 18. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Fyrirspurn til landshöfðingja um launagreiðslu (C. 27).

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Mál þetta er ekkert stórmál, en jeg álít þó rjett, að koma fram með þessa fyrirspurn, til þess að hæstv. landsh. geti svarað henni. Tilefni til fyrirspurnarinnar er það, að með brjefi landshöfðingja 29. ág. 1892 var yfirrjettarmálaflutningsmaður Lárus Kr. Bjarnason settur um stundarsakir sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði, og var honum fyrir þann starfa ákveðin þóknun samkvæmt tilskipun 3. febr. 1836. Hann var sendur vestur til að inna af hendi starf, er landsstjórninni virtist mikið áhugumál, og var hann við það í 23 mánuði. Það er nú auðsjeð, að hversu mikið mikilmenni sem þessi maður er, þá gat hann þó ekki gegnt í senn sýslumanns- og bæjarfógetaembættinu vestur á Ísafirði, og málsfærslumanns-störfunum í Reykjavík. Til þess er fjarlægðin of mikil milli þessara staða, og ekki er heldur svo vel, að frjettaþræðir liggi milli þessara staða, er gætu sett hann í samband við yfirdóminn í Reykjavík. Mörgum hefur því þótt það einkennilegt, að þessi maður hefur allan þennan tíma, 23 mánuði, fengið úr landssjóði helminginn af þeirri þóknun, sem ætluð er hvorum málsfærslumanninum í Reykjavík, þó hann sjálfur hafi ekki á neinn hátt framkvæmt þessi störf. Af því jeg er að eðlisfari forvitinn, hefi jeg því verið að glugga út í, samkvæmt hvaða lagaheimild honum hafi verið borguð úr landssjóði hálf málsfærslulaunin allan þennan tíma, en jeg hefi ekki getað fundið þessa lagaheimild, hvorki í hinum almennu ákvæðum launalaganna frá 15. okt. 1875, nje annarsstaðar, og því hefi jeg leyft mjer að koma fram með þessa fyrirspurn til hæstv. landsh. Menn hafa litið ýmislega á þessa ráðstöfun. Sumir hafa ætlað, að Lárus hafi fengið þessa þóknun af praktiskri nauðsyn, en aðrir, að hún hafi átt að vera eins konar ærulaun iðni og hygginda. Jeg skal ekkert um það segja, en mjer er forvitni á, að fá að heyra, eptir hvaða lagaheimild hafi verið farið við þetta tækifæri.

Landshöfðingi: Jeg skal fyrirfram geta þess, að mjer finnst með þessari fyrirspurn tekið fram fyrir hendurnar á yfirskoðunarmönnum landsreikninganna 1892—1893. Það er þeirra skylda að gæta þess, að ekki sje goldið fje úr landssjóði án heimildar, og ef þeir verða þess varir, að svo hafi verið gjört, eiga þeir að gjöra tillögur um það til þingsins. Það er þess vegna þingsins 1895 að úrskurða, hvort þetta gjald hafi verið rjettilega greitt úr landssjóði, og það fær tækifæri til þess, þegar frumv. um samþykkt á landsreikningunum 1892—1893 verður lagt fyrir það að ári. Jeg efast ekki um, að þeir, sem nú eru yfirskoðunarmenn, sjeu svo glöggir reikningsmenn, og að annar þeirra, að minnsta kosti, svo glöggur lagamaður, að þeir muni finna, ef eitthvað hefur verið greitt úr landssjóði án heimildar.

En úr því þessi fyrirspurn hefur verið borin upp, get jeg svarað henni stuttlega þannig: Þegar Lárus K. Bjarnason var settur til að þjóna sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetaembættinu á Ísafirði um stundarsakir, hjelt hann að sjálfsögðu sýslaninni sem yfirdómsmálsfærslumaður í Reykjavík, með þeirri skyldu, að hann annaðist um, að þessari sýslan yrði gegnt í fjarveru hans, á hans kostnað, og á þann hátt, sem landshöfðingja þætti tryggilegt. Var svo annar maður löggiltur, að beiðni hins setta sýslumanns, til að þjóna málsfærslumannssýsluninni, á hans ábyrgð og á hans kostnað. En með hvaða kjörum þessi maður hafi tekið að sjer yfirdómsmálsfærslumannsstörfin, álít jeg landsstjórninni alveg óviðkomandi. Hvort hann hefur gjört það með vægari kjörum eða fyrir öll launin, álít jeg engum koma neitt við. En þetta, að embættismanni er leyft að fá annan til að þjóna fyrir sig um stundar sakir, á sinn kostnað og sína ábyrgð, hefur opt viðgengizt að undanförnu, án þess að fundið hafi verið að því.

Fyrirspurnin er því ekki að öllu leyti nákvæm, þar sem spurt er um, hvers vegna Lárusi K. Bjarnason hafi verið borguð út hálf málsfærslumannslaunin. Hann hefur fengið öll launin, en með því skilyrði, að hann ljeti annan þjóna sýslaninni á sinn kostnað, og er það fullkomlega samkvæmt 4. gr. hinna almennu launalaga 15. okt. 1875.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Jeg get ekki verið að öllu leyti ánægður með svar hæstv. landsh. eða talið það fullnægjandi.

Hann gat þess fyrst, að með fyrirspurninni væri tekið fram fyrir hendurnar á yfirskoðunarmönnum landsreikninganna; en eptir minni skoðun hefur mál þetta tvær hliðar, aðra reikningslega og hina meira almenns eðlis. Að því er snertir hina reikningslegu hlið, eða það, hvort landssjóður hafi beðið halla af þessari ráðstöfun, eða fje hafi verið greitt ólöglega úr landssjóði í þessu tilfelli, getur málið auðvitað beðið rannsóknar og úrskurðar alþingis að sumri. Hæstv. landsh. gat þess, að það hefði verið privat »arrangement« milli Lárusar K. Bjarnasons og þess manns, sem þjónaði fyrir hann, en landshöfðingi hefði að eins staðfest þessa ráðstöfun, og hann tók það fram, að embættismanni væri opt leyft að vera burtu frá sínu embætti um stundarsakir, og láta annan þjóna fyrir sig á meðan. En þetta, að embættismanni er leyft að vera burtu frá embætti sínu um stundarsakir vegna sjúkdóma eða annara líkra forfalla, og láta annan þjóna fyrir sig á meðan, er allt annað en að setja embættismann í annað embætti, og láta hann samt halda launum þess embættis, er hann hafði áður, þó það sje alveg ósamþýðanlegt því embætti, er hann tók við, og rekið á allt öðrum stað. Viðvíkjandi þessu »privat arrangement« skal jeg geta þess, að hæstv. landsh. hlýtur að vera kunnugra um það en mjer; en eptir upplýsingar, sem jeg hefi fengið, þá mun ekkert slíkt »arrangement« hafa átt sjer stað milli þessara tveggja manna, heldur mun landshöfðingi hafa skipað þennan mann til að gegna málsfærslumannsstörfunum á ábyrgð Lárusar K. Bjarnasons með tilteknum launum, 400 krónum. Mjer og fleirum sýnist líka þetta fyrirkomulag að ýmsu leyti íhugunarvert.

Eitthvað sýnist t. d. óeðlilegt við það, að maður suður í Reykjavík skuli vera settur til að þjóna þar embætti á ábyrgð manns vestur í Ísafjarðarsýslu. Þá finnst mjer líka, að þegar yfirdómurinn tildæmdi málsfærslumanni máls-

flutningslaun, hefði hann ekki átt að tilfæra í dómum sínum, að launin skyldu greidd hinum »fungerandi« málsfærslumanni, heldur hinum reglulega, en með því að lesa dóma, sem fallið hafa á þessu tímabili, hefi jeg sjeð, að hið gagnstæða hefur orðið ofan á. Hæstv. landsh. þótti óeðlilegt, að taka málsfærslumannssýslanina af þessum manni, þó hann væri settur í annað embætti um stundar sakir, en þess ber að gæta, að málsfærslumannssýslanin er ekki veitt af konungi, heldur af ráðgjafa um stundar sakir, og sú »constitution« er ekki mjög föst. Þegar jeg fyrir 10 árum síðan var settur sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði um stundar sakir, hjelt jeg, að jeg mundi geta haldið áfram að taka peninga úr landssjóði sem málaflutningsmaður í Reykjavík, en eptir bendingu frá mikilsmetnum manni hjer hvarf jeg frá þeirri hugsun og sá, að jeg gat ekki haldið áfram, að vera málaflutningsmaður í Reykjavík, er jeg var orðinn sýslumaður vestur á Ísafirði, og því gæti jeg heldur ekki átt heimtingu á málsfærslumannslaunum. Auk þess er þess að gæta, að landshöfðingjanum gat ekki verið ókunnugt um, að hinn setti sýslumaður hlyti að vera lengi burtu frá sinni fyrri sýslan. Því eptir brjefi landsh. 29. ág. 1892 var það ekkert lítið starf, sem hann átti að takast á hendur, þar sem hann átti að rannsaka embættisfærslu manns um 8 ára tíma; hann var ekki settur til að rannsaka neitt ákveðið lagabrot, því að um engin slík lagabrot var landsstjórninni kunnugt, heldur var hann sendur til að grafa í öllum pappírum embættisins um 8 ára tíma, sendur upp á von og óvon til þess að vita, hvort hann væri svo heppinn, að geta grafið nokkuð upp, eða búið nokkuð til. Landsstjórnin hlaut því að vita, að þetta hlyti að taka langan tíma, og var því óeðlilegt að setja annan mann til að þjóna fyrir hinn setta sýslumann allan þennan tíma.

Eðlilegra hefði það verið, að landsstjórnin hefði skipað mann til að gegna málafærslumannsstörfunum á eigin ábyrgð, og með fullum launum, á meðan á rannsókninni stóð vestra; þar með þurfti landsstjórnin ekki að svipta hinn setta sýslumann þessari sýslan, þó honum væri ómögulegt að gegna báðum sýslununum í einu.

En það, sem jeg legg aðaláherzluna á í þessu máli, er það »princip«, sem landsstjórnin hefir slegið hjer inn á: að maður er settur í tvö embætti í senn og tekur laun fyrir þau bæði, eins það, sem hann ómögulega getur gegnt.

Eptir þessu dæmi á landstjórnin að geta sett mann, sem henni er vel við og sem hún vill láta hafa mikil laun, til að þjóna fleiri embættum í senn. Hún gæti t. d. sett landritarann til að þjóna bæjarfógetaembættinu á Ísafirði og amtmannsembættinu fyrir norðan, og leyft honum að sitja í Reykjavík við landritarastörfin, en setja aðra í sinn stað fyrir vestan og norðan; sjálfur gæti hann hirt öll launin, en borgað þeim, sem þjónuðu fyrir hann, einhverja þóknun. Þá er komin á sami rekspölurinn sem á 17. öldinni, þegar embætti og sýslanir voru »forpaktaðar«. Þetta »princip« er hvorki löglegt nje heppilegt, og h. þingd. hefir fullan rjett til að láta í ljósi þá skoðun sína, að þessi aðferð sje ekki rjett, og vil jeg nú gefa henni tækifæri til þess, með því að afhenda h. forseta rökstudda dagsskrá svo hljóðandi:

»I því trausti, að landstjórnin láti það ekki framvegis eiga sjer stað, að verzlegur embættismaður eða sýslumaður, sem settur er til að þjóna öðru embætti eða sýslan, njóti launa fyrir bæði þessi embætti eða sýslanir, nema hann

í raun og veru þjóni þeim báðum, tekdeildin fyrir næsta mál á dagskránni«.

Landshöfðingi: Það kom svo margt fram í hinni síðustu ræðu h. fyrirspyrjanda, sem var fyrirspurn hans óviðkomandi, og sem jeg því leiði hjá mjer; en það er sjerstaklega eitt atriði í ræðu hans, sem jeg vildi minnast á. Hann hjelt, að sá maður, cand. Hannes Thorsteinsson, sem hefði þjónað yfirrjettarmálsfærslumannssýslaninni fyrir hinn setta sýslumann og bæjarfógeta Lárus Kr. Bjarnason, hefði verið skipaður til þess af landstjórninni; en þetta er ekki rjett. Hann var að eins löggiltur eptir beiðni Lárusar Kr. Bjarnasons, til að gegna þessari sýslan fyrir hann um stundarsakir. Hannes Thorsteinsson mun hafa það skjal í höndum, svo ekki er hægt að efast um, að þetta sje rjett. En hvort yfirdómurinn hefir í dómum sínum dæmt Hannesi Thorsteinson eða Lárusi Kr. Bjarnason málfærslulaun, er landstjórninni óviðkomandi. Það er yfirdómsins að rjettlæta það. Það er sömuleiðis eptir ráðstöfun hr. Lárusar Kr. Bjarnasons, að landstjórnin hefir greitt hr. Hannesi Thorsteinsson 400 kr. á ári af málsfærslumannslaununum; en, hvort Lárus Kr. Bjarnason, hefir sjálfur tekið til sín hinn helming launanna, veit jeg ekki, enda kemur landstjórninni það ekki við.

Þó öðruvísi hafi verið farið að, þegar h. fyrirspyrjandi sjálfur var settur sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði 1885, þá var þó öðru máli að gegna. Hann var 1. ágúst það ár að eins settur málaflutningsmaður af landshöfðingja um stundar sakir, og svo settur í annað embætti hinn 29. s. m. Hin fyrri bráðabirgðasetning hlaut þá að falla af sjálfu sjer. Aptur á móti hafði Lárus sýslumaður Bjarnason veitingu ráðgjafans fyrir málfærslumannssýsluninni, þegar hann var settur sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Isafirði um stundar sakir, og því var sjáltsagt að hann hjeldi sýslun sinni, því fremur sem ætla mátti, að fjarvera hans yrði ekki mjög löng. Það má ekki láta það villa sjónir fyrir sjer, að þegar ráðgjafi veitir málaflutningsmannssýslan við yfirdóminn, þá er sá, sem fær hana, að vísu kallaður settur í þá sýslan, en það er ekki önnur veiting til fyrir þeirri sýslan.

Að öðru leyti held jeg að ekki sje ástæða fyrir mig að fara út í að svara því, hvort landstjórnin muni fara að setja landritarann í Reykjavík í bæjarfógetaembættið á Ísafirði og amtmannsembættið fyrir norðan og austan; það er bezt að bíða þangað til það verður gjört. Jeg kannast ekki við, að landstjórnin hafi á þann hátt hrúgað fleiri embættum á einn mann. Hitt er svo algengt, að setja mann um stundarsakir til að þjóna embætti annars embættismanns. Jeg get tekið til dæmis h. forseta hins sameinaða alþingis (B. Sv.). Hann hefir fengið leyfi til að láta annan þjóna embætti sínu fyrir sig, ekki eingöngu meðan hann væri á þingi, heldur í fjóra mánuði, og mun þó enginn geta haft á móti því, að hann fái sín laun óskert úr landssjóði. Hvernig hann borgar þeim, sem þjónar fyrir hann, lætur enginn sjer detta í hug að blanda sjer inn í.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Það er að eins mjög stutt athugasemd, sem jeg vildi gjöra við ræðu hæstv. landsh. Hann sagði, að sá maður, sem hefði þjónað málfærslumannssýslaninni í stað Lárusar Kr. Bjarnasons, hefði ekki verið skipaður af landstjórninni, heldur að eins löggiltur til þess af landshöfðingja eptir beini Lárusar; en jeg skal geta þess, að í þessu efni fór jeg eptir því, sem hr. Hannes Thorsteinsson sagði mjer sjálfur. Hann

sagðist ekki hafa vitað neitt um að hann hefði átt að þjóna þessari sýslan, fyr en brjef kom um það frá landshöfðingjanum; hann hefði aldrei sótt um þennan starfa, nje heldur hefði Lárus Kr. Bjarnason samið um það við sig.

Að því er snertir samanburð hæstv. landsh. á leyfi því, sem forseti hins sameinaða alþingis (B. Sv.) hefir til að láta annan þjóna fyrir sig, meðan hann er fjarverandi frá embætti sínu, við það tilfelli, sem fyrirspurnin ræðir um, þá er það að fara utan hjá hlutunum, að líkja því saman. Það er þó allt annan að hrúga 2 embættum á mann, sem ekki getur með neinu mögulegu móti þjónað nema öðru þeirra sjálfur, og láta hann fá hvortveggja embættislaunin, eða að leyfa embættismanni að láta annan þjóna sínu embætti um stundar sakir, þegar hann fær brottfararleyfi, og hin rökstudda dagskrá, sem jeg hefi borið fram, nær því alls eigi til þess tilfellis. Mjer er ekki kunnugt, að forseti hins sameinaða alþingis, sem er sýslumaður í Þingeyjarsýslu, taki nema laun þessarar einu sýslu, og kemur það því eigi að neinu leyti í bága við dagskrána, þó að hann láti annan gegna embættinu, meðan hann er fjarverandi á alþingi.

ATKV.GR.: Hin rökstudda dagskrá samþ. með 14 atkv. gegn 2.

Frumv. til laga um löggilding fjelags með takmarkaðri hluthafa ábyrgð, rjettindi þess og skyldur til að halda uppi siglingum milli Íslands og útlanda og í kringum strendur Íslands, og til að leggja járnbrautir á Íslandi o. *fl.* (C. 65, 73); frh. 2. umr.

Þórhallur Bjarnarson: Í þessum löngu umræðum kemur að því, að flestir munu vilja rökstyðja atkvæði sitt. Jeg ætla því með fám orðum að gjöra grein fyrir atkvæði mínu, og það er þá fljótsagt, að jeg er samdóma h. minni hluta nefndarinnar. Jeg gjöri reyndar eigi sjerlega mikið úr undirbúningsleysinu, af hálfu þessa svonefna siglinga- og járnbrautafjelags, því að hjer er ekki að tala um annað en það, hvort landssjóður vill láta svo og svo mikið fje fyrir þessar ákveðnu skipaferðir, og svo þennan járnbrautarspotta. Það er ekki landssjóður, sem leggur út í verkið. Jeg geng úr frá því, að herra Sigtryggur Jónasson hafi þann undirbúning, að málið geti gengið sinn veg, ef þetta frumv. verður samþykkt; hann væri ekki hingað kominn með sitt boð, ef hann væri ekki sjálfur sannfærður um, að þetta hefði framgang, taki þingið boðinu. Jeg álít að hann eigi miklu fremur skilið að fá þakkir en kaldyrði og ónot fyrir að vera að brjótast í þessu stóra máli, því þó frumv. fari um koll á þessu þingi, já meira að segja verði að engu, þá er jeg sannfærður um, að þetta stóra nýmæli, sem hjer er sótt af svo brennandi áhuga, vekur hjá þingi og þjóð meiri framfarahug og stærri vonir.

Svo jeg hverfi að þeim ástæðum mínum, sem gjöra mjer ómögulegt að samþykkja frumv. nú, þá hefi jeg fyrst og fremst eigi nógu sterka trú á því, að járnbrautin geti unnið fyrir því tillagi, sem henni á að leggja, eða orðið landsmönnum að gagni, sem því svarar. Því veldur mannfæðin. Því þegar talað er um þessar þúsundir manna fyrir austan fjall, þá er aðgætandi að mikill fjöldi þeirra manna, ef til vill allt að helmingur, er búandi við sjó, og verður allur vöruflutningur frá þeim og til þeirra ódýrari á sjónum en hann nokkurn tíma getur orðið á járnbraut. Það, sem helzt mælir með járnbraut eða járnbrautarvon hjer á landi, er, í mínum augum, það sem h. varaforseti

(Ól. Br.) tók fram, hvað okkar akbrautir og nýju vegir verða hræðilega dýrir. Fyrst er mjög kostnaðarsamt að leggja þá, og það hefir nú þegar sjezt, að svo er viðhald þeirra afardýrt, og á því er enn eigi komin full reynsla. Þegar búið er að leggja akbraut fyrir einhverja ákveðna upphæð í 5 ár, þá er eigi langt frá því, að minnsta kosti sumstaðar, að það þurfi úr því árlega það sem svarar eins árs vegalagningarkostnaði, til þess að halda þeim vegi við, eða með öðrum orðum, að sjeu t. d. 10,000 kr. komnar í akbraut, þurfi ef til vill 2000 kr. á ári til viðhalds. Þetta þekkja þeir bezt, sem hafa haft umsjón með landssjóðsvegum undir höndum hjer nærlendis, og lítið eitt þeir sem hafa staðið fyrir lagningu á vegarspottum hjer út frá Reykjavík. Skyldu nú verkfræðingar halda því fram, að viðhald járnbrautarveganna yrðu töluvert ódýrara, þá mælti það mikið með því að gjöra einhverja dálitla tilraun með þá; en jeg legg áherzlu á það, að það ætti að eins að vera tilraun til að byrja með.

Það hefir komið fram breyt.till. frá h. þm. Strand. (Guðj. G.), sem fer fram á að brautin sje lögð alla leið norður á Akureyri. Jeg er mjög mótfallinn slíkri byrjun, að leggja þannig hálft landið undir, sem líka mundi kosta miklu meira tillag úr landssjóði en breyt.till. nefnir til. Járnbraut verður að koma hjer fyrst að eins sem tilraun. Heppnaðist tilraunin, þá væri sjálfsagt að halda áfram.

Þó að jeg nú greiði mitt atkvæði á móti þessu járnbrautarfrumv., þá er ekki þar með sagt, að jeg kunni ekki einhvern tíma að vera með svo stóru stökki. Hitt aðalatriðið í málinu, siglingatilboðið — þegar vitanlega er sleppt þessum alveg óaðgengilega 30 ára tíma —, er aptur á móti svo fýsilegt, að komi það eitt saman fyrir fjárveitandi þing, þá mun jeg fyrir mitt leyti taka því tveim höndum. Það er viðurkennd þjóðarþörf, að fá beinar og greiðar samgöngur við England, og vjer getum eigi varið landsins fje til annars betur. Það er eigi að eins það, að vöruflutningarnir verða mikið greiðari og vörumarkaðurinn batnar, sem allt hefir verið tekið rækilega fram af þeim, sem talað hafa í þessu máli, heldur komumst vjer allir, jafnt lærðir sem leikir, hálfu nær hinum menntaða heimi við slíkar samgöngur. Jeg geng út frá því, að menn komist með slíkum beinum milliferðum til Englands á hálfu minni tíma og fyrir hálfu minna gjald en nú er með dönsku skipunum. Maður gæti þá brugðið sjer til Englands, dvalið þar vikutíma og komið heim aptur, án þess að verja til þess lengri tíma eða meira fje en nú gengur til að fara norður í land með 4 hesta og fylgdarmann. Það verður engum getum leitt um það, hve mikla þýðingu það getur haft fyrir þjóðlíf vort, að þeir menn, sem á einn eða annan hátt vinna að heill og framförum þjóðfjelagsins, geti við og við á æfi sinni kynnzt mönnum og menntum hjá heimsins framfaramestu og göfugustu þjóð, og þurfi ekki eins og nú að sitja æfilangt kyrrir á sömu þúfunni, bundnir af tímaskorti og fjeleysi. Mjer liggur við að segja, að það er rjett allt getandi fyrir slíkar samgöngur. En jeg er ekki vel ánægður með siglingafyrirkomulagið, eins og það er í frumv., og jeg mundi hafa komið með breyt.till. við það, hefði jeg yfir höfuð verið málinu sinnandi og búizt við framgangi þess á þessu þingi. Jeg hef ekki mikla trú á því, að þau skip, sem að eins fara í kringum landið, hafi sjerlega mikið að gjöra. Það er ekki enn svo mikið að flytja milli hinna einstöku landshluta, og umskipunin leggur svo

mikinn aukakostnað á, að landsmenn geta vart sætt því að fá vörurnar, eða senda þær fyrst til Reykjavíkur, til þess að annað skip taki þar við. Það hefir sýnt sig, að strandferðaskip hins sameinaða gufuskipafjelags koma og fara með fullan farm milli landsins og útlanda, en harla óverulegt er það, sem þau flytja milli hafna. Vitanlega er það aptur á móti dýrt, að láta stóru skipin, sem beint koma frá útlöndum, fara á margar hafnir; þau mega að eins koma á fáar aðalstöðvar, þar sem mest er vörumagnið, en þangað og þaðan yrðu smágufubátar að flytja vörurnar, og þetta fyrirkomulag gæti látið þá bera sig með nokkrum opinberum styrk. Auðvitað leggst þar á umskipunarkostnaður, en hann kemur þá niður á langt um færri, og á þeim stöðum þar sem menn hvort sem er verða harðast úti í verzlunarviðskiptum, og sem aldrei verður bætt úr til fulls. Jeg hefði bezta trú á svo löguðu fyrirkomnlagi, að skipin væru 2. Annað kæmi beint til Seyðisfjarðar og tæki þá Austur- og Norðurland, en hitt til Reykjavíkur og til Vesturlandsins; þá kæmist hvor þessara parta landsins í beint og skjótt samband við England, og það er aðalatriðið. Auðvitað þyrfti svo að hafa eitt lítið skip í nokkrum milliferðum milli Reykjavíkur og Austfjarða, enda er langmest samgönguþörfin milli Austurlands og Faxaflóa, en Borgarnes-ferðirnar bæta töluvert úr samgöngunum hjer á milli og vestursýslnanna á Norðurlandi.

Það sem gjörir þó minni þingmannssamvizku allra ófærast að samþykkja frv., sem h. minni hluti nefndarinnar hefir líka bent á, er það, að þetta mikla stórræði með svo afarmikilli fjárveiting kemur svo alveg flatt upp á alla landsmenn. Þingmönnum hefir eigi gefizt neinn kostur á, að bera sig saman við kjósendur sína. Jeg hefi heyrt utan þingfunda gjört lítið úr þeirri ástæðu; en jeg vil þó minna á, að það eru þó þeir, sem hafa kosið okkur til þess, að vera gætnir og glöggir fjárhaldsmenn, og þeir leggja til fjeð, sem við höfum veitingarvaldið yfir. Jeg tel það óhugsandi, að nokkurt þing í heimi hrapaði að því, að veita fje, sem svaraði 6 ára landstekjum, að öllum landsmönnum fornspurðum, áður en að fundir kjósenda og blöðin geta rætt það hið minnsta. Og allra fjarstæðast er, að þetta aukaþing, sem ekkert fjárveitingarvald hefir, bindi landinu byrði, sem svarar útgjöldum fyrir heil 3 fjárhagstímabil.

Það hefir heyrzt opt hjer í h. deild, að þetta mál væri mjög vandasamt, og því rjett að láta h. efri deild fá málið til að bera vandann með neðri deild. En annaðhvort verða menn að vera með því eða móti hjer í þessari deild, segja annaðhvort já eða nei eptir beztu sannfæringu. Hjer í þessari deild verður málið annaðhvort að falla, eða fara hjeðan samþykkt. Jeg álít það mjög óheppilegt, ef þessum vanda væri skellt upp á efri deild, og mjög óþingræðislegt, þar sem þetta er hið langstærsta fjármál, sem nokkru sinni hefir komið fyrir þingið. Þessi deild hefir þó haft og á að hafa hið aðallega fjárveitingarvald á þingi í höndum sjer.

Benedikt Sveinsson: Jeg skal geta þess strax, viðvíkjándi þessu máli, að það var löngu áður en það kom fram hjer í deild opinber »hemmelighed«, að jeg eins og fleiri h. þingm. ljet þá skoðun mína í ljósi, að mjer virtist það afar-óheppilegt, að þetta mál kæmi fram á þessu þingi, vegna þess, að það fyrst og fremst er svo mikið nýmæli, fram yfir öll þau nýmæli, sem nokkur maður hefir borið upp síðan jeg kom fyrst á þing, og hefi jeg þó verið þm.

síðan 1861, og á hinn bóginn eigi síður fyrir sakir þess, að málið er svo gjörsamlega óundirbúið, að jeg get eigi gjört mjer neina hugmynd um, á hverju hugsandi menn byggja það, nema þá, ef nokkuð skyldi vera, á: trú, prestatrú, þeirri trú, sem bygð er á góðum vonum og háum hugsunum, ef þær annars ættu hjer við, en ekki þeirri trú, sem menn kalla reynsluvissu.

Jeg — jafn óþolinmóður maður og jeg þó er — hef nú setið hjer í marga daga, alveg steinþegjandi, undir hinum löngu og miklu umræðum, af því jeg vildi reyna, ef mögulegt væri, að sannfæra sjálfan mig um það, að þetta nýmæli gæti á nokkurn hátt talizt rökstuddara eða skiljanlegra en það hafði komið mjer fyrir sjónir í fyrstu. Á þessum tíma hef jeg heyrt mörg, snjöll og þýðingarmikil mótmæli frá ýmsum h. þm., og framsögum. (V. G.) hefir á hinn bóginn varið málið í líf og blóð og með svo miklu kappi, að svitinn hefir bogað af honum!

Þrátt fyrir þetta hef jeg ekki getað fundið, að mótmæli þessi væru hrakin, hvorki hæstv. landsh., h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) eða annara h. þm. Í ræðum þessara þm. hefir alls enginn kali komið fram, og heldur ekki sú stefna, að þeir væru ragir á að halda í þá átt, sem framfara væri að leita í fyrir þetta land; þvert á móti lá á bak við ræður h. þm., bæði þeirra, sem eru með málinu og móti, og eins hæstv. landsh., sameiginlegur vilji til þess, að vinna að því eptir megni, að hrinda þessu landi og þessari þjóð áfram til meiri verklegra framfara, hvort heldur með nýjum samgöngubótum eða á annan hátt; svo það er í rauninni ekki tilgangurinn, heldur vegurinn, sem menn greinir hjer á um, með öðrum orðum, hvort frumv. sje svo lagað, að það nái því augnamiði, sem tilætlað er, sem er: framfarir og velgengni Íslands í hagsmunalegu tilliti.

Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls, en af því jeg sje, að h. þm. hafa álitið það skyldu sína, hver fyrir sig, að gera grein fyrir atkvæði sínu, þá neyðist jeg til þess, og sjer í lagi vegna þess, að frá h. fyrsta meðmælanda þessa máls hefir verið kastað þeim frýjunarorðum til mín og annara mótmælenda: »Varaðu þig, Valnastakkur, ef þú ert ekki með frumv., þá ertu brennimerktur apturhaldsmaður«! með öðrum orðum: »Þið eruð apturhaldsmenn, eða í öllu falli ekki eins miklir framfaramenn og vjer«, þ. e. formælendur þessa frv., ef frumvarp fremur en frumhlaup skyldi kalla.

En jeg vona, að jeg geti, þegar lengra kemur fram í ræðu mína, sannfært menn um það, að það er ekki vert fyrir h. framsögum. (V. G.), að gera sig gildan af því, að flytja annað eins mál og þetta er, og jeg játa það, að það er heldur engin ástæða til fyrir mig, að gera mig gildan af því að ríta þetta mál niður, vegna þess, að það er gripið svo gjörsamlega úr lausu lopti; mjer virðist það vera svo eðlilegt, svo beint og blátt áfram, að jeg sje ekki með þessu máli, að jeg get ómögulega verið að monta af því, og af þessari sömu ástæðu ætla jeg, að enginn skynsamur maður geti hlotið hól eða heiður fyrir það, að gerast formælandi þess.

Jeg skal að öðru leyti vera svo stuttorður, sem jeg get, og einungis tala um málsins almennu hliðar; að jeg eigi að síður tengi athugasemdir mínar við einstöku greinar í frumv., kemur til af því, að í svo mörgum þeirra felast svo stórkostlega og varhugaverð »princip«.

Jeg spyr þá fyrst: »Hvað á nú að

gjöra, eptir þessu frumvarpi?« Búa til járnbraut og nýjar gufuskipaferðir kringum landið og til útlanda; hjer stendur í frumv. 3. gr.: »Fjelagið hefir »fullt leyfi og vald til þess, að leggja »einsporaða eða tvísporaða stál- eða »járnbraut:

»1., frá Reykjavík um Kjósar- og »Gullbringusýslu, Árness- og Rangár»vallasýslu!

»2., frá Reykjavík eða Akranesi, eða »einhverjum stað þar nálægt, um Kjósar»og Gullbringusýslu«, og svo framvegis norður í Eyjafjarðarsýslu; og svo er ráð fyrir gert, að út úr þeirri braut skuli leggja aukabrautir. Þetta má kalla sannarlegt nýmæli! Þetta hefur engum dottið í hug fyr nje síðar og jafnvel ekki þeim mönnum, sem hafa sýnt það bæði í orði og verki, að þeir eigi væru ragir við stórræði og vildu þessu landi vel! (*Ól. Briem*: Krísuvíkurjárnbrautin). Nei! Hin fyrirhugaða Krísuvíkur járnbraut hjerna um árið er hvorki berandi saman við þessa bollalegging, nje hin minnstu meðmæli með þessu frumv., því síðui, sem ekkert varð af henni, þrátt fyrir það þótt Englendingar kæmu með lúkurnar fullar af peningum henni til framkvæmda — enda hættu þeir óðara við allt saman, af því þeir sáu, að það var rammasta »humbug« og vitleysa. — Nú vil jeg spyrja: Á hverju byggir nefndin þetta (ɔ: að gefa fullt vald og leyfi, og svo framvegis)? Svarið er í nefndarálitinu þingskj. 73; þar stendur: »það »er einhuga álit nefndarinnar, að aðal»kjarni frumv. þessa geti, ef hann nú »verður að lögum, haft afarmikla þýð»ingu fyrir land vort«, og svo framv.; en svo stendur: »en góðar og greiðar »samgöngur eru, eins og reynslan sýnir »og allir játa, hinn öflugasti hyrningar»steinn undir velmegun og þrifum hverr»ar þjóðar, sem er!« Það er því þessi almenna setning: »— en góðar og greið»ar samgöngur«, og svo framvegis —, sem nefndin byggir á! Jeg skal játa, að þessi setning er rjett; en svo ályktar nefndin: »járnbrautir heyra til samgöngufæra«! — mikið rjett — og þess vegna er það sjálfsagt, að Ísland leggi fje í járnbrautargerð þá, sem frumvarpið ræðir um, og sem jeg nú taldi! — en þessari ályktun neita jeg algjörlega. Jeg játa, að samgöngur sjeu einn hinn öflugasti hyrningarsteinn undir velmegun hverrar þjóðar, og enn fremur játa jeg, að járnbrautir yfir höfuð heyri undir samgöngur, en jeg neita því, sem ósönnuðu og ósönnu, að það sje gjörlegt eða tilhugsandi, að leggja neina slíka járnbraut hjer á landi, sem frumvarpið fer fram á, eptir því framleiðslustigi, sem landið stendur á, og sem má gjöra ráð fyrir, að það geti staðið á um langan aldur. Röksemdaleiðsla nefndarinnar sannar þetta ekki; hún er rammskökk; því þó að forsendurnar sjeu rjettar, er ályktun nefndarinnar af þeim röng, og slík röksemdaleiðsla eða ályktun álít jeg að sje fullkomlega ósæmandi fyrir löggjafarþing Íslendinga. Því stingur nefndin ekki upp á því, að gera holgöng undir og gegn um Vatnajökul? Það mundi þó óneitanlega líka heyra til samgöngufæra, og geta því heimfærzt undir forsendur nefndarinnar; það væri líklega ekki margt að því, að geta haft makabýtti eða flutt á vixl vatn úr Jökulsá á Breiðamerkursandi og Jökulsá í Axarfirði! —

Almennar hugmyndir, þó þær sjeu rjettar, duga ekki; við verðum því að hugsa okkur, ekki járnbraut »abstrakt«, eins og nefndin gerir, heldur járnbraut »concret«, það er í sambandi við þá »materiellu« krapta, sem við nú höfum, og ástand landsins, eins og það er nú. Það eru hin eðlilegu skilyrði, sem þurfa

að vera fyrir hendi, og ekki mega vanta; í þessu hefur nefndinni svo barnalega og hraparlega skjátlazt, og úr því verður hún að bæta, áður en hún getur vonazt eptir mínu atkvæði með málinu, frekar en jeg hefi þegar gjört með því, að leyfa því til 2. umr., svo að formælendum málsins gæfist þá kostur á, að skýra það sem bezt þeir gætu. Og þó er ekki einu sinni nóg, að fá það sannað, að járnbraut, «concret« skoðað, sje eigi fram yfir hæfi vort Íslendinga, eptir kröptum vorum og ástæðum. — Því jeg vona að háttv. framsögum. (V. G.) sje mjer samdóma í því, að þó einhver samgöngufæri eigi vel við í Ameríku eða á Englandi, þá er ekki þar með sagt, að þau eigi vel við á Íslandi, heldur þarf líka að sanna það, að einmitt þetta fyrirtæki (ɔ: járnbraut!) sje mest arðberandi fyrir okkur, eptir ástæðum okkar og menningarstigi nú! Það er vel hugsanlegt, já, meira að segja liggur opið fyrir, að einhver, jeg eða annar, komi fram og sanni með ljósum rökum, að annað sje enn þá meir arðberandi; og það sem oss, fátækri þjóð, ríður mest á, er auðvitað, að leggja vort fje í þau fyrirtæki, sem mestan arð gefa af sjer, en láta hin, sem oss standa fjær, bíða þangað til, að við höfum náð því þroskastigi, að geta gert oss það eins arðberandi, að minnsta kosti, eins og nokkurt annað fyrirtæki.

Jeg skal taka eitt dæmi. Lægi járnbraut um Flóann þveran, þá ímynda jeg mjer, að h. framsögum. (V. G.) sje mjer samdóma í því, að það gæti verið skemmtilegt, að þjóta þar yfir fen og foræði, — en vill h. framsögum. (Val. Guðm.) gefa mjer ofurlitla áætlun um það, hvað járnbraut þar mundi kosta? og skyldu ekki mýrarnar í Flóanum geta gleypt all-mikið fje? — En þá vil jeg spyrja: »Er það víst, að bændurnir í Flóanum kjósi heldur að horfa á þennan fljúgandi járnfugl, en að þeim sje veitt veruleg hjálp í búskapnum, t. d. með því, að gera sveitirnar grasgefnar«? Jeg skal bæta því við, að jeg veit að merkur útlendur búfræðingur hefir sagt, að hægt væri að taka Ölfusá upp og veita henni yfir allan Flóann, og með því móti gera úr honum afbragðsflæðiengi alveg suður að Eyrarbakka. Mundu bændurnir í Flóanum heldur vilja kjósa sjer járnbraut en svo að segja óþrjótandi gras? Jeg tel það vafalaust, að þeir mundu heldur vilja grasið; það mundi verða þeim langt um arðsamara, því að líklega mætti hafa í þeim sveitum, þegar svo er komið, svo jafnvel þúsundum skipti kýr. Eða, svo við tökum annað dæmi hjer við Faxaflóa: »Er það víst, að sjávarbændurnir hjer vildu heldur járnbraut t. d. til Krísuvíkur, heldur en öfluga hjálp til þess, að koma upp þilskipum, svo að þeir gætu rekið fiskiveiðar á borð við Englendinga og Frakka eða Norðmenn, sem veiða hjer við land ógrynni og svo miljónum króna nemur af síld, þorski og hvölum«? Jeg vil biðja h. framsögum. (V. G.) um, að gjöra svo vel, að láta sjer skiljast, að hann hljóti, hvort sem hann vill eða ekki, að taka tillit til atkvæðis þessara manna, vegna þess, að það eru þeir menn, sem eiga að borga brúsann, borga þessar 3 milj. að sínu leyti.

Hvað er það þá, sem h. meðmælendur þessa máls byggja á? Það eru orð, tómar »abstrakt« hugmyndir, og sýnist þeim ekki, að þær sjeu heldur en ekki ónógur grundvöllur til þess, að reisa á jafn-stórt fyrirtæki, sem hjer ræðir um? Jeg fyrir mitt leyti bíð þess óhræddur, að jeg verði talinn með apturhaldsmönnum eða jafnvel trúlaus á framfarir Íslands, hvort sem mjer verður brigzlað um það hjer í þing-

salnum eða utan þings. Allt er bezt í hófi, og eins er framfara-hugsanirnar; það hefur t. d. opt komið fyrir, að þegar jeg hef flýtt mjer um of, þá hef jeg rasað; menn verða að gæta þess, að það er eins hættulegt, að fara of hart, eins og of hægt!

Hinn sanni framfaramaður ratar meðalhófið og fylgir hinum eðlilegu framförum; en að stökkva svona gífurlegt stökk, og ætla sjer, eins bláfátæk þjóð og vjer erum, að hendast á járnbraut fram á leið til hinna menntuðu og voldugu þjóða, kalla jeg vanhyggju, já, óvita-ráð. Það vakir því ljóst fyrir mjer, að öll járnbrautaruppástunga nefndarinnar er algjörlega í lausu lopti bygð, af því, að hún er svo afarlangt á undan þroskastigi þjóðarinnar og samgönguþörf vorri, eins og hún nú er. Annað mál er það, að þegar oss væri svo og svo mikið farið fram í landbúnaði og fiskiveiðum, að þá væri það hugsanlegt, að vjer einhvern tíma næðum því (menningar- og þroskastigi), að járnbraut samsvaraði samgönguþörf vorri; ef vjer til dæmis hugsuðum oss, að heil hjeruð af landinu væri eins vel ræktuð eins og hin nýju tún kringum Reykjavík á stöku stað, og að vjer hefðum stóran þilskipaveiðaflota og miklar fiski- og hvalaveiðar, þá væri fyrst kominn tími til þess, að hugsa um, að leggja járnbraut á stærra eða minna svæði, þar sem þjett og blómleg bygð væri fyrir. En þó jeg sje viss um að fara í gröfina á undan h. framsögum. (V. G.), eptir náttúrlegum hætti, þá kemur mjer ekki í hug, að ætla honum svo langra lífdaga auðið, að hann lifi þá stund, að eðlileg skilyrði fyrir járnbraut sjeu komin hjer á landi.

Þá er önnur spurning mín: Með hverju á nú að gera allt þetta? (Jeg held mjer til járnbrautarinnar, því hún er þrætueplið). Nefndin segir með fje frá Englandi; nú munu vera nokkuð skiptar skoðanir manna um það, hvort Englendingum muni geta dottið í hug, að leggja fje í slíkt fyrirtæki. Jeg ímynda mjer, að nefndin vilji leiða menn inn á þá skoðun, að Englendingar ætli sjálfir að leggja fram fjeð, annars gæti hún ekki verið að ögra mönnum með því, að vjer megum ekki varpa frá oss þessu glæsilega tilboði. En hvernig stendur þá á því, að vjer skulum þurfa að leggja fram og skuldbinda landssjóðinn til að greiða 100 þús. kr. á ári í 30 ár, sem verður hálf sjötta ($5^1/_2$) milj. með vöxtum og vaxtavöxtum? Þetta þykir mjer nokkuð kynlegt. Ef þetta tillag gæti skoðast eins og vextir af því fje, sem Englendingar leggja fram í okkar þarfir, þó væri það annað mál; en það eru þeir, sem eiga járnbrautina á eptir, og allan arðinn af henni; en nú versnar, því nefndin segir, »að aðalkjarni frumv. sje það«, að Ísland láti lokka sig til að leggja fram 3 milj. Hvar er þá tilboðið Englendinga, fyrst allt stendur og fellur með okkar 3 milj. tillagi? Jeg vil gefa h. framsögum., og þeim þingm. sem flytja þetta mál, það ráð, að fella burt úr frumv. þessar 3 milj., og sjá svo, hvað úr þessu uppspunna veglyndi Englendinga verður. Jeg þori nú að staðhæfa, að þó þingið hefði 3 milj. liggjandi í gulli á þingborðinu, og vildi verja því til einhvers fyrirtækis, til hagsmuna fyrir land vort, þá gæti engum af oss hjer í salnum látið sjer detta það í hug einu sinni, að verja því fje í járnbraut, heldur en önnur fyrirtæki, sem margfalt meiri og margfalt augljósari þörf væri á. Til þess að skýra það betur, hvort það geti verið nokkuð efa- eða álitsmál, hvað sje mest arðberandi fyrir land vort, og hverju því þess vegna sje mest þörf á — þá skal

jeg taka eitt dæmi sem heyrir landbúnaðinum til: Menntaður landi vor, sem býr í Canada, og menntaður maður á Íslandi hafa með brjefaskriptum sýnt það og sannað, hvaða verðhlutfall sje milli hveitiakurs í Canada og grasbletts á Íslandi, reiknað í peningum; og þeim hefur talizt svo til, að □ faðms stærð af hveitiakri gefi af sjer helmingi minna, talið til peninga, en jafnstór túnblettur á Íslandi! Jeg vona, að menn rengi ekki orð mín; annars get jeg vel tilgreint mennina, þeir eru: Þórður verzlunarstjóri Guðjohnsen og mágur hans Hermann Hjálmarsson í Ameríku.

Fyrst jarðvegurinn hjer á landi er nú svo frjósamur, er h. framsögum. þá ekki þeirrar skoðunar, að heppilegra væri, að leggja fje fram til þess núna fyrst um sinn, að auka grasræktina, heldur en sóa því í blindni út í járnbraut? Má vera, að sumum þyki þetta álitamál; en jeg segi: nei! Jeg vil segja meira: að bjóða löggjafarþingi Íslendinga annað eins, eins og það, að leggja hjer á landi járnbraut, eins og nú er ástatt, og hætta til þess fje landsins um 30 ára tíma, er glæfrahugsun og ofdirfska; slíkar uppástungur, sem alls ekki eiga heima á þessu þingi, svo framarlega sem það er þing hugsandi manna, eru það sem menn rjettu nafni ættu að kalla »parlamentarisk Uting«, eða þingleg óhæfa.

Jeg geng, sem sagt, út frá því sem stendur í nefndarálit., að frumv. standi og falli með þessu eina skilyrði: að landið leggi fram 100 þús. kr. á ári í 30 ár; að öðrum kosti er frumv. sjálft dautt og sjálfdautt! svo ekki þarf einu sinni að greiða atkv. um það. Og þó nú hinn h. framsögum. sje að gylla fyrir oss málið með veglyndi Englendinga, og að þeir sjeu svo ríkir, að þeir geti lagt fram svo stórar fjárupphæðir, að vjer getum ekki einu sinni hugsað til að borga vextina af þeim, þá ætti þó alþingi Íslendinga að bera þá virðingu fyrir sjálfu sjer, að það ekki leiddi Englendinga í þá tálsnöru og villuhugsun, að leggja stórfje í fyrirtæki hjer á landi, sem við ekki gætum borgað vexti af, og aldrei gæti borgað sig, af þeirri einföldu ástæðu, að þetta gengur svikum næst. Menn kunna, ef til vill, að segja, að jeg sje nú orðinn á einu máli og hæstv. landsh., en jeg er ekki hræddur við það; jeg segi þetta óhikað, af því jeg er fyllilega sannfærður um, að það sje rjett.

Þá er þriðja spurningin: Hverjir eiga nú að framkvæma þetta, eptir frumv.? Líklega þeir menn, er prentaðir eru í 1. gr. frumv. sem stofnendur þessa fyrirhugaða fjelags, þó það geti naumast verið meiningin að þessir menn leggi til einn eyri, nema þá sá sem efst stendur; en jeg neita því, að þessi maður hafi lofað nokkru fje; jeg sem þingm. á hlut að máli, þegar veitt er fje úr landssjóði Íslands, og ber ábyrgð á því, og jeg neita því, að þessi tilnefndi Englendingur hafi lofað einum einasta eyri, þangað til nefndin getur fært mjer fullgilda lagalega sönnun fyrir því, að svo sje; hjer dugar engin biblíutrú; í málum eins og þessu þarf vissu en ekki trú. Framsögum. ber það fram, að 50 þús. hafi verið lofað til þessa fyrirtækis; en þetta er alls ekki nóg; um samþingismenn mína, sem hafa flutt þetta mál, veit jeg það, að þeir eru alls ekki færir um að leggja fram fje að mun, en um þennan Englending, Wilson, veit jeg ekki neitt; jeg veit ekki einu sinni, hvort hann er til, eða hefur nokkurn tíma verið til. Fyrir því er engin minnsta sönnun, önnur en laus sögusögn eptir utanþingsmanni.

En viti menn! Frumv. á svo sem að leysa þenna hnút. Í 30. gr. stend-

ur: »Skuldabrjefin mega hljóða uppá danska, enska eða annara þjóða peninga — og svo frv.« og seinna stendur, »Svo má fjelagið í slíku veðsetningarskjali veita þeim manni eða mönnum, sem tilteknir eru í skjalinu, öll rjettindi sín, vald, undanþágur, eignir og löggilding, og yfir höfuð allt, sem fjelaginu er veitt með lögum þessum og eigi kemur í bága við þau«. Með þessu eru víðar útgöngudyr slegnar á opna gátt fyrir fjelagið, en eptir þessu er það líka deginum ljósara, að sjáltur Hundtyrkinn getur komizt að, og fengið allt þetta vald og rjettindi, sem frumvarpið veitir; hann er þó maður að vísu skapaður í guðs mynd eins og aðrir menn — en jeg segi fyrir mitt leyti, jeg vil fyrir Íslands hönd ekkert samneyti hafa með Hundtyrkjanum.

Spurningarnar voru þá þessar 3, sem jeg lauslega vildi leysa úr eptir frumv.: Hvað á að gera, — með hverju á að gera það — og hverjir eiga að gera það? En hvað er svarið? Það að að því leyti sem allt ekki hangir í lausu lopti, þá stofnar það landinu og rjettindum landsmanna í voða. Með öðrum orðum — jeg staðhæfi það í fullri alvöru — hjer er farið fram á, að ofurselja landið á alveg ósæmandi hátt; það mætti þó ekki minna vera en að þessi fyrirtæki væri bundin við England, eða einhverja aðra þekkta og ákveðna þjóð, en það er ekki svo vel; setjum ennfremur t. d., að fjelagið færi á hausinn, og að margir hefðu lagt fje í þetta fyrirtæki; hvar á þá að leita skaðabóta? vitaskuld stendur í frumv. að umboðsmaður fjelagsins skuli vera í Rvík og hann megi lögsækja sem rjettan málsaðila fyrir fjelagið; en hafi umboðsmaðurinn ekkert fje, hvernig á þá að fara að? Jeg ímynda mjer, að það yrði enginn hægðarleikur að ná í forkólfa fjelagsins einhvers staðar úti um heim. Það er, sem jeg segi: Þetta frumv. ofurselur hverrar þjóðar manni, er vera skal, landið og landsmenn!

Jeg ætla mjer ekki að fara fleiri orðum um þetta, en jeg þykist hafa bent á aðalatriðin.

En vil jeg taka enn eitt fram. Hverjar frekari afleiðingar hefur það, verði þetta frumv. að lögum? Það skuldbindur landið til þess að borga 3 milj. kr. (á 30 ára tíma). Við þetta rýrast tekjur landssjóðs og kraptur þingsins um 30 ár svo verulega, að ekki er sýnilegt, að því verði hægt að sinna öðrum fyrirtækjum, hve gagnleg sem þau annars væru. Með öðrum orðum: í 30 ár gerir landið ekki annað en búa til járnbrautir! Þá segja flutningsm. »Hjer er ekkert að óttast, ef til vill verður ekkert úr þessu» — en jeg segi: »samt skuldbindur frumv. landið í 30 ár« (til þess að borga 100 þús. kr. á ári), og slík skuldbinding á þeim mun ver við á þessu þingi, sem það alls ekki fjallar neitt um fjárhag landsins.

Svo er það enn varhugavert, að eptir frumv. er heimili fjelagsins ekki á Íslandi; það er hvergi tekið fram, hvar heimili þess eigi að vera, og það er sannarlega hvað eptir öðru, að nefndin skuli ekki, auðsjáanlega með vilja, hafa gert það; reyndar stendur í frv., að skrifstofa fjelagsins og varnarþing skuli vera í Reykjavík, en það er eigi heimili fjelagsins (Forretningssæde), þar sem allar ályktanir eru gerðar; það er hvergi sagt, að heimili fjelagsins skuli vera í landinu sjálfu; væri svo, mætti með sanni segja, að fjelagið væri innlent fjelag; hvað þetta hefir að þýða, hlýtur öllum að vera ljóst; ef til dæmis þarf að lögsækja fjelagið til skaðabóta — því líkega þarf einhverja tryggingu fyrir skaðabótum, ef allt fer á höf-

uðið —! en hvar er svo tryggingin fyrir, að landsmönnum verði unnt að ná rjetti sínum?

Þá er enn, sem ekki hefir minni þýðingu, að í 35. gr. frumv. stendur: »Bókfærslan má vera hvort er vill á íslenzku, dönsku eða ensku máli«. Jeg sje ekki betur en að hjer sje gengið of nærri rjetti hinnar íslenzku tungu; eptir því eiga þeir Íslendingar, sem láta tæla sig til þess að taka skuldabrjef fjelagsins, að skipta við menn á útlendu máli! Það er full ástæða þess, að leggja áherzlu á þetta atriði, enda getum vjer ekki neitað því, að oss þykir mikils um vert gagnvart Danmörku, að standa á rjetti hinnar íslenzku tungu, og því þá ekki eins hjer?

Sem sagt, þetta þrennt legg jeg áherzlu á í þessu máli: Stórkostlegt fjártillag, er bindur landið um 30 ár og veikir krapta þess; að heimili fjelagsins er útlent; og að hjer er gengið of nærri rjetti hinnar íslenzku tungu! Ýmislegt fleira í frumv. er ísjárvert, en jeg ætla mjer ekki að tefja tímann með að fara út í allar hinar einstöku greinar, þó flestar, et ekki allar þeirra sjeu ærið athugaverðar.

Svo er það, enn dýpra skoðað, aðgætandi, að frumv. byggir ekki á þeirri aðalhugsun, að vjer eigum að stjórna oss sjálfir, heldur þeirri hugsun, að Íslendingar eigi að komast upp fyrir hjálp og fje annara þjóða! Þetta er trú, sem frumv. byggir á, en það er röng trú; hin rjetta trú er, að vor innri kraptur, það afl, sem kemur innan að frá oss sjálfum, eigi að koma oss og landi voru upp. Frá þessari uppsprettu eiga allar framfarir þings og þjóðar að koma, en eigi frá gjörræði og yfirgangi útlendra auðmanna!

Þetta frv. fer því ekki í stálfstjórnarstefnuna, heldur þvert á móti alveg í gagnstæða átt; eptir því eigum vjer að fara »frá einni plágunni til annarar«; vjer erum að berjast fyrir því, að losa oss sem mest við hið óheillavænlega samband við Danmörku; en á það þá að eins að verða til þess, að við bindum oss enn þá verr á klafa hjá einhverri annari þjóð, sem er enn verri og ráðríkari en Danir eru? Í því vil jeg engan hlut eiga! Þess vegna tel jeg mjer það alls eigi til gildis, eins og jeg hef tekið fram áðui, að jeg greiði atkvæði móti þessu frumv., og jeg vona, að þeir h. þm., sem fylgja þessu máli, láti eigi mikið yfir sjer, og að þeir sízt af öllu sæki mál þetta af kappi, því jeg er viss um, að hvorutveggja flokknum er þó í rauninni um það hugað, að gera fyrir vort bágstadda land það eitt, sem því er fyrir beztu, það eitt, sem geti gert hinum fátæku börnum þess lífið gleðilegra og hagfeldara. En hvers vegna koma þá þessir menn ekki fram með einhverja uppástungu, sem hugsandi er að fallast á, til dæmis, að landið taki lán, segjum allt að 10 milj. króna, til þess að verja því til þeirra fyrirtækja, sem allir hljóta að verða samdóma um, að yrðu landinu til framfara og viðreisnar í andlegan og líkamlegan máta eða á verklegan og vísindalegan hátt? Með því vildi jeg gladur vera. Hjer er sá stóri munur, að þingið eitt rjeði yfir þessu fje. Jeg vil fullyrða, að þó vjer á þennan hátt byndum landinu stóra byrði á herðar — eptir því sem sumum kynni að sýnast —, þá mundu, svo framarlega sem þetta land á nokkurra framfara og viðreisnar von, vorir afkomendur, næstu kynslóðir, alls ekki geta fundið til að endurborga það fje, sem hefði gjört hina núlifandi kynslóð færa um, að búa í haginn fyrir þá, og þetta er eina ráðið

að minni hyggju til þess, að fá einhverju verulegu til vegar komið landinu til viðreisnar, án þess að leggja þær byrðar á landsmenn, sem þeim, eptir ástandi landsins nú, er um megn að bera; jeg fyrir mitt leyti mundi því, sem sagt, með gleði fylgja þinginu inn á þá leið.

Svo skal jeg ekki orðlengja þetta meira; jeg vona, að öllum sje skiljanlegt, hvað jeg meina, að þó tilgangurinn með þessu frumv. sje góður, þá er það ekki svo lagað, að þingið geti verið þekkt fyrir að sinna því, vegna þess, að það, auk alls annars, sem jeg hefi talið, kemur í bersýnilegasta bága við aðalhlutverk þjóðarinnar, hennar sjálfstjórnarhugsun, þá hugsun, að gefa aldrei nokkurri þjóð svo mikið tangarhald á þessu landi, að það geti eigi ráðið sínum ráðum.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Jeg hef nú hingað til setið og hlýtt á ræður manna í þessu mikla máli. Jeg vildi ógjarnan verða til þess að lengja umræðurnar að mun eða taka upp aptur það, sem einu sinni hefir verið tekið fram; en mjer finnst viðkunnanlegra, að þingm. geri grein fyrir atkv. sínu, þegar um annað eins stórmál er að ræða. Jeg ætla því að reyna að »vinna Torfalögin«, þótt jeg komist varla svo svo langt að »rífa og tæta sundur þessi Torfalög«, eins og gamall þm. komst einu sinni að orði, enda hefir nú h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) tekið af mjer það ómak.

Mjer hefir heyrzt á sumum h. þingdm., að þeir álitu það sjálfsagt að verða taldir apturhaldsmenn, ef þeir gæfu ekki frumv. þessu atkvæði sitt. Jeg læt mig það litlu skipta, og ætti enginn h. þingm. að láta ótta fyrir slíku aptra sjer frá, að brjóta bág við straumiinn, ef honum þykir hann renna í öfuga átt.

Jeg fyrir mitt leyti hef nú aldrei gert mjer neinar sjerlega glæsilegar vonir um árangurinn af því, þótt hjer á landi yrði lagður járnbrautarstúfur. Skilyrðið fyrir því, að járnbraut geti þrifizt, í hvaða landi sem er, er það, að hún hafi nægilegt að flytja, en jeg veit ekki til, að flutningsþörfin sje neinsstaðar á landinu svo mikil, að hún geti gefið járnbrautarlestum nóg að starfa, þannig, að járnbraut geti þrifizt hjer til lengdar. Jeg vil þó ekki segja, sem h. þingm. Strand. (Guðj. G.), að jeg vilji ekki gefa 10 krónur fyrir járnbraut til Árnessýslu, því jeg álít, að hún muni geta gjört gagn eptir mjög langan tíma, en stórfje vil jeg eigi gefa að svo stöddu.

H. framsögum. (V. G.) hefir lýst því næsta fagurlega, hverjum framförum landið mundi taka, ef járnbrautir kæmust hjer á stofn. Mjólkurbú, skrautgarðar og skemmtistaðir mundu rísa upp á hverju strái. (*Guðl. G.*: Og svínastíur!). Já, og svínastíur. (*Jón Þór.*: Enga svínapólitík!). Og afurðir landsins mundu margfaldast. Jeg skal fúslega játa það, að auknar samgöngur auka afurðir landsins; en jeg held eigi, að framfarir yrðu svo fljótar og stórstígar, að þess konar samgöngubætur gætu á nokkurn veg borgað sig á því stigi, sem við nú stöndum á.

H. framsögum. (V. G.) játaði í gær, að kornrækt mundi aldrei borga sig hjer; en þá tjáir ekki að bera land vort saman við akuryrkjulöndin. Jeg álít það að vísu líklegt, sem h. framsögum. byggir svo miklar vonir á, að nautpeningsræktin mundi aukast í Árnessýslu, ef járnbraut kæmist þar á, og enda hvort sem er, þegar akbraut er komin; en hitt tel jeg mjög vafa-

samt, að svínaræktin mundi geta blessast; því aðalskilyrðið fyrir henni er að minni hyggju akuryrkja, og eins og viðurkennt er, mundi hún verða erfið hjer á landi.

Hvað gufuskipaferðirnar snertir, þá hefir það verið talið einna girnilegast við þær, að Íslendingar gætu þá flutt fisk sinn nýjan til Englands, sem mundi borga sig miklu betur en að salta hann. En nú stendur svo á, að nýlega hefir verið stofnað fjelag í Danmörku, sem ætlar einmitt að flytja nýjan fisk frá Íslandi til Englands, og er mjög líklegt, að Íslendingar gætu haft gott af þessum ferðum, sjerstaklega ef þeir vildu nú leggja dálítið til. Skipaferðirnar eru líka eptir því, sem ákveðið er í frumv., óþarflega tíðar fyrst. Slíkt ætti að auka smátt og smátt, eptir því sem flutningsþörfin ykist. Þegar barn er að læra að ganga, þá þarf það að fara hægt og gætilega fyrst, ef það á ekki að verða fyrir slysum; eins er það með þjóðirnar, að þegar þær eru að taka fyrstu sporin á framfarabrautinni, og leitast við að reisa sig við úr langvinnri niðurlægingu, að þær verða að fara sjer hægt fyrst, en geta ekki tekið mjög stór stökk í einu.

Jeg veit að h. framsögum. (V. G.) er fróður maður, og getur því sagt mjer, hvort járnbrautir borga sig alstaðar í öðrum löndum, eða hvort hann þekkir nokkuð til lands, sem járnbrautir borga sig ekki í. Jeg minnist þess, að hjer um daginn stóð í einu af blöðunum hjer í Reykjavík, að það væri járnbraut í Litlu-Asíu, sem borgaði sig ekki, og er þó allt öðruvísi ástatt þar heldur en hjer, að því er auð og frjósemi snertir.

Það er nú með þetta mál svo, að það er að eins einn maður, sem hefir flutt það inn á þingið. Jeg þekki þennan mann lítið, en það sem það er, þá heldur að góðu. Jeg vil ekki sakfella hann að neinu leyti, en mjer þykir undarlegt, — því get jeg ekki neitað —, að þessi maður, sem fyrir nokkuð mörgum árum varð fyrstur manna til þess að leiða fjölda af Íslendingum til Ameríku, og útvegaði þeim nýlendu þar í Nýja-Íslandi, þar sem enn þann dag í dag eru margir Íslendingar búsettir, sem eru illa staddir, einmitt vegna samgönguleysis, — að þessi maður skuli verða fyrstur til þess, að reyna að koma á stofn járnbrautum á Íslandi. Hví byggir hann ekki járnbrautir í Nýja-Íslandi? Skyldi hann vera vonlaus um að þær borgi sig á þeim stað í Ameríku? Eða heldur hann, að þær muni borga sig betur hjer, og hefir hann heyrt, að landssjóðurinn standi sig vel og þingið sje óspart á fjártillögum til samgöngubóta? Sem sagt, jeg skal ekki dæma neitt um þetta; en undarlegt þykir mjer það, og það væri óvarlegt af þinginu að samþykkja annað eins frumv. um löggildingu fjelags, sem það kann mjög lítil deili á, og veit ekki nema það sje eitt fjeglæfrafyrirtækið. Allir munu muna eptir Panamafyrirtækinu. Það blandast engum manni hugur um, að það var mjög mikilvægt og þarflegt fyrirtæki. En hvernig fór það? Jeg ætla mjer ekki að fara að lýsa því, því það mun öllum kunnugt; en það væri sannarlega mjög leitt fyrir hið íslenzka löggjafarþing, ef það stuðlaði að því, að slíkt fyrirtæki kæmist á stofn, og ginnti menn til að leggja fje til þeirrar stofnunar, er lítil eða engin líkindi eru til að fái staðizt. H. framsögum. (V. G.) sagði í gær, að það væri mikill ábyrgðarhluti, sem þm. tæku upp á sig gagnvart þjóðinni með því að greiða atkvæði á móti frumv. Jeg álít, að það sje engu minni ábyrgðarhluti að greiða atkvæði með því.

Jeg skal ekki fara mikið út í hinar einstöku greinar frumv., með því að jeg er því mótfallinn í heild sinni. En þó skal jeg geta þess, að mjer þykir sjerstaklega óviðkunnanlegt þetta gjaldfrelsi, sem fjelagið á að njóta.

Jeg get ekki heldur fellt mig við, að alþingi skuli að eins tiltaka viðkomustaðina, en fjelagið ráði að öðru leyti, hvernig það hagar ferðaáætluninni. Með því móti geta margir staðir að meira eða minna leyti orðið útundan, hvað mikil sem þörfin er, ef fjelagið sjer sjer ekki hag við að koma á þá. Hingað til hefir þó þingið viljað ráða ferðum strandferðaskipanna og heimtað tryggingu fyrir, að ferðaáætlun þeirri, er það setti, væri fylgt. En nú segja menn, að hjer sje engin hætta á ferðum, og hjer þurfi enga tryggingu. Lög þessi eiga að öðlast gildi án þess nokkur vissa sje fyrir, að til fyrirtækisins verði lögð sú upphæð, sem tiltekin er. Og þetta er bygt á voninni einni um stórkostlegar framkvæmdir væntanlegs fjelags, sem þm. mun vera alveg ókunnugt um, eða rjettara sagt: á glæsilegum vonum og gyllingum þessa eina manns. Jeg get ekki sagt annað en að þetta er harla djarft, og mjer finnst þingið ganga út á glæfrabraut, ef það samþykkir frumv. þetta.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Það hafa enn þá komið fram ýms mótmæli gegn frumv., þótt fátt sje nýtt í þeim.

H. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) sagði, að ef akbrautir væru nærri því eins dýrar og járnbrautirnar, þá væri það hin mestu meðmæli með frumv. Jeg get nú ekki sagt neitt um þetta með vissu, en jeg hefi talað um það við mann, sem hefir mjög gott vit í þeim efnum og sem hefir hugsað vandlega um það, og heldur hann að járnbrautirnar mundu ekki verða miklum mun dýrari. En þó nú svo sje, að járnbrautirnar sjeu dýrari, þá verður sá hagur, sem vinnst við það að komast fljótt áfram, aldrei fenginn nema með járnbrautum, og því meiri verður vinningurinn, því fljótar, sem menn komast áfram, því *tíminn* er peningar. Auk þess eru lítil þægindi í því að flytja á akbrautum hjá því sem á járnbrautum. Hann sagði, að sig vantaði trúna á, að járnbrautir gætu borgað sig hjer á landi, sjerstaklega af því, að mannfæðin væri of mikil. Það er auðvitað, að sá verður að vera á móti, sem vantar trúna á fyrirtækið. Því trúna get jeg ekki gefið þeim manni, sem ekki hefir neinn neista af trú, sem hægt væri að glæða hjá honum.

Aptur á móti áleit h. þm. (Þórh. Bj.) skipaferðirnar til Englands hafa svo mikla þýðingu, að fyrir þær væri nærri allt gefandi. Jeg er h. þm. (Þórh. B.) þakklátur fyrir, að hann hefir látið þessa skoðun í ljósi, því að áður hefir verið tekið fram, t. d. af h. 1. þm. Rangv. (S. Á.), að þær væru allt of tíðar. En það er ekki rjett. Það er engin framfara von fyrir það land, sem er umkringt af nokkurskonar kínverskum múr, þar sem hver maður situr heima í sínu heygarðshorni. Það mun sannast, að sjóndeildarhringurinn er allt af takmarkaðri hjá mönnum, sem stöðugt sitja heima, heldur en hjá þeim, sem fer víða og sjer margt. Hann lítur á allt með öðrum augum, þegar hann kemur heim aptur, því hjer kemur gamla máltækið fram: »Heimskt er heima alið barn«.

H. sami þm. (Þórh. B.) kvaðst hafa ótrú á kringferðunum, sem ekki koma frá útlöndum, því að skipin mundu ekki hafa nægilegar vörur til að flytja milli hafna. Það er satt, að afurðir landsins eru of líkar í öllum landsfjórðungum til þess, að það gæfi skipinu nóg

að gjöra að flytja þær einar á milli íslenzkra hafna. En eins og h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) tók fram í gær, þá mundi fjelagið, ef það ætti að geta haldið ferðunum áfram eins og ákveðið er í frumv., hljóta að byggja dokk í Reykjavík, þar sem skip gætu fermt og affermt á mjög stuttum tíma. Það ætti því að vera hægt fyrir menn á öðrum höfnum kringum landið, að fá vörur sínar með milliferðaskipinu gegnum Reykjavík, og þaðan sendar með kringferðaskipinu jafnódýrt og þó að þær væru sendar rakleiðis á staðinn. En eins og nú er, er það ómögulegt. Það er einmitt þetta, að skipaferðirnar eru bundnar við svo langan tíma, sem gjörir, að fjelagið neyðist til að byggja dokk eða bryggju, sem skip gætu legið við í Reykjavík, og það munu allir sjá, hvaða þýðingu það mundi hafa fyrir Reykjavík, og þar af leiðandi allt landið í heild sinni. En væri skipaferðirnar að eins bundnar við örfá ár, þá mundi það autvitað ekki geta svarað kostnaði fyrir fjelagað, að ráðast í annað eins fyrirtæki og að byggja dokk, því það eru ekki litlir peningar, sem til þess ganga.

H. sami þm. (Þórh. B.) kvartaði yfir því, að hann hefði ekki haft tækifæri til að bera sig saman við kjósendur sína, en það kvaðst hann leggja mesta áherzluna á, hvað þeir segðu um málið. Það getur nú verið gott fyrir sig, en í raun og veru finnst mjer þm. ekkert vera bundnir við, hvað kjósendur segja um þetta mál. Það er allt annað, ef þeir lofa fyrir fram að greiða atkvæði svo og svo um eitthvert mál, t. d. á kjörfundinum. En jeg segi sem svo, að ef þingið hefir lítið vit á þessu máli, þá hafa kjósendur það enn þá minna. Jeg segi ekki að svo sje um alla kjósendur; það getur verið einstaka maður, sem hefir sjerstaklega gott vit á þessum efnum. En meginþorri allra kjósenda hefir enga hugmynd um, hvað það er að leggja járnbraut. Vjer erum einmitt kosnir til þess, að hafa vit fyrir kjósendum, en ef oss brestur vit í einhverju, þá erum vjer úr allri sök, ef vjer að eins höfum gjört eins og vjer vissum sannast og rjettast.

Þá kem jeg til h. þm. N.-Þing. (Ben. Sv.). En því miður var allt sem hann sagði, og það var margt og mikið, bersýnilega bygt í lausu lopti. Hann sagði, að engum manni hefði fyr dottið í hug, að byggja járnbrautir á Íslandi; jú, hann kannaðist þó við Krísuvíkurjárnbrautina, sem eitt sinn var hjer fyrirhuguð. En þetta er ekki satt, að engum öðrum hafi dottið það í hug. Það er langt síðan, að Íslendingum í Ameríku hefur dottið þetta í hug, og hafa þeir fjallað um það bæði í ritum og ræðum.

Þeim datt þetta ekki í hug á meðan þeir voru heima, en undir eins og þeir voru farnir að sjá, hve ákaflega mikla þýðingu járnbrautirnar hafa fyrir framfarir landsins í Ameríku, þá hugsuðu þeir sem svo: »Svona ætti það að vera á Íslandi; þá væri öðru vísi að lifa þar en nú er, og þá hefðum við aldrei farið að fara þaðan«.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði líka, að það mætti eins bæta samgöngurnar með því, að grafa »tunnel« í gegn um Vatnajökul. Það er auðvitað, að ef allt ætti að vera sem fullkomnast hjer á landi, þá væri gott að hafa »tunnel« í gegn um Vatnajökul með, og jeg get vel ímyndað mjer, að ef Vatnajökull hefði verið settur einhversstaðar annarsstaðar í veröldinni, þá væri búið að grafa »tunnel« í gegn um hann fyrir löngu síðan. En eins og ástatt er hjá oss, þá á þessi samlíking hjer alls ekki við,

það er að eins ein af fjarstæðum h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) og er í rauninni alls ekki svara verð.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) talaði um, að »það dygði ekki að vera að fálma upp í loptinu«? Það hefði farið betur á því, að þessi orð hefðu komið frá einhverjum öðrum, heldur en h. þm. N.-Þing. (Ben. Sv.). Því það er viðurkennt, að það er ekki heppilegt fyrir þann, sem býr í glerhúsi, að vera að kasta grjóti. Hann kallaði fyrirtækið glæfra-hugmynd og taldi það ofdirfsku, að bjóða löggjafarþingi landsins annað eins.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að þó að við hefðum 3 miljónir króna liggjandi á borðinu fyrir framan okkur, þá mundi engum manni detta í hug, að leggja þær í þetta fyrirtæki. En ef ætti að leggja fje þetta til háskóla, þá mundi h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) fyrstur manna gleypa við því, og taka svo lán svo miljónum króna skipti í tilbót, — það kallar hann ekki ofdirfsku! — Því eptir því, sem dr. Konráð Maurer segir, þá mundi stofnfje háskólans að minnsta kosti þurfa að vera 8—9 milj. króna. Það var hann, sem valdi háskólastofnunar-hugmyndinni einkunnarheitið glæfrafyrirtæki. Það virðist því svo, sem h. þm. N.-Þing. (B. Sveinss.) — líklega í ógáti — hafi fært þetta nafn frá háskólanum yfir á þetta fyrirtæki. Jeg vil því benda á, að ef þetta er glæfralegt, þá er hitt margfalt glæfralegra. (*B. Sv.*: Þm. veit ekki, hvað hann talar!). Jú, því maður verður þó að hafa eitthvað til að gjöra það með. Þetta er eina skilyrðið fyrir því, að háskóli verði nokkurn tíma settur á stofn í landinu, þannig, að ef nokkur meining sje í því. Fyrst þá, þegar vjer með því að bæta samgöngurnar höfum aukið auðlegðina í landinu margfalt, þá fyrst getur hugsazt, að það geti borið háskóla. Vjer verðum þó fyrst að geta lifað.

H. þm. N.-Þing. (Ben. Sv.) sagði enn fremur, að töðuvöllur á Íslandi væri meira arðberandi heldur en hveitiakur í Ameríku, og virðist honum því skynsamlegra, að leggja fje þetta í túnarækt. En þetta verður aldrei fullkomlega gert, fyr en samgöngurnar eru komnar í það horf, að hægt sje að flytja »produktin« jafnóðum á markaðinn. En þetta, sem h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) tók fram, að túnblettur á Íslandi væri meir arðberandi en hveitiakur í Ameríku, er einmitt sterk sönnun fyrir því, að við þurfum að fá járnbrautir. Því ef þær geta borið sig í Ameríku, þar sem nú fólkið er strjálara og landið verra, þá ættu þær sannarlega að geta borið sig miklu betur hjer. En hugsunin er öfug hjá h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) og fleirum, að fyrst eigi að koma upp atvinnuvegunum, og svo, þegar flutnings- og samgönguþörfin heimti það, þá sje tími kominn til þess, að leggja járnbrautir, í staðinn fyrir að það eru járnbrautirnar, sem eru skilyrði fyrir því, að atvinnuvegirnir komist upp og afurðirnar vaxi. Þeir hafa þannig hausavíxl á því og setja árangurinn á undan skilyrðinu.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði enn fremur, að það væri ekki víst, að sömu samgöngufæri passi hjer og í öðrum löndum. Þetta er nokkuð skrítið hjá h. þingm.; það er viðurkennt um allan hinn menntaða heim, að járnbrautirnar eru hið eina samgöngumeðal, sem á allsstaðar við, og jafnvel í gegn um lönd, sem bygð eru af villiþjóðum, ganga járnbrautir. Því skyldu þær þá ekki eins geta átt við hjá oss?

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) fór mörgum orðum um, að betra væri að leggja þetta fje til þess, að hjálpa til þess, að grasið yrði gott í Flóanum, heldur en

að láta þennan »járnfugl«, sem hann svo kallar, fljúga í gegn um hann, og hann sagði enn fremur, að það mætti vel hafa 1000 kýr í Flóanum. Það efast jeg ekki um, að er satt; en meðan við höfum ekki járnbrautir, þá er það óhugsandi, að hafa stór kúabú hjer á landi, því skilyrðin fyrir því eru, að menn geti fljótt selt afurðirnar af þeim. Það er nóg af gráðasmjöri á Íslandi áður og óþarfi að bæta við það. Því ef nú allt smjörið verður að gráða á leiðinni, eða áður en það kemst af stað, og á svo að bíða máske 2 mánuði í Reykjavík áður en það kemst þaðan, þá gef jeg lítið fyrir vöruna þá. En ef við hefðum járnbraut til að flytja á smjörið úr Flóanum, þá mætti telegrafera frá Reykjavík og austur, hve nær skipið fer, og smjörið gæti verið komið til Englands á 6 dögum óskemmt. Kúabú geta fyrst þrifizt í svo stórum stíl, þegar járnbrautir eru við hendina til þess, að flytja jafn-óðum á burt afurðirnar.

En ef menn vilja hafa tún, þá verða menn líka að hafa áburð, en þá verður að kenna mönnum að hætta við þennan eldgamla íslenzka ósið, að brenna áburðinum. Menn verða að hafa skip til þess, að flytja kolin á frá Englandi — það eru fleiri þjóðir en Íslendingar, sem þurfa að sækja kolin til Englands — og járnbrautir til þess, að flytja kolin inn í landið. Þá er áburðurinn óeyddur.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) tók það enn fremur fram, að það væri betra að leggja fje það, sem hjer er farið fram á, til þilskipaveiða, líkt og Norðmenn gjöra. Það er mikið satt, að það getur verið mjög heppilegt, að koma þilskipaveiðunum upp. En getur h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) frætt mig um það, hvort Norðmenn verja ekki eins miklu fje til samgöngubóta eða miklu meiru? Það er fleira, sem frumv. býður, en járnbraut. Það býður líka 18 ferðir á ári til útlanda og þar að auki mjög tíðar strandferðir.

H. þingm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að það ætti að »hrinda framförinni á eðlilegan hátt, en ekki stökkva þessi ógurlegu stökk í járnbrautarlegu tilliti, og hefja sig á sama stig og menntaþjóðirnar«. Þetta er mjög vanhugsað hjá vorum skarpvitra þm. N.-Þing. (B. Sv.). Hvernig var það með hann í fyrra? Hver var það sem stökk þetta »há«--skólastökk! Þá var samt stokkið án þess, að hugsa um, að það gæti komið fyrir, að maður dytti. Því segi jeg eins og jeg sagði áðan, að ef vjer dettum á þessu, þá verður fallið enn hærra, og því þyngra, ef vjer dettum frá þessu háskólastökki. Því hvernig er hægt að stökkva hærra til þess, að ætla að hefja sig á sama menningarstig, sem hinar stærri menntaþjóðir, en að ætla sjer að stofna háskóla, sem einmitt sýnir hið hæsta menntastig?

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði og, að aðal-kjarni frumv. væri, að Íslendingar legðu til 3 miljónir króna. Þetta er ekki rjett, því aðal-kjarni frumv. er, að við fáum ágætar skipaferðir og járnbraut austur að Þjórsá gegn 100,-000 króna afgjaldi á ári.

H. þingm. N.-Þing. (B. Sv.) var svo hræddur við, að eptir 30. gr., þá gæti Hundtyrkinn komizt að, en hann vildi »ekkert hafa með Hundtyrkjann að gjöra«. — Jeg get ekki sjeð neitt á móti því, að leyfa blessuðum Hundtyrkjanum að verja fje sínu til samgöngubóta hjer á Íslandi; mjer er sama hvort sá, sem það gjörir, er kristinn eða Gyðingur. Auk þess held jeg ekki, að það sje svo mikil hætta á því, að Tyrkinn fari til þess arna. Að minnsta kosti bendir hagur soldáns þeirra á allt annað en að þar sje úr miklu að moða.

Sami h. þm. hjelt því fram, að frv. skuldbindi landið að minnsta kosti í 30 ár. Þetta er ekki rjett, því í 42. gr. er það tekið fram, að fjelagið skuli, áður en alþingi kemur saman næst, setja fulla tryggingu fyrir því, að strandferðunum verði haldið áfram næsta fjárhagstímabil.

H. sami þm. (B. Sv.) taldi það enn fremur til, að gengið væri of nærri rjetti íslenzkrar tungu með því að leyfa, að bókfærslan væri á dönsku og ensku. Þá væri sannarlega víða gengið nærri rjetti íslenzkrar tungu, ef þetta ætti að gjöra það. H. þm. er víst kunnugt um, að það er víða siður við verzlanir hjer á landi, að bókfærslan er á dönsku, og hef jeg aldrei enn þá heyrt, að það væri að ganga of nærri rjetti íslenzkrar tungu. En þetta er nauðsynlegt ákvæði, því ef bókfærslan væri eingöngu á íslenzku, þá mundu Englendingar og Danir ekkert botna í henni, en Íslendingar eiga miklu betra með að átta sig á henni, þótt hún sje á dönsku eða ensku.

H. þm. (B. Sv.) ljet sjer einnig þau orð um munn fara, að framfarir landsins ættu að koma innan að frá okkur sjálfum, en ekki með tilstyrk útlendra gjörræðismanna. Hverjir eru þessir útlendu gjörræðismenn? Jeg sje ekki, að þm. hafi leyfi til að brúka annað eins orð; hjer hefir ekkert það komið fram, sem gefi honum rjett til þess. — En, að áhrifin til framfaranna eigi eingöngu að koma innan að frá sjálfum oss, það held jeg ekki sje rjett hugsað hjá h. þm. (B. Sv.). Framfarirnar verða aldrei miklar, ef aldrei koma nein áhrif utan. Líti menn á sögu okkar, munu menn fljótt sjá, að þá hafa framfarirnar verið mestar og landið staðið í mestum blóma, þegar utanferðir hafa verið sem mestar, en landinu æ farið því meira hnignandi, sem þær fóru minnkandi, og hagur þess staðið verst, er þær voru minnstar. Jafnvel bókmenntirnar okkar fornu, sem við erum og megum vera stoltir af, hefðu líklega aldrei orðið til, ef landið hefði aldrei orðið fyrir útlendum áhrifum. Þær eru af útlendri rót runnar, því frækornin, sem þær hafa vaxið upp af, eru inn flutt frá útlöndum. Tökum til dæmis máttarstólpana. Ari fróði lærði í Haukadal hjá Teiti syni Ísleifs biskups, en Sorri Sturluson í Odda. Skólann í Haukadal stofnaði Ísleifur biskup, sem lærði í Herfurðu á Þýzkalandi, en skólann í Odda stofnaði Sæmundur fróði, sem lærði suður á Frakklandi. Undirrótin undir bókmenntum vorum er því einmitt útlend áhrif. Yfir höfuð er skilyrðið fyrir því, að nokkrar verulegar framfarir geti átt sjer stað, það, að einhver áhrif komi utan að.

H. sami þm. (B. Sv.) sagði, að það væri ekki rjett, að binda okkur á klafa annara þjóða, en fjarlægja okkur frá frændþjóðum vorum. — Hjer er alls ekki farið fram á neitt slíkt. Frumv. þetta er ekkert band eða útlendur klafi á okkur. Hefði svo verið, þá hefði jeg aldrei farið að berjast fyrir frv. þessu. Því það er sannfæring mín, og jeg þori vel að láta þá skoðun í ljósi hjer, að Íslendingum væri ekki betra að vera í sambandi við hvaða þjóð sem er aðra heldur en við Dani. Jeg veit ekki, hvort þm. er á sama máli um það atriði, en þó fannst mjer það liggja í orð um hans.

H. þm. (B. Sv.) sagði enn fremur, að það væri sameiginlegur vilji vor allra, að hrinda landinu áfram, þrátt fyrir allan meiningamuninn. Jú, þetta er alveg satt, en munurinn er sá, að við viljum gjöra það í verkinu, en hann vill gjöra það með lagabókstafnum, eða »theoríum« einum, en »materíellu« skilyrðin vantar. En eins og sálin getur

ekki verkað án heilbrigðs líkama, eins eru »materíel« skilyrði fyrir hinu andlega lífi þjóðanna.

H. þm. (B. Sv.) sagði enn fremur: Því ekki að taka svo sem 10 milj. kr. lán; þá skyldi hann vera með. Það er er vit í þessu! Væri það hyggilegra, að fara að byggja járnbrautir sjálfir og hleypa landinu í stórskuldir og vaxtaborganir, sem það gæti ekki risið undir, og eiga svo á hættu, að tapa öllu saman! Væri þetta heppilegra, heldur en að hætta að eins þessum 3 milj. eða ekki svo miklu, og geta svo keypt allt saman, hvenær sem er eptir 15 ár, þegar öll líkindi eru til, að brautirnar verði farnar að borga sig? Það er ráðgjört, að fyrstu árin verði 30,000 krónu tap á járnbrautinni austur að Þjórsá. Hvernig hugsar nú h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sjer, að landið geti risið undir þessu tapi, auk vaxtanna af 10 milj. króna? Það skilur víst enginn nema hann einn.

Það sem h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) sagði um skipaferðirnar, hefir áður verið tekið fram og jeg hef svarað því áður. Hann sagði og, að skilyrðið fyrir því, að járnbraut gæti borgað sig, væri það, að nóg væri til að flytja á henni, og talaði hann í þá átt, að fyrst þyrfti að koma upp atvinnuvegunum og auka afurðirnar, áður en gæti verið að tala um járnbraut. En þessu er þegar svarað og skal jeg því ekki fara lengra út í það. Hann hjelt því fram, að skilyrði fyrir svínarækt væri akuryrkja. Þetta er ekki alls kostar rjett hjá h. þm. (J. J.), því þó að svínaræktin, ef til vill, sje almennust í akuryrkjulöndum, þá veit jeg til þess, til dæmis í Danmörku, þar sem svínaræktin er mikil, þá eru svínin sumstaðar mestmegnis alin á mjólk og borgar sig vel.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) talaði einnig um, að skipaferðirnar milli landa væri allt of tíðar. En þess ber að gæta, að við fáum þessar skipaferðir fyrir svo að segja ekki neitt, og þá get jeg ekki sjeð, hvað hann getur haft á móti því, að þær sjeu tíðar.

Síðustu árin höfum við borgað 43 þúsund krónur fyrir strandferðir, sem eru miklu óhagkvæmari en þær, sem frumv. þetta fer fram á að við gjöldum 50 þúsund krónur fyrir. Þessar 18 ferðir eru því að skoða sem nokkurs konar kaupbæti, enda er jeg viss um, að það mundi verða erfitt að fá strandferðir, jafntíðar og jafnhaganlegar, eins og þær sem frumv. býður, fyrir 50 þúsund krónur. Það er heldur ekki margt á móti því, að geta allt af skroppið til útlanda, þegar maður vill, og þurfa ekki að bíða hjer í Reykjavík mánuðunum saman.

H. þm. (B. Sv.) beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvort jeg þekkti nokkurt land, sem járnbrautir borguðu sig ekki í. Jeg verð að segja það, að jeg þekki mörg dæmi til þess, að járnbrautir hafa ekki borgað sig í fyrstu, en ekkert dæmi til þess, að þær hafi ekki farið að borga sig eptir að búið var að halda uppi lestaferðum á þeim um nokkurn tíma.

H. þm. (B. Sv.) minntist einnig á flugugrein eina, sem kom út í »Ísafold« fyrir nokkru, þar sem stóð, að járnbraut í Litlu-Asíu hefði verið lögð niður af því, að hún hefði ekki borgað sig. Jeg fyrir mitt leyti verð nú að líta svo á, að grein þessi sje alveg í lausu lopti bygð, þótt auðvitað slíkt hafi kunnað að koma fyrir, að járnbraut væri lögð niður, til dæmis ef önnur hagkvæmari braut er lögð við hliðina, eða af annari líkri ástæðu.

H. þm. (B. Sv.) var að tala um fjeglæfra-fyrirtæki og Panama-fyrirtækið, og vildi ekki láta þingið stuðla til þess, að annað slíkt fyrirtæki kæmist á stofn

hjer. Þetta er allt annað mál, enda hef jeg aldrei heyrt löggjafarþingi Frakka ámælt fyrir, að hafa löggilt það fjelag. En ýmsum einstökum mönnum í því hefir verið ámælt fyrir gjörræði þeirra í því, ekki sem þingmenn eða löggjafar, heldur sem prívatmenn og meðlimir stjórnarinnar.

H. þm. (B. Sv.) gat ekki fellt sig við gjaldfrelsi það, sem frumv. fer fram á að veita fjelaginu. En jeg get fullvissað h. þm. (B. Sv.) um það, að þessi tilslökun er mjög almenn í öðrum löndum, til dæmis í Danmörku. Síðast í fyrra voru samþykkt í Danmörku lög, sem nokkuð svipaðar undanþágur eru veittar í, og hafa þau náð staðfestingu á þessu ári.

Hann (B. Sv.) tók það einnig fram, að hann kynni betur við, að þingið rjeði strandferðaáætluninni, eins og það hefir gjört að undanförnu. Jeg get ekki skilið, að þingið hafi það »forretningstalent«, að því sje ekki óhætt, að láta alvana forretningsmenn um það, því það þarf »forretningsmæssig« reynslu til þess að geta vitað, hvar þörfin er mest í hvert skipti, bæði hvað vöru- og mannflutninga snertir, enda er það fjelagsins eigin hagur, að hafa ferðirnar sem haganlegastar.

H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) tók það og fram, að engin trygging væri fyrir því, að strandferðunum yrði haldið áfram. Jeg veit sannarlega ekki, hvernig h. þm. fer að lesa. Það stendur með berum orðum í 43. gr. 2. b., 2. málsgrein, að áður en næsta alþingi kemur saman, á fjelagið að hafa sett þá tryggingu, sem landsstjórnin álítur nægilega fyrir því, að strandferðunum verði haldið áfram næsta fjárhagstímabil.

Held jeg svo, að jeg hafi svarað því helzta, er frumv. hefir verið fundið til

forátttu, og finn jeg því ekki ástæðu til að mæla fleirum orðum að sinni.

Björn Sigfússon: H. framsögum. (V. G.) sagði í gær, er hann var að leitast við að hrekja orð mín, að við járnbrautina mundu menn fá atvinnu árið um kring, en eins og nú stæði væri ekki slíku að fagna. Þetta skil jeg ekki, og lýsir það allmiklum ókunnugleik á atvinnuvegum og vinnukröptum landsins, ef h. framsögum. (V. G.) ætlar, að landsmenn muni ekki hafa atvinnu nema um hásumartímann. Jeg hef miklu fremur að undanförnu heyrt kvartað yfir, að það vantaði fólk til að vinna, en vinnu handa fólkinu. Jeg veit ekki betur en að til sveita sje hægt að fá nóga atvinnu á vetrum við fjárgeymslu og ýmsa aðdrætti, og við sjóinn við fiskiveiðar. Eða hvers vegna bjóða sjávarbændur útróðrarmönnum hátt vetrarkaup? Er það ekki góð sönnun fyrir því, að þá vantar vinnukrapt, og að hjer er ekkert atvinnuleysi fyrir hendi? En hinu gæti jeg bezt trúað, að atvinna við járnbrautalagning mundi verða afarstopul hjer á landi. Eða vill h. framsögum. (V. G.) reyna að telja oss trú um, að hjer muni vera hægt að starfa að járnbrautavinnu um hávetur, enda þótt í sveitum sje, hvað þá upp á háfjöllum? Þetta er ekki til neins. Vjer erum ekki svo fáfróðir, að vjer vitum ekki, að þetta er ómögulegt. Það er ekki einu sinni hægt að starfa að járnbrautalagning víða í Ameríku á vetrum, þar sem loptslag þó er mildara en hjer. Hann sagði líka, að af því að járnbrautir væru lagðar um óbygðir í Ameríku, vitanlega af því, að menn treystu því, að þær mundu borga sig, þá hlyti líka að borga sig, að leggja járnbraut um strjálbygðina hjer á landi. Þetta er býsna veil ályktun; h. framsögum. (V. G.) gætir þess ekki, að allt öðru

vísi hagar til í Ameríku en hjer; hann gætir þess ekki, að í Ameríku er strax, þegar búið er að byggja járnbraut, farið að rækta hið óræktaða land fram með brautunum og gjöra það að ökrum, en hann hefur sjálfur játað það, að hjer mundi það ekki borga sig, að leggja stund á akuryrkju; auk þess getum vjer ekki búizt við, að hingað renni stórkostlegur mannflutningastraumur inn í landið, eins og inn í Ameríku, til að rækta upp landið. Þótt ekki yrði annað í veginum fyrir því, að land ræktaðist bráðlega upp fram með járnbraut hjá oss, þá mundi fólksfæðin ein hamla því.

Jeg hef að eins bent á þessi atriði, til að sýna, hve veilar sumar af þeim ástæðum eru, sem meðhaldsmenn frv. hafa kastað fram. Þeir hafa ýmist talað svo ókunnuglega, að ætla hefði mátt að útlendingar væru að ræða málið, eða þeir hafa komizt í þann hita, að þeir hafa farið út í öfgar, já, svo miklar öfgar, að jeg er viss um, að þeir sjá þær sjálfir, þegar af þeim rennur berserksgangurinn.

H. framsögum. (V. G.) fullyrti í gær, að engin hætta væri að samþykkja frumv. þetta, því að þjóðin hefði heimtað samgöngubætur, og mundi taka fegins hendi við því. En þótt þjóðin hafi heimtað samgöngubætur, þá hefur hún ekki heimtað járnbrautir; nei, alls ekki; jeg hygg að hún muni hafa harla litla trú á þeim enn sem komið er. Það getur verið, að meðmælendum frumv. takist að telja henni trú um það hjer á eptir, að járnbrautir sjeu þær einu rjettu og hagfeldu samgöngubætur, en jeg má óhætt fullyrða, að enn er það ekki þjóðvilji hjer á landi að kosta ærnu fje til þeirra. Þá skal jeg minnast á það sem h. þm. Borgf. (Þórh. B.) og fleiri hafa talað um, að viðhaldskostnaður vagnvega mundi verða afarmikill. Þetta er sjálfsagt rjett; en halda menn virkilega, að viðhaldskostnaður járnbrauta muni verða minni? (*V. G.*: Já). H. framsögum. (V. G.) segir já, en jeg held að hann játi nú því, sem hann veit ekkert um. Hvernig hugsar h. þm. (V. G.) sjer undirlagið undir járnbrautina? Hann hugsar sjer máske að hafa það sementssteypu, og þá er líklegt að það yrði allendingargott, en hætt er við að það mundi verða nokkuð dýrt, hætt við, að járnbrautin hans mundi fara að verða dýrari en á hefur verið ætlað, með slíku undirlagi. Í Ameríku er undirlagið undir járnbrautirnar venjulega að eins upphækkað með mold; þetta getur vel dugað þar, því að hvorki eru rigningar þar miklar, og vatnsagi og leysingar verka þar minna á jarðveginn en hjer. Hjer getum vjer ekki búizt við, að moldarundirlag mundi standast árinu lengur; það mundi allt leysast sundur í vatnaganginum hjer í leysingum á vetrum og vorum, og viðhaldskostnaðurinn mundi vafalaust verða enn meiri en á akvegunum.

Vjer þurfum sannarlega að fara hjer varlega í sakirnar. Jeg skal minna á það, að í fyrra var allur þorri þingmanna samdóma um, að akvegir þeir, sem þá var samþykkt að leggja hjer á landi, væru hinir beztu og haganlegustu vegir fyrir landið; skal jeg þar sjerstaklega skírskota til h. þm. Dal. (J. P.), hvort svo hafi ekki verið. Í fyrra voru akbrautir álitnar hinir rjettu þjóðvegir hjer á landi, en í ár er vikið frá þeirri skoðun; nú eru járnbrautirnar orðnar það. Jeg get vel ímyndað mjer, að að ári hafi menn komizt að þeirri niðurstöðu, að það sjeu hvorki akvegir nje járnbrautir, heldur loptvegir. Vjer vitum, að loptsiglingar eru allt af að verða fullkomnari og fullkomnari, og því sízt fyrir að synja, að innan skamms þyki það sá eini rjetti veg-

ur til að ferðast á, að svífa áfram um loptið í loptbátum. Það er því vert að hugsa sig vel um, áður en vjer ráðum það af, að fara að efna til járnbrautagjörðar.

Jeg hef að vísu margt fleira að segja um málið, en mjer sýnist ekki fært að eyða hjeðan af meiri tíma en minnst má verða til þess.

Það lítur helzt út fyrir, að þetta eina mál ætli að kyrkja flest önnur mál á þinginu, og mjer virðist að þau ætli að lenda í óheppilegu járnbrautarslysi.

Jens Pálsson: Jeg hefi ekki tekið til máls síðan öndverðlega við 1. umr. þessa máls. Síðan hafa mörg ummæli fallið í minn garð, og má heimfæra til mín hið fornkveðna, að: »Víða koma Hallgerði bitlingar«. Jeg hafði einu sinni hugsað mjer að fara orðum um allar aðalmótbárur gegn frumv. og í þeim tilgangi skrifað upp hjá mjer heila örk af ummælum andmælenda um málið. En nú hef jeg ásett mjer, að stryka megnið af þessu út, og mælir margt með því, t. d. tímaskortur, og þó sjerstaklega það, að málið er of stórt og gott til þess að láta það lenda mjög í orðahnippingum. Jeg hef því kosið að ganga þann veg, að minnast að eins á nokkrar af þeim mótbárum, sem eigi hefur enn verið fullsvarað; má þó h. framsögum. (V. G.) eiga það, að hann hefur haldið uppi ágætri vörn fyrir málinu og fullhrakið meginástæður andvígismanna. H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) tók það fram sem mótbáru gegn frumv., að útlendingar sem fje legðu fram til fyrirtækisins gætu ekki kynnt sjer fólksfjölda og vörumagn hjeraða þeirra, sem brautin ætti að liggja um, og að þeir yrðu því að renna alveg blint í sjóinn. Þessi ástæða er ekki sterk, þegar þess er gætt, að 3 af stofnendum fjelagsins eru alinnlendir menn, og að þeir munu fúsir að gefa ókunnugum útlendingum allar þær upplýsingar, sem þeir geta. Sama h. þm. (Guðl. G.) fórust einnig svo orð að strandferðirnar hafi farizt fyrir vegna trúgirni þingsins í fyrra, og að vert sje að gjalda varhuga við, að ekki fari eins nú. Jeg geng ekki inn á, að þessi rökleiðsla sje rjett. Vjer getum heldur sagt, að af því að þingið sýndi ekki tortryggni í fyrra, þá var strandsiglingamálið rætt rækilega, og varð töluvert ljósara en áður, og þóttt strandferðirnar færust fyrir í þetta sinn fyrir einstaklegt atvik, þá hefur það þó hafzt upp úr trúgirni þingsins, sem svo er kölluð, að nú liggur fyrir mögulegleiki til strandferða á næsta ári, sem annars hefði ekki verið. H. 1. þm. Eyf. (J. J.) talaði snilldarlega, eins og honum er lagið, fyrir áliti minni hlutans; hann talaði hlý orð í garð þessa máls, og gat þess, að sjer hefði fallið þungt að geta ekki orðið nefndinni samferða, en að hann hefði svo sterka trú á framförum þessara tíma, að hann byggist við, að eptir 30 ár mundu verða komin önnur hentugri flutningafæri en nú væru. En jeg verð að segja það, að jeg er ekki svo sterktrúaður á þær framfarir, að jeg geti búizt við, að gufuafl og rafmagn verði horfið úr sögunni á næstu 30 árum, og annað hreifingarmagn komið í þess stað. En þótt farið yrði að nota steinolíu, í stað kola, til að knýja áfram með, og tómt rafmagn til að knýja fram gufuvagna með, þá er sú breyting varla meiri en svo, að hægt mundi verða að koma henni við á skipum fjelagsins og vögnum, og jeg get ekki verið svo stórhuga að ætla, að oss muni ekki þykja viðunandi að nota gufuskip og gufuvagna eða rafmagnsvagna um næstu 30 ár. Jeg get því ekki gjört mjög mikið úr þeirri mótbáru, að hættulegt sje að samþykkja frumv. fyrir þá sök, að þau flutningafæri, sem það gjörir ráð fyrir, muni

reynast allsendis ófullnægjandi eða úrelt, á þeim tíma, sem frumv. gjörir ráð fyrir að vjer eigum að nota þau.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) hjelt snjalla ræðu og glögga fyrir breyt.till. sinni, svo sem hans var von og vísa, og sýndi með henni, að hann skildi vel, að járnbraut getur komið hjer að alveg ófyrirsjáanlegu gagni, ef hún kemst á, og komið til leiðar ófyrirsegjanlegum framförum í atvinnuvegum landsins. Að vísu var ræða h. þm. (Guðj. G.) í nokkurri mótsögn við ræðu hans við 1. umr., en jeg sleppi að fara langt út í það. Það er svo skiljanlegt, að menn þurfi nokkurn tíma til að átta sig á slíku stórmáli sem þessu. En þótt mjög margt væri mikilsvert, rjett og satt hjá h. þm. (Guðj. G.), og þótt jeg játi það, að það mundi hafa ósegjanlega þýðingu fyrir oss, að fá járnbraut norður á Akureyri, og þótt jeg mundi verða manna seinastur til að mótmæla því, ef fjárhagur vor að eins leyfði það, þá var þó ýmislegt, sem hann bygði á, ekki alls kostar rjett. Þegar hann var að telja til, hve margir gætu notað brautina, þá taldi hann til fleiri sýslur en eiginlega geta haft hennar not. Fyrst og fremst taldi hann til alveg rjettilega Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu, með samtals 18000 íbúum. Þá taldi hann einnig Strandasýslu, Dalasýslu og Þingeyjarsýslu, sem alls samtals hafa á 9. þúsund manns. Hvort þessar sýslur mundu geta talizt verulegir og beinir notendur væntanlegrar brautar frá Akranesi eða Hvalfirði til Akureyrar, getur ekki verið álitamál, þar sem sú braut mundi alls ekki liggja um þessar sýslur, heldur langa leið frá Þingeyjar og Dala sýslum, en kynni að eins að snerta Strandasýslu við Hrútafjörð.

Enn fremur taldi þm. Strand. (Guðj. G.) svo til, að Snæfellsness, Barðastrandar og Ísafjarðar sýslur með samtals 11000 íbúum mundu hafa veruleg not þessarar norðvesturbrautar. En slíkt nær engri átt. Það er meiri fjarstæða en að telja Borgarfjarðar, Mýra, og Skaptafells sýslur sem njótendur og notendur suðausturbrautarinnar, og hefur víst engum komið slíkt til hugar.

Á þennan hátt fjekk hann út 40,000 manna, sem hefðu not af brautinni, en eptir mínum reikningi verða það að eins 18,000 manns, sem bein not hefðu af henni, og 8,400 einhver lítils háttar óbein afnot. Aptur á móti taldi hann svo til, að af braut þeirri, sem gjört er ráð fyrir í frumv., hefðu að eins 10,000 mannns bein not. En það er ekki rjett, því að þar sem hann taldi Akureyri og Eyjafjarðarsýslu með í reikningi sínum, er hann var að telja til, hvað margir hefðu gagn af norðvesturbrautinni, þá verður hann líka að gefa eptir, að vjer teljum með Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu, þegar vjer erum að telja, hverjir not hafi af suðausturbrautinni; en þá verða það miklu fleiri en 10,000, sem brautina geta notað. Í Rangárvallasýslu og Árnessýslu eru til samans á 11. þúsund manns, og í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu um 11 þúsund, eða samtals á tuttugasta og annað þúsund, og allir þessir menn eiga að geta haft gagn af brautinni. En þegar vjer lítum á kortið, sjáum vjer, að suðausturbrautin mun vart verða meira en $^1/_4$, að minnsta kosti ekki meira en $^1/_3$ hluti á lengd í samanburði við norðvesturbrautina. Þar af leiðandi verða það miklu fleiri að tiltölu, sem geta notað hina væntanlegu braut austur á bóginn, en þeir sem geta notað brautina norður. Jeg játa það að vísu, að brautin norður hefir þann kost fram yfir brautina austur, að hún ætti að geta

frelsað Norðurland frá nokkrum af hinum hörmulegu afleiðingum hafíssins. En þar sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að austursýslurnar væru betur staddar, að því er samgöngur snerti, en hinar sýslurnar, þá mun það hafa verið af ókunnugleika talað. Að vísu hefir töluvert verið gjört til að bæta samgöngur í þessum sýslum á síðari árum, og ráðgjört að gjöra enn meira. En af hverju mun það hafa komið? Af hverju öðru en því, að samgöngur hafa verið þar erfiðari en víðast annarstaðar á landinu; þar eru stór vötn og ill yfirferðar, þar á meðal alltorfær ferjuvötn, vegalengd til kauptúna víða mikil, en mjög hæpið um hafnir og brimasamt fyrir landi, og þótt dálítið kunni að mega ljetta undir flutninga austur með skipaflutningum, þá er þó á óvísan að róa með þá. Jeg skal út af breyt.till. h. þm. Strand. (Guðj. G.) geta þess, að ef þessi járnbrautartilraun á hinum líklegasta stað á landinu borgar sig, þá skal ekki skorta mitt atkvæði fyrir því, að fje sje lagt fram til járnbrautar norður á Akureyri svo fljótt sem föng eru á. En á meðan vjer vitum ekki, hvernig járnbrautin muni borga sig á þessum líklegasta stað, þá sýnist mjer hættulegt að leggja út í aðra járnbrautargjörð 3—4-falt tilkostnaðarmeiri; slíkt gæti orðið járnbrautamáli voru til hins mesta hnekkis. Fyrir því verð jeg að leggja á móti breyt.till. h. þm. Strand. (Guðj. G.); jeg þori ekki að fylgja því með atkvæði mínu, að út í svo stórt fyrirtæki sje lagt að svo stöddu.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) talaði um, að hann bæri ekki svo mikinn kvíðboga fyrir að aðalforgöngumaður málsins, herra Sigtryggur Jónasson, mundi hætta að vinna fyrir það, þótt það dagaði uppi á þessu þingi. Jeg vona líka að hann muni ekki gefast upp, ef hann sjer að því er vel tekið í báðum deildum, en ef það verður fellt hjer á þingi, þá er í rauninni sjálfsagt fyrir hann að hætta að fást við það. Það er annars hægðarleikur að gjöra miklar kröfur til annara, og jeg veit ekki, hvort það er sanngjörn krafa til manns, sem offrað hefir nærri heilu ári fyrir mál þetta, að segja við hann: »Legðu annað árið eða meira í sölurnar fyrir það, og legðu fram fje þitt og krapta«. Jeg sagði að þetta væri miður sanngjörn krafa, en það getur líka verið að það sje krafa, sem honum er eigi unnt að uppfylla; vjer verðum að gæta þess, að hann er kvæntur maður, og hefir heimili fyrir að sjá erlendis, og hver segir að hann sje svo efnum búinn, að hann geti svo árum skiptir látið það vera að vinna fyrir heimili sínu? En þótt jeg ekki þurfi að bera kvíðboga fyrir því, að áhugi hans á málinu dofnaði eða afskipti hans af því minnkuðu, þá get jeg borið kvíðboga fyrir því, að áhuginn dofnaði annarstaðar, og að af fleiri ástæðum geti staðið hætta af því að fresta því. Þegar jeg set mjer fyrir sjónir þann gráa viðskiptakappleik, sem peningaöflin heyja nú á dögum í heiminum, þá get jeg vel ætlað, að í þessum leik verði einhver sendur fram á völlinn til þess að spilla fyrir málinu. Það er kunnugt að ein af hinum voldugustu þjóðum heimsins sækist eptir hinum ráðvöndu og ötulu Íslendingum til að byggja lönd sín; jeg þori að fara með þetta hjer, þar sem það hefir komið fram í ræðum á þinginu og í blöðum. Það væri vel hugsanlegt, að stjórnendur og þingmenn í Canada liti ekki hýru auga til þessara framfaratilrauna, því að með vaknandi framfarahug og blómgun atvinnuveganna má segja, að slagbrandur sje settur fyrir útfarir frá Íslandi. Það má og vel vera, að það sje hálf-ömurlegt fyrir

aðra fleiri, t. d. hið volduga fjelag, er nú rekur hingað og hjer við land gufuskipaferðir, að frumv. þetta fái framgang. Því tel jeg ráðlegra, að vinda fremur bráðan bug að því að samþykkja það, en að láta það dragast lengi.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) þótti það galli á frumv., að landstjórnin skyldi ekki eiga að samþykkja aukalög fjelagsins, en sá galli er ekki mjög háskalegur, því að í 29. gr. frumv. stendur: »Þó mega slík aukalög ekki koma í bága við þessi lög, nje önnur gildandi landslög«. Landstjórnin getur eptir þessu haft ekki svo litla hönd í bagga með samningu aukalaganna; hún getur undir eins gripið í taumana, ef eitthvað er sett í þau, sem stríðir gegn gildandi lögum.

Þá þótti h. 1. þm. Árn. (Tr G.) það ákvæði hættulegt, að eitt atkvæði ætti að greiða fyrir hvern hlut í fjelaginu. Þetta er vert að athuga nokkuð betur. Setjum svo, að stofnfje fjelagsins sje 6 miljónir kr., og hugsum oss að 10 menn í útlöndum eigi 5 miljónir af því, en að 6. miljónina eigi 10 útlendir menn og 300 Íslendingar. Ef nú þessir menn, sem flesta eiga hlutina í fjelaginu, eigi gætu notið fulls atkvæðisrjettar, en yrðu að beygja sig undir atkvæðamagn hinna, sem miklu minna ættu í því, þá gæti svo farið, að þeir sem minnst ættu í fjelaginu, og et til vill hefðu líka minnst vit á fjelagsmálum, gætu ráðið fullnaðarúrslitum; en slíkt gæti orðið til að steypa fjelaginu, bæði af því að þeir yrðu miður varkárir í ákvörðunum sínum, þar sem þeir ættu tiltölulega lítið í hættu, og þar sem búast má við, að þeir verði miður glöggskygnir en hinir um hag fjelagsins, og eins má búast við að auðmennirnir reyndu að draga fje sitt út úr fjelaginu, er þeir sæju, að þeir væru ofurliða bornir, og binda ætti sig við ógeðfeldar ákvarðanir. Það er bæði eðlilegt og algengt, að þeir sem mest leggja í hættuna fái líka mestu um að ráða. Þá kom og fram bending frá h. þm. (Tr. G) um, að eigi skyldi nota Ölfusárbrúna undir brautina. En af því að svo var sagt, er hún var bygð, að hún væri svo sterk, að hana mætti nota fyrir járnbrautarbrú — og það rengi jeg ekki — þá get jeg ekki sjeð, hví ekki skuli mega leggja aðalþjóðbraut um hana, en aðalþjóðbrautina tel jeg járnbrautina vera, þegar hún er komin á.

H. 1. þm. Húnv. (Björn Sigf.) hefir tvisvar talað í máli þessu, og í bæði skiptin gjört mjer þá æru að nefna mig. Hann sagði að járnbraut mundi ekki geta borið sig hjer um langan aldur; en jeg verð að segja það, að jeg álít það enga gilda sönnun, þótt h. þm. (Björn Sigf.) finnist eitt eða annað, eða hann ímyndi sjer það.

H. þm. (B. S.) hafði það eptir mjer, að við brautarlagninguna mundi fást næg atvinna fyrir fjölda manns; en hann sagði að þessa gjörðist ekki þörf, því að hjer væri nóga atvinnu að hafa handa tvöfalt eða þrefalt fleira fólki en nú er hjer í landi. En mjer þætti gaman að sjá hvort h. þm. (B. S.), gengi greitt að útvega viðunandi atvinnu þótt ekki væri nema 70,000 manns í viðbót við það sem nú er.

Hann sagði, að fólk hjer vantaði ekki atvinnu, en jeg get fullvissað h. þm. (B. S.) um, að þetta er ekki fullkomlega rjett mælt hjá honum. Jeg skal nefna þá, sem fiskveiðar stunda hjer um svæði, þá vantar nógu langa og nógu góða atvinnu þá tíma, sem lítil fiskivon er hjá þeim; reyndar skal jeg játa, að það stafar með fram af því, hve samgöngur eru ófullkomnar og óhagkvæmar hjá oss. Það er ekki arðsöm atvinna, að fara austur í sveit, og

fá þar 5—6 vikna vinnu gegn lágu kaupi um hásláttinn, en verða svo að hverfa heim seinni hluta sláttar, ef óþurkar koma. Þetta fólk gæti fengið atvinnu miklu lengur fram eptir haustinu og fyrri að vorinu. Jeg veit, að menn fara opt óráðnir í kaupavinnu og lenda í hrakningum og atvinnuskorti. Þannig fóru margir til Austfjarða í vor. Og af hverju lögðu þeir út í þessa óvissu? Af því að þeir höfðu ekkert að starfa heima, og ekki vissu um atvinnu annarsstaðar. Jeg benti líka á, að eigi svo fáir muni fá fasta atvinnu við járnbrautina; það er sjálfsagt ekki of djúpt tekið í árinni, þótt jeg gjöri ráð fyrir einum 50 manns; og það er ekki vert að slá hendinni gegn slíkri atvinnu. Jeg hef rekið mig á það, að foreldrar, sem hafa efni og vilja á að koma börnum áfram, hafa kvartað undan, að þeir væru í vandræðum með þau, því að hjer væru svo fáar og ljelegar atvinnugreinir, og svo torvelt að koma þeim í bærilega stöðu. Af þessum ástæðum munu ekki svo fáir hafa farið til Ameríku. En við það, að atvinnan aukist í landinu og atvinnuvegirnir gerist fjölbreyttari, mun það sannast, að brottfararhugurinn mun rjena og menn taka að sitja fastara hjer í landi.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) var samdóma h. þm. Húnv. (B. S.) um það, að vegurinn undan járnbrautinni mundi verða einskisvirði, ef hætt yrði að nota hana. Þetta er sprottið af misskilningi; það lítur út fyrir, að það sje sprottið af því, að þeir hugsi sjer, að járnbrautin muni verða lögð fram með þjóðveginum, og því sje ekki gagn af tveim vegum hvorum hjá öðrum; en það er síður en víst, að svo verði; hitt er líklegra, að þessir tveir vegir liggi alllangt hvor frá öðrum, og jeg vil spyrja, hvort ýmsir mundu ekki vilja gefa nokkuð fyrir, að fá góðan veg til dæmis austur Dyraveg eða þar í nánd og austur í Árnessýslu?

H. þm. Húnv. (B. Sigf.) minnti mig á það, að jeg hefði haldið fram akvegum á þingi í fyrra og þótt þeir þá hinir beztu vegir. Jeg skrifa ekki undir, að þetta sje rjett; það var alls ekki mín skoðun, að akvegir væru hið bezta vegfyrirkomulag hjer á landi, en það var mín sannfæring, að vegalögin í fyrra bygðust á rjettara grundvelli en hin eldri vegalög, og að þar væri um verulega bót að ræða frá því sem áður var. En hitt var mjer þá þegar full-ljóst, að járnbrautirnar væru og ættu að vera hinir »internationellu« þjóðvegir í heiminum, og hinir beztu eins fyrir oss og aðrar þjóðir. Hvað snertir viðhaldið á akvegum og járnbrautum, þá er ekki fyrir oss að dæma um það, en líklegast mun þó niðurstaðan verða sú, ef vel er rannsakað, að viðhaldið á járnbrautunum muni verða tiltölulega ódýrara en á akvegunum; að minnsta kosti hallast jeg að þeirri skoðun.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) minntist á járnbrautarslys, og var hræddur um, að ef slíkt slys kæmi fyrir þegar í öndverðu, gæti það riðið fyrirtækinu að fullu, og heft það, að byrjað yrði að svo stöddu á nýjum járnbrautarferðum. Þetta má heimfæra upp á hvert einasta nýmæli, og álykti menn jafnan sem svo, þá mundi niðurstaðan verða, að aldrei yrði byrjað á nokkurri nýjung. Jeg fyrir mitt leyti er nú ekki hræddur við þetta járnbrautarslys, sem hann talaði um, en jeg er hræddur við annað járnbrautarslys; jeg er hræddur um, að ef mál þetta verður fellt hjer á þingi, þá muni það verða þröskuldur í vegi fyrir því, að járnbrautarmálið fái framgang hjer á landi nú í bráð, og teldi jeg það hraparlegt járnbrautarslys.

H. þm. Borgf. (Þórh. B.) kvaðst ekki

leggja svo mikla áherzlu á þessar þúsundir, sem talið hefði verið að gagn mundu hafa af brautinni, því að margir af þeim mönnum byggju í grennd við sjó, og að sjávarflutningar væru eða gætu verið allhægir fyrir þeim. En auk þess, sem það eru mjög margir, er svo búa langt frá sjó á þessu svæði, að erfitt er fyrir þá að nota sjóinn til flutninga, þá mundi brautin geta komið að góðu liði einmitt ýmsum af þeim sem við sjó búa. Ef brautin lægi austur eptir miðjum Flóanum, þá mundi engin frágangssök verða, að flytja á henni nýjan, frosinn eða ísaðan fisk úr veiðistöðvunum austan fjalls, af Stokkseyri, Eyrarbakka og Loptstaðasandi, og senda til Reykjavíkur, þar sem jeg býst við, að mundi verða aðalútflutningsstöð á nýjum fiski. Á hinn bóginn er ekki að tala um stöðuga flutninga á sjó þar eystra sakir brims og hafnleysu.

Ýmislegt af því, sem h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, var töluvert athugavert; honum þótti meðal annars mál þetta koma svo óundirbúið inn á þing, að ekki væri eiginlega hægt að gefa því neinn gaum; jeg aptur á móti álít, að það sje svo vel undir búið, sem vjer höfum rjett á að heimta og þörf á til þess að geta rætt það. En jeg vil leyfa mjer að minna h. þm. (B. Sv.) á, að hann hefir sjálfur komið með mál inn á þing, sem ekki var ákaflega mikið undir búið, sízt meira en þetta, og átti það þó að kosta landssjóð stórfje; jeg á við ullarverksmiðjuna hans sælu. Þar komu ekki neinar kostnaðaráætlanir fram, og þótti honum það mál þó fullkomlega takandi til greina af þinginu. Hann talaði líka um, að mótmæli hæstv. landsh. gegn frumv. hefðu ekki verið hrakin. Jeg skil ekki, hvað h. þm. (B. Sv.) er hjer að fara. Jeg verð að skilja ræðu hæstv. landsh. við 1. umr. sem glöggar og góðar athugasemdir og bendingar, sem voru svo góðar og gildar, að nefndin fann sjer skylt að taka þær allar til greina. (*B. Sv.:* En umboðið?). Viðvíkjandi umboðinu frá Wilson er það að segja, að því hefir verið svarað áður, en ef það svar þykir ekki fullnægjandi, þá er sá kostur fyrir hendi, að taka nafn hans út af frumv. og fá einhvern góðkunnan Íslending í staðinn, og kæmi breyt.till. fram, sem fer fram á það, skal jeg gjarnan aðhyllast hana. Þó skal jeg geta þess, að bæði liggur fyrir brjef og áætlun frá Wilson, er sýnir, að hann er í verki með, og hefir starfað að þessu máli. Ef frv. væri illa úr garði gjört af hálfu nefndarinnar, já, ef það væri verulega gallað, eða í nokkru atriði hættulegt landinu, þá er jeg viss um, að hæstv. landsh. hefði bent á það; en nú hefir hann ekki gert það, og eru því tilvitnanir til orða hans gripnar úr lausu lopti.

H. þm. (B. Sv.) kvað engum hafa dottið í hug að leggja járnbraut á Íslandi fyr en nú; en jeg skal geta þess, að jeg hef átt tal við menn fyr en nú, sem fyllilega hefir dottið í hug, að það væri gjörlegt.

H. þm. (B. Sv.) viðurkenndi, að góðar og greiðar samgöngur væru hyrningarsteinninn undir blómgun þjóðarinnar. Það var mikilsverð viðurkenning; en hið versta var, að öll ræða hans snerist á móti þessari viðurkenning; hann vildi láta atvinnuvegina batna fyrst, vildi, að framleiðslumagnið yxi og afurðirnar næðu því magni og margföldun, að á járnbrautum yrði nauðsyn, og svo áttu samgöngubæturnar að koma á eptir, þá fyrst átti að vera kominn tími til að leggja hjer járnbrautir; með öðrum orðum: hann ætlaðist til að húsið væri bygt fyrst og hyrningarsteinninn lagður síðast. Jeg skal fullvissa h. þm. (B. Sv.) um, að með allri virðingu fyrir skarpleik hans og mælsku, þá tel

jeg honum ekki duga að koma fram með slíka fullyrðing eða kröfu; sú kenning er nú úrelt, útdauð og horfin.

H. þm. (B. Sv.) talaði um, að framfarirnar ættu að koma innan að en ekki utan að, og til þess að Íslendingar björguðu sjer sjálfir, vildi hann jafnvel fallast á, að landið tæki 10 milj. krónu lán. Jeg get sagt svo mikið, að jeg er ekki svo vogaður, að jeg vilji nú þegar ráðast í að taka lán svo miljónum skiptir til framfarafyrirtækja vorra; vjer Íslendingar erum ekki svo miklir »forretnings«-menn, að oss sje trúandi fyrir að standa straum af fyrirtæki slíku, sem frumv. fer fram á, svo að það færi ekki í handaskolum hjá oss, og ef vjer beitumst sjálfir fyrir slíku, þá eigum vjer allt á hættunni, ef það misheppnast. Jeg held það mætti segja um oss, ef vjer færum upp á eigin spýtur að brjótast í slíku stórræði:

»Þeir ætla sjer að eignast skip,
þótt enginn kunni að sigla«.

Ef nú ætti að fara að leggja út í það, að láta landið taka stórlán, þá gæti verið, að jeg yrði einn í þeirra hóp, sem færi að tala um glæfrafyrirtæki.

Einmitt það sem styrkir mína trú á því, að þetta fyrirtæki geti borið sig, er það, að jeg hef vitnisburð þess manns, sem mest hefir látið sjer annt um þetta mál, fyrir því, að þeir menn, sem lofað hafa 50,000 pd. sterl. eða því nær miljón króna til fyrirtækisins, eru einmitt menn, sem hafa mjög gott vit á þessum hlutum, það eru menn, sem bæði hafa fengizt við skipaútgerð og járnbrautalagning; hefði ekki verið um slíkt að ræða, þá hefði mín trú á fyrirtækinu verið veikari en hún nú er, því að jeg er þess fullviss, að menn þessir hefðu ekki lofað stórfje, ef þeim hefði sýnzt það mjög glæfralegt. Það fellur líka alveg burt sú tilgáta, að frumv. þetta geti verið agn fyrir útlendinga, þegar vjer gætum þess, að þessir menn hafa spekúlerað í sams konar fyrirtækjum bæði í sínu landi og annarsstaðar. Þeir hafa líka ákvarðað sig fyrirfram til að sinna þessu fyrirtæki og ekki hefir þetta frumv. getað haft áhrif á þá ákvörðun.

Jeg skal ekki lengja umræðurnar með því að taka upp það, sem jeg sagði við 1. umr. En það segi jeg, að hafi nokkurt mál verðskuldað að heita stórmál, að því er snertir samgöngur vorar og atvinnu, þá er það þetta mál, og frá mínu sjónarmiði og ýmsra annara er ekki heldur annað mál en þetta, ef það fær framgang, heilavænlegra til að mynda nýjan rekspöl til betra ástands í landinu og til að skapa nýja og betri tíma fyrir oss; þess vegna vona jeg, að enginn h. þm. vilji hindra málið á leið sinni, nema hann finni í meðvitund sinni svo sterkar ástæður gegn því, að hann geti ekki sigrað þær. Vjer verðum að gæta þess, að þótt trúin á gagnsemi fyrirtækis þessa kunni að vera ærið missterk, þá er það ærinn ábyrgðarhluti fyrir alla þá, sem ekki eru sannfærðir um, að það sje beinlínis skaðlegt, að hindra framgang þess; um hina er ekki að tala; þeir finna að minnsta kosti ekki í bráð og geta ekki fundið til þeirrar ábyrgðar, sem þeir baka sjer með því, að verða þröskuldar í vegi málsins; sannfæring þeirra býður þeim að verða það, og hún verður að vera í sínum rjetti, við hversu ógild rök sem hún kann að styðjast.

Sighvatur Árnason: Jeg hef áður lýst yfir skoðun minni á þessu máli, svo jeg skal ekki að þessu sinni lengja umræðurnar með því, að fara mikið út í málið sjálft; það er búið að ræða það nóg. En það var ræða h. þingm.

Strand. (Guðj. G.) í gær, sem gefur mjer tilefni til þess, að tala nokkur orð.

Jeg get ekki glatt h. þm. með því, að jeg muni gefa breyt.till. hans atkvæði mitt, því jeg álít að hún spilli talsvert frumv. eins og það liggur fyrir og mundi gjöra það óaðgengilegt og fæla stofnendurna alveg frá fyrirtækinu í bráð og lengd.

Í annan stað fannst mjer, að dæmið sem hann tók, þegar hann var að bera saman hjeruðin fyrir norðan við hjeruðin austan fjalls, nefnilega Árness- og Rangárvallasýslu, vera mjög óheppilegt og geta ekki verið breyt.till. hans til meðmæla.

Áður en h. þm. Strand. (Guðj. G.) fer lengra út í þennan samanburð, vil jeg ráða honum til að bera nákvæmlega saman umsetningu Eyrarbakkaverzlunar, sem Árnesingar og Rangæingar reka mestpart, saman við umsetningu verzlana þeirra, sem honum liggja næst, og þá mundi hann finna út, hvar horaða bikkjan ætti bezt við, sem hann var svo títt-talaður á í gær. Jeg skal bæta þeirri athugasemd við, að jeg verð fyrir hönd þessara sýslufjelaga austanfjalls, að mótmæla slíku dæmi h. þingm. Strand. (Guðj. G.), sem mjög ótilhlýðilegu.

Jeg hefði ef til vill getað fellt mig við aðra breyt.till. ef h. þm. Strand. (Guðj. G.) hefði viljað koma með hana. Það væri sem sje sú tillaga, að fyrst hann vill ekki láta leggja járnbrautina austur á bóginn, að hann þá legði til, að hún væri lögð upp að námunum hjá Hreðavatni; þar mætti afla nægra kola handa gufuvögnunum og gufuskipunum, þegar það allt væri komið í gang.

Mjer þótti nokkuð undarlegu bregða fyrir, þegar jeg sá breyt.till. h. þingm. Strand. (Guðj. Guðl.) í samanburði við ræðu hans í gærdag. Hann vill nú gefa miljónir króna fyrir járnbraut á Íslandi, en í gær áleit hann hana ekki 10 króna virði.

Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar, en að endingu taka það fram, að jeg mun ekki verða á móti frumv. þessu til 2. umr., en jeg læt ósagt um það, hvað jeg mun gjöra á síðasta stigi málsins.

Benedikt Sveinsson: Jeg tala mjög nauðugur í þessu ónytjumáli í annað skipti. Jeg ætlaði alls ekki að tala nokkurt orð framar, en h. þm. Vestm. (V. G.) neyðir mig til þess, að taka til máls. Jeg skal þá fyrst gjöra þá almennu athugasemd við ræðu hans yfir höfuð, að hann var furðu sniðugur í ræðu sinni, að snúa öllu við, enda þurfti hann þess við til þess, að geta þó svarað einhverju í ræðu minni, heldur en engu, þótt það ekki ætti við það, sem jeg sagði eða meinti. H. þm. Vestm. (V. G.) viðhafði þá heppilegu aðferð fyrir hann, að hann sneri orðum mínum við eins og hann vildi hafa þau, og svaraði þeim svo. H. þingm. Vestm. (Val. G.) talaði um gagnsemi járnbrautarinnar og vitnaði til vitnisburðar Íslendinga í Ameríku því til stuðnings og hversu þeir væru lukkulegir með sínar járnbrautir. En þetta kemur alls ekki í bága við það sem jeg hafði sagt. Jeg sagði að það væri heimska einber, að ætla sjer að leggja dýra járnbraut á ákveðnum stað, þar sem ekki væri fyrir hendi nokkur flutningaþörf, sem samsvaraði því kapitali, sem gengi til að byggja, viðhalda henni, og láta hana ganga. Þetta er allt öðru vísi ástatt með í Ameríku. Auðmenn þar »spekúlera« að vísu í því, að byggja járnbrautir í óbygðum hjeruðum. En vegna hvers? Það er af því, að þeir hafa nóg »kapital« til þess að byggja, ekki að eins járnbrautir,

heldur og til þess, að leiða þangað nægan mannfjölda til þess, að setjast þar að og rækta landið með fram járnbrautunum, svo að þar verði þjettar bygðir og bæir komi á stuttum tíma. Þetta vantar nú á Íslandi. Þess vegna verðum við að bíða þangað til framleiðslu-ástandið er komið í betra horf. Það er því ekki nema blöðlaus hugmynd, sem memn hafa kallað hjer á þingi, að ímynda sjer járnbrautir þar, sem ekkert er til að flytja, og enginn vinnukraptur er til þess, að framleiða og koma landinu í nauðsynlega ræktun. Jeg neita því alls ekki að sá tími geti komið, að Íslendingar leggi hjá sjer járnbraut, og að hún geti staðizt, en menn verða nú að gjöra fyrir því sem er, og haga sjer eptir því framfarastigi, sem landið er á. En vegna þess að þetta er ekki haft fyrir augum í frv. þessu, hafa margir h. þm. og það með góðum og gildum ástæðum leyft sjer að kalla það blátt áfram »humbug«.

H. framsögum. (V. G.) sagði, að jeg byggi í glerhúsi. Jeg skal ekki þræta um það við hann, en þá vil jeg ráða h. þm. að kasta ekki steinum að því, svo það brotni, því að þá gæti svo hæglega farið, að eitthvert brotið úr því hrykki í augun á honum, en það mundi koma honum bagalega, því að sannarlega má hann ekkert missa af þeirri litlu sjón, sem hann hefur, að minnsta kosti ekki í þessu máli. H. frams. (V. G.) verður að gæta að því, að öðru leyti, að jeg hef kastað og velt fleirum steinum með eigin höndum heldur en hann.

Þá kem jeg að háskólabrigzlinu. Jeg get þess eigi til, að h. framsögum. (V. G.) hafi haft í huga, að bera mig brigzlum, eða gjöra tilraun til þess, að gjöra mig hlægilegan í augum annara, heldur hafi hann nú sagt þetta í hreinum vandræðum, og af því hann skorti allar röksemdir, sem við áttu. Mjer datt í hug, þegar jeg heyrði þetta, gamall málsháttur: fáir bregða hinu betra, ef þeir vita hið verra. Látum það þá vera svo, að h. þingm. Vestm. (V. G.) hafi ekki annað verra til að brigzla mjer um en háskólamálið.

Jeg skal með leyfi hins h. forseta svara þessu, þó það sje nokkuð út í hött, að fara að tala um háskólann í sambandi við þetta mál.

Jeg hjelt að h. þm. Vestm. (V. G.) hefði ekki tekið þann þátt í því máli, að það sæti á honum, að fara að gjöra sig gildan af því. Jeg veit það, að einhver Dr. Valtýr Guðmundsson tók þann þátt í eða var jafnvel forgöngumaður að fundarhaldi, sem kringum 20 menntamenn í Kaupmannahöfn hjeldu um þetta mál ekki alls fyrir löngu. En hvort sem Valtýr þessi Guðmundsson á nokkuð skylt við þingm. Vestm., þá var hann þó einn af þessum 20 mönnum, sem gerðu þá ályktun, þvert ofan í ályktun alþingis um stofnun háskóla, að hann skyldi ekki komast á fót, og þessir 20 menn af eitthvað um 70 Íslendingum í Kaupmannahöfn setja svo þessa ályktun í dönsk blöð; en þetta kalla jeg að smána alþingi Íslendinga. En að öðru leyti tel jeg þessa ályktun frá hálfu hinna heiðruðu menntamanna gjörsamlega þýðingarlausa og markleysu eina, nema til þess, að gjöra sjálfa sig mjög svo hlægilega. Slíkt hefði maður annars átt að ætla Íslendingum í Kaupmannahöfn, að ganga í berhögg við það sem þing og þjóð hjer á landi vill samhuga fá framgengt.

Jeg mótmæli því annars í nafni kjósenda minna, og í nafni þjóðarinnar yfir höfuð, að þingmenn hafi í raun og veru nokkra siðferðislega eða þinglega heimild til þess, að sitja hjer dag eptir dag og eyða tímanum frá öðrum gagnlegum

þjóðmálum með stælum og þjarki um þetta mál, sem fyrir allra skynsamra manna sjónum er rammasta »humbug« og vitleysa.

Jeg vona, að sá komi tíminn, að h. þm. Vestm. (V. G.) sjái það svart á hvítu, að orð hans um háskólamálið — sem að öðru leyti er þessu »humbugs«-máli hans alveg óviðkomandi — verði alls ekki metin að neinu af nokkrum manni, og ekki einu sinni af hinni auðvirðilegustu kerlingu á Íslandi. Það getur verið mikið rjett að segja, að heimskt sje heima alið barn, en það er líka til annar málsháttur, sem segir, að »hollur sje heimafenginn baggi«. Það getur verið gott að fara til annara landa til þess að nema eitthvað gagnlegt, en það er líka slæmt að fara til útlanda til þess, að gleyma föðurlandinu, rjetti þess, þörfum og sóma. Ef Íslendingar hafa ekki rjett til þess, að dýrka sínar bókmenntir og sína tungu á sínu eigin landi, þá veit jeg ekki til hvers þeir hafa rjett. Það væri kann ske til þess, að ráðast í álíka fíflafyrirtæki og þetta frumv. er?

H. þm. Vestm. (V. G.) hjelt því fram að kúnum í Ölfusinu og Flóanum gæti ekki fjölgað nema járnbraut kæmi þangað. Heldur h. þm. Vestm. (V. G.) að kýrnar geti ekki fæðzt, baulað og bitið gras, þó engin járnbraut komi þar? Snorri Sturluson hafði 100 kýr og þó var engin járnbraut hjer á landi þá. Á Reynistað voru til forna 117 og á á Hólum 87 nautgripir. Þetta má lesa í fornum skjölum, sem h. þingm. hefur gott af að kynna sjer. Jeg get fullvissað h. þm. Vestm. (V. G.) um það, að þó að svo 100 járnbrautir lægju í gegn um Reynistaðarland, þá sprytti engin kýr út úr neinni þeirra, eða þeim öllum til samans. Það er bezt fyrir hinn háttv. þingm. að fara með jörðunni, en ekki upp í loptinu. Þó jeg játi, að járnbrautir sje samgöngufæri þeirra þjóða, sem geta notað sjer þær, þá eru þær samt óhafandi hjer á landi enn sem komið er, af því, að oss vantar til þeirra hluta bæði mannafla og fjárafla, eða yfir höfuð samgönguþörf, sem geti samsvarað þeim. Að þetta geti með tímanum orðið öðru vísi, þegar þjóðinni er vaxinn betur fiskur um hrygg, er annað mál; því neita jeg alls ekki. — En nú getur ekki verið að tala um það, sem getur orðið með tímanum, heldur verður að haga sjer eptir því, sem nú á sjer stað.

H. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að jeg hugsaði ekkert um framför þjóðarinnar í því verklega. Jeg skil ekki, hvernig þingmaðurinn getur látið sjer fara slík orð um munn. Jeg hefi of opt til þess lagt áherzlu á að bæta atvinnuvegi landsins, miklu optar en sjálfur hann. Jeg vil bæta atvinnuvegina bæði til lands og sjávar, en einmitt fyrir þær sakir verð jeg að vera mótfallinn þeim samgöngutærum, sem kraptar landsins geta ekki borið.

Jeg er samdóma h. þm. Vestm. (V. G.) um það, að járnbrautir eru eðlilegri þjóðvegir fyrir þá, sem þurfa þeirra með og geta borið þær. Jeg skil því ekki, hvernig þingmaðurinn getur verið að stagast á því, að jeg sje á móti járnbrautum yfir höfuð, þar sem jeg hef tekið þetta svo ljóslega fram, að hvort barnið getur skilið það.

H. þm. Vestm. (V. G.) mælti ennfremur á móti því, sem jeg áður hafði tekið fram, að kraptur þjóðarinnar til þess að bæta landið og hrinda þjóðinni áfram ætti að koma innan að frá henni sjálfri, og tók sem dæmi upp á að sú setning væri skökk, að fornfræði Íslendinga væri komin til þeirra frá útlendum þjóðum. Það er engin skynsamleg hugsun í svona setningu; það hlýtur h. framsögum. (V. G.) að sjá

sjálfur, og mig furðar á því að hann skuli bjóða oss slíka vöru hjer í þingsalnum. Hver mundi neita því að íslenzk tunga hafi flutzt inn í þetta land frá Noregi með landnámsmönnum? Íslendingar lærðu í Noregi það mál sem þar var talað og kallað var dönsk tunga, en sá er munurinn að nú er hún gleymd þar, en geymd hjá oss. Hvað kemur nú þetta við því, sem jeg sagði? Þessi meinloka hjá h. þm. hlýtur að hafa komið af því, að hann hefir misskilið orð mín, því jeg vil ekki gjöra ráð fyrir að hann komi viljandi með svona lagaða röksemdaleiðslu, sem ósamboðin er hugsandi manni.

Að endingu skal jeg geta þess, að jeg held, að því meira sem rætt er um þetta mál, þess meiri minnkun verði það fyrir löggjafarþingið. Þetta þing, sem sjerstaklega er kallað saman til þess, að ræða stjórnarskipunarmál landsins, ætti sízt að láta sjer það verða, að eyða miklum hluta af tíma sínum til að karpa um mál, sem í raun rjettri er alls ekki umtalsvert, en láta önnur áríðandi þjóðmál hlutlaus.

Einar Jónsson: H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) áleit þetta mál heimskulegt og ekki umtalsvert. Það eru nokkuð hörð orð, og jeg álít að með því að viðhafa þau, þá sje gengið of nærri þeim h. þm., sem flytja þetta mál. Jeg fyrir mitt leyti álít það ekki svo mikla heimsku, þó talað sje um járnbrautir hjer á landi. Jeg álít málið miklu fremur þess vert, að um það sje talað með alvöru. Annað mál er það, hvort frumv. er svo úr garði gjört, að það sje rjett að samþykkja það eins og það liggur fyrir. Það geta verið þeir gallar á því, að ekki sje ráðlegt að samþykkja það nú. Jeg er máske þessu hlynntur af því, að jeg álít að þær ástæður sem færðar hafa verið fyrir því, að járnbraut geti þrifizt á því svæði sem talað er um, hafi ekki verið glögglega hraktar enn, eins og heldur mun ekki hægt að svo komnu máli, en tel vísar ómetanlegar framfarir af því, ef járnbrautir gætu komizt hjer á. Aptur á móti vil jeg helzt, að þingið leggi ekki út í að samþykkja svo mikla útgjaldaupphæð, sem hin fyrirhugaða járnbraut hefir í för með sjer fyrir landssjóð, fyr en það er reikningslega sýnt, að líkindi eru til, að járnbrautin borgi sig nokkurn veginn, því að annars væri afarmiklu fje til einskis eytt. Auk þess er þess að gæta, að þetta er aukaþing, sem ekki á að fjalla um fjármál landsins, og heyrir því málið auðsjáanlega fremur undir reglulegt þing, sem hefir fjármál með höndum og getur því betur borið um, hvort rjett muni að ráðast í, að leggja fram hið mikla fje, sem hjer ræðir um. Jeg fyrir mitt leyti vildi helzt að málið yrði rætt í báðum deildum þingsins, svo flytjendur þess sjái, hvaða mótbárum það helzt mætir, og geta þeir þá tekið þær til greina. Komi það nú í ljós, að þingið sje í raun og veru málinu hlynnt, og helzta mótbáran sje að eins sú, að málið sje of lítið undirbúið, þá er flytjendum málsins innan handar að koma með það betur undirbúið til næsta þings. En þoli þeir ekki slíkar mótbárur og hætti eingöngu fyrir það, að heimtaður er betri undirbúningur, þá er þeim málið víst ekki fast í hendi, og þá líklega lítill skaði orðinn, þó að frumv. gangi eigi fram á þessu þingi.

Jeg gjöri heldur ekki ráð fyrir að fjelagið fælist það, þó að svo mikið tillag úr landssjóði, sem hjer er farið fram á, sje bundið nokkuð ströngum skilyrðum. Það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, og jeg vil fyrir mitt leyti ekki leggja mikið fje fram úr landssjóði, nema vel sje um búið, að eitt-

hvað samsvarandi komi í aðra hönd. Jeg vil gjarnan leyfa þessu fjelagi að framkvæma það sem það óskar hjer, og jafnvel veita því mikinn fjárstyrk úr landssjóði, en þó því að eins, að jeg geti haft einhverja skynsamlega ímyndun um, að ágóðinn samsvari tillaginu og að jafnframt sje svo um búið, að ekki sje hægt að ná tillaginu nema skilyrðin sjeu uppfyllt, það er að segja, að fjelagið geti eigi haldið þeim störfunum, sem mestur er hagurinn að, en sleppt þeim, sem kostnaðarmest eru, og samt sem áður náð mestu eða öllu tillaginu úr landssjóði. En í þessu efni þykir mjer ekki nægilega vel um búið í frumv.

Aðhaldið, sem fjelagið hefir til að uppfylla lög þessi, er nú fólgið í því, að því er járnbrautina snertir, 1., að ef það hefir ekki gjört neitt til þess að framkvæma þau störf, sem um er að ræða, í 3 ár, þá eiga lögin að falla úr gildi, 2., að ef það gjörir ekkert að járnbrautinni í 5 ár, missir það 15 ára einkarjett til járnbrautarinnar, og 3., að ef fjelagið hefir eigi lagt járnbraut austur að Þjórsá að 7 árum liðnum, þá hefir það fyrirgjört öllum rjettindum sínum.

Að því er skipaferðirnar snertir, þá er það aðhald fyrir fjelagið, að tiltekin er stærð skipanna og tala ferðanna, og styrkurinn bundinn við það, að skipin sjeu hentug. Þetta mætti ætla að væri næg trygging, en þá má og athuga það, hvort fjelaginu gæti ekki tekizt, ef það vildi, að fara kringum þessi lög. Mjer virðist að fjelagið gæti fengið útborgaðar 50 þús. kr. sem styrk til gufuskipanna í 2 ár, án þess að hafa gjört neitt til þess að koma járnbrautinni fram. Í annað stað getur fjelagið hætt við alla járnbrautarlagningu þegar brautin er komin austur í Árnessýslu, ef því þætti þá sýnt, að brautirnar borguðu sig ekki og þannig sleppt alveg að leggja brautina norður, en tekið þó allt tillagið bæði til brautarinnar og skipanna. *(Valtýr Guðm.:* Breytingartillaga). Jeg hefi hvergi fundið þau ákvæði, sem sjeu því til hindrunar að fjelagið geti ekki hætt við járnbrautina, en haldið áfram skipaferðum. Í þriðja lagði getur fjelagið, þó það sje búið að leggja járnbrautina, hætt að nota þá braut, ef því þætti of mikill skaði að henni, en haldið eptir skipastyrknum; en af skipaferðunum hefir það eflaust mikinn hag. Mjer finnst því ekki nægilegt samband sett milli styrksins til járnbrautanna og gufuskipaferðanna. Skilyrðin fyrir styrknum ættu að vera vel tengd saman, svo að fjelagið geti eigi sleppt brautunum, en haldið skipaferðunum, ef því litist svo.

Það hefir verið tekið fram, að fjelagið ætti að græða á skipaferðunum og vinna upp með því það sem það tapaði á járnbrautinni, þannig að það ynni sig upp á öllu tímabilinu. Þess vegna verður að vera svo um hnútana búið, að fjelagið geti ekki sleppt því, sem er kostnaðarsamt, en haldið því sem mestur gróðinn er að.

Það er enn eitt atriði, sem jeg vildi minnast á. Það er ráðgjört í 11. gr., að fjelagið megi nota brýr, sem lagðar hafa verið fyrir landssjóðsfje, en þá hefði jeg kunnað bezt við, að fjelagið hefði verið skyldað til þess að leyfa landsmönnum að nota þær brýr, sem það lætur byggja, að svo miklu leyti sem það væri fjelaginu skaðlaust.

Eitt sem er enn að athuga er það, hvernig menn muni geta greitt flutningseyri fyrir það sem þeir fá flutt á járnbrautinni; það er gjört ráð fyrir því í 7. gr., að fargjaldið skuli borgast í peningum. Jeg er nú hræddur um, eins og nú er ástatt með peningaráð

manna, að erfitt mundi verða fyrir menn að greiða það. Jeg álít það ekki óheppilegt, að skylda fjelagið til þess að taka fleira en peninga. Jeg hygg því að gott væri að verzlun stæði í sambandi við það, svo það gæti tekið fleira en peninga. Það mun vera álitið að járnbrautin muni að minnsta kosti gefa af sjer 50,000 kr.; en það mundi verða býsna erfitt fyrir þá sem hjer eiga hlut að máli, að borga svo mikla upphæð í peningum einum, og þyrfti því að athuga það atriði.

Jeg mun greiða atkvæði með frumv. þessu til 3. umr., og með einstökum greinum þess, þó að mjer falli þær ekki allar, í þeirri von, að það geti enn tekið bótum, því að jeg vil ekki að frumv. falli, að minnsta kosti ekki fyr en það hefir verið vel íhugað af þinginu.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg skal ekki vera langorður í þetta skipti. Í gær tók jeg fram það, sem jeg þurfti, viðvíkjandi breyt.till. minni, og hef þar engu við að bæta, en jeg þarf að eins að svara fáum orðum þeim athugasemdum, sem hafa verið gjörðar við hana.

Það er þá fyrst h. framsögum. nefndarinnar (V. G.) og h. þm. Dal. (J. P.). Þeir sögðu báðir, að jeg hefði ekki tekið fólkstöluna rjetta. Jeg skal ekki bera á móti því, að þeir kunna að hafa nokkuð fyrir sjer í þessu. En einmitt eptir þeirri skýrslu, sem h. þm. Dal. (J. P.) sjálfur gaf í dag, þá var engin ástæða til að fara að fetta fingur út í mína áætlun. Þær voru svo líkar, að það þarf ekki að hafa munað öðru en því, að jeg hafi gleymt nokkrum niðursetum í sýslunum.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) og h. framsögum. (V. G.) töluðu um túnræktina. Það er langt frá mjer, að vilja niðra eða gjöra lítið úr kostum Árnes- og Rangárvallasýslu, en að þær skari svo mjög fram úr öllum öðrum sýslum landsins, því get jeg ómögulega verið samdóma, og svo finnst mjer, að það ætti einhversstaðar að sjást á útkomunni. Hinn h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) lýsti nákvæmlega hinum ýmsu kostum Árnessýslu og taldi henni þannig margt til gildis, en einn kost nefndi hann, þ. e. skógana, sem jeg get ekki fundið samrímanlega við túnræktina. Í mínum augum gefa skógarnir Árnessýslu mikið gildi, en í augum h. framsögum. (V. G.) og annara, sem byggja sínar miklu og fögru vonir á takmarkalausri túnrækt, mælir þessi kostur ekki mikið fram með Árnessýslu, sem þeirri, er á að geta borið allan landslýð, því að rækta tún upp úr skógum er meiri kostnaður en svo, að hann verði borgaður með afrakstrinum.

H. framsögum. (V. G.) talaði mikið um túnræktina og taldi henni mikið til gildis; en eins og jeg áður hefi tekið fram, þá álít jeg, að eintóm túnrækt geti ekki borgað sig þar. Jeg verð líka að segja h. framsögum. (V. G.) það, að jeg hefi meiri reynslu í því efni en hann. Jeg skal líka geta þess, að í öðrum löndum, þar sem er miklu meiri grasvöxtur en hjer, þar er kornrækt miklu tíðari og algengari en töðurækt, sízt að hún sje höfð eingöngu til fóðurs, því taðan er dýrari en korn eða að minnsta kosti eins dýr, og þykir auk þess allt of kraptmikið fóður til þess að brúka það einverðungi, en þar sem kornrækt er stunduð, þar er hálmurinn og fræhúsin brúkuð töðunni til drýginda, eins og vjer brúkum útheyið, og með því móti getur töðuræktin borgað sig mjög vel, en ekki með því að hafa ekkert ljettara fóður með henni, og því síður með því, að hafa ekkert beitiland til þess að láta búpeninginn ganga á og verða því að fóðra hann

inni vetur og sumar. Enn fremur er slík túnrækt ómöguleg, nema með takmarkalausum áburðarkaupum, því enginn gripur getur gefið af sjer svo mikinn áburð, sem nægir til þess, að rækta þá töðu, sem hann þarf sjer til viðurværis, ekki einu sinni yfir veturinn, hvað þá vetur og sumar.

Jeg viðurkenni, að það sje rjett, sem h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði, að jeg mundi ekki vera fullkomlega kunnugur Árnessýslu, en jeg skal geta þess, að slíkt hið sama mun og vera með hann; hann mun ekki vera svo mjög kunnugur í þeim hjeruðum, sem jeg einkum tók til samanburðar við Árnessýslu, og að því leyti munum við báðir standa jafn vel eða jafn illa að vígi í slíkum samanburði, en sem ókunnugir getum við þá ekki bygt dóma okkar um framtíð þessara hjeraða á öðru frekar en framförunum og meguninni að undanförnu, með tilliti til þeirra framfara og megunarmeðala, sem hvor um sig hefir haft, frá hálfu þings og stjórnar, og þegar þess er rjettilega gætt og allt að þessu lútandi nægilega rannsakað, eins og jeg hefi leitazt við að gjöra og sem jeg hefi drepið á áður, þá virðist mjer, að Árnessýsla verði töluvert undir í þeim samanburði, þrátt fyrir alla hennar náttúrufegurð og náttúrukosti, sem jeg alls ekki neita að sjeu miklir.

Mjer hefir nú aldrei dottið í hug, að bera Árnessýslu við eins litla, fátæka og harðindasama sýslu og Strandasýsla er, en af því að h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) tók sjer slíkan samanburð fyrir hendur, þá hefi jeg þó farið að gjöra tilraunir með að athuga framförina og megunina í nokkrum greinum á undanförnum árum í báðum sýslunum.

Jeg skal geta þess, að í Strandasýslu voru árið 1886 10 heimili, er þáðu af sveit, en nú ekki nema 7, en í Árnessýslu voru þau árið 1886 77, en nú eru þau orðin 84. Allt svo fjölgað um 7 á þessum tíma, enda er nú um tíundi hver húsfaðir í Árnessýslu, sem þiggur af sveit, þar sem býlatalan er ekki nema 864, og það, að þetta hefir farið vaxandi einmitt síðan að harðindunum ljetti af, sýnist mjer allt annað en framfaravottur, og er auðsætt, að Strandasýsla þolir þenna samanburð, þó fátæk þyki, enda hefir niðursetningum fækkað í Strandasýslu þessi ár um 4 (úr 91 í 87), en fjölgað í Árnessýslu um 61 (úr 289 í 350).

Menn verða að athuga, að þar sem talað er um heimili, er þiggja af sveit, þá er þar átt við húsfeður, en eigi heimili þurfamanna, eins og sjá má af því, að ekki gæti átt sjer stað, að þurfamenn í Strandasýslu væru allir saman safnaðir á að eins 7 heimili; en að $^1/_{10}$ heimilisfeðranna skuli vera á sveit og þá sjálfsagt eptir því að dæma annar tíundi hlutinn eða meira við sveit, það er allt annað en vottur velsældar; eða vill h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) kalla þetta framfarir?

Viðvíkjandi því, sem h. þm. (Þorl. G.) sagði, þar sem hann var að brigzla Strandasýslu um það, að hún hefði tekið hallærislán, þá ætla jeg mjer ekki að svara því mörgum orðum, því slíkt er í raun og veru ekki svara vert. En jeg skal samt geta þess, að Árnessýsla mun hafa þegið fullkomlega sinn skerf af gjafakorni og gjafapeningum hjer um árin 1883—84, og mun þar hafa fullkomlega jafnazt á við Strandasýslu eða rúmlega það, og verð jeg að álíta það engu tignarlegra en að taka lán með fullum vöxtum og stuttum afborgunarfresti, eins og er á hallærislánunum.

Jeg get heldur ekki sjeð, hvað getur verið ósæmilegt að taka lán úr landssjóði gegn vöxtum og afborgun; slíkt eru engar sníkjur. Strandasýsla er að sönnu ekki enn búin að endurborga þetta lán að fullu, en lánstíminn er heldur ekki enn þá út runninn. Hallærislán Strandasýslu voru að mestu tekin til þess, að lána þau bændum til þess að kaupa fyrir fjenað úr öðrum sýslum, og þar með að koma upp bústofninum á ný, til þess að menn ekki færu á hreppana, og þetta sjá menn að hefir tekizt, hvort það er svo hallærislánuðum að þakka eða ekki, og finnst mjer því ekki ástæða til þess, að niðra sýslubúum mínum fyrir þetta; miklu meiri ástæða væri til þess, að niðra þeim hjeruðum, sem ekkert lán tóku, og sem þar af leiðandi ekkert hafa þurft að endurborga, en þó fallið æ dýpra í örbirgð og armóð.

H. framsögum. (V. G.) sagði í ræðu sinni á þá leið, að það, að Árnessýsla hefði ekki staðið sig betur en hinar sýslurnar, sem jeg tók henni til samanburðar, væri einmit af því, að hana vantaði greiðar samgöngur. Jeg skal gefa honum það eptir, að örsökin til þess, að sýslan er ekki blómlegri en þetta, sje að nokkru leyti sú, enda þótt því verði ekki neitað, að hún hafi þær betri en flestar sýslur aðrar, einkum við höfuðstaðinn, en að samgönguskorturinn í þessari sýslu — jafnvel þó hann sje minni en annarsstaðar — geri henni meiri skaða eða standi henni fremur fyrir þrifum en þeim sýslum, þar sem hann er margfalt meiri, það er nokkuð, sem jeg get ómögulega skilið, og jeg held, að fáir muni skilja það. Því meiri sem samgönguskorturinn er, þess meiri hljóta afleiðingar hans að verða, og sje til fulls úr honum bætt, þá er það eins í augum uppi, að áhrifin af endurbótinni verða því meiri, sem umbótin skarar meira fram úr því, sem áður var, og ef járnbraut yrði lögð hjer í landi, þá gæti það orðið til þess að stemma stigu fyrir, að fólk flytti til Ameríku; en jeg vil enn leyfa mjer að taka það fram, að ef þingið leggur það í vana sinn eða heldur uppteknum hætti með, að verja öllum þorra þess fjár úr landssjóði, sem varið verður landinu til framfara, til þess að hrúga því saman í einstökum hjeruðum, og það landsmönnum með öllu óafvitandi og án þess að flestir þeirra hafi nokkurt gagn af, en að eins fá hlífðarlaust að borga og það allt af meir og meir, sem hlýtur að verða bein afleiðing slíkra fyrirtækja, þá veit jeg ekki hvernig á að fara að reka þessa menn af landi, ef annað eins gjörræði — jeg hika ekki við að nefna það svo — dygði ekki til þess. Vjer verðum að gá að því, að hjer er það þjóðin í heild sinni, eins þeir fjarlægu, sem borga kostnaðinn, og ef fulltrúar þjóðarinnar beittu þannig valdi sínu, þá gæti það vakið mikla óánægju á meðal landsmanna. Annars mun reynslan bezt geta sýnt þær afleiðingar, er slíkt hefði í för með sjer.

Jeg skal svo ekki að sinni tala fleiri orð þessu máli viðvíkjandi, því jeg get ekki verið að svara h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.); ástæður hans eru bygðar í svo lausu lopti, og jeg hygg, að hann hafi ekki heyrt, hvað jeg sagði í fyrri ræðu minni, þar sem hann talaði um, að hann skildi ekki samræmið í ræðum mínum, og tók það sem dæmi, að jeg hefði sagt við framh. 1. umr., að jeg vildi ekki gefa 10 krónur fyrir járnbrautir hjer á landi, en það vita allir h. þingdm., að jeg hef aldrei talað þetta,

heldur átti jeg að eins við brautina austur, eins og sjá má af því, sem þingskrifararnir hafa ritað, enda hefir verið allt önnur skoðun mín um járnbrautir almennt, ef þær kæmust á og gætu staðizt. Jeg ætla ekki að tala frekar fyrir breyt.till. minni; en kátlegt þykir mjer það, ef hún verður felld án þess, að hrekja eitt einasta orð eða atriði í henni, en að öðru leyti skal jeg ekki skipta mjer frekar um það, hvort hún verður samþykkt eða ekki, því jeg vil halda minni sannfæringu og skal svo lofa öðrum að halda sinni.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): H. þm. Húnv. (B. Sigf.) tók það fram, að hjer mundi ekki verða hægt að leggja brautir á vetrum. Það hefir þó komið fyrir hjer á landi stöku sinnum, að akbrautir hafa verið lagðar á tímanum október til janúar. En það sem jeg eiginlega átti við, er jeg sagði að menn hefðu atvinnu við brautina allt árið, var, að starfsmenn fjelagsins hefðu fasta atvinnu við hana eptir að lestaferðir væru hafnar á henni, og þá atvinnu mundu hafa 60—70 manns.

H. sami þm. sagði og, að það væri allt öðru máli að gegna, þó járnbrautir borguðu sig í Ameríku, heldur en hjer á Íslandi, því þó að brautirnar væru lagðar þar um óbygðir, þá væri landið allt í kring gjört að ökrum. En ef það er satt, sem h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að túnræktin á Íslandi borgaði sig betur en hveitirækt í Ameríku, þá mundi járnbraut eins vel borga sig hjer, eins og í Ameríku.

Háttv. þingm. sagði enn fremur, að þjóðin hefði aldrei heimtað járnbrautir. Það er mikið satt; henni hefir nefnilega ekki dottið það í hug; annars mundi hún sjálfsagt hafa gjört það. En þjóðin heimtar samgöngubætur, og það erum við, sem eigum að hafa vit fyrir hana, og ákveða, hvernig samgöngubótunum skuli varið.

Sami h. þingm. sagði enn fremur, að viðhaldskostnaðurinn á járnbrautunum mundi ekki verða minni en á akbrautunum. Jeg er viss um, að viðhaldskostnaðurinn á járnbrautunum mundi verða miklu minni. Auðvitað er sama undirlagið undir báðum, og báðar geta leyszt í sundur og skemmzt meira eða minna í leysingum. En það er aðgætandi, að akbrautirnar eru helmingi breiðari en járnbrautirnar, og undirlagið því helmingi meira, því það er ekki gjört ráð fyrir svo miklum lestaferðum, að vagnarnir þurfi að mætast, þannig, að brautin þurfi að vera tvöföld. Viðhaldskostnaðurinn á járnbrautunum hlýtur því að verða minni en á akbrautunum.

H. þm. sagði enn fremur, að loptbátar ættu sjálfsagt bezt við hjer á landi. Jeg held við mættum bíða lengi, ef við ættum að bíða þangað til loptbátar fara að tíðkast sem samgöngumeðal, að minnsta kosti þangað til menn eru búnir að læra að búa til loptbáta, sem unnt er að stýra; en það hefur nú gengið seigt hingað til.

Jeg skal ekki svara h. þm. Norður-Þing. (B. Sv.) mörgum orðum, enda var flest af því, sem hann sagði, ekki mótbárur gegn málinu sjálfu, heldur gegn mjer sjálfum persónulega.

Eitt af því, sem hann ljet sjer um munn fara, var það, að Íslendingar í Kaupmannahöfn hefðu tekið fram fyrir hendurnar á alþingi með ályktun þeirri, er þeir gjörðu í vor. Þetta er alls ekki rjett. Það eina sem þeir gjörðu var að láta álit sitt í ljósi um háskólamálið, líkt og menn annarsstaðar hjer út um land.

H. þm. sagði enn fremur, að hann prótesteraði móti þessu frumv., ekki

einungis fyrir sig, heldur og í nafni kjósenda sinna. Jeg get ekki álitið, að það hafi mikið að segja; þeir voru þó aldrei nema 12 og hann sjálfur sá þrettándi.

H. þingm. (B. Sv.) kvað enn fremur enga þörf á járnbrautum til þess að geta haft stórt kúabú, og fornmenn hefðu haft um 100 kúa og komizt af járnbrautalaust. Þetta er mikið satt, en þá stóð öðru vísi á en nú. Þeir höfðu stór bú, og margt fólk í heimili, svo að mikill hluti af afurðum búsins gekk til heimilisins, en nú eru stór kúabú óhugsandi hjer á landi, meðan ekki er hægt að koma afurðunum af þeim fljótt á markað, t. d. smjörinu.

H. þm. sagði enn fremur, að þetta þing væri kallað saman til þess, að ræða stjórnarskrárbreytingu, og kvað það ekki rjett, að eyða tímanum með því, að kasta inn á þingið þrætu-epli, sem aldrei fengi framgang á þessu þingi, og þó það fengi framgang á þinginu, fengi það samt ekki framgang. Þetta þykir mjer nokkuð djarft talað, því að jeg þori að ábyrgjast, að ef löggjafarþing Íslendinga samþykkir þetta frumv., þá mun stjórnin aldrei synja því staðfestingar. Stjórnin hefur lýst því yfir, að hún vildi vera samtaka alþingi í öllu því, er miðar til framfara landsins og atvinnuvega þess. Henni mun vera ljóst, hverja þýðingu járnbrautir hafa fyrir hvaða land sem er.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) hjelt því fram, að því að eins ætti að veita fjeð, að fyrirsjáanlegt væri, að arðurinn fyrir landsmenn samsvari tillaginu. — Þetta er auðvitað ekki hægt að sýna reikningslega nákvæmt, en jeg skal leyfa mjer að taka eitt dæmi. Setjum nú svo, að fjelagið flytti að eins helminginn af öllum íslenzkum fiski til Englands í ís, og að Íslendingar fengju 1 eyri meira fyrir pundið en nú. Ágóðinn væri þá 1/4 milj. á ári.

Tökum t. d. smjör. Almennt verð á því mun í Árness- og Rangárvallasýslum vera 60 aura, en hjer í Reykjavík ef til vill 70 aur. En ef að það væri flutt til Englands, þá efast jeg ekki um, að það mætti fá 1 krónu fyrir pundið, að minnsta kosti veit jeg, að í Danmörku fæst 1 króna til 1 kr. 30 aura fyrir það. Þetta getur munað miklu, ef mikið er útflutt. Ef kjöt, sem hjer fæst fyrir 20—30 aura pundið, væri flutt til Englands, þá fengist 60 aurar fyrir það þar, eða ef til vill meira eptir gæðum.

Sá beini hagur, sem þannig hlytist af þessum ferðum, gæti því orðið ekki svo lítill og enda stór upphæð með tímanum.

H. sami þm. (E. J.) hjelt því fram, að ef fjelagið hefði ekki eptir 5 ár lagt braut til bygða í Árnessýslu, þá missti það að eins þennan 15 ára einkarjett til járnbrautarinnar, en gæti haldið skipaferðunum. Þetta er ekki rjett, því í breyt.till. nefndarinnar við niðurlag 3. gr. stendur einmitt, að ef fjelagið hefur ekki lagt brautina til bygða í Árnessýslu, áður en 5 ár eru liðin og hafið lestaferðir á henni, þá hefir það »fyrirgjört öllum þeim rjettindum, er lög þessi heimila«. — Hann sagði og, að fjelagið gæti haft 50,000 til skipaferðanna í 6 ár, án þess að nokkuð yrði gjört að járnbrautinni. En þetta er líka misskilningur, því að samkvæmt breyt.till. nefndarinnar á 44. gr. að hljóða þannig: »Ef fjelagið hefir ekki byrjað að leggja hina áskildu járnbraut áður 3 ár sjeu liðin, frá því að lög þessi öðlast gildi, þá hefur fjelagið fyrirgjört öllum rjettindum sínum«, og skipaferðunum þá líka.

H. þm. tók einnig fram, að fjelagið

gæti hætt við, að láta lestaferðir ganga eptir brautinni eptir að hún væri fullgjör allt austur að Þjórsá, og haldið samt skipaferðunum. En í 42. gr. frv. er beinlínis skýrt tekið fram, að fjelagið láti lestir ganga eptir brautinni, að minnsta kosti 6 sinnum í viku. Ef fjelagið því hættir brautarferðunum, þá hefur það misst rjettindi sín. En það getur verið, að það mætti orða þetta enn þá glöggara, svo ómögulegt væri að misskilja það, og skal jeg hugsa um það til 3. umr. En mjer sýnist sjálfsagt, að ef fjelagið hættir lestaferðunum, þá sjeu það samningsrof og allt sje misst.

H. þm. sagði og, að samkvæmt frv. mætti fjelagið nota allar brýr á landinu, og vildi hann að það kæmi á móti, að landsmenn hefðu eins rjett til að nota þær brýr, er fjelagið lætur byggja.

En fjelagið má ekki nota allar brýr á landinu, heldur að eins þær, sem hlutaðeigandi stjórnarvald leyfir og álítur hættulaust fyrir brýrnar sjálfar og vegfarendur.

H. sami þm. spurði og, hvort ekki mætti skylda fjelagið til að taka borgun fyrir flutning í öðru en peningum. Það álít jeg með öllu óaðgengilegt fyrir fjelagið, ef það t. d. ætti að fara að safna saman ullarpynklum eða fiskiklöttum, enda er jeg viss um, að þeim, sem hafa einhverjar vörur til að flytja, verða aldrei vandræði úr að nálgast peninga til að borga flutningsgjaldið

Menn hafa sagt, að þar sem þetta aukaþing hefði ekki fjárveitingarvald, þá mætti eigi samþykkja það á þessu þingi.

Jeg vil því enn þá einu sinni taka það fram, að ekkert er því til fyrirstöðu, að málið sje samþykkt á aukaþingi, enda er líklegt, að það yrðu sömu mennirnir, sem greiddu atkvæði um málið, þótt það væri geymt til næsta þings.

Viðvíkjandi breyt.till. h. þm. Strand. (Guðj. G.), þá er það álit mitt, að þótt það í sjálfu sjer auðvitað væri æskilegt, að hafa járnbraut t. d. frá Akranesi norður á Akureyri, þá sje samt ekki að svo stöddu ráðlegt að leggja útí það. Hið árlega tillag til þeirrar járnbrautar mundi, í samanburði við hina, nema c. 150,000 kr., svo að þegar skipaferðirnar bættust við með 50 þús., þá yrði hið árlega fjárframlag landsins um 200,000 kr., en því mundi landssjóður ekki geta risið undir, eins og nú stendur. En nefndin hugsar sjer þessa braut afleiðing af austurbrautinni. Því svo framarlega sem hún borgar sig, þá gengur nefndin út frá því sem vísu, að fjelagið mundi ráðast í hina líka, og þá er líklegt, að það geti orðið vægara í kröfum sínum, þegar áhættan er minni, þar sem það getur ráðið af því, hvernig austurbrautin borgar sig, hvort brautin norður mundi gjöra það. Nefndin leggur því til, að breyt.till. h. þm. Strand. (Guðj. G.) sje felld.

ATKV.GR.: Þessir 8 þingmenn höfðu óskað nafnakalls um 1., 12. og 42. gr.:

Guðl. Guðmundss.	Þórh. Bjarnarson
Jón Þórarinsson	Valtýr Guðmundss.
Þorl. Guðmundss.	Halld. Daníelsson
Jens Pálsson	Pjetur Jónsson.

1. gr. var samþ. með 15 : 7 atkv. með nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson	Guðl. Guðmundss.
Eiríkur Gíslason	Bened. Sveinsson
Guðjón Guðlaugss.	Björn Sigfússon
Halld. Daníelsson	J. Jónss., þm. A.-Sk.
Jens Pálsson	J. Jónss., þm. Eyf.
Jón Jensson	Þórh. Bjarnarson.
Jón Þórarinsson	
Ólafur Briem	
Pjetur Jónsson	

já:
Sighv. Árnason
Sig. Gunnarsson
Skúli Thoroddsen
Tr. Gunnarsson
Valtýr Guðmundss.
Þórður Guðmundss.

2. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv. Breyt.till. 1 við 3. gr. (á þingskj. 102) samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 2 við 3. gr. (á þingskj. 102) samþ. án atkv.gr.; breyt.till. 3 við 3. gr. (á þingskj. 102) samþ. með 19 samhlj. atkv.; 3. gr. með áorðn. breyt. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 4. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 5. gr. frumv. samþ. með 14 saamhlj. atkv.; 6. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv; breyt.till. 4 við 7. gr. (á þingskj. 100) samþ. með 17 samhlj. atkv.; 7. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 8. gr. frumv. samþ. með 13 samhlj. atkv.; Breyt.till. 5 við 9. gr. (á þingskj. 100) samþ. með 16 samhlj. atkv.; 9. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 10. gr. frumv. samþ. með 14 : 1 atkv.; 11. gr. frumv. samþ. með 12 samhlj. atkv.; 12. gr. frumv. samþ. með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson	Guðl. Guðmundss.
Eiríkur Gíslason	Bened. Sveinsson.
Guðj. Guðlaugsson	Björn Sigfússon
Jens Pálsson	Halld. Daníelsson.
Jón Jensson	J. Jónss., þm. A.-Sk.
J. Jónss., þm. Eyf.	Sighv. Árnason
Jón Þórarinsson	Tryggvi Gunnarss.
Ólafur Briem	Þ. Guðmundsson
Pjetur Jónsson	Þórh. Bjarnarson
Sig. Gunnarsson	Þorl. Guðmundsson
Skúli Thoroddsen	
Valtýr Guðmundss.	

13. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 14. gr. frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 15. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 16. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv.

II.

17.—19. gr. frumv. samþ. hver um sig með 15 samhlj. atkv.

III.

20. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 21.—23. gr. frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv. hvor; 24. gr. frumv. samþ. með 12 samhlj. atkv.; 25. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 26.—28. gr. frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv. hver; 29. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. 6 við 30. gr. (á þingskj. 100) samþ. með 16 samhlj. atkv.; 30. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 31.—33. gr. frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv. hver; 34.—37. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 38. gr. frumv. samþ. með 13 samhlj. atkv.; 39.—40. gr. frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv. hver; 41. gr. frumv. samþ. með 14. samhlj. atkv.; breyt.till. 1 og 2 við 42. gr. (á þingskj. 102) felldar með 16 : 1 atkv.; breyt.till. 3 og 4 við 42. gr. (á þingskj. 102) þar með fallnar.

Atkvæðagr. um 42. gr. var skipt: 1. liður 42. gr. að tölunni e. samþ. með 13 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu.

já:	*nei:*
Einar Jónsson	Guðl. Guðmundss.
Eiríkur Gíslason	Bened. Sveinsson
Halld. Daníelsson	Björn Sigfússon
Jens Pálsson	Guðj. Guðlaugsson
Jón Jensson	J. Jónss., þm. A.-Sk.
J. Jónss.. þm. Eyf.	Sighv. Árnason
Jón Þórarinsson	Þ. Guðmundsson
Ólafur Briem	Þórh. Bjarnarson
Pjetur Jónsson	Þorl. Guðmundsson
Sig. Gunnarsson	
Skúli Thoroddsen	
Tr. Gunnarsson	
Valtýr Guðmundsson.	

Breyt.till. 7 við 42. gr. (á þgskj. 100) samþ. með 15 samhlj. atkv.; 2. liður 42. gr. að enda greinarinnar felldur með 13 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmunds.,
Eiríkur Gíslason,	Bened. Sveinsson,
Jens Pálsson,	Björn Sigfússon,
Jón Jensson,	Guðjón Guðlaugss.,
Jón Þórarinsson,	Halld. Daníelsson,
Ólafur Briem,	J. Jónsson A.-Sk.,
Sig. Gunnarsson,	J. Jónsson Eyf.,
Skúli Thoroddsen,	Pjetur Jónsson,
V. Guðmundsson.	Sighv. Árnason,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þ. Guðmundsson,
	Þórh. Bjarnarson,
	Þorl. Guðmundss.

43. gr. frumv. samþ. með 12 samhlj. atkv. Breyt.till. 8 við 44. gr. (á þgskj. 100) samþ. með 15 samhlj. atkv.; 44. gr. frumv. með áorðnum breyt. samþ. með 13 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk þessara þingmanna: Jens Pálssonar, Guðjóns Guðlaugssonar, Valtýs Guðmundssonar, Þorl. Guðmundssonar, Halldórs Daníelssonar, Sig. Gunnarssonar, Eiríks Gíslasonar, Jóns Þórarinssonar, B. Sveinssonar og Skúla Thoroddsens, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Eiríkur Gíslason,	Benedikt Sveinsson,
Halldór Daníelsson,	Björn Sigfússon,
Jens Pálsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Jón Jensson,	J. Jónsson A.-Sk.,
Jón Þórarinsson,	J. Jónsson Eyf.,
Ólafur Briem,	Þórh. Bjarnarson,
Pjetur Jónsson,	Þorl. Guðmundss.
Sighv. Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
já:	
Tryggvi Gunnarss.,	
V. Guðmundsson,	
Þórður Guðmundss.	

Frumv. til laga um ráðgjafaábyrgð (C. 44); 3. umr.

ATKV.GR:. Frumv. samþ. með 17 atkv. og afgr. síðan til Ed.

Frumv. til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma á Íslandi (C. 56. 102); framh. 1. umr.

Framsögumaður (*Einar Jónsson*): Jeg ætla mjer ekki að tala mikið um þetta mál nú, þar sem þetta er framhald 1. umr. og engin veruleg mótmæli hafa komið fram gegn frumv. Jeg treysti því, að enginn byrji nú mótmæli gegn því, eptir stefnu þess og innihaldi. Eins og nefndarálitið ber með sjer, fer nefndin ekki fram á breytingu á stefnu frv., en að því er snertir athugasemdir hennar við einstakar greinir frumv., finnst mjer umræður um þær heyra fremur til 2. umræðu.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um breytingu á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum (C. 52); 2. umr.

ATKV.GR:. 1., 2., 3., 4., gr. hver um sig samþ. með 13 samhlj. atkv. 5. gr. samþ. með 15 atkv. samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr með 15 : 1 atkv.

Frumv. til laga um afnám fasteignarsölugjalds (C. 50); 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í einu hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Frv. til laga um að gera samþykktir um hindrun sandfoks og um sandgræðslu (C. 64. 92); 2. umr.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg vona að jeg þurfi ekki að tala mikið um þetta mál nú, því það hefir engin mótmæli fengið í þessari h. deild, enda treysti jeg því, að það fái framgang í h. þingd., og ef frumv. verður að lögum, vona jeg að þau lög gjöri talsvert gagn í framtíðinni. Hin litla breyt.till. sem gjörð hefir verið við frv. fer fram á að leiðrjetta prentvillu í 1. gr. þess. Þar hefir fallið burtu orðið »um« á undan orðinu »sandgræðslu«, og vona jeg að það orð fái að koma inn í frumv.

ATKV.GR.: Breyt.till. (97) við 1. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.

1. gr. þannig breytt samþ. með 15 atkv.; 2. gr. frumv. samþ. með 12 samhlj. atkv.; 3. gr. frumv. samþ. með 13 samhlj. atkv.; 4. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 5.—7. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv. hver.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Seytjándi fundur, mánudaginn 20. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frv. til laga um fjárforræði ómyndugra (C. 2, 87, 123); 2. umr.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Eins og jeg tók fram við 1. umr., þá hefir nefndin gjört dálitlar breytingar við frumv. Af þessum breytingum eru sumar að eins orðabreytingar, svo sem 11. töluliður við 2. gr., 14. töluliður við 9. gr., 19. töluliður við 15. gr. og 15. töluliður við 10. gr.; sama má að nokkru leyti segja um 4. tölulið við 2. gr., 5. tölulið við 3. gr. og 9. tölulið við 7. gr.; þó má líka segja, að þar sje um efnisbreyting að ræða, þó litlar sjeu, og skal jeg því gjöra stutta grein fyrir þeim breytingum. Að því er þá fyrst snertir breytingarnar undir 3. og 4. tölulið í nefndarálitinu, að í staðinn fyrir: »hefir hvorki rjett nje skyldu«, komi: »er ekki skyldur« og að orðin: »Fyr en hinum fyrri fjárráðum eða innheimtu er lokið að nokkru eða öllu«, falli burtu, þá er þess að geta við hina fyrri, að í frumv. stóð, að sá sem hefði þrjú yfirgripsmikil fjárhöld áður, eða mikla innheimtu á öðrum opinberum gjöldum, hefði hvorki rjett nje skyldu til að taka að sjer fjárforræði ómyndugra á meðan svo stæði, en nefndin komst að þeirri niðurstöðu að hann skyldi hafa rjett til þess, ef hann vildi, en ekki skyldu, ef honum væri það nauðugt. En að því er hina síðara snertir, þá er síðari hluti 3. málsgreinar í annari grein óþarfur, fyrri hluti hennar tekur fullgreinilega fram tilganginn, þann tilgang, að fyrirbyggja að mörg fjárforráð hrúgist í eins manns hendur. 5. liður er að vísu lítið annað en orðabreyting, en getur þó haft nokkra þýðingu. Jeg hjelt nefnilega, er jeg samdi frumv., að það heyrði alstaðar undir embættisverk sýslumanna að vera yfirfjárráðendur, nema að eins í Reykjavík, þar sem bæjarfógetinn er það; en síðan hefi jeg fengið upplýsingu um það, að bæjarfógetastarf bæjarfógetanna á Ísafirði og Akureyri væri aðgreint frá sýslumannsstörfunum, og næði að eins til kaupstaðarumdæma þessara; því var sú breyt.till., sem nefndin kom með, nauðsynleg. Um 8. tölulið er það að eins að segja, að 3. málsgreinin í 7. gr. frumv. er færð fram, eins og sjá má þegar þessi liður er borinn saman við 10. lið í breyt.till. nefndarinnar. 9. töluliðurinn er ekki heldur nein eiginleg efnisbreyting frá frv., heldur þótti nefndinni það nóg, að vitna að eins í 62. gr. í skiptalögunum frá 12. apríl 1878, sem er samhljóða annari málsgreininni í 7. gr. Svo hverf jeg að 1. tölulið í breyt.till.; þar kemur efnisbreyting. Í frumv. stendur í 2. gr.

»Feður ómyndugra barna sinna hafa þó rjett til fjárhaldsins gagnvart vandalausum mönnum, jafnhæfum«, en í breyt.till. stendur í þess stað: »Sjeu þeir til þess hæfir«.

Eptir frumv. gat sýslumaður skipað hvern þann fyrir fjárhaldsmann, sem hann taldi hæfari en föður barnsins. Þetta þykja líklega nokkuð hörð ákvæði, því að það mun þó þykja auðsætt, að faðirinn hafi meiri rjett til að vera fjárhaldsmaður barna sinna en aðrir að öðru jöfnu. 6., 7. og 22. töluliður innihalda allir breytingar, sem þannig er varið, að ein leiðir af annari. Það er lítil efnisbreyting, sem þeir geyma, og þýðingarlítið atriði í mínum augum, nefnilega að reikningsárið er í frumv. frá 11. júní til sama tíma, en í breyt.till. frá nýári til nýárs. 12. töluliður fer fram á, að inn í 9. gr. sje bætt: »og öðrum árlegum tekjum«. Það getur hugsazt, að ómyndugir hafi aðrar árlegar tekjur en afgjöld af fasteignum, og þá er sjálfsagt að þær sjeu settar á vöxtu á sama hátt sem fasteignargjöldin; þessi viðauki er því til skýringar. Aðalefnisbreytingin kemur að mínu áliti fram við 15. tölulið; það er að segja sú breyting, að fje ómyndugra skuli ekki að eins sett á vöxtu á þeim stöðum, sem frumv. nefnir, heldur megi og lána það einstökum mönnum gegn tryggu fasteignarveði. Jeg gjörði óbeinlínis grein fyrir skoðun minni á þessu atriði við framhald 1. umr., og skal því ekki fara langt út í það nú. Jeg hefi allt af verið á þeirri skoðun, að tryggilegast væri að ávaxta ómyndugrafje í opinberum sjóðum. Auðvitað getur það komið fyrir, að vöxtunum sje varið til framfæris hinum ómyndugu, og þegar svo er, þá er minna á móti því, þótt fje þeirra sje lánað einstökum mönnum, ef vöxtunum er varið öllum til árlegs framfæris hins ómyndugu; en ef fjárhaldsmaður inn á að taka á móti vöxtunum, og þarf að koma þeim á vöxtu í opinberum sjóði, þá er það bæði töluverð umsvif fyrir hann og getur stundum haft miður heppilegar afleiðingar. Breytingin undir 17. tölulið er ekki annað en leiðrjetting á prentvillu í frumv.

Í 20. breyt.till. er farið fram á, að orðin: »sbr. tilskipun 19. des. 1821« falli burtu. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að þau ákvæði í tilskipun 19. des. 1821, sem átt er við í frumv., ættu ekki við fjárhaldsmenn, heldur yfirfjárráðendur, og því ætti ekki við að vitna í þau hjer.

Jeg man svo ekki eptir fleiru, er jeg þurfi að gjöra grein fyrir, og af því að breytingar nefndarinnar eru flestar svo óverulegar, vona jeg að h. deild aðhyllist þær, ef hún á annað borð vill styðja að framgangi frumv. þessa; en jeg hefi, eptir því, sem hún hefir tekið máli þessu hingað til, ekki ástæðu til að ætla annað en hún sje því velviljuð.

Jón Jensson: Jeg varð fyrir þeim heiðri, að vera settur í þá h. nefnd, sem hafði þetta mál til meðferðar, en jeg gat ekki orðið samdóma mínum h. meðnefndarmönnum, eins og áteiknuð athugasemd á nefndarálitinu sýnir; reyndar skildist jeg ekki svo frá mínum h. meðnefndarmönnum, að jeg ekki ynni nokkuð að breytingum frumv. með þeim, sem jeg áleit rjett af mjer, með það fyrir augum, að frumv. ef til vill kæmist í gegn um þingið, sökum þess, að meiri hluti deildarinnar væri málinu sinnandi.

Jeg, fyrir mitt leyti, áleit það rjettast, að þetta mál kæmist ekki í gegn á þessu þingi, vegna þess, að málið hefir alls ekki þann undirbúning, sem þörf er á, og á hina hliðina er það mín skoðun, að svona löguð mál, sem þetta,

eigi að koma frá stjórninni; enginn er betur fær um að undirbúa slík mál en stjórnin og þeir menn, er henni standa næst, til dæmis sýslumenn og bæjarfógetar; þeim er kunnugast um, hvernig gildandi lög í þessu efni hafa reynzt, og hvað hjer muni bezt við eiga.

Jeg veit ekki betur en að þau lög, sem hingað til hafa gilt, sjeu ólastanleg; nú hafa þau staðið í gildi um 50 ára tíma, og eptir því, sem jeg veit bezt, hafa engir verulegir gallar sýnt sig á þeim; hafi eitthvað farið aflaga í þessu efni, þá er það að minni ætlun, og eptir því, sem jeg hefi heyrt af þeim mönnum, sem hafa verið við þetta riðnir, ekki sjálfum lögunum að kenna, heldur því, sem komið getur fyrir í þessu efni sem öðru, að eigi hefir stundum verið farið nákvæmlega eptir fyrirmælum laganna.

H. flutningsm. (Guðj. G.), sem einnig var formaður í nefndinni, gat heldur ekki, að því er mjer fannst, gert grein fyrir því, hvað það væri í hinum núgildandi lögum, sem þyrfti að breyta. En þetta er það fyrsta skilyrði, sem þarf fyrir því, að ástæða sje til að breyta einhverjum lögum; sje það ekki til, þá kalla jeg, að menn sjeu að leika sjer. Það er óheppileg tilhneiging, að vilja breyta þeim lögum, sem enginn kvartar yfir, og stílsetja þau á ný, jafnvel með þeirri áhættu, að breytt verði til hins verra.

Jeg skal reyndar kannast við það, að frumv. hefir tekið miklum bótum frá því sem var, en samt þori jeg eigi að ábyrgjast, þó jeg hafi átt nokkurn þátt í breyt., að frumv. nú sje eins gott og hin gildandi lög; meira að segja gæti jeg bent á ýmsa galla, sem jeg hef orðið var við, við það að lesa frv. optar yfir, svo, væri jeg málinu sinnandi, mundi jeg koma fram með breyt.-till., en af því jeg er það ekki, þá álít jeg þess enga þörf.

Þessar ástæður hef jeg leytt mjer að færa fyrir því, að jeg mun ekki gefa þessu frumv. atkvæði mitt.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla mjer að eins að gera stutta athugasemd viðvíkjandi breyt. frv., en jafnframt skal jeg geta þess, að jeg fyrir mitt leyti get fallizt á breyt. nefndarinnar yfir höfuð; það er að eins eitt atriði, sem jeg vildi vekja athygli h. nefndar á, og sem h. framsögum. (Guðj. G.) minntist á í niðurlagi ræðu sinni, nefnilega í nefndarálitinu stendur, 15. lið, breyt. við 10. gr.: »Peninga ómyndugra má lána einstökum mönnum gegn tryggu fasteignarveði«, en hjer er ekki tekið fram beinlínis, að það fje skuli ávaxtast, sem lánað er einstökum mönnum; þar næst stendur: »að öðru leyti skal setja fjeð á vöxtu«. Þetta getur valdið nokkrum misskilningi; reyndar veit jeg, að á bak við liggur sú hugsun, að fjeð skuli ávaxtast eins hjá einstökum mönnum og á öðrum rentustöðum, en þetta er ekki tekið fram.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Nú sje jeg, að komið hefir fram breyt.-till. á þingskj. 115 (C. 123); mjer hefir komið slík breyt. til hugar, sem þar er farið fram á, og jeg velti því lengi fyrir mjer, hvort hún mundi vera heppileg eða ekki, en jeg komst að þeirri niðurstöðu, að það mundi verða til hins verra, að taka upp slíka breyt., vegna þess, að hver og einn sparisjóður, þó hann sje eigi nema nafnið tómt, fær veitt sparisjóðshlunnindi, en hins vegar veit jeg, að margir sparisjóðir í sveitum eru ekki færir um að taka stórar upphæðir á vöxtu og svara þeim út, þegar krafizt er, þó uppsagnarfresturinn sje nokkur; þetta er hvorki hagur fyrir sparisjóðina nje fyrir þá, er leggja

fje á vöxtu; í öðru lagi er sá galli á mörgum sparisjóðum, að framtíð þeirra er bundin við einstaka menn, sem hafa stofnað þá, eða eru ábyrgðarmenn þeirra; þessu er jeg nokkuð kunnugur, af því að sparisjóður er í minni sveit, sem jeg er formaður fyrir og ábyrgðarmaður. Víst veit jeg að sagt er: »maður kemur í manns stað«, en þegar tekið er tillit til þess, hve áríðandi það er, að innheimtumaður sparisjóðsins sje skilvís og reglusamur, þá álít jeg, að reynsla sje fengin fyrir því, að eigi er á milli fjarska margra að velja í hverri sveit, af því sá kostur er fremur fágætur, að vera reglusamur og eptirgangssamur innheimtumaður. Þegar sparisjóðirnir eru bundnir við einstaka menn og þeir falla frá, getur svo farið, að sjóðirnir komist í gæzlu þeirra manna, sem miður eru til þess fallnir, er kann að skorta þá skilsemi, sem nauðsynleg er; þá kalla jeg það áhættu að voga fje ómyndugra í þá sparisjóði, með því líka engin nauðsyn virðist vera til þess, því ef ekki þarf árlega að taka vextina og verja þeim hinum ómynduga til eyðslueyris, þá þarf ekki svo opt að grípa til fjárins, að vel má láta það vera á vöxtum í þeim sjóðum, sem tryggir eru, en sje svo, að árlega þurfi að taka vextina, þá er heppilegri vegur, að lána fjeð einstökum mönnum í hjeruðum, heldur en að leggja þá í ótrygga sparisjóði. Þess vegna álít jeg breyt.till. á þingskj. 115 óheppilega; reyndar er mjer þetta eigi meira kappsmál en svo, að jeg, þó breyt.till. komist að, vildi óska þess að málið kæmist fram á þessu þingi, og það þrátt fyrir, að með breyt.till. væru felld hin skýru ákvæði frv. um það, hvar ávaxta mætti fje ómyndugra, en sem jeg fyrir mitt leyti álít talsvert áríðandi.

Svo jeg snúi mjer að h. þm. Rvk. (J. Jenss.), þá ljet hann þá skoðun í ljósi, að hann áliti það rjettast og heppilegast og vildi ráða h. deild til þess, að samþykkja ekki frumv. Jeg skil ekki ástæður h. þm., því þrátt fyrir athugasemd h. þm. (J. Jenss.) á nefndarálitinu, sem ekki var hægt að skoða sem ágreiningsatkvæði — þau eru í öðru formi — þá höfðum við fulla ástæðu til þess, að álíta hann málinu meðmæltan; nefndarálitið er orðað þannig: »Nefndin ræður«, — allir sjá, að hefði nefndin skipzt í meiri og minni hluta, þá hefir meiri hluti engan rjett til þess að segja: »Nefndin ræður«, heldur: »Meiri hlutinn ræður« —, en jeg er hjer sýkn saka (ɔ: hafi nefndinni yfirsjezt), því jeg vissi ekki annað en að h. þm. (J. Jenss.) væri frumv. meðmæltur, þó jeg hins vegar vissi það vel, að hann áleit ekki nauðsynlegt nú að breyta hinum núgildandi lögum; þess vegna datt mjer ekki í hug, að hann mundi reyna til þess að spilla fyrir málinu, svo það færi nú eins og í fyrra, að málið yrði ekki útrætt og þyrfti að takast fyrir á þriðja þinginu enn. H. þm. (J. Jenss.) hlýtur að viðurkenna, að hann hefir tekið þátt í breyt. nefndarinnar, með þeirri athugasemd, er fylgir, en þó hefir hann nú risið eindreginn upp á móti nefndinni; það er óheppilegt að kjósa slíka menn í nefndir, sem aldrei eru búnir að hugsa sig um, einkanlega þegar svo á stendur sem hjer, að nefndin fer mjög varlega með starfa sinn og ekki skortir tíma til þess; jeg get eins hugsað mjer, að h. þm. (J. Jenss.) sje ekki enn búinn að hugsa sig um fleiri stórmál, til dæmis járnbrautarmálið, og að búast megi við, að hann snúist nú á móti einhverju því, sem hann áður hefir verið með. Að öðru leyti vil jeg ekki lesa upp þær umræður, sem hafa orðið í nefndinni, enda á það ekki við hjer.

H. þm. Reykv. (J. Jenss.) hafði þau mótmæli, sem annars optar hafa komið fram, að frumv. í þessu efni ætti að koma frá stjórninni. Mjer þætti vænt um, ef frumv. kæmi frá stjórninni; jeg væri stjórninni mjög þakklátur hefði hún, eptir að málið kom hjer fyrir í fyrra, lagt frumv. fyrir þingið, en þetta hefur stjórnin nú ekki gjört, og þá álít jeg að við höfum fullkominn rjett til þess, að koma fram með slíkt frumv. sem þetta; vilji menn fá einhverju framgengt, er þetta eini vegurinn; það er ekki hægt að ætlast til þess, að stjórnin leggi fyrir frumv. án þess, að vita vilja manna í því efni, en verði frumv. samþykkt af þinginu, en stjórnin neitar staðfestingar, þá er það hvöt fyrir stjórnina til þess, að leggja annað frumv. fyrir um sama efni, með öðrum orðum, þá verður þetta frumv. hvöt til þess, að stjórnin skipti sjer af málinu; en væri það svo, að yrði frumv. samþykkt hjer á þinginu, þá útilokuðust afskipti stjórnarinnar af þessu máli, þá hefði h. þingm. Reykv. (J. Jenss.) ástæðu til þess, að ráða hinni h. deild frá að samþykkja frumv.; en þetta held jeg sje alls ekki.

H. þm. Reykv. (J. Jenss.) fór mjög hörðum um slíkt athæfi, að koma fram með óþörf og ástæðulaus frumv., og kallaði það leikaraskap; jeg skal ekki þræta fyrir það, að h. þm. Reykv. (J. Jeuss.) kann að hafa rjett fyrir sjer í þessu, og jeg játa, að það er alls ekki rjett, að koma fram með frumv., ef að menn eru sannfærðir um, að þau eru óþörf; en væri h. þm. Reykv. (J. Jenss.) eins sannfærður og jeg er um þetta mál, þá mundi jeg ekki brigzla honum um leikaraskap.

H. þm. Reykv. (J. Jenss.) slær því fram, að engar kvartanir hafi heyrzt, og þó hafi mál út af fjárforræði ómyndugra gengið í gegnum hendur hins h. þingm. Jeg fyrir mitt leyti þarf ekki að kvarta undan núgildandi lögum, en jeg hef dæmi fyrir mjer og jeg get fært fram ástæður fyrir því, að opt er það lögunum að kenna, að fjárhald á ómyndugra fje er í óreiðu; hins vegar kannast jeg við það, að stundum er það þeim að kenna, sem höfðu lögin til meðferðar.

Jeg vona, að háttv. deild sje þeirrar skoðunar, að jeg hafi komið fram með þetta frumv. af þeirri sannfæringu, að þess sje full þörf, og að jeg sje bær að ráða minni sannfæringu.

Mjer heyrðist h. 1. þm. Rangv. (Sig. Á.) fara hlýlegum orðum um frumv., en þær athugasemdir, sem h. þm. gerði viðvíkjandi breyt.till. við 10. gr., eru eiginlega bygðar á misskilningi, þó eigi að ástæðulausu, því nefndin hefur af vangá orðað þetta svo ógreinilega.

Björn Sigfússon: Eptir að jeg hef nákvæmlega yfirfarið breytingar nefndarinnar, hef jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að jeg fyrir mitt leyti get aðhyllzt þær allar, og álít þær miða til töluverðra bóta. En eptir minni skoðun vantar ákvæði, sem mjer virðast vera hagfelldari en þau, sem gert er ráð fyrir í frumv. og breytingartill.; þar er nefnilega, eins og menn sjá, að eins þrem sparisjóðum á landinu, sparisjóðnum í Reykjavík, á Ísafirði og Akureyri, veitt heimild til að ávaxta fje ómyndugra. En jeg get ekki sjeð, hvers vegna aðrir sparisjóðir eru útilokaðir: allir þeir sparisjóðir, sem landshöfðingi hefir veitt þau hlunnindi, að mega ávaxta fje ómyndugra og opinberra stofnana, samkvæmt tilskipun 5. jan. 1874.

Sjálfsagt eru þessi ákvæði bygð á þeirri skoðun, að þessir þrír sparisjóðir standi á traustara grundvelli en aðrir, hafi meiri varasjóði, og standi yfir höfuð á fastari fótum. Það má vel vera,

að svo sje; mjer er nú þetta eigi svo kunnugt; en hitt er víst, að það finnast aðrir sparisjóðir en þessir, sem standa á traustum grundvelli og hafa all-stóra varasjóði, enda eru þeir ekki lengi að myndast, og það vita allir, að þessir sjóðir hvíla á ábyrgð margra góðra og áreiðanlegra manna.

Jeg get ekki verið samdóma h. þm. Strand. (Guðj. G.) í því, að nokkur hætta sje á, að leyfa þessum sjóðum, að ávaxta ómyndugrafje, með fram vegna þess, að leyfi landshöfðingja, er hann veitir sjóðunum þessi hlunnindi, er aldrei bundið við langt tímabil, ekki nema fyrir 5 til 10 ár í einu, og leyfið veitt með þeim skilyrðum, að stjórnarnefndir sparisjóðanna gefi á hverju ári ýtarlega skýrslu viðvíkjandi fje ómyndugra; jafnvel svo varlega er að farið, að það er skylda að skýra tafarlaust frá því, ef einhver breyting verður á skipun stjórnarnefnda eða ábyrgðarmanna; þá held jeg að svo varlega sje um hnútana búið, að það geti engin áhætta verið í því, að leyfa öðrum sparisjóðum að ávaxta ómyndugrafje um stundarsakir. Hins vegar ímynda jeg mjer, að sparisjóðirnir mundu eigi nota þessa heimild nema þegar um litlar fjárupphæðir er að gera, en það liggur í augum uppi, að það er langt um handhægra fyrir fjárhaldsmenn ómyndugra, að ávaxta litlar upphæðir af þeirra fje, sem fljótt þarf til að taka, í næsta sparisjóði, heldur en að þurfa að senda þær langt í burtu í einhvern þessara þriggja sparisjóða eða landsbankann í Reykjavík; og það er athugavert, að af þessu hlýtur að leiða talsvert vaxtatap, jafnvel eins, tveggja eða þriggja mánaða, ef fjeð er sent langar leiðir; en megi fjárhaldsmaður ávaxta fjeð í næsta sparisjóði, er engin hætta á því, að fjeð liggi ávaxtalaust Það hlýtur að verða talsverður óhagur fyrir hina ómyndugu, að setja þau ákvæði í lögin, sem gjöra fjárhaldsmönnum svona örðugt fyrir, að koma fjenu á vöxtu.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) áleit það varasamt fyrir sparisjóðina, að taka að sjer stórar upphæðir, ef þeir þyrftu að svara þeim út allt í einu, og það gæti orðið þeim um megn; þetta held jeg að ekki þurfi að óttast, því að ekki er hægt að segja upp fje í sparisjóðum nema með töluverðum fyrirvara, og svo er það aðgætandi, að svo framarlega sem stjórn sparisjóðsins óttaðist þetta, má búast við því, að hún væri varkár í því, að taka stórar upphæðir. Jeg get því ekki álitið, að nokkur hætta sje í því, að aðrir sparisjóðir en þessir þrír haldi þeirri heimild, sem þeir nú þegar hafa fengið til að ávaxta fje ómyndugra, og vil jeg því mæla með breyt.till.

Svo mætti enn fremur taka tillit til þess, að þetta eru hlunnindi fyrir sparisjóðina, að fá að ávaxta ómyndugrafje; því á að útiloka alla aðra sparisjóði frá þeim hlunnindum en þessa þrjá tilteknu?

Svo skal jeg ekki fara fleiri orðum um breytingartill., en jeg vona að hinir háttv. deildarmenn athugi það vel, hvort eigi sje ástæða til, að samþykkja hana, því að það er hættulaust í alla staði.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): H. þm. Húnv. (B. Sig.) tók það fram áðan, að landshöfðingi veitti sumum sparisjóðum úti um landið þau hlunnindi, að ávaxta fje ómyndugra og opinberra stofnana, en setti sjóðunum um leið ýms skilyrði, svo sem, að stjórnin yrði árlega að senda aðalreikning sjóðsins og fleira. — Jeg skal játa, að það er nokkur trygging innifalin í þessum skilyrðum, en hún er þó ekki fyllilega næg. Því, setjum nú

svo, að landshöfðingi veiti þessi hlunnindi með vissum skilyrðum í 5 ár. Undir eins og sjóðurinn hefur fengið þessi hlunnindi, hefur hann rjett til að taka á móti ómyndugrafje, og tekur á móti svo og svo miklu. En ef að nú landsstjórnin eptir þennan 5 ára tíma, eða fyr, ef hún finnur eitthvað athugavert við reikningsfærsluna, finnur ástæðu til að taka þessi hlunnindi af sparisjóðnum, þá er það of seint fyrir þá, sem þegar hafa lagt fje inn í sjóðinn. Þeir eiga það þannig á hættu, að eitthvað fari lakar en skyldi um það fje, sem lagt hefur verið inn áður. Mjer finnst það því eigi vera full trygging, þótt sjóðurinn hafi fengið þessi hlunnindi, og honum hafi verið lagðar slíkar skyldur á herðar á móti.

Jeg get raunar ekki betur sjeð en að þessi hlunnindi hafi mjög litla þýðingu fyrir sparisjóðina, ekki síst síðan leitt hefur verið í lög, að allir mega lána út fje gegn hvaða vöxtum sem er. Jeg gat þess og áðan, að jeg áliti það ekki svo mikil hlunnindi fyrir sparisjóðina, að mega taka til geymslu fje ómyndugra; því víða til sveita er það svo, að sparisjóðirnir eru fátækir og opt alls ekki færir um að taka við stórum upphæðum, þótt auðvitað sjeu einstaka sjóðir, sem það er hagur fyrir. Það er heldur ekki aðal-tilgangur smásparisjóða upp til sveita, að ávaxta allt fje, sem til getur fallið í sveitunum, heldur að eins sá, að geyma og ávaxta smá-upphæðir fyrir unglinga, vinnuhjú og fleiri, sem litlar og óákveðnar peningatekjur hafa, og sem því optast verður eyðslueyrir og það til óþarfa, þar sem slíkir sparisjóðir eru þá ekki nálægt. Sparisjóðir til til sveita hjá oss svara alveg til aurasjóða, sem kallaðir eru í öðrum löndum, og á þann hátt eða í því tilliti eru þeir hinir mestu kostagripir. Það er líka á hinn bóginn spursmál um, hvort við eigum svo smjög að líta á hag sparisjóðanna, þegar verið er að ræða um að ávaxta fje ómyndugra Jeg sje ekki betur en það sem við eigum að líta á, sje, að fjeð ávaxtist sem bezt, en ekki á hag sjóðanna eða lántakenda.

H. sami þm. sagði einnig, að það væri hægðarauki fyrir fjárhaldsmenn, að leggja fjeð inn í sparisjóðinn. En til hvers tekur sparisjóðurinn á móti peningunum? Er það ekki til þess, að lána þá út aptur til nágrannanna gegn hærri vöxtum en hann borgar sjálfur? Væri það þá ekki eins gott fyrir fjárhaldsmann, að lána þá strax nágrönnunum gegn nægri tryggingu, heldur en að leggja þá inn í sparisjóðinn, víða gegn ónógri tryggingu og gegn minni vöxtum? Ef jeg áliti, að sparisjóðirnir gæfu meiri tryggingu heldur en prívatmenn, þá skyldi jeg fyrir mitt leyti vera samþykkur þessari breyt.till. h. þm. Húnv. En með því að jeg get ekki sjeð, að svo sje, þá greiði jeg atkvæði á móti henni. Annars er mjer þetta ekki neitt kappsmál.

Jeg verð að lýsa því yfir, að það hefur farið svo óheppilega fyrir mjer og h. þm. Rangv. (Sighv. Á.), að við höfum misskilið hvor annan. Nú sje jeg, að meiningin hans hefur verið sú, að bætt væri inn í breyt.till. 15 við 10. gr. á eptir orðunum »gegn tryggu fasteignarveði«, «og lagavöxtum«. — Það má vel vera, að þetta sje rjett, og er jeg fús á að koma með breyt.till. í þessa átt við 3. umr., ef jeg ekki áður sannfærist um, að þetta sje tekið fram í einhverri annari grein frumv., sem jeg raunar held, en man þó ekki í svipinn.

Jón Jensson: Það var ekki neitt sjerlega uppbyggilegt fyrir málið, sem h. framsögum. (Guðj. G.) beindi til mín áðan, og skal jeg að eins svara því

nokkrum orðum, þótt mjer komi ekki til hugar að reyna til að koma honum í skilning um það.

Hann vildi láta það taka sig svoleiðis út, að það væri ósamkvæmni hjá mjer, að vera með í ráðum um breyt.till., en vilja svo ekki gefa frumv. atkvæði mitt.

Hann styrkti mál sitt með því, að vísa til nefndarálitsins, og sagði, að jeg hlyti að vera með frumv., úr því að nafn mitt stæði undir því. En svo stóð á, að búið var að semja nefndarál. þegar jeg sá það. Þess vegna bætti jeg þessari grein fyrir neðan, þar sem stendur, að jeg hafi raunar verið í ráðum með nefndinni um breyt.till., en fyndi þó fyrir mitt leyti enga ástæðu til að breyta núgildandi lögum um ómynduga og fjárforræði; og jeg get ekki betur sjeð en það sje sama sem að ráða h. deild frá að samþ. þetta frumv.

Mjer dettur ekki í hug að segja, að h. þm. (Guðj. G.) hafi komið fram með þetta frumv. í illum tilgangi; hann hefur þvert á móti álitið sig vinna mikið gagn með því. En jeg verð samt að álíta, að það sje mjög óheppilegt, að vera að koma fram með frumv., sem engin þörf er á. Þegar ekki hefur verið bent á neina galla á lögunum, þá get jeg ekki sjeð neina meining í að fara að breyta þeim. En þó nú einhverjir gallar sjeu á lögunum, þá þarf ekki endilega að fara að semja þau alveg upp að nýju. Þá geta líka læðzt inn nýir gallar, verri en hinir fyrri. En ef lög þykja miður fara í einhverjum sjerstökum atriðum, þá er leiðin sú, að koma með breytingar á þeim atriðum á lögunum, án þess að semja þau um að öllu leyti, og gæti svo stjórnin tekið breytingarnar til íhuganar og samþ. þær eða tekið uppí nýtt lagafrumvarp og lagt fyrir þingið.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Jeg hef ekki miklu að svara h. þm. Rvík (J. Jenss.) upp á það, sem hann sagði í þetta sinn. Hann var að reyna að forsvara gjörðir sínar með því, að búið hefði verið að semja nefndarál. áður en hann vissi af. Það er vitaskuld, því hann skrifaði ekki sjálfur nefndarálitið. Það gætu allir nefnd.m. sagt, að þeir hefðu ekki sjeð nefnd.ál. fyr en búið var að semja það, og þess vegna ekki vitað um fyr en þá, hvað í því stóð, en þeir hefðu ekki viljað vera að koma fram með ágrein.atriði.

En h. þm. Rvík. (J. Jenss.) vissi af breyt.till.; hann hafði sjálfur verið með að semja þær, og hann sagði skrifaranum, að hann væri frumv. meðmæltur í aðalefninu. Það er heldur ekki vanalegt, að sá nefndarm., sem á þátt í öllum breyt.till., sem nefndin fer fram á, snúi allt í einu við blaðinu, og greiði atkvæði á móti frumv. Jeg er h. þm. þakklátur fyrir þann þátt, sem hann átti í samning breyt.till. nefndarinnar, en jeg skil ekki, hvers vegna hann kom ekki með eitthvað af þessum urmul af breyt.till., sem nú eru í höfðinu á honum, meðan nefndin sat að starfi. Þeim hefði þá sjálfsagt verið tekið með þökkum, ef þær hefðu verið til bóta, en úr þessu er hætt við, að þær gjöri ekki annað en tefja fyrir málinu.

Það, sem h. þm. sagði, að maður ætti á hættu, að einhverjir verri gallar slæddist inn í ný lög, heldur en voru í þeim gömlu, á auðvitað við breytingu á öllum eldri lögum, sem vjer þó höfum með höndum á hverju þingi meira og minna. En mjer finnst, að ef það er hætt við, að gallar sjeu á þessu frumv., sem nú hefur gengið í gegnum 2 þing, og verið íhugað rækilega í nefndum á báðum, þá sje líka hætt við, að gallar slæðist inn í stór mál, sem á að flaustra af á einu aukaþingi,

og mjer er kunnugt um, að h. þm. Rvík. (J. Jenss.) hefur verið með því, að koma máli, sem er miklu stærra en þetta, og aldrei hefur verið rætt eða hugsað á þingi fyr, í gegnum þetta aukaþing.

H. þm. vildi, að mjer skildist, draga úr gildi þeirra orða sinna í fyrri ræðu hans um, að jeg gjörði mig sekan í þeim leikaraskap, að koma með mál þetta inn á þingið, án þess að hafa sannfæringu fyrir, að það væri nauðsynlegt, og vildi nú gefa í skyn, að hann vildi ekki staðhæfa slíkt, en þrátt fyrir það hefði jeg ekki átt að koma með málið, fyrst það var ekki nauðsynlegt; en jeg vil spyrja, hvern átti jeg fremur að hafa þar fyrir leiðtoga en mína eigin sannfæringu, og jafnframt sterka og staðfasta von um, að allflestir h. þingm., sem annars nokkuð hugsuðu um málið, mundu hafa hina sömu sannfæringu? Álítur h. þm. þá, að jeg hefði átt að ganga fyrir alla h. þm. og spyrja þá, hvort þeir væru sannfærðir um, að þessi lagabreyting væri nauðsynleg, og ef ekki, hefði jeg þá átt að bíða með að koma með það inn á þing, þangað til allir hefðu verið orðnir sannfærðir um það fyrirfram, og án þess að ræða málið; væri slíkt haft fyrir reglu við allt lagasmíði, þá held jeg það mundi seint vinnast, og væri heldur ekki allsendis heppileg aðferð.

H. þm. (J. Jenss.) áleit rjettara, að breyta lögunum, ef einhverjir gallar væru á þeim, heldur en að semja þau upp á ný. Jú, jeg get mjög vel sett mig í stað þeirra, sem eiga að beita lögunum, og jeg finn það ósköp vel, að það hlýtur að vera þægilegra fyrir dómara, að halda gömlu lögunum, sem hann er búinn að þaullesa og kann upp á sínar tíu fingur, heldur en að fá alveg ný lög, sem hann verður að setja sig inn í.

En jeg verð að álíta, að það sje þægilegra fyrir alþýðuna að hafa stutt og greinileg lög, heldur en gömul og ruglingsleg, sem helmingurinn af er numinn úr gildi og sem mikill hluti af á ekki við nútímann.

Finn jeg svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið að sinni, þar sem engin mótmæli hafa komið fram gegn því, er jeg þarf að svara, og læt jeg því staðar numið að sinni.

Jón Jensson: Jeg ætla að eins að lýsa því yfir, að jeg hefi ásett mjer, þótt h. flutningsm. (Guðj. G.) muni finnast mikið til um, að gjöra mig sekan í þeirri ósamkvæmni, að greiða atkvæði með þeim breyt.till. við frumv., sem mjer þykja vera til bóta, en þó á móti frumv. sjálfu.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal byrja með því að taka það fram, að jeg er sjálfsagt ekki eins kunnugur og hef ekki sett mig eins vel inn í gildandi lög um þetta atriði, eins og h. framsögum. og flutningsm. þessa máls (Guðj. G.). En jeg efast um, að hjer sjeu margir í h. deild, sem eru lögunum um fjárforræði ómyndugra sjerlega kunnugir, enda er það mjög umfangsmikil og viðsjárverð löggjöf, sem gildir hjer. Það getur vel verið, að h. flutningsm. (Guðj. G.) sje kunnugri henni en við, þeir svo kölluðu lagamenn. En jeg skal játa, að á þeim stutta tíma, sem þingið hefir verið saman, hefir mjer enn þá ekki gefizt kostur á að bera þetta frumv., atriði fyrir atriði, saman við hina gömlu löggjöf, en jeg álít það vafasamt, hvort þetta frumv. er að nokkru leyti betra heldur en gömlu lögin. — Að vísu er það styttra og fáorðara og því aðgengilegra, en það er ómögulegt að segja nema það gefi tilefni til engu minni misbrúkunar og vafasemda en hin fyrri löggjöf.

Það er því ábyrgðarhluti fyrir mig

og alla þá, sem þykjast hafa nokkurt vit í þessum efnum, að greiða atkvæði með frumv. þessu, án þess þeir hafi haft tækifæri til að setja sig nákvæmlega og ýtarlega inn í gildandi löggjöf um þetta atriði. Jeg efast ekki um, að h. flutningsm. (Guðj. G.) hefir gert sitt til að setja sig inn í þau og samband þeirra við hina aðra löggjöf landsins, þó að jeg efist mjög um, að hann hafi getað gert það til hlítar, þar sem hann þó ekki er lögfróður maður, og jeg tel það vafasamt, hvort margir h. þingdm. hafa getað gert það á þessum tíma.

Jeg hef nú það fyrir reglu, að greiða aldrei atkvæði með þeim lögum, sem jeg er ekki viss um að eru til verulegra bóta; jeg vil ekki breyta lögum, nema jeg sje sannfærður um, að brýna nauðsyn beri til.

Það er líka varla mögulegt, að einstakir þm. sjeu færir um, að undirbúa jafn-umfangsmikla löggjöf og þessa.

Ef endilega á að fara að breyta gildandi lögum í þessu efni, þá hefði jeg fyrir mitt leyti helzt kosið, að yfirfjárráðum hjer á landi væri háttað líkt og í Danmörku, þar sem það er sjerstök stofnun, »Overformynderiet«, sem ein hefir alla umsjón með ómyndugum og fjárforræði þeirra. Slíkri stofnun álít jeg að hægt væri að koma á stofn hjer, og það er álit mitt, að slíkt fyrirkomulag mundi gefast miklu betur hjer á á landi, heldur en þessi nýju lög h. þm. Strand. (Guðj. G.).

Hvað viðvíkur sparisjóðunum á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, þá álít jeg þá vera mjög lítið tryggari heldur en þeir sjóðir, sem nefndir eru á breyt.-till. á þgskj. 115.

En, sem sagt, jeg held, að ef ætti að fara að smíða ný lög um þetta atriði, þá væri rjett að byggja það á þeirri reynslu, sem fjárstofnun þessi, er jeg minntist á, hefir í Danmörku. Þá ættu hinir ómyndugu ekki á hættu að missa neitt af vöxtunum, og þá gætu þeir fengið fje sitt útborgað á þeim sama degi, sem þeir verða myndugir, án þess að það gangi í gegn um fleiri hendur. Þetta væri gagngjörð breyting, en hitt yrði eiginlega aldrei nema kák við gamla löggjöf, sem er viðsjárvert í mörgum greinum.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Jeg hef ekki mörgu að svara h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.); mótmæli hans voru ekki svo mikil, að jeg þurfi að fara langt út í þau, enda skal jeg játa, að jeg er h. þm. (Guðl. G.) samdóma um margt af því, sem hann sagði, og hefði hann staðið upp og haldið þessa ræðu við 1. umr. málsins, þá hefði jeg verið honum þakklátur fyrir. En að fara að koma með þessi mótmæli fyrst nú við framh. 2. umr. málsins, er lítilla þakka vert. Það hefir enga þýðingu í því tilliti, að mögulegt verði nú að gera breytingu í þá átt, sem hann benti. — En jeg vil viðurkenna, að mjer hefir dottið í hug einmitt þessi sama breyting, sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) tók fram og jeg hefi minnzt á þetta við þingm., raunar ekki á þessu þingi, heldur meðnefndarmenn mína í máli þessu á síðasta þingi; en þeir voru allir þeirrar skoðunar, að málið ætti lengra í land en svo, að til nokkurs væri, að koma með það þá.

H. þm. (Guðl. G.) talaði einnig um, að tíminn væri of stuttur og málið því ekki nægilega undirbúið. Þetta finnst mjer ekki eiga við þau mál, sem, eins og þetta frumv., hefir legið fyrir frá síðasta þingi. Mjer sýnist nægur tími fyrir þjóð og þm. til að íhuga þau mál, sem liggja fyrir milli þinga, og jeg held, að það sje óhætt að treysta því, að h. þm. hafi borið frumv. þetta saman við núgildandi lög um þetta atriði og yfirveg-

að afstöðu þess til hinnar annarar löggjafar landsins.

Jeg hefi þegar gert grein fyrir, af hvaða ástæðum jeg hefi komið fram með frumv. þetta, eins og það nú liggur fyrir með breyt.till., og enginn hefir hrakið þær ástæður mínar. Jeg get því ekki betur sjeð, en að þær hljóti að vera rjettar, úr því að enginn finnur þeim neitt til foráttu.

Þó nú svo væri, að enn þá stórkostlegri breytingar væru nauðsynlegar, þá get jeg ekki sjeð, að þetta sje nein ástæða til að fella þetta frumv., því að það væri hugsanlegt, að ef frv. þetta yrði samþykkt nú á þinginu, þá yrði það einmitt til þess, að stjórnin í Danmörku legði fyrir næsta þing frumv., sniðið eptir dönskum lögum, ef hún væri þeirrar skoðunar, að þörf væri á enn þá gagngjörðari breytingu en frv. þetta fer fram á. En þó henni ekki hugkvæmdist það, þá er þetta að eins eitt fet í áttina, og því ávallt hægt að feta sig lengra fram, ef þörf gjörist.

Jeg get ekki verið þeirrar skoðunar, að sparisjóðirnir á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði sjeu ekki tryggilegri en sparisjóðir eins og þeir almennt gjörast til sveita, þó þeir hafi fengið þessi hlunnindi frá landshöfðingja, — þó jeg að vísu verði að játa, að þeir sparisjóðir sjeu til, sem eru eins tryggilegir. En að fara að tína upp hingað og þangað út um landið þá sparisjóði, sem maður á að trúa í þetta og þetta skiptið, það get jeg engan veginn fellt mig við. — Það er auðvitað, að þeir sparisjóðir, sem staðið hafa í mörg ár, eru tryggari en þeir, sem að eins eru nýstofnaðir. Jeg þekki t. d. einn sparisjóð, sem stofnaður er fyrir 2 árum, og sem ekki eru nema 10 kr. í. Sá sparisjóður mundi strax fara um koll, ef lagt væri í hann svo sem 10,000 kr. af ómyndugra fje, sem hann ekki vissi, hvað hann ætti að gjöra við í bráðina, en sem væri svo tekið út þegar minnst varði.

Jeg skal játa, að það sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) tók fram, er á miklum rökum bygt, en það hefði að eins átt að koma fram fyr. Jeg vona því að h. þingdm. láti það ekki hræða sig frá að samþ. frumv., en hafi það fyrir augum, að þetta er þó að minnsta kosti eitt spor í áttina.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.; 2. breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. samþ. í einu hljóði; 3.—4. breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv. hvor; 2. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. nefndarinnar við 3. gr. samþ. í einu hlj.; 3. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 4. gr. frv. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 6. breyt.-till. nefndarinnar við 5. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 7. breyt.till. nefnd. við 5. gr. samþ. án atkv.greiðslu; 5. gr. frumv. með áorðinni breyt. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 6. gr. frv. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 8. breyt.till. nefnd. við 7. gr. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 9. breyt.till. nefnd. við 7. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 10. breyt.till. nefnd. við 7. gr. samþ. án atkv.greiðslu; 7. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 20 samhlj. atkv.; 11. breyt.till. nefnd. við 8. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 8. gr. frv. með áorðinni breyt. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 12.—14. breyt.till. nefnd. við 9. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv. hver; 9. gr. frv. með áorðn. breyt. samþ. með 20 samhlj. atkv.; 15. breyt.till. nefnd. við 10. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 115 samþ. með 12 : 5 atkv.; 16. breyt.till. við 10. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 10. gr. frv. með áorðinni breyt. samþ. 18 samhlj. atkv.; 17.

breyt.till. nefnd. við 11. gr. samþ. án atkv.greiðslu; 18. breyt.till. nefnd. við 11. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 11. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 12.—14. gr. frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv. hver; 19. breyt.till. nefnd. við 15. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.; 15. gr. frv. með áorðinni breyt. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 16. gr. frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 20. breyt.till. nefnd. við 17. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.; 17. gr. frv. með áorðinni breyt. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 21. breyt.till. nefnd. við 18. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 22. breyt.till. nefnd. við 18. gr. samþ. án atkv.greiðslu; 18. gr. frv. með áorðinni breyt. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 19. gr. frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv.greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um nýbýli (C. 10. 89); 2. umr.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg ætla ekki að halda langa ræðu um þetta mál að þessu sinni. Það er tekið skýrt fram í nefndarálitinu, hvernig nefndin lítur á það, og á hverju hún byggir þær breytingar, er hún hefir stungið upp á að gjöra við frumv., og hefi jeg engu við það að bæta. Jeg óska fyrir nefndarinnar hönd, að breyt.till. hennar verði samþykktar og málinu vísað til 3. umr.

Finn jeg svo ekki ástæðu til að tala fleira, meðan jeg heyri ekki nein mótmæli gegn stefnu nefndarinnar.

Ólafur Briem: Það eru víst allir á sama máli og h. nefnd um það, að tilskipun 15. apríl 1776 sje orðin úrelt, en hitt eru víst sumir í vafa um, hvort þörf sje að setja nokkur lagaákvæði í þessa átt í staðinn. Það virðist líka svo sem nefndin hafi sjálf verið í vafa um það, því hún segir í áliti sínu: »En þar eð enn þá kunna að finnast hjer á landi einstakar eyðijarðir og önnur óbygð pláss, er byggileg eru, en enginn getur helgað sjer sem sína eign, og þar eð svo getur háttað á afrjettum eða almenningum, er sveitafjelög ráða yfir, að þar megi finna býlisstæði, þá hefir nefndin þó álitið heppilegt« o. s. frv. Nefndin staðhæfir ekki einu sinni, að til sjeu á landinu eyðijarðir, er byggilegar sjeu; en ef þær eru ekki til, þá eru svona lög um nýbýli óþörf. Samt virðist ekkert á móti því, að til væru ákveðnar reglur, er eptir skyldi fara, er einhver vildi taka upp nýbýli. Þar á móti er engin ástæða til þess að löggjöfin sje að hvetja menn til að byggja slíkar jarðir. Þær munu varla vera nema í afrjettum, en það er yfir höfuð skaði að byggja þær og þrengja að búpeningi manna. Jeg álít þessvegna nóg, að taka upp í frumv. ákveðna reglu um, hvernig að eigi að fara, er menn vilja taka upp nýbýli, og ákvarðanir um, að nýbýli eigi að vera laus við afgjald, en lengra eigi alls ekki að fara. Jeg er þess vegna á móti ákvæðum 9. gr. frumv., þar sem nýbýlingi eru veittar undanþágur frá almennum skyldum og kvöðum, en get greitt atkvæði með hinum öðrum greinum frumv.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Það er ógn fátt, sem jeg hefi að athuga við ræðu h. varaforseta (Ól. Br.). Það getur verið álitamál, hvort rjett sje fyrir löggjöfina að styðja að upptöku nýbýla, það er undir landsháttum komið, hvort þau eru til skaða eða ekki, enda vildi nefndin fyrirbyggja, að nýbýli yrðu tekin upp í afrjettum, ef það gæti orðið til skaða, og hefir því lagt það til að svo yrði ákveðið, að slíkt mætti því að eins gjöra, að sveitarstjórnir þær, er hlut ættu að máli,

leyfðu það, og sýslunefndin veitti til þess samþykki sitt.

Þá þótti h. varaforseta óviðkunnanlegt að veita nýbýlingum undanþágur frá almennum gjöldum, en það er aðgætandi, að þeir hafa í rauninni engin hlunnindi fram yfir það, sem leiðir af sjálfu eðlinu, sem upptaka nýbýlis hefir.

Sighvatur Árnason: Jeg er í raun og veru á sama máli og h. varaforseti (Ól. Br.), að mest ríði á, að nema úr gildi hina eldri löggjöf um nýbýli. En af því málið er nú komið þetta áleiðis og frumv. nemur hin eldri lög úr gildi, þá get jeg gefið því atkvæði mitt, að minnsta kosti til 3. umr. Það er hættulaust, þó þetta frumv. verði að lögum, en þó með nokkrum breytingum, — þó jeg verði að játa, að það sje í sjálfu sjer óþarfi að búa til lög um nýbýli, sem virðast mundu vera til bóta, því það mun óvíða vera svo ástatt, að það geti komið til mála að reisa nýbýli.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er samdóma þeim h. þm., sem talað hafa um, að hin gamla tilskipun um nýbýli sje orðin úrelt og jafnvel skaðleg, en þá er það líka í sjálfu sjer þarfaverk að nema hana úr gildi. Hitt geta verið deildar meiningar um, hvort þörf er að setja ný ákvæði um þetta efni, í staðinn fyrir hin eldri. En eins og h. framsögum. (Guðl. Guðm.) hefir tekið fram, er svo tryggilega um búið í frv., að svona lög geta alls ekki orðið til skaða, þar sem nýbýli má því að eins taka upp á afrjettum og almenningum, að sveitarstjórnirnar leyfi það, og sýslunefnd veiti til þess samþykki sitt.

Það hafa komið fram mótmæli gegn því, að nýbýlingum væri veittar nokkrar undanþágur frá almennum gjöldum, en það virðist mjer þó ekki óeðlilegt, þar sem þeir, er taka upp eyðijarðir, eiga, að minnsta kosti framan af, við töluverða erfiðleika að stríða fram yfir þá, sem búa á eldri býlum, sem bygð hafa verið frá ómunatíð, og hafa því meira eða minna ræktað land. Jeg vona að h. þingd lofi frumv. að fá framgang með breytingartill. nefndarinnar, því ef svo skyldi fram koma, að ráðlegt þætti að stofna eitthvert slíkt býli á einhverjum stað, þá er óviðkunnanlegt að engin lagaákvæði sjeu til um það.

Sighvatur Árnason: Jeg vil að eins bæta því við það, sem jeg sagði áðan, að jeg er alveg á móti frumv., nema því að eins, að breyt.till. nefndarinnar verði samþykktar.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg vil að eins gjöra þá athugasemd, að 9. till. nefndarinnar er við 9. gr. frv., og bið jeg menn hugsa eptir því við atkv.gr.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. nefnd. samþ. með 20 atkv. samhlj.; 1. gr. frv. þar með fallin; 2. breyt.till. nefnd. samþ. með 20 samhlj. atkv.; 2. gr. frumv. þar með fallin; 3. breyt.till. nefnd. samþ. með 20 samhlj. atkv.; 3. gr. frumv. þar með fallin; 4. breyt.till. nefnd. samþ. í einu hlj.; 4. gr. frumv. þar með fallin; 5. breyt.till. nefnd. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 5. gr. frumv. þar með fallin; 6. breyt.till. nefnd. samþ. með 20 samhlj. atkv.; 6. gr. frv. með áorðn. breyt. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 7. breyt.till. nefnd. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 8. breyt.till. nefnd. samþ. í einu hlj.; 9. breyt.till. nefnd. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 9. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 12 : 2 atkv.; 10. breyt.till. samþ. í einu hlj.; 10. gr. frumv. samþ. með 20 samhlj. atkv.; 11. gr. frv. samþ. með 20 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Kirkjubólshöfn í Stöðvarfirði (C. 63); 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþykkt með 18 atkv. samhlj.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 atkv. samhlj.

Frumv. til laga um æfinlega erfingjarentu (C. 55); 2. umr.

Jón Jensson: Það er fátt, sem jeg hefi að segja um þetta mál, en jeg hefi, satt að segja ekki skilið tilgang frumv. Mjer finnst svo óljóst, hvern tilgang flutningsmenn hafa, er geti rjettlætt það, að bera þetta mál fram í lagafrumvarpsformi. Jeg get skilið, að það sje gott að hvetja einstaka menn til að leggja fje á æfinlega erfingjarentu í Söfnunarsjóði Íslands til að tryggja eptirkomendum sínum fram í ættir einhverja eign. En jeg hefi þó ekki svo fjarska mikla trú á, að það, sem frumv. vill, verði nokkurn tíma eptirkomendunum að verulegu liði. Ættirnar kvíslast svo mjög, að það verður seint neitt verulegt, sem einstakir menn hafa upp úr þessu fje, en jeg yfirlæt meiri reikningsmönnum en mjer, að reikna út vöxt fjárins. Mál þetta er líka komið frá þeim manni, sem fremur öðrum er fær um að dæma í slíkum málum. Hann hefur þess vegna að líkindum rjett fyrir sjer hvað útreikninginn snertir, en jeg rangt. En jeg hefi ekki álitið, að það væri samkvæmt kröfu tímans, að vera að teygja erfðarjettinn lengra út en gjört er nú, enda er það gagnstætt stefnu annara þjóða. En það get jeg skilið, og hefi líka heyrt talað um, að lagður væri skattur á erfðafje manna. Það er góður skatt-grundvöllur, þar sem það er tekjur, sem maður hefur ekki unnið neitt að sjálfur. Það eru tekjur, sem manni eru veittar með lögunum, og er því sanngjarnt, að lögin veiti þeim tekjustraum aptur frá mann[i] í aðra átt. Jeg get, sem sagt, skilið, að menn vildu leggja skatt á erfðafje og verja honum til einhvers góðs, t. d. að menn vildu taka vissar prósentur af hverjum erfðahluta og leggja í sjóð til styrktar ellihrumum mönnum eða góðum fyrirtækjum öðrum.

En jeg er ekki hrifinn af þeirri hugsun, að löggjafarvaldið gjöri sig að fjárhaldsmanni manna vegna afkomenda þeirra í 1000 liðu og gefi út þvingunarlög til að halda fje til þessara óbornu niðja. Jeg vil láta hvern einstakan sjá um sig og sína. Þetta er það, sem jeg hefi að athuga við tilgang frumv., en jeg vil bæta því við, að framkvæmd þessara laga mundi leggja töluverða byrði á herðar vissra embættismanna, sem þegar hafa ærin og vandasöm störf á hendi.

Jón Þórarinsson: Jeg get tekið undir með h. þingm. Rvík. (J. Jenss.), að hættulegt sje fyrir löggjöfina, að fara langt út á þann veg, sem frv. þetta fer.

H. flutningsm. (Þórh. B.) mælti skýrt og skorinort með frumv. þessu, og tók eflaust fram allt verulegt, sem hægt er að mæla því til gildis, en þrátt fyrir ástæður hans gat jeg ekki sannfærzt svo, að jeg gæti gefið frumv. atkvæði mitt.

Þegar jeg lít á ástæður h. flutningsm. (Þórh. B.), þá finnast mjer þær bera vott um, að vandfundin muni vera öflug meðmæli með frv. Fyrsta ástæðan var sú, að frumv. ætti að fyrirbyggja, að mikið fje safnaðist í fárra manna hendur, en hjer á landi er varla svo mikil hætta á því fyrst um sinn, að ástæða sje fyrir löggjafarvaldið, að grípa inn í, til að fyrirbyggja það.

Háttv. flutningsm. (Þórh. B.) tók það fagurlega fram, að við værum sífelt að vinna fyrir eptirkomendurnar og

ættum að gjöra það; þetta er rjett, að svo miklu leyti, sem vjer þá um leið vanrækjum ekki að vinna fyrir yfirstandandi tímann, og það væri synd að segja, að þetta frumv. horfði ekki fram í tímann; það stefnir svo langt fram á við, að eigi er hugsað um börnin í því, heldur fyrst um barnabörnin og barnabarnabörnin; þetta þykir mjer óþörf framsýni, eða að minnsta kosti liggi annað nær. Mjer dettur í þessu sambandi í hug prestur einn, sem offraði sjer »fyrir fólkið« og sem Kirkjublaðið hefur farið lofsorðum um. Um þennan prest var einu sinni sagt, að hann væri góður við alla aðra en konu sína, börn og sóknarfólk. Það væri að vísu gleðilegt til þess að hugsa, að allir væru fæddir til nokkurs fjár, en þó hygg jeg, að framfarir heimsins sjeu ekki síður að þakka þeim, sem fátækir hafa fæðzt, en hinum, sem til auðs hafa verið fæddir. Jeg veit ekki einu sinni, hvort það væri svo æskilegt, að allir fæddust til stór fjár eptir ein 1000 ár hjer frá. Jeg veit ekki, hvort það er svo æskilegt, að hvötin til að berjast fyrir lífinu sje á burtu numin. Það er þessi hvöt, sem svo mjög hefur hert margan í framfarabaráttunni. Með þessu neita jeg þó ekki, að á stundum hafi leitt hamingju af því, að vera fæddur til fjár, þótt hins sjeu allt of mörg dæmin, að arfafje hafi fremur orðið til ógæfu en gæfu. En hinu held jeg fram, að hingað til hefur heimurinn staðizt og tekið framförum, og að tvísýnt sje, að betur muni fara, þótt frumv. þetta verði að lögum.

Jeg játa það, að jeg var ekki búinn að hugsa þetta mál til hlítar, er það var til 1. umræðu, en jeg ímynda mjer, að bæði jeg og aðrir fleiri h. þingm. megum segja, að vjer verðum ekki einu sinni búnir að hugsa það út í æsar á þessu þingi. Jeg tel það því ráðlegt, að það sje ekki samþykkt á þingi í ár; það þarf meiri umhugsun en svo.

H. flutniningsm. (Þórh. B.) nefndi mann, sem hefði hugsað mál þetta og búið það undir; og þótt jeg undirskrifi fúslega öll þau lofsorð, sem hann bar á mann þennan, þá tel jeg það miður heppilegt fyrir þingið, að sverja svo við nafn hans, að samþykkja þau lög, sem hann einn hefir gagnhugsað. Jeg ætlast til þess, að þingmenn skoði og hugsi málið einnig rækilega sjálfir, en jeg þykist ekki höggva of nærri virðingu h. þingm., þótt jeg segi, að þeir muni ekki hafa tíma til, að yfirvega það svo vandlega á þessu þingi, að þeir verði færir um, að greiða fullnaðaratkvæði í því nú.

Ólafur Briem: H. þingm. Rvík. (J. Jenss.) byrjaði mótmæli sín gegn frumvarpi þessu með því, að segja, að hann skildi ekki tilgang þess. Jeg átti ekki von á slíkum ummælum frá eins skörpum manni og hann er, einkum þar sem þetta var svo ljóslega útlistað af h. þm. Borgf. (Þórh. B.) við 1. umræðu málsins. Eins og hver maður getur sjeð, er tilgangur frumvarpsins sá, að tryggja afkomendum í fleiri liðu afmarkaðan erfðarjett eptir forfeður sína, án þess einstakir milliliðir geti sóað öllu erfðafjenu fyrir ráðdeildarskort, og er þannig í beinu samræmi við þá náttúruhvöt, sem býr í brjósti hvers manns, að taka sárt til niðja sinna og vilja að þeim líði vel. Og þó að h. þm. Rvík (J. Jenss.) tæki það skarpt fram, að löggjafarvaldið ætti ekki að skipta sjer af fjárhaldi síðari kynslóða, þá dugir ekki að berja það blákalt fram, með því að allar nytsamar framkvæmdir yfirstandandi tíma, hvort sem þær styðjast við aðgerðir einstakra manna eða eiga rót sína í ályktunum þjóðfjelagsins, hljóta að miða til hagsmuna fyrir komandi kynslóðir, enda

mundi sá hugsunarháttur, að láta sig engu varða um afdrif þeirra, alls eigi leiða til neins góðs og sízt af öllu miða til þess, að gera lífið uppbyggilegra eða ánægjulegra.

H. þm. Rvík (J. Jenss.) lagði áherzlu á það, að slík fyrirmæli sem þau, er hjer ræðir um, ættu ekki að koma fram í lagaformi, heldur ætti þetta að vera samtakamál milli einstakra manna. Jeg skal játa, að ef allir þeir, sem arf láta eptir sig, væru samtaka um, að gera þá ráðstöfun af frjálsum vilja, að nokkur hluti erfðafjárins skyldi leggjast á æfinlega erfingjarentu, þá hefði það auðvitað líkan árangur, og aðal-tilgangi frumvarpsins væri þar með náð. En jeg ímynda mjer, að engum geti í alvöru dottið í hug, að slík almenn samtök gætu komizt á án laga-aðhalds, svo að það er þýðingarlaust, að gera ráð fyrir því.

H. þm. Rvík (J. Jenss.) fann meðal annars frumvarpinu það til foráttu, að þar með væri verið að teygja úr erfðarjettinum, í stað þess, að sú skoðun væri að ryðja sjer til rúms í öðrum löndum, að takmarka ætti erfðarjettinn. Að vísu er þetta rjett athugað, að því leyti, sem frumvarpið miðar til þess, að auka þann arf, er gangi óskertur frá einni kynslóð til annarar; en aptur á móti er gjaldkvöð sú, er frumvarpið leggur á erfðafje, óbeinlínis takmörkun á erfðarjetti einstaklingsins.

H. þingm. Rvík. (J. Jenss.) var því samþykkur, að hækkaður væri erfðafjárskattur sá, sem nú er lögákveðinn; en jeg get ekki betur sjeð en að erfingjarentugjald það, er frumvarpið fer fram á, megi skoða sem nokkurs konar hækkun á þeim skatti, þannig, að í stað $^1/_2$ % erfðagjalds, sem nú er borgað af lífserfingjum og $4^1/_2$ % af útörfum, þá yrðu erfingjarnir, ef frumvarpið yrði að lögum, að borga ýmist $1^1/_2$ % eða $5^1/_2$ % af arfinum.

Það sem h. þingm. greinir nú á við flutningsmenn frumvarpsins snertir því eigi gjaldaukann sjálfan, heldur að eins þá ráðstöfun, sem gerð er fyrir fjenu. Í þessu tilliti tók hann það fram, að hann vildi ekki leggja fjeð í sjóð til að ávaxtast, heldur nota það jafnóðum til einhverra gagnlegra framkvæmda. Þetta lætur að vísu vel í eyrum, en samt er þar við athugandi, að það fje, sem eytt er jafnóðum og það til fellur, fær svo sem engu á orkað móts við sama fjárstofn, ef að hann er látinn ávaxtast um langan tíma. Annars fæ jeg ekki sjeð, að stofnun erfingjarentu með jafn-lágu gjaldi og frumvarpið fer fram á, þurfi að standa í vegi fyrir nokkrum öðrum nytsömum fyrirtækjum.

Enn fremur lagði sami h. þm. mikla áherzlu á það, að frumvarp þetta legði svo mikla byrði á herðar embættismönnum landsins, og hefur hann líklega átt við sýslumenn og bæjarfógeta. Jeg skal benda h. þingm. á, að þessir embættismenn þurfa engin afskipti að hafa af málinu önnur en þau, að innheimta nokkru hærra gjald í dánarbúunum, nefnilega $1^1/_2$ eða $5^1/_2$ % í staðinn fyrir $^1/_2$ og $4^1/_2$ %, eins og nú á sjer stað, og mun þessi viðbót við erfðafjárskattinn ekki nema meiru en 3000 kr. yfir land allt á ári hverju. Það getur verið, að h. þingm. kenni í brjósti um embættisbræður sína, að þurfa að bæta á sig þessari innheimtu, en þegar hún skiptist milli jafnmargra, er auðsjeð, hve afar-lítið kemur á hvern, enda er það næstum hverfandi í samanburði við alla aðra innheimtu, sem þeir hafa á hendi.

Á hinn bóginn mundu ákvæði frumvarpsins auka eigi all-lítið störf sýsl-

unarmanna Söfnunarsjóðsins, en um leið hlyti sjóðurinn að aukast svo, að hann yrði færari um að borga starfsmönnum sínum hæfileg ómakslaun.

Að því er snertir mótbárur h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.), ætla jeg að yfirláta h. þm. Borgf. (Þ. B.) að svara þeim. Hann tók það meðal annars fram, að hjer á landi væri óþarft að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja, að mikill auður safnaðist á einstakra manna hendur, og er jeg á sama máli, jafnvel þó reynslan hafi sýnt það í öðrum löndum, að slíkt auðsafn einstakra manna getur orðið hættulegt fyrir almenning. Um hitt er jeg honum þar á móti ekki samdóma, að hjer á landi sje engin sú örbirgð, sem vert sje að sporna við. Þó hann sjálfur hafi ekki neitt af fátækt að segja, ímynda jeg mjer að flestir aðrir hafi sjeð of mikið af henni, ekki þeirri fátækt einungis, sem gefur mönnum hvöt til að ryðja sjer sjálfir braut í gegnum lífið, heldur einnig þeirri örbirgð, sem dregur kjark úr mönnum og kemur þeim jafnvel til að missa móðinn og leggja árar í bát. Jeg álít, að með frumv. því, sem hjer liggur fyrir, sje stigið spor til að sporna við þessu, og vona að sem flestir verði til að veita því fylgi.

Flutningsmaður (Þórhallur Bjarnarson): H. varaforseti (Ó. Br.) hefir vel og rækilega svarað h. þm. Rvk. (J. Jenss.), en hann eptirljet mjer að svara h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.), sem er nú mikið fljótgjört. Aðalmergurinn í ræðu hans var það, að það væri mönnum fremur til falls en reisnar, ef þeir fæddust til fjár, eða hefðu í byrjun eitthvað handa á milli. Þar er nefnilega gjörsamlega neitað hinni gömlu setningu, að »auðurinn er afl þeirra hluta, sem gjöra skal«. Þó að þess sjeu dæmi, að mikill auður gett orðið æskumanninum til tjóns og bölvunar, þá eru að minni hyggju miklu fleiri dæmi til þess, að góðir kraptar og hæfilegleikar hafi ekki getað náð rjetti sínum og fengið að njóta sín, vegna þess, að »afl þeirra hluta, sem gjöra skal«, vantaði.

Hjer þarf ekki að vera að tala um þúsundir ára og jafnvel ekki hundruð ára, því hin þriðja kynslóð fer að hafa töluvert gagn af því fje, sem hjer er um að ræða. Vjer búum því miður ekki að miklu frá liðnum öldum; en til að sýna, hve gott geti hlotizt af því, að lagt er fyrir handa óbornum kynslóðum, vil jeg minna á einhvern hinn mesta og bezta styrktarsjóð, einmitt hjer hjá oss í Kjalarnesþingi, sem okkur báðum ætti að vera kunnugt um, og sjerstaklega h. þm. K.-G. (J. Þór.). Það var fyrir löngu síðan, á miðri 18. öld, uppi skólameistari, eins og við báðir, h. þm. K.-G. (J. Þ.) og jeg, sem var svo mikill »idealisti«, að hann hugsaði fram í ókomna tímann með því að ánafna aleigu sína, um 8000 rd., til barnafræðslu. Þessi maður var rektor Jón Þorkelsson, sem Thorkilliisjóðurinn nú er kenndur við. Þó að hörmulega hafi verið farið með þenna sjóð hjer fyr meir, þá er hann þó nú um 70,000 kr. og styrkir ein 140 börn til skólanáms árlega. Jeg minnist þess og, að jeg fyrir nokkrum árum heyrði á núverandi biskupi og þáverandi amtmanni, að ástæða væri til, að verja ekki öllum vöxtum sjóðsins árlega, heldur leggja nokkuð upp til aukningar sjóðnum, sem illa mun láta í eyrum h. þm. (J. Þór.).

Hver kynslóð leggur ósjálfrátt upp meira eða minna fyrir hina komandi kynslóð, sje hún ekki í dauða og apturför, og að gjöra það með sjerlegum ákvæðum, hvort það heldur heitir »legat«, eða æfinleg erfingjarenta, sýnist

ekkert viðsjált. Bara að það sje tryggilega um það búið og komi þeim til góðs, sem ætlað er.

Hvort slík ákvæði, sem frumv. þetta felur í sjer, heyrir undir löggjafarvaldið, getur verið álitamál; jeg fyrir mitt leyti skoða það sem föðurlega umhyggju fyrir framtið landsins barna, og þeir, sem þekkja til lagasetningar annara þjóða, munu kannast við, að hin »föðurlega löggjöf« færist jafnan í vöxt.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) tók það fram í ræðu sinni, að fáir væru færir um að greiða atkvæði um þetta frumv. á þessu þingi. Því get jeg ekki verið honum samdóma um; málið er þó fremur einfalt.

En eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, þá var tilgangur okkar flutningsm. alls eigi sá, að frumv. yrði að lögum á þessu þingi; það er mjög nýstárlegt og þess eðlis, að það getur vel beðið, því það á að gjöra gagn í fjarlægri tíð. Í þetta sinn vildum við fá að heyra undirtektirnar og agnúana á frumv. Þessar umræður vekja enn betur eptirtekt almennings á málinu, og hefir málið sjálft ekki nema gott af því.

Pjetur Jónsson: Mig langar til þess að geta stutt tilgang þessa frumv., ef jeg væri fær um það, og þess vegna vil jeg leyfa mjer að gera fáeinar athugasemdir við mótbárur þær, sem komið hafa gegn því.

Hin fyrsta mótbára, sem vert er að svara, var sú, að með þessu móti gæti myndazt hættuleg stefna í löggjöfinni, ef löggjafarvaldið ætlaði að fara að taka sjer vald yfir eignum manna. Jeg álít rjett, að hafa gætur á þessari stefnu. En þó jeg álíti þá stefnu geta orðið skaðlega, að hlutast til um athafnir einstaklinganna, þá vil jeg þó nefna eina ástæðu, sem knýr til þess. Það er nefnilega 52. gr. stjórnarskrárinnar. Hún hljóðar svo: »Sá sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skylduómagi annars manns, skal hann eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði«. Þetta er eitt af frumtökum þeirra laga, sem við eigum að lifa eptir. Það munu nú margir segja, að þetta sje ekki skylt mál; en mjer finnst, að þýðingar þeirra renni saman. Mjer er gjört að skyldu að taka úr vasa eins nokkrar krónur til framfæris öðrum. Þess vegna finnst mjer eðlilegt, að tryggja einstaklinginn með einhverju góðu og skynsamlegu móti, ekki síður þann, sem farið er ofan í vasann á, heldur en hinn. Og jeg get ekki annað álitið en að þetta frumv. miði í þá átt.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) talaði í þá átt, að þetta væri sama og að hafa afskipti af fjárforræði ómyndugra, ófæddra kynslóða. Eða jeg skildi hann svo. En mjer datt í hug, að jafnframt yrði að líta á það, að syndir feðranna koma fram á börnunum í fleiri liðu, og þess vegna er það brýn skylda gagnvart hinum ófæddu, að arfleiða þá einnig að einhverju gagnlegu. Fyrir mjer vakir það, að ef þessi sjóður hefði verið stofnaður fyrir 100 árum, væri hann orðinn stór og margir ættu tilkall til hans; mundi hann vera talinn mikil blessun fyrir land og lýð, og margir mundu blessa þá hina hyggnu forfeður.

Sami h. þm. (J. Þór.) tók fram, að það gæti verið varhugavert, að nema burtu hvatirnar til að berjast fyrir lífi sjálfs sín. En hjer er öllu óhætt; það er nóg eptir. Jeg sje ekki, að hjer sje um slíkt að tefla. Jeg skal taka dæmi. Jeg hugsa mjer 2 menn. Annar syndir straumvatn; hann berst fyrir straumi

og hefir nefið — að eins nefið — upp úr; en annar er á báti. Báðir berjast þeir við strauminn; en sá er munurinn, að annar hefir árar og bát, en hinn vantar hvorutveggja. Jeg skil ekki betur en að frumvarpið fari að eins fram á það, að leggja ókomnum kynslóðum til bát og árar, til þess að bjarga sjer á lífsins sjó. Jeg skil ekki í, að þær hafi síður hvatir til að berjast fyrir lífinu, þótt þær hafi bát og árar, heldur en ef þær hafa að eins nefið upp úr.

Jón Þórarinsson: Það er fjarri mjer að vilja vekja deilu um þetta efni; því það stendur alveg á sama, þó þetta frumv. verði samþykkt hjer í deildinni; það verður þó tímans vegna að daga uppi. En með þeim orðum, sem jeg hef talað um málið, vildi jeg vekja athygli manna á því, að það þarf ýtarlegrar skoðunar við, sem ekki verður hlaupið að á stuttum tíma.

H. varaforseti (Ól. Br.) tók það fram, að nauðsynlegt væri, að fyrirbyggja þá fátækt, sem dregur kjark úr mönnum til framkvæmda og til þess að brjótast gegn um lífið. Jeg er samdóma honum um það; en eptir mínu áliti, þá er það hreint ekki víst, að þetta frv. nái þeim tilgangi.

H. þm. Borgf. (Þórh. B.) gjörði mjer og öðrum það til skemmtunar, að víkja svolítið við orðum mínum og fá svo allt annað út úr þeim en í þeim lá.

H. flutningsm. (Þórh. B.) kemur mjög vel saman við mig um það, að peningar sjeu »afl þeirra hluta sem gera skal«. En okkur greinir á um það, að hve miklu leyti þetta frumv. er heppilegt ráð til að safna fje; okkur greinir á um það, hve langt löggjafarvaldið á að fara í því, að hafa afskipti af fjárhaldi einstakra manna.

H. flutningsm. (Þórh. B.) jafnaði saman tilgangi þessa frumv. við dánargjafir; en þetta tvennt er svo ólíkt, að ekki verður saman jafnað. Þetta frv. hefir þann tilgang, að safna fje, eins og h. flutningsm. (Þórh. B.) sagði, til þess, að sem flestir fæðist til fjár. Þeir sem til fjárins fæðast, eru sjálfráðir um það, hvernig þeir verja því. Dánargjöfin er fje lagt fram í ákveðnu augnamiði, og þar er trygging fyrir því, að fjeð komi eptirkomendum gefanda að gagni.

Það sem jeg hef sagt um þetta mál átti fremur að vera hvöt til grandgæfilegrar íhugunar á því, heldur en andmæli til að kasta því, og kom það til af því, að mjer virtist svo, sem hjer væri hætt við, að deildin særi við orð meistarans, í stað þess að rannsaka sjálf.

Sighvatur Árnason: Jeg get að vísu verið frumvarpi þessu að nokkru leyti samþykkur, en að nokkru leyti ekki. Jeg álít, að það sem frumv. fer fram á, sje á vissan hátt athugavert. Jeg vil leyfa mjer að benda mönnum á það, að hjer er um allt annað mál að ræða en skattamál; þetta mál á ekkert skylt við þau að mínu áliti. Jeg fyrir mitt leyti er í miklum efa um það, hvort þingið eigi með að gefa sig nokkuð við þessu máli. Það er allt annað, þótt þingið semji lög viðvíkjandi þeim málum, er snerta skattamál; til þess hefir þingið fullan rjett, en hjer er öðru máli að gegna, máli, sem ef til vill snertir eignarrjett einstaklingsins. Löggjafarvaldið kæmi þannig til að ráða yfir parti af eign einstaklingsins og taka hlutdeild í ráðstöfunum því viðvíkjandi. Það var sjerstaklega þetta atriði, sem vakti fyrir mjer og er orsök til þess, að jeg vil ekki að frumv. gangi fram á þessu þingi. Vjer verð-

um líka að gæta að því, að þetta mál er nýmæli bæði fyrir þingið og þjóðina. Þess vegna finnst mjer rjettast, að ekkert sje afráðið um það á þessu þingi, heldur geymt til næsta þings, svo að þjóðinni gæfist kostur á því, að kynna sjer það og láta álit sitt í ljósi því viðvíkjandi. Vjer verðum líka að gæta þess, að þingtíminn er stuttur og því ekki rjett, að taka fyrir fjölda vandamála. Mjer fyrir mitt leyti finnst því málið ekki geta gengið fram á þessu þingi, þrátt fyrir það, þótt ýmsir h. þingdm. gætu gefið góðar bendingar og upplýsingar málinu viðvíkjandi. Eins og jeg hefi tekið fram, er málið vandamál mikið og þarf því nákvæmrar íhugunar við. Jeg vil gjarnan gefa þessu máli atkvæði mitt til næstu umræðu, og mjer hefir dottið í hug, að heppilegt væri að nefnd væri kosin í málið, en vil þó ekki stinga nú þegar upp á því, til þess, að taka ekki fyrir umræðurnar.

Flutningsmaður (Þórhallur Bjarnarson): H. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) tók það fram í ræðu sinni, að það væri ekki rjett, að taka fje frá nútímanum og leggja það til hins ókomna; það væri ekki víst, hvaða gagn það gjörði; það gæti allt saman farið forgörðum. Viðvíkjandi þessu vil jeg leyfa mjer að taka það fram, að það er þó með æfinlegri erfingjarentu full trygging fyrir því, að það eyðist ekki, því að það geta að eins orðið renturnar, sem illa er varið, eða sem eyðast, en höfuðstóllinn er jafnan ósnertur.

Jeg þekki nokkur dæmi til þess, bæði hjer á Suðurlandi og á Norðurlandi, að barnabörn stórríkra manna eru orðin þurfamenn. Kannske aumustu bjálfar sveitarinnar. Hefði nú verið lagt á æfinlega erfingjarentu eitthvað svolítið úr dánarbúi afaforeldra þeirra, þá ættu þeir hinir sömu nú, þrátt fyrir eyðslusemi eða óhöpp foreldra þeirra, dálítið árlegt vaxtafje, dálítinn styrk, sem kannske hefði fleytt þeim yfir voðann, þegar neyðin sverfur að, kjarkurinn bilar, og flúið er á náðir sveitarinnar og allar árar lagðar í bát, eins og h. þm. S.-Þing. (P. J.) líka vjek að í sinni ræðu. Við erfingjarentuna varðveitist og eykst höfuðstóllinn, þrátt fyrir eyðslu eins ættliðar.

H. 1. þm. Rangv. (S. Á.) tók það fram, að ekki væri rjett, að löggjafarvaldið legði nokkurt hapt eða gripi inn í eignarrjett einstaklingsins; slíkt væri ófrelsi. En því er að svara, að það sem þetta frumv. fer fram á, er hið sama og daglega á sjer stað í allri lagasetning. Öll lagasetning er meira og minna hapt á frelsi og eignarrjetti einstaklingsins til heilla fyrir almenning. Hjer er að eins í enn ákveðnari mynd en almennt gjörist hugsað fyrir hinum ókomna tíma. Hjer ber aðallega að líta á hina praktisku hlið þessa máls. Hjer á að reyna að koma því svo í kring, að fje, sem dugandi menn hafa með súrum sveita aflað, varðveitist að nokkrum hluta afkomendum þeirra, þótt einn eða fleiri haldi illa á. Jafnframt því stefnir frv. að sívaxandi þjóðþrifum og þjóðheill við slíkt sívaxandi fjársafn í landinu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg fyrir mitt leyti hef ekki miklu hjer við að bæta, er geti verið máli þessu til sjerstaks stuðnings. Málið sjálft ber það með sjer, að tilgangurinn er góður og á heppilegum grundvelli bygður, og mundi hafa góðar afleiðingar, nái það framgöngu.

H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) áleit, að löggjafarvaldið næði eigi hjer til; það hefði ekki leyfi til, að leggja nokkur höpt á eignarjett einstaklingsins; hann taldi því þetta mikið vafamál; en jeg get ekki fallizt á þá skoðun h. þm. Jeg skal geta þess í sambandi við þetta,

að Einar sál. í Nesi, sem við margir þekktum, átti einu sinni hjer á götunum bæjarins tal við sjer eldri þingm. Og eldri þingmaðurinn sagði, að þingið ætti ekki með að gjöra það og það, sem þeir voru að tala um. Þá sagði Einar: »Hvað er það sem að þingið ekki hefur leyfi til að gjöra? Það hefur leyfi til að gjöra hvað sem því sýnist«. Svo er og með þetta mál; mjer finnst þingið hafa fullt leyfi til þess, að leggja þessa kvöð á. Jeg álít líka, að þetta geti ekki orðið tilfinnanlegt fyrir hlutaðeigendur, en getur þó orðið mjög gagnlegt í framtíðinni. Það getur verið rjett, sem h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) sagði, að þetta mál væri vandamál, og að almenningur ekki skildi það; en reynslan mun bezt sýna á sínum tíma, þegar hennar dómur er tilbúinn, að það er ekki á sandi bygt. Það er líka rjett, sem sami h. þingm. minntist á, að margir hafa hafið sig upp og orðið nýtir menn, þótt þeir hafi byrjað bláfátækir og ekki verið bornir til fjár; en jeg skal geta þess, að fátæktin hefur þó ekki svo lítið að segja. Barnið sem fætt er sem við segjum af móðurinni út á sveitina, getur haft marga góða hæfilegleika, já, eins góða og hitt, sem borið er til arfs og auðs; en einmitt vegna fátæktarinnar verður ekkert úr þeim góðu hæfilegleikum. Reynslan hefur sýnt þetta með ótal dæmum. Þeir eru margir, sem hafa fæðzt í fátækt og dáið í fátækt, sem hefðu getað orðið mjög gagnlegir menn, sjálfum sjer og þjóðfjelaginu, hefðu þeir haft nægilegt fje til umráða. Hversu mörgum góðum gáfum höfum vjer ekki einmitt tapað fyrir fátæktina? Til þessa eru ótal dæmi. Eptir því sem jeg skildi þm. þá álítur hann fátæktina betri, meiri tryggingu fyrir meiri menningu. Hann gat þess líka, að það væri engin trygging fyrir því, hvernig þessu samansafnaða fje yrði varið í framtíðinni. Hjer er einmitt sú trygging, að arfinum, höfuðstólnum verður ekki sóað út. Þingm. færir málinu það til foráttu, að nægar upplýsingar og tryggingu vantaði fyrir því, hvernig þeim verði varið síðar meir, og því geti það ómögulega gengið í gegn á þessu þingi.

H. framsögum. hefur nú nýlega svarað þessu og tekið það greinilega fram, að hann ekki vænti að málið gangi fram á þessu þingi, svo jeg skal ekki fara neinum orðum um það.

Guðlaugur Guðmundsson: Það mun vera dálítið varhugavert fyrir mig, að vera að blanda mjer inn í þetta mál. Það er svo lagað, að menn þurfa nokkuð sjerstaklega þekkingu til þess að geta dæmt til hlítar um ýms atriði þess; en af því að mjer þykir stefna frum. æði-varhugaverð, þá finn jeg þó ástæðu til að mæla móti henni.

H. flutningsm. (Þórh. B.) kom með þá ástæðu, málinu til gildis, að þetta gæti orðið til þess að fyrirbyggja fátækt á komandi tímum, og til þess að hin komandi kynslóð fæddist til peninga. Ja, mjer lá við að segja: »stórir ríða þeir í skörðunum« — að tilgangurinn væri ekkert smáræði! En þegar jeg svo athugaði þennan 1% í frumv., þá þóttist jeg geta sjeð fram á, að þessar afleiðingar frumv. mundu liggja æðilangt inni í framtíðinni. Tímarnir geta breytzt, mannfjelagsskipunin getur orðið önnur, og vjer getum alls eigi reiknað út, eða gjört oss hugmynd um, hvernig þetta þá mundi horfa við tímanum.

H. framsögum. sagði, að frumv. horfði til framtíðarinnar, og vjer ættum að vinna fyrir hana. Þetta er mikið satt; en vjer eigum líka að vinna fyrir nútímann, fyrir sjálfa okkur, og þá sem okkur standa næstir. Það er góð regla að »líta sjer nær«, ef »þar liggur í göt-

unni steinn«, og það er víst enginn, sem ber á móti því, að hjer liggja margir steinar í götunni rjett hjá manni. Jeg álít það vitið meira, að bæta fyrst úr því sem brýnust nauðsyn er til. Jeg hygg, að frumv. gjöri lítið gagn, þar sem upphæðin er svona lítil. (*Þórh. Bj.*: Hálf miljón eptir 50 ár). Það getur nú verið; en h. heiðraði flutningsm. hefur ekki gjört grein fyrir þeim áhrifum, sem framlíðandi tími að öðru leyti kann að hafa; þau geta verið mjög mikil. Gildi peninganna er mjög breytilegt. Hálf miljón hefur ekki sama gildi eptir 50 ár og hún hefur í dag. Stefna frv. frá þessu sjónarmiði virðist mjer því ekki vera sem heppilegust.

Jeg fyrir mitt leyti álít ekkert varhugavert við það, að þessi takmörkun sje lögð á rjett erfingjans, er stendur til erfðanna, að hann borgi 1%; en, það er ekki rjett að skerða arfleiðslurjett þess manns, sem arfurinn fellur eptir; það verður þó allt af að vera viðurkennt.

Annars skal jeg ekki að sinni fara hjer fleirum orðum um það sem h. framsögum. sagði, að með þessum 1% gætu miklir peningar safnazt fyrir þjóðina; jeg fyrir mitt leyti get nú ekki sjeð það. Jeg fyrir mitt leyti gæti miklu fremur gengið inn á að leggja á hærra erfðafjárgjald til landssjóðs, þegar arfur tæmist útörfum; arfarjettur slíkra manna stendur ekki á svo eðlilegum eða sjálfsögðum grundvelli, að honum ekki megi raska, og þá gæti þetta fje strax orðið að notum, í stað þess að verða bundinn og dauður fjársjóður á þessari æfinlegu erfingjarentu og mjer þætti þá í rauninni rjettast, ef slíkan skatt ætti að leggja á, að gjaldið væri ekki 1%, heldur 25%—50%. Hjer verður annaðhvort að vera heilt eða ekki; sje upphæðin sárlítil, þá er ekkert gagn að henni. Mjer finnst athugasemdir þeirra, sem hafa haldið málinu fram, vera bygðar í lausu lopti; það getur nú verið, að mínar athugasemdir sjeu það líka, en jeg vil ráða mönnum til að hugsa sig vel um áður en þeir greiða atkvæði með málinu.

Þórður Guðmundsson: Það hafa margir h. deildarmanna sagt, að þeir gjörðu ekki betur en svo að skilja frv., og að það væri vandamál. Þetta getur nú verið að sje satt. Jeg skal játa það, að jeg er ekki handviss að skilja það út í yztu æsar, en jeg er þó sannfærður um, að tilgangurinn með þessu frumv. er góður, og hafi mikil hyggindi í sjer fólgin, og þó það tímans naumleika vegna nái ekki að ganga fram á þessu þingi, álít jeg það þess vert, að ræða það. Það er sannarlega sorglegt, að þegar börn taka við stórfje eptir foreldra sína, er þau hafa aflað sjer með atorku og dugnaði í súrum sveita, að því skuli verða sóað svo, að ekkert sjáist eptir af því eptir stuttan tíma. Jeg skal játa það, að langt verður þangað til að þetta fyrirhugaða fje kemur til brúkunar; en betra er seint en aldrei. Að þingið hafi ekki leyfi til að leggja þess kvöð á, er ekki rjett; eins og það hefir rjett til að semja erfðalög, og erfðalögin komin frá því, eins hefir það og rjett til að gjöra breytingar við erfðalögin. Jeg er samdóma h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að frumv. kemur nokkuð seint hjer inn á þingið. Það gæti vel verið, að það væri heppilegt að erfðafjárskatturinn væri hækkaður, en hjer er um svo litla upphæð að ræða, þar sem það er 1%, þá munar engan um það. Yfir höfuð að tala er jeg mikið með málinu, og vona að það nái fram að ganga sem fyrst.

ATKV.GR.: 1. gr. (þgskj. 62.) samþ. með 17 : 1 atkv.; 2.—4. gr. (þgskj. 62.)

samþ. með 16 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv.greðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 : 1 atkv.

Átjándi fundur, þriðjudag 21. ág. kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frumv. til laga um löggilding fjelags með takmarkaðri hluthafa ábyrgð, rjettindi þess og skyldur til að halda uppi siglingum milli Íslands og útlanda og í kringum strendur Íslands, og til að leggja járnbrautir á Íslandi o. fl. (C. 114, 121, 126, 128, 130); 3. umr.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Þetta mál hefir verið rætt svo mikið, að jeg finn ekki ástæðu til að fara nú um það mörgum orðum. En það eru fram komnar ýmsar breyt.till. við frumv., eins og það var samþ. við 2. umr., og vil jeg minnast lítið eitt á þær.

Breyt.till. á þgskj. 113 undir 1. tölul. við 42. gr. frumv. miðar til að gjöra það ljóst, að landssjóður eigi að greiða fjelaginu 50,000 kr. til járnbrautalagningar einnig árið 1925, en í frv. stóð: »þangað til árið 1925«, svo ekki var ljóst, hvort það ár skyldi talið með. 2. breyt.till. á sama þgskj. er að eins til skýringar.

Þá er 3. breyt.till. á sama þgskj., sem fer fram á, að eptir ákvæðið um að fjelagið hafi fyrirgjört rjettindum sínum, ef öll brautin verður ekki fullgjör og ferðir hafnar á henni áður en sjö ár eru liðin frá því lögin öðlast gildi, verði bætt inn: »Sama er, ef reglulegar lestaferðir leggjast niður á brautinni eptir þann tíma«. Þetta þykir nefndinni tryggilegra, til þess að það verði ljóst, að fjelagið missi öll sín rjettindi, einnig tillagið til skipaferðanna, ef ferðirnar leggjast niður á brautinni.

Þá kemur sú breyt.till. sem mesta þýðingu hefur, en hún er sú, að aptan við 42. gr. bætist nýir liðir þess efnis, að fjelagið taki líka að sjer skipaferðirnar gegn 50,000 kr. tillagi á ári.

Það væri undarlegt, ef þessi tillaga mætti sjerlegri mótstöðu, þar sem veitt hefir verið áður eins mikið og meira fje fyrir skipaferðirnar, sem þó hafa verið svo óhaganlegar í öllu tilliti, eins og allir vita. Hjer eru þó boðnar 18 ferðir milli Liverpool og Íslands, á stóru, hraðskreiðu skipi, auk haganlegra strandferða. Jeg ímynda mjer, að þetta ákvæði hafi ekki verið fellt við 2. umr., af því menn sæju ekki hinn mikla mun á þessu, heldur af því, að mönnum hafi þótt tíminn of langur. Nefndin stingur upp á, að fje þetta skuli veitt fjelaginu að eins um 20 ár, þar sem eptir frumv. átti að veita það um 30 ár. Munurinn er 10 ár, og í peningalegu tilliti ekki svo lítill, þar sem hann er ½ miljón. Nefndin telur reyndar mjög óvíst, hvort fjelagið geti gengið að þessum kjörum, en heldur að það sje þó kannske ekki frágangssök, með því öll líkindi sjeu til þess, að þegar þessi 20 ár sjeu liðin, þá vilji landsmenn ekki missa þessar ferðir, og gjöri því nýja samninga við fjelagið. Við þessa breyt.till. eru fram komnar 2 aðrar breyt.till., og er önnur þeirra frá meiri hluta nefndarinnar, þess efnis, að því ákvæði sje bætt inn, að alþingi ákveði viðkomustaði strandferðaskipsins, en fjelagið ráði að öðru leyti ferðaáætlun þess. Þessu gleymdi nefndin úr tillögu sinni, en það ákvæði var samþykkt við 2. umr. í hinu upprunalega frumv., og er því líklegt að það mæti ekki mótstöðu nú.

Þá er að minnast á breyttill. á þgskj.

122, þar sem h. 2. þm. Árn. (Þorl. Guðm.) vill færa tímann niður í 15 ár. Að þessari tillögu getur nefndin með engu móti gengið, þar sem hún sjálf fór það ýtrasta sem hún mátti, er hún rjeð til að færa tímann niður í 20 ár. Það eru að eins líkindi, en ekki meira, til, að fjelagið geti gengið að 20 ára tímanum, en alls engin líkindi til að það gangi að 15 árum, hvað þá færri, t. d. 10 árum, eins og h. þm. Eyf. (J. J.) hefir stungið upp á. Slíkt er alveg óaðgengilegt fyrir fjelagið. Það getur ekki lagt út í að byggja skip, er sjeu hentug til slíkra ferða, nema fyrir nokkuð langan tíma. Þess ber líka að gæta, að það þarf líka að byggja bryggju eða dokk, og eru áætlaðar til þessa 300,000 kr. Í þetta verður ekki ráðizt nema fyrir langan tíma. Það er því alveg sama sem að fella frumv. að samþykkja þessar breyt.till., enda er ekki gott að sjá, að þær sjeu bornar fram í öðrum tilgangi en að eyðileggja málið. Nefndin þykist með sínum breyt.till. hafa þröngvað svo kostum fjelagsins, að ekki sje gjörlegt að fara lengra.

Þá er breyt.till. frá allmörgum h. þingdm. á þgskj. 118, þess efnis, að höfuðstóll fjelagsins skuli vera 6 miljónir króna, og fjelagið hafa leyfi til að auka hann upp í 10 miljónir króna. Í frumv. eins og það var samþ. við 2. umr. er ákveðið, að höfuðstóllinn skuli vera 4 miljónir, en þar sem hann var ákveðinn 6 miljónir í hinu upprunalega frumv., sem samið var af sjálfum hvatamönnum fjelagsins, þá hefir nefndin ekkert á móti þessari breytingu.

Loks skal jeg minnast á breyt.till. á þgskj. 125, frá h. þm. Húnv. (B. Sigf.). Hann vill láta bæta því ákvæði inn í frumv., að alþingi ákveði ferðaáætlun fyrir strandferðaskipið fyrir hvert fjárhagsár. Þessa breyt.till. verður nefndin að álíta alveg ópraktiska; það hefir fullkomlega sýnt sig á undanförnum þingum, að það er alveg ópraktist, að þingið fáist við að semja ferðaáætlanir strandferðaskipanna. Slíkt er hægra fyrir »forretnings«-menn, sem slíku eru vanir, en alþingi, sem hefir svo mörgu öðru að sinna. Það er að nefndarinnar áliti fulltryggilegt, eins og hún hefir stungið upp á, að skuldbinda fjelagið til að halda ferðunum stöðugt áfram kringum landið frá 15. febrúar til 15. nóvember ár hvert. Því bæði má ganga að því vísu, að fjelagið muni haga ferðunum eptir flutningaþörfinni, sem það sjálft hefir mestan hag af, og svo er þess að gæta, að, ef fjelagið heldur ekki stöðugt áfram ferðunum þennan tíma, þá er það samningsrof.

Þorlákur Guðmundsson: Af því jeg hefi leyft mjer að koma fram með dálitla breyt.till. við till. nefndarinnar, skal jeg leyfa mjer að tala fáein orð. Breyt.till. er á þgskj. 122, og þess efnis, að í staðinn fyrir tuttugu ár komi: »fimmtán ár«. H. framsögum. (V. G.) hefir lýst því yfir, að nefndin geti ekki gengið að þessari tillögu minni. Nefndin hefir nú fært tímann niður í 20 ár, og er það mikið stig frá því, sem áður var, þar sem tillagið var bundið við 30 ár, og yrði frumv. því að mun aðgengilegra, ef þessi breyt.till. nefndarinnar yrði samþykkt. Jeg miðaði mína breyt.till. sjerstaklega við tvennt í frv., en einkum þó við það ákvæði 48. gr., að fimmtán árum eptir að lögin öðlast gildi, hefir stjórn Íslands rjett til að kaupa járnbrautir og skip fjelagsins og önnur flutningatæki. Mjer þótti þess vegna óviðfeldið, að gjöra samning við fjelagið fyrir lengri tíma en þetta. Færi nú svo, að þetta kæmist á, og hinar góðu vonir meðmælenda þessa fyrirtækis rættust, og landsmenn og fjelagið kæmu sjer vel saman, þá virðist

mjer engin hætta á því, að samningar yrðu ekki framlengdir. H. framsögum. og flutningsmenn málsins hafa gert ráð fyrir, að ekki yrði auðið að fá betri kosti, að því er skipaferðir snertir milli landa, og á því má byggja þá ætlun, að ekki geti hjá því farið, að samningarnir verði lengdir til fleiri ára, þegar þau ár eru liðin, sem þingið kemur sjer saman um nú. Það, sem margir mótmælendur þessa máls leggja einna mesta áherzlu á, er það, hvað samningurinn á að standa lengi, og jeg segi fyrir mig, að frumv. verður aðgengilegra fyrir mig, ef hann er bundinn að eins við 15 ár. En það er fleira, sem gjörir, að jeg er hikandi í þessu máli, og þá sjerstaklega undirbúningurinn. Skal jeg í því tilliti taka til dæmis, að það er ekkert fast-ákveðið um stefnu brautarinnar austur. Mjer er óskiljanlegt, ef á sama stendur, hvar hún liggur, hvort hún liggur með fram akbrautunum eða annarsstaðar. Að mínu áliti ætti hún að liggja ofar í Árnessýslu, þar sem samgönguþörfin er meiri; það mundi líka borga sig betur fyrir fjelagið, heldur en ef hún lægi við hliðina á akbrautunum, auk þess, sem það að öðru leyti gæti verið mörgum annmörkum bundið, að leggja járnbraut, sem ekkert má berast inn á, við hliðina á eða yfir hinar nýju akbrautir.

H. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) mælti betur með þessu fyrirtæki við 2. umr. en flestir aðrir; en hann var á móti því, að leggja járnbrautina austur um Árnessýslu, og beindi yfir höfuð orðum sínum mjög að þessu kjördæmi. Hann vildi byrja á að leggja járnbraut norður um land, en ekki austur. Þetta er að mínu áliti óhyggileg uppástunga, enda mun hún aldrei verða samþykkt eða önnur slík. Verði einhvern tíma ráðizt í tilraun í þessa átt, þá verður hún gjörð austur á bóginn, einmitt um Árnessýslu. Hann hugsaði sjer, að brautin norður yrði lögð frá Reykjavík, kringum Hvalfjörð og upp í Borgarfjörð, en óvíða mun minni þörf á samgöngubótum en einmitt þessa leið, sem alstaðar liggur við sjó. Það er þó nokkru öðru máli að gegna, að leggja brautina frá Akranesi upp Borgarfjörð, en þó mundi heppilegast frá Borgarnesi. En jeg hygg, að engum muni þykja glæsilegt, að leggja þessa norðurbraut.

H. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) talaði mörg orð við 2. umr., sem alls ekki komu málinu við, og sem jeg get því að mestu leyti gengið fram hjá. Sízt ætla jeg að fara að kasta hnútum út úr því, hvaða kjördæmi landsins sjeu bezt eða horfi til mestra framfara, eða tölu þurfamannaheimila og þurfamanna í heildinni. Jeg gjöri lítið úr því, sem skýrslur upplýsa í því tilliti. Það er lítið að marka tölu þurfamanna eptir slíkum skýrslum, því ef sjóþorp eru í sýslunni, þá er hætt við, að þurfamenn sjeu þar margir, þó að velmegun sje að öðru leyti í sveitunum, þegar litið er til fjáreignar sveitarfjelagsins í heildinni, og eðlilega fjölga þurfamenn og þurfamannaheimili, og ekki sízt í mannmörgum hjeruðum, þegar árferðið er hart, en aptur á móti fækkar, þegar í ári batnar. Hann var eitthvað að tala um, að Árnesingar vildu fá allt gefins. Jeg veit ekki, hvað hann hefur meint með þessu. Sjálfsagt hafa þeir þegið af guði það, sem þeir eru, bæði til sálar og líkama, en að þeir hafi verið upp á mennina komnir fremur en aðrir landsmenn, það kannast jeg ekki við. Jeg ímynda mjer, að hann hafi meint, að þetta hjerað hafi fengið mikið til samgöngubóta, en jeg vona, að enginn verði til að ámæla þinginu fyrir það fje, sem það hefur lagt fram til samgöngubóta þar eystra fremur en ann-

arsstaðar, þar sem það engan veginn hefur verið meira en það, sem gengið hefur til margra annara hjeraða, svo sem þeirra, er strandferðirnar koma að notum.

Þá var hann eitthvað að tala um, að vænta mætti, að af þess færu að sjást einhver merki, að sýslan hefði fengið svona góðar samgöngur; en þess er engin von, þegar rjett er aðgætt, að þessar bættu samgöngur hafi verkað enn svo mjög á sýsluna, þar sem þær eru alveg nýjar. Ölfusárbrúin kom fyrst 1891, og er nú verið að leggja veginn yfir Hellisheiði og að brúnni.

Skal jeg svo ekki fara lengra út í þetta mál.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg talaði við framhald fyrstu umræðu í þessu máli, og tók þá glögglega fram mína skoðun á frumv., eins og það þá lá fyrir; nú er jeg alveg sömu skoðunar og áður, og hef því í rauninni engu að bæta við það, sem jeg sagði þá, en jeg stóð upp til þess, að taka það fram, að í umræðum um málið síðan hafa engin þau atriði komið fram, sem hafi hrakið það, er jeg þá sagði, við framhald 1. umr.

Aðal-gallinn á frumv. er sá, að það er alveg í lausu lopti bygt; jeg veit ekki, hvort nokkru fje hefur verið lofað eða ekki; hinir upphaflegu hvatamenn málsins hjer í deildinni hafa nú engin skjöl eða skilríki haft fyrir sig að bera frá þeim manni, sem við verðum að álíta, að eigi að vera aðal-maðurinn í þessum fyrirtækjum, því að jeg tel það alveg þýðingarlaust, þó þessir herrar hafi sýnt undir umræðunum privat-brjef frá einhverjum agent Beaverlínunnar, Wilson að nafni, þar sem að gerðar eru áætlanir um það, hvað kosta mundi að leggja málþræði og frjettaþræði hjer á landi; slíkar áætlanir álít jeg að snerti alls ekki þetta mál, því að ekkert er á þeim að byggja í þá stefnu.

Þetta undirstöðu-atriði frumvarpsins er ekki nærri nógu glöggt eða skýrt til þess, að löggjafarþing geti álitið það virðingu sinni samboðið, að taka frumv. trúanlegt; jeg rengi manninn ekki persónulega, en þó jeg sem privat-maður hafi leyfi til þess, að vera kærulaus og auðtrúa, þá má jeg sem fulltrúi þjóðarinnar á þinginu ekki gjöra mig sekan í slíku; það er ekki ábyrgðarminna að taka sögusagnir trúanlegar fyrir löggjafarþingi, en t. d. fyrir dómstólunum. Það er þetta atriði, sem gerir það að verkum, að jeg fyrir mitt leyti ekki get kastað atkvæði mínu á glæ í þessu máli. Vitanlega er það fleira, sem jeg get tekið fram og sumpart þegar hef tekið fram, er gerir, að jeg er á móti þessu máli, en það snertir frekar framkomu frumv. hjer og undirbúning, heldur en sjálfa hugmyndina, sem í því liggur.

Jeg hef áður tekið það skýrt fram, að jeg áliti þá hugsun engan heilaspuna, að einhvern tíma í framtíðinni gæti járnbraut borið sig hjer á landi, og jeg er viss um, að þeir tímar munu einhverntíma koma; en þetta frumv. hrindir því máli alls ekki í áttina, heldur þvert á móti.

Síðan málið var til 1. umræðu hef jeg reynt að kynna mjer það nokkuð, svo jeg gæti orðið dálítið með í efninu, eins og aðrir góðir menn. Jeg hef nú sjerstaklega kynnt mjer, hvernig hagar til með járnbrautir í Danmörku og Norvegi, og verkfræðingur, sem er því kunnugur, hefur sagt mjer, að hann ekki þekkti neinar járnbrautir í þessum löndum svo mjósporaðar, sem ráð er fyrir gert í áætlunum herra Sigtryggs Jónassonar, að þessi járnbraut eigi að vera; í Danmörku eru járnbrautir mjósporaðastar 3 fet og 7 þumlung., en í

Norvegi, sem við líklega helzt ættum að hafa okkur til fyrirmyndar, 3 fet, en þessi járnbraut, eptir áætluninni, á að vera að eins 30 þuml. breið (2 fet og 6 þuml.).

Annað atriði er það, að mestur halli á járnbrautum í Norvegi er 1 : 40, og þegar það er borið saman við hallann á póstleiðunum, sem er 1 : 10, þá sjest, að munurinn er ákaflega mikill.

Svo skal jeg taka það fram, að eptir því sem mjer skilst af áætlununum, er ætlazt til, að hallinn á járnbrautinni megi ekki vera meiri en 1 : 90, með öðrum orðum mjög lítill, en engum getur dulizt, hvaða afleiðingar það hlýtur að hafa, nefnilega, að erfiðara verður og dýrara að leggja brautina, þar sem ekki er rennisljett land; það þarf að grafa sundur hálsa, fylla upp djúpar dældir, byggja brýr yfir dali, og svo framvegis.

Þá er eitt atriði enn sem gerir mig tortrygginn gegn frumv.: að í Danmörku og Norvegi má geisli í járnbrautarsveig vera stytztur 1000 fet í Danmörku og 600 fet í Norvegi, en í áætlununum er tiltekið, að hann megi vera 250—300 fet stytztur; að vísu má geislinn vera minni, þegar brautarsporið er mjórra, en munurinn verður þó undarlega mikill, þegar þess er gætt, að í Norvegi eru járnbrautir mjóstar 3 fet og geislinn stytztur 600 fet, en hjer er nú ráð fyrir gert, að brautarsporið sje nokkru mjórra og geislinn helmingi styttri en tíðkast í Norvegi; þetta atriði hefur mjög mikla þýðingu; því lengri sem geislinn þarf að vera, því erfiðara er að leggja járnbrautir í brattlendi.

Með breytingartill. á þingskj. 113 vill nefndin setja inn orðið »austanfjalls«; af því ræð jeg, að brautin eigi að liggja úr Reykjavík og austur yfir fjall, en þá verð jeg að spyrja hina h. nefnd: Er nefndinni það ljóst, að á þessari leið er ekki einu sinni hægt að ná hallanum 1 : 40, nema með því móti, að grafa brautinni holgöng? Jeg tek nú þetta ekki frá sjálfum mjer, en jeg hef það eptir manni, sem er vel inn í þess háttar efnum; og jeg bendi á þetta til þess, að svo framarlega sem þetta mál verður tekið alvarlega fyrir á næsta þingi, þá hafi menn það hugfast, að ekki er hægt að leggja járnbraut hjeðan austur yfir fjall, nema með því móti, að grafa brautinni á mörgum stöðum göng gegn um hálsa og hæðir, eða, ef menn treysta sjer til þess, að grafa ein verulega stór holgöng gegn um Hellisheiði, en þá er jeg hræddur um, að þau mundu eigi verða ódýrari en göngin gegnum Vatnajökul, sem h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) minntist á í ræðu sinni; frá þeirri hlið skoðað ætti járnbraut austur í Árnessýslu að liggja upp hjá Mosfelli og þar upp Mosfellsheiði, þar sem hún er lægst, upp í Þingvallasveit, svo norðan og austan Þingvallavatns og niður með Soginu að austan og yfir það á Alviðru, þar sem brúarstæðið er, því næst austan megin Ingólfsfjalls niður að Ölfusárbrú, og þá í beinni línu á milli brúnna, austur að Þjótanda (í Þjórsá); í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að kunnugur maður hefir sagt mjer, að Ölfusárbrúin gæti ekki borið járnbraut.

Áður var al-títt að leggja járnbrautir yfir hengibrýr, en af þessu hlutust síðar stór slys, af því, að brýrnar brotnuðu, þoldu ekki hristinginn af járnbrautarlestinni, og þess vegna eru menn nú almennt í Norðurálfunni hættir við að leggja járnbrautir yfir hengibrýr. — Það yrði því alveg óhjákvæmilegt, að taka hengibrúna af Ölfusá og setja fasta járnbrú í staðinn. Aðra leið en þessa er ekki tiltökumál að leggja járnbraut austur í sýslur — jeg er nokkuð kunnugur í þessum hjeruðum —

en vegalengdin hjeðan austur að Ölfusárbrú, eptir þessari leið, er 13 mílur, en þaðan austur að Þjórsá 3 mílur. Þá yrði þessi brautarleið alls 16 mílur á lengd, og henni verður að fylgja, vilji menn gera alvöru af járnbrautinni; að öðrum kosti láta þetta eiga sig fyrst um sinn. Sú leið, sem nefndin ráðgerir að járnbrautin skuli liggja eptir, sem er Hellisheiði, Lágaskarð eða Grindaskörð, er svo löguð, að þar þyrfti að grafa járnbrautinni göng til þess, að ná hallanum 1 : 40; en ef nefndin ætlast til þess, þá skal jeg vera henni samdóma í því, að ekki mundu nægja 6 miljónir, jafnvel ekki 10 miljónir; svo er það aðgætandi, að á þeirri leið mundi járnbrautin liggja um stór öræfi og hraun, sem eigi er líkindi til að verði ræktuð upp á hinum næstu hundrað árum svo, að þar verði byggilegt, t. d. í Svínahrauni eða á Hellisheiði. Að vísu er það rjett, að eptir þessari leið yrði járnbrautin styttri, því að hún lægi beint austur yfir fjöll; þó yrði munurinn ekki meiri en rúmar 3 mílur á þeirri leið og hinni, norðaustanmegin Þingvallavatns, en sá mismunur gæti alls ekki vegið upp á móti þeim kostum, sem hin efri og lengri leiðin hefði fram yfir þessa, bæði að landslagið þar er langt um betur fallið til brautarlagningar, og að járnbrautin þá alstaðar lægi um bygðir, nema á sjálfri Mosfellsheiði, og einmitt um þær sveitir, sem má álíta, að eigi mesta framtíð fyrir höndum.

Þess vegna heimta jeg, til þess að jeg geti gefið þessu frumv. atkv. mitt, fyrst og fremst: skriflega, opinbera yfirlýsingu frá þeim manni, er talinn er aðalstofnandi fjelagsins, um það, að hann í raun og veru vilji gangast fyrir stofnuninni; — slíka yfirlýsingu frá forgöngumanninum þurfum við fyrst og fremst að hafa í höndum. — Og í annan stað nokkurn veginn fasta vissu um, að fyrirtækið sje mögulegt fyrir það fje, sem gjört er ráð fyrir, að fjelagið útvegi, og enn fremur yfirlýsing um, hvar fjelagið hugsar sjer brautarstæðið.

H. þm. Dal. (J. P.) sagði, að það, að 2—3 menn hefðu lofað 50 þús. pd. sterl., gerði það að verkum, að hann fyrir sitt leyti hefði örugga trú á framgangi hinna fyrirhuguðu fyrirtækja! — Það er gott fyrir h. þm. (J. P.), að hann á svo hægt með að taka annara orð trúanleg; en við hinir, sem ekkert höfum í höndum, getum þrátt fyrir það ekki tekið slíkar yfirlýsingar gildar; það má vel vera, að í kirkjunni sje sú regla heppileg, að söfnuðurinn trúi á prestinn sinn, en á löggjafarþinginu má slíkt ekki eiga sjer stað, að menn trúi einu máli vegna flutningsm.

Sam sagt þetta: öruggur grundvöllur, örugg vissa fyrir því, að til sjeu þeir menn, er vilji og geti gengizt fyrir fyrirtækjunum — er það fyrsta, sem jeg heimta, áður en jeg get gefið þessu máli atkvæði mitt; og að því leyti er hugsanlegt, að málið geti komizt lengra á leið fyrir næsta þing.

Þá eru enn 2 atriði, sem jeg þarf að fá uppfyllt, áður en jeg verð með málinu: að einhver bending fáist um það, hve mikið fje þurfi til járnbrautarlagningar, og hvort járnbrautina eigi að leggja austur yfir fjall eða einhversstaðar annarsstaðar, þar sem mönnum er kunnugt, að landslagið ekki gerir lagninguna ókleyfa. — Jeg vil fá skýrari bendingar um það en áður, hvort flutningsm. málsins nokkurn tíma hafa komizt svo langt, að hugsa sjer járnbrautina á jörðunni, því mjer er það alls eigi ljóst. Ýtarlegar rannsóknir eru nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að löggjafarþing geti samþykkt slík löggildingarlög, og í sambandi við þetta skal jeg benda á það, að næsta sumar kem-

ur hingað sá maður, er smíðaði Ölfusárbrúna, enskur verkfræðingur, Vaughan, er sjerstaklega hefir fengizt við brúargerð; þá sýndist það heppilegt, að alþingi veitti 5—10 þúsund krónur til þess að þessi maður gerði bráðabirgðar-hallamælingar (nivelleringar) á því svæði, er járnbrautin á að liggja um, og áætlun um það, hvort mörg stórvirki þyrfti að gera á þeirri leið, grafa holgöng, byggja járnbrautarbrýr yfir dali o. s. frv.; til þess þyrfti líðlega 3—4 menn í 2—3 mánuði. Þegar sú rannsókn væri fengin og vissa fyrir því, að eigi væri ókleyft að leggja járnbrautina kostnaðarins vegna, þá mætti veita löggildingu og byrja að vinna að því, að útvega fje til fyrirtækisins. En jeg get fullvissað h. nefndarmenn um það, að svo framarlega sem þarf að grafa mörg holgöng fyrir brautina, að þá mun sú upphæð, sem í frv. er áætluð, ekki hrökkva.

Væri þetta gert, þá mundi það verða til þess, að hrinda málinu nokkuð í áttina, svo að menn gætu gert sjer nokkuð ljósar skoðanir um það; en að fálma bara út í loptið, eins og menn nú eru að, það gerir ekkert gagn.

Fleira er enn, sem gerir mig efablandinn í þessu máli; jeg gæti gefið mitt atkvæði með því, að löggjafarvaldið gæfi út slík löggildingarlög, sem þessi, með talsverðum breytingum, ef nægilegur undirbúningur væri fenginn; en jeg mun seint ganga inn á það, að ofurselja landið og landsmenn undir einokunar yfirráð útlendra auðmanna, jafnvel þó því viki svo við, að það hefði nokkurn praktiskan árangur í för með sjer. Jeg vildi langt um heldur leggja meira fje fram úr landssjóði til einhverra fyrirtækja, en að styrkja einokunarfjelag, eins og þetta mundi verða, líkt og til dæmis fjelagið, sem á Kyrrahafsjárnbrautina í Canada. Því þó málið fengi þann undirbúning, sem það vantar, og í annan stað, þó þetta lægi svo fyrir, að því gæti orðið framgengt, þá mundi jeg aldrei greiða því atkv. mitt, að leggja fjárhagslegt band á þjóðina um 20—30 ár, eða til 1925 með járnbrautarstyrknum, og um 20 ár með gufuskipaferðunum. Og þá má geta nærri, hvort jeg vil með atkvæði mínu í þessu máli gefa loforð um síðar meir að ofurselja fjárhagslegt frelsi Íslands útlendum auðmönnum; slíkt loforð læt jeg eigi fá mig til að gefa fyrir fáeinar glitrandi orðaskeljar, því annað hefir ekki komið frá h. flutningsm.

Þetta vildi jeg hafa tekið fram áður en málið færi hjeðan úr deildinni, því jeg byggi ekki mitt atkvæði á því, hvað h. efri deild muni gera. Það hefir komið fram hjá sumum h. þingdm., að þeir væru sjer þess miður meðvitandi, hver ábyrgð hvílir á hverju einstöku atkvæði hjer, og hjá einum h. þingdm. hefir jafnvel komið fram sú hugsun, að það sakaði ekki, þó menn greiddu atkvæði með frumv., því ef það væri óbrúkandi mundi stjórnin synja því staðfestingar! Slíkur hugsunarháttur finnst mjer alveg fyrirdæmanlegur á löggjafarþingi; mín skoðun er sú, að það sje ábyrgðarhluti fyrir þá h. þingdm., sem með málinu eru, að stofna þjóðinni í vanda, og það er ábyrgðarhluti fyrir h. flutningsm., að vekja þær tálvonir, sem ekki rætast.

Svo skal jeg ekki orðlengja þetta meira; en eitt er víst, að meðan málið er gert svona alveg út í bláinn, eins og nú á stendur, gef jeg því aldrei atkv. mitt.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Jeg ætla mjer nú ekki að tala langt mál að þessu sinni, því h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.)

hefir, síðan jeg bað mjer hljóðs, tekið flest af því fram, er jeg ætlaði mjer að segja, auk margs fleira.

Jeg skal þó leyfa mjer að taka það upp, er jeg hef þegar áður á minnzt, að þetta mál skortir, að því er mjer virðist, allan tilhlýðilegan undirbúning. Mig furðar það stórum, hvað þingið hefir látið þetta mál vefjast fyrir sjer og tefja sig. Því eins og það liggur fyrir, er það mjög óaðgengilegt. En jeg get þó skilið, hvers vegna það hefir vafizt svo mjög fyrir. Það er ekki sízt af því, að h. framsögum. (V. G.) og meðhaldsmenn málsins hafa reynt að gera þetta svo glæsilegt í augum þingsins, sem mest hefir mátt vera, til dæmis með því, að hjer væri um það að ræða, að setja Ísland inn í hinn menntaða heim, og skipa því á bekk með löndum framfaraþjóðanna.

H. framsögum. (V. G.) gat þess, að ef járnbraut austur, um frjósamasta og þjettbygðasta hjerað landsins, borgaði sig ekki, þá væri sannarlega rjett gert af Íslendingum að flytja sig hópum saman til óbygðanna í Canada, til járnbrautanna þar. Jeg get nú alls ekki verið h. framsögum. (V. G.) samdóma í þessu, því jeg er sannfærður um, að þótt járnbraut borgi sig ekki á Íslandi nú sem stendur, þá er þó öllum þorra landsmanna betra að vera hjer kyrr en að flytja sig til óbygðanna í Canada. Jeg skal taka það fram, að það kostar ógrynni fjár að leggja hjer járnbraut, og hafi svo járnbrautin ekki nóg að flytja, hvernig fer þá?

Það hefir gamall þingmaður, sem er viðurkenndur sem góður hagfræðingur, sagt mjer það, að sjer hafi reiknazt svo, að væri járnbraut lögð hjeðan austur í Árnessýslu, þá yrði hún á 1 viku búin að flytja allar kaupstaðarvörurnar, sem til væru í þeirri sýslu. Hann áleit þannig, að járnbraut austur gæti alls ekki borgað sig, og jeg er fyllilega á sama máli. Jeg skal geta þess, að Mýrar og Borgarfjörður eru líka góð hjeruð. Þangað þarf nú ekki járnbraut, því að sjóferðirnar með gufubát þangað eru nú greiðar, og geta orðið enn greiðari, eptir því sem meira verður að flytja og samgöngurnar við útlönd batna. Þar fæst reynsla, sem er ekki of dýrkeypt; á því getum vjer sjeð, hvernig stórkostlega auknar samgöngur borga sig þar, hver áhrifin verða á eflingu atvinnuveganna, og af þeirri reynslu, hversu miklar og fljótar framfarirnar í öllum greinum verða þar, getum vjer nokkuð dæmt um þetta, þegar stundir líða. Að öðru leyti álít jeg, að það sje nú eitthvað annað fremur en járnbraut, er þurfi til þess að auka framfarirnar í Árnessýslu.

H. framsögum. (V. G.) sagði, að þingið skyldi gæta þess, að setja ekki þann blett á sig, að fella þetta frumv. Hann nefndi og þing Frakka í Panamamálinu, en fór þar ekki með rjett mál. Þing Frakka leyfði einmitt hlutaveltu, sem varð mjög illa ræmd, og Panamamálið setti að allra manna dómi einmitt ljótan blett á þing Frakka. Og vjer ættum sannarlega að fara varlega í sakirnar, að vjer ekki einnig setjum blett á okkar þing með því, að flana að þessu vandamáli og samþykkja annað eins frumv. og þetta án nægra upplýsinga og undirbúnings.

Jón Þórarinsson: Það er helzt vegna breyt.till., að jeg tek til máls. Stofnfje fjelagsins var eptir hinu upprunalega frumv. ákveðið 6,000,000 kr.; en nefndin færði það niður í 4 milj. Mjer finnst það ekki geta verið sjálfu sjer samkvæmt, að lækka stofnfjeð um þriðjung, en auka um leið gífurlega starfsvið fjelagsins, eða gera ákvæði um,

að lengja brautina. Svo álít jeg heldur ekki rjett, að taka fram fyrir hendurnar á Englendingum og segja: Við álítum óhætt fyrir ykkur að takast þetta á hendur með 4 milj. kr. stofnfje; þið skuluð ekki kæra ykkur um, að byrja með svo miklu. Mjer finnst alls ekki eiga við, að þingið fari út í þá sálma, einkum þar sem nefndin lætur þó standa í frumv., að stofnfjeð megi hækka upp í 10 miljónir. Jeg hef heldur ekki ástæðu til að efast um, að h. þingd. fallist á breyt.till., einkum þar sem framsögum. nefndarinnar talaði í þá átt, 1., að koma Íslandi í náið verzlunar- og viðskiptasamband við mesta verzlunarstað heimsins, og það einmitt þann bæ á Englandi, Liverpool, sem er hjartað í verzlunarlífinu þar í landi; og 2., að leggja járnbraut í landinu sjálfu.

Mál þetta hefur nú verið rætt alllengi, og þó einkum verið beinzt að öðru þessu aðalatriði, sem jeg nefndi, nefnilega járnbrautarlagning hjer á landi. Enda þó að jeg verði að játa, að mest af þessum löngu ræðum hafi farið utan hjá kjarna málsins, skal jeg ekki bæta við þær, með því að tala langt um það, að hve miklu leyti járnbrautir gætu borgað sig hjer, hvar þær ættu að liggja o. s. frv. Til þess að dæma um þessi spursmál vantar mig bæði kunnáttu og reynslu, en það verð jeg að segja, að mjer þykir ólíklegt, að íslenzka þjóðin geti með öðrum meðulum en aðrar þjóðir hafizt á líkt fullkomnunarstig og þær. Íslendingar hafa nú hingað til setið kyrrir, á meðan aðrar þjóðir hafa þotið áfram með gufuafli og rafmagni; en hversu lengi á það að ganga svo til? Hitt atriðið, verzlunar- og viðskiptasambandið við Liverpool, vil jeg minnast nokkuð gjörr á, með því að mjer hefur þótt of lítil áherzla lögð einmitt á það, þar sem það er eptir minni skoðun mergurinn málsins hjer.

En einnig um þetta atriði vantar menn þekkingu. Og þó stöndum vjer hjer á þinginu nú ekki svo illa að vígi í þessu efni. Vjer munum, að seinasta þing veitti hr. D. Thomsen fje til utanfarar til að rannsaka markaði fyrir íslenzkar afurðir. Vjer höfum verið heppnir í valinu, að fá einmitt þennan mann til fararinnar; hann hefur auðsjáanlega ekki skoðað verzlun Íslands í gegnum dönsk gleraugu; hann hefur þvert á móti unnið sitt verk með mikilli elju, og á mikið þakklæti skilið fyrir það, hve vel hann hefur leyst sitt verk af hendi. Skýrsla hans um þessa rannsókn liggur nú fyrir oss; og hvað sannar hún? Hún er frá upphafi til enda skýr og skorinorð sönnun fyrir því, að verzlunarsambandið við Danmörku er okkur til niðurdreps, en að England er það land, sem við eigum að skipta við, og af öllum bæjum á Englandi helzt við Liverpool.

Jeg er fullviss um, að það væri ómetanlegur hagur fyrir landið, að losast úr verzlunarsambandi við Danmörku, en komast í samband við England, enda liggur í augum uppi, að svo hlýtur að vera, þar sem í Danmörk er enginn markaðsstaður fyrir Íslands afurðir, auk þess, sem Liverpool er miklu nær oss. Hversu mikið mun ekki sá snúningur með vöruna kosta, að flytja hana fyrst til Danmerkur og svo þaðan aptur til Englands, auk margs og margs annars kostnaðar, er leggst á hana fyrir þennan flæking, því að eitthvað munu þeir milliliðir þurfa að fá fyrir snúð sinn og snældu. Það er vitanlegt, að einstöku vörutegund er hægra að fá frá Danmörku en frá Englandi.

Aðalatriðið í þessu máli er verzlunin. Ef vjer spyrjum bændur á Íslandi, hvað þá vanti, þá munu þeir ekki

hrópa um meira stjórnfrelsi, heldur um betra verzlunarástand; þeir finna svo vel, að þar kreppir skórinn. Vjer þurfum að fá byltingu í verzluninni; en hvaðan á byltingin að koma? Eigum vjer að vænta hennar frá Danmörku? Nei, þess mun verða langt að bíða, að Danir eða þeir, sem hafa íslenzku verzlunina í höndum sjer í Danmörku, myndi nýtt tímabil í hinni íslenzku verzlunarsögu, svo að til stórframfara sje. Gagngerð breyting á verzlunarástandinu kemur ekki fyr en við breytum um og komumst í verzlunarsamband við England. En gagngerða breytingu þurfum við; allir óska eptir henni; það er þjóðarvilji, ef þjóðvilji er til á Íslandi. Því er jeg þess og fullviss, að þetta frumv. er að skapi ísl. þjóðarinnar. Jeg gæti sjeð miklu meira fje en 100,000 krón. lagt fram úr landssjóði í þessu augnamiði, því að jeg er sannfærður um — og það er auðvelt að sýna fram á það með tölum — að það kemur ekki einungis í fullum mæli aptur, heldur margfalt.

Það hafa komið fram ýmsar mótbárur gegn frumv. frá nokkrum h. þingd.m.; en þeim hefur öllum verið svarað, og þær braktar að meira eða minna leyti. Sú mótbára móti frumv., sem mjer þætti mest ástæða til að yfirvega nákvæmlega, er sú, að landssjóður mundi ekki vera fær um að leggja fram svona mikið fje, án þess að nýir skattar væru lagðir á menn, eða tekjur hans auknar á einhvern hátt. Jeg skal játa, að þetta er spursmál, er verður að rannsaka, áður en menn greiða atkv. með frumv; en jeg fyrir mitt leyti er ekkert hræddur við, að vandræði yrðu úr því. Jeg álít heldur ekki rjett að leggja nýja skatta á áður en menn hafa sjeð, hvort þess þyrfti með eða ekki. Jeg játa það, að jeg er ekki einn af þeim, sem tel það lífsháska fyrir landið, þó að skarð sje höggvið í viðlagasjóðinn. Jeg tel þvert á móti betur varið því fje, sem varið er til samgöngubóta, heldur en til þess að fá lága vexti af á rentustöðum. Það hefur víst margur orðið var við það, að bændum liggur opt ekki vel orð til landssjóðsins; og hvað er náttúrlegra? Þeir verða þess varir, að þeir borga inn í hann, en af hinu vita þeir minna, að þessu fje sje varið til verulegra framfara landinu, sjálfum þeim og öðrum til gagns og góða. Vegna þessa er ekki von á, að bændur sjeu fúsir á að greiða nýja skatta í tilbót til landssjóðs, en jeg er nú sannfærður um, að þeir mundu með glöðu geði gjöra það, ef þeir sæju, að það miðaði til einhverra verulegra bóta og framfara, sæju eitthvað gagnlegt gjört fyrir peningana.

H. þm. V.-Skaptf. hefur talað langt mál, en það var meira orð en ástæður, og ætla jeg mjer því ekki að eltast við það. Hann talaði lengst um það, hvar hin fyrirhugaða járnbraut ætti að liggja, og um örðugleikana á því, að leggja járnbrautir hjer. Satt að segja datt okkur flutningsm. aldrei í hug, að h. þm. yrði fyrir því, að leggja slík »plön« eða gjöra neina reikninga þar að lútandi. Við trúum Englendingum betur til þess. Jeg get ekki heldur fundið neina skynsamlega ástæðu til þess, að alþingi fari að senda danskan eða enskan vegfræðing til þess að mæla út fyrir fjelagið, hvar brautin ætti að liggja. (*Guðl. Guðm.*: Hvaða fjelag)? »Hið íslenzka járnbrauta- og siglingafjelag«.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) talaði þung orð til okkar flutningsm.; en jeg ætla að bíða við með að svara honum þangað til hann talar næst; mun þess ekki verða langt að bíða. H. þm. hefur sagt, raunar ekki í þessu máli, heldur öðru, er nýlega var hjer til umræðu í

deildinni, að verzlunin væri hinn mest-umvarðandi liður í lífi þjóðanna. Það er einmitt á þessum grundvelli, sem jeg hefi staðið í þessu máli. Og jeg vil óska þess, að h. þm. muni sjálfur eptir þessari setningu sinni, þegar til þess kemur, að greidd verða atkv. um þetta frumv.

H. þm. A.-Skaptf. (J. Jónss.) líkti þessu máli við Panamamálið, hinn stærsta »Svindel«, er menn þekkja, þar sem var framinn þjófnaður upp á miljónir. Mjer fannst í orðum hans liggja aðdróttun að okkur flutningsm. um það, að við værum bendlaðir við eitthvað líkt eins og hið svonefnda »Panamahneyksli«, og finn jeg ástæðu til að vísa þeirri aðdróttan á bug. Þeir, sem flytja þetta mál, hafa eins hreinar hvatir til að halda því fram, eins og hinir hafa til að hindra framgang þess, sem það gjöra.

Af því nú að tíminn er orðinn svo naumur, skal jeg ekki fara frekari orðum um þetta mál. Þeir eru líka margir, sem eiga eptir að taka til máls.

Jón Jensson: Jeg skal ekki vera langorður. Jeg hef áður skýrt frá skoðun í minni á þessu máli og ætla jeg ekki að fara að gjöra neina tilraun til að tæla menn til að greiða atkvæði með því, en jeg vil á hinn bóginn heldur ekki láta tæla neinn með villandi fortölum til að greiða atkvæði á móti málinu. Jeg ætla að eins að benda á það atriði, að heill flokkur af þeim ástæðum, sem andvígismenn frv. telja á móti því, kemur málinu alls eigi neitt við.

Sem dæmi upp á þessar ástæður er það, sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) bar á borð fyrir okkur í dag. Hann hafði auðsjáanlega búið sig vel út og kom fram sem þaullesinn verkfræðingur og spjallaði margt um »kúrvur«, »radíusa«, þvermál o. m. fl. og ýms önnur »teknisk Udtryk«, sem við hinir eigum bágt með að hafa eptir. Hann bar mjög kvíðboga fyrir því, að fjelagið mundi rekast á há fjöll og að það mundi þurfa að »stinga gat« á Hellisheiði o. s. frv., og þetta var bygt á því atriði í nefndarálitinu, að brautin ætti að lenda austan fjalls, en með því er ekki sagt, að bora þurfi gat á fjöllin, eins og hann orðaði það. En allar þessar ástæður koma málinu alls ekki neitt við, því að það erum ekki við, sem ætlum að leggja járnbrautina; við ætlum ekki að leggja fje úr landssjóði til þess að leggja brautina; það hefir oss aldrei komið til hugar. Ef það hefði verið tilgangurinn, þá getur skeð, að útmælingarnar, sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) var að gæða okkur á, hefðu komið að einhverju liði.

Margar af þeim ástæðum, sem taldar eru á móti frumv., eru þannig alls ekki sannar; til dæmis sú ástæða, að brautin muni ekki borga sig. Hvað kemur það okkur við, hvort brautin borgar sig eða ekki? Ef vjer getum ekki sannað, að þetta sje »svindel«-fyrirtæki, þá erum vjer úr allri sök. Ef við gjörðum tilraun til að narra útlendinga til að leggja fje í fyrirtæki, sem við vissum að væri »svindel«-fyrirtæki, þá væri annað mál. En hver getur eiginlega sagt nokkuð um, hvort þetta fyrirtæki muni borga sig eða ekki? Ef við ættum að heimta sönnun fyrir, að járnbraut borgi sig hjer á landi, áður en við legðum fje til hennar, þá fengjum við aldrei járnbraut.

Það var þetta atriði, sem jeg ætlaði að taka fram, af því að svo mikið hefir verið talað um þetta, eins og það væri landssjóður, sem ætlaði að fara að byggja járnbraut. En það er alls ekki tilgangurinn. Hjer er að eins spursmálið um, hvort við viljum leyfa þessum mönnum að leggja fje sitt í að

byggja járnbraut hjer á landi, og ef þeim tekst það, viljum vjer þá með fjárframlagi styrkja að því, að lestaferðum geti orðið haldið uppi á brautinni. Spursmálið er þannig langt um einfaldara, heldur en menn eru að útmála sjer það. Þar að auki er það alls ekki ólíklegt, að fyrirtækið mundi borga sig. Og ef stofnendurnir hafa alvarlegan vilja á að koma verkinu fram og hafa trú á, að það geti borgað sig, þá finnst mjer alveg rjett, að lofa þeim að reyna það.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) var einn í þeirra tölu, sem talaði eins og hann hjeldi, að landssjóður ætti að leggja fjeð til járnbrautarlagningarinnar. En jeg tek það fram enn þá einu sinni, að hjer er um allt annað mál að ræða.

Mjer þótti það skrítið hjá h. þm. Húnv. (B. Sigf.), þar sem hann var að furða sig á, að jeg hefði sagt, að ef járnbrautarfyrirtækið kæmist á, þá mundi það auka atvinnu í landinu. Hann sagði, að við hefðum nóg að gera með okkar fólk; oss vantaði ekki atvinnu handa því, heldur vantaði oss fólk. En jeg lít nú öðruvísi á þetta. Það sem okkur vantar er peningar. Oss vantar að fá peninga inn í landið. Þeir eru afl þeirra hluta, er gera skal, og þar sem peningar eru, þar er líka fólk. Það er reynsla fyrir því annarsstaðar.

H. þm. (B. Sigf.) þótti eðlilegt, að brautir eins og þessi borguðu sig í Ameríku; þar væri fólk. En af hverju er fólkið þar? Af því, að þar eru nógir peningar, og þar sem þeir eru, þangað safnast fólkið.

Það sem h. þm. V. Skaptf. (Guðl. G.) sagði, var allt saman bygt í lausu lopti og röksemdaleiðsla hans og ástæður komu hvergi nærri og voru málinu allsendis óviðkomand. Hann var að tala um, að það vantaði umboð til að setja nafn Wilsons í samband við þetta mál. Jeg skil ekki, hvernig hann getur farið að heimta umboð; hjer er þó að eins að ræða um, að bjóða þessum Wilson eða gefa honum kost á að taka að sjer þetta fyrirtæki, en ekki um neina skuldbindingu að ræða, sem honum sje á herðar lögð að svo stöddu.

Þórður Guðmundsson: Það má svo heita, að jeg hafi setið hljóður undir umræðunum um þetta mál. Það er hvorutveggja, að hjer er um stórt mál og vandasamt að ræða, enda eru umræðurnar um það orðnar svo miklar, að fádæmum sætir. Jeg hef áður að eins með fám orðum lýst skoðun minni á því, við fyrri umræðu málsins; en nú skal jeg nokkuð gjörr gera grein fyrir atkvæði mínu. Jeg tók það fram við 1. umr., að mál þetta væri vandamál og fljótfærnislegt að samþykkja það eins og það lá þá fyrir. En jeg játa það, að síðan hefir það tekið mjög miklum umbótum, þótt jeg hefði óskað, að þær hefðu orðið enn meiri en nú eru þær. Jeg skal að vísu taka það fram, að jeg hef ekki eins glæsilegar vonir um árangur þess eða hagsbætur þær, er það muni færa, eins og sumir af meðmælendum þess; en jeg er ekki heldur eins hræddur við skaðlegar afleiðingar þess eins og andmælendurnir. Jeg er mitt á milli beggja flokkanna. Jeg hygg, að of mikið sje gert úr hvorutveggja, hagræðinu og skaðanum. Eins og opt hefir verið tekið fram, er hjer um tvö höfuðatriði að ræða, gufuskipaferðir og járnbrautalagningu. Hvað gufuskipa-atriðið snertir, þá er það ekkert nýmæli; gufuskipaferðir hafa, eins og kunnugt er, um mörg ár verið kostaðar af landssjóði, en um það munu flestir samdóma, að þær sjeu ófullnægjandi, eins og nú eru þær, og jeg er einn af þeim, því er jeg því fylgjandi, að

vjer gætum fengið hagfeldari ferðir, eins og frumvarpið fer fram á, og fyrir þær sakir er jeg frumv. hlynntur, því að ef ekki hefði verið nema um járnbrautirnar einar að ræða, þá hefði mjer ekki dottið í hug að gefa frumv. atkvæði mitt. Hvað járnbrautirnar snertir, þá hefir margt verið talað með þeim og móti. Ef það á nokkurn tíma að liggja fyrir þessu landi, að fá járnbraut, og það vonaði h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), og gladdi það mig, þótt hann að öðru leyti sje andmælandi þessa frv., þá vona jeg, að sú verði raun á, að hún verði fyrst lögð austur yfir fjall og austur að Þjórsá. Jeg held þessu ekki fram af því, að mig langi til þess fyrir sjálfan mig eða mitt kjördæmi, en af því að mjer finnst það liggja í hlutarins eðli, að skynsamlegast sje, að byrja á járnbrautarlagning um það svæði. Jeg er samdóma h. þm. V.-Skaptf. (G. Guðm.) um, að það sje heppilegur brautarvegur, sem hann benti á. Jeg neita því ekki, að þetta járnbrautarmál hafi komið á óhentugum tíma inn á þingið. Nú er nýbúið að verja miklu fje til samgöngubóta austur á bóginn, og í ráði, að halda hinu sama áfram; því er von, að mennói við, að leggja fram stórfje í viðbót við það, sem komið er. Jeg hefði því óskað, að þetta járnbrautarmál hefði komið fyr inn á þingið; þá mundi það hafa fengið betri byr. Það væri leitt, ef þyrfti að fara að hreifa við hinu ágæta stórvirki, Ölfusárbrúnni, eða akvegunum, til þess að koma járnbrautinni á. Það hefir verið sagt, að búið væri að leggja veg alla leið austur að Þjórsá. Þetta er ekki alls kostar rjett; það er allmikið eptir ólagt af þeim vegi, en það játa jeg, að of mikið hefir verið lagt af þeim vegi, ef hann skyldi verða ónýtur vegna járnbrautarinnar. En hvað um það, þótt jeg hafi mikið að athuga við járnbrautarlagninguna, þá mun jeg verða með málinu, að það fái að fara upp í efri deildina, því jeg get ekki annað álitið, en að það sje sannarlegt framtíðarmál. Það var að vísu rjett hjá h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), að vjer eigum ekki að taka neitt verulegt tillit til þess, hvernig h. efri deild muni fara með málið. En jeg skírskota því þó til h. deildar, að eigi standi það alveg á sama, hvort vjer vitum, að málið muni ganga í gegn um þingið eða ekki; jeg játa það fyrir mitt leyti, að jeg gef því öruggari atkvæði mitt hjeðan úr deildinni af því, að jeg býst við, að það muni ekki ganga í gegn um þingið að þessu sinni. Jeg vil lofa h. efri deild að fjalla um málið og bæta það svo sem hún getur.

Hjer eru komnar fram nokkrar breyt.-till., og ef þær hefðu ekki komið, mundi jeg ekki hafa greitt atkvæði með frv.; en þær breyt.till. meiri hluta nefndarinnar gera það svo stórum aðgengilegra, að ef þær fá framgang, mun jeg gefa málinu í heild sinni atkvæði mitt.

Jón Jónsson, 1. þm. Eyf.: Það er eigi ætlun mín að verða langorður að þessu sinni, því að jeg hygg, að umræður um aðalatriði þessa máls muni ekki hjeðan af leiða til nýrra skoðana á því eða skýra það stórum. En jeg bað um orðið af því, að það voru nokkur atriði í ræðum h. framsögum. (V.G.) og h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.), sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra athugasemdir við.

H. framsögum. (V. G.) tók það fram, þegar hann var að tala um hinar fyrirhuguðu strandferðir, að mismunurinn á strandferðum þeim, sem frumv. gjörði ráð fyrir, og strandferðum þeim, sem ætlazt var til á síðasta þingi, að kæm-

ust á, væri mjög mikill, og væru strandferðir frumv. miklu haganlegri. Jeg finn ekki mikla ástæðu til að svara þessu, því að jeg veit ekki til, að neinn hafi mótmælt því, að strandferðir þær, sem frumv. gerir ráð fyrir, muni geta orðið mjög góðar, en eigi finnst mjer gott að fullyrða, að þær muni reynast miklu betri en hinar, ef þær komast á. Eitt aðalatriði vantar þær þó í samanburði við þær strandferðir, sem fyrirhugaðar voru í fyrra, og jafnvel í samanburði við þær litlu strandferðir, sem vjer höfum nú; þær vantar beint samband milli útlanda og allra annara staða á Íslandi en Reykjavíkur. Aðrir staðir á landinu standa að eins í óbeinu sambandi við útlönd, og verður því að flytja vörur og farþega, sem frá útlöndum koma og til þessara staða eiga að fara, úr skipinu, sem frá útlöndum kemur, yfir á strandferðaskipið, en það er auðsætt, að, einkum að því er vörur snertir, getur þetta haft allmikinn kostnað í för með sjer, og gerir einstökum mönnum og smákaupmönnum út um landið ekki svo lítið erfiðara fyrir með að standa í viðskiptasambandi við útlönd.

H. framsögum. (V. G.) gat þess, að við þá breyt.till. nefndarinnar, að binda samningstímann um gufuskipaferðirnar að eins við 20 ár, sparaðist landinu hálf miljón króna. Þetta er ekki nema að hálfu leyti rjett, því að jeg býst ekki við, að landssjóður sleppi eptir þessi 20 ár við allt tillag til gufuskipaferðanna. Það er ekki heldur frá mínu sjónarmiði fjárupphæðin, sem er fráfælandi, heldur hitt, að fastbinda landið um svo langan tíma við ákveðnar gufuskipaferðir, hvort sem þær reynast því hagfeldar eða óhagfeldar.

H. framsögum. (V. G.) vantar enn að sýna það og sanna, að þetta sje ekki nokkuð viðsjárvert, og vík jeg mjer þá að því, er h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) sagði, að allar mótbárur gegn frv. væru hraktar. Þessa mótbáru hefir þó hvorki hann nje aðrir h. deildarmenn hrakið.

H. framsögum. (V. G.) sagði, að nefndin hefði stytt samningstímann ofan í 20 ár, án þess þó að hún hefði fulla vissu fyrir því, að fjelagið mundi ganga að þessari breytingu, en að hún hefði gert það til þess að gjöra frumv. aðgengilegra fyrir h. deild. Þetta er sjálfsagt alveg satt og rjett; h. nefnd mun hafa verið það fullkunnugt, að lítil von væri til þess, að frumv. yrði samþykkt hjer í deild, ef þessum langa samningstíma væri haldið, og eins er hitt mjög sennilegt, að nefndin geti ekki með vissu sagt neitt um, að hverju fjelagið muni ganga; það hefir meira að segja heyrzt áður, að breyting á tímatakmarkinu væri sama sem að eyða málinu. En fyrst nú einu sinni hefir verir vikið frá grundvellinum, því má þá ekki eins vel stíga stigið út og setja 10 ár í staðinn fyrir 20 ár? Hví þá ekki taka einum steini meir úr götu þessa frumv.?

H. framsögum. (V. G.) fór svo hörðum orðum um breyt.till. okkar h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) og mína; hann sagði, að hún yrði til að fella frumv.; en hann sagði meira; hann sagði, að þær væru líklega gjörðar til að fella málið. Jeg tek mjer að vísu ekki nærri slíka sleggjudóma, en óskylt tel jeg honum að kveða þá upp. Hann hafði þó sízt ástæðu til að ætla það um mig, að jeg mundi reyna með launráðum að fella frumv. þetta; honum er kunnugt, hvernig jeg lít á mál þetta og að jeg hefi greitt atkvæði með sumum atriðum þess, en að jeg er því móthverfur, að binda landið á klafa um svo langan aldur.

Jeg játa það, að jeg mun ekki greiða atkvæði með málinu nú, en jeg hef eigi að síður komið með þessa breyt.-till. af því, að jeg er ekki ugglaus um, að frumv. muni komast hjer úr deildinni, og þá vildi jeg reyna að búa svo um hnútana með breyt.till., að af tvennu illu yrði tekið hið minna.

Þá eru tvö atriði í ræðu h. 2. þm. Gullbr.- og Kjósars. (J. Þ.), sem jeg skal leyfa mjer að athuga. Hann kom og tvisvar að því í ræðu sinni, að lítið hefði verið gjört til samgöngubóta í landinu, og að sú stefna hefði orðið ofan á í fjárhagspólitíkinni, að hrúga upp fje í landssjóð, en lítið gjört með það. Jeg skal ekki kryfja skoðun h. 2. þm. Gullbr.- og Kj. (J. Þ.) á þessu til mergjar, en jeg verð að halda því fram, að á síðari árum hafi þingið þó ekki gjört svo lítið til samgöngubóta, og hafi eigi haft það fyrir augum, að hrúga fje í landssjóð.

H. 2. þm. Gullbr.- og Kj. (J. Þ.) þótti ekki að því, að skerða viðlagasjóð, en því hefur nú betur farið, að sú stefna hefur enn ekki orðið ofan á; jeg segi ekki enn, því að þótt jeg sjái, að hjer sje margt og mikið að gjöra, þá vantar oss eitt, sem vjer þurfum fyrst og fremst á að halda; oss vantar vit á því, til hvers vjer helzt eigum að verja fje voru, og það verð jeg að segja, að hingað til hefir fátt staðið fjær hugsun minni, en að vjer ættum að verja landsfje til járnbrauta.

Jeg heyri, að h. 2. þm. Gullbr.- og Kj. (J. Þ.) segir, að jeg hafi ekki hermt orð sín rjett, en jeg held, að það láti þó nærri því. Á síðasta þingi voru ákveðnar 330,000 kr. til samgöngubóta á næstu tveim árum, og þrátt fyrir þetta fannst mjer liggja í orðum h. 2. þm. Gullbr.- og Kjós. (J. Þ.) ámæli til þingsins fyrir það, að það gjörði ekki neitt í þá átt (*Jón Þór.*: Nei), og þetta vildi jeg bera til baka.

H. 2. þm. Gullbr.- og Kjós. (J. Þór.) hjelt því fram, eins og fleiri h. þingm., hversu þýðingarmikið það væri fyrir landið, að slíta verzlunarsambandinu við Danmörk, en tengja það aptur við England. Jeg er líka á þeirri skoðun; en það stendur ekki í neinu beinu sambandi við þetta mál. Jeg skil ekki í öðru en að vjer gætum fengið beint samband við Liverpool eða aðra staði á Englandi fyrir 1½ miljón króna, án þess að binda oss fyrir fram föstum böndum um fjölda ára. (*Valtýr Guðmundsson*: Það mundi verða dýrara). Jeg sje ekki eptir, þótt það yrði dýrara í bráð, ef vjer að eins þyrftum ekki að binda oss eins og frumv. gjörir.

H. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) sagði, þetta járnbrautarmál hefði komið á óhappastund hjer inn á þingið. Þessi orð slógu mig, eins og væru þau sannmæli eða spádómur. Jeg skildi að vísu, að hann meinti nokkuð annað með því en jeg meina; jeg tel það óheppilegt, að það skyldi koma svo óundirbúið inn á þing, sem það er, einmitt nú, þegar að þingtíminn er svo stuttur, og auk þess inn á þing, sem ekki á að fjalla um fjármál. Jeg skal ekki deila mikið við h. 2. þm. Rangv. (Þórð G.) um þá skoðun hans, að hann greiði öruggari atkvæði með málinu af því, að hann viti, að h. Ed. á eptir að fjalla um það. Jeg hef áður lýst því yfir, að slíkt ætti aldrei að eiga sjer stað í nokkru máli, sízt í stór-máli, einu hinu stærsta fjárspursmáli, sem þingið nokkru sinni hefur haft til meðferðar. (*Margir*: Heyr!) Jeg verð að segja, að mjer finnst það ganga næst því, að vera óforsvaranlegt, af hverjum sem gjörir það.

Skúli Thoroddsen: Jeg hef nú ekki lengt mikið umræðurnar um þetta mál.

Jeg talaði að sönnu við 1. umræðu, en fjell frá orðinu við 2. umræðu. Jeg álít það ekki hafa mikla þýðingu, að ræða þetta meir. Umræður eru orðnar mjög langar, og eptir því sem mjer hefir fundizt ekki mjög uppbyggilegar. En það var sjer í lagi h. þm. Vestur-Skaptf. (Guðl. G.), sem gaf mjer tilefni til að tala nokkur orð.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) hefur víst »nívellerað« um leið og þegar hann fór austur yfir fjall núna um helgina, en í dag sýndist mjer hann vera að búa til hringi. Hann sagði, að ótært væri að samþykkja frumvarpið, af því engin trygging væri fyrir því, að nokkuð fjármagn stæði á bak við það; en hann endaði ræðu sína með því, að kalla upp með hárri röddu, að hann vildi ekki vera með í því, að selja fjárhagslegt frelsi landsins.

H. þm. Reykv. (J. Jenss.) tók það skarplega fram gegn mótbáru h. þm. V.Skaptf. (Guðl. G.), að hjer væri ekki að ræða um, að leggja járnbrautir á kostnað landssjóðs, heldur að eins að gefa fjelagi heimild til að leggja járnbrautir hjer á landi fyrir sína eigin peninga, með að eins litlum kostnaði fyrir landssjóð.

Þegar jeg lít á frumv., eins og það kom frá nefndinni, get jeg ekki sjeð annað en að svo hafi verið frá gengið, að engin áhætta sje. Ef fjelagið ekki fullnægir þeim skilyrðum, sem því eru sett, þá fær það heldur engan styrk. Það er gjört ráð fyrir, að fjelagið fái 100 þúsund krónur úr landssjóði. En eins og h. þm. Dal. (J. P.) benti lauslega á við 1. umræðu, þá álít jeg að óhætt sje með það að fara, að 100 þús. krónur renni í vasa landsmanna við gufuskipaferðirnar. Þessi 20 ár, sem við höfum haft gufuskipaferðir, höfum við orðið að búa við all-þunga kosti frá hálfu þess fjelags, sem þær hafa haft á hendi. Vöruflutningar frá Kaupmannahöfn með skipum þessa fjelags hafa verið 3 sinnum dýrari en yfir Atlanzhafið. Þegar nú kæmust á 18 ferðir á ári milli Íslands og Liverpool, og danska gufuskipafjelagið mundi þá halda áfram sínum ferðum fyrir styrkinn úr ríkissjóði, þá hlyti að koma fram samkeppni milli þessara fjelaga, og þá yrði líklega ekki mikið niður færð »fraktin«, ef ekki kæmu 100 þús. kr. inn í landið.

Jeg vona, að menn sjeu mjer samdóma um, að þetta hljóti að verða, og þá fáum við járnbraut fyrir alls ekki neitt í raunirni. Og jeg álít, að h. þingdeild sje skylt að íhuga, hvort hún hafi rjett til að hafna slíku boði. Menn vita, að þær skoðanir eru nú farnar að ryðja sjer til rúms, að það sje nú skylda Íslendinga, að reyna feta sig áfram á sömu braut og hinar útlendu þjóðir, og þjóðin vill jafnvel, eins og sjá má af blöðunum, taka stór lán til þess, að bæta samgöngur og til nytsamra fyrirtækja, til þess að vita, hvort þjóðin gæti ekki orðið ánægðari með kjör sín en hún er nú.

Hjer gefst nú tækifæri til þess, að sjá, hvort fyrirtæki eins og járnbraut geti borgað sig hjer á landi, og hjer gefst kostur á að fá þetta fyrir svo sem ekki neitt. Í stað þess ef landið ætti að kosta það eitt — en það dettur engum í hug, sem lítur öðrum augum á samgöngumálin, en h. sessunautur minn (B. Sv.), — þá þyrfti landið að fá 2—3 milj. króna lán, og renturnar af því yrðu helmingi meiri en þessi fyrirhugaði styrkur til fjelagsins. En það er ekki þar með búið. Landið yrði að bera allan þann kostnað, sem af járnbrautinni leiddi, en eptir því sem háttv. formælandi játaði sjálfur, þá er líklegt, að slíkt fyrirtæki borgaði sig ekki fyrst í stað; þá sýnist það vera

ljóst, hvor kosturinn sje heppilegri. Ef boðinu er hafnað nú, þá er alveg útilokað, að ráðizt verði í slíkt fyrirtæki um mjög langan tíma.

H. 1. þm. Eyf. (J. Jóns.) setti það fyrir sig, að með frv. væru strandferðirnar bundnar um langt tímabil, 20 ár, en sjálfur hefir hann komið fram með þá breyt.till., að binda þær um 10 ár. Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð að hjer svo mikið á mununum; árin eru fljót að líða og framfarirnar hjá okkur ekki svo ýkjamiklar, að við getum vonazt eptir stórum breytingum á ástæðum vorum á 20 árum. — Enn þá höfum við gufuskipafjelagið danska, og höfum orðið við það að búa um mörg ár, og alþingi hefir á hverju ár gert áætlanir og bendingar fyrir fjelagið; en hver árangur hefir af því orðið, mun h. þm. bezt vera kunnugt, að gufuskipafjelagið hefir tekið lítið tillit til þess. Hve mikil bót er í þessum ferðum, sem frumv. áætlar, er auðsætt; en þó þær verði bundnar um 20 ár, get jeg ekki álitið það ísjárvert, því fyrst og fremst er ekki víst að við stígum svo stór skref áfram á þessum áratíma, og svo er aðgætandi, að þyki ferðirnar of fáar, þegar tímarnir líða fram, má auka þær með meiru tillagi úr landssjóði, og svo er það enn aðgætandi, að þrátt fyrir skuldbindingu fjelagsins, þá er öðrum skipum frjálst að hafa hjer ferðir, ef þær á einhvern hátt geta borið sig. H. 1. þm. Eyf. (J. Jónss.) tók það fram, að úr því meiri hluti nefndarinnar hefði gengið að því að breyta tímanum og færa hann úr 30 árum ofan í 20 ár, gæti hann eins vel gengið lengra og fært tímabilið ofan í 10 ár; þetta þótti meiri hluta nefndarinnar ísjárvert, því vitaskuld er það, að et fjelagið ekki getur gert sjer von um nema 10 ára styrk, þá getur það ekki staðið sig við að ráðast í þarfleg fyrirtæki, svo sem að gera höfn og bryggju í Reykjavík o. fl.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) svaraði með nokkrum orðum h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), er tvisvar nefndi »Panamahneykslí« í sambandi við þetta mál; jeg þarf ekki að bæta hjer miklu við, en mjer finnst það eiga illa við og ekki bera vott um kurteisi, að gefa það í skyn, að þetta fyrirtæki sje ef til vill stofnað í slíkum tilgangi; vitaskuld er það, að ef þetta fyrirtæki kemst á fót, þá getur það ef til vill sýnt sig, að kostnaðurinn verði of mikill, og allt farið á höfuðið, en þrátt fyrir það er fullkomlega ærlega að öllu farið, og engin ástæða til að líkja því við Panamamálið. Jeg vil ráða h. þm. (Guðl. G.) til þess, þó hann óttist í þessu nýtt »Panamahneykslí«, að styrkja þetta járnbrautarfyrirtæki, í því formi, sem það hefir nú; því þó hann haldi að hann geti barizt á móti straumnum, þá getur straumurinn breytzt svo, að honum veiti erfitt að standa á móti, jafnvel þó hann hafi fylgi h. 1. þm. Eyf. (J. Jónss.). H. framsögum. (V. G.) hrakti ýtarlega við 2. umr. mótmæli h. þm. N.-Þing. (B. Sv.); jeg vil þó taka það fram, að þar sem h. sessunautur minn (B. Sv.) sagði, að fjelagið hefði ekki heimilisfang hjer á landi, þá gáði hann þess ekki, að skrifstofa fjelagsins og umboðsmaður eiga að vera hjer á landi, og það er auðsætt, að þá hlýtur að vera hægt að fá dóm yfir umboðsmanninum í Reykjavík. Annars held jeg, að ekki sje vert að gera mikið veður út af heimilisfanginu; jeg veit ekki betur en að gufuskipafjelagið danska, sem við nú höfum haft um 20 ár, hafi heimilisfang fyrir utan Ísland, og þó það að vísu sje í ríkinu, þá er enginn hægðarleikur fyrir Ísland að sækja fjelagið til laga niðri í Kaupmannahöfn.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) áleit, að fjelagið mundi verða einokunarfjelag;

þetta er hraparlegur misskilningur, vegna þess, að fjelagið hlýtur að verða bundið við sinn eigin hag, setur því taxtann ekki hærri en svo, að góðu hófi gegnir, og svo er það aðgætandi, að gufuskipafjelagið danska verður að öllum líkindum keppinautur þessa fjelags, þar sem búast má við, að það haldi sínu tillagi úr ríkissjóð Dana, fyrir póstferðirnar.

Við 1. umr. benti jeg á eina hlið þessa máls, sem h. þm. ekki hafa minnzt á, hina pólitisku hlið þess. Jeg ætla mjer ekki að fara frekar út í þetta nú, en jeg stend við það sem jeg sagði þá, — en jeg ímynda mjer, að ef minn h. sessunautur (B. Sv.) vildi skoða málið frá þeirri hlið, mundi hann ekki verða með í því að fella þetta frumv., vegna þess, að það er líka skref í áttina.

Pjetur Jónsson: Það var að eins h. sessunautur minn (J. Jónss., þm. Eyf.) sem gaf mjer tilefni til að taka til máls nú, því jeg tók til mín það sem h. þm. sagði í niðurlagi ræðu sinnar.

Við 1. umr. ljet jeg þá skoðun í ljósi, að jeg óskaði helzt að mál þetta yrði rætt sem bezt í báðum deildum, en ekki útrætt á þessu þingi; h. þm. Eyf. (J. Jónss.) hefir út af þessu fundið ástæðu til þess að benda mjer og h. 2. þm. Rangv. (Þórð. G.) á, að slíkur hugsunarháttur væri rangur, og í alla staði óhæfilegur. (*Jón Jónss.*, þm. Eyf.: Frá mínu sjónarmiði). Hver og einn hlýtur í þessu efni að dæma frá sínu sjónarmiði. En hvað þetta mál, sem hjer liggur fyrir, snertir, finnst mjer þrír vegir vera til, sem hægt er að fara, og vert að athuga. Sá fyrsti er, að Nd. felli málið nú; annar, að Nd. samþ. það, og Ed. láti það ganga sem hraðast í gegn, samþykki og afgreiði það sem lög frá alþingi, án þess að setja nefnd í það nje ræða það til muna. Þriðji vegurinn er sá, að þessi deild samþykki það að vísu, en Ed. taki það til rækilegrar yfirvegunar og setji nefnd í það, en þá yrði tíminn svo lítill, að málið yrði ódrætt, og þess hefði jeg helzt óskað. Á því að fara fyrsta veginn er sá galli, að þá lítur svo út sem alþingi vilji alls ekkert við málið eiga. Viðvíkjandi öðrum veginum er það að athuga, að þó málið komist í gegn, þá verður það í fyrsta lagi í bága við vilja margra þm., vegna þess, að atkv.munurinn verður líklega lítill, og í öðru lagi getur Ed. ekki rækilega skoðað og rætt málið; en ef farin er þriðja leiðin og málinu ekki lokið af á þessu þingi, þá má geyma úrslitin til næsta þings, og sje jeg ekki, að nokkurs sje í misst við það. Þennan síðasta veg álít jeg heppilegastan vegna þess, að mjer sýnist þar með fengin mest trygging fyrir því, í fyrsta lagi, að málið verði svo vel og rækilega rætt, sem kostur er á, og í öðru lagi er þetta betra en að fella málið, því þá stendur þeim sem vilja ganga í fjelagið opið fyrir að koma fram með tilboð; jeg trúi ekki öðru en að hægt sje að fá tilboð í svipaða átt og hr. Sigtryggs Jónassonar, sem væri á augljósari tryggingum bygt. Svo er það aðgætandi, að með þessu móti gæti málið fengið þann undirbúning í hjeruðum, sem þyrfti, og þá má sjá, hvort þjóðin sjálf er málinu sinnandi eða ekki.

Þess vegna finnst mjer ákaflega mikill munur á því, hvort málið verður fellt eða ódrætt á þessu þingi. En af því jeg sje ekki eins mikla hættu í því, þó frumv. verði að lögum, eins og h. sessunautur minn (J. J. Eyf.), þá er jeg ráðinn í að gefa því atkv. mitt.

Björn Sigfússon: Það er af því, að jeg á breyt.till. á þgskj. 127, að jeg hefi beðið mjer hljóðs, og mun jeg lítið fara út fyrir hana.

Jeg var ekki svo heppinn, að vinna

meðmæli h. Nd. með till. þessari, og kom það mjer satt að segja á óvart, því jeg veit ekki betur en að það sje gamalt en ekki nýtt, að þingið hafi sjálft viljað hafa hönd í bagga við samning strandferða-áætlunarinnar.

H. framsögum. (V. G.) taldi það óprakiskt, að þingið fari að taka þetta upp á sig. Það er ný kenning og mjer þykir hún kynleg. Jeg þarf ekki annað en að vitna til þingsins 1891. Þá var einmitt lögð mikil áherzla á þetta atriði, og sett nefnd til að semja áætlunina. Sömuleiðis á þinginu 1893. Þetta er því í fullu samræmi við það, sem komið hefir fram á undanfarandi þingum. Og það hefir jafnvel komið fram áður, að þingið hefir viljað hafa hönd í bagga við samning póstgufuskipaáætlunarinnar. En þótt hið danska póstgufuskipafjelag hafi ekki látið vikja sjer mikið, eða tekið mikið tillit til vilja þingsins í þessu efni, þá hefir það þó dálítið tekið til greina þingsályktunartill. frá síðasta þingi um þetta atriði. Mjer getur því ekki skilizt, hvers vegna h. nefnd álítur það ópraktiskt eða hættulegt, að þingið hafi hjer á eptir hönd í bagga með tilhögun strandferðanna.

Jeg sje af breyt.till. h. nefndar, að hún leggur til, að alþingi skuli ákveða viðkomustaðina; það fer að vísu í líka átt og breyt.till. mín. En mjer finnst, að þó að þetta ákvæði bæti nokkuð úr, þá sje það alls ekki fullnægjandi. Því jeg get ekki betur sjeð en að þetta væntanlega fjelag sje í sínum fulla rjetti, þó skipið komi ekki nema einu sinni á sama staðinn, er alþingi ákveður að það skuli koma við á, enda þótt þörfin sje þar ekki minni en annarsstaðar. Það hljóta því allir að sjá, að ef þetta verður notað þannig, ef fjelagið t. d. sjer sjer betri hag í að koma á aðrar hafnir, þá er þetta ákvæði, að alþingi skul ákveða viðkomustaði skipsins, allsendis ófullnægjandi. Jeg get ómögulega sjeð, að það sje neitt hræðilegt við að ganga að breyt.till. minni um, að alþingi ráði ferðaáætlun skipanna. Mjer dettur ekki í hug, að þingið fari að setja ferðaáætlun, sem er óframkvæmanleg, eða gjöri fjelaginu erfiðara fyrir en nauðsynlegt er, því það er í þingsins eigin »interesse«, að gjöra fjelaginu hægra fyrir. Sem sagt, jeg get alls ekki sjeð nokkra hættu við þetta, og mjer finnst einmitt, að það ætti að vera í þingsins eigin »interesse«, að koma sjer saman við fjelagið um áætlunina. Auðvitað ætti það þá að fara mikið eptir tillögum fjelagsins. En það sem mjer sjerstaklega gengur til að koma með þessa breyt.till., er, að jeg vil ekki selja ókunnugu fjelagi svo mikil ráð í hendur, að það geti leyst sig af hólmi með því, að koma að eins á þær hafnir, sem brotaminnst er fyrir það að koma á, eða þar sem mest er ágóðavonin. Mjer finnst, að þegar landssjóður leggur 50,000 kr. til ferðanna, sem er mikið fje eptir vorum »forholdum«, þá dugi ekki einungis að taka tillit til, hvaða hafnir er gróðavænlegast fyrir fjelagið að koma á, heldur líka til þess, hvar þörfin er, enda þótt vöruflutningar kynnu að vera þar minni. Því þetta gæti orðið til þess að útiloka einstaka hluti landsins frá hagkvæmum strandferðum, og jeg veit að það er vilji og meining h. nefndar, að ferðirnar verði sem haganlegastar fyrir alla hluti landsins, en til þess að tryggja þetta, þá þarf líka að taka það fram í frumv., eins og breyt.till. mín fer fram á.

Eptir að jeg þannig stuttlega hefi skýrt frá því, hvað mjer hefur gengið til að koma fram með þessa breyt.till.,

skal jeg láta hjer staðar numið, því mjer er það ljóst, að það muni ekki breyta mikið atkvæðagreiðslunni, hvort jeg tala meira eða minna fyrir henni.

En áður en jeg sezt niður, þá ætla jeg þó snöggvast að víkja orðum mínum að h. þm. Rvík (J. Jenss.). Hann var að leika sjer að, að reyna að snúa við orðum mínum um daginn við 1. umræðu málsins. Mjer dettur ekki í hug að fara í neitt orðakast út úr því við h. þm. Rvík. (J. Jenss.); fundurinn mun bera það með sjer, hvað jeg sagði, viðvíkjandi Ameríku; þar stendur það skrifað.

H. þm. Rvík (J. Jenss.) sagði, að oss vantaði peninga; en þegar við fengjum þá inn í landið, þá mundi fólkið líka streyma inn í landið. En h. þm. Rvík (J. Jenss.) gleymdi að segja, á hvern hátt það yrði, að fólkið flykktist að landinu. Þessi aragrúi af fólki, sem hann gjörði ráð fyrir, að bættist við, skil jeg þó ekki að fæðist út úr krónunum eða spretti upp úr járnbrautunum. Nei, þetta undra-fjelag gjörir nú aldrei slík kraptaverk. En vitaskuld er það, að talsvert af útlendum verkamönnum mun verða tekið til þess, að byggja járnbrautina; en það held jeg nú ekki sje neitt sjerlega mikilsvert fyrir okkur.

Að endingu skal jeg að eins minnast lítið eitt á orð h. 2. þm. Ísf. (S. Th.). Hann gekk út frá því, að ef fjelagið hjeldi uppi strandferðum, eins og hjer er gjört ráð fyrir, þá mundi fargjald lækka, því það mundi myndast »concurrence«. Hann taldi víst, að hið sameinaða gufuskipafjelag mundi halda áfram ferðum þeim, sem það nú hefir, og taldi það líklegt, að ferðum mundi ef til vill fjölga. Hann hefur líkast til í huga, að af því ríkissjóðurinn er samkvæmt stöðulögunum skyldur að leggja fje til að senda póstinn hingað, þá muni danska gufuskipafjelagið njóta þessa 40 þúsund króna styrks frá ríkissjóði framvegis og halda ferðunum uppi líkt og nú gjörist. En jeg vil benda á, að jeg er ekki með öllu ugglaus um, að svo mundi verða. Það er ekkert ólíklegt, að ef þessar ferðir kæmust á, þá mundi stjórnin í Danmörku gjöra samning við fjelagið um, að flytja póstinn til Íslands yfir Liverpool. (*Sk. Th.*: Hvernig fer þá með póstinn til Færeyja?) Það má aldeilis eins vel senda póstinn til Færeyja fyrir það; stjórninni mundu engin vandræði verða úr því. En ef þetta nú verður, að fjelagið gjörir samning við stjórnina um, að flytja póstinn, þá verður hún auðvitað að borga eitthvað víst fyrir það, t. d. 10,000 krónur, sem er mjög líklegt að fjelagið mundi ganga að og sjá sjer hag í, því að eins og jeg gat um áður, þá borgar ríkissjóður 40,000 krónur fyrir það, og mundi þannig spara 30,000. Ef svona færi, er mjög sennilegt, að gufuskipafjelagið danska mundi alveg hætta öllum ferðum hingað; og hvað verður þá úr samkeppninni milli þessara fjelaga?

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Jeg hef að eins beðið mjer hljóðs til þess, að bera af mjer ásakanir þær, sem h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) kom með gegn mjer, að jeg hefði viljað jafna þessu járnbrautarfjelagi við Panamafjelagið í því skyni, að drótta óhreinum hvötum að flutningsmönnum þess. Það var alls ekki tilgangur minn, að kasta neinum skugga á þá menn, sem hafa gjörzt stofnendur þessa fjelags hjer á landi. Jeg vildi að eins benda á, að sumir þeirra manna, sem hjer eiga hlut að máli, eru útlendingar, sem við þekkjum alls ekki neitt, og það er heimskulegt, að leggja allt of mikla trú á það, sem mann skortir nægilega þekkingu á.

Skal jeg svo að eins minnast á eitt

atriði til samlíkingar við slík fjelög erlendis.

H. þingm. Rvík. (J. Jenss.) tók það fram, að við ættum að varast, að draga nokkurn á tálar, en við ginntum ekki neinn með því, að samþykkja frumv. þetta, því ef einhverjir vildu taka við boðinu, þá værum við úr allri sök, hvernig sem það gengi. En nú mun það kunnugt vera í útlöndum, að land vort er skuldlaust og á talsvert fje í viðlagasjóði, og mætti vel vera, að þessu yrði nú beitt til að gylla fyrir Englendingum fyrirtæki þetta, sem alþingi styrkti með nafni sinu og áliti og ríflegri fjárveitingu; kynni þá síðan margur ókunnugur að láta leiðast til, að hætta fje sínu í það, sem að engar skynsamlegar líkur væri til að heppnast gæti. Með þessum hætti gæti þingið bendlazt við glæfraráð, og því nefndi jeg Panamafyrirtækið, þar sem framkvæmdirnar urðu litlar hjá fjáreyðslunni, til að sýna, hvernig stundum fer jafnvel um líkleg og álitleg stór-fyrirtæki. Það er langt frá því, að jeg vilji drótta neinu misjöfnu að þeim 2 h. þingmönnum, er við þetta mál eru riðnir, og jafnvel ekki heldur að manni þeim, er komið hefir þeim inn í málið; en hjer geta enn aðrir staðið á bak við, sem valt er að treysta.

Mjer heyrðist h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) vera að drótta að mjer, að jeg vildi vera þröskuldur í vegi fyrir framfaratilraunum í landinu. Jeg tek nú mjer það ekki nærri, heldur sit við minn keip, hvaða álit sem h. þingm. Ísf. (Sk. Th.) kann að hafa á framkomu minni í þessu máli. Ef að mjer hefði fundizt nokkuð vit í fyrirtækinu, þá hefði jeg verið með frumv., því að jeg vil vera með öllum skynsamlegum framfaratilraunum, þótt jeg geti ekki fengið mig til að styðja það, sem jeg tel víst að hljóti að misheppnast. Og ef að þetta fjelag færi um koll, eptir að búið væri að kosta stór-miklu fje til að leggja járnbraut, þá má geta nærri, hvort fólksflutninga-»agentarnir« mundu ekki hrópa hátt, að nú mætti sjá, að ekkert nytsamt stórvirki borgaði sig á Íslandi, og því ætti allir að fara til Ameríku.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Það er nú búið tala margt og mikið um mál þetta síðan jeg talaði seinast, og skal jeg minnast lítið eitt á hin ýmislegu atriði, sem hafa verið tekin fram á móti frumv.

Það er þá fyrst h. 2. þm. Árn. (Þ. Guðm.). Hann hefur komið fram með þá breyt.till. við breyt.till. nefndarinnar við 42. gr., að í staðinn fyrir 20 ár komi 15 ár, og taldi hann það mikil meðmæli með breyt.till. sinni, að það væri óheppilegt, að samningurinn væri gjörður til lengri tíma en þangað til landssjóður getur keypt. Þetta er misskilningur hjá h. 2. þm. Árn. (Þ. G.), því eptir 43. gr. frumv. getur landsstjórnin keypt járnbrautir og skip fjelagsins og flutningatæki eptir 15 ár. Það er því alveg sama, þó samningurinn sje gjörður fyrir lengri tíma; því þegar stjórnin kaupir, þá hætta auðvitað tillögin fyrir þau ár, sem eptir voru af þeim, sem samningurinn náði yfir.

H. sama þm. þótti það miður fara, að ekki væri tekið fram, hvar brautin ætti að liggja, og kvað hann svo geta farið, að brautin yrði lögð þannig, að hún lægi fram með akbrautum þeim, sem þegar væru gjörðar eða þar sem flutningsþörfin væri minnst. Það er auðvitað, að fjelagið verður að líta á, að brautin verði lögð þar, sem flutningsþörfin er mest, því það er í þess eigin hag. En að fara að skipa því, að leggja hana eptir einhverri vissri línu, það er næsta varhugavert. Það er engu minni hagur fyrir fjelagið, að

brautin sje lögð sem haganlegast, heldur en fyrir landsmenn.

Það er einkum h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), sem hefur komið fram með margar mótbárur gegn frumvarp. En flestar þeirra eru þannig lagaðar, að þær miða til þess, sem maður á dönsku kallar »at stikke Folk Blaar i Öjnene«. Hann þóttist koma með ákaflega miklar tekniskar upplýsingar og hjalaði margt um körfur, kálfa, radíusa, þvermál o. m. fl. En eins og h. þingm. Rvík. (J. Jenss.) tók fram, þá kemur þetta okkur alls ekki neitt við, því það er ekki landssjóður, sem á leggja brautina.

Þar sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) hjelt því fram, að mjósporuðustu brautir í Danmörku væru 3 fet og 7 þuml. og í Noregi 3 fet, þá get jeg sagt h. þm., að þetta er ekki rjett, að minnsta kosti nú sem stendur. Það getur raunar vel verið, að flestar brautir, sem hingað til hafa verið lagðar í Danmörku eða Noregi, hafi þessa breidd; en jeg veit, að í Danmörku hafa nýlega verið samþykkt lög, sem ákveða, að brautirnar þurfi ekki að vera svo breiðar. Jeg hef nú einmitt fyrir mjer lög, þar sem stendur, að brautin megi ekki vera mjórri en 1 meter, nema með sjerstöku leyfi frá ráðherra innanríkismálanna. Þetta sýnir, að brautin má vera mjórri. En það er aðgætandi, að það sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) var að tala um körfur o. s. frv., það gildir að eins um þungar járnbrautir, en hjer er að eins verið að tala um ljettar járnbrautir. En nú eru einmitt allar járnbrautir, sem hingað til hafa verið lagðar í Danmörku og Noregi, þungar járnbrautir, svo að það, sem um þær gildir, gildir ekki um ljettar járnbrautir, — því það er stór munur á þungum járnbrautum og ljettum. Ef hann vill fara að gæða þinginu á útreikningum, sem eiga við þessa járnbrautargjörð, þá verður h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) að fara til Ameríku eða Indlands, þar sem þessar brautir eru almennar, og reyna að læra það þar. En jeg skal benda á, að í ríkisþinginu í Danmörku voru í fyrra samþykkt lög, sem veittu stjórninni heimild til að láta leggja nokkrar aukajárnbrautir, sem máttu vera ljettar, og skal jeg leyfa mjer að lesa upp 1. gr. úr þessum lögum. Það eru raunar ekki lögin sjálf, sem jeg hef fyrir mjer, heldur frumv. eins og það kom frá nefndinni, en það var samþykkt orðrjett.

»Samtlige Baner kunne bygges som lette Lokomotivbaner, enten med samme Sporvidde, som Statsbanernes, eller med smallere Sporvidde. Naar ikke særlig Bestemmelse herom ved Loven er fastsat, er Valget af Sporvidde overladt Eneretshaverne, for saa vidt som Sporvidden ikke er under 1 Meter. Dersom der önskes endnu smallere Sporvidde, tilkommer det Indenrigsministeren at afgjöre, om en saadan Sporvidde i Forhold til Anlægets övrige Karakter og Drift fyldestgör Fordringerne til Driftens Sikkerhed«.

Þannig er ekkert á móti, að brautin sje mjórri en 1 meter, svo framarlega sem innanríkisráðaneytið álítur því ekkert til fyrirstöðu. Hjer er ekkert tiltekið í frv., hve breið brautin eigi að vera, en eptir skýrslum og áætlunum, sem nefndin hefur haft undir höndum, og eins eptir tilboðum, sem Sigtryggur Jónasson hefur sýnt nefndinni, þá mun vera til ætlazt, að brautin verði 30 þuml. á breidd, og þá vantar ekki svo mikið upp á 1 meter. En auðvitað mun fjelaginu aldrei detta í hug, að fara að byggja braut, sem ekki verður notuð; og að landsstjórnin færi að borga fje til þeirrar brautar, sem ekki er notanleg, það kemur engum til hugar.

Þar sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.)

hjelt því fram, að það væri óheppilegt, að ákveðið væri að brautin skyldi liggja austanfjalls, og áleit að með því væri einskorðað að hún ætti að liggja yfir Hellisheiði, þá skal jeg geta þess, að þetta getur eins átt við Mosfellsheiði; svo er orðið »austanfjalls« brúkað í daglegu tali, eptir því sem kunnugir og áreiðanlegir menn hafa sagt mjer, sem einmitt hafa búið í þessum sveitum.

H. þm. tók enn fremur fram og fór mörgum orðum um það, að engin trygging væri fyrir því, að nokkuð fje fengist til brautarinnar. Þetta er mótbára sem búið er að svara og hrekja svo opt, að jeg sje ekki ástæðu til að fara að gjöra það enn þá einu sinni. En þegar hann vildi fara að láta enskan verkfræðing skoða brautarstæðið upp á kostnað landssjóðs og gjöra áætlun um kostnaðinn, og veita til þess arna 10,000 kr., þá fór mjer að þykja nóg um. Það væri sannarlega hlálegt, ef menn ætluðu að fara að dyngja yfir á landssjóð alveg óbeðið töluverðum kostnaði, sem fjelagið auðvitað eitt ætti að bera. Eða hví skyldi fjelagið ekki mega bera þann kostnað sjálft? Þetta kemur okkur alls ekki neitt við; það er fjelagið, sem á að sjá um, að brautin sje þannig úr garði gjörð, að vagnar geti gengið eptir henni og að hún verði þægileg til vöru- og mannflutninga.

H. sami þm. sagði, að hjer myndaðist nokkurs konar monopolfjelag og að landsmenn yrðu eingöngu bundnir við járnbrautina. — En hvar í heiminum, þar sem járnbrautir eru lagðar, á það sjer stað, að fjelaginu, eða þeim sem leggur þær, sjeu ekki gefin einkarjettindi fyrir styttri eða lengri tíma? Jeg skýt því til h. þm., hvort hann getur nefnt mjer nokkuð dæmi til þess. Auðvitað er fleirum gefið leyfi til að leggja járnbraut á sama svæði eptir svo og svo langan tíma. Þessi lög fara nú ekki fram á, að einkaleyfið standi í meir en 15 ár, en jeg þekki dæmi til að þau standa í margfalt lengri tíma, t. d. í þessum lögum Dana, sem jeg las upp þenna kafla úr áðan. Þar er einkaleyfið veitt þangað til árið 1990; þangað til árið nítján hundruð og níutíu, segi jeg. Hvað hefði h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagt til þess, ef hjer hefði verið farið fram á það? (*Guðl. Guðm.*: Hvaða styrk fær sú braut úr landssjóði?). Hún hefur ekki fengið neinn styrk úr landssjóði eða ríkissjóði, heldur eru það mörg bæjarfjelög (kommuner), sem leggja fram fjeð, og það er stórmikið fje.

En svo tók h. þm. fram í enda ræðu sinnar, að hann vildi ekki leggja annað eins fjárhagslegt band á landssjóð, eins og þetta væri, um svo langan tíma. Það er með öðrum orðum að segja, að hann væri algjörlega á móti málinu að öllu leyti, nema því að eins, að við fengjum járnbrautir fyrir ekki neitt á landinu; en jafnframt tók hann það fram, að það væri óþarfi að vera að leggja svona mikið fje til járnbrauta; þær mundu fást samt án þess. Þarna kemur það! Þm. hefur miklu sterkari trú á fyrirtækinu en jafnvel við nefndarmenn. Hann heldur, að járnbrautir muni koma hjer á landi, án þess nokkur styrkur sje veittur til þeirra, en samt vill hann ekki leggja neitt fje til þess, að þeim verði komið á stofn sem fyrst, enda þótt hann álíti, að þær muni geta borið sig fullkomlega. Það munu þó flestir, og það meðmælendur þessa frv., vera á því, að járnbrautin muni ekki borga sig fyrst í stað.

H. þm. A.-Skaptf. (J. Jónss.) tók fram, að þó að járnbraut kæmist hjer á, þá mundi hún ekki geta fengið nóg að flytja og gæti því ekki borgað sig. Það er það sama, sem h. þm. N.-Þing. (B. Sv.)

sagði við 2. umr. málsins, að við ættum ekki að fara að hugsa um járnbrautir fyr en atvinnuvegirnir væru orðnir svo fullkomnir og pródúkt landsins svo mikil, að hún fengi nóg að gjöra og gæti borið sig. Það er með öðrum orðum, að þó að þm. (J. Jónss.) játi, að það sjeu samgöngubæturnar, sem eru hyrningarsteinninn undir framförum landsins, þá eigi samt ekki að gjöra neitt til eflingar þeirra, fyr en framfarirnar sjeu orðnar svo miklar, að allt geti borið sig. — Það er eins og maður kæmi til manns, sem er að byggja hús, og er að leggja grunninn, og segði við hann: Heyrðu, góðurinn minn, þetta er bandvitlaus aðferð; þú átt ekki að fara svona að, að byggja hús; þú átt að byggja þakið fyrst og svo veggina, og svo á grunnurinn að koma. Þakið og veggirnir eiga þá að hanga í loptinu, þangað til grunnurinn kemur. (*B. Sv.:* Þm. veit ekki hvað hann segir!). Jú, fullkomlega.

H. þm. Eyf. (J. Jónss.) hjelt því fram, að samkvæmt frv. mundi vanta beint samband milli útlanda og annara staða á landinu en Reykjavíkur. En skipið, sem fer í kringum landið, á auðvitað að standa í sambandi við milliferðaskipið, þannig, að þegar milliferðaskipið kemur til Reykjavíkur, þá á strandferðaskipið að vera ferðbúið til að fara kringum landið með vörur þær og farþega, er milliferðaskipið hefir komið með; svo jeg get ekki annað sagt, en að kaupmenn út um landið fái vörur sínar beina leið frá útlöndum, þótt þær að eins sjeu fluttar úr einu skipinu í annað.

H. þm. (J. J., Eyf.) sagði, að jeg hefði gjört sjer getsakir með því að segja, að hann hefði komið með breyttill. sína um að færa tímann niður í tíu ár í þeim tilgangi að fella frumv. Jeg get ekki neitað, að eptir því sem h. þm. talaði, að það væri bezt að setja 10 ár, af því, að ekki væri víst nema málið fengi framgang, en hann mundi þó ekki greiða atkv. með því, þó þessi breyt.till. kæmist að, — að mjer finnst þetta benda á, að það sje gjört til að spilla fyrir málinu. Liggur ekki beinast við að halda, að þetta væri þá gjört í þeim tilgangi, að, ef málið að öðru leyti gengi fram, þá yrði þó þetta til að fella það, með því líklegt væri, að hið fyrirhugaða fjelag gæti eigi gengið að slíkum kostum?

H. þm. (J. J., Eyf.) minntist og á, að við hefðum í fyrra átt kost á beinu sambandi við Liverpool. Það er satt; en hvernig voru þær ferðir? Það voru að eins örfáar ferðir og fyrir miklu meira gjald en hjer er farið fram á. Það var því allt öðru máli að gegna með þær.

H. þm. (J. J., Eyf.) sagði enn fremur, að það væri óforsvaranlegt að láta málið ganga til efri deildar svona undirbúið, ef menn vildu ekki, að það yrði að lögum. En jeg get ekki betur sjeð, en, ef málið er illa undirbúið, eins og þm. segir, þá sje einmitt ástæða til að láta það ganga til h. efri deildar, til þess að h. þm. efri deildar gefist kostur á að koma með þær upplýsingar, er þeir geta gefið í málinu. Það er eigi svo að skilja, að jeg segi, að jeg sje á þessari skoðun, en jeg segi að eins, að þó að einhver kynni að hafa þessa skoðun, þá er það engan veginn »óforsvaranlegt«.

Þá sagði h. þm. Húnv. (B. Sigf.), að það væri ný kenning, að það væri »ópraktiskt«, að þingið semdi ferðaáætlun strandferðaskipsins, og kvað hann það vera í fullu samræmi við það, sem hefir komið fram á undanfarandi þingum. Það skal jeg fullkomlega játa; en þetta veikir ekki það, sem jeg hjelt fram, að það hafi verið »ópraktiskt« af þinginu

að semja áætlunina. Jeg hef átt tal við marga »forretningsmenn«, sem eru mjög vel kunnugir því, hvernig strandferðum hjer er háttað, og einn þeirra meira að segja mikið fengizt við þær, og þeir voru allir á einu máli um það, að ómögulegt hefði verið, að framfylgja ferðaáætlun þeirri, er þingið samþykkti síðast.

H. þm. (J. J., Eyf.) áleit það ófullnægjandi, ef strandferðaskipið kæmi til dæmis að eins einu sinni á þann stað, sem alþingi tiltekur að það eigi að koma við á. En eptir frumv., þá á skipið stöðugt að vera á ferðinni, og það er sjálfsagt, að það komi ætíð við á öllum þeim stöðum, sem þingið ákveður, ef eigi eru gerðar sjerstakar undantekningar frá því, svo eiginlega stendur í breyt.till. nefndarinnar alveg það sama, sem breyt.till. h. þm. fer fram á.

Þar sem h. þm. var að tala um viðvíkjandi samkeppninni, að gufuskipafjelagið mundi hætta að láta skip ganga til Íslands, því að pósturinn mundi verða sendur yfir Liverpool til Íslands, því með því að gjöra samning við fjelagið, mundi það geta fengizt fyrir 10,000 kr. í staðinn fyrir, að nú geldur ríkissjóður 40,000 krónur fyrir að flytja póstinn til Íslands, þá eru þetta að eins getgátur, sem eru bygðar í lausu lopt, og mjög vafasamt bæði það, hvort fjelagið mundi ganga að þessu, og eins, hvort nokkurn tíma yrði farið fram á það, því pósturinn til Færeyja þarf víst að komast fyrir þessu, og þegar skip er komið til Færeyja, þá er minnst á munurum, þó það skreppi með póstinn til Reykjavíkur.

Jeg held ekki, að fleiri mótbárur hafi komið fram, sem jeg þarf eiginlega að svara. En jeg skal að endingu taka það fram, að sú stund, sem vjer greiðum atkvæði um þetta mál, er mjög þýðingarmikil stund fyrir hvern þingm. Það er þá á ábyrgð þingm., hvort þeir vilja láta það standa letrað í framtíðarsögu Íslands, að árið 1894, 20 árum eptir að vjer fengum stjórnarskrá og löggjafarvald, hafi landinu verið hrundið mjög mikið fram með því, að bæta mjög samgöngurnar með tíðum og greiðum siglingum og með því, að leggja járnbrautir um landið; eða þá hitt, að árið 1894 hafi menn enn þá verið svo sljóskygnir hjer á landi, að menn hafi neitað tilboði um að leggja hjer járnbraut og halda siglingum uppi til útlanda, sem mundi hafa orðið landinu til ómetanlegs hagnaðar. Því svo framarlega sem þetta vort fósturland á nokkra framtíð fyrir höndum, svo framarlega sem það á nokkra sögu, sem enn er óskrifuð, þá hlýtur annaðhvort af þessu tvennu að verða skráð þar.

Þórður Guðmundsson: Jeg verð að álíta það mjög óheppilegt, þegar flokkar myndast svo ákafir með eða móti einhverju máli, að menn fara að misskilja eða jafnvel rangherma orð þingmanna, og sjer í lagi þegar rangfærslunni er svo háttað, að hún er til þess að sverta þingmenn í augum þjóðarinnar. Jeg segi þetta af því, að mjer gat ekki betur skilizt á ræðu h. þm. 1. Eyf. (J. J.), en hann væri að reyna að leiða það út úr ræðu minni, að jeg ætlaði að greiða ósjálfstætt atkvæði í þessu þýðingarmikla máli. En jeg bið h. þm. Eyf. (J. J.) að athuga það, að jeg sagði aldrei að jeg ætlaði að greiða atkvæði með þessu máli hjer úr deildinni upp í Ed. til þess að það yrði fellt þar, heldur til þess að h. Ed. gæfist kostur á að fjalla um það, og koma með þær umbætur á því, sem henni þætti við eiga. Jeg ætla annars ekki að tefja tímann með því að eyða mörgum orðum í að þrátta um þetta, en vil að eins óska þess, að aldrei hefði verið greitt ósjálfstæðara atkvæði hjer í

deildinni og verði ekki hjer eptir í nokkru máli, heldur en jeg greiði nú. Jeg vona eptir að fáir geti talið það ósjálfstæðisvott hjá mjer, þótt jeg geti búizt við að h. Ed. kunni í einhverju að geta bætt frumv. þetta, og að jeg ekki vilji útilykja þann mögulegleik.

Einar Jónsson: Tveir h. þm. hafa lagt svo mikla áherzlu á, að þessi deild mætti ekki setja atkvæði sitt í samband við atkvæði h. Ed., og annar þeirra tók svo djúpt í árinni, að hann jafnvel kallaði það óforsvaranlegt. En nú stendur einmitt svo á fyrir mjer, að jeg set atkvæði mitt í nokkurt samband við h. Ed., og því vil jeg gjöra grein fyrir því. Ef um það væri að ræða, að þeir menn hefðu beitzt fyrir fyrirtæku þessu, sem vjer gætum borið fullt traust til að gætu framkvæmt það, þá er jeg ekki í efa um, að jeg mundi hafa gefið málinu atkvæði mitt. En af því að mjer getur ekki dulizt, að málið er næsta óundirbúið og mjög á huldu, þá er jeg mjög tregur að gefa því atkvæði mitt, meðan svo stendur. En aptur á móti vil jeg að báðar deildirnar eigi kost á að sýna, hvernig þær líta á málið í heild sinni, svo að stofnendur þessa fyrirhugaða fjelags hafi á áliti alls þingsins að byggja, ef þeir vilja halda málinu áfram, og sömuleiðis aðrir, er kynnu að vilja koma með svipuð tilboð. Mjer þykir þetta svo miklu máli skipta, að jeg mun greiða atkvæði með málinu nú við þessa umræðu, til þess að gjöra mitt til, að fyrir geti legið álit beggja deildanna. En jafnframt get jeg þess, að jeg kýs helzt, að eigi verði þessu máli til lykta ráðið fyr en á næsta þingi, sem hlýtur að verða kunnugra fjárhagsástandi landsins en þetta þing.

Guðlaugur Guðmundsson: Af því að tíminn er nú orðinn svo naumur, skal jeg að eins leyfa mjer að leiðrjetta það, sem einkum er athugavert í ræðum þeirra, sem hafa verið að bögglast við að svara mjer.

H. þm. Rvk. (J. Jenss.) taldi það málinu óviðkomandi, að vera að koma með upplýsingar í því, og lá við að hann væri að leitast við að gjöra skop að mjer fyrir það að jeg skyldi hafa verið að reyna að leita upplýsinga um það, og síðan verið að þeim óþarfa, að bera þær hjer fram. Þetta verð jeg að telja dálítið óviðkunnanlega kenningu hjer á þingi, og hingað til munu fæstir hafa neitað því, að það væri fremur kostur en ókostur, að þingmaður vissi dálítið um mál það, sem hann er að fjalla um og á að greiða atkvæði um.

Jeg held það væri t. d. ekki á móti því, áður en atkvæði er greitt um málið, að hafa einhverja hugmynd um, hvort hina fyrirhugu járnbraut á að leggja um mögulega staði eða ómögulega, hvort það á að leggja hana upp í tunglið, norður í land eða austur í sveitir. Vitneskja um þetta hefir ekki svo lítil áhrif á málið. H. þm. (J. Jens). þóttist geta dregið það út úr orðum mínum, að jeg vildi ekki láta leggja járnbraut hjer, nema hún borgaði sig. Jeg hefi mjer vitanlega alls ekki gengið enn inn á það spursmál, hvort járnbraut muni borga sig eða ekki, og í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að h. framsögum. (V. G.) sneri nokkuð við orðum mínum í síðustu ræðu minni, til þess að geta fengið út úr þeim þann skilning, sem hann vildi fá; hann leiddi það út úr þeim, að jeg hefði sagt, að jeg hefði þá trú, að járnbrautir hjer mundu borga sig styrklaust, og svo fannst honum það mótsögn, að jeg skyldi vera á móti þessu frumv. H. þm. Vestm. (V. G.) hefir hjer farið heldur langt, og líklega lengra en hann sjálfan varði, því að það sjer þó hver lifandi maður, að ef jeg hefði trú á því

að járnbrautir hjer mundu borga sig nú, þá mætti jeg vera hringlandi vitlaus, ef jeg vildi borga útlendingum 50,000 kr. á ári fyrir að leggja þær og halda uppi ferðum á þeim, með öðrum orðum gefa 50,000 kr. fyrir verk, sem borgaði sig sjálft styrklaust; það væri því fjarri því að jeg væri í mótsögn við sjálfan mig, þótt jeg vildi ekki samþykkja þetta frumv., ef jeg á annað borð hefði trú á, að járnbrautir mundu borga sig. En jeg hefi, sem sagt, enn þá alls eigi tekið það til skoðunar. Þó má jeg nú vel gjöra nokkra grein fyrir, hvað jeg hygg um það. Jeg gjöri ráð fyrir, að járnbrautin austur muni kosta $2^1/_2$—3 miljónir króna; vextir af þessu fje má gjöra ráð fyrir að sje um 120,000 kr. á ári; kostnaður við að halda brautinni við og við að halda uppi ferðum á henni má gjöra ráð fyrir að verði að meðaltali um 10,000 krónur á mánuði eða 120,000 kr. á ári. Þær tekjur sem járnbrautin þyrfti að hafa árlega yrðu því 240,000 kr. Nú búa á því svæði, er járnbrautina getur notað, um 20,000 manns, og ef vjer gjörum ráð fyrir 5 króna fargjaldi alla leið með brautinni eða 10 kr. fram og aptur, og að á henni ferðaðist að meðaltali 4. hver maður af þessu svæði einu sinni á ári, þá ættu að fást um 50,000 kr. á ári fyrir mannflutninga, og ef gjört er ráð fyrir að annað eins muni fást fyrir vöruflutninga, en það mun þó vera heldur of ríflegt í lagt, þá ættu árstekjurnar alls að verða 100,000 kr., en 140,000 kr. vanta til að tekjurnar hrykkju upp í gjöldin. Af þessu stutta yfirliti má sjá, hvert álit jeg hefi á því, hvernig brautin muni borga sig. En það er rjett, að eins og málinu horfir nú við, er ekki til neins að fara langt út í þetta.

Menn hafa viljað segja, að það komi ekki þinginu við að rannsaka, hvernig fyrirtækið muni borga sig; það sje fjelagsins að gjöra það. Eptir þeim brjefum ætti þinginu að vera sama þótt fyrirtækið sje í sjálfu sjer óframkvæmanlegt, eins og fjelagið eða flutningsmenn hafa hugsað sjer það. Mjer finnst þó ekki minna mega heimta en að þingið hafi, áður en það greiðir fullnaðaratkvæði um málið, gjört sjer einhverja hugmynd um, hvort fyrirtækið mundi framkvæmanlegt fyrir stofnfje fjelagsins eða ekki.

Jeg hefi ekki sagt þetta af því, að jeg sje á móti málinu í sjálfu sjer, þvert á móti, jeg tel það næsta þýðingarmikið, en jeg vil reyna að forða því, að að því sje hrapað; það er til að spilla fyrir því, en eigi til að bæta.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, að jeg hefði farið í hring í röksemdaleiðslum mínum, en h. þm. (Sk. Th.) hefir sjálfsagt ekki tekið vel eptir því sem jeg sagði, — aptur á móti heyrði jeg á svari h. framsögum. (V. G.), að hann hafði tekið betur eptir því atriði, sem hjer er um að ræða —; h. þm. (Sk. Th.) bar mjer á brýn að jeg hefði farið í hring, þar sem jeg hefði sagzt ekki geta verið með málinu af því, að alla tryggingu vantaði, en að jeg hefði líka sagt, jeg gæti eigi heldur gefið málinu atkvæði, af því, að það legði svo mikið fjárhagsband á þing og þjóð. Þetta er ekki fullkomlega rjett hermt. Jeg sagði að jeg gæti ekki verið með málinu, af því, að engin trygging væri fyrir fje nje forgöngumönnum, og jafnvel þótt þetta væri fyrir hendi, þá þætti mjer næsta viðsjárvert að binda landið þessum gjöldum, því að það legði oss svo þunga byrði á herðar; þess er að gæta, að þótt hann kallaði styrkinn lítinn, þá er hann þó mikill, já mjög mikill, þegar miðað er við vorar ástæður.

H. þm. (Sk. Th.) minntist á, að vjer hefðum átt þungum kostum að sæta af hinu danska gufuskipafjelagi, en jeg sje með engu fyrir girt, að þetta fyrirhugaða fjelag, ef það nokkurn tíma kemst á laggirnar, geti ekki látið oss sæta enn þyngri kostum. H. þm. (Sk. Th.) sagði að vísu, að það mundi fá viðurkeppni frá hinu danska gufuskipafjelagi; en varlega mun öll von vera á því byggjandi. Það er alls ekki óhugsandi, að það kynni að semja við dönsku stjórnina um að flytja póstinn til Íslands; það er ekki ólíklegt að það mundi bjóðast til að gjöra þetta með mjög góðum kjörum, til þess að rýma keppinaut úr vegi sínum. Sjerstaklega mundi þó fjelagið vera án allrar viðurkeppni á ferðum sínum kringum landið, og á járnbrautinni.

H. þm. (Sk. Th.) sagði, að vjer, með því að greiða atkvæði móti málinu, útilokuðum mögulegleika til að fá annað eins og hjer er boðið. Líklega tekur h. þm. (Sk. Th.) hjer nokkuð djúpt í árinni; sjálfsagt munum við ekki geta gjört ráð fyrir að fá járnbraut á árunum 1895—1896, ef vjer höfnum þessu, en vjer fengjum hana líklega ekki hvort sem væri. En það veit h. þm. (Sk. Th.), að fleiri peningar eru til í veröldinni en þessi 50,000 pd.st., sem kunna að vera lofuð til járnbrautafyrirtækisins nú, og hann veit líka að ekki er svo torvelt að fá vinnufje til þeirra fyrirtækja, sem skynsamlega eru stofnuð, og það er langt frá að loku sje skotið fyrir að vjer getum fengið fje til járnbrautargjörðar hjer á landi, þótt þetta fjelag gangi frá, jafnskjótt sem líkindi eru fengin fyrir því, að járnbraut muni borga sig hjer. Jeg verð því að bera harðlega af mjer, að jeg sje að berjast móti straumnum, þótt jeg vilji ekki greiða atkvæði með frv., sem á jafnlausum grundvelli er bygt sem þetta, eða að jeg vilji ekkert eiga við járnbrautamál, þótt jeg vilji fella þetta frumv.

H. framsögum. (V. G.) bar mjer það á brýn, að jeg hefði verið að reyna »at stikke« h. deild »Blaar i Öjnene«, eða varpa sandi í augu hennar. Það er undarleg og nokkuð nýstárleg kenning, að það sje að varpa sandi í augum mönnum, að koma fram með þær upplýsingar í einhverju máli, sem unnt er. Ætli það mætti ekki fremur segja slíkt um það, þegar fimbulfambað er um mál eitthvað út í loptið? H. framsögum. (V. G.) sagði, að skýrsla mín um járnbrautir erlendis hefði ekki verið rjett, af því að jeg hefði ekki gjört greinarmun á ljettum brautum og þungum. Jeg get hrakið þessi orð h. þm. (V. G.) með hans eigin orðum. Hann las upp ákvæði þau, sem gjörð hafa verið um ljettar brautir í Danmörku, og er þar gjört ráð fyrir, að þær eigi ekki að vera mjórri en einn meter, eða 38 þml. Hann kvað stjórnina mundu hlutast til um, að fjelagið hefði ekki braut sína mjórri en góðu hófi gegndi, en jeg er viss um að hún mundi ekki gjöra það; hún gæti það ekki heldur; fjelaginu eru engar skorður settar, og frumv. gefur engar bendingar um að stjórnin megi hlutast til um, hvernig það hagar brautargjörðinni.

Jeg vildi heldur láta rannsaka það svæði sem brautina á að leggja um áður en frumv. væri samþykkt. Bæði fjelagið og þingið stæði óneitanlega betur að vígi, ef það hefði einhverja hugmynd um tilkostnað til brautarinnar áður en farið er lengra út í það mál. Það sjá allir, að það hefir ekki svo litla þýðingu fyrir afdrif þessa máls, hvort brautin kostar að eins eina miljón króna, eða hún kostaði þrjár miljónir. Mjer finnst það kenna nokkurrar óþolinmæði, að vilja ekki bíða eptir því, að sam-

þykkja þetta frumv., þangað til nokkur vissa er fengin fyrir því, hvort kostnaðurinn við brautarlagninguna muni fara geipilega fram úr áætluninni eða ekki.

H. framsögum. (V. G.) fannst það ástæðulítið hjá mjer, að jeg taldi það ekki rjett eða heppilegt, að gefa þessu fyrirhugaða fjelagi svo langt einkaleyfi, því að annarstaðar væri það algeng venja, að binda slík einkaleyfi við enn lengri tíma. En jeg vil spyrja hann að því, hvort hann viti til þess, að svo sje þar, sem lagt er stórmikið árlegt gjald af ríkisfje til fyrirtækisins. Það er öðru máli að gegna, þegar bæjarfjelög eða sveitir leggja fjeð fram. Um þetta á h. framsögum. (V. G.) eptir að gefa mjer upplýsingar, og sömuleiðis um það, hvort hann þekki nokkurstaðar annarstaðar heimildarlög slík sem þessi. Upplýsing sú sem hann gaf við 2. umr. var ekki fullnægjandi. Hvað sem þessum löngu einkaleyfum h. framsögum. (V. G.) viðvíkur, þá veit jeg til þess, að á stuttum tíma hafa á Englandi verið bygðar nokkrar brautir, er engra einkaleyfa eða styrks af ríkisfje hafa orðið aðnjótandi.

Jeg verð að leyfa mjer að taka upp orð h. framsögum. (V. G.) og segja, að það sje að byggja þakið í loptinu á undan grundvellinum, ef vjer förum að samþykkja þetta frumv. áður en vjer vitum, hvort nokkur fjelagsmaður er fenginn, eða hvort nokkur skildingur er til, til að byrja þetta stórvirki með.

Jeg skal svo ekki tefja tímann með lengri ræðu, þótt jeg hefði enn ástæðu til að taka ýmislegt fram.

Jens Pálsson: Það voru að eins fá orð, er jeg ætlaði að taka fram viðvíkjandi breyt.till. h. 2. þingm. Húnv. (B. S.). Hann taldi henni það til gildis, að alþingi hefði bæði árið 1891 og 1893 lagt mjög mikla áherzlu á, að það rjeði ferðaáætlun gufuskipanna. En jeg skal minna h. þm. á það, að í bæði skiptin gjörði þingið svo miklar kröfur, gjörði svo einskorðaða ferðaáætlun, að hlutaðeigendur gátu ekki gengið að henni. Nefndin vildi því ekki ráða til, að binda svo hendur fjelagsins með einskorðaðri ferðaáætlun, þar sem því kynni að þykja slíkur kostur óárennilegur, og jafnvel frágangssök.

Breyt.till. h. þm. (B. S.) fer fram á, að alþingi—ekki »hafi hönd í bagga með«, eins og hann komst að orði, heldur ráði að öllu leyti ferðaáætluninni, en fjelagið fái ekki að hafa þar hönd í bagga með, og það er óaðgengilegt fyrir fjelagið. Það væri því eigi ráðlegt fyrir þingið að gjöra slíkt. Aptur á móti vill nefndin, að þingið hafi hönd í bagga með tilhögun ferðanna með því, að ákveða viðkomustaði, en fjelagið ráði og að öðru leyti, og er það hyggilegra.

Það var líka annað atriði, sem jeg vildi minnast á, og það var óttinn fyrir einokun, sem sumir hafa látið í ljósi, sjerstaklega af því, að ferðir milli Íslands og Danmerkur muni leggjast niður. En jeg skil ekki, að svo verði, að minnsta kosti ekki fyrri en eptir mörg ár, því verzlunar-rásin breytist þó ekki allt í einu. Jeg skal ekki spá; en þó álít jeg að ómögulegt sje að vöruflutningar geti orðið kostnaðarsamari en þeir eru nú, þó fjelagið komi þessu á gang, því fyrst og fremst verða ferðirnar miklu tíðari og vegalengdin miklu styttri en til Kaupmannahafnar. Ef við hugsum okkur, að þetta fjelag verði að eins jafnsólgið í gróða og önnur fjelög og ekki sólgnara, þá eru ekki líkindi til, að flutningsgjald verði hærra en nú gjörist, og í annan stað, ef litið er til þess, að skip þess eru stór og þeir vildu víst ekki láta þau ganga tóm landa á milli, þá get jeg

ekki sjeð, hvernig þetta ferðafyrirkomulag getur leitt til einokunar; það bendir miklu fremur til þess, að koma samkeppni af stað. Kjör vor í þessu efni geta varla versnað frá því sem er, því að við borgum núna 25-falt hærra flutningsgjald fyrir vöru, sem við fáum frá Kaupmannahöfn, heldur en gjald er á vöru, sem flutt er milli Ameríku og Liverpool. Það eru borgaðir þar 6 aurar á »bushel« eða 60 pund, en vjer borgum hjer 2 kr. 20 a. á hver 200 pund frá Kaupmannahöfn eða sama sem 66 aura á »bushelið«. Og þegar þess er gætt, að milli Ameríku og Englands er 2—3 sinnum lengri vegur, þá sjest það, að við borgum nærfelt 25-falt hærra en þeir.

Einokun getur ekki átt sjer stað, því það mundi ávallt einhver önnur skip fást, enda er það hvergi bannað í frv., að önnur skip megi fara á milli Íslands og annara landa.

Út af því sem sagt hefur verið um það, að þetta beina samband milli Englands og Íslands mundi verða smákaupmönnum til tjóns, þá skal jeg geta þess, að jeg tel það líklegt, að fjelagið telji sjer það hag, að hafa flutningsgjaldið ekki hærra en svo, að aðgengilegt væri fyrir þá, og svo, þegar ferðirnar yrðu svona tíðar, gætu smákaupaverzlanir miklu optar umsett sína peninga heldur en þegar ferðirnar eru eins strjálar og nú.

Að því er snertir það, að nefndin færði tímabilið 30 ár niður í 20 ár, þá skal jeg geta þess, að nefndin hefur gengið í því lengra en hún vildi, en hún varð að gjöra það sökum þess, að þetta 30 ára tímabil var fellt við 2. umræðu. En við vildum ekki koma með það sama ákvæði aptur, en álitum nauðsynlegt, að hafa eitthvert fastákveðið tímabil, til þess, að grundvellinum, sem upphaflega var bygt á, yrði ekki, að því leyti, alveg raskað. En þegar við neyddumst til þess, að færa saman tímabilið, litum við svo á, að væri tíminn styttur enn frekara, þá kynni það að verða frágangssök fyrir fjelagið. Því fjær sem verið er 30 ára tímabilinu, þess meir fráfælandi verður tíma-styttingin, og jeg álít, að það yrði fullkomlega frágangssök fyrir fjelagið, ef tíminn væri ákveðinn enn styttri en það, sem nefndin hefur farið fram á. En jeg held að fjelagið muni ganga að því, að tímabilið sje sett 20 ár, og hef jeg því borið mig saman við herra Sigtrygg Jónasson um það atriði, en hann hefir verið hluttakandi í ráðagjörðinni, þegar »planið« var lagt í Englandi.

Jón Jónsson, 1. þm. Eyf.: H. framsögum. (V. G.) fór all-mörgum orðum til þess, að sanna það, að tilgangur minn með breyt.till. minni væri sá, að reyna til þess, að eyðileggja málið. Jeg ætla ekki að eyða miklum tíma til þess, að útlista ástæðuna fyrir breyt.-till., því að jeg gjörði það svo rækilega í fyrri ræðu minni í dag, að jeg vona, að flestir h. þm. hafi skilið það, þó h. framsögum. (V. G.) hafi ekki getað komið því inn í höfuðið.

H. framsögum. (V. G.) fór í niðurlagi ræðu sinnar mörgum og heitum orðum um það, hver ábyrgðarhluti það væri, að greiða atkvæði á móti frumvarpinu. Jeg þóttist skilja, að hann væri þá, eins og rímnaskáldin gerðu, að vanda sem mest seinustu vísuna í rímunni, að »kveða niður« þessa dýrt kveðnu rímu. Hann sagði sem sje, að þingm. sýndu nú með atkvæði sínu, hvort þeir vildu hrinda landinu á nýja framfarabraut eða með sljóskygni aptra því, að sú framfarabraut yrði gengin um ókominn tíma, og að undir því væri komið, hvort þjóðin ætti nokkra framtíð, nokkra »óskrifaða sögu«.

Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta, en jeg vona, að háttv. framsögum. (V. G.) sjái, að það er ekki rjett af honum, að fara nú þegar að brennimerkja mótstöðumennina, því að þegar allar þessar miklu framfarir eru komnar í ljós, þá munu þeir sem voru formælendur þessa máls standa með geislagloríu um höfuðið, og þá mun líka sjást glöggast brennimarkið á enni mótstöðumannanna.

Hann sagði, að það væri alvarlegt, þegar sumir af samferðamönnum yrðu staðir eða settu fæturnar fyrir sig til þess að dragast aptur úr. En það er líka alvarlegt, þegar einhverjir samferðamannanna hlaupa á undan og við sjáum í iljar þeim fram af gljúfrum. Mjer dettur ekki í hug að segja, að svona löguð dæmi eigi hjer við. En jeg álít, að hvorttveggja sje álika mikil fjarstæða.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskjali 118 samþ. með 14 samhlj. atkvæðum; breyt.till. 1. á þingskj. 113 samþ. með 13 samhlj. atkv.; breyt.till. 2. á þingskj. 113 samþ. með 14 samhlj. atkvæðum; breyt.till. 3 á þingskj. 113 samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 119 samþ. með 15 atkv. gegn 7; breyt.till. á þingskj. 122 samþ. með 12 atkv. gegn 5; breyt.till. á þingskj. 125 samþ. með 12 atkv. gegn 9; breytingartill. á þgskj. 120 samþ. með 12 samhl. atkv.; breyt.till. 4 á þingskj. 113 samþ. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir skriflegri ósk 10 þingmanna, (Guðl. Guðmundssonar, Þórh. Bjarnarsonar, Jóns Þórarinssonar, Sigurðar Gunnarssonar, Þórðar Guðmundssonar, Þorl. Guðmundssonar, Halldórs Daníelssonar, Eiríks Gíslasonar, Guðjóns Guðlaugssonar og Jóns Jónssonar), og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson	Guðl. Guðmundss.
Eiríkur Gíslason	Bened. Sveinsson
Halld. Daníelsson	Björn Sigfússon
Jens Pálsson	Guðj. Guðlaugsson
Jón Jensson	J. Jónss., þm. A.-Sk.
Jón Þórarinsson	J. Jónss. þm., Eyf.
Ólafur Briem	Sighv. Arnason
Pjetur Jónsson	Tr. Gunnarsson
Sig. Gunnarsson	Þórh. Bjarnarson
Skúli Thoroddsen	Þorl. Guðmundsson
Valtýr Guðmundsson	
Þ. Guðmundsson.	

Því næst var gengið til atkvæða um málið í heild sinni og var frumvarpið þannig orðað samþykkt með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk fyrgreindra 10 þingmanna, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson	Guðl. Guðmundss.
Eiríkur Gíslason	Bened. Sveinsson.
Halld. Daníelsson	Björn Sigfússon
Jens Pálsson	Guðj. Guðlaugsson
Jón Jensson	J. Jónss., þm. A.-Sk.
Jón Þórarinsson	J. Jónss., þm. Eyf.
Ólafur Briem	Sighv. Árnason
Pjetur Jónsson	Tryggvi Gunnarss.
Sig. Gunnarsson	Þórh. Bjarnarson
Skúli Thoroddsen	Þorl. Guðmundsson.
Valtýr Guðmundss.	
Þ. Guðmundsson	

Málið síðan afgreitt til forseta efri deildar.

Brottfararleyfi af þingi.

Forseti bar undir atkvæði deildarinnar beiðni frá þm. Vestm., Valtý Guðmundssyni, um brottfararleyfi af þingi 23. ágúst, og var það veitt í einu hljóði.

Frumv. til laga um stofnun brunabótasjóðs (C. 25, 84); framh. 1. umr.

Flutningsmenn lýstu því yfir, að þeir tækju frumvarpið aptur.

Frumv. til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða (C. 26, 84); framh. 1. umr.

voða í Reykjavíkur kaupstað (C. 31, 84); framhald 1. umr.

Flutningsmenn lýstu því yfir, að þeir tækju frumv. aptur.

Frumv. til laga um afnám fasteignarsölugjalds (C. 55); 3. umr.

Frumv. samþ. með 20 samhlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Brottfararleyfi af þingi.

Forseti bar undir atkvæði beiðni frá 2. þm. Ísfirðinga, Skúla Thoroddsen, um brottfararleyfi af þingi, alfarið, og var það veitt með 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum (C. 52); 3. umr.

Jón Jensson: Mál þetta hefir enn sem komið er gengið ummælalaust í gegn um 1. og 2. umr. En þar sem ekki hefir verið skýrt frá, hver tilgangurinn sje með þessum lögum, þykir mjer óviðkunnanlegt að láta það ganga fram hjá svo, að enginn minnist á það. Það getur verið spurning um, hvort öllum sje fullkomlega ljóst, hvað hjer er um að ræða. Það má segja, að hjer sje verið að semja skattalög fyrir landið, þó frumv. þetta komi fram í nokkuð einkennilegu formi.

Jafnaðarsjóðirnir eru svo upphaflega til komnir, að með tilskipun 10. maí 1788 var það ákveðið, að jafna skyldi niður á lausafjáreign bænda í amtinu kostnaðinum af flutningi sakamanna úr einu hjeraði í annað. — Með þessu myndaðist ný niðurjöfnunaraðferð, þar sem lausafje var lagt til grundvallar sem gjaldstofn.

Þegar fram liðu stundir fóru menn að demba upp á þessa sjóði ýmsum gjöldum, svo sem fyrir bólusetningu, heyrnar- og málleysingjakennslu, sáttamál, til fangelsa o. fl., en öll þessi gjöld höfðu það einkenni, að þau voru fastákveðin með lögum, og niðurjöfnunarupphæðin því lögákveðin. Nú er búið að ljetta af sjóðunum þeim kostnaði, sem leiðir af fangelsum, en hin gjöldin, sem eptir eru, er nú ráðgjört að fella burtu með lögum þessum. Menn líta nú svo á, að þessi gjöld, sem frumv. ræðir um, sjeu eptir eðli sínu landssjóðsgjöld, að þau snerti alla landsmenn og því sje ekki ástæða til að láta einstök hjeruð vera að burðast með þau. Þetta getur verið rjett. En hvað verður eptir handa jafnaðarsjóðunum til að verja fje sínu til? Þegar einmitt þau gjöld, sem jafnaðarsjóðirnir eru aðallega ætlaðir til að standast, eru af þeim tekin? Hingað til hafa þeir haft vissum lögskipuðum og lögákveðnum gjöldum að sinna, en nú við þessa breytingu verður ekkert eptir af hinum lögskipuðu gjöldum, en niðurjöfnunarrjetturinn, sem var einmitt veittur vegna hinna lögskipuðu gjalda, mun þó eiga að haldast eptir sem áður. Það verður eiginlega ekki annað eptir af sjálfsögðum gjöldum en kostnaðurinn við amtsráðin og hjer eptir verður því amtsráðunum í sjálfs vald sett, að leggja á skatta til að verja því, sem inn kemur, eptir eigin geðþótta. Hjer er um nýtt fjárveitingarvald að ræða — og það virðist mjer dálítið varhugavert.

Væri hjer um það að ræða að eins, að færa gjöld þau, sem frumv. ræðir um, af þessum eina gjaldstofni, lausafjenu, yfir á landssjóðinn og alla þá gjaldstofna, sem hann eys fje af, þá skyldi jeg ekki vera á móti frumv.; en nú er það eigi meiningin, heldur hitt, að koma þessum gjöldum af jafnaðarsjóðunum, til þess að amtsráðin geti haft frjálsari hendur með að nota allt eða sem mest af því fje, sem þessi eini gjaldstofn leggur til, og sem ekki mun

vera meiningin að færa niður, til að verja því eptir eigin geðþótta til hins og þessa, eins og amtsráðin í seinni tíð eru farin að gjöra. Það má færa dæmi úr reikningum jafnaðarsjóðanna síðari árin til þess, að af þeim hefir verið lagt fje til fyrirtækja, sem allt eins eru landsmál, eins og þau, sem hjer er verið að ræða um að ljetta af sjóðunum, en jeg skil ekki hvað það er betra að láta amtsráðin leggja á þennan eina gjaldstofn gjöld til landsmála, sem þau útvelja eptir eigin vilja og geðþótta, held ur en til landsmála, sem eru fastákveðin að eðli og stærð í lögunum, nema vjer vildum endilega koma okkur upp nýju fjárveitingarvaldi, grundvölluðu á þessum eina gjaldstofni, en það finnst mjer fremur mikill óþarfi.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg ætla mjer ekki að tala langt mál að þessu sinni. Jeg get ekki sjeð, að nokkur veruleg ástæða sje til þess, að gera þessa breytingu, sem frumv. fer fram á. Jeg skal að sönnu játa það, að með því er grundvöllurinn fullt eins rjettur, að þau gjöld, er frumv. til tekur, skuli greiðast fremur af landssjóði en jafnaðarsjóðunum.

Þess skal jeg þó geta, að þessi breyting er alveg sama og að taka úr einum vasanum og láta í hinn. Hjer er tekið frá jafnaðarsjóðunum og lagt í landssjóð. Þessi breyting kann að ljetta dálítið skatta á landsbúum í bráðina, en vjer verðum að gæta þess, að það er ekki rjett að taka útgjöld af jafnaðarsjóðunum og setja þau á landssjóð án þess þó að búa til nýja skatta, en að auka nýja skatta til landssjóðs er þó ekki nauðsynlegt.

Mjer fyrir mitt leyti finnst þessi breyting óþörf og ástæðulaus, þar sem engar umkvartanir hafa komið yfir því fyrirkomulagi, sem hefir verið. Þetta mál kom hjer inn á þingið í fyrra og fjekk þá mjög lítinn byr, en nú er það álitið sjálfsagt og mesta nauðsynjamál. Aðalástæðan er kostnaðurinn við heyrnar- og málleysingjakennsluna, hve ójafnt hún komi stundum niður; en þetta er mjög lítilfjörleg og veik ástæða. Jeg sje ekki annað en að hægt sje að láta þann kostnað koma nokkurn veginn jafnt niður. Og svo er þess að gæta, að menn eru ekki vanir að vera svo hörundsárir, þegar um opinbert fje er að ræða, þótt meira eða minna sje tekið af því.

Yfir höfuð álít jeg þetta óþarfamál og heimskulegt fyrir þingið að eyða löngum tíma í það, og mun jeg því ekki greiða atkv. mitt með málinu.

Guðlaugur Guðmundsson: Það gengur yfir mig, hve miklar umræður hafa orðið nú við þessa síðustu umr. þessa máls, þar sem það áður hefir fengið svo góðan byr. Mjer fyrir mitt leyti finnst málið svo ljóst og vandalítið, að það þurfi ekki að eyða miklum tíma til þess að ræða það frekara en gert hefir verið.

Ástæður þær, sem h. þm. Strand. (G. Guðl.) færði gegn málinu, eru svo ljettvægar og úr lausu lopti teknar, að þær hljóta að falla af sjálfu sjer. Hann sagði, að engin umkvörtun hefði komið frá þjóðinni þessu viðvíkjandi. Þetta er engin ástæða. Umkvörtun hefir komið frá amtsráði suðuramtsins, og auk þess hlýtur það að vera hverjum manni ljóst, að það sje rjettara, að þau gjöld, er snerta allt landið í heild sinni, eins og til dæmis gjöld fyrir málleysingjakennslu o. s. frv., hvíli á landssjóði, heldur en á jafnaðarsjóðum amtanna eða með öðrum orðum á lausafjenu að eins. Að jafnaðarsjóðirnir þynnist svo við þetta, að lítið verði eptir handa þeim að styrkja, álít jeg ekki rjett. Heldur

er það ekki tilgangurinn með þessu frumv., að veikja með því amtmannaembættin eða styðja að afnámi þeirra; slíkt liggur alls ekki hjer undir og er víst ekkert hætt við, að slíkt verði, þótt þetta frumv. nái fram að ganga. Það getur varla haft veruleg áhrif í þá stefnu; og ef þau eru svo laus fyrir, að þau veikist mjög við þetta, þá standa þau sannarlega ekki á föstum fótum.

Hvað h. þm. Rvk. (J. Jenss.) meinar, þar sem hann er að tala um hreppapólitik í sambandi við þetta mál, veit jeg ekki; jeg sje ekki, að þetta mál eigi nokkuð skylt þar við.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg teldi það mjög óheppilegt, ef frumv. þetta yrði nú fellt við 3. umr., eptir að það hefir áður verið samþykkt með næstum öllum atkvæðum, grein fyrir grein, við 2. umr.

Jeg fyrir mitt leyti er samþykkur h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) í öllu, er hann hefir tekið fram málinu viðvíkjandi. Frumv. þetta kemur í mjög eðlilegu áframhaldi af lögum 2. nóvember 1877, þegar ljett var af jafnaðarsjóðunum ýmsum gjöldum, sem á þá hafði verið dembt, af því að ekki var annað að flýja. En það sem sjerstaklega gjörir mjer þetta mál kært, er 1. gr. frumv., að kostnaðurinn við kennslu heyrnar- og málausra komi beint á landssjóðinn, ef viðkomendur sjálfir geta eigi borið kennslukostnaðinn. En það eru ekki einungis heyrnar- og málleysingjar, sem þjóðfjelagið í heild sinni þarf að annast; það eru fleiri volaðir í mannfjelaginu, sem ættu að njóta slíkrar umönnunar, sjerstaklega holdsveikir menn og geðveikir. Það eru slíkir sjerstakir flokkar aumra manna, sem vandamenn og enda sveitarfjelög geta eigi risið undir að veita þá umönnun og hjúkrun sem með þarf, og sem heldur eru engin tæki til, nema á sjerstökum stofnunum. Þar verður hið opinbera að koma með sína hjálp, og skoða jeg þetta litla frumv. sem byrjun í þá átt, og þeirri mannúðarstefnu vil jeg fylgja í löggjöfinni.

Halldór Daníelsson: Það er að eins smá athugasemd, er jeg ætlaði að gera. Sú mótbára gegn frumv. hefir komið fram, að ef þetta gjald væri tekið af jafnaðarsjóðunum, þá væri svo lítið eptir, sem þeir hefðu að styrkja. Þetta er alls ekki rjett; þeir hafa talsverð útgjöld eptir fyrir því, til dæmis amtsráðakostnað, og suður-, norður og austuramtið allþungar afborganir: suðuramtið af láni til Ölfusárbrúarinnar, norður- og austuramtið af Skjálfandafljótsbrúarláninu og fleira. Svo sje jeg heldur ekki, að nokkuð geti verið á móti því, að hið æðsta sveitarstjórnarvald hafi nokkuð fje til umráða, eins og til dæmis sýslunefndir og hreppsnefndir; jeg vantreysti ekki amtsráðunum með meðferð þess fjár. Jeg skal svo ekki fara frekari orðum um þetta mál; jeg er fyllilega með frv. og mun greiða atkvæði mitt með því þegar til kemur, því jeg er sannfærður um, að sú breyting, er það fer fram á að gerð sje, sje til mikilla bóta og miklu rjettara og eðlilegra fyrirkomulag en á sjer nú stað, þar sem gjöld þau, er hjer ræðir um, eru greidd af jafnaðarsjóðunum, en að mínu áliti eru gjöld þessi sameiginlegar þarfir alls landsins.

Jón Jensson: Það var mín meining í hinni fyrri ræðu minni, að það væri ekki rjett að ljetta af jafnaðarsjóðunum lögskipuðum gjöldum og með lögákveðinni upphæð og fella einmitt þar með burtu hinn upprunalega mælikvarða fyrir niðurjöfnunarvaldi amtsráðanna. Það er nokkuð öðru máli að gegna með niðurjöfnunarvald sýslu-

nefnda; það er ekki eins afmarkaður sögulegur grundvöllur þess, enda hvílir þar gjaldið á breiðari grundvelli hvað gjaldstofninn snertir. Það er satt, að ýms ný lög leggja gjöld á jafnaðarsjóðina, svo sem brúalögin, og jeg amast ekki við því; en jeg vil ekki að niðurjöfnunin til jafnaðarsjóðanna fari út yfir þau takmörk, sem lögskipuð gjöld setja henni, og álít það óþarft, að amtsráðunum sje gjört nokkuð hægra fyrir með að útbýta eptir vild fje til hins og þessa, án þess laganauðsyn sje til, einkum þar sem gjaldstofninn er svo takmarkaður.

Annars get jeg ekki sjeð, hvað getur verið því fyrirstöðu, að þetta mál bíði til næsta þings. Jeg fæ ekki sjeð annað en að ástæðurnar til þessara breytinga sjeu á engum rökum bygðar og engin nauðsyn fyrir nýjum lögum hjer að lútandi, að minnsta kosti nú í bráðina, en sjálfsagt að taka margt og mikið fleira til athugunar, ef fara ætti út í þá sálma eða fara að hreifa við þessari löggjöf.

Þorlákur Guðmundsson: Mjer skildist h. þm. Rvík. (J. Jenss.) gefa í skyn, að amtsráðin hefðu farið út fyrir sinn verkahring með skatta-álögur, en þó svo kunni að vera, þá sje jeg ekki að þeim með þessu frumv. sje gefin heimild til fremur en verið hefur að leggja á skatta. Þau verða, eins og sýslunefndirnar, að halda sjer innan sinna takmarka.

Það er nokkur meiningarmunur milli h. þm. Rvík. (J. Jenss.) og h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) um það, til hvers jafnaðarsjóðirnir hafi verið stofnaðir. Upphaflega hvíldi ekki á þeim kostnaðurinn til kennslu heyrnar- og málleysingja, en seinna voru þeir með lögum skyldaðir til að bera þann kostnað. En eins og h. þm. V.-Skaptf. tók fram, hvíla svo mörg gjöld á lausafje manna, að ekki veitti af að ljetta á þeim gjaldstofni og jafna gjöldunum niður á fleiri, og mun það vart verða gjört á annan hátt rjettlátlegar en að landssjóður greiði þessi gjöld. Það hefur auðvitað nokkuð fje verið lagt hingað til til heyrnar- og málleysingja, en það hefur verið allt of lítið. Jeg álít, að eptir kröfum nútímans eigi að gjöra miklu meira fyrir þessa aumingja en gjört hefur verið.

Mig furðar annars á því, að andmælendur þessa máls skuli ekki hafa komið fram fyr en á þessu síðasta stigi þess hjer í deildinni. Það hefði verið eðlilegast, að þeir, sem eru svo mjög á móti málinu, hefðu stungið upp á nefnd við 1. umr., einkum þar sem þeir vilja láta taka skatta-álögurjettinn af amtsráðunum, því þá hefðu þau ekki mikið að gjöra, og mætti þá eins vel aftaka þau með öllu. Það verða þó æfinlega talsverð gjöld, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum, þó þessum verði ljett af þeim. Jeg gjöri t. d. ráð fyrir, að suðuramtið þurfi að leggja talsvert fje til Hvanneyrarskólans, sem nú mun vera orðinn amtsskóli, og svo gæti orðið um fleiri stofnanir, sem amtsráðin þyrftu að leggja fje til.

Þegar hjer var komið umræðum stakk þm. Rvík (J. Jenss.) upp á nefnd í málinu.

ATKV.GR.: *Forseti* bar þá upp tillögu um nefndarkosning, en hún var felld með 14 samhlj. atkv.

(Þá var fundinum frestað, með því komið var að þeim tíma, er halda skyldi fund í sameinuðu þingi, kl. 6. Skyldi halda fundinum áfram þegar er fundi hins samein. þings væri slitið).

Framh. fundar kl. 7 e. h. og var þá frekari umræðum um mál þetta frestað til næsta dags, eptir ósk landshöfðingja.

Frv. til laga um varnir gegn útbreiðslu

næmra sjúkdóma á Íslandi (C. 56, 102); 2. umr.

Framsögumaður (Einar Jónsson): Eins og h. þingdm. mun ljóst orðið af nefndarálitinu, eru það engar stórvægilegar efnisbreytingar, sem nefndin hefur stungið upp á að gjöra við frumv., og þarf jeg því lítið um málið að tala að svo komnu.

Það var ákveðið í frumv., að enga þóknun skyldi greiða fyrir tilkynning um sjúkdóm, ef ekki þyrfti að gjöra til þess ferð út úr hreppnum, en nú hefur nefndin stungið upp á þeirri breytingu, að ætíð skuli borga tilkynninguna, ef reikningur er gjörður, jafnvel þó eigi sje gjörð til þess ferð út úr hreppnum. Í frumv. var gjört ráð fyrir, að þegar um yfirgripsmikla sjúkdóma væri að ræða, skyldi læknir tilkynna það landlækni, en hann aptur gjöra þær ákvarðanir, er þurfa þætti og landshöfðingi staðfesta, en þessu ákvæði hefur nefndin stungið upp á að breyta þannig, að það skuli vera lögreglustjóri, sem sendir landshöfðingja tilkynning um sóttvarnir þær, er gjörðar hafi verið með umsögn hlutaðeigandi læknis, en síðan skuli landshöfðingi, með samráði við landlækni, gjöra þær ráðstafanir, sem þurfa þyki. Þetta fyrirkomulag álítur nefndin eiga betur við. Þá hefur nefndin stungið upp á að ákvæðum 5. gr. frumv. yrði breytt þannig, að kostnaður við sóttvarnir skuli greiðast úr viðkomandi sýslusjóði eða bæjarsjóði, allt að 100 kr. á ári, en það sem kostnaðurinn fari fram úr 100 kr. greiðist úr landssjóði; en í frumv. er ákveðið, að þegar kostnaðurinn færi fram úr 100 kr., skyldu 50 kr. greiðast úr sýslusjóði, en það sem fari fram yfir 50 kr., skuli greitt úr landssjóði. Að öðru leyti eru breytingar nefndarinnar að eins til skýringar, þar sem hún vill láta bæta inn í frumv. orðunum: bæjarfjelag og bæjarsjóður.

Það hefur heyrzt á sumum, að þeim þætti rjettara að láta þetta mál bíða, en að þingið ályktaði nú að biðja stjórnina að leggja fyrir næsta þing frumv. til almennra sóttvarnarlaga. En mjer finnst rjettara, að gjöra þetta frumv. svo vel úr garði sem unnt er, til þess að það geti þó verið leiðbeining fyrir stjórnina, ef henni þætti það eigi verða svo fullkomið, að hún vilji samþykkja það, en kjósi heldur að semja nýtt frumv.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg minntist á það við 1. umr. að mjer þætti þetta fara of skammt, og jeg minntist sjerstaklega á stofnun heilbrigðisnefnda. Jeg legg sjerstaklega áherzlu á, að tekið hefði verið upp í frumv. ákvæði um að stofna heilbrigðisnefndir í hverjum hreppi, er húsbændur hefðu getað haldið sjer til, er sjúkdómar kæmu upp á heimilunum, og að nefndirnar hefðu skyldu til að hafa gát á heilbrigðisástandinu hver í sínum hreppi. En ekki hefði þó mátt minna vera en að ákveðið hefði verið, að hreppstjóra skyldi tilkynnt, ef skæðir sjúkdómar kæmu upp í hreppnum. Það hefur viljað reynast ýmislega með þessar rannsóknir læknanna. Það sýnir dæmið úr Seyðisfirðinum í vetur, þegar »inflúenzunni« var hleypt þar á land. Ef menn vilja ekki stofna heilbrigðisnefndir, sem jeg álít bezt að gjört væri, þá ætti þó að minnsta kosti að tilkynna hreppstjórum um sjúkdóma, því þeir eru þó hið næsta lögregluvald fyrir neðan sýslumennina.

Framsögumaður (Einar Jónsson): Nefndin tók þetta atriði til íhugunar, en komst að þeirri niðurstöðu, að sleppa því, og það af þeirri ástæðu, að það er áríðandi, að tilkynningin geti komizt

sem fljótast til læknis; en það hlyti að tefja fyrir tilkynningunni, ef hún ætti fyrst að ganga til heilbrigðisnefndarinnar og sú nefnd síðan að halda fund með sjer, áður en sent væri til læknis. Þess ber líka að gæta, að hreppsnefndin er í rauninni sjálfskipuð heilbrigðisnefnd í sínum hreppi, eptir sveitarstjórnarlögunum, og vil jeg geta þess, að í Norður- og Austuramtinu hefur verið samin reglugjörð fyrir heilbrigðisnefndir, eptir tilætlun sveitarstjórnarlaganna, og samkvæmt því á hreppsnefndin eða nokkur hluti hennar að hafa eptirlit með heilbrigðisásigkomulaginu í hreppnum. En af því að þessar heilbrigðisnefndir hafa samt óvíða komizt á, en hver hreppsnefnd er samkvæmt lögunum skyld til að hafa eptirlit með heilbrigðisástandinu, var þessi ákvörðun sett í 1. gr. frumv., að sje auðveldara að tilkynna hreppsnefndarmanni en lækni, að næmur sjúkdómur sje kominn upp í hreppnum, þá sje það heimilt; þó er ekki ætlazt til að haldinn verði fundur um málið í hreppsnefndinni, heldur skal hreppsnefndarmaður sá, er tilkynninguna fær, tilkynna aptur lækni, að sjúkdómur sje upp kominn, því það vakti fyrir nefndinni, að gjöra tilkynninguna sem greiðasta. Nefndin talaði einmitt mikið um það, hvort stofna ætti reglulegar heilbrigðisnefndir, en fjell frá því af þessari ástæðu, enda var hún hrædd um, að heilbrigðisnefnd yrði ein af þessum nefndum, sem gleyma, hvað þær eiga að gjöra, af því það, sem þær eiga að skipta sjer af, kemur svo sjaldan fyrir, og þeim, sem þyrftu að tilkynna sjúkdóm, kynni að vera það óljóst, hverjir væru í heilbrigðisnefnd, þegar til ætti að taka, en miklu kunnugra, hverjir væru í hreppsnefndinni.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skil ekki vel ástæður h. framsögum. (E. Jónss.) fyrir því, að ekki sje rjett að stofna hjer heilbrigðisnefndir. Jeg veit að vísu, að samkv. 15. gr. sveitarstjórnarlaganna eru hreppsnefndir sjálfskipaðar heilbrigðisnefndir, ef amtsráð eða landshöfðingi hefir sett þeim reglur að fara eptir í því tilliti, og það getur verið, að þessar reglur hafi verið settar í norðuramtinu og austuramtinu, en það mun aldrei hafa verið gert hjer á suðurlandi eða í suðuramtinu, en fyrst þetta hefir verið gert fyrir norðan og austan, virðist mjer ljóst, að stjórnarvaldið þar hafi álitið þó, að heilbrigðisnefndir hafi þýðingu. En það er sízt ástæða gegn þeirri nefnd eða þeim nefndum, sem jeg legg til að skipaðar sjeu, þótt hinar nefndirnar hafi vanrækt störf sín. Eptir 23. gr. sveitarstjórnarlaganna er gjört ráð fyrir því, að borið sje undir hreppsnefndina, er stofna skal heilbrigðisnefndina, og get jeg þá ekki betur sjeð en að eins vel eigi við að stofnuð sje sjerstök heilbrigðisnefnd í hreppnum, eins og að láta sveitarstjórnina sjálfa hafa heilbrigðismálefnin á hendi.

ATKV.GR.: 1.—2. breyt.till. nefnd. við 1. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv. hvor. 1. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 17 samhlj. atkv.; 2. gr. frv. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 3. gr. frv. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 3. breyt.-till. nefnd. við 4. gr. frumv. samþ. með 13 samhlj. atkv.; 4. gr. frumv. með áorðinni breyt. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 4. breyt.till. nefnd. við 5. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 5. breyt.till. nefnd. við 5. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 5. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 6.–7. gr. frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv. hvor. Fyrirsögnin samþ. án atkv.greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um að gjöra samþykktir um hindrun sandfoks og um sandgræðslu (C. 122); 3. umr.

Flutningsmaður (*Sighvatur Arnason*): Af því að mál þetta hefir fengið svo góðar undirtektir hjá h. þingd., finn jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það, en vona, að h. þingd. samþykki málið nú á þessu síðasta stigi þess.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv. og afgreitt síðan til Ed.

Nítjándi fundur, miðvikudag 22. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frumv. til laga um breyting á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum (C. 52); frh. 3. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg ætla þegar að lýsa því hreinskilnislega yfir, að áhugi minn á máli því, er hjer liggur fyrir til umræðu, er ekki meiri en svo, að jeg er nærri búinn að gleyma því, er jeg ætlaði að segja. Það voru að eins fáein atriði í ræðu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), sem jeg ætlaði að minnast dálítið á, þar sem hann taldi upp það sem hann áleit vera breyting um þeim, sem hjer er um að ræða, til gildis, en gildandi lögum til forátta: að gjöld þau, sem hjer er farið fram á, að færa úr jafnarsjóðunum og yfir á landssjóðinn, gætu aukizt ár frá ári. Jeg veit nú ekki til, að þessi gjöld sjeu líklegri að fara vaxandi fremur en önnur gjöld, því jeg sje enga ástæðu til að gera ráð fyrir, að fleiri börn fæðist að tiltölu mállaus og heyrnarlaus hjer eptir en hingað til. Hið sama má segja um kostnaðinn til bólusetninga og sáttamála, að jeg sje ekki miklar líkur til að hann þurfi að aukast að miklum mun fyrst um sinn, en á hinn bóginn þykir mjer ekki ólíkt, að þessi gjöld mundu aukast við það, væru þau greidd úr landssjóði, í stað þess úr jafnaðarsjóðunum, því það er reynsla fyrir því, að slík gjöld eru opt reiknuð nokkuð hátt. Samkvæmt lögum um kennslu heyrnar- og málleysingja er ekki skylt að greiða kostnað þann, sem leiðir af námi þeirra, þegar efnað fólk á í hlut. Jeg get ímyndað mjer, að kröfum laganna um þetta efni yrði ekki eins vel fylgt, sakir ókunnugleika landstjórnarinnar um hagi vandamanna heyrnar- og málleysingjanna, ef greiða ætti gjöldin til kennslu þeirra úr landssjóði.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) mótmælti því, að engar umkvartanir hefðu komið um þetta efni, því þess hefði verið tvisvar óskað í suðuramtinu, að gjöldum þessum væri breytt á þann hátt, sem hjer er farið fram á, — en jeg álít, að það sje enginn almennur þjóðvilji, þótt einar 2 raddir heyrist að eins úr einu amti landsins, sem kann að stafa að nokkru leyti af því, að þessi kostnaður hefir verið þar í þann svipinn í hærra lagi, — því þessi kostnaður getur breytzt, þannig, að eitt árið er hann meiri í þessu amtinu, en annað árið í hinu. Jeg held þó, að umkvörtunin stafi yfir höfuð af því, að jafnaðarsjóðsgjöldin í heild sinni sjeu of há, en mjer virðist að kostnaðaraukinn á jafnaðarsjóðunum stafi einkum af fjölgun amtsráðsmannanna. — Jeg get ekki haldið, að önnur sje grundvallarástæðan fyrir óánægju manna yfir gjöldum þessum, ef hún er nokkur. Má taka til dæmis, að ferð eins amtsráðsmannsins á amtsráðsfund í suðuramtinu kostaði jafnaðarsjóðinn 600 kr. Væri því meiri ástæða til óánægju yfir kostnaðinum, sem leiðir af fjölgun amtsráðsmanna, en yfir kostnaðinum, sem leiðir af kennslu heyrnar- og málleysingja, bólusetningu og sáttamálum. — Einmitt það, að þyngri gjöld hvíla á

jafnaðarsjóðunum, heldur en farið er fram á að ljetta nú af þeim, mælir með því, er h. þm. Rvk. (J. Jenss.) lagði til í gær, að nauðsynlegt væri að yfirvega nákvæmlega gjöld þau, er hvíldu á jafnaðarsjóðunum í heild sinni, og væri því bezt að láta mál þetta bíða næsta þings.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) fór mörgum og alvarlegum orðum um það í gær, að þar væri óskiljanlegt ranglæti, að gjöld þau, sem hjer ræðir um væru að eins greidd af landbændum, þar sem þau hvíldu eingöngu á lausafje, og áleit hitt rjettara, að leggja þau á alla gjaldstofna. Að vísu játa jeg, að þetta er rjett, en á þessu eru þó ýmsir agnúar, sem jeg fæ ekki betur sjeð en vegi fullkomlega á móti. Í fyrsta lagi segi jeg sem landbóndi, að þar sem jeg borga ekki svo teljandi sje gjöld til hins opinbera nema af lausafje, er mjer ekki mikið áhugamál, að fá gjöldum þessum ljett af mjer. Hitt finnst mjer að hverjum landbónda ætti að liggja ríkara á hjarta, að gjöldum þessum væri vel varið, og landbúnaðinum til framfara. Auk þess er þetta ekki nema óverulegur ljettir í samanburði við öll önnur gjöld, því þótt tollar hvíli líka á landbændum, hvíla þeir þó tiltölulega meira á sjávarmönnum, en jeg álít ekki rjett að íþyngja þeim framar en sveitabændum; en þar sem tollarnir hvíla einnig á landbændum, yrði munurinn svo óverulega lítill, að naumast væri teljandi, hvað álögum ljetti á þeim, þótt frumv. þetta yrði að lögum.

H. þm. Vestm. (V. G.) taldi frumv. þessu til gildis, að svo mörg gjöld lægju á lausafje; en líkindi eru til, að sumum þeirra muni verða smám saman ljett af því, svo sem kirkjugjöldum, og að líkindum fara gjöldin til prests einnig sömu leiðina, áður langt um líður. Jeg álít því óþarft, að telja kirkju gjöldin; en hvað gjöldin til prests snertir, er sú byrði á landbændum ekki tilfinnanleg, en hitt álít jeg tilfinnanlegra, ef fje því, er þeir greiða, væri ekki vel varið og ekki notað landbúnaðinum í hag.

Landshöfðingi: Það var minnzt á það hjer í h. deild í gær við umræðu um þetta mál, að það virtist undarlegt, að engin mótmæli hefðu komið fram hjer í deildinni móti þessu frumvarpi fyr en við 3. umræðu, því við 2. umræðu hefði það verið samþykkt orðalaust grein fyrir grein. En jeg skal minna h. þingdeildarm. á það, að á kveldfundi þeim, þegar 2. umræða um þetta mál fór fram, þá virtist vera nokkurs konar þegjandi samkomulag í deildinni um að segja ekki neitt, og getur verið, að það hafi komið af því, að menn voru þreyttir eptir mjög langan hádegisfund, og þar við bættist, að þá var tæplega nógu bjart til að sjá, um hvað átti að ræða og greiða atkvæði, svo að störf deildarinnar urðu nokkurs konar myrkraverk, og því er mjög skiljanlegt, þó að engin mótmæli kæmu fram við 2. umr., en engin ástæða þar fyrir til að koma ekki með þau við þessa umræðu.

H. þingdeildarm. munu minnast þess, að í fyrra var samþykkt hjer í deildinni lagafrumvarp um, að kostnaðinum við kennslu heyrnar- og málleysingja og ferð þeirra til kennslustaðarins væri ljett af jafnaðarsjóðunum og hann færður yfir á landssjóð, en það frumv. var fellt í h. efri deild með miklum atkvæðamun, og er því kynlegt, að í ár skuli koma einmitt frá h. efri deild frumv., sem fer fram á, ekki að eins hið sama sem áðurnefnt frumv., heldur með þann dilk á eptir sjer, að kostnaði at bólusetningum og sáttamálum skuli einnig dembt á landssjóð. Það sem haft var á móti máli þessu í h. efri

deild í fyrra var, að kostnaðurinn við kennslu heyrnar- og málleysingja væri í eðli sínu fátækramál og landssjóði óviðkomandi, og í annan stað, að gjöldin sem af þessu leiðir mundu aukast, væru þau greidd úr landssjóði, af ókunnugleika landsstjórnarinnar um fjárhag foreldra heyrnar- og málleysingjanna. Jeg verð nú að vera á sama máli, sem h. efri deild var í fyrra, að kostnaður af kennslu heyrnar- og málleysingja og flutningi þeirra til kennslustaðarins sje í raun og veru fátækramál, því eptir tilsk. 26. febrúar 1872 á þessi kostnaður að greiðast af heyrnar- og málleysingjunum sjálfum eða þeim, sem að þeim standa, en úr jafnaðarsjóði því að eins, að hlutaðeigendur sjálfir fátæktar vegna geti ekki staðizt kostnaðinn, og það er ekki farið fram á í þessu frumv., að gjöra neinar breytingar á þessu fyrirkomulagi, heldur að eins að setja landssjóðinn í stað jafnaðarsjóðanna. Þessa breytingu álít jeg að mörgu leyti óheppilega og óeðlilega, því eptir eðli sínu eru jafnaðarsjóðirnir eins konar yfirsveitarsjóðir, og standa efstir í röð þeirra, og er þeim því ætlað að hlaupa undir bagga með þau útgjöld, sem sveitarsjóðunum eru um megn, enda er ætlazt svo til í tilsk. 4. maí 1872, að stofnaðir væru amtsfátækrasjóðir, sem væru eins konar »filial« af jafnaðarsjóðunum, og er því eðlilegt, að jafnaðarsjóðirnir greiði þá þetta fyrir sveitarsjóðina, meðan þessir fyrirhuguðu amtsfátækrasjóðir eru ekki komnir á, og það er í fullu samræmi við þetta, að svo er ákveðið í tilsk. 26. febrúar 1872, að öllum heyrnar- og málleysingjum skuli komið til kennslu, og að borgunin fyrir kennsluna sje greidd úr jafnaðarsjóðunum, þegar þeir sjálfir eða þeir, sem að þeim standa, geta það ekki.

Það hefur verið tekið fram af h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.), að kostnaður við kennslu- og flutning heyrnar- og málleysingja mundi verða meiri, þegar farið yrði að greiða hann úr landssjóði, heldur en nú, þegar hann er greiddur úr jafnaðarsjóðunum, og þar að auki, að fleiri foreldrar, sem gætu borgað kostnað þann, sem leiddi af kennslu heyrnar- og málleysingjanna, mundu komast hjá að greiða hann; og er slíkt eðlilegt, því í amtsráðunum sitja menn úr öllum sýslufjelögum og þekkja því betur ástæður foreldranna en stiptsyfirvöldin. Eptir núgildandi lögum semja amtsráðin við kennarann um borgun fyrir kennslu- og viðurværi heyrnar- og málleysingjanna, og er það eðlilegt, að þau fari eins spart í þann kostnað, eins og auðið er, þar sem þau veita sjálf fjeð; en væri kostnaðurinn greiddur úr landssjóði, yrðu það stiptsyfirvöldin, sem það bæri undir, að semja við kennarann, og þá kynni svo að fara, að sömu sparneytni yrði ekki beitt, sem nú er, meðan amtsráðin sjálf, sem veita fjeð, og jafna því niður á gjaldendur, semja um kennslukostnaðinn, og finnst mjer því mjög athugavert, að breyta þessu ákvæði; enda get jeg ekki sjeð, að þetta sje neinn ágóði fyrir heyrnar- og málleysingjana. Jeg get ekki sjeð, að með þessu fáist neitt meiri trygging fyrir því, að tilsk. 26. febr. 1872 sje fullnægt, þannig, að haft sje betra eptirlit með að heyrnar- og málleysingjum sje kennt svo sem föng eru á, þótt fjeð til þeirra sje greitt úr landssjóði, fremur en nú, meðan það er greitt úr jafnaðarsjóðunum.

Hvað sáttamálakostnaðinn snertir, þá verð jeg að taka það fram, að slíkt er svo lítil upphæð, að jafnaðarsjóðina munar ekkert um, þó að þessu gjaldi sje ljett af þeim, og þeir rísa ekkert betur undir öðrum gjöldum, þó jafnlitlu sje ljett af þeim, og sama má og

segja um kostnað við bólusetningar, sem aldrei hefur verið greiddur úr landssjóði, heldur fyrst á sama hátt sem sakamálakostnaður, og eptir að jafnaðarsjóðirnir voru stofnaðir, þá úr þeim. Að vísu voru jafnaðarsjóðirnir ekki til, er bólusetningar voru lögboðnar með kgsbr. 24. marz 1830, en mjer virðist engin ástæða til, að breyta í þessu efni því sem hefur staðið um 60 ár; það er ekki ósanngjarnara, að jafnaðarsjóðirnir greiði þetta gjald nú en var fyrir 60 árum. Að þetta ljetti störfum á amtmönnunum, verður naumast með sanni sagt. Að vísu losna þeir við að telja peningana, en þeir verða eptir sem áður að úrskurða reikningana frá bólusetjurunum, en brjefaskriptir aukast við flutninginn. Amtmennirnir senda hina úrskurðuðu reikninga áleiðis til landshöfðingja, og svo gefur hann bólusetjurunum ávísun á landssjóð, og er hætt við, að þeim þyki það brotameira en áður, að fá ávísanir þessar borgaðar, hvar sem þeir kunna að eiga heima á landinu, hvort heldur á Horni eða Langanesi, og er jeg hræddur um, að bólusetjararnir fögnuðu ekki þeim umskiptum, að fá þessa þóknun greidda úr landssjóði, í stað þess að fá hana, eins og nú er, úr jafnaðarsjóðunum.

Jeg held að enginn geti sagt, að áríðandi sje, að frumv. þetta verði að lögum á þessu þingi, enda er nú svo ákveðið í 5. gr. frumv., að lög þessi eigi ekki að öðlast gildi fyr en 1. jan. 1896, og því nægur tími, þó að frumv. þetta verði ekki að lögum fyr en á næsta þingi, þegar lögin eiga ekki að koma fyr en þetta til framkvæmda. Vona jeg að enginn neiti því, að þar sem hjer er um fjármál að ræða, er viðkunnanlegra, að mál þetta sje útkljáð á reglulegu þingi, sem hefur fjármál til meðferðar, heldur en á aukaþingi, einkum þar sem það á ekki að koma til framkvæmdar fyr en 1896, enda finnst mjer viðurhlutamikið fyrir þetta aukaþing, að samþykkja frumv., sem hefur fjárútlát fyrir landssjóðinn í för með sjer, þar sem búast má við tekjuhalla fyrir fram.

Því hefir að sönnu verið haldið fram, að hjer væri um svo lítið fje að ræða, að landssjóð munaði ekkert um það, en sje svo, má með sanni segja, að 4 jafnaðarsjóði muni ekki um það. Jeg vil því leggja til, að frumv. þetta verði ekki samþykkt á yfirstandandi þingi, heldur látið bíða þar til árið 1895.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg hef ekki getað sannfærzt af ræðu hæstv. landsh. mót frumv. því, sem liggur hjer fyrir til umræðu. Jeg geng út frá því, að jafnaðarsjóðirnir sjeu ekki fátækrasjóðir, og kostnaðurinn við kennslu heyrnar- og málleysingja eigi ekki að skoðast sem fátækramál. Upphaflega voru jafnaðarsjóðirnir sakamálasjóðir; úr þeim átti að greiða kostnað fyrir flutning sakamanna, en svo var smám saman bætt á þá ýmsum öðrum gjöldum, sem ekki var hægt að vísa á aðra sjóði. Jeg styrkist í þessari skoðun minni, að jafnaðarsjóðirnir sjeu ekki fátækrasjóðir, á því, að ráðgjört er í tilskipun um sveitarstjórn, að stofnaðir sjeu sjerstakir amts-fátækrasjóðir. Jeg hef heyrt, að leitað hafi verið álits um það, hvort stofna skyldi þessa amtsfátækrasjóði, og hafi viðkomandi ráðið frá, að slíkir sjóðir væru stofnaðir, og komast þeir því væntanlega aldrei á, þótt tilskipun frá 4. maí 1872 gjöri ráð fyrir þeim. Hvað mál- og heyrnarleysingja snertir, þá er það böl, eins og jeg gat síðast, slíks eðlis, að einstökum mönnum og enda hreppsfjelögum er ofvaxið að bæta úr því, og því hefir verið ákveðið, að hið opinbera hlypi undir bagga. Náttúrlega getur það

verið álitamál, hvort rjettara sje að gjald þetta hvíli á jafnaðarsjóðunum eða landssjóði. En þar sem upphæð þessi getur orðið allhá í jafnaðarsjóðsreikningunum, til dæmis er hún nú sem stendur í suðuramtinu orðin 1100 krónur á ári, hafa komið fram óskir um, að gjaldi þessu væri ljett af jafnaðarsjóðunum, sjerstaklega þar sem gjöld til þeirra hvíla einungis á einum gjaldstofni, nefnilega lausafjenu, sem sýna má með ómótmælanlegum rökum, að hefir langþyngsta skattabyrði.

Á jafnaðarsjóðunum hvíla nú ýms gjöld, sitt af hverri tegund, sem smátt og smátt hefir hrúgazt á þá; sumt af þessu eru jafnaðarsjóðirnir beinlínis skyldir að greiða, svo sem kostnaðinn til amtsráðsmanna á amtsráðsfundi, og auk þess hvílir á þeim ferðakostnaður amtmanna við embættisskoðanir utan funda, þar sem honum var eigi ljett af með 3. gr. laga 2. nóvember 1877. Enn fremur hvílir á þeim prentun verðlagsskráa, styrkur til amtsbókasafna, kostnaður við brúargjörðir, sem lagður er á þá með lögum, og fleira, sem álitamál getur verið um, hvort þeir eigi að borga eða landssjóður. Þar á móti álít jeg kostnað til kvennaskóla og bjargráða vera óþarfagjöld á þessum sjóðum, og fleira kynni að mega telja. Annars ættu amtsráðin sem allra minnst að beita sínum álögurjetti og fjárveitingarvaldi og halda sjer innan nauðsynlegra og sem allra þrengstra takmarka, hvað útgjöld jafnaðarsjóðanna snertir, svo ekki þurfi að auka gjöldin á þessum gjaldstofni landsins, sem harðast verður úti.

Til stuðnings þessu frumv. vil jeg geta þess, að landssjóðurinn hefir þegar tekið að sjer verulegan póst af kostnaðinum við kennslu heyrnar- og málleysingja, þar sem hann nýskeð hefir kostað allan undirbúning kennslunnar með því að kosta hinn núverandi kennara til námsins. Fjárframlag þetta stóð í fjárlagafrumv. stjórnarinnar og amtsráðunum var fyrst tilkynnt það, þegar kennslustofnun þessi fyrir heyrnar- og málleysingja var komin á fót, og er því ekki óeðlilegt, að landssjóðurinn taki að sjer hinn eptirfarandi hluta kostnaðarins og að landsstjórnin hafi alla yfirstjórn þessara mála.

Jeg get ekki verið samdóma h. þm. Strand. (Guðj. G.), að þessi kostnaður þyrfti óhjákvæmilega að aukast fyrir það, að hann yrði greiddur úr landssjóði, því jeg ber fullt traust til hæstv. landsh., að hann mundi ekki síður spara fyrir hönd landssjóðs en amtsráðin fyrir hönd jafnaðarsjóðanna, og þar sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) var hræddur um, að ýmislegt annað mundi bætast við, sem með þessu yrði fært yfir á landssjóð, þá stendur beint í 1. gr. frv., að átt sje að eins við »kostnað þann«, sem jafnaðarsjóðirnir »bera sem stendur«. Hvað viðvíkur 2. gr. frumv., þá virðist mjer liggja í augum uppi, að bólusetningarkostnaður eigi að greiðast af landssjóði, á sama hátt og laun til lækna og kostnaður sá, sem kann að leiða af sóttvörnum, sem hvorutveggja hvílir á landssjóði.

Hvað 3. gr., um kostnað til sáttamála snertir, þá er hjer um svo litla fjárupphæð að ræða, að það gjörir hvorki til nje frá, þar sem það hefir stundum verið að eins 2—3 krónur á ári, og er eðlilegt, að þessi kostnaður ljettist af jafnaðarsjóðunum, að sínu leyti eins og kostnaður til lögreglumála og sakamála fjell burt með lögum 2. nóv. 1877.

Í orðum mínum í gær var engan veginn sú hugsun, að það mundi verða neinn ávinningur fyrir heyrnar- og málleysingjana, þó þessi breyting kæmist á, en jeg skoða, að löggjafarvaldið

gangi rjetta leið með því, að vilja sjálft halda beinlínis líknarhendi sinni yfir þessum aumingjum. — Hvað það atriði snertir, að ekki sje ástæða til að flýta sjer að semja lög um þetta á aukaþinginu í ár, heldur megi það bíða þangað til árið 1895, eins og hæstv. landsh. vjek að, þá sje jeg ekki, að nein hætta geti verið í því fólgin, að ráða málinu nú þegar til lykta. Sje h. þingd. sömu skoðunar og í fyrra í þessu máli, sje jeg ekki neina ástæðu til að bíða með frumv. þetta til næsta árs; og hvað fjárhagslegu hliðina snertir, þá er hjer um svo lítið fje að ræða, að eins um 2000 krónur á ári, að jeg get ekki haldið, að landssjóður fari um þverbak fyrir það, enda mun til uppbótar hinum áætlaða tekjuhalla á fjárlögunum núna eigi hafa orðið svo lítill tekjuafgangur fyrir árið sem leið.

Að lokum vil jeg lýsa yfir fullu trausti mínu til amtsráðanna, að þau fari ekki að finna upp nýja útgjaldapósta, eða auka þá sem fyrir eru, þó að þessum gjöldum ljetti á jafnaðarsjóðunum, svo að frumv. þetta nái þeim tilgangi sínum, að ljetta að nokkru gjaldabyrðinni á lausafjenu.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg hefi nú að eins fátt eitt að taka fram málinu viðvíkjandi, því h. þm. Borgf. (Þórh. B.) hefir þegar tekið fram flest það helzta málinu til stuðnings. Hann minntist nokkuð á það mjög athugaverða atriði í ræðu hæstv. landsh., þar sem hæstv. landsh. vildi telja þetta vera fátækramál. Eptir því sem jeg lít á, þá er það ekki fátækramál, og ekki rjett, að skoða það svo, heldur er það landsmál. Jeg álít, að það eigi mjög skylt við, til dæmis, umönnun fyrir holdsveikum, geðveikum og við aðra slíka aumingja, sem frá náttúrunnar hendi eru andlega eða líkamlega fatlaðir, en engum mun blandast hugur um, að það sje landsmál, að stofna spítala fyrir holdsveika eða geðveika.

Það var eitt atriði í ræðu h. þingm. Strand. (Guðj. G.), sem sömuleiðis kom fram í ræðu hæstv. landsh., þar sem þeir tóku það fram, að færsla útgjaldanna af jafnaðarsjóðunum yfir á landssjóð mundi leiða það af sjer, að kostnaðurinn yrði meiri. Þessi ástæða álít jeg, að sje ekki á rökum bygð. Við það, að færa útgjöldin yfir á landssjóð, þá komast þessi útgjöld undir umráð landsstjórnarinnar, sem stendur miklu betur að vígi gagnvart þeim, er borgunina eiga að fá, heldur en amtsráðin. Jeg vil taka til dæmis, að hjer á landi er nú 1 maður, sem hefir lært heyrnar- og málleysingjakennslu, og til þess notið styrks frá því opinbera, og sem hefir nú þennan starfa á hendi. Þar sem hann á nú við amtsráðið með launin fyrir starfa sinn, þá getur hann fremur boðið þeim birgin og krafizt meiri launa heldur en ef hann ætti við landsstjórnina; hann getur sagt amtsráðunum, að ganga annaðhvort að eða frá, en landsstjórnin gæti fremur sett honum stólinn fyrir dyrnar, ef hann yrði ósanngjarn í kröfum sínum, og þá sent annan mann til útlanda til þess að læra þessa list, og þannig skapað honum keppinaut og fengið þetta verk unnið ef til vill fyrir miklu minna endurgjald heldur en það, sem hann krafðist. Að þessu leyti stendur landsstjórnin miklu betur að vígi en amtsráðin.

Að því er snertir tillagið frá skyldmennum, þá sje jeg ekki, að landsstjórnin standi þar ver að vígi en amtsráðin, að hún sje ekki eins kunnug og þau. Jeg get ekki annað sje, en að hún eigi fullt eins hægt með að afla sjer upplýsinga því viðvíkjandi, eins og amtsráðin; hún getur gjört það með hjálp sýslumanna og hreppstjóra. Það er líka aðgæt-

andi, að amtsráðin koma ekki saman optar en að eins einu sinni á ári og halda þá vanalega stuttan fund. Jeg efast um, að þau geti sett sig svo inn í málið, sem þörf er á.

Jeg get þannig alls ekki sannfærzt um, að kostnaðurinn þurfi að vaxa við það, þótt þessi breyting verði á fyrkomulaginu. Jeg skal líka geta þess, að landsstjórnin mundi án efa verða miklu óhlífnari en amtsráðin við þau foreldri eða skyldmenni, er ekki fullnægðu skyldum sínum í því, að greiða þann styrk, er þeim beri. Þannig mundi kostnaðurinn engan veginn fara vaxandi, heldur þvert á móti minnkandi.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að það væri engin ástæða til þess, að gera þessar breytingar, þar sem engin umkvörtun frá þjóðinni hefði komið fram þessu viðvíkjandi. Þar sem nú fulltrúarnir í amtsráði suðuramtsins, sem eru fulltrúar fyrir 1/3 hluta þjóðarinnar, hafa óskað þessarar breytingar, þá get jeg ekki annað sjeð, en að þetta sje fullkomin umkvörtnn.

Sami h. þm. sagði og, að það væri ekki rjett að afnema þessi gjöld frá jafnaðarsjóði, en skilja þar önnur gjöld eptir, sem væru miklu þyngri. Þetta er heldur ekki rjett skoðað hjá h. þm. Strand. (Guðj. G.). Það eru eptir einungis þau gjöld, sem heyra til hjeraðsmálum, en þetta eru ekki hjeraðsmál, ekki hreppamál, heldur landsmál.

Sami h. þm. (Guðj. G.) sagði ennfremur, að þetta ljetti ekki gjöldin af lausafjenu; þótt þetta ljetti nú ekki meira en 1/3 til 1/2 part af gjaldinu, þá er það þó talsverður ljettir fyrir sig, einkum þegar þess er gætt, að þessi skattur verður að gjaldast í peningum. Þetta er beinn peningaskattur, sem einkum liggur á landbúnaðinum, en menn eiga erfitt með að fá peninga fyrir afurðirnar af landbúnaðinum, fremur en af nokkrum öðrum atvinnuveg hjer á landi. Jeg held að h. þm. (Guðj. G.) hafi alls ekki skilið, hvað hjer er farið fram á, nefnilega að skattarnir á landsmönnum eru ljettir með því að taka þessi útgjöld af jafnaðarsjóðunum, en láta þar að eins vera eptir útgjöld þau, sem eingöngu stafa af hjeraðsmálum. Sáttamál eru landsmál, sem einn liður í dómgæzlunni í landinu. Sem stendur er sáttamálakostnaðurinn að vísu ekki mikill, en verði sáttanefndir fjölskipaðri og fái meira að gjöra, þá er eðlilegt, að sá kostnaður vaxi, og hann á að greiðast úr landssjóði. Jeg sje ekki, að það sje heppilegra að gjöra þá breytingu seinna heldur en nú.

Hæstv. landshöfðingi taldi það óheppilegt fyrir þetta þing, að vera að skipta sjer af fjármálum, eða þeim málum, er hefðu áhrif á fjárhag landsins; en jeg fæ ekki skilið, hver ástæða er til þess, að hepta þetta smámál frá að ná framgöngu á þessu þingi fyrir þá sök, þar sem h. Nd. hefir í gærdag einmitt stigið stórt spor í þá átt, þar sem hún hefir samþykkt eitt stórmál, er varðar fjárhag landsins mjög miklu. Þó að þetta mál ekki tapi miklu við það, þótt það nái eigi fram að ganga á þessu þingi, þá er þó þess að gæta, að tíminn, sem hefir verið notaður til þess að ræða það, er tapaður. Það er nú búið að ganga í gegnum 6 umr., og væri það fellt nú, yrði það að ganga í gegnum aðrar 6 upp á nýtt.

Það gladdi mig mikið að heyra hæstv. landsh. segja það, að þótt þessi breyting kæmist á, þá væri engin ástæða til þess að halda, að með því væri rýrð störf amtmannanna. Jeg hafði nefnilega látið mjer detta í hug, að það kynni að verða notuð sem pólitisk ástæða fyrir því, að neita máli þessu um framgang.

En úr því svo er ekki, þá get jeg ekki sjeð, að stjórnin geti haft neitt í móti frumvarpinu.

Einar Jónsson: Þessar umr., sem nú hafa farið fram um þetta mál, hefðu átt betur við við 1. umr., og er furðanlegt, að þær skyldu eigi koma fram einmitt þá, því að þá var vegur til að taka til greina athugasemdir þær, er nú hafa verið gjörðar. En nú er það orðið um seinan.

Hæstv. landshöfðingi minntist í ræðu sinni á atkv.gr. í máli þessu við 2. umr. og sagði á þá leið, að þá hefði staðið svo á, að þingmenn hefðu verið orðnir svo þreyttir af þingfundum, að þeir hefðu illa verið fyrir það kallaðir, að tala mikið, og líklega ekki almennilega vitað, um hvað þeir voru að greiða atkv., því það hefði þá verið orðið svo dimmt, að menn gætu tæpast hafa sjeð á blöðin fyrir framan sig, og þótti þess vegna lítið að marka 2. umr. um málið. En jeg vil geta þess, að við 1. umr. málsins, þann 16. þ. m., voru fá mál á dagskrá, og þá höfðu menn gott tækifæri til að ræða málið, og hefðu líklega rætt það þá, að efninu til, ef þeir hefðu haft nokkur sjerleg mótmæli fram að bera. Er því engin ástæða til að ætla, að þeir hafi eigi verið fyllilega undir það búnir, að greiða atkvæði sín við 2. umr. Jeg hygg því, að jeg geti með fullum rjetti mótmælt því, að menn hafi flaustrað atkvgr. þannig af við 2. umr., að þeir hafi ekki vitað, hvað þeir voru að greiða atkvæði um, og sjerstaklega vil jeg mótmæla því, að menn hafi þá eigi átt kost á að ræða frv., eða að það hafi eigi verið nógu bjart í salnum um kvöldið, til þess að menn gætu lesið á blöð sín, því að bæði voru nokkur ljós í salnum, og hver sem vildi gat fengið ljós.

En þar sem þessi mótmæli hafa nú komið fram við þessa umræðu, þá skal jeg gjarnan gjöra andmælendum frumvarpsins það til geðs, að stinga upp á nefnd, ef þingdeildinni kynni nú eptir þessar umræður að lítast svo, að heppilegt sje að setja nefnd í málið, til að athuga það nákvæmara, því að þótt það væri fellt á síðasta fundi, að setja nefnd í það, gat það verið af því, að menn vildu ræða það betur, áður en nefnd yrði sett.

Leyfi jeg mjer því að taka aptur upp þá uppástungu, að sett verði 3. manna nefnd í málið.

ATKV.GR.: Uppást. um að kjósa nefnd í málið var felld með 12 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, sakir óljósrar atkv.gr., og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Benedikt Sveinss.,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.,	Eiríkur Gíslason,
Jens Pálsson,	Halldór Daníelsson,
Jón Jensson,	J. Jónsson A.-Sk.,
J. Jónsson Eyf.,	Ólafur Briem,
Jón Þórarinsson,	Pjetur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Sighv. Árnason,
Skúli Thoroddsen.	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þórh. Bjarnarson,
	Þorl. Guðmundss.

Því næst var frv. í heild sinni samþ. með 12 : 4 atkv. og afgreitt síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um kirkjugjald (C. 46); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Það verður ekki sagt, að frumv. það, er hjer liggur fyrir, sje neitt nýmæli, því bæði hefir það verið rætt á undanfarandi þingum og líka á ýmsum mannfundum úti um landið. En samt, þrátt fyrir það þó það sje líka búið að ganga í gegnum h. Ed., má segja um það, að það er erfitt að gjöra svo öllum líki.

Jeg fyrir mitt leyti get að sumu

leyti samþ. frumv., en að sumu leyti get jeg ekki fallizt á það. Jeg get verið samþ. því, að það sje þörf á að breyta þessum gömlu og margbreyttu gjöldum til kirkju í eitt ákveðið gjald, en samt á hinn bóginn get jeg ekki verið ánægður með, hvernig þessari breytingu er fyrir komið í frumv. þessu frá h. Ed. Það eru þó fáein atriði, sem jeg ekki mun geta gefið atkvæði mitt, þegar til kemur. En þar sem nú er 1. umr., þá skal jeg ekki fara út í hinar einstöku greinar, en það eru að eins nokkrar almennar athugasemdir, sem jeg ætla að gjöra við frumv., og ein af þeim er þá sú, að jeg álít það ekki eiga við, sem talað er um í frumv., að þeir sem þiggja af sveit þurfi ekki að greiða gjaldið nema ef þeim gott þykir. Það er auðvitað, að fæstir af þeim mundu greiða gjaldið, og menn mundu helzt vilja vera lausir við það.

Það er kunnugt, að það eru mjög margir búendur, sjerstaklega í sjóplássum, sem þiggja af sveit; þessir menn eiga þannig eptir ákvæðum frv. mjög hægt með að losast við að greiða gjaldið, og þannig kemur það til að dyngjast upp á sveitarsjóðina. Þetta álít jeg ekki heppilegt, að löggjöfin hjálpi mönnum til að nota sjer sveitarstyrkinn á þann hátt, sem þeir vilja, og ala þá upp í því, að kasta allri sinni áhyggju upp á sveitarsjóðina. En þó þessir menn væru skyldaðir til að greiða þetta gjald sjálfir, sem í sjálfu sjer er ekki mikið, þá gæti hreppsnefndin haft tillit til þess við veitingu styrksins, og látið þá fá þessari krónunni meira, ef henni þætti ástæða til þess.

Það er og annað atriði, sem jeg að eins ætla að minnast á, og það er það, að eptir þessum lögum eru sveitarlimir ekki undanþegnir gjaldinu. Því að þó að svo sje ákveðið í frumv. að gjaldið skuli greitt úr sveitarsjóði fyrir þá, þá finnst mjer ekki rjett að leggja gjöld á þá menn, sem ekkert eiga til. Svo er og það atriði í frumv., að húsbóndinn greiði gjaldið jafnt fyrir sveitarlimina og hið annað heimilisfólk, en fái það svo aptur endurgoldið úr sveitarsjóði. Mjer sýnist, að eins mætti greiða gjaldið strax úr sveitarsjóði, ef það á annað borð er lagt á þá, sem mjer finnst nú ekki eiga við í sjálfu sjer. Það hefir aldrei viðgengizt, og að mínu áliti á ekki við að leggja gjald á þá menn, sem alls ekkert eiga til.

Jeg skal ekki á þessu stigi málsins, þar sem þetta er 1. umr., fara lengra út í málið, en það eru enn eitt eða tvö atriði, sem jeg mun minnast á síðar, sem jeg heldur ekki get fellt mig við.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg vildi, áður en lengra er farið út í þetta mál, leyfa mjer að spyrja um, hvað líði störfum nefndar þeirrar, er skipuð var, að mig minnir, fyrir einum 12—14 dögum síðan, til þess að íhuga og segja álit sitt um frumv. til laga um breyting á lögum 12. maí 1882 um umsjón og fjárhald kirkna. Í því frumv. var það þýðingarmikla ákvæði, að söfnuðir væru skyldir að taka við kirkjunum, ef forráðamenn krefðust þess, en það nýmæli í lögum tel jeg alveg ómissandi, ef kirkjugjaldsfrumv., sem fyrir liggur, hefir framgang, vegna bændakirknanna. Eptir ákvæðum hins frv. geta bændakirkjueigendurnir losazt við umsjón og ábyrgð kirkna sinna og fengið það söfnuðunum í hendur, ef þeim þykir rjettur sinn fyrir borð borinn; en vel má búast við að svo verði, ef kirkjugjaldsfrumv. yrði að lögum, því að svo hentugt og sanngjarnt sem það er, að því er snertir þær kirkjur, sem söfnuðir hafa tekið að sjer, svo óheppilegt og jeg vil jafnvel segja ósanngjarnt getur það orðið í framkvæmdinni gagnvart

bændakirkjueigendum. Það getur að minnsta kosti sumstaðar orðið ærið hart fyrir þá, að niðurjöfnunarrjetturinn á kirkjugjöldunum sje í höndum safnaðanna, því að jeg tel það hjer um bil sama sem söfnuðirnir hafi beinlínis niðurjöfnunarrjett á kirkjugjöldunum, þótt hjeraðsfundir kveði upp með það, og gefi því lagagildi, þar sem þeir munu fara eptir »tillögum sóknarnefnda«, sem safnaðarfulltrúinn fyrir hverja sókn ber fram munnlega eða skriflega á fundinum. Nauðsynlegt aðhald fyrir söfnuðina, að leggja bændakirkjum nóg fje til framfærslu, felst aptur á móti í þessu umgetna ákvæði hins frumv. Söfnuðurinn á þá allt af á hættu að fá kirkjuna á sína arma, sje hann naumur í fjárveitingunni til eigandans. Jeg á því næsta örðugt með að gefa þessu frumv. atkvæði, nema því að eins að hitt frumv. fái líka framgang, en nú er auðsætt að það muni ekki verða hjeðan af á þessu þingi. Altjend vildi jeg biðja h. nefnd í kirkju-umsjónarmálinu að skýra, áður en til atkvæða er gengið, frá aðgjörðum sínum í því máli, og lofa deildinni að vita, hvort frumv. er enn lifandi í höndum hennar, eða hvort það hefir sofnað eða dáið í stórræðum undanfarinna daga.

Einar Jónsson: Jeg skal leyfa mjer að verða við tilmælum h. þm. Borgf. (Þórh B.) og gefa honum þær upplýsingar, sem hann bað um. Honum er það sjálfum vel ljóst, hvenær þetta frv. var samið, og ætti einnig að vera það kunnugt, að það eru ekki meir en 12 dagar síðan málið kom inn í deildina, en ekki nema 8 dagar, síðan nefnd var skipuð í því. Á þessum tíma höfum vjer nefndarmenn haft margt annað að starfa, svo að ekki var hægt, að koma öllu áfram með flughraða, en nefndin hefur alls eigi slegið slöku við þetta mál fyrir því, þótt enn hafi eigi komið nefndarálit frá henni í málinu, en svo langt er störfum nefndarinnar nú komið, að nefndarálitið mun verða prentað í dag, og þótt eigi sje mikil líkindi til að málið verði útkljáð á þessu þingi, þá er ekki með sanngirni hægt að kenna óþörfum drætti af nefndarinnar hálfu um það.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að máli þessu sje vísað til nefndarinnar í málinu um umsjón og fjárhald kirkna.

ATKV.GR:. Samþ. með 14 : 7 atkv., að vísa málinu til nefndarinnar í málinu um umsjón og fjárhald kirkna.

Umræðunni frestað.

Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (C. 30, 125); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Guðl. Guðmundsson): Jeg ætla ekki að vekja umræður um mál þetta að þessu sinni. Eins og h. deild sjer, hefur nefndin orðið samdóma í áliti sínu, og af breyt.till. hennar eru engar stórvægilegar; en út í þær ætla jeg ekki að fara að þessu sinni; mjer mun gefast betri kostur á því við aðra umræðu, að ganga inn á einstök atriði málsins, ef jeg finn þá ástæðu til þess.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 samhlj. atkv.

Frv. til laga um kosningar til alþingis (C. 105); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg játa það, að jeg er að vísu eindregið með því, að frumv. þetta fái að ganga fram. En þó hefur mjer dottið í hug, að hreifa ofurlitlum athugasemdum við það, einkum til að heyra undirtektir h. deildar undir þær, en eigi af því, að jeg hafi enn ráðið með mjer að koma með breyt.till. við frumv.

Það er þá fyrst viðvíkjandi 2. kafla frumv., að eptir því sem þar er ráðgjört, er hægt að hugsa sjer, að það tilfelli geti komið fyrir, að efri deild verði ekki fullskipuð, eptir því sem hin endurskoðaða stjórnarskrá gjörir ráð fyrir, og ef það kæmi fyrir, þá er ekkert ráðgjört í frumv., hvernig að skuli fara. Það má að vísu hugsa sjer, að sá ráðgjafi, sem hlut á að máli, muni taka eptir því, ef eigi bjóða sig fram nógu mörg þingmannaefni til efri deildar, og að hann auglýsi það, að þar vanti þingmannaefni, því að eptir ákvæðum frumv. er því svo háttað með kosningarnar til efri deildarinnar, að þingmannaefnin í efri deild eiga að gefa sig fram við hlutaðeigandi ráðgjafa, svo að honum hlýtur jafnan að vera kunnugt um, hvað margir hafa boðið sig fram til þingmennsku. Jeg get vel ímyndað mjer, að það geti vel komið fyrir, að þingmannaefni vanti til efri deildar, af því að menn verði ófúsir á að bjóða sig fram til setu í henni, þar sem þeir, samkvæmt hinni endurskoðuðu stjórnarskrá, geta jafnframt búizt við að eiga setu í landsdóminum. Það getur vel verið, að þetta atriði sje ekki mjög athugavert, en þó vildi jeg heyra álit h. deildar um það. Annað atriði vildi jeg líka minnast á; þar sem talað er um kjörstjórnina í Reykjavík, sem á að standa yfir öllu saman, þá hefði jeg kunnað betur við að hún hefði verið nefnd yfirkjörstjórn, til aðgreiningar frá kjörstjórnunum í sýslunum, en í frumvarpinu ganga allar kjörstjórnirnar undir einu og sama nafni, bæði sú kjörstjórn, sem á að skipast í Reykjavík fyrir allt landið, og kjörstjórnir hjeraðanna.

Einar Jónsson: Jeg bið h. deildarm. að fletta upp bls. 3 í frumv. og munu þeir sjá, að þar stendur við 2. kafla frumv. fyrirsögnin: »Kjördæmi og kjörstjórnir«, en þetta er prentvilla og á ekki að standa þar, heldur á 5. bls. á undan 31. gr. frumv.

ATKV.GR:. Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frv. til laga um undirbúning verðlagsskrár (C. 103, 113); 3. umr.

Flutningsmaður (*Björn Sigfússon*): Jeg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frumv. þetta, þar sem því var tekið svo vel við 2. umr., þó skal jeg geta þess, að jeg ásamt 5 öðrum deildarm. hef leyft mjer að koma með 2 breyt.till. samkvæmt bendingu tveggja h. deildarm. við 2. umr. Fyrri breyt.till. gefur til kynna, að verðlagsskrársemjendur sjeu eigi skyldir að meta til verðs þær landaurategundir, sem ekki eru til í hreppnum eða bæjarfjelaginu, og að hinu sama miðar síðari breyt.till., að í staðinn fyrir »skal« komi »má«. Með þessu hafa verið teknar til greina þær bendingar, sem fram hafa komið frá h. deildarmönnum, og vænti jeg því, að frumv. muni eigi verða miður tekið, nema betur sje fyrir þær.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. við 1. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.; 2. breyt.till. við 1. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 15 samhlj. atkv., og afgreitt síðan til forseta efri deildar.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Kirkjubólshöfn í Stöðvarfirði (C. 63); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 17 samhlj. atkv., og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um fjárforræði ómyndugra (C. 126); 3. umr.

ATKV.GR.: Málið í heild sinni samþ. með 18 samhlj. atkv., og afgreitt síðan til efri deildar.

Tillaga til þingsályktunar um stofnun brunabótasjóðs (C. 86); fyrri umr.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Þessi þingsál.till. er komin frá nefndinni, sem sett var til að íhuga frumv. til laga um stofnun brunabótasjóðs og frumv. til laga um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkurkaupstað, og eru bæði þessi frumv. tekin aptur af flutningsmönnum, er allir áttu sæti í nefndinni. Í stað hinna tveggja frumv. er svo komin þessi tillaga til þingsályktunar, að skora á landsstjórnina að leggja málið rækilega undirbúið fyrir næsta þing.

Nefndarálitið er svo rækilegt, að ekki þarf að tilfæra fleiri ástæður fyrir þessari þingsál.tillögu en þar er gjört. Nefndin var á einu máli um það, að stofnun innlends almenns brunabótafjelags fyrir kaupstaðina og helztu verzlunarstaði væri þýðingarmikið málefni fyrir þetta land, bæði í fjárhagslegu og sjálfstæðislegu tilliti. Nefndin leggur áherzlu á það, að slíkt brunabótafjelag verði að ná yfir alla kaupstaðina, og ómissandi sje, að Reykjavík sje þar með, þar sem nálega helmingur húseignannna í verzlunarstöðum landsins, er í Reykjavík; og fjelagið yrði því svo kraptlítið án hennar. En hins vegar kannaðist nefndin við, að ekki væri rjett að meina Reykjavík að sitja við þann eldinn, sem bezt brennur, með því að tryggja hús sín hvort heldur að $^2/_3$ eða að öllu leyti í brunabótafjelagi hinna dönsku kaupstaða, ef svo skyldi fara, að fyrirsjáanlegt yrði á næsta þingi, að innlent brunabótafjelag gæti eigi komizt bráðlega á fót. En með sjerstöku tilliti til þess, að ekki var ætlazt til að frumv. um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavík kæmi í gildi sem lög fyr en 1. okt. næsta ár, áleit nefndin, að það frumv. mætti líka bíða til næsta þings.

Nefndarálitið byrjar á því, að svo sje almennt álitið, að brunabótagjöld þau, er landsmenn greiða útlendum fjelögum, sjeu óþarflega há.

Jeg skal nú færa nokkur rök fyrir því, að útlend brunabótafjelög hafi hag af því, að vátryggja húseignir í kauptúnunum hjer á landi. Skýrast og áþreifanlegast dæmi í þessu tilliti hafa menn hjer í Reykjavík sjálfri.

Í þau 20 ár, sem húseignir hafa verið í skyldu-ábyrgð hjer í Reykjavík, hafa verið greiddar út nær 70,000 krónur, en inn í bæinn hafa komið aptur til skaðabóta 13,500 krónur. En auk þess hefir bærinn lagt í sjóð um 8000 kr. með því að heimta inn meira brunabótagjald en hann hefir þurft að verja til endur-ábyrgðar á þeim þriðja hluta húseigna, er hann sjálfur ábyrgist, og hefir sá sjóður mest aukizt hin síðustu árin, er endur-ábyrgðin fór niður úr 5 p. M. í 4 p. M. Reykjavík hefur því þannig greitt 40—50 þúsund krónur meira út, en hún hefur fengið inn.

Að því er snertir reynslu í þessu efni úti um land, þá hefur nefndin ekki átt kost á, að kynna sjer það svo vel sem skyldi. Hjer í bæ munu vera 3 umboðsmenn fyrir útlend brunabótafjelög; er einn þeirra nýbyrjaður, og höfum vjer ekki átt tal við hann, en annar hinna hefur verið umboðsmaður í 6 ár, og hefur hann gefið góðar upplýsingar í þessu efni. Í hans fjelagi hafa þessi 6 ár verið vátryggðar húseignir í verzlunarstöðum utan Reykjavíkur fyrir hjer um bil 200,000 krónur, og hefur fyrir þessar ábyrgðir verið innheimt brunabótagjald um 7400 krónur, sem farið hefur út úr landinu. Aptur hefur fjelagið borgað inn í landið í skaðabætur

1860 kr. Munurinn á út- og innborgun í þessi 6 ár hefur þá verið um 5500 kr., sem er all-álitleg upphæð af þessum tíunda parti af virðingarverði verzlunarstaðanna utan Reykjavíkur. En um leið verður að minnast á reynslu þessa sama umboðsmanns, síðastliðin 5 ár, á vátryggingum húsa utan verzlunarstaðanna. Sú vátrygging hefir eigi verið neinn gróðavegur fyrir hið útlenda fjelag, því til þess hafa verið borgaðar inn fyrir ábyrgð slíkra húsa um 1700 krónur, en frá því hafa aptur komið í skaðabætur um 8000 kr., svo að yfirleitt hefir þetta fjelag ekki grætt á því, að taka hús í ábyrgð utan Reykjavíkur. Reynsla hins umboðsmannsins var, að því er kostur var á að sjá, mikið til hin sama, stór gróði á verzlunarstöðunum, en óhöpp á húsum utan verzlunarstaðanna. Annars hafa þessi fjelög eigi sízt hag á að vátryggja lausafje, sjer í lagi hjer í Reykjavík. En þar sem nú engum dettur í hug að koma á skylduábyrgð annarsstaðar en í kaupstöðum og verzlunarstöðum, þá þarf þetta fjártjón útlendu fjelaganna á einstökum húsum utan kauptúna alls eigi að spilla fyrir stofnun almenns brunabótafjelags í þeirri mynd sem ráðgjört er, en kennir að eins væntanlegri framkvæmdarstjórn nauðsynlega varfærni í því, að taka slík einstök hús í ábyrgð.

Þingsályktunin ætlast til, að landsstjórnin leggi fyrir næsta þing frumvarp til laga um stofnun brunabótafjelags fyrir kaupstaði og helztu verzlunarstaði landsins. Það varð ljóst fyrir nefndinni við að ganga í gegnum þessi frumv., sem fyrir lágu, og við það að ræða þetta mál, að hjer lægi vandasöm löggjöf fyrir hendi. Hún rak sig á það, að það er allt af vandasamt að greiða úr því, hvaða ákvæði skuli taka upp í lögin og hvað setja skuli í reglugjörð fjelagsins. Við slíka skyldu-ábyrgð leggjast ýmis konar kvaðir og skuldbindingar á viðkomandi. Það kemur margt til greina, sem menn nú ekki þekkja eða hafa af að segja. Það þarf fyrst og fremst meiri eður minni slökkvi-áhöld á hverjum stað, og að koma upp slökkviliði með æfingum og hafa eptirlit með útmælingum og byggingum. Þetta þarf allt vandlega að leggja niður fyrir sjer, að hvorki sje farið of langt nje of skammt í kröfunum.

Hjer er því að ræða um vandasama löggjöf, og mundi þingið græða mikið á því að fá hana undirbúna frá stjórnarinnar hendi. Nefndin ætlast líka til þess, að stjórnin leiti álits fróðra og reyndra manna í þessu efni, og mætti sjerstaklega nefna til þess stjórnendur erlendra brunabótafjelaga, og eins umboðsmenn fjelaganna hjer heima, er fengið hafa dálitla innlenda reynslu.

Þá er að minnast á annað aðalatriði þessa máls, sem líka er tekið fram í nefndarálitinu. Nefndinni þótti viðsjárvert að þröngva nokkrum kaupstað eða verzlunarstað með lögum til að taka þátt í þessu brunabótafjelagi og vildi því láta leita álits hlutaðeigandi bæjarstjórna og hreppsnefnda áður en lögin um stofnun slíks fjelags yrðu samin. Hjer yrði þá fyrst og fremst að fá yfirlýsingu þeirra um, hvort þeir vilji vera með í fjelaginu. En í annan stað þyrfti og, að minnsta kosti áður en reglugjörð yrði samin, að fá upplýsingar um það, hvernig til hagar á hverjum stað, hvort vatn er auðfengið og hvaða mannafli er til á staðnum, og fleira, sem hjer yrði of langt upp að telja. Nefndin orðar það svo, að hún telji það neyðarkost, að nokkrum kaupstað eða verzlunarstað sje með lögum þröngvað til að taka þátt í fjelagi því, er hjer um ræðir. En það vakti þó fyrir henni, að það gæti svo farið, að grípa þyrfti til þessa neyðarúrræðis, enda mun það

vera reynsla annara þjóða, að byrja varð með lögboðinni skyldu-ábyrgð, og svoleiðis gekk það til í Danmörku.

Nefndin kannast við, að tíminn til undirbúnings þessa máls muni vera nokkuð naumur, þar sem það verður fyrst að fara til ráðgjafans og frá honum til landshöfðingjans aptur, sem síðan verður að leggja það fyrir bæjarstjórnirnar og hlutaðeigandi hreppsnefndir, áður en til samnings sjálfs lagafrumvarpsins kemur. Þó vonar nefndin, að gjörlegt sje að koma málinu áleiðis fyrir næsta þing, ef stjórnin er því hlynnt, og vill gjöra sitt til að fá því framgengt.

Jeg skal að lokum geta þess, að það er meinleg prentvilla í nefndarálitinu, þar sem stendur »3 p. C.« í staðinn fyrir 3 p. M., og sem h. þingdeildarmenn væntanlega hafa athugað og leiðrjett.

Jón Jensson: Jeg ætla mjer að eins að segja fáein orð út af nefndaráliti því, sem hjer liggur fyrir. Þar kemur fram töluvert ákveðin skoðun á fyrirkomulagi hins fyrirhugaða brunabótasjóðs, en eins og hinir h. meðnefndarmenn mínir munu kannast við, þá ljet jeg ekki uppi neina slíka ákveðna skoðun um það mál, heldur áleit það eiga langt í land og sjerstaklega vanta allan undirbúning. Jeg leyfi mjer að lýsa þessu yfir, þó að mitt nafn standi undir nefndarálitinu, og vona jeg, að h. meðnefndarmenn mínir taki mjer það ekki illa upp.

Sjerstaklega vil jeg benda á, að þar sem í þessu nefndaráliti stendur, að »nefndin álíti hluttöku Reykjavíkur í hinu fyrirhugaða brunabótafjelagi allsendis nauðsynlega til þess, að fjelagið fái þann vöxt og viðgang, að það geti orðið að tilætluðum notum«, þá er jeg ekki samdóma þessu, en get þvert á móti vel hugsað mjer, að það væri hvorki til hagsmuna fyrir brunabótafjelagið nje landssjóð, að hafa Reykjavík í brunabótafjelaginu, heldur ætti það að eins að ná yfir kaupstaðarhús utan Reykjavíkur.

Annars skal jeg ekki fara mörgum orðum um þetta mál, en jeg er mjög vel ánægður með, að stjórninni sje nú falið að undirbúa það sem bezt, með tilstyrk þeirra manna, er vit hafa á þess konar efnum.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að mjer virðist nokkuð óákveðið í þingsályktunartill. þessari, þar sem svo er að orði komizt, að stofna skuli brunabótasjóð fyrir kaupstaði og helztu verzlunarstaði landsins. Hver á að skera úr því, hverjir sjeu hinir helztu verzlunarstaðir, er það stjórnin, eða er það einhver annar, sem á að gjöra það? Þetta virðist mjer nokkuð óljóst að orði kveðið. Þar sem sagt er, að leita skuli álits hlutaðeigandi bæjarstjórna og hreppsnefnda, þá verður ekki sjeð, hverjar þessar hreppsnefndir eru, en jeg held, að stjórnin mundi álíta sjer skylt, að leita álits allra þeirra hreppsnefnda, þar sem verzlunarstaðir eru, því að það getur orðið álitamál, hverja verzlunarstaði eigi að telja í röð hinna helztu og hverja ekki. Enn fremur getur einhver verzlunarstaður verið í heldri röðinni í ár, en að ári komandi er hann kominn í röð hinna lítilmótlegri, en annar verzlunarstaður hefir þá hafizt upp á við. Mjer virðist mál þetta þurfa svo mikinn undirbúning, að jeg get ekki gert mjer eins góðar vonir og h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) um, að nægur tími sje til, að útvega skýrslur þær, sem nauðsynlegar eru, fyrir þing 1895.

Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, á mál þetta að ganga fyrst til stjórnarinnar, svo hún geti ráðið við sig, hvort hún vill taka það að sjer;

þar á eptir verður að leita álits hreppsnefnda og bæjarstjórna, og enn fremur er gert ráð fyrir, að stjórnin leiti álits skynberandi manns erlendis um málið; en jeg vil heldur halda, að hún muni álíta sjer skylt, að leita álits fleiri skynberandi manna erlendis um það, og yfir höfuð afla sjer allra þeirra skýrslna, er nauðsynlegar þykja, til þess, að hún geti fengið umsagnir um það, sem sjeu á rökum bygðar, og til alls þessa álít jeg muni ganga lengri tími en svo, að stjórnin geti lagt frumv. um þetta mál fyrir næsta þing. Jeg tek það fram til þess, að mönnum komi það ekki á óvart, þótt mál þetta verði ekki tilbúið í frumvarpsformi 1895.

Í sambandi við ræðu h. þm. Rvk. (J. Jenss.) út af ummælum í nefndarálitinu um, að innlent brunabótafjelag geti ekki þrifizt nema Reykjavík sje hluttakandi í því, þá álít jeg ekki óhugsandi, að stofna megi brunabótafjelag án hluttöku Reykjavíkur. Jeg er honum samdóma um það, að það sje engin frágangssök að stofna brunabótasjóð í hinum kaupstöðunum og helztu verzlunarstöðum, nema svo sje, að fjelagið eigi að hafa Reykjavík til að græða á, en þá hlýtur Reykjavík að skaðast á fjelaginu, en hinir verzlunarstaðirnir að hafa hag af skaða þeim, sem Reykjavík verður fyrir.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Jeg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir undirtektir hans í þessu máli, því að jeg skil þær svo, að hann muni stuðla til þess, að stjórnin sinni máli þessu alvarlega. Vitanlega mun hver og einn kannast við, að málið er svo umfangsmikið og vandasamt, að eðilegt er, að undirbúningur þess taki nokkuð langan tíma.

Viðvíkjandi athugasemdum hæstv. landsh., að vafi gæti leikið á því, hverjir þessir »helztu« verzlunarstaðir sjeu, þá getur frumv. nú og í fyrra gefið leiðbeiningu í því efni og eins frumv. frá 1891. Þessir »helztu« verzlunarstaðir eru einmitt þeir, sem þar eru taldir upp, og þeir verzlunarstaðir eiga allir húseignir yfir 50,000 kr. Reyndar er einum verzlunarstað sleppt þar úr, sem eptir skýrslu um virðingarverð húseigna fyrir árið 1891 er virtur yfir 50,000 krónur, og það er Flateyri. Lægst að virðingarverði af hinum upptöldu verzlunarstöðum er Akranes með 53,000 krónur. Reyndar get jeg ekki sagt það með neinni vissu, hvort miðað hefir verið beinlínis við þessa upphæð, 50,000 krónur, þótt það sýnist láta næst. Það stendur til dæmis nokkuð öðru vísi á með verzlunarstað, þar sem 1 eða 2 eiga rjett allar húseignirnar, og þar sem margir eru eigendur, því að þar er meiri ástæða til skylduábyrgðar.

Nefndarálitið gizkar á, að vátryggðar húseignir í hinu væntanlega fjelagi nemi 4 miljónum, og til þess að ná þeirri upphæð þarf nú orðið eigi mikið meira en kaupstaðina og þessa »helztu« verzlunarstaði.

Nú sem stendur eru húseignir í Reykjavík um 2 miljónir krónur, og eptir skýrslunum um húseignir 1891 höfðu þessir »helztu« verzlunarstaðir þá húseignir framt að 1,700,000 krónur, en af því að húseignir þeirra aukast árlega töluvert meira að tiltölu en húseignir Reykjavíkur, eru þær líklega nú orðnar allt að 2 miljónum króna.

Þá eru enn fremur smá-verzlunarstaðirnir, sem eiga húseignir fyrir innan 50,000 krónur hver, og eru þeir virtir alls um 400,000 krónur, og loks eru ýmsar sjerstakar húseignir hingað og þangað í landinu, sem eru ekki notaðar við ábúð á jörðum, og sem eru miklum breytingum undirorpnar, svo sem hús Norðmanna hjer á landi, og eru þær nú alls um 200,000 króna virði.

Það er því alls eigi hátt reiknað af nefndinni, að hið innlenda almenna brunabótafjelag mundi vátryggja fyrir 4 miljónir. Það getur orðið töluvert meira, komi húseignirnar utan hinna »helztu« verzlunarstaða með, að slepptum öllum bæjum og húsum, sem notuð eru við ábúð á jörðum, og kirkjum, þar sem vátryggingin yrði eingöngu eptir frjálsu samkomulagi.

Það verður jafnan álitamál, hvar setja skuli takmörkin fyrir skylduábyrgð verzlunarstaðanna. Skoðun þingsins hefir, að því er ætla má af frumvörpunum, verið sú, að eigi tjái að fara lengra niður á við en þar sem virðingarverðið er að minnsta kosti 50,000 krónur, þar sem kvaðirnar og skyldurnar verða tiltölulega miklu þyngri á hinum smærri verzlunarstöðum. En óski hinir smærri verzlunarstaðir að ganga í fjelagið og bindast skyldum þess, til að fá vægari vátryggingarkjör en hinar einstöku húseignir, þá virðist mjer, að þeir ættu að eiga kost á því, og jeg lýsi það að vera skoðun nefndarinnar í heild sinni.

Hæstv. landsh. kom með þá athugasemd, að Reykjavík kynni að bíða skaða af því að ganga í þetta brunabótafjelag, en sleginn er varnagli við því, að aðrir verzlunarstaðir hafi hana að fjeþúfu, þar sem talið er sjálfsagt í nefndarálitinu, að Reykjavík sæti jafngóðum kjörum í hinu fyrirhugaða innlenda brunabótafjelagi, eins og hún gæti bezt fengið annarsstaðar. Nú sem stendur eru kjör Reykjavíkur þannig, að hún verður að greiða í ábyrgðargjald tæp 3 ‰ eða nákvæmlega 2,9 ‰, en sje sá þriðjungur af ábyrgðarupphæð hennar, sem nú er vátrygður af bænum sjálfum, einnig vátrygður í brunabótafjelagi hinna dönsku kaupstaða, verða kjör hennar 1,6 ‰ eða rúmlega það, því hús þau, sem eru með trjeþökum, verða að greiða hærra ábyrgðargjald. En þar sem Reykjavík er nú sem stendur og yrði áfram í innbyrðis ábyrgð við hina dönsku kaupstaði og á henni hvíla almennar skyldur í sambandi við þá, er það mjög alvarlegt spursmál, hvort það samband gæti eigi orðið henni til byrði, því komi það fyrir, að varasjóður hinna dönsku kaupstaða minnki svo við stór óhöpp, að hann nemi eigi ½ % af ábyrgðarupphæðinni, er gjörð sjerstök niðurjöfnun á alla kaupstaðina og Reykjavík þá með. Hefir þetta komið fyrir einu sinni, skömmu eptir að Reykjavík komst í brunabótafjelag hinna dönsku kaupstaða, eða að því mig minnir 1876. Sem stendur er varasjóður brunabótafjelags þessa í svo góðu lagi, að ekki þurfti að grípa til þessa úrræðis árið sem leið, og varð þó nokkur tekjuhalli; en þessi sjerstaka niðurjöfnun getur auðvitað komið fyrir, ef stór óhöpp koma að höndum.

ATKV.GR.: Till. vísað til síðari umr. í einu hlj.

Tillaga til þingsályktunar um stofnun almenns ábyrgðarsjóðs fyrir fiskiveiðaþilskip á Íslandi (C. 52); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á, að þingsályktunartill. þessi væri útkljáð í einni umr., og var það samþ.

Tillaga til þingsályktunar um bann gegn botnvörpuveiðum (C. 131); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á, að hún væri einnig útkljáð í einni umr., og var það samþykkt.

Tuttugasti fundur, fimmtudag 23. ágúst, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um laun landsstjórnar þeirrar, er skipa skal þá er hin endurskoðaða stjórnarskrá er staðfest (C. 88); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um afnám embætta (C. 88); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um varnir gegn útbreiðslu nœmra sjúkdóma á Íslandi (C. 141); 3. umr.

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Engar breytingar á frv. hafa komið fram til þessarar umræðu. Þess vegna hef jeg enga ástæðu til að tala sjerstaklega um málið nú, vil að eins óska þess, að h. deild samþykki frumv.

H. þm. Borgf. (Þórh. B.) kom fram með athugasemdir við frv. við 2. umr. viðvíkjandi heilbrigðisnefndum, en af því h. þm. ekki hefir hirt um, að koma fram með breyt.till. við frumv., þá ætla jeg, að honum sje þetta ekkert kappsmál, enda veit jeg, að hann í aðalstefnunni er þessu frumv. meðmæltur; svo skal jeg ekki fara fleiri orðum um málið að þessu sinni.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv. og afgreitt síðan til efri deildar.

Frv. til laga um kirkjugjald (C. 130); frh. 1. umr.

Með því eigi var liðinn sólarhringur frá því, að nefndarálitinu í málinu var útbýtt, bar forseti undir atkv., hvort það mætti koma til umr., og var það fellt með 7 : 13 atkv. (fengust eigi $^3/_4$ atkv. með því), að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkv.greiðslu, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Guðl. Guðmundss.,	Guðj. Guðlaugsson,
Ben. Sveinsson,	Jón Jensson,
Eiríkur Gíslason,	Jón Jónsson, Eyf.,
Halld. Daníelsson,	Sighv. Árnason,
Jens Pálsson,	Þórh. Bjarnarson,
Jón Jónsson, A.-Sk.,	Þorl. Guðmundsson.
Jón Þórarinsson,	
Ólafur Briem,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórður Guðmundsson.	

Tillaga til þingsályktunar um stofnun almenns ábyrgðarsjóðs fyrir fiskiveiðaskip á Íslandi (C. 52); ein umr.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg fyrir mitt leyti álít, að tillaga þessi sje svo vaxin, að ekki þurfi langra meðmæla með henni. Jeg ímynda mjer, að það sje öllum h. þingdm. jafnljóst og mjer, hversu þýðingarmiklar fiskiveiðarnar eru fyrir þetta land; þær eru án efa önnur hin helzta undirstaðan undir velmegun þess og velferð. Eptir minni meiningu, þá er aldrei lögð of mikil áherzla á það, að styðja sem bezt að fiskiveiðunum fyrir Ísland; þær eru ótæmanleg fjáruppspretta umhverfis landið, en því að eins er hægt að nota þær, að gjörðar sjeu breytingar með fiskiveiðatilraunirnar. Jeg get ómögulega hugsað mjer, að þjóðin geti haft nokkurt verulegt gagn af þessum fjársjóð; hann hlýtur að liggja hulinn fyrir henni, meðan að fiskiveiðarnar eru stundaðar með að eins smábátum. Það er sannarlega grátleg sjón að sjá, hversu útlendar þjóðir bera saman stórfje ár eptir ár úr þessari ótæmandi uppsprettu landsins, og horfa samtímis á það, að

börn þess geta sjálf svo að segja ekkert fært sjer hana í nyt. Jeg vil nefna til dæmis hvalveiðar Norðmanna, flyðruveiðar Ameríkumanna og þorskveiðar Frakka; allar þessar þjóðir sækja hingað frá stöndum landsins tje árlega, svo miljónum króna skiptir, en Íslendingar sjálfir sitja í landi og svelta alls þurfandi. Nú hefir bæði þing og þjóð stigið þegar stórt spor í þá átt, að laga þetta, þar sem nú hafa verið samin lög og samþykkt til að hindra botnvörpuveiðar útlendra þjóða. En þótt þetta framfaraspor sje stigið í þessa átt, að banna botvörpuveiðar, þá er þetta þó að eins »negativt«, meðan landsmenn ekki gera neitt sjálfir til þess að nota fiskiveiðarnar sjálfir. Það er og sannarlega mikil freistni fyrir útlendar þjóðar, þegar þær koma hingað upp að ströndum landsins og sjá litla sem enga fiskiveiðaviðburði frá hálfu landsmanna sjálfra. Þess ber og að gæta, að kröfur og áskoranir þjóðar og þings til stjórnarinnar um það, að hún verndi landið fyrir yfirgangi útlendra fiskimanna, fær allt aðra og meiri þýðingu, ef landsbúar jafnframt sýna í verkinu, að þeir sjálfir vilji færa sjer fiskiveiðarnar í nyt, heldur en ella. Eins er þess vel gætandi, að hjer hefir verið settur á stofn sjómannaskóli, sem er mjög fagurt og gagnlegt fyrirtæki, en hann kemur því að eins að fullum notum, að landsmönnum sje rjett hvetjandi hjálparhönd frá þingi og stjórn til þess að stunda sjóinn á sem öflugastan, beztan og haganlegastan hátt. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en jeg vona, að allir h. þingdm. sjeu mjer samdóma um þetta nauðsynjamál.

Landshöfðingi: Jeg er samþykkur h. flutningsm. (B. Sv.) um það, sem hann sagði um fiskiútveg vorn, og um það, hve æskilegt væri, að hann gæti fengið meiri vöxt og viðgang; en hins vegar verð jeg að ætla, að fleiri ráð muni vera til að efla fiskiveiðar landsmanna en það, sem farið er fram á með þessari þingsál.till., að stjórnin leggi fyrir alþingi 1895 frumv. til laga um stofnun ábyrgðarfjelags fyrir öll þilskip, sem ganga til fiskiveiða frá landinu. Mjer er ekki full ljóst, hvað það er, sem h. flutningsm. (B. Sv.) ætlast til að stjórnin gjöri þessu máli til framkvæmdar. Eptir þingsál.till. er svo til ætlazt, að hið fyrirhugaða ábyrgðarfjelag sje bygt á innbyrðis ábyrgð, en þá verða upptökin til stofnunar fjelagsins að koma frá þilskipaeigendunum sjálfum; það verða að vera þeir, sem semja lögin fyrir fjelagsskap sínum, því fjelagsskapurinn hlýtur að byggjast á samkomulagi um, hvað hver einstakur fjelagsmaður vill leggja í sölurnar til þess að tryggja skip sitt fyrir sjávarháska. Það einasta, sem löggjafarvaldið gæti gjört í þessu efni, væri að styrkja með fjárframlögum að því, að slíkt ábyrgðarfjelag gæti komizt á fót, og lagafrv. frá stjórninni, um þetta málefni, gæti því ekki farið fram á annað en áheiti um fjárstyrk; en til þess þarf engin lög, heldur að eins veitingu í fjárlögunum, enda yrði ekki auðið að ákveða neitt um styrkveitingu til slíks fjelags, fyr en menn vissu, hve margir þilskipaeigendur tækju þátt í því, og hve mikill höfuðstóll ætti að tryggjast í fjelaginu. Jeg get því ekki gert mjer neinar vonir um, að stjórnin muni sinna þannig lagaðri áskorun, heldur bíða þess, að þilskipaeigendurnir sjálfir kæmi sjer saman um að ganga í fjelag til innbyrðis ábyrgðar á skipum sínum, semdu lög fyrir það fjelag og leituðu síðan fjárstyrks úr landssjóði til að koma fjelaginu á fastan fót og halda því uppi fyrst í stað. Jeg get því alls eigi gert mjer neinar vonir um, að stjórnin fari

að leggja fram frv. fyrir þingið 1895 þessu viðvíkjandi, áður en hún hefir fengið nokkrar verulegar upplýsingar. Mjer finnst, að fyrst ættu fiskiveiðaþilskipaeigendurnir í landinu sjálfu að láta í ljósi álit sitt á þessu máli.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Það gladdi mig mikillega að heyra, að hæstv. landsh. taldi þetta mál nauðsynjamál, en viðvíkjandi þeim galla, er hann taldi á till., að stjórnin ætti ekki að koma fram með frumv. til laga fyrir fjelagið, þá skal jeg taka það fram, að það er alls ekki meiningin með tillögu þessari, að stjórnin skuli semja lög fyrir fjelagið, sem augljóslega er líka bent á með þeim orðum, sem standa seinast í tillögunni: »en að öðru sje fjelagið bygt á innbyrðis ábyrgð«, heldur er sá tilgangurinn, að þing og landsstjórn rjetti örvandi hjálparhönd, með því að ákveða með lögum fyrirfram, hversu mikinn og hvernig lagaðan styrk landssjóður leggi til fjelagsins, svo framarlega sem landsmenn vilja gjöra sig hans maklega, og nota sjer hann með því að stofna fiskiveiðafjelag með nægilega tryggjandi innbyrðis lögum. Fyrirheitislögin um styrkveitinguna eiga þannig að miða til þess, að þetta mikilsumvarðandi fyrirtæki komist sem allra fyrst á. Úr því mönnum kemur saman um, að þetta sje hið mesta nauðsynjamál fyrir landið, þá er því betur, sem fyr er byrjað. En ef það ætti að bíða eptir því, að fjelagið komist upp örvunar- og hjálparlaust á stofn, þá hygg jeg, að lengi megi bíða.

Málið er svo vaxið, að það er beinlínis nauðsynlegt að landstjórnin stígi hið fyrsta spor til þess, að fjelagið komist á stofn og rjetti því hjálparhönd; nú skyldi svo fara, að landsmenn ekki vildu þiggja hinn fyrirheitna styrk með því að fullnægja ekki skilyrðunum fyrir veitingu hans, þá næði þetta heldur ekki lengra; en þá hefir þó landstjórnin og þingið leyst hendur sínar, með því að uppörfa landsmenn til framtakssemi, og gjört sitt til að laða þá til þess að nota þá krapta, sem hingað til hafa legið ónotaðir, landi og lýð til hins mesta skaða og vansa. Jeg get heldur ekki annað sjeð en að stjórnin geti fengið næga leiðbeiningu í þessu efni, ef þörf væri á. Líkt eða samskonar fyrirkomulag og það, sem hjer er fyrirhugað, á sjer stað í Færeyjum; enda er jeg sem sagt fullviss um, að reynslan mun sýna það, að þetta mundi koma Íslendingum á stað til þess að fara að reyna að nota sjálfir nokkuð af þeim fjársjóðum, er liggja, af þeirra háltu ónotaðir umhverfis strendur landsins; og sje ekki hægt að fá þá til þessa, þá er þeim sannarlega alls ekki viðhjálpandi.

Landshöfðingi: H. flutningsm. (B. Sv.) hefir víst ekki skilið orð mín rjett. Jeg sagði, að það væri ekki rjett, að stjórnin semdi lög fyrir fram fyrir ábyrgðarfjelag, sem ætti að vera bygt á innbyrðis ábyrgð, nje kæmi fram með nokkurt frumv. í þá átt áður en fjelagið væri stofnað, eða nokkur undirbúningur gjörður og upplýsingar fengnar því viðvíkjandi. Að öðrum kosti yrðu aðgjörðir stjórnarinnar í blindni og af handahófi; því hvernig ætti stjórnin að geta gjört sjer hugmynd um, hve mikinn styrk fyrirhugað fjelag þyrfti, sem menn ekkert vissu um, hve stórt yrði eða með hverju fyrirkomulagi? Mjer finnst koma fram nokkurs konar »hysteron proteron« í ræðu h. flutningsm. (B. Sv.), þar sem hann heldur því fram, að stjórnin eigi að bjóða ákveðinn styrk til tilvonanandi fjelags, sem engin vissa er fyrir að nokkurn tíma komist á fót, nje að hlutaðeigendum sje neitt áhugamál að koma á fót. Hinir væntanlegu fjelagsmenn

verða fyrst að koma sjer saman um stofnun og fyrirkomulag fjelagsins, og síðan getur fjárveitingarvaldið, ef þörf gjörist, lagt af mörkum þann styrk, sem kynni að þurfa til þess, að fjelagið geti staðizt. Ef þilskipaeigendur ekki geta komið slíku fjelagi á fót án þess að fá styrk úr landssjóði, þá finn jeg ekkert á móti því, að hann verði veittur, og að löggjafarvaldið rjetti fjelaginu einhverja hjálparhönd, en að ákveða slíkan styrk með lögum fyrirfram út í bláinn, álít jeg ógjörning. Enn fremur skal jeg geta þess viðvíkjandi slíku fjárframlagi úr landssjóði, að þá er það ekki stjórnin, heldur þingið, sem ræður mestu um veitingu þess. Það hefði fullt eins mikla þýðingu fyrir þetta mál og væri heppilegra, að þingið kæmi fram með rökstudda dagskrá þessu viðvíkjandi. Það er heppilegra og betra fyrir hlutaðeigendur, að h. deild láti fyrst í ljósi álit sitt á málinu og gefi góðar vonir um, að það muni vera fúst á að veita styrk til þess; en að veita slíkt fyrirheiti í lagaformi finnst mjer bæði óheppilegt og óeðlilegt.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg get ekki betur sjeð, en að það »hysteron proteron«, sem hæstv. landshöfðingi vildi beina að upppástungu minni, komi einmitt fram í orðum hans sjálfs. Jeg get ekki skilið, að landstjórnin þurfi að vera svo stöð eða skyni skroppin, að hún geti ekki samið frumv. til fyrirheitislaga, í þá átt, sem tillagan fer fram á. Mundi hún ekki geta látið í ljósi og bent þinginu á, hvað hún fyrir sitt leyti álítur heppilegt og haganlegt til þess, að fjelagið geti komizt á stofn, þar sem hún þó veit, hver á að vera tilgangur fjelagsins? Það væri þó sannarlega merkilegt, ef menn skyldu þurfa að ætla sjálfri landstjórninni, að hún væri óhæf til þess, eður skorti vilja til þess, eptir áskorun þingsins, að ákveða, hvernig lagað fiskveiðafjelag á Íslandi þyrfti að myndast til þess, að landstjórnin og þingið vildi veita því þann eða þann ákveðinn styrk. Það er ekki til neins að þæfa á móti því, að reynslan hefir sýnt, að líkt fjelag og það, sem hjer er um ræða, kemst ekki á fót, fyrir sakir deyfðar og fátæktar landsmanna, án þess að því sje fyrirfram fyrirheitinn styrkur úr landssjóði. Hve mikill og hvernig lagaður þessi styrkur skuli vera, miðaður við stærð fjelagsins og aðrar tryggingar, sem liggja í fyrirkomulagi þess, er stjórninni sannarlega ekki ofætlun að ákveða frá hennar sjónarmiði, ef hún annars hefir nokkra hugmynd um, hvað til slíkra hluta heyrir á Íslandi. Svo getur þá og þingið á eptir íhugað öll þessi atriði nákvæmar, og metið tillagið eins og því sýnist bezt fara. Setjum svo, að fjelagið þyrfti 50 þús. krónur í byrjuninni, og svo hæfilegan styrk árlega fyrst um sinn, þangað til það er orðið nægilega tryggilegt. Slíkt er þó líklega ekki óhugsanlegt, að ákveða fyrirfram, í sambandi við tryggjandi og hyggileg fjelagslög, sem það þyrfti að sýna, að það hefði sett sjer, á líkan hátt og með fjelagslög Færeyinga, sem stjórnin í Danmörku þekkir mjög vel. Stærð og fyrirkomulag fjelagsins yrði þannig skilyrði fyrir veitingu þess styrks, sem ákveðin væri í fyrirheitislögunum, sem tillagan fer fram á. Munurinn á milli mín og hæstv. landshöfðingja er því að eins sá, að jeg vil að stjórnin ríði á vaðið, til þess að uppörva og hvetja landsmenn, eins og henni ber hin brýnasta skylda til, og það á þann hátt, að landsmenn hafi að einhverju vissu og ákveðnu að ganga, en hann vill, að landsmenn sjálfir ríði á það vað, sem þeir ekki

sjá sjer fært styrklaust, og óákveðinn styrkur er sama sem enginn styrkur.

Að koma fram með rökstudda dagskrá í þessu máli, eins og mjer virðist hæstv. landshöfðingi benda á, er þannig alveg þýðingarlaust til uppörfunar landsmönnum, eins og hún líka, að minni ætlun, ætti alls ekki við þetta mál, hvað formið snertir. Annaðhvort er því, að fella málið, eða þá að samþykkja tillöguna eins og hún er, og það vona jeg fastlega eptir, að h. þingdeild gjöri.

Jón Þórarinsson: Það mun öllum vera full-kunnugt, að fiskiveiðarnar bæði eru og eiga að vera eitt með mestu áhugamálum þjóðarinnar, og því sje nauðsynlegt, að stuðla sem mest og bezt að tryggingu þeirra.

En viðvíkjandi þeirri tillögu, er hjer liggur fyrir til umræðu, og eptir orðum háttv. flutningsm. (Benidikts Sveinss.), þá fæ jeg ekki fyllilega skilið, hvernig hann hugsar sjer þetta mál svo, að það ekki komi í bága við það, sem á undan er gengið. Hjer í þessari tillögu er farið fram á, að stofnað verði ábyrgðarfjelag til tryggingar íslenzkum fiskiveiða-þilskipum, - en verði nú svo, að þetta nái fram að ganga og frumvarp til laga komi frá stjórninni með ákveðnum landssjóðsstyrk og svo frv., hvernig fer þá með þau tryggingarfjelög og sjóði er áður eru komin á, t. d. á Akureyri, ef almennt tryggingarfjelag kæmist á?

Á Akureyri er um 30 ára gamalt fjelag í þessa stefnu, sem er orðið mjög voldugt og fast í sessinum; hugsar h. flutningsm. sjer, að þetta fjelag og önnur, sem þegar eru til, gangi í hið almenna vátryggingarfjelag af sjálfsdáðum, eða er það tilætlun hans, að þau verði tekin inn í það nauðug viljug? Væri það meining hans, tel jeg það mjög ísjárvert.

Önnur leið hefur áður verið farin, nefnilega sú, að landssjóður leggi fram nokkur þúsund króna styrk til þessa fyrirtækis; það hefur vel gefizt, og þá aðferð bjóst jeg við, að þingið kysi enn. Mjer er persónulega dálítið kunnugt um skoðanir manna hjer sunnanlands á skipa-ábyrgð, og jeg veit það, að menn eru all-ófúsir á að tryggja skip sín. Þeim þykir það óþarfakostnaður. Það kemur svo sjaldan fyrir, að þau strandi eða farizt, því að þau fara svo seint út, ekki fyr en á vorin eða undir vor. Það er eitt atvik, sem hjer kemur til skoðunar, og það er það, að þilskipaútvegur borgar sig nú sem stendur svo illa, að hann þolir engan aukakostnað. Meðan útgerðarmenn hafa helberan skaða af útgerðinni, er ekki nema náttúrlegt, að þeir kynoki sjer við, að leggja á hann aukakostnað, sem þeir telja meira eða minna óþarfan.

Væri nú þetta fjelag samt sem áður stofnað og það ákveðið með lögum, að allir þilskipaeigendur landsins væru skyldugir til þess, að ganga í það — að menn væru þannig neyddir til þess — þá er spursmál, hvort nokkurt tillag úr landssjóði þyrfti með. Jeg hygg, að svo mikið fje mundi brátt safnast, að styrksins væri ekki þörf.

Jeg fyrir mitt leyti tel þetta talsvert vandamál, og er jeg í efa um, hvort jeg skuli greiða atkvæði með tillögunni eða ekki. En það vona jeg, að ekki verði skilið svo, að jeg telji það ekki hið æskilegasta, að þilskipastóllinn væri í ábyrgð, því að það liggur í augum uppi, að með því einu móti er hann tryggileg eign.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): H. 2. þm. Kj.- og Gullbr. (J. Þ.) hefur ekki skilið rjett þessa þingsályktunartillögu. Það er ekki meiningin, að þvinga menn til þess að ganga í þilskipaábyrgðarfjelag. H. þm. Kj.- og Gullbr. (J. Þ.) hefði átt að vita það, að jeg er

aldrei vanur að bera fram þvingunarlög eða framfylgja þeim; það hefði líka átt að vera auðskilið af ræðu minni, þar sem jeg tók það skýrt fram, að hjer væri að eins um fyrirheitislög að ræða, að jeg ætlaðist ekki til þess, að þvingun væri beitt. Jeg verð enn að halda fast við það, að eigi sje ofætlun fyrir landsstjórnina í sambandi við hinn ákveðna styrk að benda á, sem skilyrði fyrir honum, bæði stærð fjelagsins og fyrirkomulag þess í tryggjandi átt. Þegar landsstjórnin og þingið þannig hefir leyst hendur sínar, þá eru landsmenn sjálfráðir, hvort þeir vilja hagnýta sjer það eða ekki. Það er ekki minnkun fyrir alþingi, þótt fyrirheitislögin verði ónotuð, en hitt væri minnkun, ef það vill ekki rjetta fram hvetjandi hjálparhönd, til að koma upp þilskipa-ábyrgðarfjelagi.

Hvað viðvíkur ábyrgðar-fjelögum þeim, sem nú eru til, þá tel jeg það sjálfsagt, að þau verði látin sjálfráð um, hvort þau vilja ganga inn í fjelag það, sem hjer ræðir um, eða þau kjósa þá heldur, að standa fyrir utan það. Það eru nógu margir Íslendingar samt til að mynda það og halda því uppi, þótt þessi fjelög gangi undan.

H. 2. þm. Gullbr.- og Kjós. (J. Þór.) tók það fram, að menn vildu ekki stofna innbyrðis-ábyrgð á þilskipum, af því að þeim þætti það ekki tilvinnandi; ef svo er, þá er það sorglegur vottur þess, hve stutt þeir hinir sömu Íslendingar, líklega hjerna við Faxaflóa, eru komnir í því, að sjá hina ómetanlegu þýðingu slíks fjelagsskapar; en það haggar ekki tillögu minni.

Færeyingar eru komnir þó svo langt á veg í þessu máli, að þeir hafa stofnað innbyrðis-ábyrgðarfjelag, og eru nú í því fjelagi um 40 fiskiskip; þessi fjelagsskapur hefur orðið Færeyingum að því liði, að þeir standa—þó skömm sje frá að segja — mörgum fetum framar í fiskiveiðum en Íslendingar.

II. þm. Gullbr.- og Kj. (J. Þór.) athugar ekki, að það er ábyrgðar sjóðurinn, sem gjörir það að verkum, að þeir geta fengið skipin að láni móti veði í sjálfum skipunum, sem þeir svo smám saman borga með aflanum, en það gætu þeir alls ekki, ef skipin væru nú ekki tryggð, því að þá mundu þau þykja lítt öruggt veð.

En það verð jeg að segja, að mjer þykir það spán-ný kenning, ef sjórinn við Ísland er nú orðinn allt í einu svo fátækur, að þilskipa-útvegurinn sje ekki fær um að bera ábyrgðargjald á skipunum í viðbót við annan kostnað, sem á þeim hvílir, eða heldur háttv. þingm. Gullbr.- Kjósars. (J. Þór.), að Færeyingar, sem einmitt eða árlega sækja til Íslands til fiskiveiða, mundu aðhyllast þessa villukenning hans eða sveitunga hans við Faxaflóa? Jeg býst og við, að Englendingar, Frakkar og Ameríkumenn, sem einnig reka fiskiveiðar hjer við land, muni alls ekki vera á þessari sömu skoðun! Eða heldur hann máske að þeir reki veiðar sínar hjer við land á ótryggðum skipum? Þótt ekki hafi komið margir skiptapar hjer fyrir, þá er það síður en ekki ástæða móti því, að koma á stofn ábyrgðar-fjelagi eða því að tryggja skip sín; þvert á móti; það er fremur ástæða með því, því að af því leiðir að eins, að ábyrgðar-gjaldið má vera þeim mun lægra og í sama hlutfalli því síður fráfælandi, með öðrum orðum: þetta sannar einmitt móti þingmanninum, en ekki með honum.

Sem sagt, hjer er ekki farið fram á annað en að stjórn og þing gjöri sitt til að uppörfa landsmenn til að koma upp þilskipa-ábyrgðarfjelagi, og stuðla þannig að því, að landsmenn noti auðæfi sjávarins við Íslands strendur bet-

ur en hingað til. Og sízt átti jeg von á því, að h. 2. þm. Kjósar- og Gullbr. (J. Þór.) mundi fara að reyna til að þæfa á móti slíku máli.

Þorlákur Guðmundsson: Það blandast víst engum hugur um, að nauðsyn beri til, að styrkja þennan aðalatvinnuveg vorn, sjávarútveginn, enda hefur þing og stjórn kannazt við það í verkinu. Það var spor í þá áttina, er sjómannaskólinn var stofnaður hjer í Reykjavík, og fje lagt til hans úr landssjóði. Sömuleiðis vil jeg minna á farmannalögin, er stjórnin lagði fyrir þingið, og svo urðu að lögum, og nú hafa um stund verið í gildi. En eins og kunnugt er, þá eru allmargir óánægðir með þau, og kenna því meðfram um, að þeir, sem kunnugastir voru, og sjerstaklega áttu hlut að máli, áttu engan þátt í undirbúningi laganna, og fyrir það hafi ýms miður heppileg ákvæði af ókunnugleik slæðzt inn í þau lög, og þó jeg sje þeim ekki samdóma um sumt, sem þeir hafa á móti þeim lögum, þá má samt ætíð ætla, að betra sje að kunnugir fjalli um málin. Eins er jeg hræddur um, að kynni að fara, ef stjórnin ætti að fara að semja ábyrgðarlög fyrir þilskipaeigendur. Stjórnin er varla fullkunnug til að fást við slíkt; hitt er eðlilegast, að undirbúningurinn undir þau lög komi frá hlutaðeigendum sjálfum. Það getur vel verið, að enginn sje sá á þinginu, sem vel fær sje til að semja hentug skipaábyrgðarlög. Jeg er því samdóma hæstv. landsh. um, að frumv. þetta eigi ekki að koma frá stjórninni, og jeg segi að það eigi ekki heldur að vera samið á þinginu, heldur eigi það að koma frá þeim, sem í fjelaginu ætla að vera; en hins vegar er jeg á því, að þingið eigi að taka því vel, og styrkja að því, að fjelagið komist á fót.

H. 2. þm. G.- og Kj. (J. Þ.) tók það fram, að hann ásamt öðrum fleiri hefði reynt að koma á fót slíku fjelagi sem þessu, en að sú tilraun hefði strandað á því, að ýmsir þilskipaeigendur hefðu ekki viljað taka þátt í fjelagsskapnum. Jeg veit að þetta er rjett til fært; en þó er mjer kunnugt um, að nú telja ýmsir þilskipaeigendur það nauðsynlegt, að koma upp ábyrgðarfjelagi. Þeir segja sem svo: Ef við fengjum styrk úr landssjóði, þá mundum við leggja út í það. Eptir því sem mjer er kunnugt, hefur þessi fjelagsskapur hingað til einkum strandað á því, að sá þilskipaeigandinn, sem flest á þilskip hjer við flóann, hefur skorizt úr leik. Jeg er einmitt á því máli, að því ótíðari sem skipskaðar eru hjer, því hægra sje að koma hjer á ábyrgðarfjelagi. Jeg tek það enn fram, að jeg er samdóma hæstv. landsh. um, að undirbúningur þessa máls eigi að koma frá hlutaðeigendum, en eigi frá stjórninni, og það því fremur, sem ekki er til ætlazt, að þetta eigi að vera þvingunarlög, sem ekki á heldur við, og ef fyrirliggja uppörfanir og góðar undirtektir frá þinginu, þá sje það þilskipaeigendunum sjálfum að kenna, en eigi þinginu, ef ekki kemst æskilegur rekspölur á málið innan skamms tíma.

Jón Þórarinsson: H. flutningsm. (B. Sv.) sýndi með ræðu sinni, að jeg hafði skilið hann; en aptur var það ljóst, að hann hafði ekki skilið mig. Jeg sagði það ekki sem mína skoðun, að það borgaði sig ekki að tryggja skip sín; þvert á móti. Jeg er sannfærður um, að það er alveg nauðsynlegt til þess að fiskiskipum geti fjölgað hjer. En jeg sagði, að hjer væru þeir útgerðarmenn, sem segðu, að fiskiveiðarnar borguðu sig svo illa, að útgerðin þyldi svo sem engar álögur. H. flutningsm.

(B. Sv.) sagði, að það væri hans meining, að þeir, sem vildu, gætu verið fyrir utan þetta ábyrgðarfjelag. Eptir því geta Ísafjörður og Akureyri verið fyrir utan fjelagið. Þá er lítið eptir annað en Reykjavík og sjávarsveitirnar við Faxaflóa. En hvers vegna er þá tillaga hans orðuð eins og hún er orðuð, þar sem hún fer fram á, að alþingi skori á stjórnina að leggja fyrir alþingi 1895 frumv. til laga um stofnun almenns ábyrgðarfjelags fyrir fiskiveiðaþilskip á Íslandi? Af því allt er þannig á reiki hjá h. flutningsmanni, gagnstætt því, sem annars er vant að vera, þá er það mín tillaga, að málinu væri nú frestað, svo h. flutningsm og aðrir h. þingd.m. geti hugsað sig betur um það. Mjer fyrir mitt leyti þykir leitt, að ráða til að fella málið alveg, en á hinn bóginn er líka leiðinlegt að samþykkja það, sem fyrirsjáanlegt er, að ekki er hægt að hafa neitt upp úr.

Þórhallur Bjarnarson: Þessi fyrirheitislög h. flutningsm (B. Sv.) getur hvorki stjórn nje þing samið, og hefir hæstv. landsh. fært óhrekjanlega ástæður fyrir því. Til þess að bjarga þessu máli við, vil jeg, eptir bendingu hæstv. landsh., koma með rökstudda dagskrá, þess efnis, að þingið lýsi yfir því, að það telji sig fúst til að styrkja með ríflegu fjárframlagi slíkt ábyrgðarfjelag, er kynni að myndast, og vernda það með lögum. Allir munu vera fyllilega á sama máli um það, að vert sje að styrkja þennan annan aðalatvinnuveg landsmanna, og eitt hið öflugasta meðal til þess hlýtur að vera það, að upphörfa menn til að mynda ábyrgðarfjelag eða ábyrgðarfjelög fyrir þilskip. Hin rökstudda dagskrá, sem jeg ætla að biðja h. forseta að bera upp, er svo hljóðandi:

»Jafnframt því, að neðri deild alþingis lýsir því yfir, að hún fyrir sitt leyti vill styðja að stofnun og viðgangi almenns ábyrgðarfjelags fyrir fiskiveiðaþilskip á Íslandi, bæði með fjárstyrk og lagavernd, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg skal með tilliti til þeirrar uppástungu, sem fram hefur komið, um að fresta málinu, geta þess, að jeg hefi ekkert á móti því, að það verði gjört. Þá gefst tækifæri til að upplýsa málið betur, og skal jeg geta þess, að jeg hefi í nöndum reglur fyrir innbyrðis »assurance« á Færeyjum, sem jeg skal biðja forseta að láta leggja fram á lestrarsalinn. Þar eru gefnar góðar bendingar í þessu máli, sem h. þingd.m. geta haft gott af að kynna sjer. En það þætti mjer sorglegt, ef sama þingið, sem vill skuldbinda landssjóð í 30 ár til að leggja fram $5^1/_2$ miljón — jeg tel hjer þær margumtöluðu 3 miljónir með vöxtum og vaxtavöxtum í 30 ár, til fyrirtækis, sem alveg er bygt í lausu lopti, — færi að fella þetta mál, sem er eitt hið öflugasta og vissasta meðal til að koma landinu upp og efla velmegun landsmanna.

Styrkurinn til væntanlegs ábyrgðarfjelags verður að vera ákveðinn, til þess að menn viti, að hverju þeir megi ganga og á hverju þeir megi eiga vissa von, ef þeir gangi í slíkt fjelag, sem hjer ræðir um. En eptir hinni rökstuddu dagskrá, sem þar að auki er, eins og jeg hefi sagt, hrein og bein formleysa, er allt óákveðið og út í loptið. Jeg vil því fallast á, að málinu sje frestað, til þess, að h. þingd.m. geti hugsað sig betur um það.

ATKV.GR.: Þá kom fram tillaga um að fresta málinu, og var það samþykkt með 14 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um bann gegn botnvörpuveiðum (C. 131); ein umr.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg skal geta þess, að mjer virðist tillaga þessi standa í svo nánu sambandi við og vera svo bein afleiðing af lögunum um bann gegn botnvörpuveiðum, að þau lög yrðu því nær þýðingarlaus, ef ekki fæst sá styrkur frá stjórnarinnar hálfu, til að framfylgja þeim, sem hjer er farið fram á. Jeg treysti því þess vegna, að þingsályktunartillaga þessi verði hiklaust samþykkt.

ATKV.GR.: Tillagan samþykkt í einu hlj. og afgr. til landsh. sem *þingsályktun* frá neðri deild alþingis.

Tuttugasti og fyrsti fundur, föstudag 24. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi hinir sömu og daginn fyrir.

Forseti bar upp beiðni frá nefnd þeirri er kosin var til að gjöra tillögur um 50 ára afmælishald alþingis 1895, um leyfi til að taka í nefndina 1. þm. S.-Múlasýslu, í stað 2. þm. Ísfirðinga, er farinn var af þingi, og veitti deildin það leyfi.

Frumv. til laga um kirkjugjald (C. 130, 147); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Jens Pálsson): Þrátt fyrir það, þó að nefnd sú, sem hefur átt að fjalla um þetta mál, hafi haft mjög afmarkaðan tíma til starfa sinna, getur hún þó komið fram fyrir h. deild með ákveðið álit sitt, því hún hefir notið þess, hvað mál þetta hefur verið lengi á dagskrá þjóðarinnar og þingsins, og svo margt og mikið hefur verið rætt og ritað og vandlega hugsað um það. Mál þetta hefur nú verið á dagskrá í síðastliðin 5 ár. Árið 1889 kom fram tillaga í ákveðnu formi að »revidera« hin fornu gjöld kirknanna, og taka upp persónuleg gjöld í þeirra stað. Á þeim tíma, sem liðið hefur síðan, hefur mál þetta unnið æ fleiri og fleiri áhangendur, og á hinum síðustu árum virðast flestir, bæði í ræðum og ritum, vera búnir að sætta sig við og almennt fylgjandi því, að hin gömlu kirkjugjöld verði afnumin.

Það hefur verið sýnt rækilega fram á það, og h. deild mun vera orðið það ljóst, að það er ærið erfitt og umsvifamikið, að innheimta gjöld af jafnmörgum gjaldtegundum og nú á sjer stað til kirknanna; þau eru nú alls 6 að tölu, nefnilega fasteignartíund, lausafjártíund, sætisfiskur, legkaup, húsaskattur og ljóstollur, og er öllum það kunnugt, hversu erfitt er að tína saman öll þessi gjöld, enda eru sum þeirra gallagripir, svo sem t. d. ljóstollurinn, því menn eru opt í miklum vafa um, hverjir eigi að gjalda heilan og hverjir hálfan. Jeg veit ekki betur en að almenningur viðurkenni þetta, og þeir sjeu jafnan að verða fleiri og fleiri, er hallist að því, og þeir færri og færri, er móti því mæla, að hentugra sje að breyta þessu og taka upp að eins eitt gjald til kirkna. Á síðasta þingi fjekk sú uppástunga fylgi, að leggja 75 aura nefskatt á hvern fermdan mann í sókninni, og þótti sú upphæð hæfileg. Þegar farið var að reikna eptir þessum mælikvarða yfir land allt, þá reyndist, að tekjur kirkna mundu verða nokkuð hærri en áður, en á hinn bóginn er það ljóst, að þarfir kirknanna fara vaxandi, eptir því sem menn finna til, að nauðsyn er að hafa kirkjurnar veglegri og gjöra þær betur úr garði, og hæfari til guðsþjónustu en áður. Gegn þeirri niðurstöðu, að ákveða fast kirkjugjald 75 aura og hafa það alstaðar jafnt, hafa komið fram þau mótmæli, að tekjur einstakra kirkna mundu verða minni en áður, en aptur mundu sumar kirkjur fá óþarflega háar tekjur. Hverja breytingu þetta mundi gjöra á kirknagjöldum hefur verið reiknað út í

sumum prófastsdæmum landsins. Mjer er kunnugt um niðurstöðuna í einu, nefnilega Árnesprófastsdæmi, og kom þar í ljós, að fæstar kirkjur þar mundu fá minni gjöld en áður, flestar kirkjur þar mundu fá þau nokkuð ríflegri, en að eins 2 kirkjur í sjávarplássum mundu fá þau miklu meiri. Mjer þykir ísjárvert, að tekjur einstakra kirkna verði minni, og sjerstaklega hvað tekjur bændakirkna snertir, þá vildi jeg ógjarnan að þær rýrni, og því virðist nauðsynlegt, að sigla fyrir það skerið, og í þessu frumv. er það gert á þann hátt, að hafa gjald þetta færanlegt. Hefur þetta virzt hagfeldari vegur til þess, að kirkjugjaldið yrði nægilega hátt til sumra kirkna, en aptur á móti virðist ekki ástæða til að hafa gjaldið of mikið á öðrum stöðum, svo söfnuðunum yrði ekki óþarflega íþyngt, og fjeð væri lagt í sjóð.

Það munu allir játa, að þetta sje hentugra ákvæði, eptir því sem til hagar hjer á landi fyrir kirkjurnar, og álít jeg ekki ástæðu til að fara um þetta atriði mörgum orðum, því það hefur verið margsannað, að þörfin sje brýn, að koma kirkjugjöldunum í hagfeldara fyrirkomulag. Hitt getur aptur á móti verið umtalsefni, á hvern hátt þetta verði gjört svo haganlega, að tilganginum verði náð.

Meiri hluti nefndarinnar í þessu máli álítur frumv. það, sem hjer er um að ræða, svo vel úr garði gjört bæði að fyrirkomulagi og efni, að hann vill ráða h. deild til að samþykkja það óbreytt. Einn nefndarmannanna var að sönnu ekki samþykkur hinum tveimur um einstök atriði frumv.; hann óttaðist, að ráð það, sem tekið er í frumv., til að ákveða hæfilegt gjald, mundi ekki duga til hlítar, og gat því ekki aðhyllzt færanlegt gjald. Jeg sje ekki ástæðu til að ganga út frá því, að hjeraðsfundir, sem bezt þekkja þarfir og ástand kirknanna, muni setja lægra gjald en á þarf að halda.

Það hefur verið efazt um, að hjeraðsfundirnir mundu gjöra þetta svo vel, sem nauðsyn krefur, en jeg er viss um, að hjeraðsfundunum fer fram eins í þessu efni sem öðru eptir því sem tímar líða fram. Auk þess er ekki lítið í það varið, að biskup á nú að ákveða kirkjugjaldið í fyrsta sinni til eins árs, og getur það verið hagkvæm bending, til að byggja kirkjugjöldin á.

Jeg get engan veginn talið líklegt, að hjeraðsfundirnir muni verða svo ósanngjarnir, að þeir hugsi ekki jafnt um allar kirkjur, hvort heldur það eru bændakirkjur, safnaðarkirkjur eða þá landssjóðskirkjur, og að þeir vilji ekki láta hverja kirkju fá það, sem þörf hennar krefur, enda er því svo varið með sumar bændakirkjur, að þótt hjeraðsfundur ákveði lægsta gjaldið, fá þær samt meiri tekjur en nú, eða fullt svo. Jeg vil taka til dæmis eina kirkju, sem jeg þekki, Krísuvíkurkirkju. Nú sem stendur eru tekjur hennar 11—12 kr. á ári eptir verðlagsskrá, en fermdir menn í sókninni eru milli 30 og 40, svo að þótt hjeraðsfundur ákveði lægsta gjaldið, 50 aura, yrðu tekjur hennar samt nokkuð meiri en nú, en sje ekki lægsta gjaldið tekið, verða tekjur hennar auðvitað þeim mun meiri.

Jeg óttast alls ekki, að hjeraðsfundir ákveði ekki gjald þetta svo sanngjarnlega, sem unnt er, og skal jeg svo ekki orðlengja um þetta mál að sinni, en verði frumv. þetta að lögum, kemur ómótmælanlega betra og hagfeldara skipulag á tekjur og gjöld til kirkna en hingað til hefur verið, því það er sannarlega nú ekki sem hagkvæmast.

Þórður Guðmundsson: Það mætti nú ætla, að mál þetta væri nú komið í viðunanlegt horf, þar sem það var til

umræðu í fyrra hjer á þinginu í báðum deildum, og nú er búið að samþykkja það í h. efri deild, og það komið frá henni hingað til deildarinnar, og enn fremur þar sem formælendur þessa máls sögðu í fyrra, að það væri svo vel úr garði gjört, að það þyrfti engrar umbótar við, er það kom hjer fyrst inn á þing.

Allir munu vera á sama máli um það, að þessi meginstefna sje heppileg, sem kemur fram í frumvarpi þessu, að færa öll kirkjugjöld saman í að eins eitt gjald, enda hafa engin mótmæli komið fram gegn henni á þingmálafundum, en aptur á móti voru allir á móti sameiginlegum kirkjusjóði, sem lá fyrir í frumv. á síðasta þingi.

Háttv. minni hluti hefur líka hallazt að þeirri skoðun, að heppilegra sje, að gjaldið sje sett fast, en við það er að athuga það, sem h. framsögum. minni hlutans (Guðl. G.) tók fram í nefndarálitinu, að sumar kirkjur mundu þá fá óþarflega háar tekjur, en smærri kirkjur ekki nægilega miklar, enda mundi verða sú raunin á, að tekjur minni kirknanna yrðu óbærilega litlar.

Hvað hina stefnuna snertir, að hafa gjaldið færanlegt, þá er miklu fleira, sem mælir með því, enda er það miklu nær sanni en fasta gjaldið, en engu að síður eru þó ýms atriði í frumv., sem jeg vil ekki gefa atkvæði, eins og það kom frá h. efri deild, en af því, að nú er að eins framhald 1. umræðu málsins, má ekki fara út í einstök atriði, en samt sem áður ætla jeg að leyfa mjer að benda á nokkur atriði, sem mjer virðast ísjárverð í frumv.

Hið fyrsta atriði er það ákvæði, að öll vinnuhjú, hvort heldur karl eða kona, sem komin eru yfir fermingaraldur, eiga að greiða kirkjugjald. Hvað þetta ákvæði snertir, hallast jeg óhikað að áliti minni hluta nefndarinnar, að jeg álít þetta mjög viðsjárvert, því að það gæti valdið úlfúð og óánægju milli vinnuveitanda og vinnuþiggjanda, enda er ekki sjeð fyrir áhrif þau, sem af því mundi leiða. Það virðist mundi verða æði-óþægilegt fyrir húsbóndann, að þurfa að krefja mörg gjöld af hjúum sínum, því að líklegt er, að sama mundi raunin á með kirkjugjaldið og styrktarsjóðsgjald til alþýðu, enda virðist óeðlilegt, að hjúin eigi að borga gjaldið, en það megi taka lögtaki af húsbændunum.

Hitt atriðið sem mjer virðist órjettlátt og ísjárvert í frumv. þessu, er það ákvæði, að kirkjugjald fyrir sveitarómaga sje greitt úr sveitarsjóði, eins og h. 1. þingm. Rangv. (Sighv. Á.) tók fram við 1. umræðu. Mjer virðist það mjög óeiginlegt, að leggja gjöld á allsendis eignalausa menn, enda kemur það í sama staðnum niður, því eptir því verður húsbóndinn að borga meira í sveitarsjóð, sem meiri útgjöld hvíla á sveitinni. Álít jeg því betra, að ákveða gjaldið hærra, í stað þess, að þurfa að taka gjaldið fyrir sveitarómaga úr sveitarsjóði.

Þriðja atriðið, er jeg ætlaði að minnast á, er það, að jeg get vel verið með því, að biskup ákveði kirkjugjöldin í fyrsta sinni, en jeg er á hinn bóginn ekki með því, að biskup ákveði gjaldið þegar svo ber undir, að hjeraðsfundur verður ólögmætur. Jeg sje ekkert á móti því, að verði hjeraðsfundur ólögmætur vegna einhverra ófyrirsjeðra tálmana, að þá sje stofnað til aukafundar, eða beðið með að ákveða gjaldið þar til á næsta fundi. Mjer virðist það mundi skerpa áhuga manna með að sækja hjeraðsfundi, ef menn mega búast við, að verða að sækja aukahjeraðsfund, ef aðalfundurinn verður ólögmætur, því jeg vil gera safnaðarfulltrúunum að skyldu að sækja

aukafundinn, ef aðalfundurinn ferst fyrir, og það því fremur, að þegar þetta verður að lögum, eða ef það verður að lögum, má telja víst, að safnaðarfulltrúunum verði borgað sitt ómak af kirknasjóði.

Jeg vildi óska að þetta frumv. kæmist sem lengst og yrði afgreitt sem lög frá þessu þingi, þegar tekið er tillit til, hversu langan tíma það er búið að vera fyrir þinginu, þar sem það hefir nú verið til umræðu á tveimur þingum, því jeg óska ekki, að það þurfi að fjalla um það á þriðja þinginu til, ef það yrði nú viðunanlega úr garði gjört. Jeg hefi í hyggju að koma með breyt.-till. til 2. umr., sem fara fram á að bæta úr þeim göllum, sem jeg hefi nú í ræðu minni bent á að væru á frv., eins og það kom frá h. Ed.

Halldór Daníelsson: Það er að eins ein stutt athugasemd, sem jeg ætla mjer að gjöra við frumv. það, er hjer liggur fyrir h. deild, og þótt nú sje að eins framh. 1. umr. málsins, leyfi jeg mjer að minnast á eitt einstakt atriði, þar sem stendur í frumv., að skylduvinna við kirkjur skuli úr lögum numin. Mjer virðist þetta vera nokkuð varhugavert. Flutningur á byggingarefni til kirkna er á ýmsum stöðum afarhá útgjaldagrein. Jeg hefi talað við áreiðanlegan mann, sem sagði mjer, að flutningur að einni nýbygðri kirkju á austurlandi hefði numið um 1,500 kr. Þar sem jeg þekki til, er að vísu ekki langt til kaupstaðar, en það hygg jeg, að aðflutningar til þeirra kirkna, þótt ekki sjeu stórar, sem eru hjer um bil eina dagleið frá kaupstað eða tæplega það, mundu hafa kostað hjer um 3—400 kr., ef reiknað hefði verið til peningaverðs. Væri nú farið að endurbyggja einhverja af þeim kirkjum, sem landssjóður á og lengst eru frá kaupstað, er jeg hræddur um, að fallegir reikningar kæmu fram í birtuna. Af þessum ástæðum verð jeg að álíta, að þetta ákvæði mundi verða kirkjusjóðunum mjög þungbært og sumum allsendis óbærilegt; en mjer mun svarað því, að kirkjugjaldið megi ákveða þeim mun hærra; en bæði er, að gjald þetta á að greiða í peningum, sem menn eru opt fátækir af, þótt þeir geti hæglega unnið sinn skerf við kirkjuviðarflutninginn, og auk þess yrði gjald þetta afarhátt á sumum stöðum. Aptur á móti er, eins og jeg tók þegar fram, kirkjuviðarflutningur ekki beint peningagjald, en þó það komi nokkur ójafnt á, þar sem kirkjuviðarflutningur kemur ekki fyrir nema á 20—30 ára fresti, þá hefi jeg þó ekki heyrt neinn kvarta undan þeirri álögu.

Öðru máli er að gegna með kirkjugarðana. Þar er beinlínis um vinnu að ræða, og til hennar útheimtist bæði smekkvísi og kunnátta, ef nokkur mynd á að vera á verkinu, en aptur á móti geta allir eða velflestir flutt kirkjuvið, ef þeir geta komið upp bagga, og hafa teymt eða rekið hest áður; en skylduvinna bænda til kirkjugarðanna er sjaldan hin snotrasta vinna bænda, heldur eitthvað annað, og nú sem stendur eru kirkjugarðarnir víðast hvorki söfnuði eða þjóð til stórmikils sóma, heldur jafnvel einmitt hið gagnstæða.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um kosningar til alþingis (C. 105); 2. umr.

ATKV.GR.: Með því að enginn tók til máls, var þegar gengið til atkv. um málið og I. kafli (1.—9. gr.) samþ. með 16 samhlj. atkv.; II. kafli (10.—19. gr.) samþ. með 17 samhlj. atkv.; III. kafli (20.—30. gr.) samþ. með 16 samhlj. atkv.; (31.—35. gr.) samþ. með 14 samhlj. atkv.; (36.—38. gr.) samþ. með 15

samhlj. atkv.; (39.—46. gr.) samþ. með 17 samhlj. atkv.; IV. kafli (47.—50. gr.) samþ. með 18 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um viðauka við og breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (C. 30. 125); 2. umr.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg finn ekki ástæðu til að halda langa ræðu um þetta mál. Við 1. umr. leyfði jeg mjer að minnast lítið eitt á aðalstefnu frumv., og með því að engin breyt.till. hefir komið fram, og nefndin hefir tekið nægilega skýrt fram í nefndarálitinu, hvernig hún lítur á málið, þá hefi jeg engu við það að bæta, en vil að eins óska, að h. deild samþ. frumv.

Jón Jensson: Jeg ætla mjer að koma með fáeinar athugasemdir við frv. til þess að gjöra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. Jeg get ekki sjeð, að neina nauðsyn beri til að breyta núgildandi lögum í þessu efni, eða að menn yrðu svo miklu bættir, þó frumv. þetta yrði að lögum. Sje efnið tekið í þeirri sömu röð og það stendur í frv., þá er fyrst 1. gr. Í henni er ekkert nýtt, ekkert, sem ekki er heimilað eða bannað í núgildandi lögum. Í núgildandi lögum er það ákvæði, að engir aðrir en þeir, sem eru löggiltir útflutningsstjórnar, megi gjöra samninga við menn um flutning í aðrar heimsálfur, en þó að í þessu frumv. sje bætt inn í »munnlega eða skriflega«, þá sje jeg ekki, að það hafi neina þýðingu. Þá kemur næst í frumv.: »eða á nokkurn annan hátt starfa hjer á landi að slíkum útflutningi«, sem nefndin hefir stungið upp á að yrði breytt í »hafa á hendi nokkurn starfa í þarfir slíks útflutnings«. Þetta getur aldrei orið rjett; ákvæðið verður allt af annaðhvort þýðingarlaust, eða allt of víðtækt; það mætti nærri heimfæra það upp á hvað eina, og gæti þannig komið hart niður á saklausum, t. d. gæti verið spurning um, hvort ekki mætti sekta hafnsögumann eptir lögunum fyrir að leiðbeina útflutningaskipi inn á höfn eða úr höfn. Þá kemur næsta málsgr.: »Enginn má með ósönnum fortölum tæla eða leitast við að tæla menn til útflutnings«. Þetta ákvæði er líka allt of víðtækt og jafnvel óákveðið. Það yrði óhæfilegt band á mönnum, ef ætti að fara að banna mönnum að láta frjálslega í ljósi skoðanir sínar í því máli, eins og hverju öðru, enda væri það heldur ekki hyggilegt að fara þá leið til að ætla sjer að hepta burtflutninga fólks úr landinu, og menn gætu farið í kringum lögin eða brotið þau í þessu efni, eins og þeir ætluðu, án þess við yrði ráðið, og gætu þessi lagaákvæði ekki haft aðrar en skaðlegar afleiðingar. Þá kemur næsta ákvæði þessa frumv.; það er sektarákvæðið. Í það vantar algjörlega, að þar sje tekið fram, í hvaða sjóð sektin eigi að renna, eða hvernig hana eigi að á leggja. Mjer finnst þannig 1. gr. frumv. vera óþörf og þar að auki mjög óheppilega samin.

Þá kemur 2. gr. frumv. Með henni á að vera úr lögum numin undanþága sú frá eptirliti lögreglustjórnarinnar, er póstgufuskipin hingað til hafa haft, þegar útfarar eru fluttir á þeim. Jeg sje enga ástæðu til að nema þessa undanþágu úr lögum. Hún er á góðum rökum bygð og jeg veit ekki til, að hún hafi nokkurn tíma hingað til verið misbrúkuð, eða leitt til nokkurs ills.

Þá er 3. gr., og skal jeg játa, að hún er til bóta, þar sem í henni er ákveðið, að lögreglustjóri skuli rannsaka skip-

ið á fyrstu höfn sem það kemur á til að taka menn til útflutninga, í staðinn fyrir það, sem nú er ákveðið, að það skuli gjört á síðustu höfn á landinu, sem skipið leggur út frá. Þetta er líka eina ákvæðið í frumv., sem mjer sýnist vera nokkuð í áttina til að bæta þau lög, sem nú gilda.

Í 4. gr. er ákveðið, að útfarar skuli hafa vottorð frá lögreglustjóra í því umdæmi, er hann síðast var heimilisfastur í, um, að hann sje »að lögum frjáls«. Jeg veit ekki hvað þetta »að lögum frjáls« á að innibinda í sjer í þessu sambandi, ef annars ákvæðið á að innihalda nokkuð nýtt. Ef í því á til dæmis að felast, að maðurinn væri ekki að hlaupa frá skuldum heima fyrir, þá ímynda jeg mjer, að slíkt þætti fara nokkuð langt fram úr því sem gildandi lög heimila um kyrsetning manna fyrir skuldir og gefa lögreglustjórum nokkuð mikið vald í því efni, og væri rjettara, ef nokkuð þvílíkt væri tilgangurinn, að taka það berara fram, til þess menn vissu, hvað þeir væru að gjöra að lögum, og líka til þess, að ákvæðið yrði ekki hjegóminn einber, því að, ef það væri orðað eins og í frumv. stendur, yrði það ef til vill ekki skilið öðruvísi en almennt er um svo löguð vottorð, og væri þá ekkert betra en ákvæðið í núgildandi útflutningalögum um, að lögreglustjóri skuli rita upp á farbrjef hvers útfara.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Mjer kom það satt að segja dálítið á óvart, að frumv. þetta skyldi fá svona lagaðar mótbárur af hálfu h. þm. Rvk. (J. Jenss.). Mig hefði furðað minna á því, ef þessi mótmæli hefðu komið frá einhverjum öðrum, sem er óvanari við, að fást við lagatexta en h. þingm. Rvk. (J. Jenss.); að hann skuli koma með útskýringu, sem er eins mikið á reiki og óljós, eins og sú, sem honum þóknaðist áðan að gefa á þessu frumv., sem er fullkomlega eins ljóslega orðað og vanalegur lagatexti, það datt mjer ekki í hug um hann. Það er auðvitað, að það má teygja ýms ákvæði í lögum, til dæmis og ekki hvað síst í hegningarlögunum, ef maður vill leggja í orðin allar þær hugsanlegar meiningar, sem í þeim kann að felast í lítt hugsuðu og óvönduðu daglegu máli, í staðinn fyrir að halda sjer við rjettar lagalegar skýringar, þannig, að hverri hugmynd og hverju orði lagatextans sje afmarkað svið innan þeirra rjettu skorða. Þetta var það sem jeg síst gat búizt við, að jafnglöggur lagamaður og h. þm. Rvk. (J. Jenss.) mundi flaska á, og mjer komu því á óvart svona löguð mótmæli frá honum.

Þessar mótbárur hans eru harla þýðingarlitlar, en sýna að eins, að hann hefir ekki fyllilega kynnt sjer nefndarálitið, því þar tekur nefndin það skýrt fram, að sjer sje kunnugt um, að það sje orðinn móður hjer á seinni árum, að fara í kringum lögin frá 14. janúar 1876, og hún vilji því, að gjörðar sjeu einhverjar ráðstafanir til þess, að öðrum mönnum haldist ekki uppi það, sem útflutningsstjórarnir eða umboðsmenn þeirra verða að sæta ábyrgð fyrir.

Jeg hef það fyrir satt, að þetta hafi verið kært fyrir stjórninni, en hún hafi ekki sjeð sjer fært að sinna því, sökum þess, að ákvæði núgildandi laga væru svo óljós og ófullnægjandi í þessu efni.

H. þm. Rvk. (J. Jenss.) var að tala um, að ákvæði þessara laga gætu náð til lóssins, sem vísar útflutningsskipi til hafna, eða til verkamannsins, sem ekur farangri útfara til skips; því það mætti álíta sem svo, að þetta væri að starfa að útflutningum. En eptir þeim rjetta skilningi, sem á að leggja í frv., og sem mun verða lagður í frumv., þá mun engum manni blandast hugur um,

að slíkt getur aldrei komið til nokkurra mála, að þetta verði teygt svo, að ákvæði frumv. geti nokkurn tíma náð til þeirra, sem vinna fyrir úttarana.

Svo sagði h. þm. (J. Jenss.), að þetta væri að leggja band á málfrelsi manna. Það get jeg ekki sjeð. Hjer er ekki gengið nær heldur en gjört er í núgildandi lögum við útflutningastjórana eða umboðsmenn þeirra; þar er bannað og lögð hegning við, svo framarlega sem þeir beita ósönnum fortölum til að tæla menn til útflutninga. Mjer finnst ekki rjett, að meiri ábyrgð hvíli á þeim mönnum, sem hafa sett veð gagnvart landsstjórninni, heldur en á öðrum, sem gera sjer þetta að atvinnu, þegar um sama verknaðinn er að ræða. En til þess að verknaðurinn varði við lög, þá útheimtist, að við hafðar sjeu fortölur, að þær sjeu ósannar, og að tilgangurinn sje sá, að tæla menn til útflutninga. Jeg efast ekki um, að h. þm. Rvk. (J. Jenss.) áttar sig á þessu seinna, þegar hann fær tíma til að lesa frumv. dálítið betur.

Viðvíkjandi undanþágu gufuskipafjelagsins danska frá lögum 14. janúar 1876, þá get jeg ekki betur sjeð en að sú undanþága hafi átt að falla niður, þegar ríkið hætti að halda uppi póstferðunum og ljet það í hendur »privat« fjelagi, þótt fjelagið til þessa hafi í hálfgerðu óleyfi laganna haldið þessum hlunnindum, þegar það tókst á hendur ferðirnar.

H. þm. (J. Jenss.) sagði, að hann vissi ekki neitt dæmi þess, að þetta hefði verið misbrúkað. En jeg hef heyrt, að það hafi stundum ekki farið neitt sjerlega vel um útfara á skipum hins sameinaða gufuskipafjelags. Jeg get því ekki sjeð neina ástæðu til, að vera að halda lengur í þessa undanþágu, þó h. þm. Rvk. (J. Jenss.) segi, að hún sje á góðum rökum bygð. Mig langar til að heyra, hver þessi góðu rök eru, því jeg fæ ekki betur sjeð en að hún sje ekki á neinum rökum bygð, síðan skipin hættu að vera ríkiseign.

Þá strandaði h. þm. Rvk. (J. Jenss.) á orðunum »að lögum frjáls«. Það þótti mjer stórmerkilegt, því jeg er viss um, að það er ekki einn einasti lögreglustjóri á landinu, sem mundi villast á þessari hugmynd, þessu orðtaki, sem er eins gamalt og klassiskt og allir vita; jeg efast ekki um, að h. þm. Rvk. (J. Jenss.), sem er vitanlega einn af okkar góðu lagamönnum, muni þekkja það fullvel. Jeg álít því óþarfa, að skýra það fyrir h. þm. nánar en svo, að þó að maður sje skuldugur, þá er hann engu síður frjáls að lögum, svo framarlega sem ekki hefir verið krafizt, að ferð hans væri hamlað. Það þarf því að mínu áliti engum að verða hált á þessu ákvæði, svo framarlega sem hann í raun og veru er að lögum frjáls. Áritun lögreglustjóra á farbrjefin er, eptir því, sem hingað til hefir við gengizt, alveg þýðingarlaus, þar eð það vanalega er síðasta höfn á landinu, sem skipið kemur á, að útfarar fá slíka áritun hjá lögreglustjóranum, án þess að hann máske hafi nokkurn tíma sjeð þá áður.

Jeg held því, að þessar mótbárur h. þm. Rvk. (J. Jenss.) sjeu fremur ljettvægar; það er alls eigi tilgangur frv. að hepta eða skerða nokkurs manns rjett til að flytja til útlanda, heldur sá, að koma á meiri jöfnuði, og fyrirbyggja þann misrjett, sem núgildandi lög um þetta atriði hafa gefið tilefni til.

Jens Pálsson: Jeg hef skilið þetta frumv. svo, að það væri tilgangur þess, að sömu eða lík ákvæði næðu yfir agenta þá, sem sendir eru frá Ameríku, til dæmis frá Canadastjórninni, eins og yfir útflutningsstjóra eða umboðsmenn, sem með lögum 14. janúar 1876 er bannað að tæla menn til útflutninga

með ósönnum fortölum og lögð hegning við. Þetta finnst mjer mjög eðlilegt, og rjett, að þessum mönnum sje gjört jafnt undir höfði sem öðrum, er gjöra sjer útflutning manna í aðrar heimsálfur að atvinnu; en eptir frumv. þessu að dæma, þá finnst mjer ákvæðin geta náð til miklu fleiri en þeirra, sem gjöra sjer þetta að atvinnu, eða hafa þennan starfa á hendi sem borgaðan starfa. Jeg skil svo þessi orð 1. gr.: »Enginn má með ósönnum fortölum tæla eða leitast við að tæla menn til útflutnings«, að hjer sje ekki átt við útflutningsstjórana og agentana eina, heldur nái þetta ákvæði til hvaða manns sem er. Þegar jeg lít á þetta þannig, þá finnst mjer þetta ákvæði mjög viðsjárvert. Setjum svo, að brjef frá einhverjum íslenzkum manni, sem er búsettur í annari heimsálfu, þar sem hann ljeti vel yfir hag sínum, fjelli í hendur óhlífins lögreglustjóra, setjum, að það væri skrifað í þeim tilgangi, að hvetja vini eða vandamenn til útflutnings; ef svo sá, sem skrifað hefði brjefið, kæmi hingað til landsins, þá gæti ötull og óhlífinn lögreglustjóri tekið hann fyrir og dæmt hann og lagt á hann svo og svo mikla sekt, af því hann hefði reynt að tæla mennina með ósönnum fortölum. Ef slíkt bæri að hendi, er mjer óljóst, hver ætti að dæma um, hvort innihald brjefsins væri satt eða ekki. (*Guðl. Guðm.:* Það gera dómstólarnir).

Enn fremur finnst mjer þessi rannsókn, sem ákveðin er í frumv., hljóti að verða mjög óþægileg á póstgufuskipunum, þar sem kalla má hvern mann á skipinu fyrir til þess að rannsaka, hverjir eru vesturfarar og hverjir ekki, enda mundi þetta ákvæði alls ekki koma í veg fyrir, að menn gætu strokið eptir sem áður til annara heimsálfna, með því til dæmis, að gefa sig út fyrir ferðamenn til Skotlands eða Englands. Jeg get því ekki betur sjeð, en að lögin, sem nú gilda um þetta efni, sjeu betri en frumv þetta.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Það eru að eins fáein orð viðvíkjandi orðum h. þm. Dal. (J. P.), þar sem hann var að tala um, að sjer þætti óviðkunnanlegt, að eptir frumv. væri hægt að sekta þann, sem til dæmis úr öðrum heimsálfum skrifaði heim til Íslands brjef, sem innihjeldi ósannar fortölur um að flytja þangað, svo framarlega sem það næðist í hann. Jeg hef sjeð ótal brjef þess efnis og veit mörg dæmi til þess, að synir og fóstursynir hafa með fortölum í brjefum tælt foreldra sína, sem sátu hjer í góðum efnum, til þess að flytja af landi burt. Jeg álít raunar, að aldrei komi til þess, að þessum lögum verði beitt gegn þeim, sem í privatbrjefi telja kunningja sína á að flytja. En ef það reynist satt að vera, að þeir hafi gjört sig seka í ósönnum fortölum, þá sýnist mjer alveg rjett, að þeir verði látnir sæta refsingu fyrir það.

Jeg skil annars ekki í, að menn skuli vera svo hræddir við þessa 2. málsgr. 1. gr., því í núgildandi lögum eru einmitt þessi sömu ákvæði um útflutningsstjóra og umboðsmenn þeirra. Og þegar þeir ekki mega það, þá sýnist mjer ekki rjett, að halda hlífðarskildi yfir öðrum, sem gjöra alveg það sama, og halda þannig opnum vegi fyrir þessa menn, sem eru útsendarar agentanna, til þess að tæla menn til útflutninga.

Jón Jensson: Jeg ætla mjer ekki að lengja umræðurnar um þetta mál með því að svara ræðu h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.). Hið eina, sem

er svaravert í ræðu hans er það, sem hann sagði um undanþágurnar fyrir póstgufuskipin dönsku. Hann svaraði sjer reyndar sjálfur með því, að hann sagði, að þeim hefðu verið veittar þessar undanþágur af því, að þau hefðu verið stjórnarskip. Það er einmitt hin rjetta ástæða fyrir undanþágunum fyrir þessi skip, og þó þau sjeu nú ekki beinlínis stjórnarskip, þá eru þau að nokkru leyti í þjónustu hins opinbera, sem hefur svo mikið með þau að gjöra, að það getur haft nægilega tilsjón með þeim.

Hinu í ræðu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) ætla jeg ekki að svara. Hann er opt með þessa löngu innganga, sem lítið er á að græða. Inngangurinn í þetta skipti átti víst bara að vera til þess, að breiða yfir hinar fátæklegu ástæður hans með mikilmennsku-tali. Ástæður hans voru í þetta skipti sama sem ekki neitt, og því verður ekkert við þær átt.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg hefi fáu að bæta við það, sem jeg hefi áður sagt. Það var harla ójafnt skipt hjá mjer og h. þm. Rvík. (J. Jenss.). Jeg sagði honum ýmisleg »kompliment« fyrir lagamenntun hans, en fjekk ekki annað en snuprur í staðinn fyrir mikilmennsku, sem jeg veit þó ekki til, að jeg hafi sýnt. Jeg ætlaði þó sannarlega ekki, að slá mig til riddara á orðum hans.

Jeg gat ekki vel fest hönd á því, sem h. þingm. Dalam. (Jens P.) sagði. Hann talaði um málið á víð og dreif og kom með ýms dæmi, sem jeg gat ekki rjett vel skilið, t. d. þar sem að hann sagði, að menn gætu orðið lögsóttir fyrir brjefaskriptir. En þó að menn skrifi úr Ameríku eða Ástralíu, þá falla slíkar brjefaskriptir ekki undir þessi lög, þar sem brotið er framið í öðru landi. Slík brot, sem eru framin fyrir utan dómsvald landsins, geta ekki heyrt undir vor lög.

H. þingm. Rvík. (J. Jenss.) þarf jeg ekki að svara. Undanþágur þær, sem póstskipin höfðu áður, voru bygðar á því, að skipin voru þá undir eign og umsjón stjórnarinnar, en nú eru póstgufuskipin eign privat-fjelags, og er því ekki lengur ástæða til, að veita þeim undanþágur fremur en öðrum skipum einstakra manna eða fjelaga.

Jeg man svo ekki, að það sjeu nein önnur veruleg atriði í ræðum h. þingdeildarm., sem jeg þarf að svara.

Jeg skal svo að endingu taka það fram aptur, sem jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, að þetta frumvarp stefnir ekki að því, að þrengja að útflytjendum eða þeim, sem starfa að útflutningum, en það stefnir að því, að gjöra öllum slíkum mönnum jafnt undir höfði.

Jeg álít, að ef hið opinbera á annað borð á að skipta sjer af útflutningum, og þeim, sem að þeim starfa, þá eigi það að vera á þann hátt, að koma á jafnrjetti en ekki misrjetti milli manna. Annað mál er það, hvort hið opinbera á að vera að skipta sjer nokkuð af útflutningunum. Það væri kannske rjettast, að láta þá alveg afskiptulausa, og lofa útflutningsstjórunum að bunka fólkinu út í skipin eins og skepnum, svíkja loforð sín og tæla menn á hvern þann hátt, sem þeir geta. Þá hefðu útfararnir sjálfir alla ábyrgðina, en hið opinbera enga.

Jens Pálsson: Jeg þakka h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) fyrir upplýsingarnar um það, að brjefaskriptafrelsi er ekki hept með þessum lögum. En jeg skal þá nefna annað dæmi. Setjum svo, að einhverjum flokki manna, sem hjer ætti við erfið kjör að búa, væri ráðið til að fara til Vesturheims og leita sjer þar atvinnu, og það væri út-

málað fyrir honum til dæmis í fyrirlestri, ætli þessi lög næðu þá ekki til þess manns, sem fyrirlesturinn hjeldi? Ef svo er, þá ganga þessi lög of nærri málfrelsi manna, og því óhafandi að mínu áliti.

Jeg verð að álíta, að ráðið til þess, að koma í veg fyrir, að slíkt verði að hættu, sje ekki það, að hepta málfrelsið, heldur það, að færa rök á móti, gild og sannfærandi, og þannig hrekja það, sem borið er fram til að niðra þessu landi, en lofa önnur lönd. Önnur ráð duga ekki og önnur ráð eru ekki í sínum rjetti.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. nefndarinnar við 1. gr. samþ. með 15 samhljóða atkv.; 1. gr. frv. með áorðinni breytingu samþykkt með 14 : 2 atkvæðum; 2. gr. frv. með áorðinni breytingu samþ. með 15 atkv.; 3. gr. frv. með áorðinni breytingu samþ. með 19 atkvæðum; 2. breyt.till. nefndarinnar við 4. grein samþ. með 17 samhlj. atkv.; 4. grein frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 17 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu með 17 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um umsjón og fjárhald kirkna (C. 52, 145); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Einar Jónsson): Eins og h. deild hefur sjeð á nefndarálitinu í máli þessu, þá gat nefndin ekki fylgzt að í því, heldur höfum við tveir nefndarmenn komið fram sem meiri hluti og einn sem minni hluti. Það sem nú sjerstaklega vakti sundurþykki í nefndinni, var spursmálið um eignarrjett bænda til bændakirknanna. Skoðun meiri hlutans er nokkuð rækilega sýnd í nefndar-álitinu, og hef jeg að eins fáu þar við að bæta.

Eins og h. deild er kunnugt, komu kirkjur þannig upp hjer á landi í upphafi, að einstakir menn bygðu þær á heimilum sínum, og rjeðu presta til að þjóna þeim, gegn því, að þeir skyldu fá uppeldi sitt hjá kirkjueigendunum. Þessir prestar, heimilisprestarnir, voru því að eins þjónustumenn kirkjueigendanna. Svona stóðu sakir um hríð, en síðan fóru ýmsir menn að gefa kirkjunum sjálfum eignir, og ætluðust til að prestarnir hefðu uppeldi sitt af þeim. Þannig eignuðust kirkjurnar smátt og smátt fje, en umráð þess voru í höndum þeirra, sem áttu part í stöðunum eða höfðu umsjón yfir þeim og kirkjunum, og skipti svo öldum, að þessir menn gjörðu engan reikning fyrir tekjum og gjöldum kirknanna.

Þegar fram í sótti, áleit löggjafarvaldið sjer skylt, að styrkja presta og kirkjur með gjöldum, sem lögð voru á þjóðina; þannig er hin elzta kirkjugjaldalöggjöf vor, Gizurar statúta, til orðin 1096. Með þessum lögum var öllum kirkjum gjört jafnt undir höfði, og þeim lagðar sumum tekjur af almannafje, og síðan hefur löggjafarvaldið jafnan álitið sjer skylt, að leggja á almenning gjöld til viðhalds kirkna, og hefur auðvitað talið sig hafa rjett til þess.

Þegar kom fram á síðari hluta 13. aldarinnar, komu upp hin miklu staðamál, er byrjuðu með því, að biskup vildi fá allar kirkjur og staði á sitt vald, en enduðu með því, að leikmenn hjeldu þeim stöðum, þar sem þeir áttu helming eða meira í heimalandi; hinir komust algjörlega undir yfirráð kirkjunnar. En eigi að síður lítur svo út, sem það hafi verið álit löggjafarvaldsins á eptir, að kirkjurnar væru ekki fullkomin eign þeirra, sem þannig höfðu fengið þær til fullra umráða, því að

annars hefði það ekki lagt gjöld á almenning til að styrkja þær eða halda þeim við.

Sú skoðun var almenn og ríkjandi, að þeir sem höfðu kirkjustaðina til umráða, hvort sem þeir áttu þá eða ekki, væru skyldir til að halda kirkjunni við í sæmilegu ástandi sem guðsþjónustuhúsi safnaðarins, og um leið og það var kvöð á þeim, var það rjettur, sem söfnuðurinn hafði, að mega nota kirkjuna, og skylda hans að leggja það til hennar, sem lög ákvæðu.

Sú skoðun myndaðist og, að kirkjueigandi hefði ekki rjett til, að selja neitt burt af kirkjueigninni; eigandinn mátti ekki parta eignina sundur; hún varð að standa í heild sinni sem veð fyrir því, að kirkjunni væri haldið í forsvaranlegu standi, og á þessu virðist mega byggja þá skoðun, að fyrst jörðin þurfti að standa sem veð fyrir kirkjunni, þá sje jarðareigandinn ekki fullkominn eigandi hennar. Kirkjan virðist helzt mega skoðast sem opinber eign, er umráðamaðurinn verður að setja veð fyrir að sje í því lagi, sem vera ber. Það er kvöð, sem hvílir á eigninni, að annast kirkjuna á þennan hátt. En rjetturinn, sem eigandinn hefur, er því optast sá, að njóta tekna kirkjunnar.

Jeg verð að álíta, að kvöðin hafi gengið á undan rjettinum, og að löggjafarvaldið hafi viljað ljetta kvöðina með því að veita kirkjunum þær tekjur, sem þær hafa fengið, en þessum ljetti var svo samfara rjettur gjaldendanna til að nota kirkjurnar. Síðan hefur löggjafarvaldið jafnan talið sjer heimilt, að breyta tekjum kirknanna eptir því, sem þurfa hefur þótt, og hefur sú breyting jafnan gengið í þá átt, að hækka tekjurnar; hefir tilgangurinn með það sjálfsagt verið sá, að gjöra forráðamenn kirknanna skaðlausa, svo að kirkjan yrði þeim ekki byrði. Þar sem nú kirkjan hefir ekki orðið kirkjueigendum byrði, þar má skoða svo, sem söfnuðurinn hafi beinlínis kostað kirkjuna, og því sje hún í raun og veru hans eign; aptur er það vafasamara, þar sem eigandinn hefir orðið að leggja fram eigin fje kirkjunni til viðhalds; þar virðist rjett, að skoða söfnuð og jarðeiganda sem sameigendur.

Þetta frumv. fer nú fram á, að söfnuðum sje veittur rjettur til, að heimta allar kirkjur í sínar hendur, ef það er samþykkt á safnaðarfundi með $^2/_3$ atkvæða, enda virðist svo, að þar sem söfnuðir hafa goldið svo mikið til kirkna, að þær hafa getað borið sig, þar hafi þeir fullan rjett til að heimta þær. Þar sem bændakirkju-eigendur þurfa að leggja meira til kirkna sinna en tekjunum nemur, þá er það kvöð, sem á þeim hvílir, og sem þeir losast við jafnframt því, sem þeir selja kirkjuna af hendi; það er því hreinn ábati fyrir þá, að losast við slíkar kirkjur, og hlutaðeigendum sannlega enginn órjettur gjör, þótt þeir verði að láta þær af hendi. Eigi að síður getur svo verið, að sumum hinum núlifandi svokölluðu bændakirkju-eigendum þyki erfitt að skila af sjer kirkjunum í góðu lagi, eða að láta þegar af hendi sjóði þeirra, þar sem þeir eru til svo nokkru nemur, og því hefur nefndin lagt það til, að kirkjueigendur þeir, sem kirkjur halda, er lögin koma í gildi, þurfi ekki að skila af sjer kirkju nje sjóði sína tíð fremur en þeir vilja.

Það er vafalaust viðurkennt af öllum, að það sje yfir höfuð gott fyrir prestana, að geta losnað við umsjón kirkna, en allur ágreiningurinn er um bændakirkju-eigendurna. En þar sem svo stendur á, að einhver kirkja, hvort

sem er ljenskirkja eða bændakirkja, getur ekki borið sig með tekjum sínum, þá er það vissulega eðlilegra, að söfnuðurinn kosti sitt guðsþjónustuhús, en að einstakir menn gjöri það, og á því er það bygt, að sú ákvörðun var upphaflega sett í frv., að ef forráðamenn vildu losast við kirkjuhald, þá skyldi söfnuðurinn skyldur að taka við því. Þetta finnst mjer og vera rjettast, þótt það kunni að verða dálítið óþægilegt í einstökum tilfellum.

Jeg tek það enn fram, að mjer finnst prestar ekki hafa ástæðu til að kvarta, þótt þeir verði að selja söfnuðum ljenskirkjur í hendur, en að þeir megi flestir þakka fyrir, að losna við þær, og að því er bændakirkju-eigendur snertir, þá hygg jeg að þeir muni fáir, sem missa svo mikils í, að þeir hafi ástæðu til að kvarta, þótt þeir verði að sleppa þeim, en hinir margfalt fleiri, sem mættu skoða það sem hagnað.

Það er að eins í einu atriði, að því er bændakirkjurnar snertir, er segja má að eignarrjettur kirkjustaðareigendanna sje skertur; það er þegar kirkjuforráðendur verða að sleppa þeim tekjum, sem þeir hafa haft af vöxtum kirknasjóða, því að það hefir jafnan verið álitið, að þeir hefðu heimild til að ávaxta þessa sjóði að eigin vild og njóta svo vaxtanna. En þó að þetta frumv. yrði að lögum, yrði þeim eigi sýndur meiri órjettur en prestunum hefir þegar verið sýndur, að því er snertir sjóði ljenskirknanna. Þeir hafa fram á síðustu ár haft sama rjettinn hvorirtveggja til þess að njóta vaxta af kirknafjenu. En alþingi 1889 áleit ekkert á móti að taka þennan rjett af prestunum, að því er ljenskirkjusjóðina snertir, og þá sje jeg ekki ástæðu til að vera hörundsárari gangvart bændakirkjueigendunum; báðir stóðu upphaflega jafnt að vígi, og er því jafnt brotinn rjettur á hvorutveggjum, ef á annað borð er um nokkurt rjettarbrot að ræða.

Guðlaugur Guðmundsson: Af því þetta er stórmál og af því að jeg varð í minni hluta í nefndinni, þykir mjer það viðkunnanlegra að fara fáeinum orðum sjerstaklega um 1. atriði mitt í nefndarálitinu, — »að slík lög mundu ganga of nærri eignarrjetti bændakirknaeigenda« — og svo frv.

Jeg skal strax taka það fram, að allt málið viðvíkjandi bændakirkjunum horfir nokkuð einkennilega við hjer á landi; það er bygt á mjög gömlum grundvelli, og menn verða að þekkja sögu þess og afstöðu, til þess að geta dæmt um afstöðu málsins í nútímanum. Eins og h. framsögum. meiri hlutans tók fram, eru bændakirkjurnar settar á fót af einstökum mönnum, er í fyrstu reistu þær og lögðu til þeirra jarðir og kúgildi, og án þess að jeg fari út í einstök atriði í því efni, vil jeg benda mönnum á ritgerð eptir lögmann Pál Vídalín um jus patronatus í »Skýringum yfir forn. lögb.;« þar segir hann, að það sje vafalaust, að stofnendur kirknanna hafi í upphafi áskilið »plenum jus patronatus« fyrir sig og sína afkomendur um alla tíma; sama er tekið fram í Kristnarjetti Þorláks biskups og Ketils biskups 1123, og þó Kristinnrjettur Árna biskups frá 1275 sýnist á einum stað fara nokkuð í bága við þetta atriði, þá er það aðgætandi, að sú setning hans náði aldrei lagagildi hjer á landi, enda risu út af því Staðamál, er enduðu með sætt í Túnsbergi 1296. Á þessum grundvelli er rjettur bændakirkjueigendanna bygður; og hvaða ástæða er nú til þess að fara að raska svo gömlum rjettar-grundvelli í þessu efni? Jeg álít að óleyfilegt sje að raska þessum eignarrjetti, engu síður en hverjum öðrum eignarrjetti hvers

einstaks manns; jeg fyrir mitt leyti vil hvorki brjóta bág við slík gömul rjettindi, nje heldur við það sem stjórnarlög landsins ákveða um verndun á rjetti hvers einstaks manns. En þetta frv. brýtur að því leyti bág við lögin, að söfnuðirnir hafa rjett til að taka kirkjurnar af eigendunum nauðugum.

Um »jus patronatus« hefir allt af orðið ágreiningur; út af honum risu Staðamál, Vatnsfjarðarmál Ögmundar biskups, málin milli Gottskálks biskups og Jóns Sigmundssonar, og Barðsmál milli Guðbrands biskups og Jóns lögmanns, og mörg fl. Það sem bændakirkjueigendur að lokum misstu fyrir fullt og allt í þessum deilum var »jus vocandi« eða rjetturinn til að kjósa sjálfir prest til kirkju sinnar; aptur á móti varð því aldrei framgengt, að svipta þá umráðunum yfir tekjum kirknanna.

Upphaflega voru eigendurnir ekki skyldir að gera grein fyrir tekjum kirkjunnar, nema fyrir tíund, en ekki fyrir ljóstollum eða legkaupum, sem heldur ekki var talið með í kirkjuportíoninni; að gefa reikning einnig yfir þessar tekjugreinir komst ekki á fyr en seinna.

Þannig var það eingöngu yfirgangi klerkastjettarinnar að kenna, að þrengdur var rjettur bændakirkjueigendanna, og nú er þetta komið svo langt, að jafnvel gamlir gætnir menn koma fram með svo fjarstæðar kenningar, eins og í nefndarálitinu: »að eignarrjettur hinna svo nefndu bændakirknaeigenda sje mjög vafasamur eða að minnsta kosti mjög takmarkaður«.

Jeg þykist fullviss um það, að sá eignarrjettur sje á fullt eins góðum grundvelli bygður, og fullt eins eðlilegur eins og hver annar eignarrjettur hvers annars einstaks manns. Þessi eignarrjettur stendur á mjög gömlum rótum, og hefir opt mætt árásum, og jeg vildi því vekja athygli h. deildar á því, að hjer með er reynt að raska því, sem enn þá aldrei hefir heppnazt að raska; jeg vildi óska að h. deild hugsaði sig vel um, áður en hún gengur lengra en fyrri alda biskupar á hinum myrkustu einveldistímum hafa treyst sjer eða getað. Það er ekki góður vottur um frjálslyndi þessa tíma, ef nú er gengið lengra í því að raska rjetti manna en biskuparnir jafnvel á ramm-kaþólskum öldum hafa treyst sjer til.

Hitt atriðið, sem jeg hefi tekið fram í nefndarálitinu, að þessi lög mundu valda óánægju og ófriði í söfnuðum, álít jeg óefandi. Má vel vera, að þetta verði ekki nema á einstöku stað, og ef til vill í svip, en þó er jeg hræddur um, að þetta kunni að hafa meiri afleiðingar en menn nú sem stendur gera sjer hugmynd um.

Þórður Guðmundsson: Við fyrri umr. talaði jeg nokkur orð, sem sýndu, að jeg var hlynntur þessu máli, af því jeg áleit að fáir bændakirknaeigendur mundu hafa á móti því að láta kirkjurnar af hendi; en eptir að jeg hafði nákvæmlega athugað málið og umræðurnar skýrt það betur, sá jeg, að það gat verið varhugavert að samþ. frumv., eins og það nú liggur fyrir, vegna þess að mjer virðist ekki rjett að taka kirkjurnar að eigendunum nauðugum, og ennfremur vegna þess, að frumv., eins og jeg tók fram þegar við hina fyrri umræðu, kemur í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar.

Svo vil jeg beina þeirri spurningu til meiri hluta nefndarinnar, hvernig eigi að skilja þau orð, er nefndin leggur til að verði bætt aptan við 1. gr. — »eigi geta söfnuðir þó neytt þessa rjettar, að því er bændakirkjur snertir, fyr en eigendaskipta verða á kirkjustöðunum« —. Jeg skil ekki, hvað meiri hluti

nefndarinnar meinar með þessum orðum; líklega er honum þó kunnugt um, að opt heyra margar jarðar til einni kirkju; er þá meiningin, að söfnuðurinn hafi rjett til, að taka kirkjuna þegar eigendaskipti verða á heimajörðinni? En þegar svo stendur á, að kirkjuhaldari situr á einni af hjáleigunum, en ekki heimajörðinni, sem stundum á sjer stað, getur það ekki verið meining frumv., að taka megi kirkjuna án þess að eigendaskipti verði á hjáleigunum. Svo líklega er meiningin sú, að söfnuðurinn hafi rjett til að taka kirkjuna, þegar eigendaskipti verða á allri eigninni, en þá getur orðið langur dráttur á því, því fyrst losnar ein jörð og svo seinna önnur o. s. frv., og getur þess orðið langt að bíða, að eigendaskipti verði á allri eigninni í einu.

Framsögumaður (Einar Jónsson): Jeg skal strax svara spurningu h. 2. þm. Rangv.; henni er auðsvarað; það sem í nefndarálitinu segir um eigendaskipti á kirkjustöðum, á að skilja svo sem eigendaskipti á bændakirkjustöðum, og þeirri eign er þar með fylgir; það hlýtur mönnum að vera kunnugt, að það hefir verið haldið sem lög, að eigi má skipta í sundur kirkjueign svo, að nokkur einn eigandi eigi vissan part af eiginni, af því eignin öll stendur í veði fyrir kirkjunni, og þeir eiga hana því allir í sameiningu; einn getur ekki átt heimajörðina og annar útjarðirnar. En þó eigendurnir skipti þannig tekjunum með sjer, að einn hafi landskuld af þessari jörð, annar af hinni, þá gerir það ekkert til, því gagnvart kirkjunni eru þeir allir sem einn eigandi, og kirkjan á veð í allri eigninni í heild sinni.

H. þm. V.-Sk. hjelt því fast fram, að eignarrjettur bændakirkjueigenda til kirkjunnar væri eins fullkominn og eignarrjettur manns til hvers annars hlutar; jeg hef látið skoðun mína á þessu atriði í ljósi um þetta, og sýnt, að hjer er ekki að tala um, að beita neinum yfirgangi í líka átt sem í fyrndinni, eins og hann vildi drótta að oss. Og hver sem vill bera saman eignarrjett bónda til kirkju á eign hans, og eignarrjett hans til annara eigna hans, mun sjá, að þar á sjer mikill munur stað.

Jeg hef bent á það áður, að eigendur bændakirkna hafa haft rjett til að innheimta og nota allar tekjur kirknanna og njóta fullra vaxta af kirknafjenu, án þess að þeir þyrftu að gjöra nokkra grein fyrir því; og alveg sömu kjör höfðu prestarnir gagnvart ljenskirkjunum; þeir þurftu enga grein að gjöra fyrir fje kirkjunnar; kirkjurnar voru skoðaðar sem hver önnur jarðarhús og umráðandi varð að svara þeim með álagi, þegar svo bar við; um sjóði kirkna var ekkert talað langt fram eptir öldum. Svo fóru biskuparnir á yfirreiðum sínum að rekast í því, að ákveða sjóði fyrir ljenskirkjurnar sjerstaklega, en það gekk illa að koma því á; þó mynduðust smátt og smátt sjóðir hjá kirkjunum, en bændakirkjueigendurnir vildu enga sjóði hafa, heldur halda gamla fyrirkomulaginu, að þeir sæju um að hafa kirkjuna í sæmilegu standi, en þyrftu enga aðra grein, að gjöra fyrir hag hennar; út af þessu kom konungl. úrskurður 6. maí 1740 um tekjur kirkna, að bændakirkjueigendur væru skyldir til að gjöra grein fyrir tekjum kirkna sinna; og síðar má sjá, af konungsbr. dags. 19. maí 1747, að engar bækur hafa verið til á kirkjustöðunum til að innfæra í reikninga bændakirknanna, því með þessu brjefi er lögboðið, að taka upp bækur, þar sem ritaðar sjeu í allar eignir kirknanna, jarðir og ýmsar aðrar eignir, og

jafnframt að innfæra í bækurnar árlegan reikning yfir allar tekjur kirknanna bæði vissar tekjur, svo sem tíund, og óvissar, t. d. legkaup og fleira. Það var þegar snemma á tímum, að bændakirkjurnar komust undir umsjón kirkjustjórnarinnar, eins og ljenskirkjurnar; það var haft eptirlit með ástæðum þeirra kirkna, sem annara, og síðan hefur það haldizt, að gjöra árlega grein fyrir reikningum bændakirknanna, eins og annara kirkna, en þetta sýnir, að kirkjustjórnin hefur álitið sig hafa fullan rjett til að líta eptir því fje, sem almenningur greiddi til bændakirknanna, eins og til annara kirkna, og að þessar kirkjur væru í sæmilegu standi; sú skoðun hlýtur eðlilega að byggjast á því, að almenningur greiði ekki tekjurnar til bændakirknanna eingöngu í vasa eigendanna, eins og fje, sem eigi þurfi að gera grein fyrir frá þeirra hendi. Þetta er nú orðið að svo fastri skoðun, að þegar bændakirkjueignir ganga kaupum og sölum, er tekið tillit til þess, hvort kirkjan sje óþægileg kvöð á staðnum, hvort hún valdi sjerstökum útgjöldum; eins er tekið tillit til þess, ef kirkjan á í sjóði; það er álitinn kostur við eignina, þar eð eigandinn hefur rjett til vaxta af fjenu; þess vegna falla bændakirkjueignir í verði, þegar kirkjan veldur útgjöldum fyrir eigandann, en hækka hins vegar í verði, ef kirkjan á í sjóði, og eigendur álíta sjer hag í því. Sjóðurinn er þá venjul. látinn ganga upp í hið eiginlega jarðeignarverð, eins og peningar, sem seljanda væri annars skylt að láta af hendi sem fje er hann alls ekkert á í.

Þegar tekið er tillit til þess, sem jeg nú hef bent á, þá sje jeg ekki betur, en að eignarrjettur bændakirkjueigenda yfir kirkjunum sje ekki eins fullkominn og eignarrjettur manna til annara hluta og því ekki að tala um neinn yfirgang, þó að kirkjur væri heimtar af þeim.

Þórður Guðmundsson: Jeg skal ekki vera langorður í þetta sinn, og jeg ætla að leiða hjá mjer að tala um áreiðanlegleik eignarrjetts bændakirknaeigenda Jeg vildi taka það fram, að viðvíkjandi því atriði, er jeg beindi til hins h. meiri hluta nefndarinnar, virtist mjer h. framsögum. gefa ófullkomið svar. Jeg játa það, að bændakirkjueignin öll er í veði fyrir kirkjunni, en þó einu sinni hafi komið út lög um það, að eigninni megi ekki skipta, þá veit jeg til þess, að það hefur nú gengizt við mótmælalaust langa lengi, að skilja sundur eignina, og að margir eigi eina kirkjueign, svo jeg skil ekki annað, en að þetta atriði í frumv., sem jeg minntist á áður, hljóti að valda misskilningi, ef þetta verður að lögum. Jeg fyrir mitt leyti mundi álíta, væri jeg eigandi í kirkjueign, að þó heimajörðin væri seld, þá væri minn rjettur til annara jarða af eigninni óskertur. Jeg get ekki betur sjeð, en að af þessu hljóti að spretta misskilningur.

Sighvatur Árnason: Eins og jeg hef áður tekið fram, er jeg viss um, að margir af bændakirkjueigendum munu verða fúsir á að sleppa kirkjunum við söfnuðina, verði þetta frumv. að lögum; en aptur á hinn bóginn, þó ekki væri nema einn eða tveir eða þrír kirknaeigendur á öllu landinu, sem ekki vildu sleppa kirkjunum, þá er jeg þar alveg samdóma h. framsögum. minni hlutans (Guðl. G.), að þar megi ekki löggjafarvaldið grípa inn í og skerða rjett þessara manna; jeg vildi því helzt, að lögin frá 12. maí 1882 í þessu efni væru látin standa óhögguð; þó ætla jeg mjer til vara, seinna við 2. umr., að koma fram með breyt.till. við þetta frumv., er hjer liggur fyrir.

Yfir höfur furðar mig á því, hve kappsamlega þetta mál hefir verið sótt nú á þingi, því jeg veit ekki til, að óánægja með hin núgildandi lög hafi komið í ljós, og þó er búið að fá reynslu fyrir því, þrátt fyrir það að þessi lög ekki eru gömul, að þau hafa einmitt verkað í þá átt, sem þetta frumv. stefnir, að söfnuðurnir taki að sjer kirkjurnar; en jeg get ekki sjeð, að nokkur ástæða sje til þess, að keyra þetta frv. áfram, sem eiginlega yrði þvingunarlög.

Jeg er jafnvel ekki heldur handviss um, að kirkjurnar væru almennt betur komnar í höndum safnaðanna en kirkjueigendanna, því víða á það sjer stað, að bændakirkjur eru vel bygðar og sómasamlega meðhöndlaðar.

Jens Pálsson: Það er að eins viðvíkjandi ræðu h. 1. þm. Rangv. (S. Á.), að jeg vildi leyfa mjer að tala fáein orð. Honum þykir frumv. þetta óþarft, og að því sje óþarflega fast haldið fram á þessu þingi. Frá hans sjónarmiði getur nú þetta vel verið. Hann talar um að koma með breytingu seinna við 2. umr.; breyt.till. hans er ekki enn komin fram, og get jeg því ekki svarað henni. Jeg skal taka það fram, að nauðsynlegt er, að lög slík sem þessi verði til, því þau eru í mörgum tilfellum skilyrði þess, að nauðsynlegar breytingar geti orðið á sóknum, til dæmis vissir bæir lagzt til annarar sóknar, sem og þess, að nýjar kirkjur verði reistar þar sem þörf verður á.

Meðan hið núverandi ástand helzt, getur hver einstakur kirkjuhaldari bannað, að nokkur bær, sem verið hefir í sókn kirkju hans, leggist til annarar kirkjusóknar, þótt knýjandi ástæður heimti það; hann getur sagt nei, af því að hann ekki vill missa af kirkjugjaldi.

Eins fer, ef kirkju þarf að taka upp og skipta söfnuði mill hinnar nýreistu og gömlu kirkju; kirkjuhaldari gömlu kirkjunnar getur hamlað því, með því að neita að afhenda hina gömlu kirkju. Og þótt söfnuðurinn reisi hina nýju kirkju á sinn kostnað, getur kirkjuhaldari neitað að taka hana til umsjónar, en krafizt eptir sem áður allra gjaldanna til hinnar fornu, eins og engin ný kirkja væri komin upp.

Mundu nú ekki slík lög sem þessi nauðsynleg, er þannig stæði á?

Í breyt.till. hefir það verið tekið fram, að ekki skyldi neyða þá kirkjueigendur, er nú væru uppi og hefðu kirkjuna sjálfir, til þess að skila henni í hendur safnaðanna. Ástæðan til þessa er sú, að það kynni að þykja viðurhlutamikið, að taka kirkju af þeim kirkjueigandanna, er hefði tekið ástfóstri við kirkju sína. Í annan stað vildum vjer heldur ekki skerða rjett núverandi kirkjuhaldara að því, er lúkning kirkjusjóðs snertir. — Í því atriði er rjett að fara ekki hart í sakirnar, svo engum sje gert of erfitt fyrir.

H. framsögum. meiri hlutans (E. J.) hefir þegar hrakið þá fullyrðing, að rjettur bænda yfir svo nefndum bændakirkjum sje fullkominn eignarrjettur. H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) tókst ekki að rökstyðja þá fullyrðing sína svo, að jeg gæti fallizt á hana; þvert á móti styrkti hann mig í þeirri skoðun minni, að eignarrjettur þessi sje mjög takmarkaður og í ýmsum atriðum svo ófullkominn, að hann geti ekki kallazt eiginlegur eignarrjettur. Svo nefndur eigandi kirkju er sannarlega öðruvísi settur en eigandi sjerhvers annars húss; hann er skyldur til, að hafa þetta hús í ákveðnu ástandi og hafa það til í hvert skipti, er söfnuðurinn þarf á að halda. Og ákveðin jarðeign er sjálffast veð fyrir, að kirkjan sje til taks og í hæfilegu ástandi, og engan hlut

þessarar jarðeignar má »abalienera« frá kirkjueigninni. Svo eru lögákveðin gjöld til þessa húss, og fjárhagur þess og meðhöndlun öll stendur undir sjerstöku opinberu eptirliti. Allt þetta bendir á, að þessar kirkjur sjeu opinberar stofnanir, en ekki »privat«-manna hús.— Væru þessi hús hrein og bein »privat«-eign, mundi þessu allt öðruvísi varið.— Þá mundu söfnuðirnir þurfa að semja um afnot þessara húsa fyrir ákveðna, umsamda leigu.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla ekki að tala langt mál að þessu sinni; jeg vildi að eins koma með þá athugasemd, að úr því að h. flutningsmenn þessa máls telja það eindregið mjög heppilegt, að kirkjueigendur losist við kirkjurnar og að þær komist í hendur safnaðanna, þá hafa þeir að líkindum gleymt því, að taka það fram, að losa þá við prestsmötuna um leið. Þessu hafa h. flutningsmenn gleymt. Máske þeim vildi nú bæta því inn í frumv. og þá skyldi jeg slaka til og vera með frumv. Þessari breytingu mætti vel við koma með því, að binda hana við það, þegar næstu prestaskipti verða á brauðunum, svo það komi ekki í bága við hin fyrri lög. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál að sinni.

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Orðin um prestsmötuna hjá h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) álít jeg að eigi ekki heima hjer; þess ber að gæta, að prestsmatan er ekki tekjur kirkjunnar, heldur prestsins, en hjer er að eins að ræða um umsjón og fjárhald kirkna; svo að þessi athugasemd kemur málinu alls ekki við. Í fyrstunni var kirkjubóndi eða eigandi skyldur til að hafa prest til að þjóna kirkju sinni, fæða hann og borga honum starfið, ef svo var um samið, en hafði í staðinn allar tekjur af kirkjunum, án tillits til þess, hvað hann kostaði það að halda prestinn. Presturinn var þannig nokkurs konar vinnumaður kirkjueigandans upp á víst kaup. Þegar nú þetta fyrirkomulag hætti, og hann þurfti ekki að fæða prestinn lengur, þá hafði hann ekki lengur rjett til að taka tekjurnar af kirkjueignunum, sem höfðu verið gefnar beinlínis til þess, að framfæra prestinn. Þess vegna þurfti kirkjubóndinn eptir það að greiða prestinum þessar tekjur, sem síðan var kölluð prestsmata. Tekjurnar af kirkjueignunum voru því aldrei ætlaðar kirkjunni sjálfri beinlínis, heldur prestinum. Vona jeg, að h. þm. sjái, að prestsmatan kemur því alveg ekkert við því máli, er hjer ræðir um. Þetta frv. fer ekki fram á neina breytingu á tekjum prestanna, og afhending bændakirknanna í hendur söfnuðunum stendur í engu sambandi við tekjur prestanna; þeir hafa og eiga að hafa alveg sömu tekjur af kirknaeignunum eins og áður, hvort sem kirkjubóndinn eða söfnuðurinn hefir umráð yfir kirkjunni.

Það hefir að vísu farið svo, að sú venja hefir komizt á, og það fyrir löngu, að kirkjubóndinn hefir eigi greitt prestinum allar tekjurnar af kirkjueigninni, heldur víst gjald — hálfar leigur eptir kúgildi þau, er kirkjueigninni fylgdu,— sem er hin eiginlega prestsmata og fylgir kirkjueigninni sem kvöð. En það stendur samt sem áður í engu sambandi við tekjur og gjöld kirkjunnar sjálfrar, og kirkjubóndinn á vissulega ekki hægra með að greiða prestsmötuna, þó að hann losni við kirkjuhaldið, heldur en þó að hann haldi kirkjuna með þeim rjettindum og skyldum, er því fylgja; og söfnuðurinn hefir sama rjett til þess að nota kirkjuna og heimta

að hún sje í sómasamlegu ástandi, hvað sem prestmötunni líður. Þannig stendur prestmötugjaldið og þetta frv., sem hjer er um að ræða, í engu sambandi sín á milli.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 : 2 atkv.

Frumv. til laga um að leggja fje á æfinlega erfingjarentu (C. 55); 3. umr.

Jón Jensson: Jeg ljet í ljósi skoðun mína á þessu máli við 2. umr. þess, en ætla þó að bæta fáeinum athugasemdum við það, sem jeg sagði þá.

Mjer hefir verið borið á brýn, eptir að jeg tók til máls gegn frumv. þessu, að jeg áliti það þýðingarlaust, að hugsa nokkuð um eptirkomendurna. En þetta var alls ekki meining mín. En það var meining mín, að jeg áliti það ekki rjett, að stuðla til þess með lögum, að eptirkomendunum bærist fje upp í hendurnar án nokkurs tillits til maklegleika þeirra eða þarfa, og yfir höfuð alveg af handahófi og að eins til að gjöra ójöfnuð milli þeirra, en mjer finnst frumv. beinlínis ganga í þá átt.

Jeg minntist einnig á, að það sem frumv. þetta færi fram á, miðaði til þess, að teygja erfðarjettinn enn þá lengra en gjört er nú; en flutningsm. málsins hafa haldið því fram, að frumv. miðaði til að takmarka erfðarjettinn. Það getur verið, að segja megi, að frumv. fari fram á takmörkun erfðarjettarins, þegar á það eitt er litið, að þennan 1 af hundraði á að taka af erfingjunum, en ekki athugað, hvað við það fje er gert; en jeg get ekki betur sjeð, en að það, að taka nokkurn hluta af erfðafjenu og setja á rentu, þannig, að eptirkomendurnir í óendanlega liðu njóti fjárins, sje einmitt að teygja erfðarjettinn. Þetta er ekki einungis óþarft, heldur getur það jafnvel beinlínis orðið skaðlegt, enda er það gagnstætt öllum þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt, og alstaðar annars staðar í veröldinni er fylgt, og getur orðið til þess, að auka ójöfnuð og láta menn fæðast til enn þá ójafnari lífskjara en nú; og þó telja h. flutningsm. frumv. það til gildis, að það miði til þess að auka jöfnuðinn, til að láta menn fæðast til sem líkastra lífskjara. Þeir telja frumv. enn fremur til gildis, að það komi í veg fyrir fátækt. En mjer finnst frumv. einmitt stuðla til, að fjeð komist í fáar hendur, án tillits til maklegleika eða þarfa, og fyrirbyggir það þannig ekki fátækt, því fjeð getur lent í þeim höndum, er sízt þurfa þess með.

Mjer finnst óþarfi, að vera að færa fleiri ástæður gegn frumv. en þessar, og frumv. ætti fremur að heita: Frv. til laga um að koma á æfinlegum ójöfnuði meðal eptirkomendanna.

Mjer sýnist líka nokkuð vafasamt, hvort þessi vöxtur fjárins, sem fyrirhugaður er með frumv., verður eins glæsilegur eins og flutningsmenn hafa hugsað sjer hann, og hvort frumv. því getur í öllum tilfellum komið að verulegum notum, í þá átt, sem þeir hafa ætlazt til. Eptir frumv. á að taka 1% af hverjum erfðahluta eða dánargjöf, og sje það þó ekki minna en 1 kr. auk borgunar fyrir viðskiptabókina, sem er önnur krónan. Jeg get þá ekki betur sjeð, en það verði nokkuð langt að bíða þess, að þessi króna sje orðin ½ miljón. Eptir 20 ár verður krónan orðin 2 kr., en að hvað verða þá erfingjarnir orðnir margar, sem rentan af þessum 2 kr. á að skiptast á milli? Ekkert ólíklegt að þeir verði þá orðnir 10, svo að hver eigi 20 aura, en Söfnunarsjóðurinn ávaxtar ekki minni upphæð en 1 kr.

Flutningsmaður (Þórhallur Bjarnarson): H. þm. Rvk. (J. Jenss.) sagði, að fjeð mundi koma ójafnt niður, og hefi

jeg tekið það fram áður, að það mundi stundum skiptast misjafnt, og því hefir h. þm. að þessu leyti rjett fyrir sjer. En svo kemur jöfnuðurinn aptur, þegar ættirnar giptast saman allavega, því hjer er ekki sú mannflokkaskipun eða »Kastevæsen«, að fólk giptist ekki saman, þó annað hjónaefnanna sje ríkara en hitt. Hvað það snertir, að auðsafnið muni verða með tímanum ákaflega mikið, þá skal jeg taka það fram, að þjóðfjelagið mun á komandi öldum hafa ráð að greiða fram úr því, því ekkert getur verið þægilegri grundvöllur fyrir sköttum en einmitt vaxtafjeð úr Söfnunarsjóðnum; hvíli á því örtstígandi og hár tekjuskattur, má jafna ójöfnuðinn.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 11 : 5 atkv. og afgreitt síðan til Ed.

Tillaga til þingsályktunar um innlendan brunabótasjóð (C. 86); síðari umr.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Nefndin hefir ekki fundið ástæðu til að breyta tillögu sinni, þar sem hæstv. landsh. tók henni vel við hina fyrri umr., og engin mótmæli hafa komið fram gegn henni frá h. þingdm. Nefndin treystir því, að stjórnin muni, ef nokkur föng eru eru á, koma með málið undirbúið til næsta þings, en kannast jafnframt við, að mest er um vert, að málið komi sem allra bezt undirbúið.

Hefi jeg svo ekki fleira að segja, en leyfi mjer að vona, að h. þingd. samþykki tillöguna.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. með 19 samhlj. atkv. og afgreidd síðan til Ed.

Tillaga til þingsályktunar um strandferðir (C. 148); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ.

Tuttugasti og annar fundur, laugardag 25. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi hinir sömu og áður, nema 1. þm. Húnv. (B. Sigf.), sem tjáð hafði forseta forföll sín.

Forseti skýrði frá, að hann hefði meðtekið beiðni frá sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um, að fá leyfi til að höfða mál fyrir meiðyrði gegn þm. Strand. (Guðj. Guðl.) og 1. þm. Eyf. (J. J.) út af ræðum þeirra í sameinuðu þingi 4. þ. m., og flytti h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) beiðni þessa.

Frumv. til laga um laun landstjórnar þeirrar, er skipa skal, þá er hin endurskoðaða stjórnarskrá er staðfest (C. 88); 2. umr.

ATKV.GR.: 1., 2., 3., og 4. gr. frv. hver um sig samþ. með 16 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um afndm embætta (C. 88); 2. umr.

ATKV.GR.: 1., 2., 3. og 4. gr. frv. hver um sig samþ. með 16 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um stofnun almenns ábyrgðarsjóðs fyrir fiskiveiðaskip á Íslandi (C. 52); frh. einnar umr.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg ætla mjer ekki að orðlengja um þessa till., og það af þeirri ástæðu, að jeg vil ekki gefa tilefni til, að þeir, sem alþingistíðindin lesa, hafi þar vitnisburð um, að nokkrum þingdm. hafi blandazt hugur um að stíga þetta litla spor, til að tryggja þennan annan aðalatvinnuveg landsins. Jeg vil ekki gefa tilefni til að láta það sjást af þingtíðindunum, að þessi h. þingd. hafi kom-

ið í bága við h. Ed., því jeg veit ekki betur en að þessi till. hafi verið samþykkt þar með 8 atkv. í gærdag. Tillaga þessi er svo saklaus í sjálfri sjer, nema ef hún verður felld, því þá gefur hún tilefni til þess, að menn hugsa, að stjórn og þing vilji ekki sinna þessum öðrum aðalatvinnuvegi landsmanna, en það getur þó ekki verið í samræmi við aðgjörðir þingsins við annað stórmál, er snertir þennan atvinnuveg, lögin um bann gegn botnvörpuveiðum, er þingið samþykkti í einu hljóði.

Jeg skal geta þess, að nokkrir h. þingdm. hafa spurt mig, hvort jeg hefði nokkuð á móti því, að þingsál.-till. væri borin upp til atkv. í tvennu lagi, þannig, að niðurlagsorðin: »en að öðru leyti sje fjelagið bygt á innbyrðis ábyrgð«, væru borin upp sjer. Jeg hefi ekkert á móti því, að þetta sje gjört, ef mönnum sýnist svo og h. forseti ekki hefir neitt á móti því.

Þórhallur Bjarnarson: Það eru einmitt þessi niðurlagsorð tillögunnar: »en að öðru leyti sje fjelagið bygt á innbyrðis ábyrgð«, sem gjörir þetta lagasmíði ómögulegt, meðan ekkert slíkt fjelag er fyrir hendi, og enginn veit neitt um það, hvort skipin verða mörg eða fá, og hvaða lög og reglur skipaeigendurnir vilja sjálfir setja sjer. Jeg held fast við það, sem jeg sagði síðast, að það er óheppilegt að heimta af stjórninni að gjöra þá lagasetningu, sem þingið sjálft sjer engin ráð að búa til. Væru niðurlagsorðin þar á móti felld burtu, mætti, að mínu áliti, samþykkja tillöguna, og jeg gef hiklaust fyrri hluta hennar atkvæði mitt, ef hin rökstudda dagskrá er felld.

Jeg skal taka það fram, að mjer sýnist jafnvel æskilegt að fá lögskipaða skylduábyrgð fyrir þilskip, þó að jeg kannist við, að það er öðru máli að gegna um þá ábyrgð en ábyrgð á húsum fyrir eldsvoða, því ef hús nágranna míns brennur, þá er mínu húsi hætta búin, en þó skipið hans farist, þá er mínu skipi ekki hætta búin fyrir það. Jeg veit það vel, að slík skyldu-ábyrgð á ekki upp á pallborðið hjá hinni h. deild, og hún þykir kannske ekki eiga vel við þær skoðanir, sem enn eru ríkjandi um afskipti löggjafarvaldsins; en ef lögboðin skipa-ábyrð kæmist á, þá fylgdi þar með, að eptirlit yrði haft með því, að skipin væru í góðu lagi og að þeim væri ekki haldið úti nema þau væru vel sjófær. Slík löggjöf væri því hið mesta mannúðarverk, og vernd fyrir hinn fátæka verkmannalýð, en vjer munum allir kannast við það, að hann er þráfaldlega svo bundinn útgjörðarmönnunum, að ekki tjáir að mögla, þótt skipið sje ónýtt. Þegar engin er ábyrgðin, er ekkert eptirlitið, nema af hálfu útgjörðarmannsins, og fer það þá eptir samvizkusemi hans og þekkingu í þeim efnum. Slík lagavernd fyrir vinnulýðinn er ekki nema eðlileg, og færist stöðugt í vöxt, þar sem um hættulega atvinnu er að ræða. Verði fyrri hluti till. samþykktur, getur stjórnin látið í ljósi, hvort hún fyrir sitt leyti gæti hugsað sjer lögskipaða skylduábyrgð eða ekki. En sje síðari hluti till. samþykktur líka, þá yrði öll hin hugsaða lagasetning í lausu lopti. Hver grein slíkra laga yrði að byrja með »ef«. Ef svo og svo mörg skip væru á ábyrgð í fjelaginu, ætti landssjóður að leggja fjelaginu svo og svo mikið fje o. s. frv.

Jeg er mjög fram um það, að stjórnin vinni sem mest að allri hinni vandasamari og margbrotnari lagasetning með þinginu, og sakna þess einmitt, hvað hún gjörir það lítið. Þingið segir: Þessi og þessi lög vil jeg hafa, í þeim anda og með þeirri aðalstefnu, og þingið segir til um það, til hvers það

vill veita fje eða synja um fje; en stjórnarinnar hlutverk ætti að vera, miklu meira en nú, að undirbúa og orðfæra á milli þinga þá löggjöf, sem er á dagskrá þingsins. En að fara fram á, að stjórnin gjöri það, sem er ógjörlegt og þingið mundi ekki treysta sjer sjálft til að gjöra, það skerðir virðingu þingsins.

Það hefir verið haft á móti hinni rökstuddu dagskrá, að þær væru vanalega trausts- eða vantrausts-yfirlýsing þingsins á stjórninni, en dagskrá þessa er að eins að skoða sem fyrirheit frá þingd. hálfu um, að hún fyrir sitt leyti vilji leggja fram styrk, ef ábyrgðartjelög myndast. Þeir sem því greiða atkvæði með hinni rökstuddu dagskrá, eru málinu alveg eins hlynntir eins og þeir, sem greiða atkvæði með tillögunni; að bera annað fram, er beinlínis rangt, og jeg mótmæli því sem helberum ósannindum, að jeg og þeir aðrir h. þm., sem hallast að hinni rökstuddu dagskrá, sjeum eigi jafnfúsir og reiðubúnir sem hinir aðrir, að styrkja sjávarútveginn. Hvort af þessu tvennu sem samþykkt verður, sýnir vilja þingsins og gefur fyrirheit um styrk, en rökstudda dagskráin er heppilegra form, af þeim ástæðum, sem margbúið er að taka fram.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg hjelt að tilslökun mín gagnvart h. þm. Borgf. (Þórh. B.) mundi hafa getað sparað honum alla ræðu hans. Jeg skildi hann svo, að ef atkvæðagreiðslunni um tillöguna væri skipt, þá kærði hann sig ekki um að halda fram hinni rökstuddu dagskrá sinni; enda ætti hann svo að gjöra, því að rökstudd dagskrá á hjer alls ekki við, eins og jeg optar en einu sinni hefi tekið fram. Jeg hefi sjerstaklega kynnt mjer, hvernig rökstuddum dagskrám hefur verið beitt, bæði á ríkisdeginum í Danmörku og hjer á alþingi, alveg samkvæmt þingsköpunum. Rökstudd dagskrá felur jafnan í sjer nokkra vantrausts-yfirlýsing eða ávítur gegn stjórninni eða umboðsvaldinu, og með því nú slíkt getur ekki komið til greina í þessu máli, þá ætti þessi dagskrá að innibinda vantrausts-yfirlýsing, eða snupru gagnvart þinginu sjálfu! Eins konar löðrung, sem þingið gæfi sjálfu sjer. Jeg get því ómögulega fallizt á það, að vjer látum umræðurnar um mál þetta enda með hinni rökstuddu dagskrá h. þingm. Borgf. (Þórh. B.). Það er annars harla kynlegt, hvílíkt kapp h. þm. Borgf. (Þórh. B.) leggur á, að koma að þessari dagskrá sinni, þar sem hann þó játar, að í henni felist í raun og veru hið sama sem í tillögunni, þó að það í sjálfu sjer nái engri átt í þess manns augum, sem skilur þingsköpin. Þótt svo færi, og þótt jeg sje því ekki með öllu fráhverfur, að síðasta málsgrein sje felld aptan af þingsályktunartillögunni, ef h. deild þykir hún aðgengilegri fyrir það, þá lýsi jeg því yfir, að það er ekki mín meining fyrir það, að það sje gjört í þeim tilgangi, að tilætlun þingsins sje, að stjórnin búi til frumvarp til skyldu-ábyrgðarlaga fyrir þilskipa-eigendur, heldur er mín meining sú, að hendur stjórnarinnar sjeu alveg óbundnar, þó að seinni liður tillögunnar sje felldur aptan af henni. Í henni liggur að eins, að stjórnin leggi fyrir þingið frumvarp, er miði í þá átt, að koma á þilskipa-ábyrgð hjer á landi, og tel jeg það æskilegast, að henni yrði þannig fyrirkomið, að hjer kæmist á frjáls innbyrðis-ábyrgð; hitt gæti að eins komið til greina sem neyðarúrræði, ef ekki væri annars kostur en að koma hjer á skyldu-ábyrgð. En sem betur fer, er jeg sannfærður um, að ekki muni þurfa að grípa til slíkra þvingunarlaga, því að jeg hef svo mikið

traust á menningar- og manndómshug Íslendinga, að þeir muni taka því fegins hendi, er þeir sjá, að stjórn og þing vilja rjetta þeim hjálparhönd til að mynda frjálst innbyrðis-ábyrgðarfjelag.

H. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) þótti hjer vera misboðið virðingu þingsins, en það er satt um rökstuddu dagskrána hans svokölluðu, snoppunginn á hina háttvirtu deild sjálfa frá sjálfri henni! Hitt get jeg ómögulega skilið, hvernig h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) hefur komizt að þeirri niðurstöðu hvað mína tillögu snertir, enda væri það þá ekki í fyrsta sinni, sem virðingu þingsins hefir verið misboðið, því að þessi fyrirheitislög, sem hjer ræðir um, eru engin nýjung í þingsögu Íslendinga nje annara þjóða. Fjárlögin t. a. m. eru í svo mörgum greinum fyrirheitislög, og þá held jeg, að frumv. um járnbrautir og siglingar, sem vjer höfðum fyrir skemmstu til meðferðar hjer í deildinni, hafi borið fullkominn fyrirheitisblæ á sjer; en jeg þarf ekki að taka það fram, að það var af allt öðrum ástæðum en þeim, að jeg var þeim ekki fylgjandi. Yfir höfuð eru öll lög fyrirheitislög strangt tekið, að því leyti, sem þau miða sig við ókomna tímann, sjer í lagi þegar þeim, sem færa á lögin sjer í nyt, er í sjálfs vald sett, hvort hann gjörir það eða ekki.

Mig furðar alveg á því, að h. þingm. Borgf. (Þórh. Bj.) skuli vera að tala um vanvirðu þingsins í þessu sambandi. Hvernig sem jeg velti málinu fyrir mjer, þá sje jeg að öðru leyti enga hættu fólgna í tillögu þessari, og að hún sje þýðingarlaus, nær því alls engri átt. Jeg full-treysti stjórninni, að hún muni reynast fær um, að undirbúa mál þetta sem bezt og koma því í sem bezt horf, og því tel jeg það einmitt kost við tillöguna, að hún er svo óákveðin, að hún bindur sem minnst höndur stjórnarinnar. En hún er þó vottur þess, að alþingi hefur hug á því, að sjórinn í kringum strendur Íslands sje ekki eingöngu eða mestmegnis notaður af erlendum þjóðum.

Þórhallur Bjarnarson: Að því er snertir formspursmál það, sem hjer ræðir um, þá eru ákvæðin um rökstudda dagskrá svo víðtæk og óákveðin í þingsköpunum, að ekkert sýnist móti því, að koma fram með hana hjer. Sízt af öllu get jeg ætlað, að h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sje öndverður slíkri yfirlýsingu af hálfu deildarinnar, þar sem hann er formaður nefndar, sem einmitt á þessum fundi kemur með nefndarálit, þar sem meiri hlutinn með hann í broddi fylkingar kemur með þingsályktun, sem fer fram á, að þingið 1894 ákveði, hvað þingið 1895 skuli gjöra.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) komst svo að orði í ræðu sinni, að hann vildi »fara eptir því, sem praktiskast væri eptir ástæðum«. Ef hann gjörir sjer það að reglu, þá efast jeg ekki um, að jeg mundi optar fylgja honum að málum.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg svara h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) að eins því, að hann jafnar hjer tvennu allsendis ólíku saman, og sýnist mjer því harla lítil ástæða fyrir hann, jafnskarpan mann, að hlaupa í slíkar gönur, svona alveg að ástæðulausu!

Landshöfðingi: Ef felld eru aptan af þingsályktunar-tillögu þessari orðin: »en að öðru leyti sje fjelagið bygt á innbyrðis-ábyrgð«, þá er nú með því kippt öllum grundvelli undan henni, því að sjeu þau í burtu felld, þá hefir stjórnin ekkert ákveðið til að halda sjer við.

Tillagan virðist því helzt benda til, að stjórnin ætti að leggja fyrir þingið frumvarp til skyldu-ábyrgðarlaga, en

jeg er viss um, að stjórnin mundi aldrei ganga inn á það, að skipa-eigendur væru þvingaðir til að ganga í skipa-ábyrgðarfjelag, þar sem búast mætti við, að slík þvingunarlög mundu verða til þess, að stöðva allar framfarir í þilskipa-útveginum.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Orð hæstv. landsh. glöddu mig mjög, enda vona jeg, að enginn hafi getað leitt það út úr orðum mínum, að jeg vildi láta falla aptan af tillögunni, þótt jeg væri tilleiðanlegur til þess að eins til þess, að ná betra samkomulagi við h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.), en jeg tók það fram, að jeg teldi stjórnina hafa jafn-frjálsar hendur í gjörðum sínum í þessu máli, hvort sem tillagan er samþykkt eins og hún liggur hjer fyrir eða felld eru aptan af henni hin síðustu orðin; hún hefur jafn-frjálsar hendur eptir sem áður til þess, að ganga þann veg, sem jeg tel æskilegast, það er að segja: til að koma með lagafrumvarp um styrk til handa frjálsri innbyrðis-ábyrgð þilskipa, og hún hefur líka frjálsar hendur til að grípa til þess úrræðis, sem h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) talar um, en sem jeg tel neyðar-úrræði.

Að öðru leyti mótmæli jeg því, að hin rökstudda dagskrá geti eða megi, samkvæmt þingsköpunum, berast undir atkvæði hinnar háttv. deildar.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg skal að eins leyfa mjer að gjöra þá stuttu athugasemd í tilefni af niðurlagsorðunum í ræðu hæstv. landshöfðingja, að samfara valdboðinu um þilskipa-ábyrgð gjöri jeg ráð fyrir svo ríflegum styrk úr landssjóði, að valdboðið legði alls ekki neitt haft á atvinnuveginn, heldur yrði miklu fremur honum til uppörfunar.

ATKV.GR.: Svo hljóðandi rökstudd dagskrá frá þingm. Borgf. (Þórh. Bj.):

»Jafnframt því, að neðri deild alþingis »lýsir því yfir, að hún fyrir sitt leyti »vill styðja að stofnun og viðgangi al»menns ábyrgðarfjelags fyrir fiskiveiða»þilskip á Íslandi, bæði með fjárstyrk og »lagavernd, tekur deildin fyrir næsta »mál á dagskránni«,

var felld með 12 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Halldór Daníelsson,	Einar Jónsson,
Jens Pálsson,	Guðl. Guðmundsson,
Jón Jensson,	Benedikt Sveinss.,
Pjetur Jónsson,	Eiríkur Gíslason,
Þórh. Bjarnarson,	Guðjón Guðlaugss.,
Þorl. Guðmundss.	J. Jónsson A.-Sk.,
	Jón Þórarinsson,
	Ólafur Briem,
	Sighv. Árnason,
	Sig. Gunnarsson,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórður Guðmundss.

Jón Jónsson, þm. Eyf., greiddi ekki atkvæði.

Þá var þingsályktunartillagan (C. 52) borin undir atkvæði, og fjell atkvæðagreiðsla þannig:

Fyrri partur, að orðunum: »en að öðru leyti«, samþykkt með 16 samhlj. atkvæðum.

Síðari hlutinn til enda samþ. með 13 samhlj. atkv.

Tillagan var svo afgreidd til landshöfðingja sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Tillaga til þingsályktunar um amtmannaembættin (C. 150); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og var það samþykkt.

Tuttugasti og þriðji fundur, mánudag 27. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Tillaga til þingsályktunar um strandferðir (C. 148, 151, 152, 162); framh. einnar umr.

Flutningsmaður (Jón Jónsson, þingm. Eyf).: Jeg get verið fáorður í þessu máli. Jeg þarf ekki að lýsa því, að tilgangur þingsályktunar þeirrar, er hjer liggur fyrir, er, að koma í veg fyrir agnúa þá, sem voru á skilyrðum þeim fyrir fjárveitingu til aukinna strandferða umhverfis landið, sem samþykkt voru á síðasta þingi, og sem hafa valdið því, að strandferðir þessar hafa ekki komizt á árið sem leið. Jeg vona, að menn sannfærist um það, að þar sem þeir agnúar voru á skilyrðum þessum, að þau voru svo einskorðuð og ströng, að ekki tókst að fá neinar þessar fyrirhuguðu strandferðir, þá muni menn nú vilja gefa stjórninni heimild til, að semja um þessar ferðir, þó skilyrðunum, sem sett voru í fyrra, sje ekki fullkomlega fullnægt.

Flutningsm. álíta, að ekki sje ástæða til, að setja bein skilyrði hvað stærð, hraða og farþegarúm skipsins snertir, og vilja ekki setja bein skilyrði fyrir, að skipið komi við á nokkrum stöðum, en það getur auðvitað verið álitamál, hverjum viðkomustaðnum hefði átt að sleppa; einum getur í því efni sýnzt þetta og öðrum hitt.

Þar eð varla má búast við því, að þingsályktunartillaga þessi geti fengið framgang, ef breytingartill. þær verða samþykktar, sem hjer liggja fyrir, þá viljum við flutningsm. leggja á móti því, að breytingartillögur þessar verði samþykktar, og jeg vona, að h. flutningsmenn breytingartillaganna gæti þess, að með aðal-tillögunni er stjórninni að eins gefin heimild til, að sleppa þessum viðkomustöðum, og því má telja víst, að stjórnin muni stuðla til þess, að skipið komi við á svo marga þeirra, sem henni er auðið að fá framgengt.

Hæstv. landshöfðingi vakti athygli á því í h. efri deild, að samkvæmt fjárlögunum væri ekki hægt að veita fje til strandferða þessara nema trygging fengist fyrir, að þeim yrði haldið áfram allt fjárhagstímabilið, en með fyrsta tölulið breytingar- og viðaukatill. okkar flutningsmanna er stjórninni nú gefin heimild til, að semja um þessar strandferðir, þótt ekki fáist trygging fyrir, að þeim verði haldið áfram nema hálft fjárhagstímabilið.

Þá er í viðaukatill. nýr liður, sem fer fram á, að þessum fyrirhuguðu strandferðum verði þannig komið fyrir, að þær standi í sem haganlegustu sambandi við strandferðir hins sameinaða gufuskipafjelags. Eins og menn muna var ferðaáætlun hins fyrirhugaða strandferðaskips þannig löguð, að hún stæði í sem beztu sambandi við strandferðir gufuskipafjelagsins, en sú hefur orðið raunin á, að ferðir gufuskipafjelagsins hafa ekki orðið eins og óskað var eptir, og því virðist okkur flutningsmönnum rjett, að skora á stjórnina, að báðar ferðaáætlanirnar yrðu hvor annari svo samkvæmar, sem unnt væri, því að auðsætt er, hve mikla þýðing það hefir í för með sjer með gagnsemi ferðanna yfir höfuð að tala.

Að svo stöddu held jeg, að ekki sje ástæða til, að fjölyrða meira í þessu máli, enda sje jeg, að tíminn er svo naumur, vegna þess, hvað mörg mál eru á dagskrá í dag hjer í deildinni.

Guðlaugur Guðmundsson: Af því að jeg á breyt.till. á þingskj. 149, þykir mjer viðkunnanlegra að skýra frá, hvers vegna jeg hefi komið fram með hana.

Svo sem góðum mönnum er kunnugt, er þessi viðkomustaður Vík svo nærri beinni leið gufuskipanna, að það getur aldrei valdið mikilli töf, að koma þar við; og í aðalskilyrðunum við ferðaá-

ætlunina í fyrra var sleginn sá varnagli, svo að það gæti ekki valdið töf, að ekki þurfti að koma þar við, ef brim eða þoka hamlaði skipinu að koma þar. Jeg skil þess vegna ekki, hvers vegna h. flutningsmenn hafa fellt þenna stað úr áætluninni, þegar þess er gætt, að hann gat ekki valdið neinum örðugleikum eða farartálma. — Það virðist svo, sem nokkuð sje gengið nærri rjetti manna, að neita skipi um, að hafa leyfi til að koma við á þessa höfn, sem, eins og kunnugt er, nýtur engra ferða hins sameinaða gufuskipafjelags og er þarna yzt á einum útkjálka landsins, sem er svo fjarri öllum öðrum samgöngum. Jeg vona því, að h. deild sannfærist um, að það eru gildar ástæður, sem mæla með því, að breyt.till. mín á þgskj. 149 sje tekin til greina, enda fæ jeg ekki sjeð, að slíkt þurfi að spilla fyrir till. í h. efri deild, þar sem fundur byrjar þar ekki fyr en kl. 1, og sje ekki hægt að koma fram samhljóða till. í báðum deildum, ef breyt.till. yrði samþykkt, þá sje jeg ekki annað en eins muni fara fyrir viðaukatill. h. flutningsm. á þingskj. 158.

Eiríkur Gíslason: Þar eð jeg á eina breyt.till. í máli þessu, verð jeg að tala fáein orð.

Svo sem kunnugt er, kemur ekkert gufuskip við neinsstaðar á svæðinu frá Akranesi vestur fyrir Öndverðanes, nema að eins gufubátur sá, sem hefir verið haldið úti hjer á Faxaflóa um síðastliðin 2 ár, og þó fer hann að eins þrjár ferðir á sumri vestur á Snæfellsnes, og kemur þá þar ekki við nema að eins á þrem stöðum, nefnilega Straumfirði, Skógarnesi og Búðum, og að þörf sje á ferðum þangað sjest bezt af því, að í fyrstu ferð hans vestur þangað í vor var ekki hægt að koma nokkrum flutningi að ráði vegna þess, hve farþegarnir voru margir. — Þess vegna hefir mjer virzt nauðsyn að koma með þessa breyt.till., að skipinu sje leyft að koma við á Búðum, svo að þeir, sem búa á svæðinu frá Öndverðarnesi til Borgarness, gætu notað ferðir þessar í þarfir sínar, að svo miklu leyti sem þeir þyrftu með. Það er því alvarleg ósk mín og jeg treysti því, að breyt.till. þessi verði samþykkt.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, þm. Eyf.): Jeg ætla að svara h. þm. V.-Skaptf. (G. Guðm.); hvað þá athugasemd hans snertir, þar sem hann skilur ekki í, hvernig á því standi, að nokkrir viðkomustaðir væru felldir úr skilyrðunum, þá gengum vjer út frá því, fyrst, að fella úr flesta þá staði, sem neyta ferða gufubáta þeirra, sem ganga fram með ströndunum sunnanlands og landssjóður veitir fje til, og í annan stað að fella burtu þá staði, sem hefðu illt orð á sjer fyrir, hve örðugt sje að koma þar við og eru því til fyrirstöðu, að samningar komist á; en á hinn bóginn má ganga að því vísu, að stjórnin muni ekki sleppa þessum viðkomustöðum, ef hún sjer sjer annað fært; og ef flutningar bjóðast til þessara staða, er hættan ekki mikil, að ekki verði komið við á þessum stöðum, þótt það sje ekki gert að beinu skilyrði. Hvað Búðir snertir, þá eru þær svo nærri þeim stöðum, þar sem skip gufuskipafjelagsins koma við, enda veit jeg ekki hvort þar er nokkurt kauptún og lítil líkindi til, að miklir flutningar muni verða þangað, enda kemur þangað gufubátur sá, sem gengur á Faxaflóa og fær fjárstyrk úr landssjóði, en við gerðum það að reglu, að nema burtu alla staði á svæðinu frá Vík til Búða nema Keflavík, og ætlumst við til, að skipið komi þangað, að minnsta kosti í 2 ferðum, sökum mannflutninga þaðan og þangað. Við vonum, að flutningsmenn breyt.till. geri þær ekki að kappsmáli, en líti á

það, að þó staðir þeir sjeu felldir burtu, er nefndir hafa verið, þá getur skipið komið eins við á þeim eptir sem áður.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Jeg var hálfvegis að hugsa um, að koma með breyt.till. við það ákvæði, að sleppa megi viðkomum »annaðhvort á Hornafirði eða Papós«, þannig, að Papós yrði þá heldur sleppt, því mjer er ljóst, að Hornafjörður liggur bezt við fyrir meginbygð Austur-Skaptafellssýslu, en Papós að eins betur fyrir eina sveit, en jeg hefi hætt við það vegna þess, að jeg vildi ekki gera ágreining í þessu, enda þætti mjer sanngjarnast, að komið yrði á báða staðina, með því að hjerað þetta hefir ekkert gagn af ferðum Elínar, eins og hjeruð þau, er hinar breyt.till. miða til. Reyndar álít jeg ekki nauðsyn, flutningsmagnsins vegna, að skipið komi við á báðum þessum stöðum; en samt væri það æskilegt í ýmsu tilliti, og jeg treysti því, að stjórnin geri sitt til, að hvorugum þeirra sje sleppt. En væri öðrum þessara staða sleppt, þá álít jeg, að það ætti heldur að vera Papós. En jeg vil sjerstaklega taka það fram, að í áætluninni er skipinu ætlað að koma á þessar hafnir á óhentugum tíma, nefnilega flestar ferðirnar í apríl- og ágústmánuðum, og að eins eina ferð á Papós í júnímánuði, en langhentugasti tíminn væri einmitt júní- og júlímánuður, og vildi jeg óska, að stjórnin tæki sjerstaklega tillit til þeirrar bendingar, þótt ferðirnar yrðu færri fyrir þá sök.

Sigurður Gunnarsson: Það var eins ástatt fyrir mjer og h. þm. A.-Skaptf. (J. J.), er jeg sá af breyt.till., að Reyðarfirði og Norðfirði væri sleppt úr ferða áætluninni, að mjer lá við að koma með breyt.till. í þá átt, að Norðfirði yrði ekki sleppt úr ferðaáætluninni. En eptir umtali mínu við h. flutningsm. hefi jeg hætt við það, því jeg sje, að það sem hefir vakað fyrir þeim, er, að stjórnin eigi sem hægast með að geta komið strandferðunum á. Jeg tel ekki svo háskalegt, að Reyðarfirði hefir verið sleppt, því að Eskifjörður stendur á ferðaáætlun þingsins í fyrra, og mun ávallt verða komið við á Búðareyri, ef flutningur gefst, hvort sem er. En aptur á móti sje jeg ekki, að ástæða hafi verið að sleppa Norðfirði úr áætluninni, því jeg sje ekki, að sá staður hefði valdið neinum örðugleikum fyrir stjórnina, að koma strandferðunum á, því bæði er fjörðurinn sjálfur djúpur og leið eptir honum hrein og góð, og auk þess eru nógir flutningar þaðan og þangað, þar sem þar eru 2 eða 3 sveitaverzlanir. En af því jeg treysti því, að engir, sem kynnu að taka að sjer strandferðirnar næsta ár, muni hafa hið minnsta á móti því að koma við á Norðfirði, heldur miklu fremur telja það ábatavænlegt, greiði jeg þingsál.till. svona lagaðri atkvæði mitt.

Jens Pálsson: Tveir h. þingdm. hafa látið í ljósi, að þeir hefðu gjarnan viljað koma með breyt.till. við þingsál.till. Jeg get sagt hið sama viðvíkjandi viðkomustöðunum, að jeg hefði haft fyllstu ástæðu til að koma með breyt.till. hvað þá snertir. Svo er mál vaxið, að þegar ferðaáætlun um hinar fyrirhuguðu strandferðir varð heyrum kunn í fyrra út um land, vakti það megna óánægju í Dalasýslu og suðurhluta Barðastrandarsýslu, að strandferðaskip þetta ætti ekki að koma við á Skarðsstöð. Enda er þetta eðlilegt, þar sem gufuskipið kemur hvergi við á Breiðafirði frá Stykkishólmi allt vestur á Patreksfjörð, nema að eins í Flatey. En í fyrra var ekki framkæmanlegt, að fá því komið

til leiðar, að skipið kæmi við í Skarðsstöð, sjerstaklega vegna þess, að maður sá, er ætlaði að taka strandferðir þessar að sjer, aftók, að taka staðinn upp á ferðaáætlun, því leið þangað var óþekkt og gufuskip hafði aldrei komið þangað. Nú er þessi þröskuldur úr vegi, því gufuskipið Stamford fór þangað í sumar, og gekk ferðin vel, og lætur skipstjórinn að sögn vel yfir.

Jeg er viss um, að það er öllum h. þingdm. augljóst, hve æskilegt væri, að strandferðaskipið kæmi við í Skarðstöð og nauðsyn fyrir því hlýtur að liggja í augum uppi fyrir öllum þeim, er þar þekkja til, enda vildi jeg gjöra allt sem í mínu valdi stæði vegna kjósenda minna til þess, að fá þessu framgengt sem fyrst. Þrátt fyrir það hefi jeg ekki treyst mjer til að koma með breyt.till. í þá átt á þessu þingi, því það kynni að koma fyrir, að sá sem byðist til að taka að sjer strandferðir þessar, væri ekki nægilega kunnugur og hefði á móti því að fara þangað. Gæti þá svo farið, ef sá staður væri nú settur inn í ferðaáætlunina sem skylduviðkomustaður, að það yrði strandferðunum til fyrirstöðu, enda skil jeg þessa þingsál.till. svo, að stjórninni sje leyfilegt að láta koma við á fleiri stöðum en beint eru til skildir, ef það getur fengizt af útgerðarmanni, og eins megi koma við á slíkum stað sem þessum, ef skipstjóri vill og tími er til, þannig, að ferðaáætlunin raskist ekki. Mjer virðist því misskilningur í ræðu h. þm. Snæf. (E. G.) og sje ekki annað en skipið geti komið við á Búðum, ef flutningur býðst þangað og sá sem ferðirnar tekur að sjer gengur inn á það.

Jeg vildi láta það koma glögglega fram í umræðunum um þetta mál, að mikil brýn nauðsyn er á því, að strandferðaskipið komi við í Skarðsstöð, og að mikill áhugi er á því þar í kring, að svo geti orðið. Jeg vildi óska, að þessi yfirlýsing mætti sem bending stuðla til þess, að Skarðsstöð kæmist sem fyrst í tölu viðkomustaða strandferðaskipsins.

ATKV.GR.: Breyt.till. I. á þingskj. 158 samþ. í einu hlj.; breyt.till. á þingskj. 149 felld með 14 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkv.-gr., og sögðu

já:	*nei:*
Guðl. Guðmundss.,	Einar Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Ben. Sveinsson,
Halld. Daníelsson,	Björn Sigfússon,
Jón Jensson,	Guðj. Guðlaugsson,
Þórð. Guðmundss.,	Jens Pálsson,
Þorl. Guðmundsson,	Jón Jónsson, A.-Sk.,
	Jón Jónsson, Eyf.,
	Jón Þórarinsson,
	Ólafur Briem,
	Pjetur Jónsson,
	Sighv. Árnason,
	Sig. Gunnarsson,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson;

breyt.till. á þingskj. 145 felld með 11 : 6 atkv.; fyrri liður till. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 2. breyt.till. á þingskj. 158 samþ. með 18 samhlj. atkv.

Þingsál.till. með áorðnum breytingum því næst afgreidd til landshöfðingja sem þingsályktunartill. frá neðri deild alþingis.

Frv. til laga um kirkjugjald (C. 130, 137, 152); 2. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg hef ásamt tveim h. þingdm. komið fram með breyt.-till. við frumv. það, er hjer liggur fyrir til umr. á þingskj. 126 (C. 130).

Breytingin við 1. gr. er í raun og veru ekki annað en það, að gjöra ákvæði frumv. um afnám skylduvinnu ljósara, en þar er ekki slíkt tekið nógu ljóst fram.

Það er athugavert, að þegar borinn

er saman 1. og 2. liður fyrstu greinar, þá kemur dálítil ósamkvæmni fram. Í fyrri hlutanum er öll skylduvinna úr lögum numin, en seinni hlutinn hljóðar eingöngu um kirkjugarða. Þessu ber ekki saman. Þessu til skýringar höfum vjer nú komið fram með þessa breyt.till. við 1. gr., nefnilega, að þar sje skylduvinnna við kirkjugarða og einnig við kirkjugrunna úr gildi numin.

Svo er þess að geta, að eptir því sem venja er til, þá eru sóknarmenn skyldir að flytja að kirkjunni efnið í hana, þegar hún er bygð eða endurbætt, og það viljum vjer láta standa óhaggað.

Það er að vísu satt, að sá kostnaður kemur sjaldan fyrir, þó hann lægi á kirkjunni sjálfri; en þegar hann kemur fyrir, og ef þá ætti að færa hann kirkjunni til útgjalda, þá yrði það víðast hvar æðimikil upphæð; en aptur á hinn bóginn, þó sú skylda liggi á söfnuðinum, að draga efnið að kirkjunni, þá er honum það ekki útborinn eyrir, og gjörði sóknarmönnum mjög lítið til.

Svo þegar kemur til 2. gr. frumv. þá er fyrst að minnast á breyt.till. við fyrri setn. greinarinnar, sem fer fram á að undanskilja algjörða sveitarlimi frá kirkjugjaldi. Mjer finnst óeðlilegt, að leggja gjald á þá, með því líka þegar þess er gætt, að þeir sveitarlimir, sem eru í þessari tölu, nefnil. yfir fermingaraldur, eru flestir örvasa og sækja ekki kirkju, og sem aldrei geta notið guðsþjónustu í kirkjunni. Sama er að segja um seinni lið 4. gr. Hún víkur hinu sama við, að láta þá, er þiggja af sveit, losast við gjaldið, þannig, að það sje greitt af sveitarsjóði, ef þeir ekki borga það sjálfir; eptir því geta allir þeir, sem af sveit þiggja, verið sjálfráðir um, hvort þeir greiði gjaldið, eða slengi því upp á sveitarsjóðinn, og þá er auðsætt, hvar það lendir. Vjer álítum nú, að ekki sje rjett, að íþyngja sveitarsjóðunum um skör fram, en það verður þó gjört eptir ákvæðum frumv. Jeg skal líka bæta því við, að það eru sumir, sem þiggja af sveit, sem ekki eiga örðugra með að greiða gjaldið en sumir hinir, sem ekki þiggja sveitarstyrk. Þetta getur auðveldlega komið fyrir, og mun eiga sjer víða stað.

Það eru margar kringumstæður, sem geta verið til þess, að maður þiggi af sveit. Það þarf ekki meira til en að hann einhvern tíma vetrarins verði uppiskroppa með matföng; svo fer hann til oddvitans, eins og gengur, og fær hjá honum 1 eða 1/2 korntunnu, sem hann svo treystir sjer aldrei til að borga sveitarsjóðnum. Jafnframt því, að þetta er orðinn sveitarstyrkur, getur þessi maður verið alveg laus við kirkjugjald sitt eptir ákvæðum frumv.

Svo jeg minnist aptur á algjörða sveitarlimi, þá er það líka eitt, sem mælir á móti því, að leggja gjald á þá, og það er það, að það er orðið æðigamalt og inngróið í meðvitund þjóðarinnar, að ekki beri að leggja gjald á sveitarlimi, nje heldur, að sveitarsjóðurinn borgi opinber gjöld fyrir þá; slíkt hefur ekki viðgengizt hingað til. Jeg álít einmitt miklu rjettara, að sveitarsjóðir sjeu því lausir við þess háttar gjöld, enda gætu þau orðið æði-mikill ábætir ofan á annað. Það er ekki venja, að fyrir sveitarlimi sje borgað til stjetta nje til kirkju, hvorki legkaup t. d. nje annað. En aptur á móti er það engin mótsetning hjer við, þó að þeir, sem eru við bú, sem hafa að eins þegið litinn sveitarstyrk, greiði þetta gjald.

Svo er nú líka viðvíkjandi 2. gr. frumv., sem jeg vildi gjöra nokkrar athugasemdir við. Þar er talað um, að gjaldið sje hreifanlegt. Þetta er

stórt nýmæli, og það munu menn játa með mjer.

Breyt.till. okkar fer fram á, að falli hjeraðsfundur niður, þá standi gjaldið óbreytt til næsta hjeraðsfundar, í staðinn fyrir, að eptir frumv. á biskup þá að ákveða gjaldið til næstu 5 ára, og væri þá hvorki heilt nje hálft ákvæði hjeraðsfundar um gjaldið. Það getur opt komið fyrir og kemur fyrir stundum, að hjeraðsfundir falla niður, t. d. vegna óveðurs, vatnavaxta o. s. frv. og svo mega hjeraðsfundir til að vera vel sóttir, eins og menn þekkja, til þess að geta afgjört um mál sín. Jeg get því ekki fellt mig við þetta ákvæði frumv.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta. Jeg vona, að menn íhugi þetta mál vandlega. Þetta mál er skattamál, og þarf því vandlegan undirbúning, og ætti að verða svo gjört úr garði, að menn geti framvegis orðið ánægðir með það, þegar til kemur. Þegar á að fara að umsteypa eldgömlum lögum í ný lög á allt öðrum grundvelli, þá verða menn að gæta þess vandlega, að betur sje farið en heima setið.

Jeg vil svo að endingu geta þess, að hvort sem þetta mál gengur fram á þessu þingi, eða innan skamms, þá er það hugboð mitt, að annað mál muni renna á eptir þessu skylt. Það er málið um tekjur presta. Það er í alla staði eðlilegt, þó að það mál verði bygt á sama grundvelli, þegar til kemur, og því meir ríður á að vanda þetta mál sem allra bezt. En eins og þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er úr garði gjört, vil jeg af þessum ástæðum ráða h. deild til að útkljá það ekki í þetta sinn.

Framsögumaður (Jens Pálsson): Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að það hefði verið á dagskrá þingsins að minnsta kosti síðan árið 1889, og jafnlangan tíma hefir þjóðin þannig haft til að átta sig á því, enda hefir það verið mikið hugsað og töluvert rætt. Það er því óhætt að segja, að málið hefir fengið rækilegan undirbúning, bæði hjá þingi og þjóð, og öllu betur en flest önnur mál, þó þau komist í gegn um þingið.

H. 1. þm. Rangv. (Sighv. A.) vildi helzt, og lagði mikla áherzlu á það í enda ræðu sinnar, að málið yrði ekki útkljáð á þessu þingi. En jeg vil taka það fram, að mjer finnst það mjög viðurhlutamikið, að vilja ekki fá endir á málið og útkljá það á þessu þingi, þar sem þegar er búið að verja svo miklum tíma og svo miklum kröptum til að starfa að því. Því fyrir utan þann undirbúning, sem málið hefir fengið á undanförnum þingum, hefir það nú á þessu þingi verið íhugað rækilega í nefnd í báðum h. d., og hefir gengið gegnum 3 umr. í Ed. og 2 í þessari h. deild.

En jeg gæti samt fyrir mitt leyti vel fallizt á, að málið yrði látið bíða til næsta þings, svo framarlega sem mjer virtust breyt.till. þær, er fram hafa komið, svo mikilsverðar, að það væri lilvinnandi að láta málið bíða, til þess að þær kæmust að; — því ef breyt.till. komast að, þá er útsjeð um, að málið komist í gegn á þessu þingi. En hjer er ekki því að heilsa, og skal jeg fara nokkrum orðum um þær og reyna að leiða rök að því, að þær eru ekki svo mikilsverðar; því að mínu áliti eru þær allar fremur til skaða en til bóta.

H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) tók það fram, að 1. og 2. breyt.till. við 1. gr. væru komnar fram til þess, að gjöra ákvæði frumv. um afnám skylduvinnunnar ljósari. Jeg get ekki sjeð, að þessar breyt.till., þó þær nú kæmust að, gjörðu ákvæði frumv. að neinu leyti ljósari, heldur mundu þær öllu fremur

koma ruglingi á ákvæði þess um afnám skylduvinnunnar. Því, þar sem stendur í 1. gr. frv.: »svo og skylduvinna við kirkjur og kirkjugarða, skal vera úr lögum numið», þá er meint öll kirkjan í heild sinni með grunni og turni, svo mjer sýnist breyt.till. alveg þýðingarlaus, hvað það snertir. En aptur á móti hefir breyt.till þó mikla þýðingu í aðra átt, þar sem hún raskar principi frumv., sem er að afnema alla skylduvinnu; en breyt.till. vill halda þyngstu skylduvinnunni, nefnilega aðflutningnum á byggingarefni. Jeg segi fyrir mitt leyti, að mjer ersárara við þessa þyngstu skylduvinnu, en allar hinar, og jeg sje ekki, að nokkra nauðsyn beri til, að halda í hana fremur en hinar. En verði það frjálst samkomulag milli meðlima safnaðanna, að skipta niður á sig flutningnum á efnivið í kirkjuna, til þess að ljetta á sjer væntanlegum kvöðum, þá sje jeg ekki neitt á móti því; þeir um það. En það er princip frv., að ljetta þessum vinnukvöðum algjörlega af, og þess vegna er jeg með öllu móttallinn þessum breyt.till.

Þá kemur 3. töluliður breyt.till. við 2. gr. Hún er efnismikil, að því leyti sem hún fer fram á að undanskilja vinnuhjú öll frá gjaldinu, en láta það hvíla á húsbændunum einum. Einnig með þessari breyt.till. er raskað principi frumv., þar sem í því er gengið út frá, að það sje skylda hvers fermds manns í söfnuðinum, að taka tiltölulegan þátt í gjaldinu til kirkjunnar, þar sem það er jafn rjettur allra fermdra að nota þetta sama guðshús. Það hefir verið fært fram sem ástæða fyrir þessari breyt.till., að húsbændurnir stæðu betur að vígi með að borga gjaldið heldur en hjúin. En jeg hygg, að jeg geti mótmælt því að svo sje, og jeg þarf ekki annað en að vitna til almenningsálitsins í því efni, því jeg held mjer sje óhætt að fullyrða, að það sje, að bændur standi ekki betur að vígi til þess að standa straum af gjaldinu, heldur en vinnuhjúin. Jeg veit ekki til þess, að hagur bænda hafi batnað í seinni tíð, eða tekjur þeirra aukizt á nokkurn hátt. En jeg veit til þess, að tekjur hjúa hafa vaxið, með því að kaupgjald þeirra, sjerstaklega karlmanna, hefir hækkað að töluverðum mun, og jeg tel víst, að kaupgjald kvenna muni og vaxa. Þannig get jeg ekki betur sjeð, en að húsbændur standi nú enn þá ver að vígi en áður, til þess að geta staðið straum af þungum álögum. Ennfremur ber að gæta þess, að það er hjúum allt af innan handar, að gæta þess, að hagur þeirri ekki versni. Því eins og stendur er hjúaekla í landinu, og svo mun lengi verða, og þess vegna standa hjúin vel að vígi með það, að þau geta allt af sett kaupið þeirri krónunni hærra, og það munu verða fáir, sem ganga frá nýtu hjúi, þótt þeir verði að gjalda þeim lítið eitt hærra kaup, sem samsvari þeim gjöldum, sem á þeim hvíla, nefnilega alþýðustyrktarsjóðsgjaldinu, og svo »eventuelt« kirkjugjaldinu. Þannig mun rjettur hjúa ekki skerðast við frumv. þetta, samkvæmt ástandinu, eins og það nú er í landinu og mun verða framvegis.

Þar að auki er það skoðun mín, að það sje mjög hollt fyrir hvern mann, að venjast við það þegar frá fermingaraldi, að skoða sjálfan sig ekki sem »passivan« meðlim í kirkjufjelaginu, heldur sem styðjandi og framleggjandi meðlim þess. Slíkt hlyti að verða til þess að glæða tilfinning hvers eins og meðvitundina um sjálfan sig sem starfandi meðlim safnaðarins.

Menn hafa tekið fram, að þeir kynnu ekki við, að gjaldið væri greitt úr sveitarsjóði fyrir þá búendur, er þiggja

af sveit, ef þeir borguðu það ekki, og eins hefir verið tekið fram, að það væri óviðkunnanlegt, að greitt væri nokkurt gjald fyrir sveitarómaga, og skal jeg þá fyrst minnast á þau heimili, sem þiggja af sveit. Fyrst og fremst er það, að þau heimili, er þiggja af sveit, hafa sama rjett til og sömu þörf á kirkju, eins og önnur heimili, sem ekki þiggja, og er það eitt næg ástæða fyrir því, að fyrir þau verði greitt í kirkjusjóð. Auk þess getur ráðlaus sveitarstjórn valdið því, að tiltölulega mörg heimili komist á sveit um skör fram, og gæti það orðið kirkjunum ómaklega til stórtjóns. Afleiðingin yrði sú, að fjöldamörg heimili, sem þiggja af sveit, mundu algjörlega losast við kirkjugjaldið og kirkjan þannig verða fyrir tekjumissi, en það er ekki rjett, því það er allt annað, safnaðarfjelag og sveitarfjelag.

Hvað snertir sveitarlimina, þá get jeg ekki fundið neitt hneykslanlegt í því, þó goldið sje fyrir þá kirkjugjaldið jafnt og aðra, því þeir þurfa að halda á kirkjunni jafnt og aðrir. Og þegar þess er gætt, að það er viðurkennt annarstaðar í löggjöfinni, að sveitarfjelagið á ekki einungis að annast líkamlegar þarfir þeirra, heldur og andlegar líka, t. d. að sjá um, að þeim verði kenndur kristindómurinn, hvers vegna á það þá ekki að greiða af hendi skyldur þeirra við kirkjuna fyrir þeirra hönd, að svo miklu leyti, sem rjettlátar skyldur hvíla á þeim, eins og öðrum mönnum? Mjer sýnist það vera í beinu samræmi við ákvæði hinnar annarar löggjafar.

Þá kemur 4. breyt.till. sem fer fram á, að þegar hjeraðsfundur fellur niður, þá skuli kirkjugjaldið standa óbreytt til næsta fundar, í staðinn fyrir, að í frumv. er farið fram á, að þá skuli biskup ákveða gjaldið. — Þetta get jeg ekki álitið að yrði til bóta, heldur einungis til skaða. Því falli hjeraðsfundur niður af einhverjum gildandi orsökum, sem opt kemur fyrir, hvort sem það nú eru ófær veður eða vatnavextir, sem hamla, eða stórsóttir geysa, þá verður eptir breyt.till. ómögulegt að fá nokkuð gjald í prófastsdæminu fært upp eða niður, hvað mikil sem þörfin er, en ef biskup ákveður gjaldið, þá er það mögulegt. En sjeu nú ekki knýjandi ástæður til þess, að færa til gjaldið, þá má gjöra ráð fyrir, að biskup muni láta það halda sjer, því hann hefur hendur bundnar í þessu efni engu síður en hjeraðsfundir. Jeg sje því ekki neina ástæðu til að óttast, að þetta ákvæði verði misbrúkað frá biskups hálfu.

Það getur komið fyrir, að það þyrfti nauðsynlega að hækka gjaldið í einhverri sókn, og söfnuðirnir sendi biskupi áskorun um að hækka gjaldið, svo framarlega að hjeraðsfundur skyldi falla niður. Þá getur biskup því að eins sinnt þessari beiðni, að hann hafi vald til að ákveða kirkjugjaldið; annars ekki. Mjer finnst því, að breyt.till. þessi yrði fremur til skaða en til bóta.

Þar sem í 6. breytingartill. er farið fram á, að orðið tólg í 5. gr. falli burt, þá finnst mjer það koma í hága við orð flutningsm. breytingartill. sjálfs, þar sem hann var að tala um, að það væri svo leiðinlegt, að vera að raska því, sem væri orðið rótgróið hjá þjóðinni. Jeg hygg, að það sje ekki nokkur sú vörutegund til, sem hefur gengið sem gjaldeyrir til kirkna, sem er eins gömul og einmitt tólgin. Enda held jeg, að það sje nú ekki meiri hætta fyrir kirkjuhaldara, að breyta tólginni í peninga, en hverri annari vöru, gegn 10%;

hún er ekki erfiðari til flutninga en til dæmis smjör. Jeg álít því, að frumv. sje ekki bætt með þessari breytingartill., heldur miklu fremur, að hún sje til hins verra.

Jeg leyfi mjer því, að vonast til, að flestir h. þingdeildarmenn verði líkrar skoðunar um þessar breytingartill. og jeg.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg viðurkenni það í fyllsta máta, að mál þetta er ekki nýtt, hvorki fyrir þing nje þjóð, en þótt það hafi þegar fengið all-mikinn undirbúning, þá er hæpið að segja, að það sje svo undirbúið enn sem skyldi til þess, að verða að lögum. Vjer verðum að gæta þess, að þótt það væri all-rækilega athugað á þingi í fyrra og hefði fengið áður töluverðan undirbúning, þá hefur það nú fengið ekki svo litla breyting síðan. Í frumv. í ár kemur fram eitt þýðingarmikið og nýtt atriði, atriði sem þjóðinni hefur ekki enn gefizt kostur á að ræða eða segja álit sitt um, og verð jeg enn að halda fram hinni sömu skoðun sem í fyrra, að nauðsyn beri til, að þjóðin fái að segja álit sitt um öll höfuð-atriði þessa mikla og viðtæka máls, áður en því er ráðið til lykta.

Jeg gat þess, að nú hefði á þessu þingi bætzt nýtt atriði inn í frumv. frá því í fyrra; jeg á hjer við niðurjöfnun kirkjugjaldsins á hjeraðsfundi; jafnhugsanlegt er, að forgöngumenn málsins eigi því að fagna á næsta þingi, að annað jafn-þýðingarmikið breytingar-atriði við málið hafi þá bætzt við, eða bætist þá við. Á meðan skoðanir manna hafa ekki fengið meiri festu en reynslan sýnir, að enn er, um það, hver stefna heppilegust sje í málinu, á meðan sýnist mjer ekki nauðsyn, að hrapa að því, að leiða það til lykta, meira að segja, það sýnist heppilegra, að átta sig betur, áður en það sje nú gjört.

Af þessum ástæðum tel jeg rjettara, að málinu sje frestað til næsta þings, og það því fremur, sem mjer finnst, að þetta frumv. ætti að ganga á eptir, en ekki á undan öðru frumv., sem nú er útsjeð um, að ekki verður útkljáð á þessu þingi, frumvarpið um umsjón og fjárhald kirkna. Og ef það frumv. fær ekki framgang hjer á þingi, þá finnst mjer þetta frumv. ætti ekki heldur að fá framgang fyr en svo væri komið, að flestir söfnuðir hefðu tekið að sjer umsjón og fjárhald kirkna sinna. En þótt jeg nú sleppti því, sem jeg hef tekið fram, og sem að mínu áliti er nægilegt til þess, að fresta málinu, þá get jeg auk þess bent á ýmsar breytingar, sem bæði sjálfum mjer hefur dottið í hug, að til bóta væru, og ýmsir aðrir bent á.

Þótt jeg því væri sammála h. þm. þm. Dal. (J. P.), sem jeg nú er ekki, um að breyt.till. þær, sem komið hafa fram, væru ekki svo mikilsverðar, að fyrir þá skuld væri ástæða til að fresta málinu, þá eru þessar aðrar breytingar, sem jeg drap á, frá mínu sjónarmiði fyllilega þess verðar, að þær væru nú rækilegar íhugaðar áður en málið er til lykta leitt.

Jeg skal þá fyrst snúa mjer að hinu nýja atriði frumv., því atriði, að hjeraðsfundur skuli ákveða kirkjugjöldin. Jeg er öllu fremur móti þessu atriði en með, því að jeg er hræddur um, að eptir því sem kirkjulífi víða er háttað, sje ekki með öllu ráðlegt að fela hjeraðsfundunum niðurjöfnun kirkjugjaldanna á hendur. Vjer vitum það, að eptir því, sem hjeraðsfundir eru skipaðir, þá geta safnaðarfulltrúar haft afl atkvæða, en prestarnir ekki, og því ráðið kirkjugjaldshæðinni. Nú má bú-

ast við því, að þeir söfnuðir, sem ekki hafa haft löngun til að taka að sjer umsjón kirkju sinnar og fremur litla tilfinningu fyrir því, hvort kirkjan þeirra sje sæmilegt guðsþjónustuhús eða miður svo — það má búast við því, segi jeg, að þessir söfnuðir muni velja fulltrúa eptir sínu höfði, fulltrúa sem vilja spara fje til kirkjunnar, og kemur þá niðurjöfnunarrjetturinn ekki að því haldi, sem flutningsmenn frumv. hafa sjálfsagt ætlazt til; hann verður til niðurdreps, en ekki til nytsemdar. Vjer þekkjum vel, hvernig gengur fyrir þeim, sem eiga að jafna niður útsvörum, eða svo jeg taki annað skyldara starf þessu máli, fyrir þeim, sem jafna eiga niður á söfnuði borgun til forsöngvara; jeg get varla hugsað mjer annað óvinsælla starf en þetta; því fylgja sífeldir vafningar og óánægja; reyndar hef jeg eigi af þessu að segja úr minni sveit, en mjer er það eigi að síður fullkunnugt. Niðurjöfnunin reynist venjulega leitt verk og vandasamt. Afleiðingin af óánægjunni og af því, að niðurjafnendur vilja reyna að gjöra sóknarmönnum til hæfis, verður svo sú, að sóknarnefnd neyðist til að velja miður hæfa menn fyrir forsöngvara; aðrir fást ekki. Ef niðurstaðan yrði hin sama hjer, þá yrði niðurjöfnun kirkjugjaldanna sízt til framfara fyrir kirkjurnar. Jeg skal lýsa því yfir, að jeg er á sama máli og h. minni hluti og flytjendur breyt.-till. á þingskj. 148, að rjett sje að þiggja hjúin undan kirkjugjaldsskyldunni. Með því er ekki nein sjerleg þyngslabyrði lögð á herðar bændum, sjerstaklega þegar við það er miðað, sem þeir þurfa nú að gjalda. Það virðist að minnsta kosti miður sanngjarnt, að hjúin borgi eins mikið kirkjugjald eins og húsbóndinn, því að í reyndinni hefir hjúið ekki nándarnærri sama rjett til kirkjunnar eins og húsbóndinn, hvað svo sem h. þm. Dal. (J. P.) segir um það. Hvernig er t. d. hægt að segja, að vinnumaðurinn, sem háður er húsbónda sínum og verður að hlýða skipunum hans, geti notað kirkjuna á sama hátt og húsbóndinn, sem er sinn eiginn herra? Húsbóndinn getur skipað vinnumanni sínum ýms störf, er hindri kirkjugöngu hans; hann er vís til að hafa vinnumanninn við sjó í annari sveit allan árstímann, nema um hásláttinn; það verður þá ekki nema svo sem 8 vikna tími, sem vinnumaðurinn getur sótt sína eigin kirkju, og þó á hann að gjalda sama gjald til hennar, sem húsbóndinn, er getur sótt hana allt árið. Auk þessa hefir búsbóndinn rjett á, að mæta á sætnaðarfundi, og kjósa þar sóknarnefnd og safnaðarfulltrúa, og getur orðið hvorutveggja sjálfur. Þennan rjett hefir hjúið ekki. Það er ekki rjett að leggja sömu kvöð á þann, sem engan þátt fær að taka í stjórn kirkjumálanna, sem hinn, er þennan rjett hefir. Jeg skal hugsa mjer, að jeg hafi í vist 16 ára ungling fjelausan, og láti hann hafa fjárgeymslu á hendi; mun ekki vera munur á fyrir honum eða mjer með það, hve örðugra hann eigi með að greiða gjaldið og örðugra með að sækja kirkjuna? Hann getur ekki orðið sóknarnefndarmaður, ekki safnaðarfulltrúi og ekki mætt á safnaðarfundi nje hjeraðsfundi. Þetta er þó varla að hafa jafnan rjett gagnvart kirkjunni sinni; en setjum nú svo, að vinnuhjú gætu orðið bæði sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar; þau mundu eigi að síður hafa harla lítið gagn að þessum rjetti nje heldur uppfylla þær skyldur, sem honum eru samfara; þau eru of háð húsbónda sínum til þess. Það er hætt við, að vinnumenn ættu til dæmis stundum allerfitt með að sækja hjeraðsfund, þar sem búast mætti við, að húsbóndinn hefði þá um sömu mundir í veri í

öðrum landsfjórðungi eða úti á fiskiskipi úti í reginhafi.

En auk þessa, sem jeg hefi tekið fram, til að sýna misfellurnar á því, að hjúin greiði jafnmikið kirkjugjald, sem húsbændurnir, þá bætist enn eitt við. Það getur vel verið, að jeg sem húsbóndi eigi 7 börn og fer jeg þá við 8. mann til kirkju á hverjum messudegi, þegar mjer sýnist, en hjúið fer að eins eitt síns liðs, og af því það er hjú og öðrum háð, máske ekki nema einu sinni eða tvisvar á sumri. Í ýmsum öðrum lögum eru líka þeir, sem öðrum eru háðir, undan skildir ákvæðum laganna, og það er af því, að þeir geta ekki notið sömu rjettinda og uppfyllt sumu skyldur sem hinir, er óháðir eru. Minni hluti nefndarinnar kemst þannig að orði í áliti sínu, þar sem um hjúagjaldið er að ræða: ... »en vildi ráða hinni háttv. deild til að víkja af praktiskum ástæðum frá þeirri stefnu (ɔ: að gjöra gjöldin til kirkjunnar að persónulegum nefskatti), að því er vinnufólk snertir, af því að sá flokkur þjóðarinnar hefir svo harla lítið gjaldþol, og á að mörgu leyti við erfiða kosti að búa«. Jeg hef þegar skýrt frá því, að jeg er einnig á þessari skoðnn; en er þá ekki líka af praktiskum ástæðum rjett að víkja með öllu frá nefskattinum? Jeg bendi að eins á þetta, þótt jeg hafi eigi borið fram breyt.till. um það. Á síðasta þingi var margt talað um sameiginlegan kirkjusjóð, og málið var þannig afgreitt hjeðan úr deildi í fyrra, að ráð var gjört fyrir honum; þetta bendir á, að þá hafi meiri hluta h. deildar þótt rjett að hafa hann; því þykir mjer það undarlegt, að hann skuli nú ekki nefndur á nafn. Jeg harma það að vísu ekki, þótt hann komist ekki á í þeirri mynd, sem ráð var fyrir gjört, því að jeg er hræddur um, að það hefði orðið hefndargjöf og vandræða uppspretta, ef hver kirkja hefði mátt ganga í þenna sameiginlega sjóð. En af því að jeg vil helzt hafa eitt fastákveðið kirkjugjald, til dæmis 75 aura fyrir nef hvert, ef annars nefskattur kemst á, þá tel jeg það ekki rjett, að sleppa með öllu hugmyndinni um sameiginlegan kirkjusjóð. Af því að hafa gjaldið fastákveðið og hið sama um land allt, mundi það leiða, að sumar kirkjur mundu fá meiri tekjur en þær þyrftu á að halda, en aptur aðrar kirkjur ónógar tekjur. Til að bæta úr þessum ójöfnuði hef jeg hugsað mjer, hvort ekki mundi gjörlegt, að hinar auðugri kirkjur legðu víst hundraðsgjald af afgangi sínum frá árlegum útgjöldum í varasjóð til styrktar hinum fátækari kirkjum. Jeg trúi eigi öðru, en að þeir sem fundið hafa ástæðu til þess, að styðja að útlendu kristniboði, þeir hinir sömu ímynda jeg mjer að muni vilja styðja að því, að einn söfnuðurinn styrki annan, án þess þó, að frá nokkrum söfnuði sje tekin hvötin til að vera sem sjálfstæðastur og sem mest sjálfbjarga. Jeg tek það enn fram, að jeg kýs helzt, að kirkjugjaldið sje fastákveðið, bæði af því, að niðurjöfnun þess mun reynast óvinsæl, og af því, að jeg hygg, að sú aðferð muni ekki ná þeim tilgangi, að verða kirkjunni til viðreisnar; þó á jeg sjerstaklega við þær kirkjur, sem ekki eru komnar í safnaðarins hendur; að því er hinar snertir, er jeg miklu fremur á því, að niðurjöfnun sje tiltækileg, en þær kirkjur eru tiltölulega næsta fáar, sem söfnuðir hafa enn tekið að sjer; og því finnst mjer nauðsynlegt, að eitthvert ákvæði sje gjört um sameiginlegan kirknasjóð, þar sem jeg verð að halda því fram, að niðurjöfnun kirkjugjaldanna sje ekki heppileg enn sem komið er.

H. þm. Dal. (J. P.) var mjög á móti

breyt.till. á þingskj. 148, að því er snertir skylduvinnu þá, er þar er talað um.

Jeg er h. þm. (J. P.) samdóma um, að með þessari breyt.till. sje að nokkru raskað grundvelli frumv., en jeg álít aptur á móti mjög efasamt, hvort ekki sje einmitt ástæða til að raska honum í þessu. Jeg er ekki sannfærður um, að það sje heppilegt fyrir kirkjulífið og rækt við kirkjuna, að afnema alla skylduvinnu við hana. Jeg hef t. d. einu sinni unnið að skylduvinnu við kirkjubygging, og jeg verð að segja, að einmitt síðan sje mjer annara um, að gjöra þeirri kirkju eitthvað til góða en áður, og hafði jeg þó áður borgað um mörg ár gjöld til hennar; en jeg hafði miklu fremur borgað til hennar sem dauðs hlutar, er mjer væri nokkuð fjærstandandi; hún varð miklu fremur mín kirkja eptir en áður.

Jeg get ekki gjört mjer neina von um, að það muni auka líf eða hugsun um kirkjuna hjá almenningi, þótt hann verði að greiða gjald til hennar. Jeg veit um mig, að þótt jeg hefði um 80 ár orðið að gjalda til kirkju, án þess að mega taka nokkurn þátt í stjórn hennar, þá mundi það trauðla hafa getað vakið hjá mjer kirkjulegt líf eða áhuga. En hitt, að mega taka þátt í stjórn og málum kirkjunnar og geta starfað að viðreisn hennar, það vekur líf og áhuga.

Enn skal jeg minnast á það, að sú tillaga hefir komið fram, að kirkjugjaldið skyldi að nokkru leyti vera nefskattur, en að nokkru leyti skyldi það miðað við gjaldþol manna. Af praktiskum ástæðum kynni jeg að geta verið með því fyrirkomulagi, en skal ekki fjölyrða um það að þessu sinni.

Jeg hef sýnt fram á, að nefskattur greiddur á þann hátt, sem meiri hluti nefndarinnar vill, er ósanngjarn, og það atriði er frá mínu sjónarmiði eitt sjer nóg til þess, að vjer ættum ekki að ljúka málinu á þessu þingi, heldur gefa þjóðinni enn tíma til að leita að öðrum enn sanngjarnari gjaldgrundvelli. Þar á meðal gæfist kostur á að íhuga rækilegar og ræða um, hvort ekki yrði hægt að koma betra jöfnuði á með því, að byggja gjaldið að eins sumpart á nefskatti, en sumpart á gjaldþoli.

Einn vegur er enn til að fá fje til viðhalds kirknanna og byggingar, og það eru frjáls samskot af safnaðarins hálfu; er sá vegur sjerstaklega valinn þar, sem fríkirkjusöfnuðir myndast, en þar mun eða mundi gjaldið trauðla koma fram sem nefskattur, heldur mundi hver einstakur safnaðarlimur miða tillag sitt til kirkjunnar að meiru eða minna leyti við gjaldþol sitt, og sá efnaðasti finna sig knúðan til að leggja meira af mörkum en hinn fátækasti. Jeg játa að vísu, að nokkuð öðruvísi stendur á með kirkjuna en aðrar stofnanir, og að afstaða safnaðarmeðlimanna gagnvart henni er sjerstakleg, en þó finnst mjer það ekki nægja til að rjettlæta nefskatt frumv.

Að því er sveitarómaga snertir, þá álít jeg nokkuð varúðarvert að slengja upp á sveitarsjóðina gjaldi fyrir þá, og úr því lögtaksrjettur nær til kirkjugjalda, þá er ástæða h. þm. Dal. (J. P.) fyrir því ekki gild. Lögtaksrjettinum má jafnan beita við þá, sem óþvingaðir greiða ekki kirkjugjald sitt, en hitt er auðvitað, að ef sveitarstjórn álítur það til skaða, að lögtaki sje beitt við einhvern sveitarþurfa, þá muni hún hlaupa undir bagga með þeim manni og greiða gjaldið fyrir hann.

Sighvatur Árnason: Út af ræðu h. þm. Dal. (J. P.) vildi jeg bæta við fáeinum orðum; jeg get ekki verið h. þm. (J. P.) samdóma í því, að það eigi vel við eða sje hagfelt, eptir núverandi ástæðum, að leggja það gjald, er í frv. ræðir um, á hjú. — Bæði er það, að þetta gjald hefir frá ómunatíð legið á húsráðendum, og í annan stað er það aðgætandi, að ef menn leiða þetta í lög, mun það heldur spilla en bæta fyrir hjúahaldi, og í þriðja lagi er það athugavert, að niðurstaðan mundi verða sú, þó frumv. yrði að lögum, að gjaldið hvíldi að nokkru leyti eptir sem áður á húsráðanda, að sínu leyti eins og á sjer stað með gjaldið til styrktarsjóðs alþýðu, vegna þess, að húsbændur vilja ekki vinna það til, að íþyngja þeim hjúum sínum, sem þeim er annt um að hafa, með þessu gjaldi, svo þetta mundi koma nokkuð í sama stað niður.

Eitt finnst mjer enn athugavert í frumv., nefnilega það ákvæði, að gjald skuli lagt á alla fermda menn; jeg er hræddur um, að þetta ákvæði mundi verða til þess, að gera innheimtuna æði umsvifamikla og vafningasama, ef á að heimta inn af hverjum fermdum manni þetta auragjald.

Svo er enn eitt viðvíkjandi hjúunum, að þeir eru margir, sem að eins vinna fyrir fötum og fæði eða eru matvinnungar; hvaðan eiga þeir að taka gjaldið? Ekki er hægt að skoða þá sem sveitarlimi og borga fyrir þá úr sveitarsjóði, eins og frumv. ætlast til með þá, og þeir fá ekkert kaupgjald — þetta er altítt —, svo þegar til þeirra kæmi með kirkjugjöldin, mundi reka að því, eptir þessu frumv., að gjaldið yrði lagt á ekkert, en þess háttar gjaldstofn er bágur.

Jeg tók það fram áður, að það væri vandhæfi á þessu máli, að það væri skattamál og tæki því til allra landsmanna, en þó mest af öllu til bændanna. En nú vitum við það, að bændaflokkurinn hjer á þingi er harla fáliðaður sem stendur, og að málið hins vegar snertir langmest bændaflokkinn á landinu. Gamalt máltæki segir: »bóndi er bústólpi, bú er landstólpi«; ef hinn flokkurinn h. þingdm. athugar þetta, þá treysti jeg því, að hann vilji ekki neyta liðsmunar til þess, að hrinda málinu fram á þessu þingi eins og það er lagað í frumv.

Framsögumaður (Jens Pálsson): Jeg finn mjer skylt, sjer í lagi eptir bendingum h. forseta, að vera stuttorður; h. þm. Strand. (G. Guðl.) sagði svo margt í sinni löngu ræðu, að jeg mun leiða minn hest hjá því, að leita uppi hvert einasta atriði hennar út af fyrir sig, og gera þær athugasemdir, sem jeg, ef öðruvísi stæði á, kynni að hafa gert, en jeg ætla mjer að eins að minnast á fáein atriði í ræðu h. þm.

H. þm. (Guðj. G.) taldi þenna lögboðna nefskatt, sem hjer er farið fram á, jafnerfiðan til innheimtu og niðurjöfnunargjald; hann áleit, að almenningur mundi verða eins tregur til að greiða nefskattinn, eins og ætti sjer stað með niðurjöfnunargjaldið til forsöngvara eða organista.

Jeg held þetta sje ekki rjett álitið, vegna þess, að þessi gjöld eru á ólíkan hátt til komin; niðurjöfnunargjaldið tregðast menn við að greiða, þegar mönnum sýnist niðurjöfnunin ranglát, og menn skella skuldinni á þá, sem hafa þann starfa á hendi, en þetta gæti ekki orðið með greiðslu nefskattsins, af því þar er ekki hægt að kenna neinum niðurjöfnunarmönnum um, þar sem það er löggjafarvaldið, er lagt hefir gjaldið á.

H. þm. (Guðj. G.) lagði áherzlu á það, að hjú hefði eigi sama rjett í kirkjumálum og húsbændur; en jeg segi, þau

hafa og eiga að hafa sama rjett; h. þm. (Guðj. G.) tók það til dæmis, að vinnumaður, sem færi til sjávar, gæti ekki notað rjett sinn til kirkjunnar, eins og aðrir; en það er aðgætandi, að þessi maður flytur um leið í aðra sókn, og þar hefir hann fulla heimild til að njóta guðsþjónustugjörðar. Enn sagði h. þm. (Guðj. G.), að vinnuhjú hefðu eigi atkvæðisrjett í safnaðarmálum; jeg skil þetta frumv. svo, í sambandi við gildandi lög, að öll hjú mundu fá atkv.-rjett í safnaðar- og kirkjumálum. Jeg álít, að það sje einmitt stór galli á núgildandi lögum, að þau ekki veita lausamönnum og hjúum, er gjalda til opinberra þarfa, að sjálfsögðu þann rjett, er samsvarar skyldum þeim, sem á þeim hvíla; jeg álít, að slíkt fyrirkomulag hafi lamandi, en eigi lífgandi áhrif á líf þjóðfjelagsins.

H. þm. (Guðj. G) áleit það ósanngjarnt, að húsbóndinn hefði rjett til að fara til kirkju á hverjum sunnudegi með börn sín, og þyrfti þó eigi að borga meira en vinnumaðurinn, sem væri einn síns liðs. Það má mikið vera, ef mörgum sýndist þetta ósanngjarnt; þvert á móti. Þeir mundu næsta fáir, sem teldu kirkjuna eptir börnunum, þessum væntanlegu gjaldendum til hennar, nje þenna rjett eptir foreldrum, sem vitanlega væru að upp ala kirkjunni gjaldendur í börnunum sínum. — Allur almenningur mundi einhuga um það, að þessi rjettur foreldranna til að nota kirkjuna fyrir börn sín án sjerstaks endurgjalds væri ekki óeðlilegur, enda er hjer ekki um neitt misrjetti að ræða, því jafnóðum og börnin væru fermd, hyrfi þessi foreldra forrjettur, og hins vegar yrði hver einhleypur maður aðnjótandi sama rjettar, þegar hann sjálfur eignaðist börn.

H. þm. (Guðj. G.) minntist á það, að þeir, sem vildu, að vor þjóð stuðlaði að útbreiðslu kristinnar trúar í öðrum heimsálfum, ættu eðlilega að vera með því, að söfnuðirnir styddu hver annan. Hví skyldi það ekki vera æskilegt, að söfnuðir styðji hver annan? En því að eins er ástæða til að einn leggi öðrum fje, að hann hafi meiri peningalega byrði að bera, en hann fái undir risið; en það, að halda uppi guðsþjónustuhúsi, er engum söfnuði um megn, nema þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, því sú kvöð er eigi stærri en svo, að hver söfnuður er vel fær um að bera hana, þar eð kirkjur þurfa ekki að vera stærri en í hlutfalli við stærð safnaðarins. Aptur á móti, þegar einhver sjerstakleg slys bera að höndum, til dæmis kirkja brennur, þá er eðlilegt, að aðrir söfnuðir hlaupi undir bagga, til dæmis með samskotum; en þetta eru undantekningar, og til þeirra megum við ekki taka of mikið tillit.

H. þm. hjelt því fram, að sjálft gjaldið yrði eigi til þess, að glæða áhuga manna á kristindómsmálum, ef þeir, sem gyldu, hefðu eigi atkv.rjett; en eptir þessu frumv. í sambandi við gildandi lög um stjórn safnaðamála, er þessi rjettur sjálfsagður; það er ekkert á móti því, að vinnumaður geti orðið meðhjálpari; ef hann fer í burtu úr sókninni, eða hefur forföll á annan hátt, getur hann komið sjer saman við einhvern annan mann um það, að gegna sínum skyldustörfum á meðan, eða söfnuðurinn útvegar mann til þess.

H. þm. gjörir ráð fyrir, að ef öll gjöld til kirkju væru frjáls, eins og á sjer stað í fríkirkjusöfnuðum, þá mundu menn gjalda eptir ástæðum, þeir meira, sem meira ættu. En jeg vil benda á, að það er ekki mismunandi efnahagur manna, sem ræður því, að einn geldur meira en annar í þessum söfnuðum, heldur einkanlega mismunandi áhugi á safnaðar- og kirkjumálum, það er áhug-

inn, sem mest gjörir í því atriði, hvort framlög safnaðanna verða drjúg eða rýr. Jeg skal játa það, að frjáls framlög eru eðlileg og æskileg, og gætu menn bygt á því, að mögulegt væri, að innfæra slíkt fyrirkomulag, og álíti menn, að það mundi verða til bóta, þá gæti það komið til greina, að lýsa atkv. sínu því máli viðvíkjandi.

H. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) taldi það töluverðan galla á frumv. og mjög viðsjárvert, að gjaldskylda hjú. Mjer skildist ekki betur, en að hann væri þeirrar skoðunar, að á hjúum ætti engin gjaldskylda að vera.

Jeg vil benda h. þm. á það, að þessu máli víkur töluvert öðru vísi við en öðrum málum, því í kirkjunni er hvorki hjú nje húsbóndi, Gyðingur nje gríkur, karl nje kona; hver persóna er jafn rjetthá í guðshúsi, og sá rjettur, sem þar er veittur, stendur öllum jafnt til boða. Ef maður lætur þessa hugsjón hafa nokkur áhrif á þetta mál, hlýtur afleiðingin að vera sú, að menn gjöri mun á gjaldskyldu til þessara þarfa og hlutföku einstaklingsins í kirkju- og safnaðarmálum, og öðrum þjóðfjelagsmálum.

Sami h. þm. áleit, að með frumv. væri hjúum íþyngt, með því að leggja þennan skatt á þau; en jeg hef sýnt fram á það áður, að þetta gæti ekki leitt af frumv., því svo framarlega sem hjúin vita það fyrir fram, að þau eigi að gjalda þennan skatt, munu þau gæta síns eigin hags svo vel, að þau geti haldið kaupi sínu óskertu, svo afleiðingin verður sú, að kaupið hækkar.

H. þm. óttast, að frumv. verði til þess að spilla fyrir hjúahaldi; hvernig á það að skilja? Ætli hjúin kenni húsbændum sínum um þessi lög, og reiðist þeim fyrir? Jeg get ekki sjeð, að það geti verið, nema þá þeim húsbændum, sem eru þm., en þeir eru ekki svo margir.

H. þm. minntist á þau hjú, sem aðeins eru matvinnungar, vinna fyrir föt um og fæði, og honum fannst það óeðlilegt að gjaldskylda þau; en jeg verð þá að segja, að þau hjú, sem að eins vinna fyrir fötum og fæði, eiga sannarlega skilið að fá eina kr. í kaup, og jeg álít að húsbændurnir hafi sjálfir siðferðislega skyldu til að borga þetta gjald fyrir þau.

Annars skal jeg bæta því við, að flutningsm. breyt.till. mega eigi taka orð mín svo, sem mjer sje það brennandi kappsmál, að hafa þetta frumv. í gegn á þessu þingi; en mjer þykir of miklu varið til málsins af tíma og kröptum þingsins í þetta sinn, ef allt um það þarf að fitja upp á ný á næsta þingi; af því leiðir sá kostnaður, sem bezt er að komast hjá, ef hægt er; að öðru leyti þykir mjer eigi miklu skipta, hvort frumv. kemst í gegn í ár, eða að ári; jeg játa og, að heppilegast væri, ef bæði frumv., þetta og hitt: um umsjón og fjárhald kirkna, yrðu samferða til stjórnarinnar.

Jeg hef í ræðu minni viljað sýna fram á, að frumv. væri vel úr garði gjört, en eptir minni sannfæringu eru engar af breyt.till. til bóta; þó ætla jeg mjer ekki að fara að etja kappi um málið nú, ef h. þingd.m. eru því mótfallnir, að það fái að ganga í gegn; málið getur allt um það verið gott.

Þorlákur Guðmundsson: Það hefur verið tekið fram ljóslega af h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) og h. þm. Strand. (Guðj. G.) margt, sem jeg vildi sagt hafa, og sem mælir með breyt.till. okkar, en móti frumv. í því formi, sem það nú hefur.

H. þm. Dal. (J. P.) leitaðist við að leiða rök að því, að breyt.till. væru

óþarfar, og til engra bóta. H. þm. byrjaði fyrri ræðu sína á því, að þetta mál væri svo vel undirbúið og ýtarlega rætt, að eigi þyrfti að eyða meiri tíma til þess; að svo sje, neita jeg algjörlega, því á þessu þingi hafa komið fram alveg nýjar hliðar á málinu, sem almenningi eru alveg ókunnar, svo sem hinn hreifanlegi nefskattur, og að greiða skuli til kirkjunnar úr sveitarsjóði fyrir þá, sem þiggja af sveitarfje; auk þess er ekki að marka, hvernig þessu máli var tekið á þingmálafundum í vor, því þeir voru harla ófullkomnir og víða haldnir í lok kjörfunda, eða þá alls engir, svo þar hefur málið engan veginn verið ýtarlega rætt. Á síðasta þingi var hugmyndinni um hinn sameiginlega kirkjusjóð fylgt með miklu kappi, og komst frumvarpið svo lagað hjer í gegnum deildina, með 14 : 9 atkv.; hefði frumv. komizt gegnum þingið, og orðið að lögum, er óvíst, hve vinsælt það hefði orðið hjá þjóðinni, því eptir blöðunum að dæma og því litla, sem ráða má af þingmálafundum, er hver einasti maður á móti hinum sameiginlega kirkjusjóði; eins gæti farið með þetta frumv.; það er óvíst, hve góðar viðtökur þetta mál fengi hjá almenningi, í þeim búningi, sem það nú er. Jeg veit þar að auki, að bæði prestar og bændur óska þess sameiginlega, að frumv. sje sem bezt úr garði gjört, og að sem ánægjulegast sje tekið á móti því af gjaldendunum.

H. þm. Dal. (J. P.) áleit enga þörf á að undanskilja skyldukvöð á flutningum til kirkna, af því þetta væri eigi hin stærsta af þeim kirkjukvöðum, er hvíla á bændum. Jeg álít einmitt, að þess vegna eigi þessi kvöð að halda sjer; hve mikil þessi kvöð er á sumum kirkjum, t. d. landssjóðskirkjum, er ekki hægt að segja; er það aðgætandi, að bændum þykir þessi álaga alls ekki þung, vegna þess, að þeir þurfa ekki að borga hana í peningum, og auk þess kemur þetta ekki optar en einu sinni fyrir í búskapartíð bóndans, eða allflestra þeirra; sumra aldrei.

Ákvæðin um gjaldskyldu hjúa get jeg ekki fellt mig við.

Þar sem h. framsögum. (J. P.) meiri hlutans tók það fram, að með tilliti til sveitarlima væru hreppsnefndir skyldar að sjá um uppfræðslu þeirra, þá vil jeg benda á, að sú uppfræðsla hefur vanalega komið á húsbændurna, þar sem sveitarlimurinn átti heima, og verið áskilin í meðlaginu; optast hefur uppfræðslan verið heimakennsla, nema þar sem barnaskólar eru komnir á fót, og hvílir þá að nokkru á húsbændum, og þó húsbændur hafi ekki lögbundna skyldu til þess, þá hafa þeir þá siðferðislega skyldu að ala hjú sín upp í góðum siðum, og að nokkru leyti bera umhyggju fyrir andlegum þörfum þeirra; og mun það standa í fullu samræmi við okkar trúarlærdóm.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) tók það ljóslega fram, hve mikið djúp væri staðfest milli húsbænda og vinnuhjúa, með tilliti til þess, að nota kirkjurjett sinn; menn hafa tilfært mörg dæmi upp á þetta, sem eigi er hægt að hrekja; jeg skal þó taka fram eitt dæmi, sem h. þm. Dal. (J. P.) mun kannast við; geta þeir menn, er fara á þilskip í marzmánuði, og koma ekki heim fyr en seint í ágúst, haft mikil not af sínum kirkjurjetti, af sínum notkunarrjetti til að vera í kirkjum meðan guðsþjónustan er þar flutt?

H. framsögum. meiri hlut. (J. P.) hefur svarað þessu svo, að þeir, sem færu burt til sjóróðra, gætu sótt kirkjur í öðrum sóknum. En þá munu kirkjurnar í verplássum opt vera heldur litlar, því þær eru ekki bygðar nema fyrir þann söfnuð, sem þær til heyra. Veit

h. þm. ekki, að vinnumenn, sem hafa farið til sjóróðra, hafa þurft að gjalda sætisfisk í sumum sóknum, til þess að fá að sækja kirkju, og það jafnt, þó þeir hafi ekki þar komið í kirkju? Og jeg man eitt dæmi upp á, að sjómaður sem komst ekki nema hálfur inn í kirkjuna, og galt því ekki nema hálfan sætisfisk.

Jeg vil ekki lengja umr. meira, en jeg vona, að h. deild hallist að breyt.-till. okkar 3 þm.

ATKV.GR:. Eptir skrifl. ósk nokkurra þm. (8) var samþ. að hætta umr. með 11 samhlj. atkv.

Þá var 1. breyt.till. (á þingskj. 148) við 1. gr. felld með 11 : 7 atkv.; 2. breyt.till. (á þingskj. 148) við 1. gr. þar með fallin; 1. gr. frv. óbr. samþ. með 11 : 1 atkv.; 1. breyt.till. (á þingskj. 136) við 2. gr. felld með 13 : 4 atkv.; 3. breyt.till. (á þingskj. 148) við 2. gr. samþ. með 11 : 6 atkv.; 4. breyt.till. (á þingskj. 148) við 2. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.; 2. gr. frv. með áorðn. breyt. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 3. gr. frv. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 5. breyt.till. (á þingskj. 148) samþ. með 12 samhlj. atkv.; 6. breyt.till. (á þingsk. 148) felld með 11 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Guðl. Guðmunds.,	Einar Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Eiríkur Gíslason,
Björn Sigfússon,	Jens Pálsson,
Guðjón Guðlögss.,	Jón Jensson,
Halld. Daníelsson,	J. Jónsson Eyf.,
Ólafur Briem,	J. Jónsson A.-Sk.,
Þ. Guðmundsson,	Jón Þórarinsson,
Þórh. Bjarnarson,	Pjetur Jónsson,
	Sighv. Árnason,
	Sig. Gunnarsson,
	Tryggvi Gunnarss.,

5.—7. gr. frv. samþ. með 16 samhlj. atkv. hver; 8. gr. frv. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr. Málinu vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkvæðum.

Frumv. til laga um kosningar til alþingis (C. 105); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþykkt orðalaust með 17 samhlj. atkv., og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um laun landsstjórnar þeirrar, er skipa skal, þá er hin endurskoðaða stjórnarskrá er staðfest (C. 88); 3. umr..

ATKV.GR.: Frumv. samþykkt orðalaust með 18 : 1 atkv., og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *sem lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um afnám embætta (C. 88); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþykkt orðalaust með 17 samhlj. atkv., og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um breyting á lögum 12. maí 1882 um umsjón og fjárhald kirkna (C. 52. 145); 2. umr.

Sighvatur Árnason: Það tekur nú ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, því það er augljóst, að það getur ekki haft framgang á þessu þingi. Jeg vil samt minnast dálítið á það, viðvíkjandi breyt.till., sem fram hafa komið; en helzt ættu lögin frá 12. maí 1882 að standa óhögguð, að mínu áliti, eins og minni hluti nefndarinnar ræður til. Menn eru almennt ánægðir með þau, og þótt farið sje að breyta þeim, þá er óvíst, að sú breyting verði til batnaðar, að minnsta kosti ekki með því frumvarpi, sem hjer liggur fyrir. Mjer fyrir mitt leyti finnst það mjög

svo viðsjárvert, að leiða í lög þetta frumv.

Eins og sjá má af breyt.till., þá fer hún fram á, að hagga ekki við 1. gr. í lögunum frá 12. maí 1882, en frumv. fellir þá grein í lögunum og kemur aptur á móti með þær skyldur á hendur kirkjueigendum og fjárhaldsmönnum, og sömuleiðis á hendur söfnuðunum, nefnilega að fjárhaldsmenn og kirkjueigendur sjeu skyldugir að afhenda söfnuðinum kirkjuna, og söfnuðurinn skyldugur að taka við henni. En það er aðgætandi, að þegar þessar skyldur eru bornar saman, þá er að vísu allt öðru máli að gegna með það, að leggja þessa skyldu á hendur söfnuðunum en forráðamönnum eða eigendum kirkjunnar. Þeir eru að vísu margir, sem álíta það rjett vera, að söfnuðunum sje gjört að skyldu, að taka við fjárhaldi kirkna, sökum þess, að öllum söfnuðinum veitist það hægra en einstökum mönnum. Jeg álít það bezt, að lögin frá 12. maí 1882 sjeu látin standa óbreytt og frjálst samkomulag eigi sjer stað á milium safnaða og kirkju-forráðamanna. Jeg skal líka geta þess, að síðan að lög þessi komu út, hefir komizt töluverður rekspölur á með það, að kirkjurnar hafi komizt undir umsjón safnaðanna.

En ef þessi breyt.till. nær fram að ganga, annaðhvort nú eða seinna, þá er hjer um bil þeim tilgangi náð til fullnustu, sem liggur til grundvallar fyrir frumv., að flestar kirkjur mundu þá renna í umsjón safnaðanna, því að flestir umráðamenn kirknanna mundu gjarnan vilja losna við þær; auðvitað gæti það dregizt nokkurn tíma, að allar kirkjur komist í hendur safnaðanna, vegna þess, að einstöku forráðamenn þeirra og eigendur hafa tekið ástfóstri við þær.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, því jeg veit, að það muni hafa litla þýðingu, þar sem útsjeð er um, að það geti náð fram að ganga á þessu þingi.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg vildi tala örfá skilnaðar- eða húskveðjuorð yfir þessu frumvarpi, áður en það verður lagt í gröfina við hliðina á kirkjugjaldsfrumv. Jeg hefi áður lýst því yfir, að þessi tvö frumv. ættu að fylgjast að, og úr því að þetta frumv. um umsjón og fjárhald kirkna ekki gat gengið fram í einhverri mynd tímans vegna, tel jeg heppilegt, að kirkjugjaldsfrumv. fjekk líka að hvíla sig, og skammast mín ekkert fyrir það, að hafa heldur stuðlað til þess, hjer í deildinni, því að eins og jeg hefi þegar að nokkru leyti sýnt fram á, og mun síðar gjöra betur, ef lifi, þá getur þetta færanlega gjald með sjálfs-álögurjetti að eins átt við safnaðarkirkjur.

Jeg vil kveðja þetta mál að sinni með innilegri áskorun til allra þeirra, háttv. þingm., sem vilja vinna að lagasetning í fríkirkju-áttina, að láta málið eigi falla niður, en koma með það enn betur hugsað og undirbúið til næsta þings, því að það er eitt hið stærsta fríkirkju-spor, að söfnuðirnir sjálfir hafi fullan veg og vanda af kirkjum sínum.

Jeg hefi áður lýst því yfir, að mjer væri einungis annt um það atriði frv., að söfnuðir væru skyldir að taka við kirkjunum, ef forráðamenn þeirra krefðust þess, en teldi hitt miklu meiri vandkvæðum bundið, að söfnuðirnir mættu taka kirkjurnar af forráðamönnum nauðugum. Jeg vil nú samt að sinni greiða atkvæði með viðaukatillögum meiri hluta nefndarinnar, sem mýkja nokkuð hin hörðu ákvæði hins upphaflega frumvarps, og jeg tel því heppilegast, að frumv. liggi fyrir þjóðinni til frekari yfirvegunar undir næsta

þing í þeirri mynd, sem meiri hluti nefndarinnar stingur upp á.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. á þingskj. 71 var felld með 13 : 4 atkvæðum; breyt.till. 2., 3. og 4. þar með fallnar.

1. breyt.till. á þingskjali 135 var samþykkt með 13 : 1 atkvæði; 1. gr. með áorðinni breytingu samþykkt með 14 samhljóða atkvæðum; 2. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 2. breyt.till. á þingskj. 135. samþ. með 12 samhljóða atkv.; 3.—4. gr. samþ. með 13 samhlj. atkvæðum.

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 : 1 atkvæði.

Frumv. til laga um viðauka við og breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (C. 150); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. orðalaust með 14 : 1 atkv., og afgreitt síðan til efri deildar.

Tillaga til þingsályktunar um amtmannaembættin (C. 150); ein umr.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, þingm. A.-Sk.): Í mínu kjördæmi var í fyrra samþykkt sú tillaga, að amtmannsembætti það, er þá var laust, væri lagt niður, og sameinað hinu amtinu. Frv. í þessa átt kom og fram á þinginu í fyrra, og gekk það fram í þessari h. deild, en dagaði uppi í h. efri deild. Nú stendur svo á, að það embættið, sem þá var laust, er nú veitt, en hitt er aptur á móti laust nú. Það stendur því líkt á nú og í fyrra, og sýnist mjer vel við eiga, að þingið láti í ljósi vilja sinn um þetta nú, eins og þá, með því að jeg tel skyldu þess, að leggja það til, að fje landsins sje ekki varið til óþarfra embætta.

Jeg skal ekki fara langt út í málið fyr en jeg heyri mótmæli gegn því. Í fyrra þótti eigi rjett, að afnema það embættið, er þá var laust, heldur einmitt það, sem nú er laust, og var því ákveðið í frumv., að amtmaðurinn yfir Íslandi skyldi sitja í Reykjavík.

Hjer hafa á þessu þingi verið samþykkt lög um afnám embætta eptir að hin endurskoðaða stjórnarskrá er staðfest. En með því, að eptir kgl. augl. 15. des. f. á. eru lítil líkindi til, að þessi lög verði samþykkt fyrst um sinn, þá sýnist mjer þessi tillaga ekki óþörf.

Jeg hef talsvert hugsað þetta mál, og það er sannfæring mín, að það sje alls ekki ókleyft fyrir einn mann, að gegna báðum amtmanna-embættunum, svo framarlega sem skrifstofukostnaðurinn væri aukinn nokkuð, og það því fremur, sem sá, er gegnir nú amtmannsembættinu hjer, er gagn-kunnugur amtmannsembættinu fyrir norðan og austan.

Jeg þarf svo ekki að tala meira með málinu, því að jeg hygg að það mæli með sjer sjálft, og af þeim ástæðum, sem jeg hefi þegar talið, vona jeg, að h. deild taki málinu vel, því jafnvel þó að margir sjeu á þeirri skoðun, að rjettast væri, að bæði embættin væru lögð niður, þá sje jeg ekkert á móti því, að annað sje lagt niður fyrst og hitt svo seinna.

Pjetur Jónsson: Jeg fyrir mitt leyti get ekki verið með till. þessari að öllu leyti. Jeg er samþykkur því, að embættið verði látið standa óveitt í bráð, í þeirri von, að sú breyting komist á stjórnarfyrirkomulag vort, að frumv., sem samþykkt var í dag í þessari h. deild, um afnám embætta, verði að lögum.

En jeg get ekki sjeð, að þessi breyting, sem síðari hluti breyt.till. fer fram á, um stofnun eins amtmannsembættis fyrir allt landið, geti orðið nema með sjerstökum lögum. Þegar vjer nú

biðjum um þessi lög, þá getur litið svo út, að vjer gjörðum oss enga von um, að hin lögin fengju nokkurn tíma framgang og legðum þau á hilluna.

Þess vegna get jeg ekki verið með síðari hluta till., og vil jeg leyfa mjer, að óska þess, að hún verði borin upp í tvennu lagi, fyrst aptur að: »og gjörður verði«, og svo það sem þá er eptir af till.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg bað mjer hljóðs einmitt af sömu ástæðu og í sama tilgangi, sem h. þingm. S.-Þing. (P. J.). Því að eins fyllilega og jeg er samþykkur fyrri hluta till., eins er jeg algjörlega á móti síðari hluta hennar.

Jeg skal bæta því við athugasemd h. þingm. S.-Þing. (P. J.), að þegar stjórnin fær frá þinginu aðra eins till. og þessa, um að sameina atmannsembættin í eitt, þá hefur hún fyllstu ástæðu til að ætla, að hvorki þjóð nje þing hafi meint nokkurn skapaðan hlut með hinum marg-ítrekuðu kröfum sínum um að leggja amtmannaembættin niður, nje heldur nú með lögunum um afnám embætta, sem þetta þing samþykkir.

Það hefur lengi verið hið fyllsta áhugamál þjóðarinnar, og það hafa verið færðar góðar og gildar ástæður fyrir afnámi amtmannaembættanna. Haldist núverandi stjórnarfyrirkomulag landsins áfram um hríð, þá geta störf þeirra orðið leyst af hendi fyrir miklu minna fje og á mikið hagfelldari hátt fyrir landsmenn, með því, að leggja þau aðal-lega undir landshöfðingja-dæmið. Auðvitað þyrfti að bæta verkmanni við á skrifstofu landshöfðingja, öðrum ritara eða skrifstofustjóra, eða hvað maður vildi kalla hann.

Það er því álit mitt, að deildin megi með engu móti láta þetta niðurlag till. frá sjer fara. En fyrri hlutann tel jeg sjálfsagt að samþykkja í einu hljóði, og jeg vil skoða það sem prófstein á samvinnuvilja stjórnarinnar við þingið, hvort hún vill ekki verða við svona lítilli áskorun, að láta embætti þetta standa óveitt, á meðan það er efst á dagskrá hjá þingi og þjóð, að gjöra nýja skipun á stjórnarfyrirkomulagi sínu og umboðsvaldi.

Framsögumaður (Jón Jónsson, þingm. A.-Sk.): Jeg skal geta þess út af orðum h. þm. S.-Þing. (P. J.) og h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.), að jeg hef ekkert á móti því, að atkvæðagreiðslunni um till. sje skipt í tvennt, því mjer er nú mest annt um, að fyrri hluti till. fái framgang. En jeg fæ nú ekki sjeð, að það sje rjett, sem h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) hjelt fram, að till. í heild sinni sje yfirlýsing um, að þjóðin vilji halda amtmannsembætti hjer. Því þó að við höfum samþykkt lög um afnám embætta, þá er ekki að sjá af konungl. auglýsing 15. des.br. 1893, að slík lög muni öðlast gildi í bráð, og má því búast við, að hin núverandi embættaskipun haldist fyrst um sinn, nema að stjórnin kynni að láta það að orðum þingsins, að leggja annað amtmannsembættið niður, og skipa einn amtmann yfir land allt, eins og hún þegar hefir sjálfkrafa fækkað þessum embættum, og sömuleiðis skipað einn biskup hjer yfir land allt í stað tveggja, er áður voru.

ATKV.GR.: Fyrri hl. till. að »óveitt« samþ. með 16 samhlj. atkv.; síðari hl. felldur með 11 : 4.

Tillagan þannig breytt síðan afgreidd til landshöfðingja sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Beiðni um lögsóknarleyfi gegn 2 þingmönnum.

Forseti gat þess, að hann áliti rjett samkvæmt 32. gr. stjórnarskrárinnar, að bera málið upp í deildinni, þótt hin átöldu orð væru töluð í sameinuðu þingi. — Ennfremur tók forseti það fram, að hann hefði álitið það rjett, að

málið kæmi fram í tillöguformi, en að því leyti umræður snerti, þá vildi hann leyfa flutningsmanni að gjöra grein fyrir tillögu sinni, og eins þingmönnum að gjöra grein fyrir atkvæði sínu.

Benedikt Sveinsson: Jeg er samdóma h. forseta um, að eiginlega ættu engar umræður að verða um þetta mál, en »engin regla er án undantekningar«. Jeg gat vegna stöðu minnar sem forseti hins sameinaða þings ekki látið álit mitt í ljósi á kosningu h. þm. Mýr., þegar það mál var rætt á þinginu, en vegna stöðu minnar hefði jeg þó átt að taka fram í, ef mjer hefði fundizt vera talað vafalaust ósæmilegum orðum um þá, sem þar áttu hlut að máli. Jeg verð þess vegna nú að leyfa mjer að láta álit mitt í ljósi á framkomu h. þingdm. á fundinum, og um leið gjöra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli.

Jeg skal þá geta þess, að jeg tók mjög vel eptir því, sem fram fór á fundi hins sameinaða þings 4. þ. mán., enda þótti mjer málið mjög einkennilegt og eptirtektavert, en jeg gat ekki fundið, að þar væri viðhöfð orð, sem eptir atvikum gætu álitizt meiðandi, eða töluð í ærumeiðandi tilgangi. Jeg gat þess vegna heldur ekki sem forseti fundið ástæðu til að taka fram í fyrir hinum h. 1. þm. Eyf. (J. J.), og h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) fyrir sakir þess, að þeir gengi út fyrir þinglegt velsæmi, en jeg þóttist sjá, að þessir h. þingdm. væru svo innilega sannfærðir um, að hinn heiðraði kjörstjóri hefði ekki fylgt skýlausum lagaákvæðum viðvíkjandi þingmannskosningunni í Mýrasýlu, enda heyrði jeg engan þm. bera brigður á orð þau, er þeir töluðuðu um það atriði. Mjer fannst þeir líka eiga örðugt með að gjöra sjer skynsamlega grein fyrir, hvers vegna kjörstjórinn hefði vikið frá kosningarlögunum við þessa kosningu, svo freklega, eins og hann hafði gjört. Jeg held þeir hafi verið í vandræðum með að finna sennilega ástæðu fyrir því, hvers vegna kjörstjórinn hafi vikið frá lögunum, bæði að því er snerti auglýsingartímann og kjörstaðinn. Þetta virtist mjer þá svo í salnum, og jeg fæ heldur ekki annað sjeð af orðum þeirra, eins og þau síðan hafa verið prentuð í þingtíðindunum. Jeg get ekki sjeð, að þeir hafi talað með þeim hug, að vilja meiða hinn heiðraða kjörstjóra. Þeir benda á, hvað þeir hafi heyrt af öðrum um orsökina til þess, að kjörstjórinn vjek frá lögunum, og benda á, hvað geti skeð að mönnum muni geta komið til hugar, að honum hafi gengið til þess.

Það er tvennt, sem stendur ljóst fyrir mjer í þessu máli, og gefur mjer ástæðu til að vera á móti beiðni kjörstjórans um að fá að lögsækja þessa h. þingdm. Annað er það, að mjer finnast naumast geta orðið spursmál um, að hlutaðeigandi yfirvöld finni ástæðu til að skipa kjörstjóranum að höfða mál út af ummælum þeim, sem höfð voru um frammistöðu hans. Hin ástæðan er sú, að mjer finnst þá fara að tíðkast hin breiðu spjótin, ef á að fara að lögsækja menn fyrir hvert orð, sem talað er hjer frá þingbekkjunum, þó einhver kunni að finna sig snortinn af því. Eða hvað mundi þá verða úr hinu þinglega málfrelsi?

Jeg hefi nú verið á þingi síðan 1861 og hefi heyrt falla þar mý-mörg orð snertandi utanþingsmenn, sem meiri ástæða hefði verið til að fara í mál út af, en þau orð, sem nú þykja hafa verið svo meiðandi. Jeg álít því, að þessi beiðni sje fremur sprottin af veikri tilfinningarsemi en af lagalegri nauðsyn, og dettur mjer því fyrir mitt leyti ekki í hug að gefa leyfi til þeirrar lögsóknar, sem beiðnin fer fram á.

Flutningsmaður (Guðlaugur Guðmunds-

son): Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls í þessu máli, því jeg áleit það vera svo ljóst, að engum orðum þyrfti að því eyða, en nú finnst mjer annað ætla að verða uppi á teningnum, þar sem jafnglöggur þingmaður eins og h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) fer þannig í gönur, og ber það fram, sem alls ekki kemur málinu við. Neðri deildin á ekki að dæma um það, hvort orð þau, sem hjer ræðir um, hafi verið saknæm eða ekki, heldur á hún að láta í ljósi, hvort hún álíti að þetta þinglega frelsi eða þinglega ábyrgðarleysi eigi að ná svo langt, að gefa þingmönnum heimild til að hella út yfir fjarverandi menn orðum og sakargiptum, er þeir álíta meiðandi fyrir sig. Hjer er ekki spursmál um, að dæma um, hvort orðin hafi verið meiðandi eða ekki, heldur um það, hvort deildin vilji lofa dómstólunum að skera úr því, hvort svo hafi verið eða ekki. Jeg fyrir mitt leyti sagði strax í umræðunni á hinu sameinaða þingi um kosningu þm. Mýram., að það væri mitt álit, að slík orð, sem þessir h. þingdm. töluðu þá, ættu ekki við hjer á þingbekkjunum. Jeg skal geta þess, að ákvæði 32. gr. stjórnarskrárinnar miðar, að mínu áliti, einungis til þess að fyrirbyggja pólitiskar ofsóknir á hendur þingmönnum, en alls ekki til þess að fyrirbyggja lögsókn á hendur þeim, er þeir ráðast á fjarverandi menn, sem ekki geta talað fyrir sig á þinginu. Jeg veit líka, að þeir þingdm., sem hjer eiga hlut að máli, eru svo drengilegir, að þeir vilja heldur svara til orða sinna, en skríða í felur bak við þinghelgina.

H. forseti sagði, að svona mál hefði ekki komið fyrir hjer á þingi fyr. Það getur vel verið; en líkt þessu kom fyrir á ríkisþingi Dana, þegar jeg var í Höfn. Þá bað Björnbak þingið um leyfi til að mega lögsækja Kofod fyrir meiðyrði, og sá sem þá lagði sterkast með því, að leyfið yrði veitt, var einmitt Kofod sjálfur.

Jeg sje ekki að hjer sje um það að ræða, að hepta málfrelsi þingmanna, enda mundi sitja sízt á mjer að óska, að það verði gjört, því fáum mun hættara en einmitt mjer að taka of djúpt í árinni. Færri munu gjarnari á að hætta sjer nær línunni en jeg.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) kvaðst ekki ímynda sjer, að landstjórnin mundi finna ástæðu til að skipa kjörstjóranum að höfða mál út af þeim orðum, sem hjer fjellu um hann; jeg býst heldur ekki við því; en hann getur höfðað mál út af þessum orðum upp á eigin hönd og á eigin kostnað. Jeg ætlaði mjer ekki að fara sjerstaklega inn á skoðun mína um það, hvað í því lægi, að veita þetta leyfi eða neita um það, og gjöri það heldur ekki meðan ekki koma fram enn sterkari mótmæli gegn því, að leyfið verði veitt.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) talaði um, að þessir h. þm. hefðu auðsjáanlega verið í vandræðum með að finna, hvers vegna kjörstjórinn hefði vikið þannig frá lögunum; en nefndin fór ekkert inn á það spursmál, enda kom þinginu ekkert við að dæma um það, heldur að eins um afleiðingarnar af frávikningunni frá lögunum eða gildi kosningarinnar.

Jeg skal að endingu taka það fram, að jeg beindist alls ekki með tillögu minni að h. forseta sameinaðs þings. Jeg álít, að forseta sje ekki skylt að blanda sjer í, þó slík orð falli í þingsalnum. Forseti gat vel hafa gegnt skyldu sinni, þó slík orð fjellu í salnum undir umræðunum. En það er allt annað mál, þó menn hjer í þingsalnum sjeu ekki hörundsárir fyrir meiðandi orðum, þar sem allir standa jafnt að vígi, en annað, þegar þingmenn

beinast hjer í salnum að mönnum, sem eru fyrir utan salinn, því það er sama sem að vega að vopnlausum manni. Þegar þess vegna hlutaðeigandi óskar að bera undir dómstólana, hvort hann eigi skilin þau orð, sem um hann hafa verið töluð hjer í salnum, þá finnst mjer ódrengilegt að neita honum um það. Það er auðvitað, að h. 1. þm. Eyf. (J. J.), og þm. Strand. (Guðj. G.) geta endurtekið orð sín utan þings, og getur hlutaðeigandi þá höfðað mál á móti þeim; en það er líka til annað meðal til þessa, en sem jeg ekki hirði um að benda á hjer.

Benedikt Sveinsson: Jeg vil að eins gjöra eina athugasemd við ræðu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.). Jeg get ekki skilið, að þó h. þingdm. neiti um þetta leyfi, að þeir gefi þar með í skyn, að þeir vilji framvegis leyfa þm. að ausa alls konar meiðyrðum yfir fjarverandi menn. Jeg fyrir mitt leyti vildi ekki ráða þinginu til að vera ekki frjálslynt, ef skynsamleg ástæða væri til að láta dómstólana dæma um orð þingmanna. En jeg hefi sýnt, að hjer væri ekki um nein meiðyrði að tala, og því engin skynsamleg ástæða til að veita þetta leyfi.

Einar Jónsson: Jeg hefi opt hneykslazt á því, þegar jeg hefi heyrt að meiðyrðamál hafi risið út af einhverju lítilfjörlegu tilefni. Mig furðar á því, hve opt rísa mál á þessu landi út af slíku. Þau orð, sem hjer fjellu um daginn í sameinuðu þingi, eru ein af þeim umyrðum, sem mig furðar á, að menn skuli reisa mál af í daglegu lífi, og eins furðar mig á því hjer á þinginu. Jeg get því ekki gefið mitt atkvæði með því, að slíkt mál sje höfðað, sem hjer ræðir um, því að jeg álít slík málaferli yfir höfuð mjög þýðingarlítil og sjaldan sanna það, sem þeim er ætlað að sanna. Auk þess mundi það að líkindum verða eitt af þessum gjafsóknarmálum, sem ekki hafa nú sjerlega mikla hylli. Jeg held helzt, að hinn heiðraði kjörstjóri, sem hjer hefir fundið sig meiddan, hafi þegar fengið sinn dóm um það, hvort hann hafi beitt hlutdrægni eða ekki, og dómstólanna þurfi þar ekki við. Hann hefir þann dóm í almenningsálitinu, sem dæmir hann sekan, ef hann er sekur, enda þótt dómstólarnir dæmi hann sýknan, eins og það dæmir hann sýknan, ef hann er sýkn, enda þótt dómstólarnir dæmi hann sekan. Það er það vanalega um þess háttar mál, að það verður hvorki til að auka eða skerða virðingu þess, er í hlut á, hvað dómstólarnir dæma um þau. Þau eru optast þannig löguð. Ef hjer væri um mjög stórfelld meiðyrði að ræða, þá væri nokkuð annað mál, þó sá, sem fyrir þeim yrði, fengi að höfða mál gegn þeim þingmanni, sem ráðizt hefði á hann; en jeg vil ekki koma þeirri reglu á, að menn geti lögsótt þingmenn, þó þeim hrjóti óþægileg orð af vörum, ef þau eru ekki stórvægilega meiðandi.

Flutningsmaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg kalla h. þm. N.-Múl. (E. J.) glöggan, að geta svona fyrir fram kveðið upp dóm í þessu máli fyrir dómstólana. Honum finnst hlutaðeigandi ekki hafa orðið fyrir stórvægilegum meiðyrðum; en ef hann hefir sýnt hlutdrægni á kjörfundinum, þá er það þó alllaglegur glæpur, engu betri en ef prestur sneri við »faðirvor« á stólnum, læsi hana aptur á bak, en það ímynda jeg mjer að h. þm. mundi ekki álíta sæmilegt.

ATKV.GR.: Tillaga svo hljóðandi: »Neðri deild alþingis ályktar að veita leyfi til, að höfðað sje mál fyrir dómstólunum, samkvæmt beiðni sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, gegn þm. Strand. (Guðj. G.) og 1. þm. Eyf. (J.

J.), út af ummælum þeirra um kjörstjórann í Mýrasýslu á fundi sameinaðs þings 4. þ. m.«, var felld með 12 : 3 atkv.

Tuttugasti og fjórði fundur, mánudag 27. ágúst kl. 3½ e. hádegi. Allir á fundi.

Þingsályktunartill. frá nefndinni um, hvernig skuli minnast þess 1895, að hið endurreista alþingi Íslendinga þá er orðið 50 ára gamalt (C. 156); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu og var það samþykkt.

Tuttugasti og fimmti fundur. þriðjudag 28. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Tillaga til þingsályktunar viðvíkjandi útgáfu Fornbrjefasafnsins (C. 152, 164); ein umr.

Pjetur Jónsson: Af því að jeg á hjer breyt.till. við þingsál.till., ætla jeg mjer að fara nokkrum orðum um málið. Fyrst, þegar jeg sá till. þessa, þá hafði jeg hugsað mjer að greiða atkvæði móti henni; mjer fannst, að þingið ætti ekki að fara að hlutast til um þetta mál, því eins og það vakti fyrir mjer þá, fannst mjer, að hjer væri að eins að tala um einhvern ágreining milli dr. Jóns Þorkelssonar og bókmenntafjelagsins, og það, sem stæði á, væri, að dr. Jón Þorkelsson gæti eigi fengið þann styrk útborgaðan, sem honum er veittur til þess að vinna að hinu íslenzka Fornbrjefasafni. Eptir því, sem mjer hefir verið skýrt frá, eiga eiginlega að vera 2 atriði, sem standa á milli, fyrst það, að dr. Jón vildi ekki lesa prófarkir borgunarlaust, og svo í öðru lagi það, að bókmenntafjelagið hafi ekki sjeð sjer fært, að gefa það út, sem tilbúið er af Fornbrjefasafninu, að sinni, og dr. Jón því ekki getað fengið styrkinn útborgaðan.

Viðvíkjandi prófarkalestrinum fannst mjer ekki rjett, að þingið færi að hlutast til um þennan ágreining milli hlutaðeigandi og bókmenntafjelagsins, þannig að hann fengi styrkinn útborgaðan, hvort sem gengi saman eða ekki, með því að skipa stjórninni að borga út styrkinn. Þess vegna hefi jeg komið fram með þessa breyt.till. mína.

En ef fjelagið, þrátt fyrir það að dr. Jón vildi ganga að því að lesa prófarkir ókeypis, samt af einhverjum öðrum orsökum ekki vildi gefa út Fornbrjefasafnið, þá væri ekki sanngjart, að dr. Jón missti styrkinn, og gengi nú dr. Jón að þessu skilyrði bókmenntafjelagsins og læsi prófarkir ókeypis, þá finnst mjer vera fengin trygging fyrir, að hann fái styrkinn útborgaðan, hvort sem nokkuð er gefið út eða ekki. Þess vegna hefi jeg komið fram með þessa breyt.till- mína, og ef hún ekki verður samþ., þá get jeg ekki greitt atkvæði með till.

Jón Þórarinsson: Jeg bað um orðið af því, að jeg hjelt, að málið ætlaði að ganga alveg umræðulaust gegnum h. d. En þá varð h. þm. S.-Þing (P. J.) á undan mjer, og jeg get ekki neitað, að þessi breyt.till. eða viðaukatill. hans kom mjer nokkuð undarlega fyrir, en jeg hafði ekki sjeð hana fyr en í þessu augnabliki. Jeg man ekki betur en að á síðasta þingi kæmi fram breyt.till. við fjárlögin í sömu átt, að skylda dr. Jón Þorkelsson til að lesa prófarkir endurgjaldslaust, en sem var felld. Þess vegna finnst mjer það alveg meiningarlaust fyrir h. d., að fara að taka hana upp aptur nú.

Finn jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða um málið að öðru leyti, en vil að eins leyfa mjer að leggja það til, að breyt.till. þessi verði felld.

Flutningsmaður (*Guðjón Guðlaugsson*): Þessi þingsál.till. er ekki neitt nýtt, heldur er hún að eins útskýring á því, sem þingið meinti, þegar það veitti þennan styrk. Þessu víkur þannig við, að stjórnin í Kaupmannahöfn hefir neitað dr. Jóni Þorkelssyni um útborgun á þeim 800 kr. styrk fyrir að vinna að útgáfu Fornbrjefasafnsins, sem honum bar að fá í ár, af því að hún skildi 13. gr. C. 7. í fjárlögunum frá í fyrra, þar sem styrkur þessi er veittur, svo, að hún væri ekki skyldug til að borga út styrkinn nema því að eins, að gefnar hefðu verið út 50 arkir af Fornbrjefasafninu. Þó að þessi þingsál.till. hafi komið fram, þá er það alls ekki meiningin með henni, að álasa stjórninni fyrir það, að hún vildi ekki borga út styrkinn, heldur að eins sú, að láta stjórnina vita, hver meining þingsins hafi verið, þegar það veitti styrkinn. Það er sannfæring mín, að sú var meining þingsins í fyrra, að dr. Jón fengi styrkinn, svo framarlega sem hann sýndi handritið, hvort sem það væri gefið út eða ekki, enda var það ekki hann, sem átti að gefa það út, heldur var það hið íslenzka bókmenntafjelag. En það er einkanlega þetta, sem jeg vildi taka fram, að þetta ákvæði, að styrkurinn væri bundinn við 50 arkir og að dr. Jón Þorkelsson læsi prófarkir án sjerstaks endurgjalds, var nærri því orðjett í fjárlagafrumv. stjórnarinnar í fyrra. En þetta var hvorttveggja fellt á þinginu í fyrra, og mjer finnst það því ósamkvæmni af þinginu, að fara að taka það upp aptur nú í ár. Jeg þarf því að minni hyggju ekki að tala mikið fyrir málinu; því það er að eins meiningin, að þingið gefi stjórninni til vitundar, hver var meining þess í fyrra. Hjer er ekki neitt spursmál um, hvort styrkurinn sje heppilega veittur eða ekki, heldur að eins, hvort þingið vill kannast við og staðfesta gjörðir sínar.

Viðvíkjandi prófarkalestrinum er þetta að vísu meira vandamál. Það er full orsök til þess, að þingið vilji styðja að því að Fornbrjefasafnið komi út —; annars væri engin meining í að vera að veita styrkinn. En þetta snertir fjárlögin og það er því spursmál um, hvort þingsál.till. eigi hjer við. Mjer fyrir mitt leyti sýnist nú, að þingsál. till. geti alveg eins vel átt hjer við, eins og opt endrarnær, þegar þingið hefir gjört það með þingsál.till., sem það ekki hefir viljað setja í fjárlögin.

Jeg ætla mjer ekki að tala með eða móti málinu, en jeg fyrir mitt leyti vildi helzt, að þetta skilyrði hefði verið sett, sem var í stjórnarfrumv. í fyrra, að dr. Jón læsi prófarkir endurgjaldslaust, en úr því þingið nú einu sinni hefir ákveðið, að þetta skuli eigi vera skilyrði fyrir útborgun styrksins, get jeg ekki betur sjeð, en að það sje skylda þingsins að sjá um, að hann fái borgun fyrir sitt verk.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla að eins að taka það fram, að mjer er ómögulegt að sjá, að viðaukatillaga mín sje neinn viðauki við fjárlögin; því það, sem till. fer fram á, er að eins það, að skora á stjórnina að gjöra það, sem hún samkvæmt fjárlögunum hefir heimild til að gjöra. En meiningin með breyt.till. minni er sú, að þegar dr. Jón Þorkelsson er búinn að semja við Bókmenntafjelagið um prófarkalesturinn, þá fái hann styrkinn útborgaðan skilyrðislaust, hvort sem safnið er gefið út eða ekki. Annars gjöri jeg mjer þetta ekki að neinu kappsmáli.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg hefði helzt

óskað, að þessi þingsál.till. hefði ekki komið fram í þetta sinn, því jeg vil ætíð geta haft einhverja hugmynd um það, hvað rjett er í því máli, sem jeg á að leggja dóm á eða greiða atkvæði um, en í þessu máli hefi jeg enga hugmynd um, hvað rjettast er; til þess vantar allar upplýsingar. Jeg hefi að vísu ýmislegt heyrt um þetta mál, frá Bókmenntafjelagsfundinum í Kaupmannhöfn næstliðið vor, en það eru lausafregnir, sem þingið getur ekki bygt á. Jeg hefi heyrt, að á þessum fundi hafi komið fram talsverðar útásetningar við handritið frá mönnum, sem skyn bera á í því efni, en þó hafi Bókmenntafjelagið gefið kost á því að taka handritið til prentunar, svo framarlega sem höfundur handritsins væri fús á að lesa prófarkirnar ókeypis.

Jeg skil ekki, hvaða ástæður eru til þess, að málið hefir ekki komið fyr inn á þingið, fyrst það átti hjer að berast fram; mig furðar á, að það kemur fyrst nú, þegar sá eini maður er farinn af þingi, sem bezt gat gefið upplýsingar um málavexti, nefnilega þm. Vestm. (dr. Valtýr Guðmundss.). Hann hefði getað gefið þær nauðsynlegu upplýsingar, því hann var á áðurnefndum Bókmenntafjelagsfundi, og er í stjórnarnefnd fjelagsins.

Jeg verð að játa, að mjer sýnist það undarlegt, ef þingið fer að hlutast um útborgun á styrkveiting þessari eða taka fram fyrir hendur stjórninnar í svona lítilsverðu atriði. Hún hefir heimild til, að útborga fjeð eptir fjárlögunum, þegar viss skilyrði eru uppfyllt; hún hlýtur sjálf að vera kunnugust öllum málavöxtum, og hefir auðvitað haft sínar ástæður fyrir því, að neita um útborgun styrksins. Þingið getur ekki dæmt um málið, því á báðar hliðar vantar allar nauðsynlegar upplýsingar. Þegar fjárlögin voru samin, hefir sjálfsagt verið sú meining þingsins, að veita fjeð fyrir handritið, væri það gott, en ekki ótakmarkað, hvernig sem það væri af hendi leyst. Handritið hefir ekki verið hjer til sýnis, og enginn hjer þekkir það. En hjer vill svo vel til, að sami maður er forseti Bókmenntafjelagsins og skrifstofustjóri við íslenzku skrifstofuna í Kaupmannahöfn, svo að hann hlýtur að vera kunnugri handritinu og málavöxtum en þingið, og á hægra með að gefa ráðgjafa-stjórninni nægilegar upplýsingar. —

Vegna ókunnugleika ætla jeg ekki að greiða atkv. í þessu máli, nema jeg neyðist til með nafnakalli. Þá mun jeg fyrir mitt leyti neita málinu framgöngu.

Jón Jónsson (þm. A.-Skaptf.): Jeg vil, út af þeim orðum h. 1. þm. Árn. (Tr G.), að þingið hefði ekki kunnugleika á þessu máli, geta þess, að þó því sje ef til vill ekki fullkunnugt um það, þá getur það þó að nokkru dæmt um það, einmitt af því sem út er komið af Fornbrjefasafninu; það getur gjört sjer nokkra grein fyrir, hvort útgáfa þess sje ekki svo af hendi leyst, að vert sje að styrkja hana, og jeg vona að flestir muni telja útgefanda þess starfi sínu vel vaxinn. Þótt mjer sje ekki gjörkunnugt um samband útgefandans við Bókmenntafjelagið eða viðskipti hans við það, þá mun ekki fjarri sönnu, þó jeg heimfæri upp á þessi viðskipti hið forna orðtak, að »sjaldan veldur einn þá er tveir deila«. Tilgangur vor með fjárveitingunni í fyrra var sjálfsagt ekki sá, að hún skyldi að engum notum koma, heldur hinn, að flýta fyrir útkomu safnsins. Tillaga vor stefnir því beint að því, að tilgangi þingsins 1893 með fjárveitingunni verði náð.

Jeg fyrir mitt leyti hefi ekki mikið á móti því, að viðaukatillaga h. þm.

S.-Þing. (P. J.) komist að, því að jeg álít það nauðsynlegt, að útgefandi safnsins lesi sjálfur af því prófarkirnar þegar það verður gefið út, en að öðru leyti tel jeg það sjálfsagt að þessi tillaga geti ekki orðið því til fyrirstöðu, að hann fái styrkinn útborgaðan, þegar önnur skilyrði eru fengin fyrir útborguninni, þótt hann hafi ekki lokið prófarkalestrinum, heldur verði það látið nægja, að hann skuldbindi sig til að lesa prófarkirnar þegar safnið verður prentað.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að, áður en jeg afgreiði mál þetta til stjórnarinnar, þarf jeg að hafa fengið skýra yfirlýsing um það, hvort það sje tilætlunin, að ritlaunin sjeu greidd útgefanda Fornbrjefasafnis, hvort sem handritið verður prentað að sinni eða ekki. Ef það er meiningin, að borga styrkinn fyrir handritið sem handrit, hvort sem það verður prentað eða ekki, þá þarf það að koma ljóslega fram, því að öðrum kosti verður stjórninni ekki láð, þótt hún vilji ekki borga styrkinn, ef safnið kemur ekki út.

H. flutningsmenn segjast hafa komið fram með þingsál.till. þessa til þess, að greiða fyrir því, að Fornbrjefasafnið kæmi út. Jeg fæ ekki sjeð, hvernig ályktunin stefnir að þessu, og vildi jeg því óska, að h. flutningsmenn gjörðu gleggri grein fyrir því, hvernig þeir hugsa sjer að slíkt geti orðið; sömuleiðis vil jeg enn taka það fram, að jeg óska að það komi glögglega fram í umræðunum, hvort tilætlun deildarinnar sje, að fjárstyrkurinn sje borgaður, hvort sem Fornbrjefasafnið verður prentað eða eigi.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg vil leyfa mjer að segja fá orð út af orðum hæstv. landsh. Jeg tek það þá fyrst fram, að jeg álít, að þessi tillaga sje bein afleiðing af skoðun þingsins 1893 á þessu atriði; hún er að eins ljósari skýring á því, hvað þingið þá meinti með skilyrðunum fyrir styrkveitingunni til Fornbrjefasafnsins; þau eru nokkuð óljóst orðuð, og því er, eins og nú standa sakir, þörf á þessari skýringu. Reyndar verð jeg að álíta, að meining þingsins með styrkveitinguna sje fullgreinilega tekin fram í fjáraukalögunum fyrir árin 1892—1893; þar segir svo: »Borga skal útgefanda safnsins upphæð þá, allt að 600 kr., er veitt var fyrir árið 1893, þegar handrit, er ætla má að nemi 24 prentuðum örkum, er albúið undir prentun, en skylt skal honum að láta handritið af hendi jafnskjótt er þess þarf til prentunar«. Hjer er það ljóslega tekið fram, að þingið ætlaðist til, að stjórnin greiddi styrkinn af hendi, þegar handrit væri albúið, án tillits til þess, hvort Bókmenntafjelagið eða aðrir treystu sjer til að láta þegar prenta það eða ekki. Sama skilning legg jeg í þingsál.till. Jeg skil hana svo, að hún eigi að skýra óljós orð þingsins 1893 um það, hvaða þýðingu það legði í fjárveitinguna. Reyndar er þessi skýring óbeinlínis komin fram í fjáraukalögunum, en meiningin er, að láta hana koma hjer beinlínis fram. Svona horfir málið við fyrir mjer, og af þessum ástæðum greiði jeg atkv. með tillögunni.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Jeg skal leyfa mjer að fara fám orðum um ræðu h. 1. þm. Árn. (Tr. G.). Að því er snertir ágreininginn milli Bókmenntafjelagsins og dr. Jóns Þorkelssonar, þá er oss að vísu ekki fullkunnugt um það mál, en að líkindum mun vera óhætt að taka undir með h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) um, að »sjaldan veldur einn þá er tveir deila«. En að öðru leyti ætla jeg ekki að gjöra mig að dómara í því máli.

Hvað viðvíkur aðfinningum þeim á handritinu, sem einn maður, dr. Finnur Jónsson, á að hafa komið fram með á Bókmenntafjelagsfundi, þá munum vjer hafa svo óljósar fregnir af þeim, að ekki sje mikið hægt að byggja á því. Jeg hefi t. d. heyrt sagt, að dr. Finnur hafi gjört miklar athugasemdir við handritið, en jeg hefi líka heyrt annan segja, að hann hafi að eins fundið þrjár smávillur, og það villur, sem auðsjáanlega gátu verið prentvillur einar. Þegar dæma á á milli svona gagnstæðra frjetta, þá tel jeg rjettast fyrir þingið að taka ekkert tillit til þeirra. Þar sem h. þm. Árn. (Tr. G.) kastaði fram þeirri spurningu, hvort það væri meiningin, að veita fjeð hvort sem verkið væri vel eða illa að hendi leyst, þá sýnist mjer rjettast að þingið sleppi alveg dómsvaldi sínu um það, hvernig verkið er af hendi leyst, í hendur Bókmenntafjelagsins; það á að standa betur að vígi en h. deild, til að skera úr slíku, og ætla má, að það sem vísindafjelag geti ekki verið þekkt fyrir að gefa handritið út, nema það sje sæmilega af hendi leyst.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) tók það svo skýrt fram, að tillaga þessi væri að eins nánari útskýring á gjörðum þingsins í fyrra, að jeg hefi engu þar við að bæta. En viðvíkjandi orðum hæstv. landsh. um það, hvort það væri meiningin að fjeð væri borgað út, hvort sem Fornbrjefasafnið yrði gefið út eða ekki, þá lýsi jeg því yfir, að sú er mín meining, og það álít jeg að hafi verið meining þingsins í fyrra, en þó auðvitað með þeim fyrirvara, að það sje ekki sök dr. Jóns Þorkelssonar, ef safnið kemur ekki út. Jeg tel það æskilegt, að þingið gæti orðið miðill milli Bókmenntafjelagsins og dr. Jóns Þorkelssonar, ef það eitt hefir staðið í vegi fyrir útgáfu safnsins, að samningar hafa eigi komizt á milli þeirra um einhver einstök ágreiningsatriði, en þó safnið geti ekki komið út af einhverjum öðrum ástæðum, þá finnst mjer þingið með ánægju geta stuðlað að því, að dr. Jóni Þorkelssyni sje borgað fjeð út.

Einar Jónsson: Mjer finnst nokkuð vanta í tillögu þessa, sem jeg vildi að kæmi fram að minnsta kosti í umræðunum. Í tillögunni er nefnilega ekkert gjört ráð fyrir afhending handritsins, en jeg vildi að fyrir því yrði sjeð, að það yrði afhent um leið og styrkurinn fyrir samningu þess er borgaður út, enda mun sú hafa verið tilætlunin, þegar styrkurinn var veittur. Fjáraukalögin fyrir árið 1893 benda líka til þess, að þetta hafi vakað fyrir mönnum, þótt það sje reyndar nokkuð á annan veg orðað, en jeg vildi að staðið hefði í tillögunni. Í fjáraukalögunum segir svo: »En skylt skal honum að láta handritið af hendi jafnskjótt, er þess þarft til prentunar«. En hjer hefði jeg viljað að fram hefði komið annaðhvort í tillögunni eða umræðunum, að skylt skyldi honum að láta handritið af hendi jafnskjótt er hann hefði fengið útborgaðan styrkinn fyrir samningu þess. Allra helzt væri þörf á þessu skilyrði, ef ekki eru líkindi til, að handritið yrði gefið út í bráð, því að vel mætti svo fara, einkum ef dr. Jón Þorkelsson fjelli frá áður en handritið yrði prentað, að vafi mundi þykja á, hvort Bókmenntafjelagið hefði heimild til handritsins eða ekki.

Landshöfðingi: Út af orðum h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) skal jeg geta þess, að jeg get ekki skilið þessa tillögu öðru vísi en svo, að höfundur handritsins sje jafnt eigandi þess fyrir það, *þótt* hann fái útborgaðan styrkinn til samningar þess. Jeg skoða styrkinn að eins sem samningarstyrk, en að hann eigi

handritið sjálfur, og að honum sje frjálst að semja við hvern sem hann vill um útgáfu þess. Að eins hvílir sú skylda á honum, ef viðaukatillaga h. þm. S.-Þing. (P. J.) verður samþykkt, að lesa prófarkirnar ókeypis. Það er ljóst af fjáraukalögunum fyrir árið 1893, að höfundurinn er eigandi að handriti því, sem þar ræðir um, þrátt fyrir það, þótt hann fái styrkinn til að semja það, en nú hefir h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) tekið það fram, að eins skuli farið með útborgun þá, sem þingsál.till. ræðir um, eins og með útborgunina eptir aukafjárlögunum fyrir árið 1893; af því leiðir það, að handritið á og að vera eign dr. Jóns Þorkelssonar, jafnt eptir að styrkurinn er greiddur sem áður.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Jeg gleymdi áðan að tala um það, að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) þótti það kynlegt og óheppilegt, að tillaga þessi skyldi ekki koma fram fyr en eptir að h. þm. Vestm. (V. G.) var kominn af þingi. Það er ekki gott fyrir mig að gera grein fyrir því, hvers vegna tillagan er svo seint komin fram, því að mjer dettur ekki í hug að leyna því, að jeg er að eins flutningsmaður hennar fyrir hönd dr. Jóns Þorkelssonar. En eins og oss er kunnugt, þá hefir hann átt all annríkt um þingtímann; er því ekki ólíklegt, að þetta annríki sje orsök þess, að hún hefir ekki komið fyr fram. Jeg hefði eins og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) helzt kosið, að tillagan hefði komið fram á meðan h. þm. Vestm. (V. G.) sat á þingi; en þó finnst mjer, að slíkt geti alls ekki að neinu ráðið úrslitum málsins, allra sízt þar sem h. þm. Vestm. (V. G.) hefði verið einn um, að skýra málið, án þess dr. Jóni Þorkelssyni gæfist kostur á að koma með þær upplýsingar, sem honum hefðu fundizt nauðsynlegar, þar sem hann á ekki sæti á þingi. Væri svo, að það væri nauðsynlegt, að h. þm. Vestm. (V. G.) sæti á þingi, til þess að tillaga þessi yrði rædd og útkljáð, þá hefði hún alls eigi getað komizt að, ef svo hefði eigi viljað til, að hann var kosinn þingmaður fyrir eitt kjördæmi landsins, en það hefði verið nokkuð hart, ef hún hefði orðið að útilokast fyrir þá sök, og jafnhart er það, ef það skyldi eiga að verða henni að tálma, að þingmaðurinn (V. G.) varð að fara af þingi fyrir þinglok.

Viðvíkjandi athugasemd h. þm. N.-Múl. (E. J.), þá hefir hæstv. landsh. tekið fram á þá leið, sem jeg álít rjett sje, enda álít jeg það sennilegt og sanngjarnt, að hann eigi handritið sjálfur, en sje að eins skuldbundinn til að hafa það til, þegar á að prenta það.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskj. 183 var samþykkt með 11 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum ógreinilegrar atkv.gr., og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Sigfússon,	Ben. Sveinsson,
Eiríkur Gíslason,	Halld. Daníelsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	Jón Þórarinsson,
Jón Jónsson, A.-Sk.,	Sig. Gunnarsson,
Jón Jónsson, Eyf.,	Þórð. Guðmundss.,
Ólafur Briem,	Þorl. Guðmundss.
Pjetur Jónsson,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórh. Bjarnarson,	

Sighv. Árnason, 1. þm. Rangv., var ekki viðstaddur.

Tillagan sjálf þannig breytt var því næst samþ. með 13 samhlj. atkv. og afgreidd til landshöfðingja sem þingsályktun frá neðri deild alþingis.

Tillaga til þingsályktunar um afmæli alþingis (C. 76, 156); ein umr.

Framsögumaður (Sigurður Gunnarsson): Af því að mjer hefir óverðskuld-

uðum hlotnazt að verða fyrir þeim heiðri, en jafnframt tvísýna heiðri, að vera kosinn framsögumaður þessa máls, þá verð jeg að tala nokkur orð. Jeg veit, að h. deild muni sjá, hvað jeg á við, að þótt alþingi, þessi forna og fræga stofnun, sje eitt og saga þess að eins ein, kemur þó málið í deildina í tvennu lagi og hlýtur það að spilla mjög fyrir því, og tel jeg slíkt sjerstaklega óheppilegt; og sá tvísýni heiður, er jeg nefndi, liggur í því, að nefndin hefir klofnað í starfi sínu.

Þegar ræða er um það, hvernig heppilegast sje að minnast 50 ára afmælis alþingis frá því að það var endurreist síðast, þá getur verið um margt að ræða; en nefndinni fannst, að gjöra ætti eitthvert starf, er þjóðinni gæti orðið til sóma og jafnframt bætti úr einhverri brýnni þörf. En það getur auðvitað verið álitamál, hvað helzt eigi að velja, því það mætti finna mjög margt, því hinar brýnu þarfir eru margar. En þegar er að ræða um endurreisn alþingis, þá var meiri hluti nefndarinnar einhuga í, að velja eitthvað það, er fullnægt gæti sóma þjóðarinnar og brýn þörf væri á og sem stæði í nánu sambandi við sögu alþingis og lýsti sjerstaklega eðli þessarar stofnunar. Jeg álít, að alþingi sje, ef jeg má svo að orði kveða, sál þjóðarinnar, og þar af leiðir, að gegn um alþingi hugsar þjóðin, talar, og gjörir ályktanir þjóðinni til framfara. En þar af leiðir, að þingið og þingmenn eru skyldir til, að sjá fyrir andlegum framförum þjóðarinnar, því andinn er æðri en líkaminn; og vantaði andann, hvað væri þá líkaminn? En til þess heyrir, að þingið og þjóðin reyni að varðveita þann andlega auð, sem hún hefir fengið í arf frá umliðnum öldum, og reyni að leiða góða andlega strauma frá umliðna tímanum inn í nútímann og ókomna tímann, leiða þá inn á sjónarsvið lífsins, svo þau geti frjófgað andleg fræ í brjóstum manna og sem beri ríkulega ávexti handa hinum komandi kynslóðum. Þessi andlegi arfur er fólginn í söfnum þeim, er nefnd eru í tillögu þeirri, er meiri hluti nefndarinnar ræður h. deild til að samþykkja. Það eru fjársjóðir frá umliðnum öldum, sem hún vill láta leiða fram í birtuna, sem hafa svo slæmt húsrúm nú sem stendur, að þeir liggja undir skemmdum. Einkum á þetta við ýmsa muni úr Forngripasafninu, sem geta ekki fengið húsrúm. Af þessu leiðir, að ekki er hægt að koma nokkurri röð og reglu á safn þetta, þar sem margir góðir gripir liggja í bunka, svo almenningur getur engin not haft af þeim. Hið sama má segja um litmyndasafnið. Þar er enn þá margt, sem er geymt niðri í kössum, vegna þess, að rúm er ekki til, og aðrar myndir, sem hengdar eru upp, eru komnar í ranga hillu, þar sem þær taka sig ekki út. Hið sama má að nokkru leyti segja um bókasöfnin. Þessi gripasöfn eru andlegir fjársjóðir, sem þjóðinni og þinginu er skylt að hlynna að, og á að láta fara vel um þau, svo þau geti borið þjóðinni blómlega ávexti. Þetta er heldur engin ný bóla, að rætt er um að reisa stórhýsi fyrir söfn landsins, því mál þetta kom til umræðu á síðasta þingi, að brýn þörf væri á slíku stórhýsi, og auk þess hefir þessi þingdeild lagt undirstöðuna í þessu máli nýlega, þegar hún samþykkti að reyna að útvega lóð undir þetta stórhýsi. Það er sjálfsagt, að margt getur verið mjög þarflegt, og vandasamt að ráða úr, hvað helzt eigi að sitja í fyrirrúmi, en þegar um það var að ræða, að minnast endureisnar alþingis, þá gat meiri hluta nefndarinnar ekki blandazt hugur um, að þetta fyrirtæki væri bezt til þess fallið, því það stendur í

svo nánu sambandi við eðli þingsins og sögu þess og bætir um leið úr mjög brýnni þörf landsins.

Minni hluti nefndarinnar kveðst ekki vilja spilla fyrir því, að þessa afmælis alþingis sje minnzt á einhvern heppilegan hátt, en hann gleymir að láta í ljósi, hvað hann álítur heppilegan hátt. Jeg get vel trúað því, að hann vilji ekki spilla fyrir málinu, en mjer finnst hann gjöra það samt sem áður. Það fer fyrir honum nokkuð líkt í þessu máli eins og stendur á einum stað, sem hann mun kannast við: »Það sem jeg vil, gjöri jeg ekki, en það sem jeg ekki vil, gjöri jeg«. — Að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta mál, en vonast til þess, að h. þingd. samþykki till. þá, sem hjer liggur fyrir, þótt hún sje ekki ákveðnari en þetta. Hjer er ekki tekið fram fyrir hendur þingsins, heldur er þetta að eins sterk bending frá nefndinni, hver sje vilji þingsins í þessu máli.

Þórhallur Bjarnarson: H. framsögum. meiri hlutans (Sig. G.) talaði andans máli fyrir hinn æðri og meiri eða hinn andlega hluta nefndarinnar, en jeg, sem er einn hinum megin, verð þá að vera fyrir hinn óæðri og minni hluta, og dæmist til að vera líkami nefndarinnar og tala hans máli, og læt jeg mjer það vel líka.

Jeg held fast við ágreiningsatkvæði mitt, en lýsi því jafnframt yfir, að þó að jeg og fleiri h. þm. greiðum atkv. á móti þingsál.till. meiri hlutans, þá er það alls eigi til að eyða því, að þing og þjóð minnist sæmilega og rækilega þessa 50 ára afmælis alþingis á sumri komanda; það munum vjer sýna á næsta þingi. Að sönnu er nú þegar liðinn lengri tími en 50 ár frá því, að alþingi var »endurreist«, því að það skeði árið 1843, en það má eins telja frá þeim tíma, er hið endurreista alþingi kom saman í fyrsta sinni, og þá er minningarárið 1895.

Það geta vitanlega hugsazt ýmsar leiðir til að minnast þessa sögulega viðburðar, og drap jeg á sumar þeirra í nefndinni, en þessi leið hins h. meiri hluta finnst mjer mjög óheppileg og að þarflausu borin upp núna á aukaþinginu. Hefði h. meiri hluta hugkvæmzt einhver þingsál.till., sem hefði þurft mjög mikinn undirbúning að koma til framkvæmdar, hefði verið ástæða til, að bera hana upp og samþykkja hana nú á aukaþinginu 1894, til dæmis, ef halda hefði átt allsherjarsýningu að sumri komanda, halda þjóðfund, eða gera eitthvað það, sem hefði þurft hálfs eða heils árs undirbúnings. En hjer er ekki því að heilsa, að verið sje að ræða um neitt, er þurfi undirbúnings til næsta sumars, heldur að eins það, að neðri deild aukaþingsins 1894 á að álykta, hvað alþingi í heild sinni 1895 á þá að álykta, nefnilega, að byggja stórhýsi, auðvitað fyrir þá fjárupphæð, sem hið reglulega alþingi 1895 kann að veita; sje þeirri fjárveitingu synjað hjer eða í h. efri deild, er þetta bara vindhögg. Tillagan fer fram á að leggja band á þingið, sem þó er í raun og veru haldlaust. Það er þessi formhlið málsins, sem gjörir það meðal annars, að mjer þykir tillagan alveg óaðgengileg.

Hvað efni till. snertir, lagði framsögum. meiri hluta nefndarinnar (S. G.) mikla áherzlu á, hve brýn þörf væri að byggja hjer »stórhýsi«, svo jeg haldi mjer við eigin orð meiri hlutans, fyrir söfn landsins »og fleira«. Jeg bið h. þm. að taka eptir þessum orðum: »og fleira«. Það var svo mikið og margbreytilegt, sem mínir h. samnefndarmenn vildu byggja, að það var mildi,

að ekki fæddust hjá þeim 2 eða 3 hallir, og að þeir ljetu sjer nægja þetta eina »stórhýsi« í bráðina.

Það er þá fyrst að líta á þörfina á nýju og sjerstöku húsi fyrir söfnin. Að sönnu skal jeg fúslega kannast við, að forngripasafnið er ekki vel sett, en jeg held, að töluvert mætti bæta úr rúmleysinu á þann hátt, að taka burtu ýmsa lítilsverða gripi, þar sem margir eru sömu tegundar, og fá þeim einhvern ódýran geymslustað. Jeg kannast fyllilega við forngripasafnið sem kjörgrip þjóðarinnar, sem skylt er að hlynna að eptir efnum vorum. Það og landsbókasafnið eru þau einu söfn landsins, sem vert er um að tala, en landsbókasafnið kemur hjer eigi til greina, þar sem það hefir hið bezta húsnæði. Jeg vil að vísu eigi gera lítið úr myndasafninu og því síður hallmæla hinum heiðruðu gefendum þess, en það verð jeg að segja, að þessi málverkasamtíningur mundi verða æði-fátæklegur á að líta, ef hann væri kominn í stóra og bjarta sali, þar sem svo strjált væri milli myndanna, að þær eins og mændu hver til annarar. Jeg get ekki sjeð, að salir þessir yrðu neinn þjóðarsómi eða að vert sje að ausa út miklu fje til þessa safns. Myndirnar geymast vel hjer í þinghúsinu og almenningur á kost á að sjá þær hjer. Hvað náttúrugripasafnið snertir, þá er það sem stendur geymt á viðunanlegum stað, og alþingi veitir til þess dálitla fjárupphæð árlega, að húsrúm fáist og heldur aukist við safnið. Jeg get því engan veginn kannazt við, að brýn nauðsyn sje að svo komnu að byggja stórhýsi fyrir söfnin, og þetta »fleira« hjá h. meiri hluta nefndarinnar, sem þyrfti undir sig minnst 3 hallir, ætti það allt að teljast upp.

Menn kunna ef til vill að segja, að einhvern tíma komi að því, að byggja þurfi stórhýsi í landsins þarfir, og þar á meðal þá fyrir söfnin, og að minnstu muni, hvort það sje gjört nú þegar eða ekki fyr en til dæmis um næstu aldamót. Munurinn er þó vextir af 100—200,000 kr., segjum af 150 þús. krónum, eða 6000 kr. árlega í 6 ár, auk viðhaldskostnaðar og annars fyrirsjáanlegs og ófyrirsjáanlegs aukakostnaðar, sem leiddi af slíkri safnhúsbyggingu. Jeg skal þó ekki gera svo sjerlega mikið úr því einu fyrir sig, en mjer finnst meira vert um annað, og það eru áhrifin, sem það hefir á meðvitund þjóðarinnar, er hún frjettir, að fulltrúar hennar hafi nú eigi annað þarfara með landsins fje að gera, en setja það í steinhús hjer í Reykjavík. Slíkt er sannarlega ekki mikil uppörfun fyrir hina fálmandi framfaraviðleitni þjóðarinnar. Efnahagur þjóðarinnar í heild sinni og einstaklinganna er ekki svo glæsilegur. Allt hið verklega, hið »matriella« í lífi þjóðarinnar er á svo miklu barnastigi, og þarfnast svo mikils fjárframlags. Á því heimtar þjóðin bætur, atvinnubætur og samgöngubætur, en það er langt frá, að hún heimti slíkt steinhús, hversu veglegt sem það kynni að verða. Og svo verð jeg sjerstaklega að mótmæla því hjá h. meiri hluta, að það standi í nokkru minnsta sambandi við sögu og eðli alþingis, slík safnhúsbygging yfir forngripi vora, útlend málverk og náttúrugripi.

Hið alvarlegasta í þessu máli er hin stóra fjárupphæð, sem deildin á nú að heita að leggja fram á næsta þingi. Jeg skal stuttlega minna h. þingdeild á, hversu útgjöld landssjóðs hafa aukizt á síðustu þremur fjárhagstímabilum. Fjárhagstímabilið 1890—91 voru þau um 915,000 krónur. Næsta fjárhagstímabil, 1892—93, voru þau orðin 1,055,000 kr. eða höfðu aukizt um 140,000 kr. Yfirstandandi fjárhagstímabil, 1894—95, eru útgjöldin áætluð 1,180,000 krónur, og

hafa enn þá hækkað um c. 130,000 kr. Nú vil jeg spyrja h. þingdm., hvort þeir geti búizt við, að útgjöldin minnki á næsta fjárhagstímabili; jeg fyrir mitt leyti teldi vel skipast, ef þau hækkuðu ekki mikið. Það sem langmest hefir hleypt fram útgjöldunum er hin sívaxandi fjárveiting til samgöngumála. Mundi þingið vilja hverfa frá þeirri stefnu sinni? Eða hefir andinn á þessu aukaþingi farið í þá átt? Jeg hygg, að það sje mjög fjarri því. Líka er sívaxandi kostnaður við læknaskipunina og póstflutninga og fleira, sem mætti nefna, þótt það nemi ekki eins miklu. Jeg skal og minna á lagafrumv. um sóttvarnir innanlands, sem hefir fengið góðan byr á þessu þingi og hlýtur að hafa töluverðan kostnað í för með sjer, er það kemst á. Það yrði langt mál, ef ætti að telja upp allt og allt, sem kallar að með miklu brýnni þörf en safnahúsið, og sem verður að ganga fyrir því og öllum stórhýsum nú og hin næstu ár. Frá fjárhagslegri hlið er ógjörlegt, að reisa þetta stórhýsi, þótt hin formlega hlið þingsál.till. væri ekki tekin til greina. Vjer verðum fyrst að reyna að reyna að reisa við hið verklega, reyna að bæta búskap þjóðarinnar, og fara að sem hygginn bóndi, sem hugsar um það fyrr, að auka bústofn sinn og bæta jörð sína, en hann leggur stórfje til skrauthýsis og veglegs húsbúnaðar. Það gildir hið sama fyrir þjóðina í heild sinni, sem einstaklinginn, að þá fyrst má leggja í stórkostnað til skemmtunar og prýðis, er efnahagurinn leyfir það. Verklegu framfarirnar verða að koma fyrst, þá rísa »stórhýsin« upp af sjálfu sjer.

Jeg vona, að jeg þurfi ekki frekari röksemdaleiðslu til að sannfæra h. deild um það, að rjettara sje að fella tillögu meiri hluta nefndarinnar, í vissri von um það, að alþingi, sem á að koma saman að ári, muni finna nóg og góð ráð til að minnast þessa afmælis á þann hátt, að þing og þjóð megi vel við una.

Benedikt Sveinsson: Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls, enda er það eiginlega óþarfi eptir ræðu h. framsögum. (Sig. G.), því jeg ætla, að flestir, sem heyrðu þessa ræðu og mótmæli h. þm. Borgf. (Þórh. B.), sjeu mjer samdóma í því, að þau eru í rauninni eigi svara verð; en samt ætla jeg að leyfa mjer að svara fáeinum atriðum í ræðu h. þm. Borgf. (Þórh. B.).

Það er þá fyrst viðvíkjandi forminu á till. meiri hlutans, sem jeg vildi tala fátt eitt.

H. þm. Borgf. (Þórh. B.) fann það að, að till. væri formlaus, en þó hefir hún svo mikið fram yfir ágreiningsatkv. h. þm. (Þórh. B.), að um hana er unnt að greiða atkv., en um ágreiningsatkv. alls ekki, af því það er núll eða sama sem ekkert, engin tillaga. Menn skyldu ætla, að fyrst sjálfur þm. leggur aðaláherzluna á formið, þá kæmi hann þó fram með eitthvað, sem ekki væri alveg formlaust.

H. þm. (Þórh. B.) gaf góðar vonir um það, að hann mundi verða því fylgjandi, að alþingi 1895 minntist þess á einhvern sómasamlegan hátt, að þá er 50 ára afmæli alþingis Íslendinga; þessi orð h. þm. legg jeg ekki mikla áherzlu á, vegna þess, að mjer virðist, að h. þm. (Þórh. B.) hafi gleymt jafnvel því þinginu, sem næst honum lá; að vísu er það satt, að vjer höfðum ekki þá æru, að hafa h. þm. (Þórh. B.) á alþingi 1893, en svo virðist, sem menn hefðu þó getað vænzt þess, að h. þm. hefði hugmynd um, hvað gerðist á því þingi, og að till. meiri hlutans, sem hjer liggur fyrir, hefði komið fram á því þingi. En þá hefði hann líklega sparað sjer formleysis-mótbáruna. Því sje það formleysa, að koma fram með þessa tillögu

á aukaþingi 1894, þá hefir till. á þinginu 1893, sem einmitt gekk í sömu átt, því fremur verið formlaus frá sjónarmiði þingmannsins, sem hún var fyrri upp borin, sem enn meira ótímabær burður. Jeg vil biðja h. þm. (Þórh. B.) ag fletta upp í Alþingistíðindunum, C.-deild., bls. 167, 459 og 652, og þar mun hann geta rekið augun í, að einmitt sama uppástungan, sem hjer ræðir um, var á vörum deildanna, hvorrar fyrir sig, og á vörum beggja deildanna sameiginlega sem alls alþingis. Nei! þessi tillaga er sannarlega ekki gripin úr lausu lopti. Munurinn er enginn annar en sá, að þar sem þingið 1893 kannast við, að brýn þörf sje að byggja hús fyrir söfn landsins, þá stingur alþingi 1894 upp á því, að það tvennt sje sameinað, að uppfylla þessa brýnu landsþörf og að minnast á þenna hátt um leið 1895, að hið endurreista alþingi Íslendinga þá hafi starfað í 50 ár.

Tillaga meiri hlutans er þannig svo formleg, sem framast má verða. En lítum nú á efni málsins sjálfs. Hvað gerir nú h. þingm. Borgf. (Þórh. Bj.) í þessu tilliti? Er hann ekki fyrst og fremst að berja barlómsbumbuna? Og hvernig ferst honum það? Hann segir, að alþingi Íslendinga hafi ekki ráð á, að byggja steinhús; en hvers vegna? Af því, segir hann, að útgjöld landsins hafa vaxið svo mjög á hinum síðustu árum.

H. þingm. Borgf. (Þórh. Bj.) hefur gleymt að minnast á hitt, að tekjur landsins hafa líka vaxið og það í miklu stærra hlutfalli. Hvernig stendur þá þetta hlutfall? Vill h. þingm. Borgf. (Þórh. Bj.) neita því, að tekju-afgangurinn síðustu árin hafi numið stórfje, segjum 100,000 krónum? En ef að nú tekjurnar og gjöldin vaxa í sama hlutfalli — þó að ekki væri meira —, er það þá apturför? Nei! h. þm. hugsar sem svo, ef að eins gjöldin ekki vaxa, þá er nóg; en jeg vildi óska þess, að gjöldin yxu, að þau yrðu miklu hærri en þau nú eru, ef einungis um leið að tekjurnar yxu í sama hlutfalli, án þess nýjar álögur væri lagðar á landsmenn. — Í þessu er fólgin framfarahugsun, en apturfarar- og nurlarahugsun í setningu hins háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.).

H. þm. Borgf. (Þórh. B.) komst svo hnyttilega að orði, að það liti svo út með þessa tillögu, sem að hann væri líkaminn, en meiri hlutinn andinn; enn fremur sagði h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.), að atvinnuvegirnir eða efnalegar ástæður væru undirstaða allra andlegra framfara; þetta er satt, og það verður aldrei brýnt of mjög fyrir mönnum; en þessi sannleiki getur ekki orðið honum að vopni móti meiri hlutanum, því það er einmitt svo líkamlegt eða materielt í aðra röndina, er meiri hlutinn fer fram á, sem framast má verða, og felur í sjer þýðingarmikla atvinnugrein, byggingarvinnu. Meiri hlutinn vill taka 100—120 þúsund krónur úr landssjóði, sem liggja ónotaðar og arðlitlar, og opna gullkistuna, sem h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) gerir sjer allt far um að verja fyrir aumingja fátæklingunum, sem standa atvinnulausir og alls þurfandi. Hvað er það þá svo, sem meiri hlutinn ætlar sjer að gera með þessu fje, að slepptri hinni andlegu þörf og sóma landsins? Að útvega fátækum aumingjum, sem búa hjer í kotunum í kringum Reykjavík, atvinnu, og gera þeim það mögulegt, að vinna sjer brauð úr grjótinu, að gjöra brauð af steinum, og það miklu stærra brauð en h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) hefur nokkurn tíma sjeð.

Vjer megum og aldrei gleyma því, að það eru peningar fátækra landsmanna, sem eru geymdir í landssjóði, og það er engan veginn tilgangurinn,

að geyma þessa gullkistu svona vel, þegar brýna nauðsyn ber að höndum, andlega eða líkamlega, sem hvorutveggja sameinast í þessu máli, að ekki sjáist nema skráargatið og lykillinn fyrir h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.)!

Jeg vil við þetta tækifæri nefnilega vekja athygli h. þingdeildarm. á því, að þó þetta mál sje eptir sinni verulegri þýðingu andlegt og þjóðlegt mál, þá gengur það líka í líkamlega og materiella átt, því að einmitt með því, að verja fje landssjóðs til þess, að reisa fyrir það steinhús í þjóðarinnar andlegu þarfir, þá eru peningarnir aptur látnir renna í vasa fátækra og atorkusamra landsmanna, þeirra hinna sömu sem leggja fje í landssjóðinn eptir megni og ástæðum. Vjer sjáum, hvaða blessun vinnan fátæklinganna hefur í för með sjer fyrir alda og óborna, þó vjer hjerna í salnum þykjumst sumir hverjir vera allt of fínir til að vinna eins og þeir.

Lítum nú á ræktuðu blettina hjer í kringum Reykjavík, og steinhúsin; þar hafa fátæklingarnir með vinnu sinni rifið upp grjótið og bygt sjer úr því steinhús í stað moldarkofanna, og ræktað grýtt og hrjóstrug holtin um leið, og myndað úr þeim svo arðsama bletti, að höfðingjarnir eiga ef til vill bágt með að gjöra sjer rjetta hugmynd um, hve afar-mikla þýðingu þeir hafa fyrir lífs-framfæri þeirra. Er þetta ekki að gjöra steinana að brauði? Og á ekki alþingi að virða þetta við vinnulýðinn?

Það er undarlegt, að h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) ekki skuli sjá þetta, að í tillögunni eru tvö atriði: í fyrsta lagi, að útvega fátækum landsmönnum atvinnu við að byggja þetta stórhýsi í minningu 50 ára afmælis alþingis, og í öðru lagi, að uppfylla brýna þörf þjóðarinnar á slíkri stórsmíði, því hvað sem menn segja um Forngripasafnið og hversu óvirðulegan bás sem hinn háttvirti þingm. Borgf. (Þórh. Bj.) vill velja því, þá er það þó eigi að síður ósæmilegt fyrir þing og þjóð, að gjöra sig ánægða með básinn hans, því það er ljóst, að ef þjóðin álítur safnið þess vert, að hlynna að því, og þá menn lofs maklega, sem því hafa safnað, þá verður hún nauðug viljug að álíta líka óhlýðilegt, að safnið sje geymt í því húsi, þar sem henni er óvirðing í að láta útlenda menn koma inn og sjá það.

H. þingm. Borgf. (Þórh. Bj.) tók það fram, að ef farið væri til dæmis nú að reisa þetta hús, í staðinn fyrir að gjöra það til dæmis við næstu aldamót, þá mundi það að kostnaðinum til muna í vöxtum sem svaraði 6000 kr. árlega; en þessir vextir vega engan veginn upp á móti þeim hag, sem það hefði í för með sjer fyrir vinnulýðinn, ef húsið væri bygt nú. Öll sú atvinna, sem þar við fengist, mundi bera tífalt meiri vexti en þessi fjárupphæð. Eða mundi h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) geta reiknað til peningaverðs alla þá blessun og búsæld, sem kemur í hús hinna fátæku erfiðismanna við strit handanna? Jeg er viss um, að h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) hefir því miður ekki minnstu hugmynd um það, eptir því, sem honum farast orð í þessu máli. Hann veit því ekki, hvílík guðsblessun hvílir yfir erfiði fátæklingsins.

Jeg ætla mjer ekki að tala meira um þetta mál, en jeg segi það að endingu, að mjer sýnist minni hlutinn ekki hafa nú tekið í það á heppilegan eða sæmilegan hátt, og sízt ætti hann nú að gjöra það að kappsmáli. Rjettast væri, af því svo er áliðið þingtímans, að tala ekki lengur um það, en láta

það koma til atkvæða; þó áskil jeg mjer það, ef h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) talar í annað sinn, að taka til máls aptur, ef mjer svo sýnist, þó það ætti að vera nóg að hafa það hugfast, sem liggur í augum uppi, að það varðar sóma alþingis, ef það fellir þessa tillögu, því þar með gefur það í skyn, hversu lítils það virðir sjálft sig.

Þorlákur Guðmundsson: Þegar jeg las nefndarálitið, og svo langt, að jeg komst að hinu stutta en gagnorða áliti minni hlutans, þá duttu mjer í hug þessi gömlu orð, sem jeg fyrir löngu síðan hafði numið: »Hvað er það, sem oss mönnunum ríður mest á«. Er það þá það, sem þjóðinni ríður mest á, að byggja nú steinhús hjer í Reykjavík, sem mundi kosta 1—2 hundruð þúsund krónur? Nei. Það er víst ekki það, sem þjóðinni ríður mest á; það er ekki það, sem er nú efst á dagskrá hjá þjóðinni, og á þá líka að vera efst á dagskrá þingsins, en það er atvinnumálin og samgöngumálin, sem eru nú efst á dagskrá hjá þjóð og þingi, og eiga að vera það, og þetta aukaþing hefir líka sýnt það, að það hafi áhuga á samgöngumálum landsins. Það getur átt sína tíð, að byggja þetta steinhús, og þó að þingið hafi nú gert ráðstöfun til að fá keypt frönsku húsin með tilheyrandi lóð, þá er alls ekki þar með sagt, að nú þegar skuli fara að reisa þar steinhús, jafnvel svo dýrt, að landinu væri um megn að kosta nema með því, að setja til baka lögskipaðar nauðsynlegar vegabætur í landinu.

Jeg skal vera þakklátur hverjum þeim þingmanni, sem getur og gjörir að sýna, hvað hinar lögskipuðu akbrautir um landið muni kosta við fyrstu gerð og svo viðhaldið. Við höfum nú þegar fengið lítið sýnishorn af því, hvað viðhaldið á akvegum kostar hjer á leiðinni frá Reykjavík til Fóellu-vatna, og jeg segi þetta ekki til að ámæla okkar vegalögum, heldur til að sýna, að við höfum annað að gera með okkar landssjóð en að leika okkur með hann til stáss-bygginga.

H. þingm. N.-Þing. (Ben. Sv.) gerði mikið úr því, hvað mikla atvinnu þessi bygging veitti fátækum landsmönnum, en jeg held það yrði ekki öllum öl, þó að nokkrir drykkju glatt; það er vitaskuld, að það veitti atvinnu nokkrum Reykvíkingum meðan á því stæði; vjer þurfum vel að gá að, hvað við gerum, þegar við erum að ráðstafa landsins fje; útgjöldin vaxa árlega, en ekki tekjurnar að því skapi, nema með því, að leggja nýja skatta á landsmenn.

Hefi jeg svo ekki fleiru við að bæta, við það sem minni hlutinn hefur tekið fram sínu áliti til stuðnings, en vona, að sem flestir þingmenn fylgi minni hlutanum í þessu máli.

Þórhallur Bjarnarson: H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) talaði mörg orð og stór, en röksemdirnar voru svo fáar og smáar, að jeg þarf ekki miklu við að bæta við hina fyrri ræðu mína. Hinn h. þingm. N.-Þing. (B. Sv.) talaði um formleysi hjá mjer. Það er jafn-gott og miklu betra form á mínu nei-kvæði en hans já-kvæði. Sje nokkuð formleysi í þessu máli, þá er það einmitt, að fara að álykta það, sem ekki verður þó ályktað til fulls. Jeg kannast mjög vel við þingsályktunartill., sem var á ferðinni í fyrra um steinhúss-bygginguna, en hún komst aldrei lengra en á varir alþingis, hún fjell óútrædd og dauð til jarðar. En það var nú sá stóri munur á tillögunni þeirri í fyrra og nú, að þá var að eins farið fram á, að »fá áætlan um kostnaðinn við að reisa slíkt hús«, síðan skyldi þá málið leggjast fyrir hið fjárveitandi alþingi

1895, sem átti svo að ályktа um bygginguna eptir efnalegum ástæðum landssjóðs, miðað við aðrar þarfir og kröfur, sem allt liggur fyrir hinu reglulega alþingi, en alls eigi hjer fyrir aukaþinginu. Það er það, sem skilur, og gjörir þingsályktunartillögu meiri hlutans ómögulega.

Það hefur verið minnzt á ný-samþykkta tillögu hjer í þingdeildinni um kaupin á frönsku húsunum hjer við Austurvöll. Vitanlega fór hún fremur í stórhýsis-áttina, enda sat jeg fyrir henni, en þó að hún sje samþykkt hjer í h. neðri deild, þá er hún ekki minnsta band á þingdeildina til að samþykkja tillöguna, sem nú liggur fyrir, og er jeg alveg samdóma h. 2. þm. Árnes. (Þorl. Guðm.) um það, og skal bæta því við, að sennilegast verða þessi kaup langan tíma á döfinni, þó að franska stjórnin vilji eitthvað sinna því máli. Jeg geng út frá því sem gefnu, að í stað þessarar lóðar við Austurvöll verði heimtuð jafn-hentug lóð annarsstaðar í bænum, og hún yrði ekki auðfengin í bili, og þyrfti þá að bíða, ef til vill svo mörgum árum skiptir, til að sæta lagi, að komast yfir hentuga lóð til skiptanna.

H. þm. N.-Þing. (Ben. Sv.) var eitthvað að tala um það, að það væri ekki hægt að greiða atkvæði um ágreiningsatriði mitt, það væri því bara »núll«. Atkvæðagreiðslan verður ofur-einföld, það er ekki annað en að segja nei við tillögu hans og meiri hlutans, og svo bíður málið síns rjetta tíma, til þingsins 1895. En það vona jeg, að h. þm. N.-Þing. (Ben. Sv.) og aðrir samnefndarmenn mínir kannist við, að í nefndinni hafði jeg meira en tómt »núll« á boðstólum; jeg kom með ýmsar tillögur til að minnast þessa afmælis sæmilega og heppilega frá mínu sjónarmiði. Jeg skal nefna eina, og hún var sú, að gefa út minningar-rit um alþingi, á svipaðan hátt og Bókmenntafjelagið minntist síns 50 ára afmælis. Jeg hef hugsað mjer þar sögu þingsins, stutta, en ljósa og skemmtilega. Slík saga yrði um leið að mestu saga landsins í síðastliðin 50 ár, þar sem lesa mætti um baráttu þjóðarinnar, sigur og ósigur. Jeg hugsa mjer í slíkri bók myndir af helztu þjóðskörungum vorum, og þá líka sjálfsagt af forsetunum vorum. Hvað segir hinn h. þm. N.-Þing. (Ben. Sv.) um það? Þar ætti og að vera myndir af þingsölunum, bæði af þeim sem nú eru og hinum fyrri, lýsing á öllu daglegu lífi alþingis, og fleira og fleira, sem gerði bókina mjög eigulega og kærkomna alþýðu manna. Útgáfu slíks rits gæti þingið styrkt, og það yrði aldrei nema svo lítil upphæð, sem væri hæfileg gladning á afmælisdeginum, og slíkt minningarrit stæði einmitt í sem allra beztu samræmi við eðli og sögu alþingis.

Já, þá fór h. þm. N.-Þing. (Ben. Sv.) út í hið fjárhagslega ástand landsins, og sagði, að ekki mætti gleyma því, að tekjurnar yxu stöðugt og það fram yfir útgjöldin. Tekjurnar hafa aukizt mikið síðustu fjárhagstímabilin; þær hafa þurft að aukast til þess, að standast á við útgjöldin. En það er ekki útflutningsgjald eða skattur af lausafje og tekjum og þess háttar, sem aukizt hefur að nokkrum mun, sem bæri vott um vaxandi efni og gjaldþol, heldur eru það tekjur fengnar við nýjar álögur; það er kaffi- og sykurtollurinn, sem mest hefir hleypt fram tekjunum síðustu fjárhagstímabil, og rjett við fjárhag landsins.

Hinn h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) minntist þess, að stór tekju-afgangur mundi hafa orðið fyrir síðastliðið ár, og það vissi jeg vel; en fjárlögin, sem vjer lifum núna undir, gjöra ráð fyrir tölu-

verðum tekjuhalla, og við það bætist þó Þjórsárbrúin og fleira smærra, sem væntanlega vinnur upp tekju-afganginn. *Og þrátt fyrir þessar fjarskalegu auknu álögur síðustu ára*, svo að gjaldþoli landsmanna mun nú fullboðið, þá mun fráleitt vera nú í viðlagasjóði jafn-mikið og var fyrir 8 árum síðan, og að skerða hann stórvægilega til ekki nauðsynlegra fyrirtækis en hjer liggur fyrir, tel jeg fásinnu.

H. þingm. N.-Þing. (Ben. Sv.) talaði mjög hjartnæmilega um þá miklu atvinnu, sem veita mætti fátæklingum hjer í Reykjavík með byggingu slíks stórhýsis. Það væri sannarlega gott, að geta veitt sem flestum landshlutum mikla atvinnu á hentugum tíma, en jeg vona, að þeir sjeu sárfáir í þessum sal, sem láta það vera aðal-hvötina til stór-fjárveitinga úr landssjóði, að útvega einhverju einstöku hjeraði landsins atvinnu, hvað sem líður þörf landsins og gagni í heild sinni.

Jeg brá mjer fyrir skemmstu hjer upp á bæina, og heimsótti þar góðkunningja minn, roskinn bónda. Hann spurði mig frjetta af þinginu, og allir kannast við, hvað helzt hefir gjörzt frjettnæmt á þessu aukaþingi. Þegar hann hafði hlustað á sögu »stóra málsins« um stund, varð honum það eitt að orði: »já, mikið halda þeir á þinginu, að við getum borgað«. Skyldi það ekki verða viðkvæðið víða, ef vjer fleygðum út stórfje til þessa fyrirtækis?

Í »stóra málinu« var jeg á sama bandi og h. þm. N.-Þing. (Ben. Sveins.); en það segi jeg fyrir sjálfan mig, og það þori jeg líka að segja fyrir allan þorra bænda vorra, að tíu sinnum er betur farið með landssjóðinn með því, að leggja hann, og það enda í miklu stærra mæli en hjer er farið fram á, í einhver þau verkleg fyrirtæki, sem gætu hafið landið upp í efnalegu tilliti, og þó það enda hjeti járnbraut, en að grafa þessi hundruð þúsunda í »stórhýsi« hjer í Reykjavík.

Jens Pálsson: Jeg er samdóma h. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) í öllum einstökum atriðum, sem hann hefir tekið fram, bæði í nefndarálitinu og ræðum sínum í þessu máli.

Við athugasemdir h. þingm. Borgf. (Þórh. Bj.) um formhlið málsins hef jeg því einu við að bæta, að þótt þessi h. deild taki nú þá ákvörðun, er meiri hluti nefndarinnar ræður henni til, þá er ekki sagt, að h. efri deild samþykki þá ákvörðun, þegar á næsta þing er komið, og þá væri það verra en ónýtt verk fyrir h. neðri deild, að hrapa nú að þessari ályktun. Hugsum oss, að væntanleg fjárveiting til þessa stórhýsis yrði felld á áliðnu næsta þingi; hvað yrði svo úr öllum undirbúningi þessum, og hvað yrði þá úr hátíðahaldi þessa 50 ára afmælis hins endurreista alþingis? Ef til vill alls ekkert. Þetta er vel hugsanlegt, en væri því miður illa farið.

En það er ekki að eins form-spursmálsins vegna, heldur og annars, er jeg tek hjer til máls. Mjer brá heldur en ekki í brún, þegar jeg sá niðurstöðu þá, sem meiri hluti nefndarinnar í þessu máli hafði komizt að, og sem liggur nú fyrir í *þingsályktunarformi*; mjer fannst hún athugaverð að efninu til.

H. framsögum. (S. G.) tók það fram, að meiri hlutinn hefði viljað gjöra minningar-árið hátíðlegt með stórvirki, er brýna nauðsyn bæri til að vinna, og sem jafnframt gæti orðið landinu til verulegs sóma, bætt hag þess, og sem stæði í sambandi við sögu alþingis.

Jeg get ekki sjeð, að þetta steinhús fyrir söfn landsins og fleira standi í nokkru sambandi við sögu alþingis.

Jeg get heldur ekki sjeð, að nú sem stendur sje nokkur brýn nauðsyn til þess, að byggja þetta steinhús; sú tíð getur auðvitað komið einhvern tíma seinna, en hún er ekki komin enn.

Háttv. framsögum. (S. G.) sagði enn fremur, að söfnin væru hinn andlegi arfur þjóðarinnar. Mjer finnst þetta nokkuð óljóst hugsað hjá háttv. þingm. Það málverkasafn, sem hann nefndi, er til dæmis að eins samtíningur úr ýmsum áttum, og alls ekki eptir íslenzka menn, heldur útlendinga, og getur því ómögulega skoðazt sem arfur þessarar þjóðar.

Vor eiginlegi andlegi arfur sem þjóðar er fyrst og fremst það andlega atgjörfi, sem þjóðin hefur nú, og þar andans stefnur, sem nú er ríkjandi hjá henni, en þar næst bókmenntir vorar, saga og skáldskapur; en söfn þessi get jeg ekki í eiginlegri merking nefnt andlegan arf, þótt þau sjeu mikilsvirði og all-merkileg, og gagnleg til rannsókna hins umliðna tíma.

Jeg get þó engan veginn talið það með vorum brýnustu nauðsynjum sem stendur, að verja stórfje til húsnæðis yfir þessi söfn; annað er sannarlega nauðsynlegra.

Mín skoðun er sú, að eigi að gjöra nokkuð verulegt og stórt í minningu þess, að alþingi hefur staðið í 50 ár, þá eigi það að vera eitthvað það fyrirtæki, sem samþýðist framtaki nútímans eða þeirri aðalstefnu, sem nú er ríkjandi hjá þjóðinni. Og þessi stefna er einmitt sú, að reyna að hefja sig til meiri menningar, atorku og velmegunar, og öðlast þau kjör, að vjer getum orðið framtakssöm og dáðrík þjóð og dugandi til allra góðra og nytsamra fyrirtækja, þeirra fyrirtækja, sem horfa landi og lýð til sannra heilla. Ef hjer er um verklegt fyrirtæki að ræða þá verður það að vera eitthvað það, sem gjörir minninguna um, að alþingi hefur staðið og starfað í 50 ár, minnisstæða fyrir framtíðina; það verður að vera eitthvað það fyrirtæki, sem bendir á, að þessi stofnun hefur nú komið svo miklum og mikilsverðum þjóðlegum lífshreifingum á stað, að þjóðin í heild sinni geti framvegis gjört sjer vonir um betri framtíð. En jeg get ómögulega sjeð, að þetta verði með því, að byggja steinhús hjer við Austurvöll. Slík endurminning yrði sannarlega ekki lifandi endurminning, heldur miklu fremur dauð, yrði steingjörfingur. Slíkt fyrirtæki vil jeg láta bíða, þangað til þörfin fyrir slíkt hús er brýnni og bráðari en hún nú er. Skórinn kreppir ekki þar að fæti þjóðarinnar, að hana vanti stórhýsi yfir söfnin hjer í Reykjavík, nei, langt í frá; það er annað sem vantar fremur; (*B. Sv.*: andans menn). Það getur verið, að oss vanti andans menn; jeg skal játa, að vjer höfum þá of fáa, en vjer höfum þá þó, þá sem geta setzt á bekk með andans mönnum annara þjóðar. Þeir eru ekki svo fáir að tiltölu, þegar tillit er haft til íbúafæðar og afstöðu landsins við aðalstrauma menntunar og vísinda. Þeir eru furðu frægir í hinum menntaða heimi, þessir menn, og hafa verið viðurkenndir þar, en jeg er sannfærður um, að þeir menn vilja ekki láta alþingi Íslendinga kveðja 19. öldina með þeim politisku tónum, er beri vott um, að það sje mesta áhugamál þjóðar vorrar, að hugsa um söfn og forngripi, því síður þeim tónum, er gefi í skyn, að þjóðin gjöri sig ánægða með að verða eins konar forngripur meðal þjóðanna, heldur með þeim pólitisku tónum, er endurkveði með von og trú og stórhug frá hugum og hjörtum lifandi, framkeppandi þjóðar, sem keppist eptir að verða verðug dóttir aldarinnar, en vill ekki verða steingjörfingur. Hún þarf

auðvitað ekki að verða það, þótt hús sje bygt undir söfnin; en nú eru aðrar þarfir brýnni, og margt stórvirkið þarf hjer að vinna, sem betur svarar kröfum tímans og köllun vorri á nútíð, og því er það svo steingjörfingslega hugsað, að vilja láta þetta stórvirki ganga fyrir öðrum miklu þýðingarmeiri stórvirkjum, sem gjöra þarf.

Í till. er ráðið til, að byggja stórhýsi úr steini. Hvað dýrt? Svo sem 100,000 kr.; ef svo er, þá álít jeg ekki, að það geti orðið neitt stórhýsi. Vjer munum allir eptir því, að þegar alþingishúsið var bygt, þá hjeldu menn, að þetta mundi verða mesta stórhýsi, og óþarflega stórt; en þess var ekki lengi að bíða, að menn einmitt fóru að kvarta undan húsleysi, og sjá, að það var langt of lítið. Það væri óheppilegt, ef eins tækist til með þessa fyrirhuguðu steinbyggingu. Sá tími getur komið, að þjóðin finni hjá sjer bæði köllun og þrótt til að byggja sannarlegt stórhýsi, og jeg vona, að hann sje nær en oss varir nú, — þá álít jeg, að rjettast væri, að byggja almennilegt stórhýsi, en engan kumbalda, stórhýsi, sem um nokkuð langan tíma gæti bætt úr húsþörf þjóðarinnar fyrir söfnin o. fl. Slíkt stórhýsi mundi að vísu kosta um hálfa miljón krónur, og mundi jeg ekki horfa í þann kostnað, ef jeg vissi, að þjóðin bæði hefði vilja og magn til þess stórvirkis; en ennþá erum vjer ekki svo langt á veg komnir, að vjer þolum að skerða verulega landssjóðinn til ófrjórra stórvirkja.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) lagði mikla áherzlu á það, að það væri næsta mikil atvinna, sem menn fengju við það, að sprengja klettana hjer upp úr holtunum, og flytja þá til byggingarstaðarins, ásamt því, að vinna að byggingunni með ýmsu móti. Ja, nú þykir mjer fyrst kasta tólfunum. Það er sami þingmaðurinn, sem fyrir skömmu flutti hjer í salnum allharða fordæmingarræðu yfir fyrirtæki, margfalt stærra og frjóvænlegra en þessu fyrirtæki, sem framkvæma átti með erlendu kapítali, en ekki með því, að skerða landssjóð, stórfyrirtæki, sem mundi lypta atvinnubrögðum og efnahag, örfa framleiðslu og bæta verzlun landsins, og gefa landsmönnum margfalt meiri atvinnu en þetta. Þessi sami maður leggur nú mikla áherzlu á það, að bæði nauðsynlegt og þarflegt sje, að kasta stórfje út úr landssjóði til þess, að veita nokkrum Reykvíkingum atvinnu, og hjálpa þeim til þess, að gjöra túnblett eða kartöflugarð hjer upp í holtunum.

Nú vaknar hjá mjer sú spurning: hvernig mun tillaga nefndarinnar, um stórbygging þessa, mælast fyrir hjá hinni íslenzku þjóð? Jeg er hræddur um, að meiri hlutanum finnist eitthvað annað nauðsynlegra.

Jeg man, að um daginn, er rætt var um búsetu fastakaupmanna, að þess var getið, að Íslandi hefði ekki farið neitt fram í heila öld, frá 1792 til þessa tíma. Jeg skal nú ekki að þessu sinni dæma um það; en það vil jeg segja, að ef þetta stórhýsi væri bygt, þá mundi það geta orðið sýnileg ímynd þessarar kyrrstöðu þjóðar vorrar, og varla glæða mikið vonir og vilja hennar á nútíð til framfara og atorku. En nú er öllum það ljóst, að þjóðin í heild sinni vill áfram, og hún vill það þegar; hún vill beita þar til öllu afli; hún vill þau stórvirki, sem beri fljótt ávöxt, og sem hjálpi henni í heild fram á nýja, bjarta menningar- og hagsældarbraut. — En til þeirrar kröfu svarar ekki hið ráðgjörða stórhýsi.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál; en jeg mótmæli því, að þessi tillaga um stórbyggingu sje að

vilja mikils meiri hluta þjóðarinnar, en tel hana gagnstæða honum, og jeg er sannfærður um, að verði því slegið föstu, sem meiri hluti nefnd. fer fram á í þessu tilliti, þá mælist það eigi vel fyrir

Tryggvi Gunnarsson: Jeg skal ekki vera langorður, því mjer finnst umræðurnar um þetta mál vera orðnar allt of langar, og haldnar með allt of miklu kappi. Mjer sýnist mega hjer um bil á sama standa, hvernig atkvæðin falla um tillöguna; því það sjá allir, að þó hún verði samþykkt, þá bindur það ekki hendurnar á neinum þingmanni á þingi 1895, og þó hún falli, þá er hverjum þingm. frjálst að taka hana upp aptur á næsta þingi. En jeg kynni þó betur við, að till. nefndarinnar yrði samþykkt, því það væri í dálitlu meiri samræmi við hið litla, sem þegar er búið að gjöra í þessu máli, bæði á þessu þinginu og í fyrra.

Á þessu þingi hefur verið samþykkt þingsál., að fala til kaups af Frökkum lóðarblett undir þetta umtalaða hús, og á þingi í fyrra átti að skora á stjórnina, að útvega teikning af húsinu.

Þeir, sem mæla með því, að nauðsynlegt sje, að styrkja og efla atvinnuvegi og samgöngur, hafa mjög rjett fyrir sjer; einnig hafa hinir rjett fyrir sjer, sem álíta, að vert sje að hlynna að hinu andlega, og efla andlega framfarir þjóðarinnar; og í þriðja lagi hafa þeir mikið til síns máls líka, er vilja byggja stórhýsi, sem landið getur ekki án verið í mörg ár, fyrir söfn sín og opinberar stofnanir. Nefndin ræður nú helzt til þess, að bygt sje þetta hús í minningu 50 ára afmælis alþingis, af því það er í fullu samræmi við það, sem þingið hefur áður gjört; en sem sagt: mjer stendur hjer um bil á sama, hvernig atkvæðin falla, með eða móti þessari tillögu nefndarinnar.

Jeg ætlaði mjer að segja fleira um þetta mál, en er ekki svo ósanngjarn, að jeg vilji varna öðrum að láta í ljós sína skoðun, þessar ¡fáu mínútur, sem eptir eru af þingtímanum.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla mjer að greiða atkvæði á móti tillögu meiri hluta nefndarinnar, og það af því, að mjer sýnist stefna hennar koma í bága við stefnu þingsins 1893, og við það, sem gjört hefur verið á þinginu nú í sumar í þessu máli. 1893 óskaði þingið að fá að vita, hvað slíkt hús mundi kosta, og nú í sumar hefur þingið látið í ljósi, að það óskaði að kaupa lóð hjer í bænum undir stórhýsi, er það kynni að vilja byggja einhvern tíma seinna. Hvorugt þetta bindur atkvæði þingmanna 1895. En þessi till. ákveður, hvað þingið skuli gjöra 1895, en jeg fyrir mitt leyti ætla mjer ekki að lofa atkvæði mínu í þessu máli 1895. Það getur verið, að jeg verði með þessu fyrirtæki 1895, ef það verður nægilega undirbúið, en hitt getur líka verið, að fjárhagslegar ástæður neyði mig til að vera á móti því. Þó þetta mál sje gott í sjálfu sjer, þá get jeg samt ekki verið með tillögunni, er fer fram á, að samþykkja það alveg óundirbúið.

Framsögumaður (Sigurður Gunnarsson): Mjer heyrðist h. þm. Dal. (J. P.) herma það á meiri hluta nefndarinnar, að hann áliti það hina brýnustu þörf þjóðarinnar, að byggja þetta stórhýsi, en hvorki jeg nje meiri hluti nefndarinnar yfir höfuð höfum haldið þessu fram, en vjer höfum haldið því fram, að vjer álítum heppilegast að taka þessa brýnu þörf þjóðarinnar fyrir við þetta tækifæri, eða í minningu 50 ára afmælis alþingis. Jeg tók það fram í ræðu minni, að þarfir landsins væru margar og brýnar, en jeg sagði ekki, og treysti mjer ekki til að segja, hver væri þess brýnasta þörf. Það má lengi deila um

það, hver sje hin brýnasta þörf. Einn segir, að það sje þetta, og annar, að það sje hitt, og ef aldrei á að gjöra neitt fyr en allir eru orðnir á eitt sáttir í því efni, þá verður aldrei neitt gjört.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefur svarað minni hluta nefndarinnar, og ætla jeg mjer ekki að fara út í það, sem þeim hefur borið á milli. Jeg skal einungis geta þess, að í fyrri ræðu sinni minnti h. þm. Borgf. (Þórh. B.) mig á eitt safnið, sem jeg gleymdi að minnast á áðan. Hann sagði, að náttúrugripasafnið væri á góðum stað, en þeir, sem að því standa, segja þó allt annað. Þeir segja að það gæti farið betur um það, enda er það fyrirsjáanlegt, að það safn þarf mikið rúm með tímanum, því vjer skulum vona, að það fari vaxandi.

Þá lagði h. minni hluti nefndarinnar (Þórh. B.) sjerstaklega áherzlu á það, að útgjöld landssjóðs færu vaxandi. Jeg neita því ekki, að útgjöldin vaxi, og jeg álít að þau eigi að gjöra það, en jeg verð að gjöra ráð fyrir því, að þjóðinni fari svo fram, að hún verði fær um að bera hin vaxandi útgjöld. Jeg gjöri mjer enga von um, að útgjöldin hætti að vaxa, og ef ætti að bíða eptir því, að þau hættu að vaxa, þá ímynda jeg mjer, að þess verði langt að bíða, að þetta stórhýsi verði bygt. Mín skoðun er sú, að þjóðin geti risið undir hvorutveggja, bæði því, að leggja fram fje til þessa stórhýsis, og eins jafnframt til hinna materíellu þarfa sinna. Þegar um það er að ræða, hvers þjóðin þurfi helzt með, þá verða skoðanir manna eðlilega mjög misjafnar og ósamhljóða. Það hefði mátt segja, þegar um það var að ræða, að gjöra þetta hús, er alþingi nú á sæti í, að það hefði ekki verið brýn nauðsyn; það hefði mátt komast af með það hús, sem alþingi hafði notað; en þó var ráðizt í að byggja það eptir ráði og till. meiri hluta skynsamra manna.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) talaði nokkur orð móti tillögunni, og vitnaði í gamla kverið okkar. Hann setti fram þá spurningu úr lærdómskverinu: »Hvað ríður oss mönnunum mest á«? Svarið hjá honum var, að það væru góðar samgöngur og bættir atvinnuvegir. Jeg held að hann sje farinn að ryðga í »kverinu« sínu, hinn háttv. þingm.; það stendur ekki í kverinu, að það sje þetta, sem oss mönnunum ríði mest á. Að öðru leyti skal jeg játa það með honum, að samgöngumálið sje eitt hið þýðingarmesta mál þjóðarinnar; en mjer finnst varla sitja á honum, að minnast á þetta mál, eptir undirtektir hans í sumar undir hið mesta samgöngumál, sem nokkurn tíma hefur verið rætt á alþingi Íslendinga.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal geta þess út af orðum h. framsögum. (Sig. Gunn.), að jeg minntist ekki á neitt »spurningakver« í ræðu *minni*; jeg sagði að eins, að mjer hefði dottið þessi spurning í hug. Að því er snertir undirtektir mínar undir hið mikla samgöngumál, sem legið hefur fyrir þessu þingi, skal jeg geta þess, að það er einmitt nú komið í það horf í h. efri deild, sem jeg vildi, þar sem tíminn hefur verið styttur í 15 ár, og það var ekki það þýðingarminnsta atriði í því stóra máli.

ATKV.GR:. Till. felld með 14 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eptir skriflegri ósk 7 nafngreindra þingm. og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Einar Jónsson,
J. Jónsson, A.-Sk.,	Guðl. Guðmunds.,
Ólafur Briem,	Björn Sigfússon,

já:	*nei:*	*nei:*
Sig. Gunnarsson,	Eiríkur Gíslason,	Jón Þórarinsson,
Tr. Gunnarsson.	Guðjón Guðlaugss.,	Pjetur Jónsson,
	Halld. Daníelsson,	Þ. Guðmundsson,
	Jens Pálsson,	Þórh. Bjarnarson,
	Jón Jensson,	Þorl. Guðmundss.
	J. Jónsson, Eyf.,	

Fundi slitið.

Leiðrjett.

—•—

22[16] stendur verzlan fyrir varzlan; 287[15] flutningsmaður f. framsögumaður; 298[4] í framkvæmdinni f. í framtíðinni; 755[22] þm. Borgf. (Þórh. B.) f. 2. þm. Árn. (Þorl. G.).